Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		0,8
Samtals		100,0

12. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

		Kr.	Kr.
09 382	Samkvæmt launalögum		11 550 000
	Samtals		11 550 000
09 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
	Aðalheiður Nielsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
	Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	103 567	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	103 006	
	Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	81 822	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	203 406	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 030	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	

	Kr.	Kr.
Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	41 198	
Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	111 402	
Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	173 669	
Ágúst Kvaran	170 219	
Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	103 567	
Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	79 665	
Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	65 086	
Ása Ásmundsdóttir	103 006	
Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	82 404	
Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Benedikt Gíslason	203 102	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	80 059	
Bergþóra Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	82 404	
Bjarni Ó. Frímannsson, fyrrv. símstjóri	103 081	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Bjarni Þorsteinsson	54 933	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björn Björnsson, bókbindari	79 665	
Björn Einarsson	172 697	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	41 198	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	103 006	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	245 745	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	80 059	
Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	101 493	
Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	95 598	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	163 592	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 669	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	54 933	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	80 059	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	68 669	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	102 418	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	97 311	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	82 404	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	54 933	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	137 336	
Finnbogi Lárusson	41 198	
Friðrik Þorvaldsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	120 000	
Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri	72 495	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu	82 404	
Gísli Sigurðsson	68 669	
Grímur Grímsson, fyrrv. næturvörður hjá Alþingi	103 006	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	49 789	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Guðbrandur Benediktsson	66 717	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Pétursson	111 578	

	Kr.	Kr.
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	54 933	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	130 988	
Guðmundur Jónsson	175 279	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	54 933	
Guðmundur Þórðarson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Guðríður Einarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Gunnar Snjólfsson, fyrrv. hreppstjóri	108 000	
Gunnar Þórðarson	101 493	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	69 709	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	102 279	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	41 198	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	177 337	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	41 198	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	111 402	
Hálfdán Björnsson	82 404	
Helgi Ágústsson	137 336	
Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins	81 822	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	97 667	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 805	
Helgi Kjartansson	66 717	
Helgi Tryggvason, bókbindari	82 404	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	82 404	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	59 588	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	137 336	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	91 691	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	74 502	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	374 815	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	81 822	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	82 404	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	68 669	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	80 059	
Jóhann J. E. Kúld, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	

	Kr.	Kr.
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	184 514	
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	57 996	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	41 198	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	55 764	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	79 665	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	102 568	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	137 336	
Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Jón Þorkelsson, fyrrv. síldarmatsmaður	69 709	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	41 198	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	59 748	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 081	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	203 102	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	40 030	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Klara Guðmundsdóttir	103 006	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Kristín Ingileifsdóttir	120 706	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	80 321	
Kristján Albertsson, rithöfundur	130 988	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	106 839	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	41 198	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	57 996	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Magnús Magnússon, rithöfundur	82 404	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	154 761	
María Markan, óperusöngkona	130 988	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	41 198	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Nína Sveinsdóttir, leikkona	89 624	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
Oddný Wíum	41 198	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	55 019	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	96 240	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	68 669	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	55 764	
Ólafur Magnússon	101 493	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	148 804	

	Kr.	Kr.
Óskar Clausen, rithöfundur	130 988	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	86 835	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	68 766	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	61 802	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 006	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	54 933	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	55 764	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	68 669	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	151 037	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	74 502	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	72 495	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	80 059	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. símaafgr.stúlka	103 006	
Sigurður Greipsson	165 332	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	41 198	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Sigurjón Sigurbjörnsson, fyrrv. tollvörður	89 100	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	40 030	
Skúli Skúlason frá Odda	197 709	
Stefán Guðnason, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	59 748	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	100 077	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	89 624	
Sörli Hjálmarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	80 000	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	41 198	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	41 198	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis	81 194	
Þorleifur Jónsson	157 880	
Þorsteinn Jónasson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þórður Benediktsson	200 144	
Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	57 996	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Samtals		17 414 409

		Kr.	Kr.
09 384	Ekkjur:		
	Agnethe Kamban	173 857	
	Anna Jakobína Árnadóttir	39 181	
	Anna Ólafsdóttir	43 747	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	53 766	
	Arnbjörg Halldórsdóttir	101 493	
	Arnþrúður Danielsdóttir	43 747	
	Ágústa Jónsdóttir	137 610	
	Ágústa Sigurðardóttir	67 211	
	Árný Stígsdóttir	40 323	
	Áslaug Nielsen	97 952	
	Ásta Jónsdóttir	229 098	
	Ásta Ólafsdóttir	80 654	
	Ástríður Eggertsdóttir	67 211	
	Ástríður Magnúsdóttir	40 323	
	Björg Þórðardóttir	68 228	
	Borghildur Thorarensen	137 741	
	Bryndís Þórarinsdóttir	91 307	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	64 103	
	Elín Einarsdóttir	120 982	
	Elín Lárusdóttir	136 451	
	Elínborg Bogadóttir	97 469	
	Elísabet Jónsdóttir	40 323	
	Elísabet Kemp	87 722	
	Eufemía Ólafsdóttir	168 029	
	Fríða Hlíðdal	291 372	
	Guðbjörg Erlendsdóttir	80 654	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	87 722	
	Guðfinna Blöndal	161 302	
	Guðný Halldórsdóttir	80 654	
	Guðný Sigurðardóttir	67 211	
	Guðný Vigfúsdóttir	80 654	
	Guðný Þórarinsdóttir	50 747	
	Guðrún Jóhannesdóttir	40 323	
	Guðrún P. Jónsdóttir	102 376	
	Guðrún Pálsdóttir	94 094	
	Halldóra Eiríksdóttir	98 678	
	Halldóra Eiríksdóttir	100 107	
	Halldóra Þórðardóttir	51 195	
	Helga Friðbjarnardóttir	80 654	
	Helga Pétursdóttir	100 821	
	Hildur Blöndal	255 834	
	Hjaltlína Guðjónsdóttir	100 821	
	Hlíf Magnúsdóttir	86 994	
	Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	80 654	
	Hrafnhildur Eiðsdóttir	112 849	
	Hróðný Einarsdóttir	218 412	
	Hulda Þ. Björnæs	109 766	
	Hulda Davíðsdóttir	97 469	
	Indíana Sturludóttir	100 821	
	Ingibjörg Eyjólfsdóttir	120 982	
	Ingibjörg Högnadóttir	40 323	
	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	120 982	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg Karlsdóttir	167 072	
Ingunn Hlíðar	64 103	
Ingveldur Ólafsdóttir	40 323	
Jakobína Thorarensen	67 211	
Jófríður Guðmundsdóttir	69 709	
Jóhanna Vigfúsdóttir	40 323	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	73 502	
Jónína Ásmundsdóttir	39 181	
Jónína Gissurardóttir	97 870	
Jónína Kristjánsdóttir	100 821	
Jórunn Guðjónsdóttir	98 678	
Karen Louise Jónsson	100 821	
Katrín Ingibergsdóttir	97 469	
Kristbjörg Hafberg	69 709	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	40 323	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	63 704	
Kristín Helgadóttir	39 181	
Kristín Pálmadóttir	80 654	
Kristín Pálsdóttir	67 211	
Kristjana Káradóttir	104 393	
Kristjana Þorvarðardóttir	48 734	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	53 766	
Lára Svansdóttir	40 323	
Lára M. Vigfúsdóttir	134 422	
Lelia Stefánsson	201 637	
Lilja H. Arndal	134 422	
Lilja Jörundsdóttir	80 654	
Lilja Steinsen	235 232	
Lydia Einarsson	168 029	
Mabel Sigurjónsson	134 422	
Magdalena Ásgeirsdóttir	40 323	
Magnea Magnúsdóttir	82 644	
Margrét Árnadóttir	100 821	
Margrét Björnsdóttir	51 284	
Margrét Eyjólfsdóttir	80 654	
Margrét Guðbrandsdóttir	120 982	
Margrét Jónasdóttir	168 029	
Margrét Jónsdóttir	100 000	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	163 245	
Margrét L. Lárusdóttir	40 323	
Marta Oddsdóttir	40 323	
Málfríður Bjarnadóttir	40 323	
Melitta Urbancic	64 103	
Nanna Guðmundsdóttir	72 495	
Nanna Guðmundsdóttir	81 822	
Olga E. Jónsson	76 082	
Ólafía Finnbogadóttir	40 323	
Ólöf Bjarnadóttir	106 518	
Ragnheiður Konráðsdóttir	67 211	
Rannveig Gunnarsdóttir	86 994	
Rósa Guðnadóttir	98 678	
Rut Hermanns Hansen	101 493	
Sesselja Benediktsdóttir	77 975	

	Kr.	Kr.
Sigríður Árnadóttir	241 959	
Sigríður Árnadóttir	98 678	
Sigríður Gísladóttir	40 323	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	129 788	
Sigríður Stefánsdóttir	57 996	
Sigrún Eiríksdóttir	100 000	
Sigrún Guðmundsdóttir	155 951	
Sigrún Thorarensen	53 766	
Sigurbjörg Jónsdóttir	40 649	
Sigurlaug Jónsdóttir	100 821	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	76 041	
Skúlína Guðmundsdóttir	82 404	
Soffía Touvina	67 211	
Steinunn P. Eyjólfsson	45 356	
Steinunn Tómasdóttir	67 211	
Steinþóra Einarsdóttir	97 469	
Svanborg Jónsdóttir	39 239	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	67 211	
Sveindís Hansdóttir	40 323	
Tove Engilberts	218 412	
Valgerður Helgadóttir	67 307	
Valgerður Ólafsdóttir	60 873	
Vigdís Guðmundsdóttir	80 654	
Þorbjörg Kjartansdóttir	100 821	
Þorbjörg Leifs	80 654	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	60 489	
Þóra Magnúsdóttir	53 766	
Þóra Sigfúsdóttir	40 323	
Þóra Vigfúsdóttir	130 491	
Þórhildur Sveinsdóttir	40 323	
Þórunn Jónsdóttir	82 404	
Þuríður Þorsteinsdóttir	41 198	
Samtals		12 559 654

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Helstu markmið stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum fyrir árið 1976 voru í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd, í öðru lagi að hægja mikið á hraða verðbólgunnar og í þriðja lagi að tryggja áfram fulla atvinnu.

Útlit er fyrir, að fyrsta markmiðið náist, þannig að viðskiptahallinn í ár verði hálfu minni en 1975, eða 5—6% af þjóðarframleiðslu samanborið við um 12% 1975. Nokkuð mun einnig draga úr hraða verðbólgunnar á árinu, þó alls ekki nægilega. Atvinnuástand hefur verið gott. Í heild verður því ekki annað sagt en að verulega hafi miðað í jafnvægisátt í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu ári. Í þessu sambandi verður þó jafnframt að hafa í huga, að fyrst töldu tvö markmiðin voru aðeins sett sem áfangar á lengri leið, þar sem stefnt er að því að minnka viðskiptahallann enn meira, svo og að koma hraða verðbólgunnar niður á það stig, sem algengast er í nálægum löndum. Til þess að tryggja að þessi árangur náist, er nauðsynlegt að beitt verði áfram traustu aðhaldi í fjármálum ríkisins á næsta ári. Þessi viðleitni setur svip sinn á þetta frumvarp.

Enginn vafi er á, að þróun ríkisfjármála á þessu ári hefur átt sinn þátt í því, að miðað hefur í átt til jafnvægis í þjóðarbúskapnum öllum. Eina af forsendum þess bata, sem horfur eru á að verði í ríkisfjármálum á árinu 1976, má rekja til strangra aðhaldsaðgerða og breyttra vinnubragða hjá fjármálaráðuneytinu við eftirlit með útgjöldum ríkissjóðs. Gerð áætlana um greiðsluþarfir ríkisstofnana innan fjárlagaársins, ásamt vikulegum samanburði við greiðslur úr ríkissjóði, hefur stuðlað að virkari heildarstjórn ríkisfjármálanna. En nú er gert ráð fyrir, að jöfnuður náist í fjármálum ríkisins og grynnt verði á skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann, sem myndast hafa vegna greiðsluhalla undanfarin tvö ár, ekki síst vegna þess að of snöggur samdráttur ríkisútgjalda í kjölfar rýrnandi viðskiptakjara hefði teflt atvinnuöryggi í tvísýnu. Traustur fjárhagur ríkisins er nú enn brýnni en fyrr, þar sem verslunarárferði hefur að nýju snúist okkur í hag. Okkur er þess vegna mikil nauðsyn að virkja þann straum til þess að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við en veita honum ekki viðstöðulaust til aukningar þjóðarútgjalda. Af þessari ástæðu og þeirri, að útgjöld til landhelgisgæslu og hafrannsókna eru enn mjög mikil, svo og vegna brýnna þarfa á öðrum sviðum, auk þess sem samningsbundin lækkun á tollum skerðir tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins, hefur ekki þótt rétt að gera ráð fyrir lækkun 18% vörugjaldsins á næsta ári. Gjaldið var sem kunnugt er hækkað úr 10% í 18% í maí s. l. með lögum um fjáröflun til landhelgisgæslu, fiskverndar, ríkisfjármál o. fl., en með því var tryggt viðunandi jafnvægi í ríkisfjármálum á þessu ári.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 136 m.kr. greiðsluafgangi 1977 og hefur þá verið reiknað með 2 252 m.kr. afborgun af skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Þessi greiðsluafgangur verður að teljast algert lágmark miðað við ástand og horfur í efnahagsmálum.

Á útgjaldahlið hefur megináherslan verið lögð á að umsvif í almennri opinberri starfsemi aukist alls ekki meira en sem nemur líklegri aukningu þjóðarframleiðslu á næsta ári, eða innan við 2%, og að nokkuð verði dregið úr opinberum framkvæmdum í heild á næsta ári, þar sem nú er verið að ljúka stórum áföngum í orkuframkvæmdum. Felur þetta í sér, að aðrar opinberar framkvæmdir verði svipaðar og í ár, þótt í heild sé dregið úr fjárfestingum. Sama stefna ræður ákvörðun um láns-

útvegun til opinberra framkvæmda. Miðað við tölur frumvarpsins verður hlutur ríkisútgjalda í þjóðarframleiðslu á næsta ári um 29,5%, og er olíugjaldið þá innifalið. Þetta er ámóta og sambærileg tala fyrir árið 1976, en útgjöld ríkissjóðs 1975 eru áætluð 31,5%. Frumvarpið felur þannig ekki í sér aukna hlutdeild ríkisins í þjóðarframleiðslu. Þess hefur nú verið gætt við fjárlagagerðina, að útgjaldatölur frumvarpsins séu sem raunhæfastar og í því sambandi stuðst við tölur ríkisreiknings 1975 og þegar heimiluð útgjöld 1976.

Reynsla undanfarinna ára sýnir glöggt, hve örðugt er að stjórna ríkisútgjöldum, þegar útgjöld í stórum greinum ráðast algerlega af sérstakri löggjöf. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Í fjárlögum 1976 var gert ráð fyrir verulegri takmörkun á verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttum landbúnaðarvörum miðað við framkvæmd gildandi laga um þetta efni. Horfur eru á, að sú fjárhæð, sem verja þarf til útflutningsuppbóta á árinu 1976, verði allmiklu hærri en ráð var fyrir gert á fjárlögum þessa árs, eða allt að 1550 m.kr. í stað 890 m.kr. Hámarksverð ábyrgðar miðað við óbreytta framkvæmd stefnir yfir 2 000 m.kr. á næsta ári. Í frumvarpi þessu er fjárveiting til útflutningsuppbóta áætluð 1 800 m.kr., sem er lægri tala en nefnd er hér að framan til þessara þarfa. Hvort þessi áætlun reynist rétt eða ekki, fer vitaskuld eftir markaðs- og framleiðsluþróun. Sérstök nefnd vinnur nú að endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., en í þeim lögum er að finna ákvæðið um útflutningsuppbætur. Einn megintilgangur verðábyrgðarinnar er að tryggja, að landið sé sjálfu sér nægt um þessar vörur og þoli árferðissveiflur. Hafa þarf þetta í huga við endurskoðun laganna, og einnig það, að lögin verði hvati til að selja landbúnaðarvörur á sem hæstu verði. Í þessu frumvarpi hefur þó ekki verið reiknað með áhrifum breytinga, sem kynnu að verða í sambandi við framkvæmd á greiðslu útflutningsuppbóta.

Kostnaður af sjúkratryggingum hefur vaxið ört. Útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið jafnt og þétt, þótt afturkipps hafi gætt í framleiðslu og tekjum þjóðarinnar. Mikils er um vert, að þessi mikilvæga þjónustugrein lúti traustri og ábyrgri fjármálastjórn. Ríkisstjórnin hyggst koma breyttri skipan á fjármál og skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum, sem hafi það meginmarkmið að samhæfa betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Í þessu frumvarpi hefur verið stigið það skref, að áætlaður kostnaður af ríkisspítölunum verði færður í A-hluta fjárlaga, og er þá reiknað með því, að ríkið kosti stofnanir þessar að öllu leyti. Hins vegar hefur í B-hluta verið reiknað með því, að sveitarfélögin greiði hluta sinn af heildarkostnaði sjúkratrygginga samkvæmt gildandi reglum, og jafnframt verði 1 200 m.kr. af kostnaðinum bornar af fjáröflun, sem samsvari núverandi 1% sjúkratryggingagjaldi af útsvarsstofni. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess, hvort þessi fjáröflun verði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, enda hlýtur sú ákvörðun að bíða niðurstöðu viðræðna, sem áformaðar eru um fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginganna og skiptingu kostnaðar af þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Þá virðist einnig brýnt í þessu sambandi að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Áður en endanleg afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins fer fram mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leggja fram tillögu um nauðsynlegar breytingar á tryggingarlöggjöf, sem tryggir fyrirhugaða nýskipan.

Með þessu frumvarpi er verulega tekist á við að treysta fjárhagslega undirstöðu dómgæslu og lögreglu. Annars vegar hefur eftir föngum verið reynt að hafa við fjárveitingar til þessara mála hliðsjón af allra nýjustu tölum um raunverulegan rekstrarkostnað dóm- og löggæslu á þessu og síðasta ári, fremur en á fjárlagatölum, og hins vegar með því að heimila ráðningu nýrra starfsmanna til mikilvægra starfa á þessum vettvangi. Gert er ráð fyrir, að við meðferð frumvarps þessa á Alþingi verði heimiluð útgjöld vegna fyrirhugaðrar stofnunar ríkisrannsóknarlögreglu. Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvarp þar að lútandi nú í þingbyrjun, og stefnt er að afgreiðslu þess fyrir áramót.

Fjárveitingar til vegamála miðast við, að heildarútgjöld til þess málaflokks séu á verðlagi fjárlagafrumvarpsins jöfn raungildi fjárveitinga yfirstandandi árs. Er gert ráð fyrir 5 400 m.kr. til vegamála, þar af 3 900 m.kr. af skattafé en 1 500 m.kr. af lánsfé. Auk þess greiðir ríkissjóður afborganir og vexti af lánum, sem tekin hafa verið til vegagerðar, sem áætlað er 1 130 m.kr. á árinu 1977, en þessi útgjöld hafa ekki verið færð á vegáætlun, og eru því heildarútgjöld til vegamála 6 530 m.kr. Gert er ráð fyrir afgreiðslu vegáætlunar samtímis afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977, og mun samgönguráðherra leggja hana fram í nóvembermánuði n. k.

Við samanburð talna í fjárlagafrumvarpi 1977 við fjárlagatölur 1976 ber að hafa í huga, að frá því að fjárlög ársins 1976 voru samþykkt, hefur verið gripið til ýmissa efnahagsráðstafana, er aukið hafa ríkisútgjöld, og hið sama á við áhrif kjarasamninga og afleiddar hækkanir bóta almannatrygginga. Þessar ráðstafanir verða til þess, að útgjöld yfirstandandi árs munu fara fram úr fjárlögum. Hliðstæð eru áhrif almennra verðlagshækkana, en fjárlög 1976 byggðust yfirleitt á verðlagi undir lok ársins 1975. Heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1977 eru áætluð 83 129 m.kr. Ef samanburður er gerður við fjárlög 1976 án tillits til síðari ráðstafana í ríkisfjármálum, sem samþykktar hafa verið á Alþingi, er hækkunin 41,2%. Sé hins vegar höfð hliðsjón af framangreindum efnahagsráðstöfunum og verðlagsþróun, ásamt reynslu fyrstu átta mánaða ársins, má gera ráð fyrir að ríkisútgjöldin verði nálægt 68 000 m.kr., sem þýðir að útgjöld verða um 19,9% hærri skv. frumvarpi 1977, eða 13 529 m.kr., þegar tekið hefur verið tillit til ráðstöfunar olíugjalds um 1 600 m.kr. Við slíkan samanburð er þess einnig að gæta, að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1977 felur í sér áætlun um laun og tryggingabætur fram á mitt næsta ár, en við gerð fjárlagafrumvarps hefur yfirleitt verið miðað við kauplag og bótafjárhæðir, er gilda á þeim tíma, sem frumvarpið er samið, eða fyrirsjáanleg hafa verið í nánustu framtíð. Ef frá frumvarpstölum eru dregnar áætlunartölur af þessu tagi, sem nema samtals 4 667 m.kr., auk fyrrnefndra 1 600 m.kr. vegna olíugjalds, yrði hækkun ríkisútgjalda samkvæmt frumvarpinu 18 005 m.kr. eða 30,6% og er það sambærilegastur grundvöllur við hækkunartölur, sem venjulega hafa verið settar fram í greinargerð með fjárlagafrumvarpi. Hækkun frá áætlaðri útkomu 1976 yrði 8 862 m.kr., eða 13,0%.

Heildartekjur ríkissjóðs 1977 eru í frumvarpinu áætlaðar 84 milljarðar króna. Þessi áætlun felur í sér líkt hlutfall ríkisskatta af þjóðartekjum og verða mun á þessu ári, eða 29—30%, eftir því hvort olíugjaldið er talið með ríkistekjum eða ekki. Áætlun frumvarpsins um óbeina skatta er reist á þeirri meginforsendu, að almenn þjóðarútgjöld aukist um 2% á næsta ári, eða um líkt hlutfall og þjóðarframleiðslan. Verðlagsgrundvöllur tekjuáætlunar er hinn sami og útgjaldahliðarinnar. Reiknað er með um 600 m.kr. lækkun tolltekna vegna ákvæða fríverslunarsamninganna við EFTA og EBE. Að öðru leyti er reiknað með óbeinum sköttum óbreyttum eins og nú gilda. Beinu skattarnir eru áætlaðir á grundvelli gildandi laga. Hins vegar verða fyrir afgreiðslu fjárlaga flutt frumvörp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, þar sem meðal annars verða ný ákvæði um skattmeðferð á tekjum hjóna, einföldun á tekjuskatti einstaklinga almennt og breytta skattlega meðferð þeirra, sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Einnig verða gerðar tillögur um nýja skattmeðferð söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum í tengslum við breyttar fyrningarreglur til skatts. Eignarskattsstiginn verður samræmdur nýju fasteignamati. Í heild er ekki reiknað með verulegum breytingum á skattfjárhæðum, en hins vegar munu þessar breytingar væntanlega hafa áhrif til þess að deila skattbyrðinni á sanngjarnari hátt en gildandi reglur fela í sér. Þá er einnig ráðgert að taka ákvarðanir um lækkuð aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum, tækjum og hráefnum til samkeppnisiðnaðar, sem munu væntanlega fela í sér einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð. Þetta mál verður þó ekki metið til fulls fyrr en við endanlega afgreiðslu fjárlaga og í tengslum við endurskoðun tollskrárlaga sem nú er unnið að, en frumvarp að nýjum tollskrárlögum, sem samið verður með sér-

stöku tilliti til samninganna við EFTA og EBE, mun verða lagt fram fljótlega eftir þingbyrjun.

Eins og undanfarin ár fylgir frumvarpinu yfirlit yfir framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps 1977, sem ráðgert er að fjármagna með lánsfé, og fjáröflun til þeirra. Þessi framkvæmda- og lántökuáform mynda síðan hluta af lánsfjáráætlun þeirri, sem nú er unnið að og fjallar um alla lánastarfsemi í landinu á næsta ári. Tölurnar í fyrrgreindu yfirliti munu taka einhverjum breytingum í þessari áætlunarvinnu.

Lánsfjáráætlun 1977 verður lögð fram á Alþingi fyrir eða um miðjan nóvember. Lánsfjáráætlun er til þess gerð, að um leið og fjárlagaákvarðanir eru teknar, fáist skipuleg yfirsýn um lánastarfsemina í landinu og erlendar lántökur þjóðarinnar. Með gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1976 var stigið stórt skref til samræmingar á sviði lána- og fjármála. Hún var fyrsta heillega áætlunin um lánsfjármarkaðinn, sem gerð hefur verið hér á landi, og að sjálfsögðu hefur komið í ljós, að framkvæmd hennar þarf að bæta í ýmsum atriðum. Mun fjármálaráðuneytið gera tillögur um það. Gæti t. d. verið æskilegt, að þegar í áætlunargerðinni væri tekin ákvörðun um lánskjör, samskipti einstakra fjáröflunaraðila o. fl. Ljóst er að gerð lánsfjáráætlunarinnar hefur orðið til þess að auðvelda að mun stjórn fjármála og peningamála í landinu, og skiptir miklu, að áframhaldandi aðgerðir á þessu sviði verði samstilltar að þeim markmiðum að draga úr verðhækkunum og viðskiptahallanum við útlönd.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1976

Meginforsendur frumvarpsins

Í gjaldaáætlun frumvarpsins er miðað við kauplag eins og það verður á næsta ári eftir hækkunina 1. júlí samkvæmt kjarasamningum frá s. l. vori, og kaupgreiðsluvísitölu eins og hún er við gerð fjárlagafrumvarpsins, 102,67 stig. Á sama hátt er gert ráð fyrir hækkun bóta lífeyristrygginganna til samræmis við launahækkanir og á það einnig við launahluta sjúkratrygginganna. Er það óvenjulegt við gerð fjárlagafrumvarps, að útgjaldahækkanir séu áætlaðar svo langt fram í tímann, en það er unnt að þessu sinni, þar sem ákvæði kjarasamninga taka til hækkana fram á mitt ár 1977. Af þessum sökum er útgjaldaáætlunin 4 667 m.kr. hærri en taxtar þeir, sem í gildi eru við gerð frumvarpsins segja til um, þar af 2 659 m.kr. vegna hækkana á árinu 1977. Almenn verðlagshækkun hefur reynzt um 33% frá því að síðasta fjárlagaáætlun var gerð, og hefur verið höfð hliðsjón af því við fjárlagagerðina. Auk þess hafa nú legið fyrir tölur um raunveruleg útgjöld hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja ríkisins á árinu 1975, og hefur verið tekið tillit til þeirra.

Tekjuáætlun frumvarpsins miðast við hliðstæðar kauplags- og verðlagsforsendur og gjaldaáætlun. Magnbreytingar helztu skattstofna eru við það miðaðar, að almenn þjóðarútgjöld aukist um 2% á næsta ári, eða um líkt hlutfall og þjóðarframleiðslan. Gert er ráð fyrir, að skattvísitala verði 158 stig miðað við 100 stig 1975, sem er 26½% hækkun frá skattvísitölu ársins í ár. Er áætlað, að meðaltekjur til skatts hækki um sama hlutfall. Að öðru leyti eru beinir skattar áætlaðir á grundvelli gildandi laga og reglna. Reiknað er með 600 m.kr. lækkun tolltekna vegna tollalækkana samkvæmt samningum við EFTA og EBE, en ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á óbeinum sköttum frá því sem nú gildir.

Gjaldahlið

Gjöld á rekstrarreikningi nema samtals 83 129,5 m.kr. á móti 58 857,3 m.kr. í fjárlögum 1976, og er hækkunin 24 272,2 m.kr., eða 41,2%. Þetta eru þó ekki sambærilegar tölur að því leyti, að í áætlun fyrir 1977 er tekið með olíugjald og ráðstöfun þess í gjaldahlið, en gjald þetta er ekki í fjárlagatölum 1976. Er hér um að ræða 1 600 m.kr., og að þeim frádregnum nemur hækkun gjalda 22 672,2 m.kr., eða 38,5%. Af hækkuninni eru 4 063,2 m.kr. í formi markaðra tekjustofna (að meðtöldu olíugjaldi) og hækka þeir um 52,3%. Hækkun ríkisútgjalda í þrengri merkingu, þ. e. að frátöldum mörkuðum tekjustofnum, er þannig 20 209,1 m.kr., eða 39,6%. Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á rekstrargjöldum fjárlaga 1976 og frumvarps 1977.

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun	
	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	58 857 251	83 129 467	24 272 216	41,2
Markaðir tekjustofnar	7 763 728	11 826 888	4 063 160	52,3
Samtals	51 093 523	71 302 579	20 209 056	39,6

Á yfirliti því, sem hér fer á eftir, er sýnt hvernig útgjöld skiptast á helztu gjaldategundir samkvæmt fjárlögum 1976 og frumvarpi 1977, og kemur þar fram, hvernig framangreind 24 272,2 m.kr. hækkun kemur fram á einstökum tegundum gjalda. Til þess að gera tölur sambærilegar, eru útgjöld vegna ríkisspítala á árinu 1977 talin sem framlög til almannatrygginga á yfirlitinu, en ekki dreift á hina ýmsu rekstrarliði, eins og þó á sér stað í raun og veru.

	Fjárlög 1976 m.kr.	Frumvarp 1977 m.kr.	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:				
Laun	11 645	17 449	5 804	49,8
Önnur rekstrargjöld	3 696	5 846	2 150	58,2
Viðhald	1 395	2 184	789	56,6
Vextir	1 656	2 145	489	29,5
Almannatryggingar	17 223	24 578	7 355	42,7
Niðurgreiðslur	4 968	5 102	134	2,7
Útflutningsuppbætur	890	1 800	910	102,2
Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur	3 904	5 615	1 711	43,8
Samtals	45 377	64 719	19 342	42,6
Frá dregst: sértekjur	728	1 344	616	84,6
Mismunur	44 649	63 375	18 726	41,9
Framkvæmdaframlög:				
Hreinar ríkisframkvæmdir	4 901	6 826	1 925	39,3
Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum	3 248	4 841	1 593	49,0
Fjárfestingarstyrkur til sveitarfélaga	301	357	56	18,6
Fjárfestingarstyrkur til einstakl. og samt.	107	129	22	20,6
Framlag til fjárfestingarsjóða	4 384	6 079	1 695	38,7
Framlög til lánagreiðslna	1 267	1 522	255	20,1
Samtals	14 208	19 754	5 546	39,0
Heildarútgjöld í A-hluta	58 857	83 129	24 272	41,2

Um helztu gjaldaliði skal eftirfarandi tekið fram.

Laun. Hækkun launakostnaðar er 5 804 m.kr., eða 49,8%. Frá því að fjárlög voru samþykkt, hafa eftirtaldar breytingar orðið á almennum launum: Í desember 1975 varð 0,6% verðlagsbót greidd á laun, en ekki gert ráð fyrir henni í fjárlögum. Í mars varð 6% almenn launahækkun ásamt láglaunabótum, sem meta má röklega 1% á launalið. Í júlí varð 6% launahækkun samkvæmt kjarasamningum og 2,67% verðlagsuppbót, eða alls 8,83% hækkun. Þá komu til almennar flokkahækkanir samkvæmt úrskurði kjaranefndar, sem metnar eru 3,8%, en koma aðallega til framkvæmda 1. janúar 1977. Loks eru ókomnir þrír áfangar kjarasamninganna, þ. e. 1. október 6%, 1. febrúar 5% og 1. júlí 4%, og eru þessar hækkanir teknar með í fjárlagaáætlunum næsta árs. Þær óorðnu launahækkanir, sem þannig er áætlað fyrir, nema samtals 2 375 m.kr., þar af 1 555 m.kr. á næsta ári. Taxtahækkanir, sem reiknað er með í fjárlagaáætluninni, eru því alls 37,7%, en sem fyrr greinir hækkar launakostnaður um 49,8%, eða 12,1 prósentustigum meira. Eru ýmsar skýringar á þessum mismun, en þessar helztar. Í fyrsta lagi er um að ræða tilfærslu yfir á launalið vegna breyttrar rekstrarþátttöku, svo sem varðandi verzlunarskóla og að nokkru leyti Iðnþróunarstofnun Íslands, og auk þess koma til nýir skólar eða mjög veruleg kennsluaukning, svo sem við fjölbrautarskólana í Breiðholti, Flensborg og Suðurnesjum. Í öðru lagi sýndi samanburður við reikningstölur 1975, sem nú lágu fyrir við fjárlagagerð, að launatölur eru í nokkrum tilvikum vanmetnar í fjárlögum

1976, og var sérstaklega gerð leiðrétting á þeim, til að koma málum á raunhæfari grundvöll. Er hér einkum um að ræða löggæzlukostnað í sýslumannsembættum, embætti lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, Litla-Hraun og bifreiðaeftirlit, stundakennslu í grunnskólum, menntaskólum, Tækniskóla Íslands, Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Hjúkrunarskóla Íslands, héraðsskólum og iðnskólum, skattstofur og loks launagreiðslur vegna tónlistarfræðslu, en þar hefur þátttaka ríkisins verið aukin. Í þriðja lagi hækkar launakostnaður við landhelgisgæzlu, framleiðslueftirlit sjávarafurða og veiðieftirlit nokkuð umfram taxtahækkanir vegna aukinna umsvifa, svo og kostnaður við stundakennslu í háskólanum og kennaraháskólanum vegna aukningar á aðsókn. Loks verður verulegur umframhækkun á uppbótum á lífeyri og á launakostnaði vegagerðar, þótt í síðartalda tilvikinu sé fremur um breytilega flokkun útgjalda að ræða en raunverulega magnaukningu. Þegar öll þau sérstöku tilvik, sem hér hafa verið upp talin, eru undanskilin, verður hækkun launa á öðrum fjárlagaliðum að meðaltali 37,3%, eða því nær sama hækkun og nemur taxtahækkunum.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaliður hækkar um 2 150 m.kr., eða 58,2%. Meginskýringin á því, að hækkunin er þetta mikið umfram meðaltalshækkun verðlags, 33%, er fólgin í því, að til óvissra útgjalda er áætlað 491 m.kr. og vegna nýrra laga 117 m.kr. meira en í fjárlögum 1976. Að þessum liðum frátöldum verður hækkun annarra rekstrargjalda 42,2%. Á því eru þær skýringar, að rekstrargjöld sýslumannsembætta og Alþingis virðast hafa verið allverulega vanmetin í fjárlögum 1976, gert er ráð fyrir auknum umsvifum landhelgisgæzlu, hafrannsóknarstofnunar og framleiðslueftirlits sjávarafurða, á móti hækkun rekstrargjalda háskólans og veðurstofunnar koma auknar tekjur, hjá iðnþróunarstofnun og verzlunarskólum er um að ræða tilfærslu milli gjaldaliða og hjá utanríkisþjónustunni kemur til gengissig. Ef aukning rekstrargjalda í framangreindum stofnunum, sem á sér sérstakar skýringar, er ekki meðtalin, verður hækkun þessa gjaldaliðar hjá öðrum stofnunum 32,4%, eða lítillega undir meðaltalshækkun verðlags.

Viðhald. Hækkun viðhaldsliðar er 789 m.kr., eða 56,6%. Langmikilvægast er þar vegaviðhald, sem hækkar um 561 m.kr. eða 57,9%. Aðrir liðir, sem valda hækkun umfram verðlagshækkun, eru embætti sýslumanna og bæjarfógeta, landhelgisgæzla, hafrannsóknarstofnun, sendiráð og tveir fjárlagaliðir, er nú koma inn með viðhaldskostnað, sem ekki var í fjárlögum 1976, þ. e. forsetasetrið vegna umfangsmikilla breytinga og skólar vangefinna. Þegar þessir liðir eru frátaldir, verður meðalhækkun viðhaldskostnaðar á öðrum fjárlagaliðum 31,1%, sem er undir meðalhækkun verðlags.

Vextir. Hækkun vaxtagreiðslna nemur 489 m.kr., eða 29,5%. Skýrist það af aukningu nettóskuldar ríkissjóðs á árinu 1976, verðtryggingu og þó einkum því, að nú eru áætlaðir 300 m.kr. yfirdráttarvextir vegna árstíðabundinnar sveiflu í ríkisfjármálunum, en engin fjárhæð var áætluð í þessu skyni í fjárlögum 1976.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga, að meðtöldum rekstrarkostnaði ríkisspítala, hækka um 7 355 m.kr. (2 959 m.kr. án ríkisspítala), eða 42,7%. Er þá áætlað fyrir hækkunum bæði lífeyris- og sjúkratrygginga fram á mitt ár 1977, eins og áður er getið, í samræmi við kjarasamninga.

Niðurgreiðslur. Kostnaður við niðurgreiðslur hækkar einungis um 134 m.kr., eða 2,7%. Meginskýringin er fólgin í þeirri lækkun niðurgreiðslna, sem átti sér stað í aprílmánuði s. l., í samræmi við það, sem boðað var í þessu efni í fjárlagafrumvarpi 1976 og fjárlagaáætlun miðaðist við.

Útflutningsuppbætur. Þessar uppbætur hækka mjög verulega, eða um 910 m.kr., sem er rösklega tvöföldun. Ástæðan er sú, að aðgerðir til að draga úr greiðslum

samkvæmt þessu uppbótakerfi, sem stefnt var að á árinu og fjárlagaáætlun 1976 miðaðist við, hafa ekki ennþá náð fram að ganga. Þær 1 800 m.kr., sem hér eru áætlaðar, nema um 80% af hámarksverðábyrgð ríkissjóðs á árinu.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur. Í þessum útgjaldaflokki kemur fram 1 711 m.kr., eða 43,8% hækkun, en þar er nú færður sá hluti olíugjalds, sem fer til styrktar notenda olíu til húshitunar og nemur 600 m.kr. Olíustyrkurinn var ekki færður í fjárlögum 1976 þannig að beinn samanburður talna er óraunhæfur. Án olíustyrksins er hækkunin 1 111 m.kr. eða 28,5%, sem er allverulega undir verðlagshækkun.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög hækka um 5 546 m.kr., eða 39,0%. Hluti þeirrar hækkunar stafar af því, að nú eru framlög Orkusjóðs af olíugjaldi, að fjárhæð 1 000 m.kr., færð á þennan lið, en slík framlög voru ekki sýnd í fjárlögum 1976. Raunhæfur samanburður þessara talna leiðir því í ljós 4 546 m.kr. hækkun, eða 32,0%. Á sama hátt yrði hækkun til hreinna ríkisframkvæmda 925 m.kr., eða 18,9%, sem felur í sér verulega magnminnkun vegna þess að raforkuframkvæmdir munu dragast saman á næsta ári. Framlög vegna framkvæmda, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og öðrum aðilum, hækka um 1 593 m.kr., eða 49,0%, og munar þar mest um hafnarbyggingu við Grundartanga, en að henni frátalinni yrði hækkun í þessum framkvæmdaflokki 1 193 m.kr., eða 36,7%, einkum vegna jarðræktarframkvæmda. Að öðru leyti skýrir yfirlitið yfir framkvæmdaframlög sig í megindráttum sjálft.

Ráðuneyti og málefnaflokkar

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helztu breytingum gjaldaliða frá fjárlögum 1976 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokks. Einnig verður sérstaklega fjallað um breytingar markaðra tekjustofna. Hér er fyrst og fremst um yfirlitshluta að ræða, en í síðasta hluta athugasemdanna er fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt, eftir því sem tilefni gefast.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Fjárlagaliðir í þessum flokki hækka um samtals 205,7 m.kr., og munar þar mest um Alþingi 145,7 m.kr. Auk þess eykst kostnaður við embætti forseta Íslands um 34,2 m.kr., einkum vegna umfangsmikilla viðgerða á forsetasetrinu, ríkisstjórn 16,8 m.kr. og hæstarétt 9,0 m.kr.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar á vegum forsætisráðuneytisins hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	15,9	–
Annað	522,3	24,0
Samtals	538,2	24,0

Yfirstjórn. Af 15,9 m.kr. hækkun á málefnaflokknum eru 4,0 m.kr. vegna hlutar Íslands í norrænum fjárveitingum á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs, 3,7 m.kr. er framlag í Thor Thors sjóðinn, 1,5 m.kr. framlag til Hrafnseyrar, en að öðru leyti er einkum um að ræða kostnaðaraukningu af völdum launa- og verðlagshækkana.

Annað. Framlög í þessum flokki hækka um 522,3 m.kr., þar af framlag í Byggðasjóð 507,0 m.kr. (af því er álgjald 24,0 m.kr.), kostnaður við Þjóðhagsstofnun 12,0 m.kr. og aðrir liðir hækka um samtals 3,3 m.kr.

02 **Menntamálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	+3,8	–
Fræðslumál	3 503,0	12,0
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	367,3	72,5
Samtals	3 866,5	84,5

Yfirstjórn. Lækkunin á þessum flokki, 3,8 m.kr., skýrist af tilflutningi viðfangsefna á aðra fjárlagaliði, þannig að raunveruleg hækkun á því sem eftir stendur er 53,3 m.kr., eins og skýrt er í síðasta hluta athugasemdanna.

Fræðslumál. Af heildarhækkun þessa málefnaflokks, 3 503,0 m.kr., er um helmingur, eða 1 743,7 m.kr. vegna grunnskóla (þar af hækkun byggingarframlaga 257,8 m.kr.), 264,0 m.kr. eru vegna menntaskóla, 313,0 m.kr. vegna háskólans, 160,0 m.kr. vegna lánasjóðs ísl. námsmanna, 142,6 m.kr. vegna iðnskóla, 90,5 m.kr. vegna fjölbrautarskólans í Breiðholti, 77,7 m.kr. vegna tónlistarfræðslu, 67,2 m.kr. vegna verzlunarskóla, 62,9 m.kr. vegna kennaraháskólans, 39,3 m.kr. vegna fjölbrautarskóla á Suðurnesjum, og á öðrum fjárlagaliðum innan þessa málefnaflokks verður samtals 530,1 m.kr. hækkun. Auk þess hækkar einkaleyfisgjald happdrættis háskólans um 12,0 m.kr., en það er markaður tekjustofn, er rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 367,3 m.kr. og koma þannig fram á helztu liðum: Þjóðleikhús 85,4 m.kr., Listasafn Íslands 36,7 m.kr., byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu 35,8 m.kr., listir framlög 29,9 m.kr., sinfóníuhljómsveit 20,7 m.kr. og ýmsir smærri liðir 86,3 m.kr. Þá nemur hækkun markaðra tekjustofna 72,5 m.kr., þar af aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum 45,0 m.kr., skemmtanaskattur 23,0 m.kr., miðagjald 3,7 m.kr. og hluti ÍSÍ af vindlingagjaldi 0,8 m.kr.

03 **Utanríkisráðuneytið.** Framlög til málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976
Yfirstjórn	49,6
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	60,1
Sendiráð	86,4
Alþjóðastofnanir	50,8
Samtals	246,9

Yfirstjórn. Hækkunin stafar að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, en þó skal nefnt, að sérstök fjárveiting er til ráðstefnu ræðismanna Íslands, 7,0 m.kr., kostnaður við upplýsinga- og kynningarstarfsemi eykst um 2,9 m.kr. og við þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 2,7 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkunin, 60,1 m.kr., á að mestu rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana, en þó er gert ráð fyrir ráðningu þriggja nýrra tollvarða í sambandi við aukið eftirlit með farangri farþega o. fl.

Sendiráðin. Kostnaður við sendiráðin eykst um 86,4 m.kr. vegna grunnkaupshækkana, gengisbreytinga o. fl., eins og skýrt er nánar síðar í þessum athugasemdum.

Alþjóðastofnanir. Framlög til alþjóðastofnana, sem flest eru samningsbundin, hækka um 50,8 m.kr., og munar þar mest um tillög til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) 11,8 m.kr., NATO 5,0 m.kr., þróunaraðstoðar S.Þ. 3,1 m.kr. og upp er tekinn nýr liður, samskipti við V-Íslendinga 5,0 m.kr. Fjölmörg önnur tillög hækka um samtals 25,9 m.kr., m. a. af völdum gengissigs.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði landbúnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	21,3	-
Búnaðarmál	1 759,2	1,6
Skólar	70,8	-
Samtals	1 851,3	1,6

Yfirstjórn. Kostnaðarauki við yfirstjórn, 21,3 m.kr., skiptist þannig, að á aðalskrifstofu koma 10,0 m.kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, jarðeignir ríkisins 7,8 m.kr. og jarðasjóð 3,5 m.kr. skv. lögum.

Búnaðarmál. Meginorsök þeirrar 1 759,2 m.kr. hækkunar, sem verður á framlögum til búnaðarmála, á rætur að rekja til útflutningsuppbóta 910,0 m.kr., jarðræktarframlaga 345,3 m.kr. og verðuppbótar á landgræðsluáætlun 99,2 m.kr. Er framlag til þeirrar áætlunar í heild 411,1 m.kr., þar af verðbætur 211,1 m.kr. Að öðru leyti verður mest hækkun á eftirtöldum liðum: Stofnlánadeild landbúnaðarins 98,6 m.kr., framræsla 70,0 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins án verðbóta á landgræðsluáætlun 59,9 m.kr., Búnaðarfélag Íslands 37,1 m.kr., til búfjárræktar skv. lögum 36,1 m.kr., Skógrækt ríkisins án verðbóta á landgræðsluáætlun 32,7 m.kr., embætti yfirdýralæknis 31,9 m.kr. og aðrir liðir samtals 36,8 m.kr. Auk þess hækkar hluti Landgræðslusjóðs af vindlingagjaldi um 1,6 m.kr.

Skólar. Kostnaður við búnaðarskólana og garðyrkjuskólann hækkar um samtals 70,8 m.kr., þar af rekstur 46,0 m.kr. og stofnkostnaður 24,8 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	11,0	-
Útvegsmál	403,8	11,0
Önnur mál	22,9	-
Samtals	437,7	11,0

Útvegsmál. Breytingar á liðum þessa málefnaflokks eru þessar helztar: Framlag til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 136,3 m.kr., Fiskveiðasjóðs um 113,0 m.kr., Framleiðslueftirlits sjávarafurða 60,8 m.kr., aflatryggingasjóðs 50,8 m.kr., Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 28,8 m.kr., byggingarsjóðs hafrannsóknaskips 29,0 m.kr. og annarra liða samtals 38,7 m.kr., en niður falla framlög til Síldarverksmiðja ríkisins

21,9 m.kr. og vegna rekstrarhalla togara 1975 42,7 m.kr. Loks hækkar hluti útflutningsgjalds, sem rennur til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips, byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegs og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um 11,0 m.kr.

06 **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Eftirtaldar breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976
Yfirstjórn	17,7
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	1 808,0
Þjóðkirkjan	111,3
Samtals	1 937,0

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um 1 808,0 m.kr. og munar þar mest um landhelgisgæzlu 682,2 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta samtals 522,5 m.kr. og embætti lögreglustjórans í Reykjavík 282,2 m.kr. Aðrir fjárlagaliðir, sem sýna verulega hækkun, eru bifreiðaeftirlit 63,6 m.kr., sakadómaraembætti 61,9 m.kr. og vinnuhælið á Litla-Hrauni 37,9 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 157,7 m.kr.

Þjóðkirkjan. Hækkunin á framlögum til þjóðkirkjunnar, 111,3 m.kr., stafar að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum. Skipting hækkunarinnar er þannig, að á þjóðkirkjuna sjálfa koma 103,2 m.kr. og á Kristnisjóð 8,1 m.kr.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast þannig í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	6,3	–
Húsnæðismál	824,3	714,1
Önnur félagsmál	134,1	21,3
Samtals	964,7	735,4

Húsnæðismál. Markaðir tekjustofnar, er renna til húsnæðismála, hækka um 714,1 m.kr., þ. e. launaskattshluti byggingarsjóðs ríkisins 654,0 m.kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum 60,1 m.kr. Hrein ríkissjóðsframlög í þessum málefnaflokki hækka um 110,2 m.kr., þ. e. framlag til byggingarsjóðs verkamanna 109,3 m.kr. og til heilsuspillandi húsnæðis 0,9 m.kr. Heildarhækkun er þannig 824,3 m.kr.

Önnur félagsmál. Framlög í þessum flokki hækka um samtals 134,1 m.kr., þar af meðlög 33,6 m.kr., lánasjóður sveitarfélaga 17,3 m.kr., vatnsveitur 11,9 m.kr., Bjargráðasjóður 9,6 m.kr., Styrktarsjóður vangefinna 8,2 m.kr. og aðrir liðir 32,2 m.kr. Auk þess hækka markaðir tekjustofnar um 21,3 m.kr., þ. e. erfðafjárskattur 10,0 m.kr., skipulagsgjald 10,0 m.kr., hluti SVFÍ af vindlingagjaldi 0,8 m.kr. og eldspýtnagjald 0,5 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	19,8	–
Tryggingamál	3 395,0	729,0
Heilbrigðismál	4 783,5	4,7
Önnur mál	12,2	–
Samtals	8 210,5	733,7

Tryggingamál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 3 395,0 m.kr. hækkun, og hafa þá rekstrargjöld ríkisspítala verið flutt yfir á heilbrigðismál. Bein framlög ríkissjóðs til almannatrygginga, þ. e. slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga, hækka um 2 365,0 m.kr. og markaðir tekjustofnar um 594,0 m.kr., þ. e. lífeyristryggingagjald atvinnurekenda 312,0 m.kr. og slysatryggingagjald 282,0 m.kr. Þá hækkar beint ríkissjóðsframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs um 301,0 m.kr. og atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda, sem er markaður tekjustofn, um 135,0 m.kr.

Heilbrigðismál. Flokkur þessi hækkar um 4 783,5 m.kr., að mestu vegna áðurnefndrar tilfærslu rekstrargjalda ríkisspítala af málefnaflokknum tryggingamál, en hér er um að ræða samtals 4 396,0 m.kr. Að öðru leyti hækkar framlag til sjúkrahúsabygginga ríkis og sveitarfélaga um 185,0 m.kr., til byggingar ríkisspítala um 35,8 m.kr., kostnaður við héraðslækna og heilsugæslustöðvar eykst um 103,4 m.kr., og hækkun annarra liða nemur samtals 58,6 m.kr. Loks hækka markaðir tekjustofnar innan þessa flokks um 4,7 m.kr., þ. e. sérlyfjagjald 3,0 m.kr., hluti Krabbameinsfélagsins af vindlingagjaldi 1,2 m.kr. og samúðarskeyti landsímans um 0,5 m.kr.

Önnur mál. Fjárveitingar í þessum flokki hækka um samtals 12,2 m.kr., þar af 6,4 m.kr. vegna ljósmæðraskólans, 3,8 m.kr. vegna þroskaþjálfaskólans og 2,0 m.kr. vegna bindindisstarfsemi.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Eftirtaldar breytingar verða á málefnaflokkum fjármálaráðuneytisins í millj. kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976
Yfirstjórn	59,6
Toll- og skattheimta	266,0
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	265,6
Önnur mál	709,9
Samtals	1 301,1

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin, 59,6 m.kr., skiptist þannig, að 29,4 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytisins, 22,7 m.kr. á ríkisbókhald og 7,5 m.kr. á ríkisféhirzlu.

Toll- og skattheimta. Liðir þessa málefnaflokks hækka um samtals 266,0 m.kr., þar af skattstofur 153,8 m.kr., tollgæzla 65,9 m.kr., embætti tollstjórans í Reykjavík 26,3 m.kr., Gjaldheimtan í Reykjavík 11,2 m.kr. og aðrir liðir samtals 8,8 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Af heildarhækkuninni, 265,6 m.kr., eru 258,9 m.kr. vegna uppbóta á lífeyri og 6,7 m.kr. vegna eftirlauna skv. launalögum.

Önnur mál. Tæplega þriðjungur heildarhækkunarinnar á þessum málefnaflokki, 709,9 m.kr., er vegna óvissra útgjalda, en þau hækka um 215,5 m.kr. Þá hækka áætluð útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum um 116,8 m.kr., framlög til ríkisábyrgðasjóðs um 89,4 m.kr., norræna fjárfestingarbankans um 71,0 m.kr., lífeyrissjóðs bænda um 52,5 m.kr., til skrifstofubyggingar við Grensásveg 46,2 m.kr., kostnaður vegna skýrsluvélavinnslu launa eykst um 33,3 m.kr. og aðrir liðir hækka um samtals 85,2 m.kr.

10 **Samgönguráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	9,6	–
Vegamál	1 669,1	815,0
Önnur samgöngumál	643,0	–
Samtals	2 321,7	815,0

Vegamál. Hækkun framlaga til vegamála frá fjárlögum 1976 er 1 669,1 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar 815,0 m.kr. (innflutningsgjald af benzíni 570,0 m.kr., bifreiðaskattur 241,0 m.kr. og gúmmígjald 4,0 m.kr.), lántökur 450,0 m.kr. og beint ríkissjóðsframlag 404,1 m.kr.

Önnur samgöngumál. Framlög í þessum málefnaflokki hækka um 643,0 m.kr., og eru eftirtaldir liðir þar þyngstir á metum: Hafnamál 255,6 m.kr., flugmál 201,0 m.kr., veðurstofan 60,2 m.kr., vitamál 47,2 m.kr., Skipaútgerð ríkisins 34,2 m.kr. og nettóhækkun á öðrum liðum er 44,8 m.kr. Loks verður sú breyting á mörkuðum tekjustofnum, að sérleyfisgjald hækkar um 2,5 m.kr., en skipaskoðunargjald lækkar um sömu fjárhæð.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast þannig í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	8,8	–
Iðnaðarmál	+10,1	13,0
Orkumál	1 095,7	1 044,8
Samtals	1 094,4	1 057,8

Iðnaðarmál. Í þessum flokki verður 10,1 m.kr. nettólækkun, og kemur hún þannig fram: Framlag til iðnlánasjóðs hækkar um 100,0 m.kr., Rannsóknastofnun iðnaðarins um 14,6 m.kr. og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins um 14,1 m.kr., en framlag til hafnargerðar við Grundartanga, sem var 50,0 m.kr. í fjárlögum 1976, flyzt á samgönguráðuneytið, og lækkun verður á framlögum til þangverksmiðju 65,0 m.kr., ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg 35,3 m.kr. og annarra liða, nettó 1,5 m.kr. Loks verður 13,0 m.kr. hækkun á mörkuðum tekjustofnum, þ. e. iðnaðargjald 7,0 m.kr. og byggingariðnaðarsjóðsgjald 6,0 m.kr.

Orkumál. Framlög til orkumála hækka um 1 095,7 m.kr., og kemur sú hækkun þannig fram, að markaðir tekjustofnar hækka um 1 044,8 m.kr. og nettóaukning beinna ríkissjóðsframlaga nemur 50,9 m.kr. Markaðir tekjustofnar eru í fyrsta lagi hluti orkusjóðs af olíugjaldi, sem nú er í fyrsta sinn tekið í fjárlög, og er þar um

að ræða 1 000,0 m.kr., í öðru lagi rafmagnseftirlitsgjald, sem hækkar um 34,8 m.kr. og í þriðja lagi verðjöfnunargjald, sem hækkar um 10,0 m.kr. Hækkun beinna ríkissjóðsframlaga, 50,9 m.kr., kemur þannig fram, að kostnaður við Orkustofnun eykst um 141,1 m.kr., en niður falla framlög til Landsvirkjunar 52,3 m.kr., til jarðhitaleitar skv. ákvörðun fjárveitinganefndar 23,7 m.kr. og til jarðvarmaveitna 14,2 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum viðskiptaráðuneytisins í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1976	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	9,0	–
Niðurgreiðslur	134,0	–
Annað	615,2	600,0
Samtals	758,2	600,0

Niðurgreiðslur. Framlög í þessum flokki hækka um 134,0 m.kr., sem skýrist þannig, að eiginlegar niðurgreiðslur á neyzluvöruverði hækka um 152,0 m.kr., framlag í lífeyrissjóð bænda hækkar um 132,0 m.kr., en niður fellur sérstök niðurgreiðsla á áburðarverði, sem var 150,0 m.kr. í fjárlögum 1976.

Annað. Hækkunin, 615,2 m.kr., á að meginhluta rætur að rekja til þess hluta olíugjalds, sem ráðstafað er til styrktar notendum olíu til húshitunar, að fjárhæð 600,0 m.kr., og er nú í fyrsta sinn tekin í fjárlög. Að öðru leyti hækkar kostnaður við verðlagsskrifstofu um 15,1 m.kr. og við vörusýningar erlendis um 0,1 m.kr.

13 **Hagstofa Íslands.** Framlag hækkar um 16,3 m.kr., þar af aðalskrifstofa 12,8 m.kr. og þjóðskráin 3,5 m.kr. Koma hér fyrst og fremst til eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

14 **Ríkisendurskoðun.** Kostnaður eykst um 22,3 m.kr. af völdum launa- og verðlagshækkana.

15 **Fjárlaga- og hagsýslustofnun.** Á fjárlagaliðum þessarar stofnunar verður samtals 499,7 m.kr. hækkun, þar af aðalskrifstofa 9,0 m.kr., framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða 1,9 m.kr. og vextir af ríkissjóðslánum 488,8 m.kr.

Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1977 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, 1976, og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1977, sem raktar eru hér að framan.

Innheimtar tekjur 1977 eru áætlaðar samtals 84 018 m.kr. samanborið við 68 885 m.kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun 1976 og 60 342 m.kr. í fjárlögum ársins 1976. Hækkun tekna frá 1976 til 1977 nemur þannig 15 133 m.kr. eða 22,0%, en hækkun tekna frá fjárlögum ársins 1976 nemur 23 676 m.kr. eða 39,2%. Við þennan samanburð verður að taka tillit til þess, að 1% gjald á söluskattsstofn til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar olíu á hitunarkostnað er nú fært í fjárlagafrumvarpi, en þetta gjald hefur ekki verið fært með ríkissjóðstekjum fram til þessa. Þessar tekjur eru áætlaðar 1 600 m.kr. á næsta ári og sé sú fjárhæð dregin frá heildartekjum fjár-

lagafrumvarps, verður hækkunin milli áranna 1976 og 1977 13 533 m.kr. eða 19,6% og hækkunin frá fjárlögum 1976 verður 22 076 m.kr. eða 36,6%.

	Fjárlög 1976 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1976 m.kr.	Fjárlaga-frumvarp 1977 m.kr.
Almennar tekjur	52 578	60 550	72 191
Markaðar tekjur	7 764	8 335	11 827
Heildartekjur	60 342	68 885	84 018

Persónuskattar nema í heild 2 808 m.kr., og er hækkun frá fjárlögum 1976 729 m.kr. eða 35%. Hlutfallslega er hækkunin mest á slysatryggingariðgjöldum og iðgjaldi til atvinnuleysistryggingasjóðs eða um 55%. (Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir að 1 200 m.kr. af útgjöldum sjúkratrygginga verði á árinu 1977 borin af gjaldi hliðstæðu 1% sjúkratryggingagjaldi 1976, sem ekki er fært með ríkistekjum.)

Eignarskattar. Í ár nam álagður eignarskattur einstaklinga samkvæmt skattskrá 577 m.kr. (án byggingarsjóðsgjalds) og eignarskattur félaga 543 m.kr. eða samtals 1 120 m.kr. Er þetta rúmlega tvöföldun frá árinu áður og nánast sama fjárhæð og reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í þeirri áætlun var reiknað með 2,7 földun fasteignamats til skatts ásamt breytingum á skattstiga samkvæmt lögum nr. 97/1975. Við athugun á skattframtölum ársins í ár kom í ljós, að búast mátti við nokkru meiri hækkun eignarskatts en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun og talsverðri fjölgun gjaldenda, bæði vegna meiri áhrifa af hækkun fasteignamats en reiknað var með og sennilega einnig vegna meiri eignaaukningar og verðbreytinga annarra eigna en fasteigna. Í júlí s. l. voru sett bráðabirgðalög og skattfrjáls eign hækkuð frá því sem var í lögum nr. 97/1975. Var þessi breyting við það miðuð að draga úr fjölda nýrra gjaldenda en að heildarálagning yrði nálægt því sem reiknað var með í fjárlagaáætlun.

Innheimtur eignarskattur einstaklinga í ár er nú áætlaður 500 m.kr. og eignarskattur félaga 468 m.kr. eða samtals 968 m.kr. samanborið við 952 m.kr. í fjárlögum.

Í áætlun fyrir árið 1977 er hér gert ráð fyrir óbreyttu fasteignamati frá álagningu í ár og óbreyttum skattstiga, eins og hann var ákveðinn með bráðabirgðalögunum frá 5. júlí sl. Í áætluninni er reiknað með 7—8% aukningu skattskyldrar eignar, sem gæti falið í sér um 10% hækkun álagðs eignarskatts einstaklinga. Er álagður eignarskattur þannig áætlaður 635 m.kr. á næsta ári og sé gert ráð fyrir sömu hækkun eignarskatts félaga næmi hann tæplega 600 m.kr. Á grundvelli innheimtuforsendna ársins í ár má búast við 1 185 m.kr. innheimtu eignarskatts á árinu 1977. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti næmi þá 11,9 m.kr.

Tekjur af erfðafjárskatti verða sennilega svipaðar í ár og áætlað var í fjárlögum eða um 60 m.kr. Á árinu 1977 er erfðafjárskattur áætlaður 70 m.kr.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1976, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars hefur verið dreginn frá, er 10 542 m.kr. Barnabætur eru 3 242 m.kr. og afsláttur til greiðslu útsvars er áætlaður 700 m.kr., þannig að álagður tekjuskattur einstaklinga nemur 6 600 m.kr. nettó.

Áætlað er að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi tæplega 6 200 m.kr., þegar barnabætur og greiðsla upp í útsvar hefur verið dregin frá. Innheimtar eftirstöðvar frá fyrri árum eru meðtaldar í þessari tölu. Þetta er nær 500 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun vegna meiri tekjuaukningar 1975 en reiknað var með, 32% í stað 28%.

Nú er áætlað, að tekjur einstaklinga til skatts hækki um 28,5% milli áranna 1975 og 1976 að meðtalinni 1½—2% fjölgun framteljenda. Áætlun um álagðan tekjuskatt einstaklinga 1977 er reist á þessari forsendu, en jafnframt er gert ráð fyrir skattvísitölu 158 (1975=100), sem er 26½% hækkun frá árinu í ár. Skattvísitala hækkar þannig jafnt og meðaltekjur til skatts. Samkvæmt þessari áætlun verður álagður tekjuskattur einstaklinga á næsta ári 13 545 m.kr., en um 8 500 m.kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og í ár verður innheimtur tekjuskattur einstaklinga nær 7 900 m.kr. á árinu 1977 og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót og innheimtu þeirra á næsta ári. Í þessari áætlun er reiknað með óbreyttum lögum og reglum við álagningu tekjuskatts frá því sem gilti við álagningu í ár.

Áætlunin um tekjuskatt einstaklinga felur í sér, að skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs, þ. e. þess árs þegar teknanna er aflað, verði 16,7% 1977. Er þá miðað við, að lög og reglur um álagningu annarra beinna skatta verði óbreytt frá því sem er á árinu 1976. Í ár er skattbyrðin áætluð 16,9% en skattbyrðin var 15,3% 1975. Aukning skattbyrðar frá 1975 til 1976 er að mestu leyti vegna álagningar sérstaks 1% gjalds á útsvarsstofn, sem varið er til sjúkratrygginga.

Álagður tekjuskattur félaga 1976 er 1 722 m.kr., en í fjárlagaáætlun var aðeins reiknað með 1 200 m.kr. álagningu, en árið 1975 nam álagður tekjuskattur félaga 1 210 m.kr. Innheimtur tekjuskattur félaga í ár er áætlaður 1 615 m.kr. Niðurstöður álagningar í ár samanborið við fjárlagaforsendur sýna ljóslega, hversu erfitt er að áætla þennan skattstofn, jafnvel þótt fyrir liggi lauslegar áætlanir um afkomu helstu atvinnuvega. Ástæða er til að ætla, að tekjuskattur félaga verði nokkru meiri á næsta ári en í ár, þótt aukningin verði e. t. v. minni en sem nemur almennri veltubreytingu í ár. Er hér reiknað með rúmlega 2 000 m.kr. álagningu 1977 og að innheimtur skattur verði 1 940 m.kr. Í þessari áætlun er miðað við óbreytt lög um tekjuskatt félaga frá því sem gilti við álagningu í ár.

Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga (1% álag á tekjuskatt) er áætlað 114 m.kr. í ár og 143,4 m.kr. á næsta ári.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna nemur 17 206 m.kr. í áætlun 1977 eða 20,5% heildartekna ríkissjóðs. Til samanburðar má nefna, að á árinu 1972 námu gjöld af innflutningi 30,5% af heildartekjum. Sé litið aftur til áranna 1968 og 1969, þ. e. fyrir gildistöku aðildarsamnings Íslands að EFTA og síðar viðskiptasamnings við EBE, voru þessi gjöld um 37% ríkisteknanna.

Almennar tolltekjur eru nú áætlaðar 11 570 m.kr. í ár eða 10% meiri en í fjárlagaáætlun, aðallega vegna nokkurrar lækkunar á gengi krónunnar í ár, en í fjárlagaáætlun var miðað við gengi í árslok 1975. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir 2½—3% aukningu innflutnings að magni eða í hátt við hina almennu forsendu tekjuáætlunarinnar um 2% aukningu þjóðarútgjalda. Samsetning innflutnings eftir tollflokkum eru hér áætluð að mestu óbreytt frá árinu í ár, en þó gæti bílainnflutningur aukist eitthvað umfram hina almennu forsendu. Búast má við 7—8% hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt á næsta ári samkvæmt spám alþjóðastofnana. Er það um 10% hækkun í krónum miðað við gengi í byrjun september 1976. Um næstu áramót tekur gildi fimmti áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið. Tolltekjutap vegna þessara samninga hefur verið lauslega áætlað um 600 m.kr. og er hér ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á tollum. Á næsta ári eru tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 12 616 m.kr., sem er 9% aukning frá áætlun ársins í ár samanborið við 13% aukningu innflutningsverðmætis en samkvæmt þessu lækkar tollhlutfall í ríkissjóð úr nálægt 17% í ár í 16,3% á næsta ári.

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 1 150 m.kr. í ár og er það 380 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, bæði vegna meiri bifreiðainnflutnings en ætlað var, og vegna hækkandi innflutningsgjalds af jeppum. Á næsta ári má búast við nokkurri aukningu bílainnflutnings, sem var í lágmarki árið 1975 og voru þá aðeins fluttir inn 3 350 bílar samanborið við 8 400 bíla að meðaltali næstu þrjú árin á undan. Aukning bílainnflutnings var mjög mikil framan af þessu ári en búast má við að dragi úr henni á síðari hluta ársins. Hér er reiknað með innflutningi 3 800—3 900 bíla í ár og 4 100—4 200 bíla á næsta ári. Að óbreyttri gjaldskrá og með tilliti til verðbreytinga má reikna með, að innflutningsgjald af bifreiðum verði um 1 500 m.kr. á næsta ári.

Innflutningsgjald af benzíni er áætlað 1 895 m.kr. í ár en 2 260 m.kr. árið 1977. Þá er gert ráð fyrir, að benzíngjald fylgi hinni almennu verðlagsforsendu tekjuáætlunar, en í lögum er heimild til að hækka benzíngjald og þungaskatt eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir, að benzínsala aukist í hátt við fjölgun bíla. Gúmmígjald er áætlað 81 m.kr. á næsta ári.

Með lögum nr. 6 frá 13. febrúar 1976 var lagt sérstakt gjald á gasolíu og brennsluolíu, er nemur 1,33 kr. af hverju kg. Er gjald þetta innheimt með aðflutningsgjöldum. Álagning þessa gjalds var tengd breytingum á sjóðakerfi sjávarútvegsins á síðastliðnum vetri, er m. a. olíusjóður fiskiskipa var lagður niður og olíuverð til fiskiskipa hækkað. Jafnframt var söluskattur afnuminn af olíu til fiskiskipa, en ofangreindu gjaldi var ætlað að bæta ríkissjóði tekjutap vegna þessa. Áætlað er, að innheimta þessa gjalds nemi 322 m.kr. í ár, en 520 m.kr. á næsta ári miðað við óbreytta fjárhæð á hvert kg.

Önnur gjöld af innflutningi eru áætluð 229 m.kr. á næsta ári.

Skattar af framleiðslu. Tekjur undir þessum lið eru áætlaðar 5 578 m.kr. á árinu 1977 og munar þar mest um hið sérstaka vörugjald samkvæmt lögum nr. 20 frá 5. maí 1976, en með þeim lögum var gjaldið hækkað úr 10% í 12%. Hér er gert ráð fyrir ákvæðum þeirra laga óbreyttum allt árið 1977 að því er varðar álagningu vörugjaldsins, þ. e. 18% gjald á sama stofn. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar rúmir 4 milljarðar í ár. Á næsta ári má ætla að tekjur af gjaldinu verði um 5 250 m.kr. og er þá miðað við sömu verðforsendur innflutnings og áður var getið í áætlun um tolltekjur, en heldur minni aukningu gjaldskylds innflutnings að magni en notað er um almennan vöruinnflutning.

Tekjur af vörugjaldi af innlendri framleiðslu nokkurra vörutegunda og innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1971 eru áætlaðar 160 m.kr. í ár og 165 m.kr. á næsta ári.

Á þessu ári hafa verið gerðar breytingar á samningi ríkisins við Íslenzka álfélagið, m. a. á þeim ákvæðum, er varða greiðslu framleiðslugjalds. Þá hefur skiptingu tekna af gjaldinu milli ríkissjóðs, Iðnlánasjóðs og Hafnarfjarðarbæjar einnig verið breytt. Framleiðsla og sala á áli hefur verið að færast í eðlilegt horf á þessu ári eftir samdrátt undanfarin tvö ár, og má búast við, að verksmiðjan framleiði með fullum afköstum á næsta ári. Hér er reiknað með 72 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu á árinu 1977 og lágmarksgjaldi, $ 20 á hvert tonn. Endanlegt framleiðslugjald ræðst einnig af álverði, sem hefur farið hækkandi að undanförnu, og afkomu fyrirtækisins, en um hvort tveggja er erfitt að segja fyrir um nú. Á þessum forsendum mun álgjaldið í heild nema rúmlega 265 m.kr. á núverandi gengi dollars, en af því koma 163 m.kr. í hlut ríkissjóðs og er aðeins sá hluti gjaldsins færður hér.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1976 námu tekjur á þessum lið 31 milljarði króna og búast má við, að innheimta ársins verði rúmir 34 milljarðar króna, en fjárlagaáætlun var í aðalatriðum miðuð við verðlag í lok árs 1975. Tekjur af söluskatti voru áætlaðar 21,4 milljarðar í fjárlagaáætlun þessa árs, og gera má ráð fyrir tæplega 24 milljarða króna innheimtu í ár. Hér er eingöngu

um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 18% sölugjaldi auk 1% söluskattsauka, sem er óskiptur, en hlutur sveitarfélaga, 8% af almenna gjaldinu, er ekki meðtalinn, né 1% gjald á söluskattsstofn, sem lagt er á og ráðstafað samkvæmt lögum nr. 9/1976 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Í fjárlagafrumvarpi 1977 verður sú breyting, að tekjur af þessu gjaldi eru færðar með almennum tekjum ríkissjóðs sem hluti af söluskatti. Lögin um álagningu og ráðstöfun gjaldsins gilda til febrúarloka 1977, en hér er reiknað með óbreyttri tekjuöflun út árið og 1 600 m.kr. innheimtu. Að öðru leyti ræðst áætlunin um söluskatt af áðurnefndum forsendum um kauplag og verðlag og þjóðarútgjöld á árinu 1977. Samkvæmt þessum forsendum eykst innheimtustofn söluskatts um nær 18% milli áranna 1976 og 1977. Innheimtur söluskattur er áætlaður 30,3 milljarðar króna 1977 eða um 36% heildartekna ríkissjóðs, en af þessari fjárhæð eru 1,6 milljarðar króna áðurnefnt sérstakt olíugjald, sem lagt hefur verið á síðan í marz 1974, en ekki fært á fjárlögum fram að þessu.

Launaskattur er í ár áætlaður tæplega 3,4 milljarðar króna eða 300 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, sem var miðuð við kauplag í desember sl. Hér er gert ráð fyrir, að launaskattur verði áfram 3,5% og renni 2% til Byggingasjóðs. Á árinu 1977 er launaskattur áætlaður 4 215 m.kr. miðað við áðurnefnda almenna launaforsendu fjárlagafrumvarpsins.

Í fjárlögum 1976 er rekstrarhagnaður Á. T. V. R. áætlaður 6 milljarðar króna. Búast má við nokkru meiri tekjum í ár eða um 6,3 milljörðum króna, en áfengis- og tóbaksverð var hækkað í marz s. l. Hins vegar hefur söluverðmæti áfengis og tóbaks ekki aukizt í þeim mæli sem verðbreytingar gefa tilefni til átta fyrstu mánuði ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Miðað við núverandi útsöluverð óbreytt eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 7 230 m.kr. á árinu 1977.

Flugvallagjald samkvæmt lögum nr. 8/1976 er áætlað 230 m.kr. í ár og 250 m.kr. á árinu 1977.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 279 m.kr. í ár — 241 m.kr. í fjárlagaáætlun — og 296 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 3 464 m.kr. í ár sem er 600 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Munar þar mest um auknar tekjur af þinglýsingum og aukatekjum, einkum ýmis dómsmálagjöld, en þessi gjöld voru hækkuð verulega með lögum nr. 79/1975 frá 1. janúar sl. Hefur þessi breyting skilað meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Stimpilgjald, aukatekjur og þinglýsingagjöld eru samtals áætluð 1 418 m.kr. í ár samanborið við 953 m.kr. í fjárlagaáætlun. Á næsta ári má búast við, að tekjur af þessum sköttum nemi samtals 1 619 m.kr. á forsendum fjárlagafrumvarps. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 715 m.kr. í ár, en 725 m.kr. á næsta ári miðað við núverandi rafmagnsverð. Þungaskattur af dísilbifreiðum er áætlaður 780 m.kr. á næsta ári og gilda sömu forsendur um þá áætlun og áður var gerð grein fyrir um benzíngjald. Aðrar tekjur í þessum flokki eru aðallega áætlaðar með tilliti til almennra veltubreytinga.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka úr 198 m.kr. í fjárlögum 1976 í 223 m.kr. í áætlun fyrir árið 1977, eingöngu vegna meiri tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 587 m.kr. í ár eða 70 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, vegna meiri vaxtatekna. Á árinu 1977 eru þessar tekjur áætlaðar 697 m.kr. og þar af eru vaxtatekjur 555 m.kr.

Yfirlit. Hér á eftir fer yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1977 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1976 og endurskoðuð áætlun um tekjur þess árs. Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins námu 34 551 m.kr., sem er 37,6% aukning frá sama tímabili í fyrra. Hér er gert ráð fyrir, að heildar-

innheimtan verði 68,9 milljarðar króna í ár, þannig að 34,3 milljarðar króna innheimtist á síðustu fimm mánuðum ársins. Er það 42% meiri innheimta en á sömu mánuðum 1975.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1976 var sett fram endurskoðuð áætlun um tekjur ársins 1975, þar sem heildartekjur voru áætlaðar 49 721 m.kr. Endanlegar tölur um innheimtu 1975 liggja ekki fyrir, en hún nam sennilega 49 200 m.kr., þegar tekjuskattur er gerður upp á sama hátt og í áætlun fjárlagafrumvarpsins. Reyndist innheimta í fyrra þannig nokkuð undir áætlun í fjárlagafrumvarpi 1976, eða um 500 m.kr., sem er um 1% frávik.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var um 13,5% árið 1975, en minnkar sennilega í rúmlega 12% í ár og verður nær óbreytt á næsta ári ef litið er framhjá olíugjaldi. Hlutdeild markaðra stofna árið 1977 ef olíugjald er tekið með er rúmlega 14%.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins 16,0% 1976 í stað 16,5% í fjárlögum ársins, og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 82,3% í 82,9%, en aðrar tekjur eru um 1%. Á árinu 1977 verður hlutdeild beinna skatta 16,8%, hlutdeild óbeinna skatta 82,2%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

	Fjárlög 1976	Endurskoðuð áætlun 1976	Frumvarp 1977
1. Persónuskattar	2 079	2 079	2 808
2. Eignarskattar[1])	1 022	1 038	1 267
3. Tekjuskattur[1])	6 867	7 917	9 983
a) Einstaklingar	5 786	6 285	8 024
b) Félög	1 081	1 632	1 959
4. Gjöld af innflutningi	13 192	15 208	17 206
a) Almenn aðflutningsgjöld	10 507	11 571	12 616
b) Benzín- og gúmmígjald	1 767	1 972	2 341
c) Innflutningsgjald af bílum	770	1 150	1 500
d) Annað	148	515	749
5. Skattar af framleiðslu	2 629	4 335	5 578
a) Sérstakt tímabundið vörugjald	2 330	4 030	5 250
b) Annað	299	305	328
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu	30 978	34 059	42 291
a) Söluskattur	21 430	23 860	30 300
b) Launaskattur	3 072	3 381	4 215
c) Á.T.V.R.	6 000	6 300	7 230
d) Annað	476	509	546
7. Aðrir óbeinir skattar	2 861	3 464	3 965
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	198	198	223
9. Ýmsar tekjur	516	587	697
Samtals	60 342	68 885[2])	84 018
Markaðar tekjur	7 764	8 335	11 827
Almennar tekjur	52 578	60 550	72 191
Beinir skattar	9 968	11 034	14 058
Óbeinir skattar	49 660	57 066	69 040
Aðrar tekjur	714	785	920

[1]) Byggingarsjóðsgjald meðtalið.
[2]) Í áætlunum um tekjur ríkissjóðs, sem fylgdu frumvarpi til laga um fjáröflun til landhelgisgæzlu o. fl. frá maí s. l. var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu um 63,9 milljarðar króna.

Lánahreyfingar

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga er 10 360 m.kr. og á innhlið 9 608 m.kr., þannig að fram kemur 752 m.kr. halli, sem jafnaður er með afgangi á rekstrarreikningi. Lántökur, sem ráðgerðar eru innanlands, eru byggðar á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg og á heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins ásamt 3. gr. laga nr. 77/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innan lands. Heimildar fyrir erlenda lántöku verður leitað í sérstöku lagafrumvarpi, sem lagt verður fyrir haustþingið. Í því sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir einstökum liðum lánahreyfinganna, en þess skal getið, að nánar verður fjallað um þessi mál í skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun fyrir árið 1977, sem lögð verður fram á þingi í haust.

Lánahreyfingar út

Sem fyrr greinir er niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga 10 360 m.kr., sem skiptist þannig að 2 788 m.kr. renna til endurgreiðslu almennra ríkissjóðslána, 530 m.kr. til endurgreiðslu spariskírteinalána, sem útgefin voru 1965, 150 m.kr. til endurlána til sveitarfélaga vegna hafnargerðar við Grundartanga, 74 m.kr. eru lánsframlag til iðnþróunarsjóðs Portúgals, sbr. lög nr. 61/1976, og 6 818 m.kr. renna til framkvæmda B-hluta stofnana. Auk framkvæmda B-hluta stofnana er ráðgert að afla 2 090 m.kr. lánsfjár til framkvæmda A-hluta aðila, eða samtals 8 908 m.kr., en hliðstæð tala á árinu 1976 er 9 770 m.kr. eða 862 m.kr. hærri. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting framkvæmdafjárins á einstök verkefni og til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1976 í m.kr.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977
A-hluti fjárlaga:		
Vegagerð	1 050	1 500
Landshafnir	310	100
Hafnargerð við Grundartanga	50	450
Þangverksmiðja	80	–
Orkustofnun v/jarðhitarannsókna	34	40
	1 524	2 090
B-hluti fjárlaga:		
RARIK, almennar framkvæmdir o. fl.	1 740	1 619
Sveitarafvæðing	150	200
Norðurlína	578	1 144
Kröfluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	2 778	1 989
b. Borholur og aðveitukerfi	730	814
c. Lína Krafla—Akureyri	655	155
Jarðboranir ríkisins	40	–
Járnblendiverksmiðja, hlutafé og fjármagnsútgjöld	975	897
Landhelgisgæzla v/ flugvélakaupa	600	–
	8 246	6 818
Samtals A- og B-hluti	9 770	8 908

Vegagerð. Gert er ráð fyrir 1 500 m.kr. lánsfjáröflun til vegagerðar. Með þessu móti yrðu útgjöld vegagerðar í heild 5 400 m.kr., sem er svipað framkvæmdamagn og verður á árinu 1976, en skipting þess fjár verður að venju ákveðin í vegáætlun, sem ætlunin er að afgreidd verði samhliða fjárlögum. Lánsfjáröflun til vegagerðar árið 1976 er 1 350 m.kr. auk 250 m.kr. verktakaláns.

Landshafnir. Hér er um að ræða framkvæmdir við landshöfnina í Njarðvík, 65 m.kr., til að ljúka við gerð grjótgarðs, og við landshöfnina í Rifi 35 m.kr. til áframhalds framkvæmda þar. Fjáröflun til landshafna lækkar um 210 m.kr. frá 1976, vegna þess að framkvæmdum í Þorlákshöfn er lokið.

Hafnargerð við Grundartanga. Kostnaðaráætlun um þetta verk er um 650 m.kr., en 50 m.kr. verður aflað árið 1976 vegna undirbúningskostnaðar. Af þeim 600 m.kr., sem eftir eru, koma 450 m.kr. í hlut ríkisins og 150 m.kr. í hlut viðkomandi sveitarfélaga. Er gert ráð fyrir að ríkissjóður annist fjáröflun vegna sveitarfélagahlutans. Tekið skal fram, að framangreind kostnaðaráætlun er háð allmikilli óvissu vegna hugsanlegra breytinga á þeirri gerð hafnar, sem áætlunin miðast við, en þau mál verða væntanlega orðin skýrari, þegar lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar verður lögð fram síðar í haust.

Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna. Þær jarðhitarannsóknir, sem hér um ræðir, eru svonefndar hitastigulsboranir, sem ráðgert er að fram fari víða um land í þeim tilgangi að leita að jarðhita á svæðum, þar sem engin ummerki um jarðhita eru greinanleg á yfirborði. Eru 40 m.kr. ætlaðar til þessa verks, en 34 m.kr. árið 1976.

Rafmagnsveitur ríkisins, alm. framkvæmdir. Alls er ráðgert að afla 1 619 m.kr. til almennra framkvæmda RARIK. Er það 196 m.kr. hærri fjárhæð en 1976, en þá var auk þess um 317 m.kr. fjáröflun að ræða vegna skuldagreiðslna. Skipting þessa fjármagns á helztu verkefni er þessi: Hofsárveita til lúkningar framkvæmda 25 m.kr., Bessastaðaárvirkjun til skuldagreiðslna 70 m.kr., stofnlínur 354 m.kr., aðveitustöðvar 760 m.kr., innanbæjarkerfi 300 m.kr., dísilstöð (færanleg) 25 m.kr., vélar og tæki 60 m.kr. og meiri háttar viðhaldsverk 60 m.kr. Auk lánsfjár til að standa undir þessum framkvæmdum koma til tekjur af heimtaugargjöldum, sem áætlaðar eru 35 m.kr. Frekari grein verður gerð fyrir þessum málum í skýrslu um lánsfjáráætlun.

Sveitarafvæðing. Lánsfjáröflun til sveitarafvæðingar er hér áætluð 200 m.kr., eða 50 m.kr. meira en 1976. Auk þess er gert ráð fyrir, að hluta Orkusjóðs af olíugjaldi verði m. a. varið til styrkingar dreifikerfis í sveitum.

Norðurlína. Heildarkostnaður við Norðurlínu á árinu 1977 er áætlaður 1 144 m.kr., þar af greiðsla afborgana og vaxta af lánum, svonefnd fjármagnsútgjöld, 286 m.kr. og framkvæmdir 858 m.kr. Helztu framkvæmdaliðir eru lúkning línulagna 85 m.kr., og aðveitustöðvar við Vatnshamra 307 m.kr., Laxárvatn 247 m.kr. og á Akureyri 219 m.kr. Á fjárlögum 1976 var lánsfjáröflun til Norðurlínu 578 m.kr.

Kröfluvirkjun:

a. Stöðvarhús og vélar. Nauðsynleg fjáröflun árið 1977 er 1 989 m.kr. Þar af eru fjármagnsútgjöld áætluð 851 m.kr. og lúkning framkvæmda 1 138 m.kr. Árið 1976 var fjáröflun til þessa verks 2 778 m.kr.

b. Borholur og aðveitukerfi. Fjáröflun er ráðgerð samtals 814 m.kr. þar af fjármagnsútgjöld 242 m.kr. og framkvæmdakostnaður 572 m.kr. Er þá gert ráð fyrir, að boraðar verði fimm viðbótarholur á árinu 1977, þannig að í lok þess árs

verði til 11 holur, og að síðustu 3 holurnar verði boraðar á árinu 1978. Fjáröflun til þessa verks var 730 m.kr. árið 1976 skv. fjárlögum, en framangreind áætlun miðast við, að aflað verði 250—350 m.kr. viðbótarfjármagns á yfirstandandi ári.

c. Lína Krafla-Akureyri. Fjáröflun til þessa verks er áætluð 155 m.kr., sem er að meginhluta, eða 125 m.kr., fjármagnsútgjöld, en 30 m.kr. eru ætlaðar til frágangs línunnar. Fjáröflun 1976 til línunnar var 655 m.kr.

Járnblendiverksmiðja. Vegna hlutafjárframlags og fjármagnsútgjalda er á þessu stigi áætlað að þurfi 897 m.kr. á árinu 1977 til járnblendiverksmiðjunnar, þar af er hlutafjárframlag 680 m.kr. og fjármagnsútgjöld 217 m.kr. Á hliðstæðan hátt og á við hafnargerð við Grundartanga og getið er hér að framan, eru þessi mál nokkurri óvissu háð meðan ekki hefur verið gengið endanlega frá samningum eignaraðila. Þess er þó að vænta, að áður en þingið afgreiðir fjárlög verði málin orðin það ljós, að unnt verði að meta fjármagnsþörf á árinu 1977 á raunhæfari hátt en við gerð fjárlagafrumvarpsins.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum almennra lána ríkissjóðs í fjárlögum 1976 og frumvarpi 1977 í þús.kr.

Fjárl. nr.	Stofnun	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Mismunur
02.422	Ríkisútgáfa námsbóka	916	416	÷500
04.231	Skógrækt ríkisins	615	356	÷259
04.241	Landnám ríkisins	1 679	1 789	110
10.256	Landmælingar	10 841	10 250	÷591
11.201	Iðnþróunarstofnun Íslands	864	580	÷284
15.191	Ýmis lán ríkissjóðs			
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskulda	1 323 000	1 393 000	70 000
	Seðlabankinn v/Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	270 000	352 314	82 314
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskuldar RARIK	186 200	228 965	42 765
	Seðlabankinn v/Áburðarverksmiðju	–	40 000	40 000
	Seðlabankinn v/framl. til Atvinnumálanefndar ríkisins	14 300	–	÷14 300
	Seðlabankinn, ýmis lán önnur en til vegagerðar	82 179	46 071	÷36 108
	Spariskírteinalán (endurlán)	65 626	73 180	7 554
	Ýmis endurlán (erlend)	23 437	15 212	÷8 225
	Ríkisfyrirtæki í B-hluta	1 000	1 000	–
	Ríkisfyrirtæki í A-hluta	400	400	–
	Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	4 986	2 682	÷2 304
	Lánastofnanir (fjárfestingarsj. og lífeyrissj.) erl. fé	9 124	9 996	872
	Lánastofnanir (fjárfestingarsj. og lífeyrissj.) innl. fé	3 039	3 040	1
	Bæjar- og sveitarfélög	663	13	÷650
	Ýmis erlend lán	95 612	50 861	÷44 751
	Ýmis innlend lán	11 760	6 995	÷4 765
	Yfirtekin lán v/kaupa á Baldri	56 000	52 902	÷3 098
	Lán til vegagerðar:			
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskuldar	66 000	80 913	14 913
	Seðlabankinn, erlent lán	87 912	110 820	22 908
	Spariskírteinalán (endurlán)	69 470	111 966	42 496
	Önnur endurlán (erlend)	108 167	124 839	16 672
	Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	4 228	3 102	÷1 126
	Lánastofnanir, erlent fé	23 969	66 456	42 487
	Ýmis innlend lán	561	28	÷533
	Samtals	2 522 548	2 788 146	265 598

Lánahreyfingar inn

Svo sem fram hefur komið er niðurstöðutala á innhlið lánahreyfinga 9 608 m.kr., þar af innlend fjáröflun 3 860 m.kr. og erlend fjáröflun 5 748 m.kr. Skv. fjárlögum 1976 var innlend fjáröflun áætluð 2 956 m.kr. og erlend fjáröflun 6 850 m.kr., eða samtals 9 806 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á fjáröflun til framkvæmda skv. fjárlögum 1976 og þessu frumvarpi í m.kr.

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Innlend fjáröflun:			
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé ..	1 520	1 610	90
Verðbréfaútgáfa	1 400	1 700	300
	2 920	3 310	390
Erlend fjáröflun:			
Alþjóðabankinn v/Þorlákshafnar	225	–	÷225
Önnur erlend lán	6 625	5 598	÷1 027
	6 850	5 598	÷1 252
Fjáröflun samtals	9 770	8 908	÷862

Mismunur á heildarlántökum til framkvæmda, 8 908 m.kr., og niðurstöðutölu á innhlið lánahreyfinga, 9 608 m.kr., er 700 m.kr. Þar af verður 530 m.kr. varið til innlausnar spariskírteina, sem útgefin voru 1965, og það fé tekið af liðnum „innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé“, 150 m.kr. til endurlána vegna hafnargerðar við Grundartanga og 20 m.kr. eru innheimtar afborganir af almennum lánveitingum ríkissjóðs. Er sundurliðun þessa innheimtufjár sýnd á eftirfarandi yfirliti í þús.kr.

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Mismunur
Atvinnujöfnunarsjóður	14 200	–	÷14 200
Landsvirkjun v/aðflutningsgjalda	3 375	3 375	–
Lagmetisiðjan Siglósíld	346	346	–
Bifreiðakaupalán	3 610	3 600	÷10
Gjaldeyrisdeild bankanna	940	940	–
Hampiðjan hf. v/ Heyrnleysingjaskólans	1 000	1 000	–
Þvottahús ríkisspítala	1 500	–	÷1 500
Borgartún 7, húseign	2 816	2 816	–
Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna	385	450	65
Ýmsir aðilar	8 000	7 473	÷527
	36 172	20 000	÷16 172

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins

Hér að framan hefur verið rakið í stórum dráttum, hvern þátt launa- og verðlagshækkanir eiga í hækkun útgjalda frá síðustu fjárlögum. Í þessum hluta greinargerðarinnar verður á nákvæmari hátt en í yfirlitshlutanum fjallað um breytingar einstakra fjárlagaliða frá fjárlögum 1976, og verða í því skyni raktar orsakir breytinga, aðrar en beinar hækkanir launataxta og almennar verðlagshækkanir.

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 **Embætti forseta Íslands.** Framlag til forsetaembættisins hækkar um 34 222 þús. kr. Meginskýringin er fólgin í því, að ráðgert er að verja 29 000 þús. kr. til nauðsynlegra breytinga og endurbóta á forsetasetrinu á Bessastöðum, en óhjákvæmilegt er að framkvæmdir verði í einum samfelldum áfanga, þar sem rýma þarf húsið á meðan. Aðrar hækkanir nema 5 222 þús.kr., að mestu vegna umsaminna launahækkana, en að nokkru vegna vanáætlunar í fjárlögum 1976 miðað við reikningstölur.

301 **Ríkisstjórn.** Kostnaður eykst um 16 736 þús.kr. Þar af eru eðlilegar launahækkanir ráðherra og bifreiðastjóra 12 283 þús. kr., rekstur ráðherrabifreiða 1 350 þús. kr. vegna verðlagshækkana, og loks stafa 3 103 þús. kr. af vanáætlunum á yfirvinnu bifreiðastjóra og rekstrarkostnaði bifreiða, þegar lagðar eru til grundvallar reikningstölur 1975 og tillit tekið til launa- og verðlagshækkana síðan.

01 Forsætisráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 15 931 þús. kr., þar af 4 000 þús. kr. vegna hluta Íslands í norrænum fjárveitingum á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs, en fjárveiting árið 1976 í þessu skyni hefur reynzt mjög vanáætluð, og 3 714 þús. kr. (20 þús. dollara) framlag til Thor Thors sjóðsins, sem ákveðið hefur verið af ríkisstjórninni í samræmi við tillögu nefndar, sem falið var að samræma aðgerðir vegna 200 ára afmælis Bandaríkjanna. Þá hækkar framlag vegna Hrafnseyrarnefndar um 1 500 þús. kr., en niður fellur 1 900 þús. kr. framlag til kvennaársnefndar, og hækkanir á öðrum liðum nema samtals 8 617 þús. kr., að mestu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

171 **Byggðasjóður.** Skv. lögum nr. 63/1976 skal framlag ríkissjóðs miðast við, að ráðstöfunarfé sjóðsins verð eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga. Í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra mun þessu ákvæði þó ekki beitt á yfirstandandi kjörtímabili, og skv. eldri ákvæðum verður heildarframlag til sjóðsins því 1 630 000 þús. kr. Hækkun á framlagi ríkissjóðs nemur þannig 507 000 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 3 815 þús. kr. lækkun við beinan samanburð við fjárlagatölu 1976, en þetta stafar af tilfærslu tiltekinna viðfangsefna af aðalskrifstofu ráðuneytisins á aðra fjárlagaliði. Samtals nemur slíkur tilflutningur 57 132 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun þeirra liða, sem eftir eru, nemur 53 317 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru fluttir af aðalskrifstofunni: Fræðsluskrifstofur á grunnskólastigi 19 452 þús. kr. í fjárlögum 1976, til fyrrverandi barnakennara 147 þús. kr., endurskoðun námsefnis 34 283 þús. kr., námskeið kennara, sem ekki hafa full réttindi, 950 þús. kr., styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn 400 þús. kr., gjöf Jóns Sigurðssonar 1 000 þús. kr., kostnaður vegna náms erlendis í íbróttahjálfun fatlaðra 500 þús. kr. og styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum 400 þús kr. Hækkanir verða á eftirtöldum liðum: Ráðning skrifstofumanns 1 038 þús. kr., ýmsir styrkir, sem ekki voru áætlaðir í fjárlögum 1976, en greiðast þó á ári hverju, 10 000 þús. kr., áhrif kjarasamninganna á launagreiðslur 24 956 þús. kr. og hækkanir ýmissa rekstrarliða, að mestu í samræmi við verðlagshækkanir, 17 323 þús. kr.

201 **Háskóli Íslands.** Framlag úr ríkissjóði hækkar um 313 018 þús. kr. Sú breyting er nú gerð á framsetningu, að sýndar eru brúttóstærðir gjalda og tekna, þannig að byggingarframlag frá happdrætti háskólans er talið með eigin tekjum og raunveruleg framkvæmdaútgjöld sýnd í gjaldahlið. Þetta hefur ekki áhrif á fjárveitingaþörf úr ríkissjóði. Þá er gert ráð fyrir tilflutningi reiknistofu frá Raunvísindastofnun á háskólann sjálfan. Af heildarhækkun framlags má rekja 259 301 þús. kr. til eðlilegra launahækkana og aukningar stundakennslu vegna nemendafjölgunar, 2 580 þús. kr. til nýráðninga við háskólann, þ. e. ritari á yfirstjórn 1 146 þús. kr. og erlendur kennari í stað gistilektors við námsbraut í sjúkraþjálfun 1 434 þús. kr. Að öðru leyti hækkar rekstrarkostnaður háskólans sjálfs um 44 457 þús. kr. nettó, að mestu vegna verðlagshækkana. Loks er hreinn kostnaðarauki vegna reiknistofnunar 6 680 þús. kr., sem skýrist þannig: Gert er ráð fyrir ráðningu nýs kerfisritara 1 670 þús. kr., launaliður að öðru leyti nemur 15 304 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 19 406 þús. kr., en eigin tekjur reiknistofnunarinnar eru áætlaðar 29 700 þús. kr.

Sem fyrr greinir eru nú sýnd framkvæmdaframlög frá happdrætti háskólans, og eru þau áætluð 225 000 þús. kr. Til framkvæmda rennur einnig beint framlag úr ríkissjóði 55 000 þús. kr., sem er óbreytt tala frá fjárlögum 1976. Verða því 280 000 þús. kr. til ráðstöfunar, og er áætluð skipting sem hér segir í þús. kr.:

Framkvæmdir á Landspítalalóð	144 000
Framkvæmdir á háskólalóð	62 000
Tækjakaup	30 000
Viðhald húsa, lóða og búnaðar	30 000
Skipulagning lóðar og áætlanagerð	7 000
Húsgögn og búnaður v/nýrra námsbrauta	5 000
Ýmis húsgögn og búnaður	2 000
Samtals	280 000

Á Landspítalalóð er ráðgert að framkvæmdir hefjist haustið 1976 við byggingu, er hýsa mun tannlæknakennslu o. fl. Af fjárveitingum fyrri ára hafa verið notaðar fjárhæðir til annarra framkvæmda á Landspítalalóð, og er gert ráð fyrir, að þær endurgreiðist af fjárveitingum 1977 sem hér segir: Frá geðdeild Landspítalans 48 000 þús. kr., frá Fæðingardeild 9 000 þús. kr. og frá rannsóknast. Landspítalans 21 600 þús. kr. Samtals yrðu þannig til ráðstöfunar 222 600 þús. kr. vegna þessarar framkvæmdar. Á háskólalóð er ráðgert að hefja framkvæmdir við almennt kennsluhús á árinu.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Af heildarhækkun þessa liðar, 9 752 þús. kr., eru 1 500 þús. kr. til kaupa á bifreið, en 8 252 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 7 574 þús. kr., þar af venjubundinn rekstur vegna launa- og verðlagshækkana 3 874 þús. kr., og framlög til einstakra viðfangsefna 3 700 þús. kr., sem skiptist þannig: Ylræktarverkefni í Hveragerði 2 000 þús. kr., frumathuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins 675 þús. kr., starfsáætlun 550 þús. kr. og þátttökugjald í Nordforsk 475 þús. kr.

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Hækkun nemur 3 051 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands hækkar um 12 000 þús. kr., en beint framlag ríkissjóðs lækkar um 8 949 þús. kr. Heildartekjur sjóðsins verða 55 641 þús. kr., þar af frá happdrættinu 45 000 þús. kr. og ríkissjóði 10 641 þús. kr., og verður ráðstafað þannig: Endurgreiðslur lána 32 641 þús. kr., lúkning byggingar Rannsóknastofnunar bygging-

ariðnaðarins 10 000 þús. kr., viðgerðir á húsi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 10 000 þús. kr. og lagfæring lóða 3 000 þús. kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Kostnaður eykst um 56 235 þús. kr., þar af 10 000 þús. kr. til kaupa á eignum í nágrenni skólans, sem eignarnámskvöð hvílir á, en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Kostnaður eykst um 48 502 þús. kr., þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 46 549 þús. kr., ráðning ritara í hálft starf 553 þús. kr., hækkun stofnkostnaðar vegna endurbóta á húsum skólans og lóð 2 150 þús. kr., og eigin tekjur skólans hækka um 750 þús. kr.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Auk eðlilegrar kostnaðaraukningar við rekstur 46 100 þús. kr., er gert ráð fyrir ráðningu húsvarðar 1 000 þús. kr. og hækkun framlags til að ganga frá húsbyggingu 250 þús. kr. (í 5 000 þús. kr.), eða samtals 47 350 þús. kr.

305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Samtals eykst kostnaður um 39 285 þús. kr., þar af hækkun launa- og rekstrarkostnaðar 34 885 þús. kr. og stofnkostnaður 4 400 þús. kr. Verður stofnkostnaðarframlag með þessu 12 000 þús. kr. til að ganga frá breytingum í nýjum húsakynnum skólans.

307 **Menntaskólinn á Austurlandi.** Byggingarframlag hækkar um 14 000 þús. kr. og verður 71 000 þús. kr. Er þar um að ræða vissan áfanga útboðsverks, sem ætlunin er að vinna á árinu. Heildarkostnaðaráætlun við verkið, þ. e. mötuneyti og heimavist, sem í byrjun verður að hluta notuð til kennslu, er 303 000 þús. kr. Er miðað við, að byggingu þessara húsa verði lokið á árinu 1979, en tækjakaup verði að hluta gerð á árinu 1980.

311 **Fjölbrautarskólinn í Breiðholti.** Kostnaðaráætlun hækkar um 90 539 þús. kr., sem er því nær þreföldun. Auk verðlagshækkana stafar það af mikilli nemendafjölgun og nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1976.

312 **Flensborgarskóli, fjölbrautarskóli.** Hækkun nemur 28 591 þús. kr. sem skýrist annars vegar af verðlagshækkunum, og hins vegar af nemendafjölgun, en áætlað er að nemendum fjölgi um rösklega þriðjung á árinu.

313 **Fjölbrautarskóli á Suðurnesjum.** Hér er um nýjan skóla að ræða, sem hefur starfsemi haustið 1976. Heildarkostnaður er áætlaður 39 305 þús. kr.

423 **Endurskoðun námsefnis.** Liður þessi er fluttur af aðalskrifstofu ráðuneytisins og nemur alls 52 858 þús. kr., sem er 18 575 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1976. Ekki er gert ráð fyrir neinni fjölgun námsstjóra í þessari áætlun, en hækkun sú, sem verður umfram eðlilega launa- og verðlagshækkun, og meta má nálægt 7 000 þús. kr., skýrist af vanáætlun í fjárlögum 1976 miðað við reikningstölur 1975.

431 **Iðnfræðsluráð.** Framlag hækkar um 15 956 þús. kr., þar af almennar rekstrarhækkanir 5 701 þús. kr. og hækkun framlags til námskrárgerðar 10 255 þús. kr. Er þar um rösklega tvöföldun að ræða, og nemur framlagið til námsskrárgerðar í heild 20 107 þús. kr.

501 **Tækniskóli Íslands.** Kostnaður eykst um 31 307 þús. kr., sem kemur þannig fram, að eðlilegar launa- og verðlagshækkanir eru 42 907 þús. kr., stofnkostnaður lækkar um 11 000 þús. kr. og tekjuhækkun nemur 600 þús. kr. Stofn-

kostnaðarframlag verður alls 25 000 þús. kr., þar af 20 000 þús. kr. til að ljúka innréttingum í húsnæði skólans og 5 000 þús. kr. til kaupa á húsbúnaði.

514 **Iðnskólinn í Reykjavík.** Hækkun á þessum lið nemur 86 581 þús. kr. Þrátt fyrir nokkra fjölgun nemenda og deilda er þessi hækkun langt umfram launa- og verðlagshækkanir. Erfiðlega hefur gengið á undanförnum árum að afla raunhæfra áætlana frá viðkomandi aðilum, og hefur afleiðingin orðið allmikil vanáætlun í fjárlögum. Að þessu sinni hefur verið tekið mið af reikningstölum 1975 og er hækkunin frá þeirri heildartölu um 70%.

516 **Iðnskólar almennt.** Framlag hækkar um samtals 12 176 þús. kr., þar af viðhald 2 176 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 10 000 þús. kr. Viðhaldskostnaður í heild er áætlaður 8 000 þús. kr., eða 37,4% hærri en í fjárlögum 1976. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur samtals 42 300 þús. kr., sem er 31,0% hækkun frá fyrra ári, og skiptist þannig á einstaka skóla í þús. kr.

Reykjavík	22 000
Hafnarfjörður	3 300
Akranes	2 000
Ísafjörður	3 000
Akureyri	3 000
Neskaupstaður	1 000
Vestmannaeyjar	8 000
Samtals	42 300

Í Reykjavík verður 6 000 þús. kr. varið til skuldagreiðslna, 8 000 þús. kr. til tækjakaupa og 8 000 þús. kr. til að ljúka eldri byggingaráföngum. Í Hafnarfirði verða 3 300 þús. kr. varið til tækjakaupa og 2 000 þús. kr. í sama skyni á Akranesi. Á Ísafirði er um að ræða framlag til innréttinga og búnaðar og á Akureyri lúkningu fyrri byggingaráfanga. Á Neskaupstað verður fjárhæðinni varið til breytinga á húsnæði og kaupa á búnaði, og loks er fjárveiting til skólans í Vestmannaeyjum ætluð til framhalds innréttinga á sameiginlegu húsnæði fyrir iðnskóla, vélskóla og stýrimannaskóla.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Kostnaðaraukning nemur 27 808 þús. kr., sem skýrist þannig að eðlilegar launa- og verðlagshækkanir eru 32 267 þús. kr., en niður eru felldar fjárveitingar til eldhúsrekstrar, 4 459 þús. kr., þ. á m. fjórar stöður starfsfólks. Ákveðið hefur verið, að nemar skólans fái mötuneytisaðstöðu að fullu í Landspítalanum, enda var heimild til rekstrar eldhúss í hjúkrunarskólanum einungis til bráðabirgða, þar til aðstaða skapaðist í hinu nýja eldhúsi Landspítalans til að anna þörf hjúkrunarskólans í þessu efni.

522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Við þessa stofnun er gert ráð fyrir ráðningu eins kennara til viðbótar, 1 491 þús. kr., og nettóhækkun annarra liða er 3 819 þús. kr., eða samtals 5 310 þús. kr.

562 **Leiklistarskóli Íslands.** Fjárveiting hækkar um 10 372 þús. kr. eða 70%, og verður samtals 25 122 þús. kr. Áætlun til fjárlaga 1976 hefur reynzt óraunhæf, enda fyrirkomulag á starfsemi skólans háð mikilli óvissu við síðustu fjárlagagerð. Áætlun fyrir næsta ár byggist á því, að engir nýir nemendur verði teknir í skólann á næsta skólaári.

563 **Tónlistarskólar.** Mjög veruleg hækkun verður á ríkisframlagi til tónlistarskóla, eða 77 747 þús. kr., sem auk almennra verðlagshækkana skýrist að verulegu leyti að ákvæðum nýrra laga um hækkun á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs úr

þriðjungi í helming. Við áætlum hlutaðeigandi aðila til fjárlaga 1976 virðist hafa láðzt að taka fullt tillit til kostnaðaráhrifa þessara nýju laga. Framangreind hækkun kemur þannig fram, að fjárveiting til Tónlistarskólans í Reykjavík hækkar um 13 670 þús. kr., til annarra tónlistarskóla um 58 149 þús. kr., til Barnamúsikskólans um 6 128 þús. kr., en niður fellur stofnframlag til Söngskólans í Reykjavík, 200 þús. kr.

581 **Verzlunarskólar.** Skv. lögum nr. 51/1976 um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, greiðir ríkissjóður rekstrarkostnað viðkomandi skóla að fullu, nema kostnað við heimavistir, sem greiðast að fjórum fimmtu hlutum úr ríkissjóði. Hækkun fjárveitingar er 67 162 þús. kr., eða 80%, þar af vegna Verzlunarskóla Íslands 35 574 þús. kr. og vegna Samvinnuskólans 31 588 þús. kr.

609 **Héraðsskólar almennt.** Framlag hækkar um 8 900 þús. kr., þar af viðhald 6 050 þús. kr., eða 30,3%, og stofnkostnaður 2 850 þús. kr. Verður stofnkostnaður í heild 123 500 þús. kr. og skiptist á einstaka skóla sem hér segir í þús. kr.:

Reykholt	14 000
Núpur	8 500
Reykjanes	5 000
Reykir	27 000
Laugar	50 000
Eiðar	10 000
Skógar	5 000
Laugarvatn	4 000
Samtals	123 500

Í Reykholti verður 11 000 þús. kr. varið til endurbóta gamla skólahússins og 3 000 þús. kr. til að ljúka teikningum af síðasta byggingaráfanga. Á Núpi er um að ræða endurbætur á eldri húsum og á Reykjanesi breytingar á heimavistarhúsi vegna tengingar við nýbyggingu. Á Reykjum verður fjárveitingu varið til að ljúka byggingu kennsluhúss. Á Laugum rennur fjárveiting til framhalds á byggingu íþróttahúss og er áætlað að 50 000 þús. kr muni þá vanta til að ljúka byggingunni. Á Eiðum verður 7 000 þús. kr. varið til breytinga á íþróttasal og 3 000 þús. kr. til almennra endurbóta og lóðarlögunar. Á Skógum eru 3 000 þús. kr. ætlaðar til að ljúka byggingu skólastjórabústaðar og 2 000 þús. kr. til endurbóta á elzta húsi skólans. Loks er fjárveiting til skólans á Laugarvatni ætluð til endurbóta á húsum.

679 **Sameiginlegur kostnaður skólanna á Laugarvatni.** Framlag hækkar um 1 150 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. til ýmissa smærri framkvæmda.

700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarlækkunin, sem fram kemur á þessum lið, nemur 1 522 730 þús. kr., en þar af eru tvö viðfangsefni flutt á þennan fjárlagalið, þ. e. akstur skólabarna 240 000 þús. kr. fluttur af liðnum grunnskólar almennt, og fræðsluskrifstofur 30 000 þús. kr. fluttar af aðalskrifstofu ráðuneytisins. Aðrar hækkanir eru því 1 252 730 þús. kr., þar af laun 1 227 487 þús. kr. eða 47,7%, og önnur rekstrargjöld 25 243 þús. kr., eða 35,7%. Launaliður hækkar nokkru meira en nemur almennum verðlagshækkunum, og skýrist sá mismunur annars vegar af eðlilegri magnaukningu, og hins vegar af því að stundakennsla var ekki hækkuð til samræmis við almennar launahækkanir í fjárlögum 1976, því að ákveðið var að þær skyldu einungis taka til fastra launa í fjárlagaáætlun. Að því er stundakennslu í grunnskólum varðar reyndist þessi áætlunaraðferð óraunhæf. Liðurinn önnur rekstrargjöld að frátöldum akstri skólabarna hækkar nokkru meira en nemur verðlagshækkun, en við áætlunar-

gerð hefur verið höfð hliðsjón af reikningstölum 1975. Liðurinn akstur skólabarna hækkar um 70 000 þús. kr. eða 41,2%, sem samsvarar taxtahækkun kílómetragjalds, og kostnaður við fræðsluskrifstofu eykst um 10 548 þús. kr. eingöngu vegna launa- og verðlagshækkana.

791 **Grunnskólar, almennt.** Á liðnum kemur fram 37 074 þús. kr. lækkun vegna tilfærslu aksturskostnaðar á annan lið, en fjárveiting 1976 var 170 000 þús. kr., þannig að raunverulega verður hækkun annarra liða 132 926 þús. kr. Mest munar þar um stofnanir afbrigðilegra barna, en kostnaður við þær er áætlaður 59 667 þús. kr. eða 55,2% hærri en í fjárlögum 1976. Auk almennra verðlagshækkana kemur hér til aukning þjónustu og nokkur vanáætlun í fjárlögum 1976. Aukakostnaður vegna orlofs kennara eykst um 29 002 þús. kr., sem er meira en tvöföldun, að verulegu leyti afleiðing rýmkaðra ákvæða kjarasamninga um orlofsheimildir. Aðrar hækkanir eru yfirleitt í samræmi við almennar verðlagshækkanir og koma þannig fram á einstökum liðum: Forfallakennsla o. fl. 31 632 þús. kr., framkvæmd sundskyldu í skólum 8 625 þús. kr., yfirvinna skólastjóra 2 617 þús. kr., skíðakennsla 300 þús. kr. og kostnaður við stjórnskipaða prófdómara 1 083 þús. kr.

792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 257 764 þús. kr., eða 25,2%, og nema samtals 1 280 000 þús. kr. Eins og venja hefur verið mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þessa fjár á einstakar framkvæmdir.

803 **Dagvistunarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistunarheimila hækkar um 16 600 þús. kr., eða 24,2% og verður samtals 85 000 þús. kr.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Sem kunnugt er voru sett ný lög um sjóðinn fyrr á þessu ári, og er nú unnið að samningu reglugerðar í samræmi við þau lög. Með öllu er óljóst við gerð fjárlagafrumvarps, hver fjárþörf sjóðsins muni reynast á næsta ári, en líklegt er, að það mál skýrist verulega, áður en fjárlög verða afgreidd á þinginu. Á þessu stigi er gert ráð fyrir 160 000 þús. kr. hækkun ríkissjóðsframlags, og verður það samtals 1 000 000 þús. kr. Ekki er tekin afstaða til hugsanlegrar lántöku sjóðsins þessu til viðbótar.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun þessa liðar nemur 14 995 þús. kr., þar af styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum 1 755 þús. kr., til Grænlendings til að læra íslenzku 120 þús. kr. og til hjónagarða 13 120 þús. kr. til að efna fyrirheit ríkisins um minningargjöf.

884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Hækkun framlags á þessum lið er 20 000 þús. kr., og verður það samtals 150 000 þús. kr.

907 **Listasafn Íslands.** Hér er gert ráð fyrir 36 686 þús. kr. hækkun fjárveitingar. Þar af eru eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 5 936 þús. kr. og hækkun byggingarframlags 30 750 þús. kr., eða í 45 000 þús. kr. Heildaráætlun um byggingarkostnað safnsins er 321 000 þús. kr., þar af nauðsynleg húsa- og lóðakaup 50 000 þús. kr. Fjárveiting 1977 miðast við framkvæmdaáætlun, þar sem gert er ráð fyrir nokkuð jöfnum árlegum fjárveitingum, þar til framkvæmdum lyki á árinu 1981.

973 **Þjóðleikhús.** Framlag hækkar um 85 423 þús. kr. Þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 75 061 þús. kr., kostnaður við þrjá starfsmenn (heimilaðir af fjárveitinganefnd) 3 110 þús. kr., laun eins leikara og kórstjóra, sem féllu

niður við síðustu fjárlagaáætlanagerð af vangá 3 102 þús. kr., og kostnaður vegna listdansflokksins eykst um 4 150 þús. kr. og verður af hálfu Þjóðleikhússins 7 150 þús. kr.

976 **Menningarsjóður.** Sú 3 700 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, stafar af áætlaðri hækkun miðagjalds, er rennur í sjóðinn.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag hækkar um 35 750 þús. kr. og verður alls 50 000 þús. kr. Með þessari fjárveitingu auk geymds fjármagns frá fyrri árum, er gert ráð fyrir, að byrjunarframkvæmdir geti hafizt á árinu, en unnið er að tillögu um framkvæmdaáætlun þessa verks, og æskilegt að afstaða verði tekin til slíkrar áætlunar í fjárveitinganefnd. Fyrir liggur áætlun um heildarkostnað við framkvæmdina að fjárhæð 1 765 000 þús. kr.

982 **Listir, framlög.** Liður þessi hækkar um 29 885 þús. kr., og kemur hækkunin þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Launasjóður rithöfunda skv. lögum 12 144 þús. kr., rithöfundasjóður vegna almenningsbókasafna, fluttur af liðnum almenningsbókasöfn, sem fellur niður, 8 000 þús. kr. Er hér um 6 340 þús. kr. hækkun að ræða frá fjárlögum 1976 vegna nýrra laga. Listamannalaun hækka um 4 000 þús. kr., heiðurslaun listamanna um 1 300 þús. kr. og starfslaun listamanna um 1 000 þús. kr. Framlag til listdansflokksins hækkar um 2 458 þús. kr. og verður 4 458 þús. kr., höfundagreiðslur skv. lögum vegna flutnings verka við guðsþjónustur 1 483 þús. kr., og loks fellur niður á þessum fjárlagalið framlag til tónskóla í Garðabæ, 500 þús. kr.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Kostnaður eykst um 3 656 þús. kr. vegna sérstakra rannsókna við Kröflu, en aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1976.

984 **Norræn samvinna.** Framlag hækkar um 4 333 þús. kr., sem kemur þannig fram, að kostnaður vegna norrænna menningarfjárlaga eykst um 4 139 þús. kr., norrænt samstarf 685 þús. kr. og norræna tölfræðistofnunin 39 þús. kr., en framlag til norræna vatnafræðifélagsins lækkar um 100 þús. kr. og niður fellur sérstakt framlag til norræna hússins í Reykjavík 430 þús. kr.

985 **Félagsheimilasjóður.** Hækkunin, 20 700 þús. kr., er vegna áætlunar um tekjur af skemmtanaskatti, sem renna í sjóðinn.

986 **Íþróttasjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 18 858 þús. kr., sem kemur þannig fram að rekstrarstyrkur eykst um 3 200 þús. kr. og byggingarframlag um 32 258 þús. kr., en niður fellur framlag vegna umsaminna skuldagreiðslna 16 600 þús. kr. Byggingarframlög verða samtals 100 000 þús. kr., sem skiptast þannig, að síðasta greiðsla af fjórum vegna íþróttamannvirkja, sem samþykkt voru á fjárlögum 1973 nemur 55 000 þús. kr., greiðslur vegna mannvirkja, sem tekin voru á fjárlög 1974 og 1975 nema 20 000 þús. kr. hvor um sig, og greiðsla vegna mannvirkja, sem tekin voru á fjárlög 1976, 5 000 þús. kr.

987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Framlag hækkar um 675 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr.

988 **Æskulýðsmál.** Liður þessi hækkar um 3 075 þús. kr. Ýmsir liðir eru nú færðir yfir á Æskulýðsráð ríkisins, samtals 745 þús. kr. í fjárlögum 1976, en auk þess hækkar framlag til ráðsins um 955 þús. kr. Á einstökum liðum verða eftirtaldar breytingar að öðru leyti: Framlag til UMFÍ hækkar um 1 400 þús. kr., til bandalags ísl. skáta um 500 þús. kr., til starfsemi KFUM og K 170 þús. kr.,

til ísl. ungtemplara 75 þús. kr. og til bandalags ísl. farfugla 25 þús. kr., en framlag til sambands bindindisfélaga í skólum, 50 þús. kr. í fjárlögum 1976, fellur niður.

989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag hækkar um 6 100 þús. kr., þar af Íþróttasamband Íslands 6 000 þús. kr. og skíðaskólinn í Kerlingafjöllum 100 þús. kr.

991 **Húsafriðunarsjóður.** Skv. lögum er hér um að ræða framlag, sem miðast við ákveðna fjárhæð pr. íbúa og hækkar til samræmis við byggingarvísitölu. Hækkun er 2 387 þús. kr. og verður framlagið alls 6 503 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Hrein hækkun á þessum lið er 2 917 þús. kr. og skýrist hún í eftirfarandi upptalningu: Af aðalskrifstofu ráðuneytisins er flutt á þennan lið námskeið kennara, sem ekki hafa full réttindi 950 þús. kr., styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn 400 þús. kr., til fyrrverandi barnakennara 147 þús. kr., gjöf Jóns Sigurðssonar 1 000 þús. kr., kostnaður vegna náms erlendis í íþróttaþjálfun fatlaðra 500 þús. kr. og styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum 400 þús. kr. Er hér um óbreyttar fjárhæðir að ræða frá fjárlögum 1976. Framlag til Reykholtsstaðar hækkar um 1 750 þús. kr., en þessir liðir falla niður: Safnahús á Sauðárkróki 250 þús. kr., á Blönduósi 200 þús. kr., á Húsavík 250 þús. kr. og héraðsskjalasafn á Egilsstöðum 250 þús. kr. Loks er framlag til Lögbergs—Heimskringlu, 1 280 þús. kr á fjárlögum 1976, flutt á utanríkisráðuneytið.

03 Utanríkisráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 43 811 þús. kr., þar af tilfærsla stöðu fulltrúa frá sendiráðinu í Kaupmannahöfn á aðalskrifstofu 1 670 þús. kr. Aðrar hækkanir á yfirstjórn nema 27 649 þús. kr. og eiga rætur að rekja til almennra launa- og verðlagshækkana. Einstök viðfangsefni utan yfirstjórnar hækka sem hér segir: Tekin er inn sérstök fjárveiting til ráðstefnu ræðismanna Íslands erlendis 7 000 þús. kr., kostnaður við upplýsinga- og kynningastarfsemi eykst um 2 900 þús. kr., við þátttöku í alþjóðaráðstefnum 2 650 þús. kr., samninga við erlend ríki 1 200 þús. kr., markaðsmál 390 þús. kr., kaup á kvikmyndum fyrir sendiráðin 287 þús. kr. og kjörræðismenn 65 þús. kr.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Hækkun á þessum lið nemur 60 111 þús. kr., þar af 3 438 þús. kr. vegna ráðningar þriggja tollvarða í sambandi við nýtt vopnaleitartæki, en að öðru leyti hækka launagjöld um 56 025 þús. kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 10 395 þús. kr., þar af leigugjöld vegna aukins húsnæðis og verðlags 3 811 þús. kr., niðurgreiðsla á fæði starfsmanna skv. samningum 1 180 þús. kr. og hækkun af völdum almennra verðlagshækkana nemur 5 404 þús. kr. Viðhaldsliður hækkar um 1 005 þús. kr. m. a. vegna málningar lögreglustöðvar, en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 7 252 þús. kr., þar sem niður fellur fjárveiting til leitartækis. Loks hækka tekjur um 3 500 þús. kr.

301—312 **Sendiráðin.** Heildarkostnaður við sendiráðin eykst um 86 381 þús. kr. Launaliður hækkar um 59 108 þús. kr., en gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi í sendiráðunum að öðru leyti en því, að staða fulltrúa í Kaupmannahöfn flyzt tímabundið á aðalskrifstofu ráðuneytisins, svo sem fyrr greinir, og tímabundin ráðning ritara er fyrirhuguð í Kaupmannahöfn. Aðrar orsakir breytinga á launalið eru grunnkaupshækkanir íslenzks starfsfólks, gengis-

breytingar, vísitöluhækkanir í viðkomandi löndum og hækkun húsaleigu. Skipting hækkunar launaliðs er þannig í þús. kr.:

Nýráðningar	+1 034
Grunnkaupshækkanir íslenzks starfsfólks	18 193
Gengisbreytingar	15 759
Vísitöluhækkanir til íslenzks starfsfólks	16 111
Erlent starfsfólk	4 541
Launatengd gjöld v/íslenzks starfsfólks	2 285
Húsaleiga	3 253
Samtals	59 108

Húsaleigukostnaður hækkar ekki meira en raun ber vitni vegna þess, að keypt hefur verið húsnæði fyrir sendiráðsritara í New York skv. heimild í fjárlögum 1976, sem kemur til með að spara ríkinu veruleg útgjöld. Er ætlunin að halda áfram slíkum húsakaupum fyrir sendiráðin eftir því sem heimilað verður í fjárlögum. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 15 285 þús. kr., þar af áhrif gengisbreytinga 6 670 þús. kr. og ýmsar aðrar hækkanir 8 615 þús. kr. Viðhaldsliður hækkar um 10 522 þús. kr., einkum vegna gagngerðra breytinga á sendiherrabústað í Osló, og loks hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um samtals 1 466 þús. kr.

399 **Ýmis utanríkismál.** Liðurinn hækkar um 7 000 þús. kr., þar af 5 000 þús. kr. vegna samskipta við Vestur-Íslendinga, 1 500 þús. kr. vegna Lögbergs—Heimskringlu (fært af menntamálaráðuneytinu og hækkar um 220 þús. kr.) og 500 þús. kr. vegna aðstoðar Íslands við þróunarlöndin.

401 **Alþjóðastofnanir.** Heildarhækkun framlaga til alþjóðastofnana er 43 772 þús. kr., og skiptist í meginatriðum sem hér segir: Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) 11 780 þús. kr., NATO 5 040 þús. kr., þróunaraðstoð S.Þ. 3 057 þús. kr., OECD 2 770 þús. kr., tillag til S.Þ. 2 150 þús. kr., gæslulið S.Þ. við botn Miðjarðarhafs 2 080 þús. kr., Evrópuráðið 2 070 þús. kr., EFTA 1 730 þús. kr., UNESCO 1 540 þús. kr., til alþjóðahafrannsókna 1 530 þús. kr. og aðrir liðir samtals 10 025 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlög hækka um samtals 7 830 þús. kr., þar af vegna ábúendaskipta 6 907 þús. kr., skuldar við jarðasjóð 600 þús. kr. og ýmissa greiðslna 925 þús. kr., en framlag til nýbygginga lækkar um 602 þús. kr. Skipting heildarframlagsins, 31 390 þús. kr., verður þá þannig í þús. kr.:

Ábúendaskipti	15 200
Nýbyggingar	8 490
Skuld við jarðeignasjóð	2 500
Ýmsar greiðslur	5 200
Samtals	31 390

172 **Jarðasjóður.** Hækkun á þessum lið er 3 450 þús. kr. og verður 12 000 þús. kr., sem er lágmarksframlag skv. jarðalögum (nr. 65/1976).

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Kostnaður við stofnunina eykst um 66 237 þús. kr. Er þar yfirleitt um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir, að öðru leyti en því, að inn er tekin fjárveiting vegna sjö staða, samtals 9 349

þús. kr., sem setnar höfðu verið án heimildar, en fjárveitinganefnd samþykkti við athugun á mannahaldi ríkisstofnana fyrr á þessu ári, og 1 494 þús. kr. vegna stöðu aðstoðarsérfræðings við bútæknideild.

231 **Skógrækt ríkisins.** Fram kemur 44 634 þús. kr. hækkun, en þar sem framlag til Skógræktarfélags Íslands, sem er 3 800 þús. kr. í fjárlögum 1976, er flutt á annan fjárlagalið, er raunveruleg hækkun meiri sem þeirri fjárhæð svarar, þ. e. 48 434 þús. kr. Verðtrygging framkvæmda skv. landgræðsluáætlun nemur 11 909 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 30 125 þús. kr., stofnkostnaðaraukning m. a. vegna endurbóta húss að Stálpastöðum og tækjakaupa 8 540 þús. kr., styrkur til skóggræðslu einstaklinga hækkar um 860 þús. kr., til Fljótsdalsáætlunar um 800 þús. kr., og loks hækkar tekjuáætlun um 3 800 þús. kr.

235 **Landgræðsla.** Þessi liður hækkar um 97 753 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 76 547 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 21 206 þús. kr., hækkun framlags til byggingar starfsmannahúss 6 500 þús. kr. (verður 15 000 þús. kr.) og tekjuaukning nemur 6 500 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag lækkar um 7 808 þús. kr., sem skýrist þannig, að eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkanir eru 1 742 þús. kr., framlag til Inn-Djúpsáætlunar hækkar um 350 þús. kr., en lækkun verður á framlögum til grasköglaverksmiðju í Flatey 2 550 þús. kr. og vegna taps Fóðuriðjunnar í Ólafsdal 1 200 þús. kr., og eftirfarandi liðir falla niður: Bygging gróðurhúsa 950 þús. kr., til varmaveitna 950 þús. kr. og grænfóðurverksmiðju 4 750 þús. kr. Loks lækkar áætlun um eigin tekjur um 500 þús. kr.

242 **Mat á landbúnaðarafurðum.** Kostnaður eykst um 3 707 þús. kr., og er orsökin auk verðlagshækkana ný lög um flokkun og mat á ull og gærum (nr. 21 og 22/1976), sem kveða svo á, að ríkissjóður greiði laun matsmanna, sem vinna að framkvæmd laganna.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Fjárveiting hækkar um 31 889 þús. kr. Inn er tekin fjárveiting vegna tveggja nýrra dýralækna 3 240 þús. kr., en niður fellur fjárveiting vegna dýralæknis í Hrísey 1 521 þús. kr. Að öðru leyti hækkar rekstrarkostnaður um 19 470 þús. kr., að mestu vegna launa- og verðlagshækkana, og byggingarframlag hækkar um 10 700 þús. kr. í 24 000 þús. kr. Er það vegna byggingar dýralæknisbústaða á Kirkjubæjarklaustri, Barðaströnd og Þórshöfn, 8 000 þús. kr. á hvern stað.

271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 1 607 þús. kr. og verður í heild 16 958 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds, er rennur í sjóðinn.

272 **Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey.** Þessi liður er fluttur af fjárlagalið 299, ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála. Framlag lækkar um 4 711 þús. kr. og verður 14 289 þús. kr., er skiptist þannig, að 8 000 þús. kr. eru ætlaðar til að ljúka byggingarframkvæmdum og tækjakaupum, 750 þús. kr. til afborgunar lána og rekstrarkostnaður er 5 539 þús. kr.

286 **Landbúnaður, framlög.** Á liðnum kemur fram 1 686 493 þús. kr. lækkun, vegna þess að tiltekin viðfangsefni, samtals að fjárhæð 1 690 528 þús. kr. í fjárlögum 1976, eru hvert um sig gerð að sjálfstæðum fjárlagalið, eins og fram kemur hér á eftir, þ. e. jarðræktarframlög, framræsla, Stofnlánadeild landbúnaðarins, uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og til búfjárræktar skv. lögum. Við-

fangsefni þau, sem eftir eru, hækka því um 4 035 þús. kr., eða sem hér segir: Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir 4 000 þús. kr., framleiðnisjóður landbúnaðarins 1 190 þús. kr., nautgriparæktunarsambönd 25 þús. kr. og búfjártryggingar skv. lögum 10 þús. kr., en niður fellur framlag til mjólkurbúa og smjörsamlaga 1 190 þús. kr.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlag hækkar um 98 650 þús. kr. og verður í heild 392 200 þús. kr. Þar af er fast framlag skv. lögum 25 000 þús. kr. og mótframlag gegn 1% álagi á söluvörur landbúnaðarins 367 200 þús. kr.

288 **Jarðræktarframlög.** Framlög þessi, sem eru verðtryggð og greiðast á næsta ári eftir framkvæmdaárið, hækka um 345 324 þús. kr. frá fjárlögum 1976. Auk verðlagshækkana er skýringin fólgin í því, að áður hefur ekki verið áætlað fyrir verðhækkunum á framkvæmdaárinu, heldur hefur verðbótin verið greidd umfram fjárlagaáætlun. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu framlaganna ásamt hækkun frá fjárlögum 1976 í þús. kr.

	Frumvarp 1977	Hækkun frá fjárlögum 1976
Vatnsveitur	108 000	40 500
Plógræsi	13 750	2 950
Önnur jarðrækt	330 000	199 500
Byggingarframkvæmdir	220 000	86 800
Héraðsráðunautar	48 567	15 574
Samtals	720 317	345 324

289 **Framræsla.** Liðurinn hækkar um 70 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr., þar af sérstök flýtigreiðsla 28 000 þús. kr.

290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Áætlun um þessar uppbætur er 1 800 000 þús. kr., sem er 910 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1976. Ljóst var við afgreiðslu fjárlaganna, að sú fjárhæð myndi ekki nægja að óbreyttum lögum og reglum, og var ætlunin að endurskoðun færi fram á uppbótarkerfinu á árinu. Sú endurskoðun hefur hins vegar ekki farið fram við gerð þessa fjárlagafrumvarps, og er því óleystur vandi af þessum sökum á árinu 1976. Miðað við fullnýtingu verðábyrgðar á árinu 1977 má ætla, að 2 200 000 þús. kr. þyrfti að greiða úr ríkissjóði á því ári. Eru útflutningsuppbætur þannig áætlaðar um 400 000 þús. kr. lægri en nemur fullri nýtingu 10% verðábyrgðarinnar á árinu 1977, en stefnt er að endurskoðun á uppbótakerfinu og á þeirri forsendu er áætlunin gerð.

291 **Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973.** Hækkun framlags er 36 123 þús. kr., sem er verulega umfram verðlagshækkanir, en í ljós hefur komið allmikil vanáætlun í fjárlögum 1976.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Á þessum lið kemur fram 11 330 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig: Framlag til einangrunarstöðva holdanauta, 19 000 þús. kr. í fjárlögum 1976, er flutt á sérstakan fjárlagalið, niður fellur framlag til heykögglaverksmiðju á Svalbarðseyri 650 þús. kr., á liðinn flyzt framlag til Skógræktarfélags Íslands 3 800 þús. kr. (óbreytt), og verðuppbætur á landgræðsluáætlun á þessum lið nema 4 520 þús. kr.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Kostnaður eykst um 35 216 þús. kr., þar af ráðning nýs kennara 1 609 þús. kr. og eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 20 557 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 13 050 þús. kr. og verður alls 50 000 þús. kr. Skipting er þessi í þús. kr.

Lúkning áfanga skólabyggingar	30 000
Viðgerðir á eldra skólastjórahúsi	8 500
Lúkning skólastjórabústaðar	6 000
Endurbygging útihúsa	2 500
Tækjakaup	3 000
Samtals	50 000

503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Á þessum lið verður 14 601 þús. kr. hækkun, þar af eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkanir 10 051 þús. kr. og hækkun stofnkostnaðarframlags 4 550 þús. kr. Verður stofnkostnaður alls 15 000 þús. kr., sem varið verður til heimavistarálmu 10 000 þús. kr., anddyris 4 000 þús. kr., endurbóta á skólastjórabústað 500 þús. kr. og á kennarabústað 500 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Kostnaður við stofnunina eykst um 28 824 þús. kr., þar af 1 734 þús. kr. vegna ráðningar útibússtjóra á Neskaupsstað, 1 670 þús. kr. vegna ráðningar sérfræðings í efnafræðideild, og aðrar rekstrarkostnaðarhækkanir 25 420 þús. kr., sem að vísu er nokkuð umfram launa- og verðlagshækkanir, en hliðsjón hefur verið höfð af reikningstölum 1975 við þessa áætlun.

215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Þessi liður hækkar um 60 848 þús. kr. Eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 50 552 þús. kr., en önnur aukning, 10 296 þús. kr., er vegna fjölgunar starfsfólks í sambandi við auknar kröfur um gæðaeftirlit o. fl. Er hér um að ræða ráðningar í 8½ stöðu, þar af 3 stöður, sem setnar höfðu verið án heimildar, en fjárveitinganefnd samþykkti fyrr á árinu.

271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Framlag eykst um 28 986 þús. kr., þar af vegna gengisbreytinga 6 314 þús. kr., hækkun afborgana 26 261 þús. kr., en eitt lán hafði verið afborganalaust fyrstu árin, en vaxtagreiðslur lækka um 3 589 þús. kr.

274 **Aflatryggingasjóður.** Framlag hækkar um 50 809 þús. kr. og verður 164 500 þús. kr. Þar af er fast framlag vegna togaradeildar 2 500 þús. kr. og mótframlag ríkissjóðs, sem er fjórðungur útflutningsgjalds, 162 000 þús. kr. Heildartekjur sjóðsins eru áætlaðar 1 580 500 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlög á þessum fjárlagalið hækka um 94 488 þús. kr., og skýrist sú hækkun þannig: Fiskveiðasjóður 113 000 þús. kr., veiðieftirlit 19 180 þús. kr., verðuppbót á línufisk 5 000 þús. kr., athugun á svartolíunotkun 150 þús. kr., eftirlit með hvalvinnslustöðvum 53 þús. kr., skólabátur 30 þús. kr., og upp er tekið sérstakt framlag vegna ársfundar hafrannsóknaráðsins hér á landi, 1 500 þús. kr. Aftur á móti falla niður framlög vegna rekstrarhalla togara 42 750 þús. kr., norrænnar fiskimálaráðstefnu 1 425 þús. kr. og heimildarkvikmyndar um sjómennsku 250 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Af hækkuninni, 12 140 þús. kr., eru 553 þús. kr. vegna ráðningar skrifstofustúlku í hálft starf, áhrif kjarasamninganna nema 7 364 þús. kr., og aðrir rekstrarliðir hækka um 4 223 þús. kr., sem eru nokkru meira en verðlagshækkunum nemur, en hliðsjón hefur verið höfð af reikningstölum 1975.

202 **Ríkissaksóknari.** Kostnaður eykst um 13 777 þús. kr., þar af ráðning fulltrúa 1 734 þús. kr., ráðning í eina og hálfa stöðu skrifstofumanna 1 658 þús. kr., og aðrar hækkanir nema 10 385 þús. kr., sem er meiri hækkun en verðlag gefur tilefni til, en miðað er við, að umsvif stofnunarinnar aukist.

205 **Sakadómaraembætti.** Á þessum lið verður 61 919 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja ritara 2 045 þús. kr., og fulltrúa 1 670 þús. kr., hækkun fastra launa vegna áhrifa kjarasamninganna er 29 851 þús. kr., önnur laun hækka um 16 108 þús. kr. eða 76% vegna aukinna umsvifa, og annar rekstrarkostnaður eykst um 12 245 þús. kr. af völdum verðlagshækkana.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Kostnaður við lögreglustjóraembættið eykst um 282 245 þús. kr. Launaliður hækkar um 215 780 þús. kr., þar af ráðning þriggja lögreglumanna vegna rannsókna á umferðarslysum 3 556 þús. kr., áhrif kjarasamninganna eru 103 582 þús. kr., og hækkun annarra launa en fastra við almenna löggæzlu er 108 642 þús. kr., og er þar tekið tillit til reynslu undanfarinna ára. Hækkun annarra rekstrarliða er 46 205 þús. kr. og gjaldfærðs stofnkostnaðar 20 260 þús. kr. Verður stofnkostnaðarfjárveiting samtals 26 416 þús. kr., þar af vegna lögreglustöðvar í Breiðholti 15 000 þús. kr. og bifreiða- og tækjakaupa 11 416 þús. kr.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Framlag lækkar um 105 þús. kr. og verður 12 090 þús. kr. Verður því annars vegar varið til kaupa á lyftu 7 500 þús. kr. og hins vegar til pappalagningar á þak, 4 590 þús. kr.

212—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Á undanförnum árum hefur verið allverulegt misræmi milli fjárveitinga hvers árs og þess, sem raunverulega er eytt af embættunum á viðkomandi ári. Til þess að ráða bót á þessu vandamáli hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af raunverulegum reikningstölum frá árinu 1975 við ákvörðun um fjárveitingar. Þetta leiðir til þess, að ýmsir gjaldaliðir hækka mun meira en kjarasamningar og verðlagshækkanir gefa tilefni til, en heildarhækkun framlags er 522 507 þús. kr. eða 70,3%. Launaliður hækkar um 369 564 þús. kr., eða 65,8%. Við athugun á starfsmannahaldi ríkisins pr. 1. jan. 1975 kemur í ljós, að allmikið var um starfsfólk hjá embættunum, sem ekki hafði fengið tilskilda formlega ráðningarheimild. Ákvað fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári að heimila ráðningar, er svöruðu til 17 851 þús. kr., en jafnframt kom í ljós, að í fjárlögum 1976 höfðu fallið niður fjárveitingar að fjárhæð 4 582 þús. kr. vegna staða, sem áður hefðu verið heimilaðar. Umræddar stöður eru sýndar í eftirfarandi upptalningu (fjárhæðir í þús. kr.).

Samþykkt af fjárveitinganefnd:

Akranes:	½ skrifstofumaður	613
Stykkishólmur:	½ ritari	523
	Lögregluþjónn	1 266
Akureyri:	1½ ritari	1 598
Vestmannaeyjar:	2 ritarar	2 128
Keflavík:	½ fulltrúi	835
	Lögregluþjónn	1 185
Hafnarfjörður:	Skrifstofumaður	1 146
	½ skrifstofumaður	553
	Skrifstofustjóri	1 670
	Fulltrúi (í stað 1½ skrifstofumanns)	1 670
	4 lögregluþjónar	4 664
	Samtals	17 851

Stöður, sem féllu niður í fjárlögum 1976:

Ísafjörður:	Ritari	1 146
Blönduós:	½ ritari	511
Akureyri:	Ritari	1 146
Hvolsvöllur:	½ skrifstofumaður	553
Eskifjörður:	Skrifstofumaður	1 226
	Samtals	4 582

Þá hefur verið fallizt á starfsliðsaukningu, sem hér segir í þús. kr.:

Akranes:	Fulltrúi	1 854
Ísafjörður:	Fulltrúi	1 854
Ólafsfjörður:	½ skrifstofumaður	592
Akureyri:	2 lögregluþjónar	2 589
Húsavík:	Skrifstofumaður	1 182
Höfn:	Skrifstofumaður	1 405
Keflavík:	½ ritari	592
Hafnarfjörður:	4 skrifstofumenn	5 557
Kópavogur:	Skrifstofumaður	1 315
	Samtals	16 940

Að öðru leyti hækkar yfirvinna o. þ. h. í löggæzlu um 146 004 þús. kr., sem er talsvert meira en tvöföldun, en höfð var hliðsjón af reynslu fyrri ára við þessa áætlunargerð. Loks hækka ýmsar aðrar launagreiðslur um 184 187 þús. kr., eða 40,7%. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 120 007 þús. kr., eða 81,9%, en hækkun frá reikningi 1975 er þó ekki meiri en 38,5%. Viðhaldsliður hækkar um 19 880 þús. kr., sem er talsvert meira en tvöföldun, en reynslan sýnir að á undanförnum árum hefur verið ráðstafað mun meira fé af þessum lið en fjárlög gerðu ráð fyrir. Loks hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 14 750 þús. kr. og eigin tekjur embættanna hækka um 1 694 þús. kr. Stofnkostnaðarframlög nema samtals 39 330 þús. kr., og eru hæstu framlögin til Keflavíkur til að ljúka skrifstofubyggingu 11 880 þús. kr., Bolungarvíkur til innréttinga o. fl. 5 500 þús. kr., Kópavogs til tækjakaupa o. fl. 3 250 þús. kr., Patreksfjarðar til húsakaupa 2 000 þús. kr. og Blönduóss til tækjakaupa 2 000 þús. kr., en til annarra embætta renna samtals 14 700 þús. kr.

251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður eykst um 682 180 þús. kr., þar af 155 200 þús. kr. vegna landhelgissjóðs, þar sem til kemur endurgreiðsla af láni vegna flugvélarkaupa. Aðrar hækkanir eru því 526 980 þús. kr., eða 58,3%, sem er verulega umfram launa- og verðlagshækkanir, en sem kunnugt er varð mikil aukning

umsvifa í sambandi við landhelgisdeiluna, og var sérstök fjáröflun lögfest í maí s. l. af því tilefni. Af sérstökum orsökum hækkunar skal nefnt, að ráðgerð er ráðning flugmanns og tveggja flugvirkja, samtals 14 000 þús. kr., en til kemur rekstur viðbótarflugvélar (FOKKER) á árinu, og viðhald fluggæzlu hækkar um 41 252 þús. kr., m. a. vegna reglubundinnar meiri háttar skylduskoðunar.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Framlag hækkar um 63 604 þús. kr., þar af átta stöður, sem setnar voru án heimildar en samþykktar af fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári 10 012 þús. kr., tímabundnar lausráðningar 4 579 þús. kr., launakostnaður vegna bifreiðastjóra- og ökukennaranámskeiða, að öllu leyti borinn af tekjum, 4 517 þús. kr. og aðrar launahækkanir, einkum vegna kjarasamninganna, 28 981 þús. kr. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 18 127 þús. kr. eða 43,6%. Viðhaldsliður hækkar um 1 583 þús. kr., eigin tekjur hækka um 3 823 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 372 þús. kr. Verður hann alls 18 640 þús. kr., sem skiptist þannig að 9 700 þús. kr. verður varið til lokafrágangs skrifstofuhúsnæðis, 5 100 þús. kr. til innréttinga í skoðunarsal, 3 200 þús. kr. til prófunarbrautar o. fl. á lóð og 640 þús. kr. til búnaðar í skoðunarsal.

253 **Almannavarnir.** Hækkun nemur 4 690 þús. kr., þar af erindreki samþykktur af fjárveitinganefnd 1 386 þús. kr., en aðrar hækkanir, 3 304 þús. kr., stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

255 **Umferðarráð.** Á þessum lið verður 8 637 þús. kr. hækkun, þar af ráðning ritara, samþykkt af fjárveitinganefnd, 1 146 þús. kr., og nettóhækkun annarra liða er 7 491 þús. kr.

261 **Öryggiseftirlit ríkisins.** Staðið er undir kostnaði við rekstur eftirlitsins með tekjum af öryggiseftirlitsgjaldi. Í fjárlagaáætluninni er um að ræða fjölgun um skrifstofumann í hálfu starfi, 553 þús. kr., og öryggisskoðunarmann í stað aðstoðarmanns í ⅔ stöðu 661 þús. kr.

262 **Löggildingarstofan.** Auk eðlilegrar hækkunar rekstrarkostnaðar, 2 855 þús. kr., hækkar framlag til stofnkostnaðar um 13 507 þús. kr., eða samtals 16 362 þús. kr. Stofnkostnaður verður samtals 16 500 þús. kr., þar af til kaupa á rennslismælitæki 12 000 þús. kr. og til innréttinga á nýju leiguhúsnæði 4 500 þús. kr.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 12 668 þús. kr., þar af 8 400 þús. kr. vegna málskostnaðar, 4 000 þús. kr. vegna meðdómsmanna og 268 þús. kr. vegna annarra liða.

282 **Ýmis löggæzlukostnaður.** Hækkun nemur 12 755 þús. kr., sem skiptist þannig, að kostnaður vegna héraðslögreglu eykst um 2 330 þús. kr., vegna endurnýjunar lögreglubifreiða 6 450 þús. kr. og vegna annars löggæzlukostnaðar, svo sem tímabundinnar löggæzlu, 3 975 þús. kr.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Þessi liður hækkar um 17 576 þús. kr. og kemur þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla 15 750 þús. kr. (verður 30 000 þús. kr.), sjúkrakostnaður refsifanga 1 112 þús. kr., fangahjálp 490 þús. kr., geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga 434 þús. kr., en kostnaður við námskeið fangavarða lækkar um 210 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Kostnaður eykst um 103 150 þús. kr., þar af ráðning skrifstofumanns á biskupsstofu 1 226 þús. kr., prestur í Hafnarfirði 1 235 þús. kr., launa-

hækkanir af völdum kjarasamninganna eru 69 713 þús. kr., liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 13 980 þús. kr., einkum vegna verðlagshækkana, og viðhaldsliður hækkar um 9 585 þús. kr., þar af viðhald embættisbústaða 9 325 þús. kr. og annað viðhald 260 þús. kr. Framlög til bygginga á prestsetrum hækka um 5 750 þús. kr. og til kaupa á eignum á kirkjujörðum um 500 þús. kr. Loks hækka ýmsir styrkir um 1 161 þús. kr.

373 **Kristnisjóður.** Framlag hækkar um 8 132 þús. kr., en það hefur reynzt nokkuð vanmetið í fjárlögum 1976. Hér er um að ræða lögbundið framlag, sem nemur launum í níu prestaköllum, er lögð voru niður með lögum nr. 35/1970.

07 Félagsmálaráðuneytið

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga til stofnunarinnar nemur samtals 715 030 þús. kr., þar af hluti byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti 654 000 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 60 130 þús. kr. og framlag vegna heilsuspillandi húsnæðis 900 þús. kr.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag hækkar um 109 300 þús. kr. og verður alls 325 000 þús. kr. Skiptist sú fjárhæð þannig, að 210 000 þús. kr. er mótframlag vegna ársins 1977, en 115 000 þús. kr. eru eftirstöðvar frá 1976, sem samizt hefur um, að greiddar verði á árinu 1977.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Hækkun framlags er 17 250 þús. kr. og verður það alls 82 500 þús. kr., en skv. lögum skal framlag ríkissjóðs vera 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna hækkar um 11 875 þús. kr. og verður alls 38 000 þús. kr.

972 **Bjargráðasjóður.** Hér er um að ræða lögbundið framlag, sem er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,25% af söluvörum landbúnaðarins. Jafnhá framlög frá sveitarfélögum renna í sjóðinn. Ríkissjóðsframlagið hækkar um 9 600 þús. kr. og verður í heild 40 000 þús. kr.

974 **Styrktarsjóður fatlaðra.** Framlag hækkar um 1 200 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr.

975 **Styrktarsjóður vangefinna.** Hækkun nemur 8 175 þús. kr. og verður í heild 40 000 þús. kr.

981 **Vinnumál.** Þessi liður hækkar um 10 678 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig á viðfangsefni: Sáttanefndir í vinnudeilum 2 017 þús. kr., ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota 1 807 þús. kr., jafnréttisráð 1 600 þús. kr., félagsdómur 702 þús. kr. og framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi 552 þús. kr. Þá er tekið inn framlag til hagdeildar ASÍ og vinnuveitendasambandsins 4 000 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið hækka um 40 213 þús. kr., þar af meðlög 33 640 þús. kr., Slysavarnafélag Íslands 4 238 þús. kr., til dvalarheimilis aldraðra að Fellsenda 2 000 þús. kr. og aðrir liðir samtals 620 þús. kr., en niður fellur styrkur til félagsins Sjálfsbjargar vegna ráðstefnuhalds, 285 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins eykst um 19 838 þús. kr., þar af vegna ráðningar afgreiðslustúlku 946 þús. kr. og almennra launahækkana 10 233 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir hækka um 8 659 þús. kr., sem er mun meira en verðlagshækkanir gefa tilefni til, en hins vegar eðlileg hækkun miðað við raunverulega útkomu á undanförnum árum.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið eru vegna slysatrygginga, lífeyristrygginga og sjúkratrygginga, og er sýnt á eftirfarandi yfirliti, hvernig heildarframlagið skiptist á þessa þrjá tryggingarflokka og samanburður gerður við fjárlagatölur 1976.

Almannatryggingar 1976 og 1977
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Slysatryggingar	552,5	834,5	282,0
Lífeyristryggingar	7 715,0	11 671,0	3 956,0
(Þar af atvinnurekendur)	(1 080,0)[1]	(1 634,0)	(554,0)
Sjúkratryggingar	8 713,0	7 676,0	÷1 037,0
Samtals	16 980,5	20 181,5	3 201,0
Hlutur ríkissjóðs	15 348,0	17 713,0	2 365,0
Hluti atvinnurekenda	1 632,5	2 468,5	836,0

[1]) Tala þessi er oftalin í fjárlögum 1976 um 242 m. kr., en hefur hér verið leiðrétt.

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt þessu um 3 201 000 þús. kr. og koma af þeirri fjárhæð 2 365 000 þús. kr. í hlut ríkissjóðs og 836 000 þús. kr. í hlut atvinnurekenda. Við þennan samanburð ber að hafa í huga, að út af þessum lið hefur verið færður daggjaldakostnaður ríkisspítala, sem áætlaður er 4 396 000 þús. kr. á árinu 1977, og er aukningin því meiri sem svarar þessari fjárhæð. Eins og vikið er að framar í þessari greinargerð, er tilgangur þeirrar ráðstöfunar að taka ríkisspítala undan daggjaldakerfinu og fjármagna rekstur þeirra beint með fjárveitingum á fjárlögum, annars vegar að ná fram meira eftirliti með útgjöldum þessara umfangsmiklu stofnana, og hins vegar að koma á meira samræmi milli stjórnunaraðildar og fjárhagslegrar ábyrgðar í þeim sjúkrahúsum, sem rekin verða sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Sem bein afleiðing þessarar ákvörðunar er nauðsynlegt að breyta lögum um kostnaðarþátttöku aðila í sjúkratryggingum, og verður frumvarp þess efnis lagt fyrir þingið. Miðað við að þessi ráðstöfun raski í engu framlögum hvors aðila til sjúkratrygginga, hefur hún í för með sér, að sveitarfélög bera um fjórðung daggjaldakostnaðar annars staðar en á ríkisspítölum og þar sem um langlegusjúklinga er að ræða, og ríkið þrjá fjórðu hluta.

Kostnaður við lífeyristryggingar og framlög ríkissjóðs skv. fjárlögum 1976 og frumvarpi 1977 eru sýnd í eftirfarandi yfirliti.

Lífeyristryggingar 1976 og 1977
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Ellilífeyrir	4 144	6 069	1 925
Tekjutrygging	1 605	2 830	1 225
Uppbót á lífeyri	348	507	159
Örorkustyrkur	266	419	153
Barnalífeyrir	357	499	142
Mæðralaun	251	343	92
Fæðingarstyrkur	234	281	47
Ekkjubætur og lífeyrir	219	324	105
Bætur samtals	7 424	11 272	3 848
Kostnaður	140	167	27
Til varasjóðs	151	232	81
Gjöld samtals	7 715	11 671	3 956
Hlutur ríkissjóðs	6 635	10 037	3 402
Hluti atvinnurekenda	1 080	1 634	554

Heildaraukning kostnaðar við lífeyristryggingar er þannig 3 956 000 þús. kr. Þar af koma 3 402 000 þús. kr., eða 86%, í hlut ríkissjóðs, og 554 000 þús. kr., eða 14%, í hlut atvinnurekenda. Orsök þessarar hækkunar, auk eðlilegrar mannfjölgunar í hverjum bótaflokki, eru þær bótahækkanir, sem ákveðnar hafa verið frá samþykkt síðustu fjárlaga, þ. e. 5% frá 1. janúar, 10% frá 1. apríl og 9% frá 1. ágúst fyrir almennar bætur og 18% fyrir tekjutryggingarmörk, og auk þess áætlaðar hækkanir til samræmis við umsamdar launahækkanir allt til ágústmánaðar 1977. Þannig eru 1 104 000 þús. kr. af hækkun ríkishlutans vegna áætlaðra hækkana framyfir það, sem þegar hefur verið ákveðið, þar af 624 000 þús. kr. á árinu 1977.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á kostnaði við sjúkratryggingar skv. fjárlagaáætlun 1976 og frumvarpi 1977.

Sjúkratryggingar 1976 og 1977
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	8 190	6 513	÷1 677
Læknishjálp	831	836	5
Lyf	820	881	61
Dagpeningar	345	476	131
Tannlækningar	180	325	145
Ýmis sjúkrakostnaður	534	742	208
Skrifstofu og stjórnunarkostnaaur	138	205	67
Til varasjóðs	51	46	÷5
Samtals	11 089	10 024	÷1 065
Útgjaldahluti	9 168	7 764	÷1 404
Framlag ríkissjóðs á árinu	8 713	7 676	÷1 037

Útgjaldahluti ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga lækkar samkvæmt þessum samanburði um 1 404 000 þús. kr., en þegar tekið er tillit til færslu kostnaðar við rekstur ríkisspítala á sérstaka fjárlagaliði í A-hluta, samtals 4 396 000 þús. kr., er í raun um 2 992 000 þús. kr. hækkun að ræða. Kemur þetta fram á liðnum vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum, sem koma út með 1 677 000 þús. kr. lækkun í þessum samanburði, en hækka í raun um 2 719 000 þús. kr., þegar daggjaldakostnaður ríkisspítala er meðtalinn. Orsökin er sú, að frá samþykkt síðustu fjárlaga hafa daggjöld á sjúkrahúsum hækkað sem hér segir: Frá 1. apríl um 8,7% að meðaltali, frá 1. júlí um 9,1% og auk þess er áætlað fyrir væntanlegri hækkun 1. október auk hækkana 1. febrúar og 1. júlí á næsta ári. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessara áætluðu hækkana er 1 188 000 þús. kr., þar af 480 000 þús. kr. vegna hækkana á næsta ári. Er hér haft mið af umsömdum launahækkunum. Orsök tiltölulega lítillar hækkunar á liðunum læknishjálp og lyf á m. a. rætur að rekja til fyrirhugaðrar hækkunar á kostnaðarþátttöku einstaklinga í sérfræðiþjónustu lækna og lyfjum í samræmi við verðlagshækkanir, þannig að miðað sé við óbreytta hlutfallslega þátttöku aðila. Um aðra liði áætlunarinnar er það að segja, að þeir eru yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og líklega magnaukningu, og er þá miðað við verðlag í árslok 1976. Undantekning frá þessu er liðurinn tannlækningar, sem hækkar hlutfallslega mun meira en aðrir liðir, en þar mun vera um að ræða allmikla vanáætlun í fjárlögum 1976 eftir reynslu fyrri hluta ársins, en sú áætlun var háð mikilli óvissu, þar sem engin reynsla var fengin af hinu útvíkkaða bótakerfi fyrir tannlækningar, sem ekki kom til framkvæmda fyrr en undir mitt ár 1975. Eins og fram kemur á töflunni eru heildarútgjöld sjúkratrygginganna talin 10 024 000 þús. kr. og útgjaldahluti ríkissjóðs 7 764 000 þús. kr., eða 2 260 000 þús. kr. lægri. Af þessum mun bera sveitarfélög 1 060 000 þús. kr., að teknu tilliti til hækkunar gjaldskrár einstaklinga vegna sérfræðiþjónustu lækna og lyfjakaupa, en þær 1 200 000 þús. kr., sem á vantar, samsvara áætlaðri innheimtu á svonefndu sjúkratryggingagjaldi (1% á útsvarsstofn), en við gerð fjárlagafrumvarpsins hefur ekki verið gengið endanlega frá því máli, og bíður það afgreiðslu þingsins. Í fjárlögum 1976 er mismunur heildarútgjalda og hluta ríkissjóðs 1 921 000 þús. kr., þar af áætlað sjúkratryggingagjald 1 100 000 þús. kr. og hlutur sveitarfélaga 821 000 þús. kr. Loks skal þess getið, að mismunur á útgjaldahluta og framlags ríkissjóðs á árinu stafar af því, að ávallt færist eitthvað af greiðslum skuldbindinga, sem stofnað er til á árinu, yfir áramót, en áætlaðar mismunur á árinu 1977 er 88 000 þús. kr. Eðlilegt er, að ógreiddir reikningar af þessu tagi hækki með aukinni umsetningu.

272 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Framlag hækkar um 436 000 þús. kr., þar af atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda, sem fært er á tekjuhlið frumvarpsins, 135 000 þús. kr., mótframlag ríkissjóðs 270 000 þús. kr. og sérstök 31 000 þús. kr. hækkun vegna 5% niðurskurðar í fjárlögum 1976.

301 **Skrifstofa ríkisspítalanna.** Kostnaður eykst um 26 476 þús. kr., þar af tveir skrifstofumenn, er setið höfðu í óheimiluðum stöðum, en samþykktir voru af fjárveitinganefnd, 2 556 þús. kr., ráðning viðskiptafræðings, skrifstofumanns og tölvufræðings í hálft starf, er fjárveitinganefnd samþykkti við meðferð fjárlagafrumvarps 1976 í sambandi við starfsmannaaukningu á ríkisspítölum, en fært var af vangá á sjúkratryggingalið, 4 028 þús. kr., og eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 19 892 þús. kr.

312 **Blóðbankinn.** Á liðnum kemur fram 833 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að ráðning hjúkrunarkonu og ritara, sem samþykkt var af fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári, nemur 2 450 þús. kr., annar rekstrarkostnaður hækkar um 16 081 þús. kr., og áætlun um eigin tekjur hækkar um 19 364 þús. kr.

322 **Heilbrigðiseftirlit ríkisins.** Kostnaðaraukning er 11 477 þús. kr., þar af innréttingakostnaður í nýju leiguhúsnæði 5 121 þús. kr., og rekstrarkostnaður 6 356 þús. kr.

371—378 **Ríkisspítalar.** Eins og fram hefur komið hefur verið tekin ákvörðun um það að færa ríkisspítala yfir í A-hluta fjárlaganna og fjármagna rekstur þeirra með beinum fjárveitingum í stað daggjalda. Auk ríkisspítalanna er hér einnig tekið með Gunnarsholtsheimilið. Áætluð daggjöld á árinu 1977 miðast við umsamdar launahækkanir fram til júlí 1977, og eru ríkissjóðsframlög til þessara spítala miðuð við sömu forsendu. Rekstrarframlögin nema samtals 4 396 000 þús. kr. og skiptast á einstök sjúkrahús sem hér segir í millj. kr.:

Landspítali	2 555
Fæðingardeild	410
Kleppsspítali	703
Vífilsstaðir	253
Kristnes	135
Kópavogshæli	290
Gunnarsholtsheimilið	50
Samtals	4396

Framlög til stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 35 800 þús. kr. og verða samtals 374 800 þús. kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús í þús. kr.:

Landspítalinn	292 000
Fæðingardeild	30 000
Kleppsspítalinn	20 000
Vífilsstaðaspítali	20 000
Kristneshælið	12 800
Samtals	374 800

Á Landspítala verður 125 000 þús. kr. varið til áframhalds við byggingu geðdeildar, þar með talin göngudeild á 1. hæð, 28 000 þús. kr. til rannsóknastofa, 30 000 þús. kr. til símstöðvar, 21 000 þús. kr. til röntgentækja (skuldagr.), 18 000 þús. kr. til sjúkramóttöku, 10 000 þús. kr. til færslu deilda í samræmi við framtíðarskipulag, 40 000 þús. kr. til meiri háttar tækjakaupa og 20 000 þús. kr. til stjórnunar, eftirlits, teikninga o. þ. h. Á fæðingardeild eru 15 000 þús. kr. ætlaðar til lokafrágangs o. fl. við nýbyggingu og 15 000 þús. kr. til að hefja endurbætur á gömlu fæðingardeildinni. Á Kleppi eru 20 000 þús. kr. ætlaðar til endurbyggingar gamla spítalans og skuldagreiðslna, á Vífilsstöðum renna 20 000 þús. kr. til lúkningar á byggingu barnaheimilis, og loks verður 12 800 þús. kr. fjárveitingu til Kristneshælis varið til breytinga á vinnustofum á sjúkradeild, bifreiðakaupa og kaupa á húsi af SÍBS. Auk þessa eru 20 000 þús. kr. af fjárveitingu til Gæzluvistarsjóðs ætlaðar til byggingar vinnuskála við Gunnarsholtsheimilið.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Samtals hækka framlög á þessum lið um 201 473 þús. kr., sem kemur þannig fram að framlög til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða hækka um 184 965 þús. kr., styrkur til heilsuverndarstöðva hækkar um 25 008 þús. kr., en niður falla styrkir til St. Jósefsspítala 8 500 þús. kr., þ. e. byggingarstyrkur 3 500 þús. kr. og styrkur til kaupa á röntgentæki 5 000 þús. kr. Byggingarframlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða nema samtals 929 800 þús. kr., og verður áætlun um sundurliðun á einstakar framkvæmdir lögð fyrir fjárveitinganefnd.

391 **Héraðslæknar og heilsugæzlustöðvar.** Liðurinn hækkar um 103 417 þús. kr., þar af 50 000 þús. kr. sem eru greiðslu vegna gæzluvakta héraðslækna skv. kjarasamningum, en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 38 820 þús. kr. og munar þar mest um skóla heilbrigðisstétta 9 770 þús. kr., ljósmæðralaun 6 652 þús. kr., Krabbameinsfélag Íslands 3 775 þús. kr., lyfjaeftirlit 2 920 þús. kr., daggjaldanefnd 2 839 þús. kr., lyfjaskrárnefnd 1 964 þús. kr., námsferðir héraðslækna og embættislækna 1 912 þús. kr., matvælarannsóknir 1 375 þús. kr. og blóðrannsóknir ungbarna 1 237 þús. kr. Aðrir liðir hækka um samtals 6 376 þús. kr.

471 **Gæzluvistarsjóður.** Framlag verður óbreytt frá fjárlögum 1976, 54 900 þús. kr. Skipting framlagsins er þannig, að 1 700 þús. kr. fara til rekstrarstyrkja, 20 000 þús. kr. til byggingar vinnuskála við Gunnarsholtsheimilið, 25 000 þús. kr. til nýbyggingar að Víðinesi og 8 200 þús. kr. til að ljúka frágangi við byggingu drykkjumannahælisins á Vífilsstöðum.

09 Fjármálaráðuneytið

201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Kostnaður við þessi embætti eykst um samtals 153 804 þús. kr. Af þeirri hækkun eru 3 534 þús. kr. vegna ráðningar þriggja ritara við skattstofuna á Akureyri, og 1 386 þús. kr. vegna ráðningar skattendurskoðanda á Hellu (samþ. af fjárveitinganefnd). Aðrar hækkanir nema því 148 884 þús. kr., eða 47,7%, sem er verulega umfram almennar launa- og verðlagshækkanir, en í þessu efni hefur verið höfð hliðsjón af reikningstölum 1975, og er hækkun frá þeim 48,0%.

263 **Tollgæzla.** Þessi liður hækkar um 65 847 þús. kr., þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 53 641 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 12 206 þús. kr., einkum vegna kaupa á tollbát.

481 **Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.** Framlag á þessum lið hækkar um 116 750 þús. kr. og verður í heild 150 000 þús. kr.

901 **Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.** Hækkun nemur 7 881 þús. kr., þar af ráðning skrifstofustjóra 1 734 þús. kr., og eftirlitsmanns í hálfu starfi á Austurlandi 775 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður eykst um 13 372 þús. kr. og eigin tekjur stofnunarinnar um 8 000 þús. kr.

971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Framlag hækkar um 89 400 þús. kr., sem kemur þannig fram, að lánagreiðslur vegna stærri togara lækka um 199 000 þús. kr., lánagreiðslur vegna annarra togara hækka um 26 400 þús. kr., og aðrar greiðslur hækka um 262 000 þús. kr., einkum vegna Akraborgar og Herjólfs.

972 **Skrifstofubygging við Grensásveg.** Framlag vegna áframhalds þessarar byggingar, sem ætluð er fyrir starfsemi Orkustofnunar, hækkar um 46 200 þús. kr. og verður í heild 86 200 þús. kr. Er þá eftir 35 000 þús. kr. kostnaður til að ljúka byggingunni á árinu 1978. Heildarkostnaðaráætlun er 184 000 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 724 679 þús. kr. Mest munar þar um hækkun á liðnum óviss útgjöld, sem nemur 490 500 þús. kr. og verður 500 000 þús. kr. til að mæta ýmsum óafgreiddum málum og ófyrirséðum. Þá

eru tekin inn sérstök framlög til norræna fjárfestingarbankans, sem hluti af stofnframlagi Íslands, 71 000 þús. kr., til Eyrarbakkahrepps vegna skaða af völdum sjógangs 16 780 þús. kr. og vegna kaupa á Nesstofu 4 917 þús. kr. Framlag til lífeyrissjóðs bænda hækkar um 52 500 þús. kr. m. a. vegna nýsettra bráðabirgðalaga um sjóðinn, skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna eykst um 33 300 þús. kr., símakostnaður stjórnarráðsins um 15 112 þús. kr., framlag vegna yfirtöku lána Laxárvirkjunar um 10 000 þús. kr., framlag til orlofsheimilis BSRB um 9 000 þús. kr. og aðrir liðir um samtals 21 570 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið

211 **Vegagerð ríkisins.** Heildarkostnaður við vegagerð er áætlaður 1 669 130 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1976, en 686 000 þús. kr. hærri en í vegáætlun fyrir það ár, sem afgreidd var á Alþingi á sl. vori. Eftirfarandi yfirlit sýnir heildarkostnað vegagerðar skv. fjárlögum 1976, vegáætlun 1976 og frumvarpi 1977, ásamt fyrirhugaðri fjármögnun þess kostnaðar í millj. kr.:

	Fjárlög 1976	Vegáætlun 1976	Frumvarp 1977
Heildarútgjöld	3 731	4 714	5 400
Fjármögnun:			
Fastir tekjustofnar, samtals	2 306	2 584	3 121
Framlag ríkissjóðs	375	530	779
Lántökur	1 050	1 600	1 500

Auk framangreindra útgjalda greiðir ríkissjóður 1 130 864 þús. kr. af lánum vegna vegagerðar (afborganir og vextir), og er það 194 321 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1976.

321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun nemur 34 176 þús. kr. vegna Skipaútgerðar ríkisins, og er þó gert ráð fyrir 50% hækkun farmgjalda frá næstu áramótum, en gjaldskrá útgerðarinnar mun hafa dregizt verulega aftur úr öðrum hækkunum á undanförnum árum.

332 **Vitamál.** Framlög til vitamála hækka um 47 227 þús. kr., þar af ráðning tveggja vitavarða (hlutastöður) 1 687 þús. kr., vitaverkfræðings (samþ. af fjárveitinganefnd) 2 044 þús. kr., kostnaður vegna afleysinga vitavarða 2 400 þús. kr., og nettóhækkun annarra rekstrarliða 32 496 þús. kr. Loks hækkar framlag til vitabygginga um 8 600 þús. kr. og verður í heild 20 000 þús. kr.

333 **Hafnamál.** Framlög til hafnamála hækka um samtals 255 599 þús. kr. og skýrist sú hækkun í megindráttum þannig: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækka um 175 000 þús. kr., hafnarbótasjóður um 19 848 þús. kr., sjóvarnargarðar um 900 þús. kr. og hafnarrannsóknir og mælingar um 1 185 þús. kr., en endurgreiðslur landshafnalána á þessum fjárlagalið lækka um 31 334 þús. kr. (endurgreiðslur af Alþjóðabankaláni vegna hafnarbygginga eru færðar í liðinn „ýmis lán ríkissjóðs"). Loks hækka framlög til hafnargerða, sem fjármagnaðar verða með lánsfé og getið hefur verið hér að framan, um 90 000 þús. kr., sem skýrist þannig, að ríkishluti hafnargerðar við Grundartanga er 450 000 þús. kr., kostnaður við lokaframkvæmdir við landshöfnina í Njarðvík hækkar um 15 000 þús. kr. (verður 65 000 þús. kr.), en niður fellur framlag vegna Þorlákshafnar, 375 000 þús. kr.

341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Kostnaður eykst um 16 540 þús. kr., þar af ráðning tveggja skipaskoðunarmanna utan Reykjavíkur 2 771 þús. kr., og eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 13 769 þús. kr.

471 **Flugmálastjórn.** Framlag til flugmála hækkar um 200 989 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að gjaldskrár flugmálastjórnar verði hækkaðar, þannig að sú hækkun á áætluðum eigin tekjum, sem gerð var af fjárveitinganefnd við afgreiðslu fjárlaga 1976, standist í raun á árinu 1977. Launaliður hækkar um 109 876 þús. kr., þar af ráðning átta nema í flugumferðarstjórn, skv. samkomulagi í sambandi við kjaramál frá 1. júní 1976, 17 895 þús. kr., ráðning verkfræðings við flugöryggisþjónustu 1 700 þús. kr. og ritara (samþ. af fjárveitinganefnd) 1 113 þús. kr. Að öðru leyti hækkar launaliður um 89 168 þús. kr., að mestu vegna áhrifa kjarasamninganna. Aðrir rekstrarliðir að meðtöldum endurgreiðslum lána hækka um 43 113 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana, og framlag vegna framkvæmda hækkar um 48 000 þús. kr. og verður í heild 300 000 þús. kr. Þar sem engin tillaga barst fjárlaga- og hagsýslustofnun um skiptingu framkvæmdafjár til flugmála á árinu 1977, verður að gera ráð fyrir, að endanleg skipting verði ákveðin í meðförum þingsins.

651 **Ferðamál.** Á þessum lið kemur fram 2 964 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig: Framlag til ferðamálasjóðs hækkar um 8 850 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. í samræmi við ákvæði nýrra laga um það efni. Hins vegar falla niður framlög til ferðamálaráðs 3 264 þús. kr., til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum 3 800 þús. kr., til að bæta aðstöðu ferðamanna við Gullfoss 1 900 þús. kr. og til ferðamálakönnunar 2 850 þús. kr., eða samtals 11 814 þús. kr. í fjárlögum 1976. Eins og kunnugt er hafa verið sett ný lög um ferðamál, þar sem gert er ráð fyrir sérstökum tekjum til ferðamála. Hið nýja ferðamálaráð var ekki tekið til starfa við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og því bárust ekki endanlegar tillögur um fjármál ráðsins, en nauðsynlegt er að afgreiðsla þessara mála, bæði tekjuöflunar og útgjalda, fari fram við meðferð frumvarpsins á þingi.

656 **Landmælingar.** Kostnaður eykst um 12 052 þús. kr., þar af 5 927 þús. kr. vegna samþykktar fjárveitinganefndar á stöðum, sem setnar höfðu verið án heimildar, þ. e. myndmælingarmaður, tveir skrifstofumenn, myndasmiður og yfirtópógraf. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða, samtals 6 125 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneytið

201 **Iðnþróunarstofnun Íslands.** Hér kemur fram 47 568 þús. kr. hækkun, þar af fært af liðnum „iðja og iðnaður, framlög“ 32 030 þús. kr. (gosefnarannsóknir 26 030 þús. kr. í fjárlögum 1976 og hagræðingarverkefni skipasmíðastöðva 6 000 þús. kr.). Auk þess leggst nú á stofnunina 5 780 þús. kr. kostnaður vegna málmiðnaðar, sem áður var kostað af þróunaraðstoð S. Þ. Önnur kostnaðaraukning af völdum launa- og verðlagshækkana nemur 9 758 þús. kr.

207 **Eftirmenntun í iðju og iðnaði.** Framlag á þessum lið hækkar um 3 000 þús. kr. í 6 450 þús. kr.

221 **Lánasjóðir iðnaðarins.** Framlag til iðnlánasjóðs hækkar um 100 000 þús. kr., og er þá höfð hliðsjón af hækkun framlaga til annarra lánasjóða atvinnuveganna á undanförnum árum, en almennt eru önnur framlög af þessu tagi á einn eða annan hátt tengd verðlagi.

233 **Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.** Framlag lækkar um 35 310 þús. kr. og verður 12 000 þús. kr. til kaupa á offset-tækjum.

235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Á þessum lið kemur fram 116 150 þús. kr. lækkun. Framlag til þangverksmiðju lækkar um 65 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr., sem er hlutafjáraukning skv. lögum, en framlag til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins hækkar um 1 250 þús. kr. Þá fellur niður framlag vegna hlutafjáraukningar í Iðnaðarbanka Íslands 2 400 þús. kr., og framlag vegna hafnarbyggingar við Grundartanga vegna járnblendiverksmiðju, sem var 50 000 þús. kr. í fjárlögum 1976, flyzt á liðinn hafnamál í samgönguráðuneytinu.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Lækkun á þessum lið nemur 41 833 þús. kr., sem skýrist þannig: Á Iðnþróunarstofnun Íslands eru fluttir liðir er námu 43 883 þús. kr. í fjárlögum 1976 (gosefnarannsóknir 26 030 þús. kr., hagræðingarverkefni skipasmíðastöðva 6 000 þús. kr. og mótframlag UNDP 11 853 þús. kr.). Niður fellur framlag til saltverksmiðju á Reykjanesi 1 900 þús. kr., en hækkanir verða á eftirtöldum liðum: Iðnkynning 1 500 þús. kr., vegna viðræðna um orkufrekan iðnað 1 450 þús. kr., efling iðnþróunar og tækninýjunga 500 þús. kr. og norræni iðnaðarsjóðurinn 500 þús. kr.

301 **Orkustofnun.** Kostnaður eykst um 141 128 þús. kr., sem skýrist að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagsbreytingum, þannig að umfang starfseminnar verður svipað og í ár. Helztu svæði, sem rannsökuð verða á árinu 1977 samkvæmt þessari áætlun eru Austurland, Blanda, Skagafjörður, Vestfirðir, Sprengisandsleið, stóriðjusvæði og Þjórsárver. Þá er gert ráð fyrir sérstakri 40 000 þús. kr. lánsfjáröflun til hitastigulsborana.

371 **Orkusjóður.** Á þessum lið kemur fram 1 010 000 þús. kr. hækkun, þar af verðjöfnunargjald 10 000 þús. kr. og hluti af olíugjaldi (eitt söluskattsstig) 1 000 000 þús. kr. Hluti Orkusjóðs af olíugjaldi var ekki sýndur í fjárlögum 1976. Á þessu stigi er ekki gerð tillaga um skiptingu olíugjaldsins milli einstakra viðfangsefna, en frumvarp um framlengingu olíugjaldsins og ráðstöfun þess verður lögð fyrir þingið, þannig að unnt sé að ganga endanlega frá skiptingu áður en fjárlög verða afgreidd. Þau viðfangsefni, sem hér um ræðir, eru lánaendurgreiðslur vegna skuldbindinga sjóðsins, lán til hitaveitufram kvæmda, til jarðhitaleitar og til styrkingar dreifikerfis í sveitum.

12 Viðskiptaráðuneytið

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Auk beinna niðurgreiðslna á vöruverði er framlag í lífeyrissjóð bænda fært á þennan lið. Síðarnefnda framlagið hækkar um 132 000 þús. kr., niður fellur sérstök niðurgreiðsla á áburði, sem var 150 000 þús. kr. í fjárlögum 1976, og aðrar niðurgreiðslur hækka um 152 000 þús. kr. Þannig nemur nettó-hækkun á liðnum 134 000 þús. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu niðurgreiðslna á einstaka þætti ásamt framlagi í lífeyrissjóð bænda.

	Áætlað sölumagn	Niðurgreiðsla kr. pr. einingu	Ársútgjöld mill. kr.
Dilkakjöt	9000 tonn	120,00	1 080
Ærkjöt	1500 tonn	67,00	101
Geymslukostnaður kindakjöts	.	.	430
Nautgripakjöt	2400 tonn	98,90	237
Mjólk frá mjólkurbúum	51,5 millj. l	37,30	1 921
Heimamjólk	1,0 millj. l	28,00	28
Smjör	1600 tonn	433,00	693
Ull	1350 tonn	219,00	295
Geymslukostnaður kartaflna	.	.	5
			4 790
Framlag í lífeyrissjóð bænda	.	.	312
Samtals			5 102

202 **Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar.** Eins og getið er hér að framan verður lagt frumvarp fyrir þingið um framlengingu olíugjalds. Sá hluti gjaldsins, sem ráðstafað verður til styrkja, er áætlaður 600 000 þús. kr. á árinu 1977, og miðast það við óbreyttan styrk pr. notanda.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Hér er um að ræða greiðslu vaxta af almennum lánum ríkissjóðs og hækka þær um 488 817 þús. kr. frá fjárlögum 1976. Skýrist sú hækkun þannig, að 126 055 þús. kr. eru vextir af nýjum lántökum ríkissjóðs, 300 000 þús. kr. vegna yfirdráttarvaxta í Seðlabankanum sökum árstíðabundinnar sveiflu í ríkisfjármálunum, 78 857 þús. kr. eru vegna vísitölubóta, en nettólækkun á vaxtagreiðslum af eldri lánum, þegar tekið hefur verið tillit til gengisbreytinga, er 16 095 þús. kr.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð

A-HLUTI

1	07	999	01	Aðstoð við blinda
1	03	399	01	Aðstoð við þróunarlöndin
1	02	791	12	Afbrigðileg börn, kennsla
1	05	274		Aflatryggingasjóður
1	06	253		Almannavarnir
1	00	201		Alþingi
1	03	101	03	Alþjóðaráðstefnur, þátttaka
1	06	301	04	Alþjóðasamvinna, þjóðkirkjan
1	02	999	22	Alþjóðaskákmót, styrkur
1	03	401		Alþjóðastofnanir
1	07	981	07	Alþýðusamb. Ísl., vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu
1	07	981	08	Alþýðusamband Íslands, vegna alþýðuorlofs
1	02	605		Alþýðuskólinn á Eiðum
1	02	999	47	American Field Service
1	02	999	79	Arnarstofninn, vernd
1	05	299	15	Ársfundur alþjóðahafrannsóknaráðsins 1977
1	05	299	13	Athugun á notkun svartolíu í dísilskipum
1	08	273		Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag
1	06	284		Áfengis- og fíkniefnamál
1	08	481	02	Áfengisvarnir
1	06	301	06	Álag vegna afhendingar kirkna
1	05	202	13	Árni Friðriksson, R/S RE 100
1	05	202	14	Baldur
1	02	988	07	Bandalag íslenskra farfugla
1	02	982	06	Bandalag íslenskra leikfélaga
1	02	982	20	Bandalag íslenskra listamanna
1	02	982	16	Bandalag ísl. listamanna, til að standa straum af myndlistarsýningum utanlands og innan
1	02	999	24	Bandalag íslenskra skáta, hjálparsveitir
1	02	988	05	Bandalag íslenskra skáta, styrkur
1	07	981	12	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
1	02	999	78	Barnaheimilið í Kumbaravogi
1	07	999	02	Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi
1	02	563	04	Barnamúsikskólinn í Reykjavík
1	02	802	02	Barnaverndarráð
1	02	999	25	Barnavinafélagið Sumargjöf
1	08	392		Berklavarnir
1	06	252	20	Bifreiða- og ökukennaranámskeið
1	06	252		Bifreiðaeftirlit
1	08	481		Bindindisstarfsemi
1	06	301	08	Biskups- og prestabókasöfn
1	06	301	17	Biskupsbústaður
1	07	972		Bjargráðasjóður
1	05	202	12	Bjarni Sæmundsson, R/S RE 130
1	08	471	03	Bláa bandið
1	07	999	27	Blindrafélagið, styrkur

1	02	999	26	Blindrastarfsemi
1	02	999	46	Blindravinafélag Íslands vegna ferða um landið
1	08	312		Blóðbankinn
1	08	399	29	Blóðrannsóknir ungbarna
1	09	999	03	Blöðin
1	06	203		Borgardómaraembætti
1	06	204		Borgarfógetaembætti
1	02	885	02	Bréfaskólinn
1	02	999	76	Bridgesamband Íslands
1	07	951		Brunamálastofnun ríkisins
1	04	291		Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973
1	04	286	05	Búfjártryggingar skv. lögum nr. 20/1943
1	04	201		Búnaðarfélag Íslands
1	04	299	15	Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð
1	01	171		Byggðasjóður, framlag
1	02	792		Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra
1	06	207		Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík
1	08	381	01	Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa
1	02	793		Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn
1	06	301	13	Byggingaeftirlit þjóðkirkjunnar
1	06	301	16	Byggingar á prestsetrum
1	05	271		Byggingarsjóður hafrannsóknaskips
1	02	977		Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu
1	07	271	05	Byggingasjóðsgjald, til Byggingasjóðs ríkisins
1	02	276		Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
1	07	272		Byggingasjóður verkamanna
1	06	212		Bæjarfógetinn, Akranesi
1	06	217		Bæjarfógetinn, Bolungarvík
1	06	237		Bæjarfógetinn, Kópavogi
1	06	228		Bæjarfógetinn, Neskaupstað
1	06	224		Bæjarfógetinn, Ólafsfirði
1	06	223		Bæjarfógetinn, Siglufirði
1	06	233		Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum
1	04	504		Bændaskóli í Odda
1	04	502		Bændaskólinn á Hólum
1	04	501		Bændaskólinn á Hvanneyri
1	08	399	07	Daggjaldanefnd
1	02	803		Dagvistunarheimili
1	09	999	11	Dómkröfur og málskostnaður
1	06	101		Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	06	281		Dómsmál, ýmis kostnaður
1	06	238		Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum
1	05	202	15	Dröfn, R/S RE 135
1	04	247	07	Dýralæknabústaðir, bygging
1	02	999	64	Dýrasafn, íslenskt
1	02	999	29	Dýraverndunarfélag Íslands
1	04	299	13	Efnarannsóknastofa Norðurlands
1	06	301	09	Eftirlaun presta og prestsekkna, viðbót
1	09	382		Eftirlaun samkvæmt launalögum
1	06	206	05	Eftirlit á vegum
1	05	299	03	Eftirlit með hvalvinnslustöðvum

1	06	206	06	**Eftirlit með vínveitingahúsum**
1	06	247		Eftirlitsstofnun með brotamönnum
1	11	207		Eftirmenntun í iðju og iðnaði
1	04	272		Einangrunarstöð holdanauta
1	08	399	05	Eiturefnanefnd
1	07	999	40	Elliheimilið Fellsenda
1	00	101		Embætti forseta Íslands
1	06	211		Embætti sýslumanna og bæjarfógeta
1	04	247		Embætti yfirdýralæknis
1	07	952		Endurhæfingarráð
1	02	423		Endurskoðun námsefnis
1	07	971		Erfðafjársjóður, framlag
1	02	881	03	**Erlendir námsmenn í íslenskum skólum, styrkir**
1	08	399	04	Evrópska lyfjaskráin
1	09	999	35	Eyrarbakkahreppur, bætur vegna sjóskaða
1	06	283	05	Fangahjálp
1	06	206	04	Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík
1	06	283		Fangamál, ýmis kostnaður
1	06	244		Fangelsi í Síðumúla
1	03	312		Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf
1	03	309		Fastanefnd Íslands hjá S.þ.
1	09	402		Fasteignamat
1	01	101	03	Fálkaorðan
1	07	999	03	Fávitahælið í Skálatúni
1	02	989	04	**Ferðakennsla í íþróttum**
1	10	651		Ferðamál
1	10	651		Ferðamálasjóður
1	10	333	04	Ferjubryggjur
1	04	299	10	Félag áhugamanna um fiskrækt
1	07	981	02	Félagsdómur
1	02	985		Félagsheimilasjóður
1	07	101		Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	07	981	09	Félagsmálaskóli alþýðu
1	02	881	12	Félagsstofnun stúdenta
1	05	201		Fiskifélag Íslands
1	05	299	06–07	Fiskveiðasjóður
1	02	518		**Fiskvinnsluskólinn**
1	06	284	04	Fíkniefnanefnd
1	15	101		Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa
1	09	101		Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	311		Fjölbrautarskólinn í Breiðholti
1	02	313		Fjölbrautarskóli Suðurnesja
1	02	312		Flensborgarskóli, fjölbrautarskóli
1	10	321	03	Flóabátar og vöruflutningar
1	03	399	02	Flóttamannaráð Íslands
1	10	481		Flugbjörgunarsveitir, framlög
1	10	471		Flugmálastjórn
1	07	999	29	**Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra**
1	07	999	37	Foreldrafélag barna með sérþarfir
1	01	101		Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	523		Fósturskóli Íslands
1	02	881	10	Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis
1	02	791	16	Framkvæmd sundskyldu í skólum

1 09	901		Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
1 04	286	10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins
1 05	215		Framleiðslueftirlit sjávarafurða
1 04	289		Framræsla
1 02	989	05	Frjálsíþróttasamband Íslands
1 02	421		Fræðslumyndasafn
1 02	999	31	Fuglaverndarfélag Íslands
1 02	885		Fullorðinsfræðsla
1 04	286	03	Fyrirhleðslur
1 11	235		Fyrirtæki og stofnanir, framlög
1 08	372		Fæðingardeild Landspítalans
1 02	881	07	Færeyskur fræðimaður, styrkur
1 02	984	10	Færeyskur rithöfundur, dvalarstyrkur
1 04	299	02	Garðyrkjufélag Íslands
1 04	503		Garðyrkjuskólinn á Reykjum
1 06	283	08	Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga
1 07	999	05	Geðverndarfélag Íslands
1 07	999	31	Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur
1 08	321		Geislavarnir ríkisins
1 02	999	09	Geysir í Haukadal, umbætur
1 09	251		Gjaldheimtan í Reykjavík
1 02	999	86	Gjöf Jóns Sigurðssonar
1 04	299	11	Gróðurvernd í Búðahrauni
1 02	791		Grunnskólar, almennt
1 02	700	—780	Grunnskólar, rekstur
1 02	881	04	Grænlenskur stúdent, styrkur til námsdvalar
1 08	471		Gæsluvistarsjóður, framlag
1 10	333	07	Hafnabótasjóður, framlag
1 10	333		Hafnamál
1 10	333	02	Hafnarannsóknir og mælingar
1 10	333	12	Hafnarframkvæmdir við Grundartanga
1 10	333	06	Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga
1 10	333	03	Hafnarmannvirki og lendingarbætur
1 05	202		Hafrannsóknastofnun
1 07	981	10	Hagdeildir ASÍ og VSÍ
1 07	981	04	Hagræðingarstarfsemi samtaka vinnumarkaðarins
1 02	999	48	Hagsmunasamtök einstæðra foreldra
1 13	101		Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa
1 06	301	22	Hallgrímskirkja í Reykjavík
1 02	201		Háskóli Íslands
1 06	205	03	Hegningarhús
1 02	982	17	Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis
1 08	101		Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1 08	322		Heilbrigðiseftirlit ríkisins
1 07	999	38	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði
1 07	271	03	Heilsuspillandi húsnæði
1 08	381	06	Heilsuverndarstöðvar, styrkir
1 02	982	11	Heimildarkvikmyndir um merka íslendinga
1 11	299	03	Heimilisiðnaðarfélag Íslands
1 07	999	04	Heyrnarhjálp
1 02	799		Heyrnleysingjaskólinn
1 04	247	02	Héraðsdýralæknar

1 08	391		**Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar**
1 06	282	02	Héraðslögregla
1 02	609		Héraðsskólar, almennt
1 02	607		Héraðsskólinn á Laugarvatni
1 02	608		Héraðsskólinn á Laugum
1 02	602		Héraðsskólinn á Núpi
1 02	604		Héraðsskólinn á Reykjum
1 02	601		Héraðsskólinn í Reykholti
1 02	603		**Héraðsskólinn í Reykjanesi**
1 02	606		Héraðsskólinn í Skógum
1 06	301	25	**Hið íslenska biblíufélag**
1 02	999	16	**Hið íslenska náttúrufræðifélag**
1 06	301	36	**Hjálparstofnun kirkjunnar**
1 08	399	08	Hjartavernd
1 02	881	13	**Hjónagarður**
1 02	999	88	Hjúkrunarkennaranám á Norðurlöndum, styrkur
1 02	521		Hjúkrunarskóli Íslands
1 02	522		Hjúkrunarskólinn, nýi
1 02	999	44	Hlíðardalsskóli, styrkur
1 06	301	35	**Hólar í Hjaltadal**
1 02	517		Hótel- og veitingaskóli Íslands
1 01	101	10	Hrafnseyri
1 02	999	45	**Hreindýraeftirlit**
1 04	299	12	**Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ**
1 00	201	07	**Hús Jóns Sigurðssonar**
1 02	991		Húsafriðunarsjóður
1 01	901		**Húsameistari ríkisins**
1 07	271		Húsnæðismálastofnun ríkisins
1 02	336		Hússtjórnarkennaraskóli Íslands
1 02	553		Hússtjórnarskólar
1 06	201		Hæstiréttur
1 00	401		Hæstiréttur (laun hæstaréttardómara)
1 02	982	31	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga
1 11	299		**Iðja og iðnaður, framlög**
1 08	399	34	Iðjumengun, kostnaður vegna reglugerðar
1 11	101		Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa
1 02	431		**Iðnfræðsluráð**
1 11	299	12	Iðnkynning
1 11	221	02	Iðnlánasjóður
1 07	981	11	**Iðnnemasamband Íslands**
1 11	299	02	**Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar**
1 11	221	03	Iðnrekstrarsjóður
1 02	514–516		**Iðnskólar**
1 11	299	04	**Iðnþróun, efling og tækninýjungar í iðnaði**
1 11	201		**Iðnþróunarstofnun Íslands**
1 04	241	03	Inn-Djúpsáætlun
1 02	999	32	Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn
1 02	999	51	Íslendingafélagið í Osló
1 02	999	73	**Íslendingafélagið í Þrándheimi**
1 02	881	06	Íslensk-ensk orðabók
1 02	999	17	Íslenska stærðfræðifélagið
1 02	988	15	**Íslenskir ungtemplarar**
1 02	989	09	Íþróttafélag fatlaðra

1	02	331		Íþróttakennaraskóli Íslands
1	02	986	04	Íþróttamannvirki, bygging
1	02	989	02	Íþróttasamband Íslands
1	02	986		Íþróttasjóður
1	02	999	87	Íþróttir fyrir fatlaða, þjálfaranám
1	07	981	05	Jafnréttisráð
1	04	172		Jarðasjóður
1	04	171		Jarðeignir ríkisins, framlög
1	04	286	09	Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir
1	04	288		Jarðræktarframlög
1	02	884		Jöfnun á námskostnaði
1	02	983	06	Jöklarannsóknir og mælingar
1	01	101	05	Kanadasjóður
1	06	301	18	Kaup á eignum á kirkjujörðum
1	07	981	15	Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi
1	02	321		Kennaraháskóli Íslands
1	02	988	17	KFUM og KFUK, starfsstyrkur
1	06	371		Kirkjubyggingasjóður
1	06	301	14	Kirkjugarðaeftirlit
1	06	372		Kirkjugarðasjóður
1	06	301	30	Kirkjukórasamband Íslands
1	06	301	02	Kirkjuráð
1	06	301	03	Kirkjuþing
1	09	999	08	Kjarasamningar, kostnaður
1	03	101	04	Kjörræðismenn
1	08	373		Kleppsspítali
1	02	989	11	Knattspyrnusamband Íslands vegna námskeiðs fyrir knattspyrnuþjálfara
1	08	399	10	Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisaðgerðir
1	08	399	14	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975
1	08	376		Kópavogshælið
1	08	399	09	Krabbameinsfélag Íslands
1	06	301	26	Kristindómsfræðsla í skólum, umbætur
1	08	375		Kristneshælið
1	06	373		Kristnisjóður
1	02	999	33	Kvenfélagasamband Íslands
1	02	999	49	Kvennaheimilið Hallveigarstaðir
1	02	999	35	Kvenréttindafélag Íslands
1	03	101	07	Kvikmyndir til landkynningar, kaup
1	08	399	13	Kynsjúkdómavarnir skv. lögum nr. 91/1932
1	07	372		Landakaup kaupstaða og kauptúna
1	02	999	42	Landakotsskólinn, rekstrarstyrkur
1	04	101		Landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa
1	04	286		Landbúnaður, framlög
1	04	235		Landgræðsla
1	04	271		Landgræðslusjóður, framlag
1	11	299	13	Landgræðslusjóður, vegna vatnstöku
1	06	251		Landhelgisgæsla
1	06	251	07	Landhelgissjóður
1	08	301		Landlæknisembættið
1	10	656		Landmælingar

1	04	241		Landnám ríkisins
1	02	901		Landsbókasafn Íslands
1	10	333	05	Landshafnir, afborganir lána
1	10	333	11	Landshöfn Keflavík—Njarðvík, framkvæmdir
1	10	333	10	Landshöfn Rifi, framkvæmdir
1	08	371		Landspítalinn
1	04	299	04	Landssamband íslenskra hestamannafélaga
1	04	299	05	Landssamb. ísl. hestamannafél. til leiðbein. um hestamennsku
1	07	981	13	Landssamband verslunarmanna
1	04	299	17	Landvernd
1	04	286	04	Landþurrkun
1	02	982	23	Launasjóður rithöfunda
1	07	271	04	Launaskattur
1	11	221		Lánasjóðir iðnaðarins
1	02	872		Lánasjóður íslenskra námsmanna
1	07	371		Lánasjóður sveitarfélaga
1	09	999	33	Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána
1	02	982	05	Leikfélag Reykjavíkur
1	02	562		Leiklistarskóli
1	02	982	08	Leiklistarstarfsemi
1	02	883		Lektorar í íslensku við erlenda háskóla
1	02	982	15	Listahátíð í Reykjavík
1	02	982	19	Listamannalaun
1	02	905		Listasafn Ásgríms Jónssonar
1	02	906		Listasafn Einars Jónssonar
1	02	907		Listasafn Íslands
1	02	982	12	Listasöfn
1	02	982	30	Listdansflokkurinn
1	02	982		Listir, framlög
1	02	982	10	Listkynning innanlands og utan
1	02	982	13	Listkynning í skólum
1	09	999	22	Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga
1	09	999	21	Lífeyrissjóður bænda
1	09	999	20	Lífeyrissjóður sjómanna
1	08	399	36	Ljósmæðralaun
1	08	501		Ljósmæðraskóli Íslands
1	02	982	07	Lúðrasveitir, styrkur
1	08	399	06	Lyfjaeftirlit
1	08	399	03	Lyfjaskrárnefnd
1	08	399	01	Lyfjaverðlagsnefnd
1	08	301	04	Læknaráð
1	08	301	08	Lækningaferðir sérfræðinga
1	08	399	16	Lækningatæki
1	08	377		Læknishéraðasjóður
1	03	399	03	Lögberg—Heimskringla
1	06	262		Löggildingarstofan
1	06	282		Löggæslukostnaður, ýmis
1	06	282	03	Lögreglubifreiðar
1	06	206	07	Lögregluskóli
1	03	201		Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
1	06	206		Lögreglustjórinn í Reykjavík
1	03	101	08	Markaðsmál
1	04	242		Mat á landbúnaðarafurðum

1	06	281	08	Matsnefnd eignarnámsbóta
1	06	284	02	Matsnefnd vínveitingahúsa
1	02	999	02	Matthíasarsafnið á Akureyri
1	08	399	11	Matvælarannsóknir
1	02	999	18	Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.
1	06	281	01	Málskostnaður
1	06	281	02	Meðdómsmenn
1	07	999	19	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga
1	07	999	20	Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947
1	02	984	04	Menningarmálasamstarf Norðurlanda
1	02	999	30	Menningarsamband við vestur-íslendinga
1	02	999	36	Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands
1	02	976		Menningarsjóður, framlag
1	02	101		Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	310		Menntaskólar, almennt
1	02	307		Menntaskóli á Austurlandi, bygging
1	02	302		Menntaskólinn á Akureyri
1	02	306		Menntaskólinn á Ísafirði
1	02	303		Menntaskólinn á Laugarvatni
1	02	308		Menntaskólinn í Kópavogi
1	02	301		Menntaskólinn í Reykjavík
1	02	304		Menntaskólinn við Hamrahlíð
1	02	305		Menntaskólinn við Tjörnina
1	02	881	08	Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi
1	09	999	13	Milliþinganefndir, kostnaður
1	06	301	33	Minningarkapella um Jón Steingrímsson
1	02	999	03	Minningarlundir og skrúðgarðar
1	08	399	25	Minningarsjóður Landspítalans
1	02	999	57	Minnisvarði um Ara fróða
1	02	999	58	Minnisvarði um Guðmund góða
1	02	999	59	Minnisvarði um Jón Eiríksson, konferensráð
1	02	802	06	Munaðarlausir, vanræktir eða fatlaðir unglingar, námsstyrkir
1	02	561		Myndlista- og handíðaskólinn
1	02	882		Myndlistarskólar, styrkur
1	07	999	07	Mæðrastyrksnefndir
1	04	286	15	Nautgriparæktarsambönd
1	02	881		Náms- og fræðimenn, framlög
1	02	802	05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur
1	08	399	35	Námsferðir héraðslækna og embættislækna
1	02	885	03	Námsflokkar
1	06	283	07	Námskeið fangavarða
1	02	982	09	Námskeið í listiðnaði
1	05	201	03	Námskeið í meðferð fiskleitartækja
1	11	206		Námskeið í stjórn vinnuvéla
1	02	999	83	Námskeið kennara, sem hafa ekki full réttindi
1	02	231		Náttúrufræðistofnun Íslands
1	02	999	04	Náttúrugripasafn Akureyrar
1	02	999	05	Náttúrugripasafn Neskaupstaðar
1	02	999	06	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja
1	02	999	12	Náttúrugripasafnið í Borgarnesi
1	02	931		Náttúruverndarráð
1	09	999	34	Nesstofa, kaup
1	07	999	21	Neytendasamtökin

1	12	201		Niðurgreiðslur á vöruverði
1	01	101	11	Norðurlandaráð, skrifstofa ráðherranefndar
1	02	984		Norræn samvinna
1	06	282	07	Norræn samvinna á sviði sakfræði
1	08	399	02	Norræn samvinna í lyfjasölumálum
1	04	299	03	Norræna búfræðifélagið
1	02	984	03	Norræna félagið
1	02	984	07	Norræna tölfræðistofnunin
1	02	984	06	Norræna vatnafræðifélagið
1	09	999	42	Norræni fjárfestingabankinn
1	11	299	12	Norræni iðnaðarsjóðurinn
1	06	301	37	Norrænn biskupafundur
1	02	999	43	Northern Scholars Committee
1	12	202		Olíunotkun til húsahitunar, styrkur
1	02	206		Orðabók háskólans
1	11	371		Orkusjóður, framlag
1	11	301		Orkustofnun
1	09	999	31	Orlofsheimili BHM
1	09	999	32	Orlofsheimili BSRB
1	07	981	06	Orlofsheimili verkalýðssamtakanna, bygging
1	02	989	10	Ólympíunefnd
1	09	999	41	Óviss útgjöld
1	06	301	15	Prestar og prófastar
1	06	301	19	Prestsembættisbústaðir, viðhald
1	02	999	67	Prestseturshús á Sauðanesi, viðhald
1	06	281	04	Próf málflytjenda
1	11	302		Rafmagnseftirlit ríkisins
1	06	205	02	Rannsóknarlögregla
1	02	232		Rannsóknaráð ríkisins
1	08	311		Rannsóknastofa háskólans
1	05	203	04	Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum
1	05	272		Rannsóknastofnanir sjávarútvegs, bygging
1	11	203		Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins
1	05	203		Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
1	11	202		Rannsóknastofnun iðnaðarins
1	04	206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins
1	04	299	14	Rannsóknastöðin Katla, Víkurbakka
1	08	399	30	Rannsóknir í samvinnu við WHO
1	02	983	10	Rannsóknir við Kröflu
1	07	999	08	Rauði kross Íslands
1	02	203		Raunvísindastofnun háskólans
1	01	101	09	Ráðherrabústaður á Þingvöllum, rekstur
1	01	101	07	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur
1	01	101	06	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald
1	10	325		Rekstrardeild ríkisskipa
1	02	999	07	Reykholtsstaður
1	09	214		Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd
1	08	399	28	Rhesusvarnir
1	06	301	27	Rit presta í Hólastifti
1	02	982	21	Rithöfundasamband Íslands
1	02	982	32	Rithöfundasjóður Íslands

1	07	981	14	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota
1	09	971		Ríkisábyrgðasjóður, framlag
1	15	181		Ríkisbifreiðar, framlag
1	09	103		Ríkisbókhald
1	14	101		Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa
1	06	283	04	**Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging**
1	09	104		Ríkisfjárhirsla
1	03	201	03	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli
1	11	233		Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
1	06	202		Ríkissaksóknari
1	09	201		Ríkisskattstjóri
1	08	302		Ríkisspítalar, skrifstofa
1	00	301		Ríkisstjórn
1	02	422		Ríkisútgáfa námsbóka
1	02	972		Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld
1	02	999	52	Rjómabúið á Baugsstöðum, viðhald
1	02	904		Safnahúsið
1	06	205		Sakadómaraembætti
1	02	999	71	Samband austfirskra kvenna
1	02	999	37	Samband íslenskra barnakennara
1	02	999	38	Samband norðlenskra kvenna
1	02	999	50	Samband norðlenskra kvenna, námskeið í heimilisgarðrækt
1	02	999	72	Samband vestfirskra kvenna
1	02	679		Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
1	10	101		Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa
1	03	101	02	Samningar við erlend ríki
1	02	581	02	Samvinnuskólinn
1	04	243		Sauðfjárveikivarnir
1	06	301	29	Saurbæjarkirkja
1	07	981	03	Sáttanefndir í vinnudeilum
1	03	301		Sendiráðið í Bonn
1	03	311		Sendiráðið í Brussel
1	03	302		Sendiráðið í Kaupmannahöfn
1	03	303		Sendiráðið í London
1	03	304		Sendiráðið í Moskvu
1	03	305		Sendiráðið í Osló
1	03	306		Sendiráðið í París
1	03	307		Sendiráðið í Stokkhólmi
1	03	308		Sendiráðið í Washington
1	06	281	03	Setu- og varadómarar
1	00	201	09	**Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka**
1	10	672		Sérleyfissjóður
1	06	281	05	Siglingadómur
1	10	341		Siglingamálastofnun ríkisins
1	02	974		Sinfóníuhljómsveitin
1	07	999	10	S.Í.B.S., styrkur
1	09	999	02	Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið
1	07	999	11	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
1	07	999	32	**Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur**
1	05	101		Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	571		Sjómannaskólahúsið
1	07	999	23	Sjómannastofur
1	10	332	04	Sjómerki

1	06	254		Sjómælingar og sjókortagerð
1	10	342		Sjóslysanefnd
1	10	333	08	Sjóvarnargarðar
1	05	299	01	Sjóvinnunámskeið
1	08	399	27	Sjúkraflug
1	08	381		Sjúkrahús og læknabústaðir
1	06	283	06	Sjúkrakostnaður refsifanga
1	09	207		Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum
1	09	206		Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri
1	09	205		Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra, Siglufirði
1	09	211		Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði
1	09	208		Skattstofa Suðurlands, Hellu
1	09	204		Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði
1	09	209		Skattstofa Vestmannaeyja
1	09	203		Skattstofa Vesturlandsumdæmis, Akranesi
1	09	202		Skattstofan í Reykjavík
1	09	212		Skattstofur, sameiginleg útgjöld
1	02	999	21	Skáksamband Íslands
1	06	301	21	Skálholtsstaður, framlag
1	10	321	02	Skipaútgerð ríkisins
1	07	301		Skipulagsstjóri
1	02	791	17	Skíðakennsla í skólum
1	02	989	08	Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum
1	04	231		Skógrækt ríkisins
1	04	299	18	Skógræktarfélag Íslands
1	05	299	02	Skólabátar
1	08	399	37	Skólar heilbrigðisstétta
1	08	393		Skólayfirlæknisembættið
1	05	901		Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna
1	09	981		Skrifstofubygging við Grensásveg
1	09	999	07	Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna
1	07	999	13	Slysavarnafélag Íslands
1	08	381	05	St. Franciscusarreglan, Stykkishólmi, byggingarstyrkur sjúkrahúss
1	08	381	08	St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur
1	02	881	11	Starfsemi stúdenta
1	02	982	18	Starfslaun listamanna
1	01	101	02	Stjórnarráðshús
1	06	102		Stjórnartíðindi
1	02	999	19	Stjórnunarfélag Íslands
1	11	205		Stjórnunarnámskeið
1	04	287		Stofnlánadeild landbúnaðarins
1	02	205		Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
1	08	481	05	Stórstúka Íslands
1	10	321		Strandferðir, framlög
1	09	384		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur
1	09	383		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn
1	07	999	14	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
1	07	999	18	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, vegna sérnáms
1	07	999	15	Styrktarfélag vangefinna
1	07	999	16	Styrktarfélag vangefinna, dagheimili
1	07	999	36	Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi
1	07	999	35	Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi
1	07	974		Styrktarsjóður fatlaðra

1	07	999	33	**Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra**
1	07	975		Styrktarsjóður vangefinna
1	02	984	09	Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum
1	02	881	05	Styrkur til íslendings til að læra tungu grænlendinga
1	02	881	09	Styrkur til útgáfustarfa
1	02	507		Stýrimannaskólinn í Reykjavík
1	02	582		Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum
1	06	301	12	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar
1	02	999	39	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum
1	02	999	61	**Sumarnámskeið í Leirárskóla**
1	02	999	63	**Sumarskóli í Edinborg**
1	02	983	04	Surtseyjarfélagið
1	02	999	23	Sviffflugfélag Íslands
1	06	225		Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri
1	06	229		Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði
1	06	236		Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði
1	06	226		Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík
1	06	218		Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði
1	06	235		**Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík**
1	06	222		Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki
1	06	227		**Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði**
1	06	221		Sýslumaðurinn, Blönduósi
1	06	213		Sýslumaðurinn, Borgarnesi
1	06	215		Sýslumaðurinn, Búðardal
1	06	219		Sýslumaðurinn, Hólmavík
1	06	232		Sýslumaðurinn, Hvolsvelli
1	06	230		Sýslumaðurinn, Höfn í Hornafirði
1	06	216		Sýslumaðurinn, Patreksfirði
1	06	234		Sýslumaðurinn, Selfossi
1	06	214		Sýslumaðurinn, Stykkishólmi
1	06	231		Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal
1	02	999	08	Sædýrasafnið í Hafnarfirði
1	02	999	65	Sædýrasafnið í Hafnarfirði, stofnkostnaður
1	02	999	74	**Sögualdarbær í Þjórsárdal**
1	11	235	03	Sölustofnun lagmetisiðnaðarins
1	06	301	10	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar
1	02	999	20	**Taflfélag Reykjavíkur**
1	02	999	84	Talkennsla fyrir vangefin börn, námsstyrkur
1	08	481	04	**Templarahöllin, byggingarstyrkur**
1	01	101	12	Thor Thors sjóðurinn
1	02	999	85	Til fyrrverandi barnakennara
1	07	999	17	Til hjálpar nauðstöddum íslendingum erlendis
1	02	202		**Tilraunastöð háskólans á Keldum**
1	02	999	11	**Tímaritið Veðrið**
1	07	999	06	**Tjaldanesheimilið**
1	09	282		**Tollamál, sameiginlegur kostnaður**
1	03	201	02	**Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli**
1	09	263		Tollgæsla
1	09	261		**Tollstjórinn í Reykjavík**
1	02	563		Tónlistarfræðsla
1	02	563	03	Tónlistarskólar, aðrir
1	02	563	02	Tónlistarskólinn í Reykjavík

1	02	563	06	Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsíkskólinn, byggingarstyrkur
1	02	563	05	Tónlistarstarfsemi
1	01	999	12	Tryggingabætur skv. kjarasamningum
1	08	323		Tryggingaeftirlitið
1	08	271		Tryggingastofnun ríkisins
1	11	299	05	Tækniaðstoð S. þ., UNDP
1	08	399	33	Tækniaðstoð við sveitarfélög
1	02	501		Tækniskóli Íslands
1	07	999	28	Umbúðasmiði vegna fatlaðra
1	06	255		Umferðarráð
1	02	791	18	Unglingafræðsla
1	02	988	04	Ungmennafélag Íslands
1	09	381		Uppbætur á lífeyri
1	04	290		Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir
1	02	871		Upptökuheimilið í Kópavogi
1	06	301	07	Utanfarir presta
1	03	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa
1	11	235	02	Útflutningsmiðstöð iðnaðarins
1	02	989	06	Útgáfa handbóka um skólaíþróttir
1	06	281	09	Útgáfa lagasafns
1	06	281	06	Útgáfa norræns dómasafns
1	06	301	24	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan
1	09	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum
1	06	301	20	Útihús á prestsetrum
1	06	206	02	Útlendingaeftirlit
1	03	102		Varnarmáladeild
1	03	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar
1	07	399		Vatnsveitur
1	04	286	11	Veðdeild Búnaðarbankans
1	10	652		Veðurstofan
1	10	211		Vegagerð
1	05	299	09	Veiðieftirlit
1	04	246		Veiðimálaskrifstofan
1	04	205		Veiðistjóri
1	04	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða
1	05	221		Verðlagsráð sjávarútvegsins
1	12	902		Verðlagsskrifstofan
1	05	299	10	Verðuppbætur á línufisk
1	11	204		Verkstjórnarnámskeið
1	08	471	04	Vernd
1	02	802		Vernd barna og ungmenna
1	02	999	77	Verslunarhús á Flateyri, varðveisla
1	02	581		Verslunarskólar
1	02	581	01	Verslunarskóli Íslands
1	03	399	04	Vestur-íslendingar, samskipti
1	06	301	05	Vestur-íslenskar kirkjur
1	02	506		Vélskóli Íslands
1	02	987		Viðeyjarstofa, endurbætur
1	05	299	11	Viðgerðarþjónusta á fiskleitartækjum
1	11	299	08	Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað
1	12	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa

1	06	243		Vinnuhælið á Kvíabryggju
1	06	242		Vinnuhælið á Litla-Hrauni
1	07	981		Vinnumál
1	02	801		Vistheimilið Breiðavík
1	08	377		Vistheimilið Gunnarsholti
1	10	331		Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa
1	10	332	05	Vitabyggingar
1	10	332		Vitamál
1	10	332	02	Vitar, rekstur
1	08	374		Vífilsstaðaspítali
1	02	983	03	Vísinda- og fræðimenn
1	02	975		Vísindasjóður
1	12	999		Vörusýningar erlendis
1	07	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið
1	08	399		Ýmis heilbrigðismál
1	02	989		Ýmis íþróttamál
1	15	191		Ýmis lán ríkissjóðs
1	04	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála
1	02	399		Ýmis utanríkismál
1	02	983		Ýmis vísindaleg starfsemi
1	09	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið
1	02	999		Ýmislegt, menntamálaráðuneytið
1	05	299		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
1	02	999	40	Zontaklúbbur Akureyrar vegna Nonnahúss
1	11	235	04	Þangverksmiðja, Reykhólum
1	00	201	08	Þingmannasamtök NATO
1	02	999	68	Þingstaður í Kópavogi, rannsókn
1	02	999	41	Þjóðdansafélagið
1	01	902		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
1	02	931	03	Þjóðgarðurinn Jökulsárglúfrum
1	01	931	02	Þjóðgarðurinn Skaftafelli
1	01	102		Þjóðhagsstofnun
1	02	999	60	Þjóðhátta- og byggðakvikmyndir
1	06	301		Þjóðkirkjan
1	06	301	40	Þjóðkirkjan, fastanefndir
1	02	973		Þjóðleikhúsið, framlög
1	02	902		Þjóðminjasafn Íslands
1	02	903		Þjóðskjalasafn Íslands
1	13	102		Þjóðskráin
1	08	502		Þroskaþjálfaskólinn
1	09	999	14	Þungaskattsálagning með ökumælum
1	04	299	09	Æðarræktarfélag Íslands
1	02	322		Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans
1	02	988		Æskulýðsmál
1	02	988	02	Æskulýðsráð ríkisins
1	06	301	11	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan
1	06	284	03	Öleftirlit
1	02	902	20	Örnefnastofnun
1	06	261		Öryggiseftirlit ríkisins

B-HLUTI

2	05	274	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins
2	09	931	Arnarhvoll
2	08	273	Atvinnuleysistryggingasjóður
2	04	221	Áburðarverksmiðja ríkisins
2	09	101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
2	10	211	Áhaldahús vegagerðarinnar
2	07	972	Bjargráðasjóður Íslands
2	09	932	Borgartún 7
2	08	911	Brunabótafélag Íslands
2	01	171	Byggðasjóður
2	05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins
2	05	271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips
2	02	977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu
2	02	276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
2	07	271	Byggingasjóður ríkisins
2	07	272	Byggingasjóður verkamanna
2	04	272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey
2	07	971	Erfðatjársjóður
2	10	673	Ferðaskrifstofa ríkisins
2	05	211	Fiskimálasjóður
2	10	471	Flugmálastjórn
2	03	111	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli
2	04	236	Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti
2	04	238	Fóðuriðjan, Ólafsdal
2	03	101	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli
2	04	239	Grænfóðurverksmiðja, Flatey, A-Skaft.
2	08	471	Gæsluvistarsjóður
2	10	332	Hafnabótasjóður
2	02	201	Happdrætti háskólans
2	02	211	Háskólabíó
2	09	103	Innkaupastofnun ríkisins
2	11	331	Jarðboranir ríkisins
2	04	172	Jarðasjóður
2	04	171	Jarðeignir ríkisins
2	11	332	Jarðvarmaveitur ríkisins
2	06	371	Kirkjubyggingasjóður
2	06	372	Kirkjugarðasjóður
2	06	373	Kristnisjóður
2	11	313	Kröfluvirkjun
2	11	234	Lagmetisiðjan Siglósíld
2	07	372	Landakaup kaupstaða og kauptúna

2	04	271	Landgræðslusjóður
2	06	251	Landhelgissjóður
2	10	334	Landshöfn, Keflavík, Njarðvík
2	10	335	Landshöfn, Rifi
2	10	333	Landshöfn, Þorlákshöfn
2	11	232	Landssmiðjan
2	11	311	Landsvirkjun
2	11	312	Laxárvirkjun
2	04	246	Laxeldisstöð í Kollafirði
2	02	872	Lánasjóður íslenskra námsmanna
2	07	371	Lánasjóður sveitarfélaga
2	11	315	Lína Krafla—Akureyri
2	09	102	Lyfjaverslun ríkisins
2	08	377	Læknishéraðasjóður
2	06	101	Lögbirtingablaðið
2	02	976	Menningarsjóður
2	11	314	Norðurlína
2	11	371	Orkusjóður
2	10	101	Póstur og sími
2	11	321	Rafmagnsveitur ríkisins
2	09	971	Ríkisábyrgðasjóður
2	11	233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
2	02	422	Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð
2	02	971	Ríkisútvarp, hljóðvarp
2	02	972	Ríkisútvarp, sjónvarp
2	03	121	Sala varnarliðseigna
2	02	679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
2	11	231	Sementsverksmiðja ríkisins
2	10	672	Sérleyfissjóður
2	02	974	Sinfóníuhljómsveit
2	05	221	Síldarverksmiðjur ríkisins
2	10	321	Skipaútgerð ríkisins
2	04	237	Stórólfsvallarbúið
2	07	974	Styrktarsjóður fatlaðra
2	07	975	Styrktarsjóður vangefinna
2	04	206	Tilraunabúið á Hesti
2	04	208	Tilraunastöðin á Möðruvöllum
2	04	207	Tilraunastöðin á Reykhólum
2	04	211	Tilraunastöðin á Sámsstöðum
2	04	209	Tilraunastöðin á Skriðuklaustri
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar

2 10 671 Umferðarmiðstöð .....
2 02 871 Upptökuheimilið í Kópavogi .....

2 10 331 Vitamálastjórn, áhaldahús .....
2 02 975 Vísindasjóður .....

2 09 939 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs .....

2 02 973 Þjóðleikhús .....
2 08 311 Þvottahús ríkisspítala .....

Efnisyfirlit

		Bls.
A-hluti:	Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	1
	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	1
	Rekstrarreikningur	2
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	8
	Æðsta stjórn ríkisins	8
	Forsætisráðuneytið	9
	Menntamálaráðuneytið	11
	Utanríkisráðuneytið	32
	Landbúnaðarráðuneytið	37
	Sjávarútvegsráðuneytið	44
	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	48
	Félagsmálaráðuneytið	63
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	67
	Fjármálaráðuneytið	73
	Samgönguráðuneytið	78
	Iðnaðarráðuneytið	82
	Viðskiptaráðuneytið	86
	Hagstofa Íslands	86
	Ríkisendurskoðun	87
	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	87
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	88
Heimildir		125
Sérstök yfirlit		128
1.	Heildarútgjöld eftir tegundum útgjalda, A-hluti	128
2.	Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta	128
3.	Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda	129
4.	Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli	129
5.	Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum	130
6.	Heildarútgjöld eftir ráðuneytum. Samanburður við fjárlög 1976	131
7.	Framkvæmdaframlög 1976 og 1977	132
8.	Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps 1977 og fjáröflun til þeirra	133
9.	Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekjustofnum	134
10.	Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtakendum	136
11.	Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda	137
12.	Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár	137

Bls.
Athugasemdir 145
Yfirlit og samanburður við fjárlög 1976 149
Gjaldahlið 149
Tekjuhlið 158
Lánahreyfingar 164
Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins 167

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð 193

Nd. 2. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [2. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason og Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Í 11. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skulu í 3. mgr. falla niður orðin „í sameinuðu þingi".

2. gr.

32. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

3. gr.

38. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi hefur rétt til að senda forseta lýðveldisins ávörp.

4. gr.

39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:
Alþingi getur skipað nefndir þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingið getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

5. gr.

Síðari mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

6. gr.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar falli niður orðið „Sameinað" í fyrri mgr.

7. gr.

44. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umr.

8. gr.

45. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

9. gr.

Í 49. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr., skal í stað orðanna „samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í" koma: samþykkis þingsins.
Í 2. mgr. skal í stað orðanna „nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi" koma: nema þingið leyfi.

10. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi kýs sér forseta og þrjá varaforseta.

11. gr.

53. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði.

12. gr.

54. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál og beiðast um það skýrslu ráðherra.

13. gr.

55. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Eigi má Alþingi taka við neinu málefni, nema einhver þingmanna flytji það.

14. gr.

56. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál, getur það vísað því til ráðherra.

15. gr.

Í 57. gr. stjórnarskrárinnar skulu falla niður orðin „beggja deilda og sameinaðs“.

16. gr.

58. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

17. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar, fyrri mgr., hljóði svo:
Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi síðan ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Greinargerð.

Deildaskipting Alþingis var ákveðin með stjórnarskránni 5. janúar 1874, en kom til framkvæmda á þinginu 1875.

Enda þótt deildaskiptingin hafi enst heila öld, af því að Íslendingar hafa haft öðrum stjórnskipunarmálum að sinna, var hún frá upphafi umdeild og vafasöm og torveldaði sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Deildaskiptingin er erlent fyrirbæri, sem á sér engar forsendur í stéttlausu þjóðfélagi Íslendinga, en hefur kostað bæði fé, tíma og stjórnarfarsleg vandkvæði.

Deildaskipting þingsins hefur hvað eftir annað gert ríkisstjórnum, sem studdar voru af hreinum meiri hluta alþingismanna, erfitt að gegna hlutverki sínu. Afleiðingin hefur orðið veikara stjórnarfar, sem oft hefur jaðrað við upplausn og ýtt undir ábyrgðarleysi og ævintýrapólitík. Þess vegna er tími til kominn að afnema deildaskiptinguna og skipa Alþingi í eina málstofu.

Alþingi starfaði óskipt frá endurreisn þess til 1875. Kom varla til greina að skipta 26 þingmönnum í deildir, enda tefldu Danir ekki í neina tvísýnu, þar sem konungkjörnir þingmenn voru 6 og kosningarréttur miklum takmörkunum háður. Á þessum árum var mikið rætt og ritað um skipan Alþingis, og var ekki að undra, þótt imprað væri á þeim möguleika að taka upp deildaskiptingu. Erlendis barðist borgarastéttin hvarvetna fyrir réttindum og völdum. Konungar og aðall létu undan síga, en vörðu sig með því að ríghalda í sérstakar þingdeildir fyrir forréttindastéttir. Trúðu þá margir, meðal annars á Íslandi, að slík skipan væri eðlileg og sjálfsögð.

Þetta mál bar á góma á Þjóðfundinum 1851, en mikill meiri hluti fulltrúa undir forustu Jóns Sigurðssonar tók afstöðu með einni málstofu. Þeir viðurkenndu að vísu, að tvískipting gæti átt rétt á sér, þar sem stéttamunur og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, en um það væri ekki að ræða á Íslandi.

Konungur lagði nýtt og að mörgu leyti merkilegt frumvarp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi 1867. Þingið átti að fá aukin völd, en jafnframt taldi stjórnin rétt að setja á það nokkur höft, enda þótt einni málstofu væri haldið. Nefnd alþingismanna fjallaði ítarlega um málið og gerði tillögu um deildaskiptingu, en einnig að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað verulega.

Jón Sigurðsson var ekki ánægður með þessa þróun mála, og í Nýjum félagsritum 1870 sagði hann: „Með því að þröngva frelsi Alþingis í frumvarpinu 1867 (33. gr.) kom stjórnin því til leiðar, að stungið var upp á að skipta þinginu í tvær deildir, eða málstofur, sem eykur bæði málalenging og kostnað meira en þörf er á og gefur hinum konungkjörnu færi á að ónýta hvert mál á þinginu, ef þeir vilja. Stjórnin hefur líka fundið, að þetta var eins sterkt ófrelsisband eins og hitt, og hefur því samþykkt uppástunguna, þó hún í raun og veru sýnist vera henni mótfallin. En það hyggjum vér, að mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust."

Skoðanir Jóns fengu stuðning frá ýmsum einstaklingum og í bænaskrám. Samt sem áður samþykkti næsta þing enn skiptinguna, og henni var haldið í stjórnarskránni 1874, sem þó í heild var hin mesta stjórnarbót, ekki síst af því að Alþingi fékk löggjafarvald í sérmálum Íslendinga.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar og fram eftir hinni tuttugustu var meira rætt og deilt um sjálfstæðismálið en nokkuð annað, og kom skipan Alþingis þar mikið við sögu. Það var Íslendingum að sjálfsögðu þyrnir í augum, að hinir konungkjörnu þingmenn gátu með helming atkvæða í efri deild fellt hvaða mál sem þeim sýndist. Tókst loks að fá þessu breytt 1903, er þingmönnum deildarinnar var fjölgað um tvo og hinum þjóðkjörnu þar með tryggður meiri hluti.

Óskipt þing átti sér ávallt nokkra formælendur á þessum árum, en flestir stjórnmálamenn virtust þó ekki reiðubúnir til að afnema deildaskiptinguna, að minnsta kosti meðan konungkjörnir þingmenn sátu enn á þingi. Benedikt Sveinsson sagði til dæmis, að með tímanum gæti svo farið, að óskipt þing þætti hagkvæmast, en hann taldi það ekki tímabært. Í stað þess komu fram ýmsar hugmyndir, svo sem að láta kjósa til efri deildar með takmörkuðum kosningarrétti, að láta kjósa deildarmenn tvöfaldri kosningu með kjörmönnum eða að kjósa þá hlutfallskosningu, ýmist í fáum kjördæmum eða með landið allt eitt kjördæmi. Íslendingum reyndist, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, „vandi að mynda nýtilega efri deild".

Landskjörið var tekið upp 1915, þegar konungkjör þingmanna var lagt niður. Hinir sex landskjörnu þingmenn voru kosnir, fyrst til 12, en síðar til 8 ára, hlutbundnum kosningum með landið allt eitt kjördæmi. Kosningarréttur og kjörgengi voru bundin við 35 ár, þegar almennur kosningarréttur var miðaður við 25 ár. Árið 1934 var landskjörið afnumið, og síðan hafa þingmenn allir verið kjörnir á sama hátt á sama tíma, en sameinað þing hefur kjörið til efri deildar. „Er óneitanlegt, að deildaskiptingin hefur þar með, a. m. k. að nokkru leyti, misst sína fyrri

þýðingu, þótt hún kunni enn að réttlætast af öðrum ástæðum," segir Ólafur Jóhannesson í Stjórnskipun Íslands.

Alþýðuflokkurinn hafði áður á stefnuskrá sinni, að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þingmenn sitja í einni málstofu. Flutti Jón Baldvinsson um þetta frumvarp 1933 og sagði þá í greinargerð: „Í einni málstofu geta þingmenn hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni, né treyst því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþingismanna til allra mála verður því hreinni og þau betur athuguð." Mótbárum um hættu á flausturslegri afgreiðslu mála í einni málstofu mætti Jón, eins og margir aðrir á undan honum, með því að benda á, að hafa megi fjórar umræður um lagafrumvörp.

Núgildandi kjördæmaskipan, með algerum hlutfallskosningum í fáum kjördæmum og uppbótarþingsætum, fer svo nærri hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi, að Alþýðuflokkurinn hefur látið þar við sitja. Hins vegar heldur hann enn fram hugmyndinni um eina málstofu, eins og þetta frumvarp ber með sér.

Bjarni Benediktsson kunni betri skil á deildaskiptingu Alþingis en nokkur annar. Kom út frá hans hendi mikið fræðirit um þetta efni 1939 (Deildir Alþingis), og ítarleg ritgerð um sama efni birtist í bókinni Land og lýðveldi, I. bindi.

Enda þótt Bjarni héldi sig við fræðilega könnun málsins, sagði hann á einum stað: „Þýðing tviskiptingar þingsins hefur tvímælalaust farið minnkandi," og á öðrum: „Í bili horfir helst þannig, að tviskipting þingsins muni smám saman hverfa."

Lengst hefur verið gengið í þessu máli í forsætisráðherratíð Bjarna í samstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Í stefnuræðu, er hann flutti í upphafi fyrsta þings eftir kosningarnar 1967, gaf hann þessa yfirlýsingu: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði ein málstofa."

Deilt hefur verið um, hvort raunverulega eigi að telja Alþingi tviskipt, þar eð þingmenn eru allir kjörnir á sama hátt á sama tíma. Hafa sumir sagt, að deildirnar væru líkið meira en nefndir kjörnar af sameinuðu þingi. Aðrir hafa látið það ráða, að hvor deild getur fellt mál og þær hafa þannig mikið sjálfstætt vald. Þetta þýðir, eins og Bernharð Stefánsson segir í endurminningum sínum, að „í rauninni gildir atkvæði efri-deildar-þingmanns tvöfalt á við neðri-deildar-þingmann í öllum almennum löggjafarmálum." Sex þingmenn í efri deild geta fellt frumvarp, ef ellefu eru á fundi og greiða atkvæði.

Hins vegar hefur því ekki verið gaumur gefinn, að Alþingi hefur í raun réttri ekki tvær málstofur, heldur þrjár. Sameinað þing hafði sáralítið hlutverk í fyrstu. Einar Arnórsson segir í Réttarsögu Alþingis um störf þess eftir breytinguna 1874: „Það má telja undantekningu, að Alþingi starfi í einni málstofu, því að venjulega fara störf þess fram í deildunum." Eftir því sem árin hafa liðið, hefur sameinað þing þó vaxið að verkefnum og völdum og hefur nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til sameinaðs þings 1934. Þingsályktunartillögur þekktust varla fyrr á árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær notaðar til að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga og ákveða aðild að alþjóðlegum samtökum, marka stefnu í landhelgismálum og fleiri stórmálum, staðfesta áætlanir um framkvæmdir og margs fleira. Fyrirspurnir höfðu áður litla þýðingu og voru fáar, en eru nú loftvog landsmálanna og eftirlætis auglýsingaform þingmanna. Allt hefur þetta valdið því, að sameinað þing tekur nú oft tvo af fjórum fundadögum Alþingis í viku hverri.

Störf Alþingis mundu án efa verða einfaldari og ódýrari í einni málstofu en þrem. Breyting á nefndaskipan mundi hafa mikla þýðingu, þar eð nefndum mætti fækka úr 24 í 13, og hver þingmaður mundi sitja í færri nefndum, sem hann gæti sinnt betur en nú gerist. Slíkar endurbætur á nefndastarfi Alþingis eru aðkallandi. Þá mundi tími ráðherra nýtast betur, ef þeir þyrftu ekki að taka þátt í umræðum um mál sín í tveim deildum.

Veigamikil röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis er áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstjórn. Þingmenn eru nú 60, en ekki nægir fyrir flokk eða flokka að hafa 31 þingmann til að stjórna landinu. Til þess þarf meiri hluta í báðum deildum, að minnsta kosti 21:19 í neðri deild og 11:9 í efri deild, og verður ríkisstjórn því að hafa 32 stuðningsmenn hið minnsta — eða 53.3%.

Stundum hefur verið haldið fram, að þessi krafa um aukinn meiri hluta stuðlaði að sterkum ríkisstjórnum. Reynslan hefur þó sýnt hið gagnstæða. Deildaskiptingin hefur hvað eftir annað veikt stjórnir, sem þó höfðu meiri hluta þingmanna að baki sér, og leitt til margvíslegra erfiðleika.

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Hafði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og hraktist fljótlega frá völdum. Hún var að vísu veik, af því að hún hafði aðeins 35% kjósenda á bak við þingið sitt, en þannig var kjördæmaskipan þá.

Eftir kosningarnar 1934 höfðu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn 25 þingmenn af 49. Þá skorti eitt atkvæði í neðri deild til þess að hafa starfhæfan meiri hluta, en Ásgeir Ásgeirsson kom þeim til bjargar, svo og Magnús Torfason.

Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð 1959, skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstæðisflokksins hafði hún 27 þingmenn gegn 25. Samt hafði stjórnarandstaðan (Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag) meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins áleiðis, að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, enda þingrof framundan.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf Bjarna Guðnasonar stuðnings meiri hluta þingmanna (31:29), en hafði ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum gegnum þingið. Þetta skapaði stóralvarlegt ástand og leiddi til þingrofs og kosninga.

Ábyrgir menn verða að hugsa þetta mál og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á, að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hljóta menn að fallast á, að tími sé kominn til að afnema deildaskiptingu Alþingis. Það þarf að gera fyrir næstu kosningar, svo að ný skipan geti komið til framkvæmda snemma á næsta kjörtímabili.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 115 1936, um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 54 1972.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

1. málsl. fyrri málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Kosning forseta og varaforseta í sameinuðu þingi og báðum deildum gildir þar til þing er næst sett, jafnvel þótt þing hafi verið rofið.

2. gr.

Síðari mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

3. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Forsætisnefnd er skipuð forsetum og varaforsetum þingsins, svo og einum fulltrúa hvers þingflokks, sem engan á forseta.

Nefndin fer með stjórn Alþingis, skipar skrifstofustjóra og starfslið, ákveður þingfararkaup og úrskurðar kostnaðarreikninga, fer með málefni alþingishúss, húss Jóns Sigurðssonar og Þingvalla.

Skrifstofustjóri skal aðstoða forseta og gera tillögur um starfslið og starfstilhögun. Hann stendur fyrir reikningum Alþingis, útgáfu og dreifingu Alþingistíðinda, hefur umsjón með alþingishúsinu og garði ásamt öðrum húseignum og lóðum.

Skrifstofustjóri sér um skjalasafn og bókasafn Alþingis ásamt tveim þingmönnum, sem forsætisnefnd tilnefnir. Forsætisnefnd gefur út erindisbréf honum til handa og öðrum, er skipa ábyrgðarstöður þingsins.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs allar fastanefndir þingsins á öðrum fundi sínum. Kjörtímabili nefndanna lýkur, þegar nýtt þing er sett, nema þing hafi verið rofið.

Fastanefndir eru þessar:

1) **Dóms- og kirkjumálanefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fer með mál er varða stjórnskipan og stjórnarfar, þingsköp og þá málaflokka, er heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
2) **Félagsmálanefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fer með þá málaflokka, sem heyra undir félagsmálaráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
3) **Fjárhagsnefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fer með almenn efnahagsmál, Hagstofu Íslands og þá málaflokka, er heyra undir fjármálaráðuneytið almennt samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
4) **Fjárveitinganefnd,** skipuð níu alþingismönnum, fjallar um frv. til fjárlaga og fjáraukalaga, ríkisendurskoðun, skoðun ríkisreikninga og fjárlaga- og hagsýslustofnun.
5) **Heilbrigðis- og trygginganefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
6) **Iðnaðarnefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir iðnaðarráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
7) **Landbúnaðarnefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir landbúnaðarráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
8) **Menntamálanefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir menntamálaráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
9) **Samgöngunefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um vegáætlanir, hafnaráætlanir, flóabáta og aðra málaflokka, er heyra undir samgönguráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
10) **Sjávarútvegsnefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir sjávarútvegsráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
11) **Utanríkismálanefnd,** skipuð sjö alþingismönnum og sjö til vara, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir utanríkisráðuneytið samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands. Nefndin er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkis- og varnarmál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni, ef formaður hennar eða utanríkisráðherra kveður svo á.

12) **Viðskiptanefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, sem heyra undir viðskiptaráðuneyti samkvæmt lögum og reglum um Stjórnarráð Íslands.
13) **Umboðsnefnd,** skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um kvartanir, er Alþingi berast eða upp eru teknar á þingi varðandi opinbera stjórnsýslu, og rangindi, er menn telja sig beitta af henni. Sérstök lög gilda um umboðsnefnd og störf hennar.

Hver fastanefnd kýs sér formann, varaformann og skrifara. Hver nefnd skal hafa sér til aðstoðar tiltekna starfskrafta.

Þyki þingflokki nauðsyn að skipta um mann í nefnd, er það heimilt, ef forsætisnefnd samþykkir. Skal tilkynna það í sameinuðu þingi, ef skipti eru ekki tímabundin.

Fastanefndir Alþingis ákveða sér fasta fundartíma í samráði við forsætisnefnd. Ákvæði 34. gr. 1. mgr. um skyldu þingmanna til að sækja alla þingfundi eiga og við um nefndafundi.

Sameinuðu þingi og báðum þingdeildum er heimilt að vísa þingmálum til fastanefnda. Þær skila skriflegum nefndarálitum og tillögum, sem teljast þingskjöl sameinaðs þings eða þeirrar deildar, sem málið sendi nefndinni. Að jafnaði skal fyrri deild, sem fjallar um mál, vísa því til nefndar, en heimilt er að gera það á öllum málsstigum.

Fastanefndum ber auk þessa að fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um nýja lagasetningu eða breytingu á lögum eftir því sem þær sjá ástæðu til.

Þegar þing situr ekki, geta fastanefndir haldið fundi utan þingstaðar.

Eigi þingflokkur ekki fulltrúa í þingnefnd, getur forsætisnefnd heimilað honum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi á nefndafundum.

Heimilt er sameinuðu þingi að kjósa lausanefndir til að fjalla um einstök mál sín eða deilda, ef meira en helmingur þingmanna greiðir því atkvæði.

5. gr.

1) 1. og 2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:
Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi og skal prenta þær og útbýta meðal þingmanna á fundi. Tillögur má eigi taka til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu eftir útbýtingu.
Um þingsályktunartillögur, er varða stjórnskipan lýðveldisins, utanríkis- eða varnarmál, skulu fara fram tvær umræður, og má vísa tillögunum til nefnda milli umræðna. Öllum öðrum þingsályktunartillögum skal vísa til nefnda án umræðu. Þegar nefndarálit liggur fyrir, skal ræða tillögurnar og afgreiða.
2) 4. mgr. sömu greinar falli niður.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:
Flutningsmaður máls, en eigi nema einn, má ....

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með fyrstu þingsetningu eftir staðfestingu þeirra.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að auka hlut Alþingis í stjórnkerfi lýðveldisins og bæta starfshætti þess með eftirfarandi breytingum:

1) **Að breyta skipan og verkefnum fastanefnda þingsins, fækka þeim verulega og gera þingmönnum kleift að einbeita sér að 1—2 nefndum.**

2) **Að láta fastanefndirnar starfa milli þinga, halda fundi utan þingstaðar, fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um lagasetningu eða breytingu laga.**
3) **Að kjósa umboðsnefnd Alþingis, er gegni hlutverki umboðsmanns til að verja landsmenn gegn órétti í stjórnsýslu og veita stjórnvöldum aðhald.**
4) **Að taka upp forsætisnefnd, er stjórni málum Alþingis með auknum völdum og aukinni ábyrgð.**
5) **Að breyta meðferð þingsályktunartillagna til að stytta þann tíma þingsins, sem farið hefur í umræður um annað en beina lagasetningu.**
6) **Að staðfesta í lögum þá hefð, að þingforsetar gegni störfum milli þinga, jafnvel þegar þing er rofið.**

Vöxtur þjóðarinnar, félagsleg umbrot og tæknibylting hafa á síðustu áratugum aukið til muna verkefni Alþingis og kröfur þjóðarinnar til þess.

Enda þótt kjördæmaskipan hafi verið breytt, þingmönnum fjölgað, aðstaða þeirra og launakjör bætt til muna, hafa litlar breytingar verið gerðar á starfsháttum þingsins sjálfs. Slíkar breytingar verður þingið að gera til að fylgjast með tímanum og forðast að tapa áhrifum og trausti.

Það hefur vafist ótrúlega fyrir forustusveit íslenskra stjórnmála að setja stjórnarskrá, sem hæfir nýstofnuðu lýðveldi, og virðast ríkisstjórnir og flokkar aldrei sjá út úr myrkviði erfiðra dægurmála. Reynslan sýnir, að hyggilegt mundi vera að gera fyrst breytingar á kjördæmaskipan og Alþingi, en taka síðan til við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Breytt nefndaskipan.

Nefndir Alþingis eru veigamesti þáttur í málefnastarfi þess. Þar á þingið að beita áhrifum sínum við athugun mála, sambandi við menn og stofnanir utan þings, ráðgjöf sérfræðinga og mótun löggjafar og ályktana.

Nefndakerfi þingsins hefur um langt skeið verið sundurlaust og mistækt, og nefndir hafa með sárafáum undantekningum ekki unnið sér þá virðingu og þau völd, sem þær ættu að hafa.

Fastanefndir Alþingis eru 24 talsins. Efri deild og neðri deild hafa hvor sitt nefndakerfi og sameinað þing hið þriðja, en þar hefur nefndum farið fjölgandi. Þannig eru þrjár allsherjarnefndir í þinginu, tvær nefndir um hvern höfuðflokk löggjafar og nokkrar nefndir aðeins í sameinuðu þingi.

Nefndir hafa yfirleitt sjö þingmenn hver, fjárveitinganefnd tíu, en utanríkismálanefnd ein varamenn. Nefndasæti eru því alls 178. Þar eð átta ráðherrar sitja ekki í nefndum, skipast nefndasætin milli 52 þingmanna og koma 3.4 sæti á hvern. Í reynd er nefndafjölda mjög misskipt á milli þingmanna, en á þinginu 1975—76 var skiptingin á þessa leið:

1 nefnd: 3 þingmenn,
2 nefndir: 13 þingmenn,
3 nefndir: 17 þingmenn,
4 nefndir: 8 þingmenn,
5 nefndir: 7 þingmenn og
6 nefndir: 4 þingmenn.

Augljós tilhneiging er hjá hinum áhrifameiri mönnum þingflokka að vera í fáum nefndum, en nýliðar eru margir í fjölda nefnda. Þriðjungur þingmanna er, samkvæmt þessum tölum, í helming allra nefndasæta.

Í frv. er gerð tillaga um, að fastanefndir verði engar í deildum, en allar í sameinuðu þingi. Þrátt fyrir það gætu deildir vísað málum til nefndanna og þær gefið út skrifleg nefndarálit og tillögur. Munnleg framsaga fyrir nefndarálitum mundi falla niður, enda er hún óþörf og tímafrek. Engin hætta er á, að sjónarmið komist ekki til skila og mál verði ekki sótt og varin þrátt fyrir það.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er þingdeildum heimilað að skipa nefndir innandeildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða.

Um fastanefndir eru hins vegar engin ákvæði í stjórnarskrá og hefur verið talið heimilt að ákveða skipan þeirra og störf í lögum um þingsköp.

Til álita kemur, hvort það brýtur í bága við deildaskiptingu Alþingis í 32. gr. stjórnarskrárinnar, ef þingsköp heimila, að deildir vísi málum til nefnda, sem kosnar eru í sameinuðu þingi. Þetta var þó leyft í lögum um utanríkismálanefnd 1928, en var síðar fellt **niður.**

Þýðing deildarskiptingarinnar hefur farið ört minnkandi síðustu áratugi, en verkefni sameinaðs þings aukist að sama skapi. Gallar hins tvískipta nefndakerfis komu snemma í ljós, og var gripið til þess ráðs að láta nefndir beggja deilda vinna saman. Eru slíkar samvinnunefndir heimilaðar í þingsköpum og hafa verið fastur liður í þingstörfum mestalla þessa öld.

Flutningsmaður telur þær breytingar, sem nú er gerð tillaga um, nauðsynlegar vegna stóraukins álags verkefna þingsins og í beinu framhaldi af þróun þingstarfa. Sameiginlegt nefndakerfi raskar ekki þeirri meginreglu deildaskiptingarinnar, að lagafrumvörp, önnur en fjárlög og fjáraukalög, verði ekki afgreidd, fyrr en þau hafa verið rædd þrisvar í hvorri deild.

Við þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi fastanefndum Alþingis fækka úr 24 í 14 og sætum í þeim úr 178 í 101, eða 1.9 á hvern og einn af 52 þingmönnum. Ef reynt væri að skipta þessu starfi jafnar en verið hefur, mundu þingmenn geta einbeitt sér mun meir að verkefnum nefnda sinna.

Þá er gert ráð fyrir að breyta verkaskiptingu fastanefndanna, og er tekin upp sama skipting og ríkir milli ráðuneyta í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Þetta mundi reynast hagræðing fyrir alla aðila.

Það er nýjung, að gerð er tillaga um **umboðsnefnd Alþingis.** Er henni ætlað það verkefni, sem fela átti umboðsmanni Alþingis samkvæmt stjórnarfrv., sem flutt hefur verið, en ekki afgreitt. Sú leið að fela þingnefnd þetta verkefni er farin í Vestur-Þýskalandi, og mælir ýmislegt með því, að hún mundi henta íslenskum aðstæðum betur en nýtt embætti umboðsmanns. Um slíka nefnd þyrfti að setja sérstök lög, og er frv. að slíkum lögum flutt um leið og þetta. Vísast til þess um frekari upplýsingar og röksemdir varðandi umboðsnefnd.

Þingnefndir hafa yfirleitt látið sér nægja að afgreiða (eða afgreiða ekki) þau mál, sem flutt eru á Alþingi og vísað til þeirra. Hitt heyrir til undantekninga, að þær flytji sjálfar mál, og gera þær það þá yfirleitt að bón utanaðkomandi aðila, t. d. ráðuneyta. Nú er gerð tillaga um að setja það ákvæði í þingsköp, að þingnefndir skuli fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um nýja lagasetningu eða breytingar á lögum, ef þurfa þykir. Þetta ákvæði mundi veita nefndum tækifæri til að afla sér upplýsinga, veita framkvæmdavaldi aðhald, hafa samband við margvíslega aðila í þjóðfélaginu og gera Alþingi þannig að mun virkari aðila í stjórnkerfinu en það nú er.

Gert er ráð fyrir, að nefndir starfi á milli þinga, og mundi það sérstaklega vera við framkvæmd á þessu síðastnefnda ákvæði. Er þeim heimilað að halda fundi utan Reykjavíkur, og gæti það aukið tengsl þings og þjóðar og sannfært almenning um, að þingmenn kynntu sér málefni ítarlega og legðu sig fram um að fylgjast með, hver á sínu sviði.

Tillögur til þingsályktunar.

Tillögur til þingsályktunar geta verið með ýmsu móti. Sumar fela í sér ákvarðanir Alþingis varðandi stjórnskipan, þar á meðal traust eða vantraust á ráðherrum eða ráðuneytum, eða stefnumörkun í mikilsverðustu utanríkis- og varnarmálum. Aðrar tillögur fjalla um margvísleg efni, stór og smá, sem þingmenn vilja koma á framfæri.

Fyrr á árum var algengast, að slíkar tillögur væru fluttar í deildum, en ekki var ljóst, hvort þær þyrfti að afgreiða í báðum deildum, fyrr en það var lögfest í þingsköpum fyrir fáum árum. Með tímanum hefur þeim tillögum fjölgað til muna, sem fluttar eru í sameinuðu þingi, og jafnframt hefur meðferð þeirra orðið umfangsmeiri þáttur þingstarfa. Sem dæmi má nefna, að 1930 voru fluttar 22 ályktunartillögur og 15 þeirra afgreiddar. Á þinginu 1975—76 voru slíkar tillögur 74, en aðeins 28 þeirra hlutu afgreiðslu. Settar hafa verið upp tvær nefndir í sameinuðu þingi til að fjalla um þetta tillöguflóð, allsherjarnefnd og atvinnumálanefnd, auk þess sem fjárveitinganefnd og utanríkismálanefnd fá slíkar tillögur til meðferðar.

Samkvæmt 28. gr. þingskapa má ræða tillögur til þingsályktunar einu sinni eða tvisvar. Geri tillögur ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði, skulu þær jafnan bornar fram í sameinuðu þingi og hafðar um þær tvær umræður. Í framkvæmd er vart hægt að segja, að farið sé eftir þessum ákvæðum. Ef ein umræða er ákveðin um tillögu, er umræðunni að jafnaði frestað og málinu vísað til nefndar, og heitir þá „framhald einnar umræðu“ það, sem í raun er síðari umræða.

Þingmenn nota ályktunartillögur til að koma á framfæri ýmsum hugmyndum um áhugamál sín eða hagsmunamál kjördæma, fara fram á rannsókn eða undirbúning frumvarpa. Heyrst hefur sú ásökun, að þeir noti þetta form þingmáls til að auglýsa sig án þess að leggja vinnu í að semja lagafrumvörp um áhugamál sín, og er sannleikskorn í því. Orð eru þó til alls fyrst, og þetta tillöguform á tvímælalaust rétt á sér, þótt það hafi sjaldan sömu þýðingu og lagasetning.

Hér er gerð tillaga um að flokka þingsályktunartillögur og ákveða í þingsköpum tvær umræður um þær, sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál. Hins vegar verði öðrum tillögum vísað til nefnda umræðulaust, og mundi sparast við það mikill tími, sem farið hefur í þessi mál.

Það eru sérstök hlunnindi fyrir þingmenn að geta flutt tillögur til þingsályktunar og fengið þær prentaðar sem þingskjöl með greinargerðum, þó ekki fylgi sjálfkrafa réttur til framsöguræðu. Málin komast fyrir augu fjölmiðla, og þingskjölum er dreift um landið, svo að oft er tilgangi þingmanns náð með flutningi og prentun málsins.

Allar þessar tillögur fara til nefnda. Ef tillögurnar fá þar hljómgrunn og afgreiðslu, koma þær aftur á dagskrá og verða ræddar eftir því sem efni standa til.

Ræðuflaumur þingmanna og fjölgun þingmála eru vandamál á flestum löggjafarþingum lýðræðislanda. Í grannríkjum okkar hafa á síðustu árum ferið gerðar margar breytingar á þingsköpum til að leysa þetta vandamál, draga úr ræðulengd og gera þingin starfhæf. Í flestum löndum eru strangar takmarkanir á ræðulengd, en hér er ekki farið inn á þá braut, heldur aðeins lögð til hagræðing á einum þætti þingstarfa. Mun það raunar algengast um öll þingmál í öðrum löndum, að þau fari beint til nefnda og einstakir þingmenn hafi takmarkaðan rétt til að flytja framsöguræður fyrir málum sínum, enda greinargerðir prentaðar. Er raunar sums staðar mjög takmarkað, hvað einstakir þingmenn geta flutt af málum (öðrum en fyrirspurnum), og byggist starf þinganna mest á stjórnarfrumvörpum.

Forsætisnefnd.

Í núverandi þingsköpum greinir frá stjórn þingforseta á fundum þingsins, svo og að þeir skipi skrifstofustjóra.

Hér er gerð tillaga um að auka veg og völd forsetanna með því að láta þá sameiginlega skipa forsætisnefnd. Er verksvið hennar skilgreint og aukið allmikið frá því, sem nú er.

Allt fram til síðustu ára var venja, að stjórnarflokkar beittu meiri hluta sínum til að kjósa flokksmenn sína í allar stöður forseta og varaforseta. Nú hefur orðið sú ánægjulega breyting, að stjórnarandstæðingar hafa á nokkrum þingum verið kjörnir fyrri varaforsetar, og þeir aldrei brugðist því trausti eða valdið ríkisstjórn erfiðleikum. Vonandi heldur þessi þróun áfram. Þó þykir rétt að gera ráð fyrir, að

þingflokkar, sem engan eiga forseta, fái einn mann hver í forsætisnefnd, sökum þess hve mikið vald nefndin fær yfir störfum þingsins.

Loks segir í síðustu mgr. 3. gr., að forsætisnefnd gegni störfum sínum milli þinga, jafnvel þótt þing hafi verið rofið. Hér er lögfest skipan, sem verið hefur í reynd. Þingforsetar þurfa að annast stjórnun þingsins og koma fram fyrir þess hönd, þótt þing sitji ekki, og mikilvægast er þó, að forseti sameinaðs þings er einn af handhöfum forsetavalds.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um umboðsnefnd Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Heimilt er öllum þeim, sem telja sig eigi ná rétti sínum eða vera misrétti beittir af stjórnvöldum, að senda Alþingi um það skriflega kvörtun.

2. gr.

Umboðsnefnd skal vera ein af fastanefndum Alþingis, kosin af sameinuðu þingi samkvæmt ákvæðum þingskapa. Hana skipa sjö alþingismenn.

3. gr.

Hlutverk umboðsnefndar er að styðja menn til að ná rétti sínum, hindra að stjórnvöld beiti nokkurn mann rangindum og stuðla þannig að góðri, opinberri stjórnsýslu.

Umboðsnefnd tekur við skriflegum kvörtunum samkvæmt 1. gr. og fjallar um þær eins og lög þessi mæla fyrir um.

Umboðsnefnd getur tekið upp mál að eigin ákvörðun eða samkvæmt skriflegum óskum alþingismanna.

Þingmálum má vísa til nefndarinnar, og fjallar hún þá um þau eins og mælt er fyrir um nefndastörf í þingsköpum.

4. gr.

Umboðsnefnd fjallar um opinbera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum á verksviði, sem hér greinir:

Í ríkiskerfinu eru eftirtaldar stofnanir undanskildar verksviði nefndarinnar:

a) Dómstólar í dómsathöfnum, og
b) Þjóðkirkjan um trúarkenningar.

5. gr.

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang, og er nefndinni óheimilt að taka fyrir nafnlaus bréf. Fylgja skulu kvörtunum öll tiltæk sönnunargögn.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því stjórnsýslugerningur var framin eða til lykta leiddur, nema sérstakar ástæður séu til lengri frests.

Ef stjórnsýslugerningi má skjóta til æðra stjórnvalds, er ekki unnt að kvarta undan honum, fyrr en æðsta stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Þá hefst ársfrestur.

6. gr.

Umboðsnefnd ákveður, hvort erindi, sem henni berast (önnur en þingmál, sem vísað er til hennar), skuli tekin til meðferðar. Samþykki nefndin að taka erindi ekki til meðferðar, skal endursenda það og greina ástæðu fyrir synjun.

Nefndin ákveður málsmeðferð erinda. Heimilt er að fela tveim nefndarmönnum að rannsaka mál og leggja niðurstöður fyrir nefndina. Skal þá annar þingmaður vera úr stjórnarflokki, en hinn úr stjórnarandstöðuflokki.

Heimilt er nefndinni að leita álits löglærðra manna eftir því sem þörf kerfur. Forsetar Alþingis ákveða starfslið og starfsaðstöðu nefndarinnar.

Nefndin starfar milli þinga og þarf ekki að taka mál, er henni hafa verið send, upp á ný á nýju þingi.

7. gr.

Umboðsnefnd á rétt á, að stjórnvöld láti henni í té alla tiltæka vitneskju, sem hún þarf til starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o. s. frv.

Réttur umboðsnefndar til að krefjast vitneskju sætir þeim takmörkunum, sem taldar eru upp í 2. tl. 125. gr. og 2. og 4. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 94. gr. laga nr. 73/1973.

Umboðsnefnd getur kallað menn fyrir til að bera vitni um atvik, er máli þykja skipta.

8. gr.

Nú ákveður umboðsnefnd að taka fyrir kvörtun á hendur stjórnvaldi. Skal þá skýra viðkomandi frá efni kvörtunar, nema rannsókn kunni að torveldast sökum þess.

9. gr.

Svo framarlega sem ekki leiðir annað af starfi umboðsnefndar samkvæmt lögum þessum, ber nefndarmönnum og starfsliði nefndarinnar að gæta þagnarskyldu um atvik, sem þeim verða kunn í starfi, enda þurfi þau eðli máls samkvæmt að fara leynt og séu ekki þegar á almennings vitorði. Þagnarskylda helst, þótt menn hverfi úr nefndinni eða hætti störfum fyrir hana.

Formaður nefndarinnar úrskurðar vafamál er varða þagnarskyldu.

10. gr.

Umboðsnefnd getur lýst áliti sínu á hverju máli, sem kemur til meðferðar hennar. Skal birta álitsgerðir sem skýrslur til sameinaðs þings og prenta sem þingskjöl, nema ákvæði 9. gr. banni.

Umboðsnefnd getur bent á, að stjórnsýslumanni eða opinberum sýslunarmanni hafi að hennar áliti orðið á mistök, vanrækslu, ranglæti eða hvað eina annað, er ábótavant þykir. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að stjórnsýslugerningur brjóti í bága við lög, skorti stoð í lögum eða sé ógildur, getur hún látið það í ljós.

Umboðsnefnd getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalda.

Umboðsnefnd er heimilt að senda saksóknara eða handhafa ögunarvalds niðurstöður sínar og málsskjöl.

11. gr.

Umboðsnefnd getur lagt fram þingsályktunartillögur í sameinuðu þingi um mál, telji hún niðurstöðu sína gera þingsályktun nauðsynlega.

Ef umboðsnefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að meinbugir séu á gildandi lögum eða reglugerðum, ber henni að tilkynna það forseta sameinaðs þings, sem felur málið viðkomandi þingnefnd til athugunar, svo og ber að tilkynna það hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn.

Telji meiri hluti eða minni hluti nefndarinnar að athuguðu máli, að þörf sé breytinga á gildandi lögum eða nýrra lagaákvæða, skal fara með þá niðurstöðu á sama hátt og greinir í 2. mgr.

12. gr.

Ef umboðsnefnd verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds, ber henni að gefa hlutaðeigandi ráðuneyti eða saksóknara sérstaka skýrslu

um málið. Ef um sveitarstjórnarmál er að ræða, skal á sama hátt gefa sveitarstjórn skýrslu.

Umboðsnefnd ákveður sjálf, hvort og hvenær gefin er skýrsla um mál samkvæmt 10. gr. eða með opinberri fréttatilkynningu. Ávallt skal láta fram koma, hvað viðkomandi stjórnvald hefur fært fram til varnar eða skýringar.

13. gr.

Umboðsnefnd setur sér sjálf starfsreglur og skulu forsetar Alþingis staðfesta þær. Lög þessi taka gildi við setningu næsta Alþingis eftir staðfestingu þeirra.

Greinargerð.

Alþingi hefur samþykkt tillögu um að undirbúa embætti umboðsmanns, og stjórnarfrumvarp þess efnis hefur verið lagt fyrir þingið. Það var ekki afgreitt og hefur um sinn ekki verið endurflutt.

Með þessu frumvarpi er málið tekið upp á nýjum grundvelli. Í stað þess að setja upp embætti umboðsmanns Alþingis er hér lagt til, að sérstök fastanefnd Alþingis gegni hlutverki hans.

Hugmyndin um umboðsmann er upprunnin á Norðurlöndum og hefur fest rætur í nokkrum löndum utan þeirra.

Hugmyndin um umboðsnefnd er upprunnin í Vestur-Þýskalandi. Þar er réttur manna til að snúa sér skriflega til löggjafarþings með umkvartanir festur í stjórnarskrá sambandslýðveldisins og landanna, og slíkar nefndir eru starfandi við sambandsþingið í Bonn og við landsþingin.

Umboðsnefnd gegnir í megindráttum sama hlutverki og umboðsmanni hefur verið ætlað, þótt óhjákvæmilega sé þar nokkur munur á framkvæmd. **Umboðsnefnd mundi hafa eftirfarandi umbætur í för með sér:**

1) **Mannréttindi aukast, þar sem fólki yrði tryggður réttur til að snúa sér beint til Alþingis, ef það telur sig ekki ná rétti sínum eða vera misrétti beitt af stjórnvöldum og getur eigi sótt mál sín fyrir dómstólum.**
2) **Málsmeðferð gæti verið skjót, einföld og kostnaðarlítil.**
3) **Störf nefndarinnar mundu auðvelda Alþingi að veita stjórnvöldum nauðsynlegt og eðlilegt aðhald.**
4) **Nefndin gæti kannað, hvar þörf er nýrrar löggjafar eða breytinga á lögum, og haft frumkvæði um það.**
5) **Störf nefndarinnar mundu auka tengsl Alþingis við þjóðina og ættu að draga úr tortryggni í garð þingsins.**

Fyrri tillögur.

Á 84. löggjafarþingi (1963—1964) flutti Kristján Thorlacius tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis lögsögumanns með hliðsjón af norrænni löggjöf um „ombudsmand". Kristján endurflutti tillöguna á 85. þingi ásamt Þórarni Þórarinssyni og á 86. þingi ásamt Einari Ágústssyni. Á 88. löggjafarþingi (1967—68) fluttu þeir enn sömu tillögu, Kristján Thorlacius, Einar Ágústsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson og Eysteinn Jónsson. Tillögur þessar hlutu ekki afgreiðslu.

Á 91. löggjafarþingi (1970—71) flutti Pétur Sigurðsson þáltill. um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis og endurflutti hana á næsta þingi. Þá mælti allsherjarnefnd sameinaðs þings með samþykkt tillögunnar að fengnum umsögnum lagadeildar Háskóla Íslands og Dómarafélags Íslands, og var tillagan samþykkt sem ályktun Alþingis 16. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra fól Sigurði Gizurarsyni hæstaréttarlögmanni að semja frumvarp til laga um umboðsmann. Skilaði hann frumvarpinu með

ítarlegri greinargerð í marslok 1973. Haustið eftir var frumvarpið lagt fram, en varð ekki útrætt og hefur ekki verið endurflutt síðan.

Við samningu þess frumvarps, sem hér birtist, hefur mjög verið stuðst við stjórnarfrumvarpið frá 1973, enda þótt ýmislegt breytist vegna eðlismunar, að nú er um umboðsnefnd að ræða. Hér fylgir ekki ítarleg greinargerð um forsögu þessa máls, reynslu hjá ýmsum þjóðum eða hugmyndir, sem starfsemi umboðsmanna byggist á. Nægir þar að vísa til hinnar ítarlegu greinargerðar eftir Sigurð Gizurarson, sem fylgdi frumvarpinu 1973.

Reynsla Vestur-Þjóðverja.

Í stjórnarskrá sambandslýðveldisins Þýskalands frá 23. maí 1949 er 17. gr. á þessa leið:

„Öllum er heimilt, einum eða fleirum saman, að senda viðkomandi embættum eða þjóðþingum skriflegar beiðnir eða umkvartanir."

Skipuð var sérstök nefnd í sambandsþinginu í Bonn til að gegna þessu hlutverki (Petitionsausschuss), en jafnframt voru sett svipuð ákvæði í stjórnarskrár landanna og komið upp samskonar nefndum í landsþingum. Heimild þessi er ekki takmörkuð við þýska borgara og ekki við fólk á lögræðisaldri.

Reynsla varð sú, að landsfólkið sneri sér í vaxandi mæli til þinganna með ýmis vandamál, sem það taldi sig ekki geta leyst á annan hátt. Varð þessi stjórnarskrárréttur mikils metinn og jafnframt talið, að umboðskerfi þinganna væri hin gagnlegasta leið til að efla traust borgaranna á þingræði.

Þar kom, að rétt þótti að búa betur um hnútana lagalega og víkka nokkuð starfssvið umboðsnefndanna að fenginni reynslu. Var gerð breyting á stjórnarskrá Sambandslýðveldisins (grein 45 C) og bætt við ákvæðum um, að þingin skyldu hafa slíkar nefndir, en ákveða mætti starfssvið þeirra með lögum. Tilgangurinn var að veita heimild til lagasetningar um nefndirnar, og voru slík lög sett í Bonn í febrúar 1965 og einnig í flestum landsþingunum.

Í sambandi við eflingu umboðsnefndanna hugleiddu þýskir ráðamenn hið norræna kerfi umboðsmanna, en komust að þeirri niðurstöðu, að betur væri fallið fyrir land þeirra að halda umboðsnefndarkerfinu.

Þar eð hugmyndir um umboðsmann Alþingis hafa ekki náð fram að ganga, þrátt fyrir augljósan áhuga Alþingis og vandlega undirbúið frumvarp, þykir rétt að leggja fram hinar þýsku hugmyndir og freista þess að fá Alþingi til að íhuga, hvort sú lausn muni ekki eiga allt eins vel við íslenskar aðstæður og mundi jafnvel geta gert hér meira gagn heldur en embættismaður með skrifstofu og starfslið umhverfis sig, hvar sem hann sæti. Sérstaklega er rétt að benda á, að umboðsnefndarkerfið mundi bæta sambúð og samstöðu milli almennings og Alþingis, og slík mannréttindi, sem Alþingi stæði á lifandi hátt vörð um, hlytu að auka veg þingræðis í landinu.

Rétt er, að fram komi, að flutningsmaður hefur á sama þingi flutt frumvarp um breytingar á nefndastörfum Alþingis, þar sem gert er ráð fyrir, að þingmenn sitji í færri nefndum, vegur og áhrif nefnda verði meiri en verið hefur, nefndir hafi meiri starfskrafta og verði veigameiri þáttur í þingstörfum en áður.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um útgerð sérstaks Vestfjarðaskips á vegum Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstjórnina að hún feli Skipaútgerð ríkisins að hefja undirbúning að útgerð á sérstöku Vestfjarðaskipi er annist flutninga milli Reykjavíkur og vestfirskra hafna. Við þennan undirbúning verði haft

samráð við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og aðra aðila þar, svo sem eins og þá aðila, sem hafa með höndum flutninga á landi og sjó innan fjórðungsins, og leitast við að skipuleggja vöruflutninga í samráði við þá þannig að vöruflutningar frá Reykjavík til uppskipunarhafna á Vestfjörðum og frá uppskipunarhöfnum og um fjórðunginn geti gengið greitt og örugglega og sem ódýrast. Jafnframt verði sérstaklega athugað hvort ekki sé unnt að hefja rekstur Vestfjarðaskips mjög bráðlega, t. d. með því að taka til bráðabirgða á leigu skip til flutninganna eða með því að notast við gamla Herjólf með einhverjum breytingum á meðan verið er að undirbúa kaup eða smíði á skipi, sem hentaði að öllu leyti til að sinna þessu sérstaka verkefni.

Greinargerð.

Ásamt Austfjörðum eru Vestfirðir sá landshluti, sem býr við erfiðastar samgöngur á Íslandi. Lengi vel var alls ekkert vegasamband við fjórðunginn og enda þótt vestfirskar byggðir hafi verið tengdar við aðalakvegakerfi landsins með framkvæmd fyrsta samgönguþáttar Vestfjarðaáætlunar á sínum tíma er enn langt í frá, að vestfirðingar séu í jafngóðu akvegasambandi við þjónustumiðstöð landsins alls — Reykjavíkursvæðið — og flestir aðrir landsmenn. Þar við bætist, að akvegir milli Vestfjarða og annarra landshluta, milli samgöngusvæða á Vestfjörðum og jafnvel milli nágrannabyggðarlaga innan sama samgöngusvæðis eru lokaðar sökum snjóa hart nær hálft árið. Allan þann tíma verða vestfirðingar að treysta einvörðungu á samgöngur á sjó og í lofti og eru þá nánast settir líkt og þeir byggju á eyju aðskilinni frá meginlandi Íslands. Að sjálfsögðu er þetta ástand mjög bagalegt bæði fyrir vestfirsk heimili og allan atvinnurekstur á Vestfjörðum og þá ekki hvað síst fyrir fólk í byggðarlögum, sem eru algerlega einangruð frá nærsveitum á vetrum og engin aðstaða er til þess að flytja vörur eða fólk, hvorki á láði né í lofti. Á undanförnum árum hefur einangrun margra slíkra staða þó verið rofin með gerð flugvalla í nágrenninu, en flestir þessara flugvalla eru þó í raun réttri bráðabirgðaflugvellir þar sem flest flugleiðsögutæki og öryggistæki skortir og aðstöðu fyrir farþega er mjög ábótavant. Er talið, að kostnaður við að koma þeim flugvöllum, sem nú eru notaðir á Vestfjörðum, í viðunandi horf nemi ekki lægri upphæð en 1 milljarði króna, og af því má sjá, að mikið verk er enn óunnið til þess að tryggja vestfirðingum viðunandi flugsamgöngur.

Engu að síður er þó ljóst orðið af reynslunni, að flugvélar verða þau samgöngutæki, sem öðrum fremur mun annast flutninga á fólki til og frá Vestfjörðum og jafnvel innan samgöngusvæða á Vestfjörðum. Flugið er sá ferðamáti, sem fólkið hefur kosið sér sjálft eins og sjá má af því, að árið 1974 voru 75.6% allra farþegaflutninga til og frá Vestfjörðum með flugvélum og að á árunum 1961—1974 minnkuðu farþegaflutningarnir á sjó um helming meðan farþegafjöldi með flugvélum fimmfaldaðist. Á næstu árum mun hlutur farþegaflugsins til og frá Vestfjörðum örugglega vaxa enn, enda er beinlínis ráð fyrir því gert bæði af vestfirðingum sjálfum, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og í áætlunum Vegagerðar ríkisins um samgöngubætur á landi, að flugið verði ferðamáti framtíðarinnar.

Öðru máli gegnir hins vegar um vöruflutningana. Eins og nú standa sakir eru flutt um 70 þús. tonn af vörum til Vestfjarða á ári og er talsverður hluti þess almennar neysluvörur ásamt vörum svo sem eins og varahlutum o. fl. til vestfirskra atvinnufyrirtækja. Þær vörur, sem hér um ræðir, eru flestar þannig, að mikið liggur við að geta fengið þær fljótt og örugglega og án allt of mikils tilkostnaðar. Segja má, að þessir flutningar séu ekki óviðunandi á sumrum þegar vöruflutningabifreiðir ganga reglulega milli Vestfjarða og Reykjavíkur, en á vetrum er ástandið í þessum efnum gersamlega óþolandi. Siglingar skipa Skipaútgerðar ríkisins til Vestfjarðahafna eru þá sem endranær mjög strjálar, og það hefur t. d. iðulega komið fyrir, að vörur, sem pantaðar hafa verið til fjölmennustu byggðarlaganna á Vestfjörðum og átt hafa að koma fyrir jól, hafa ekki borist fyrr en eftir nýár. Þetta orsakar að sjálfsögðu talsvert fjárhagslegt tjón fyrir verslanir, vöruskort og jafnvel vöruþurrð

á mikilvægum neysluvörum og ótrúlega erfiðleika fyrir atvinnufyrirtæki. Einasta ráðið til þess að fá bót við þessu hefur verið að flytja vörurnar flugleiðis, en það er einhver dýrasti flutningamáti, sem um getur, og þann mikla aukaskatt verða vestfirskir neytendur eða vestfirsk atvinnufyrirtæki að borga. Til þess að gefa einhverja hugmynd um hvaða fjárhæðir hér er um að tefla má nefna, að skv. álitsgerð Vegagerðar ríkisins um tengingu Inn-Djúps, sem gerð var s. l. sumar, nam flutningskostnaður 10 kg vörusendingar með skipaútgerð ríkisins frá Reykjavík til Vestfjarða (verðl. í okt. 1975) frá kr. 66.61 upp í kr. 100.60 eftir vöruflokkum, flutningskostnaður með flugvélum (árslok 1972) kr. 286.00 og flutningskostnaður sömu sendingar með vöruflutningabifreið (afgreiðslugjald innifalið) um kr. 250.00. Ofan á þessi flutningsgjöld leggjast svo að sjálfsögðu smásöluálagning og söluskattur, sem breikka enn bilið, svo af því má sjá, að það er ekki svo lítið atriði fyrir vestfirska neytendur og vestfirsk atvinnufyrirtæki hvaða flutningaleið valin er eða öllu heldur hvaða flutningaleið menn neyðast til þess að velja miðað við aðstæður, enda er það algengt, að t. d. varahlutur, sem kostar nokkur hundruð krónur í varahlutaverslun í Reykjavík, kosti vestfirskan neytanda talsvert á annað þúsund þegar neytandinn fær hlutinn í hendur.

Það hefur sjálfsagt háð því nokkuð að fá varanlega lausn á þessum málum, að til skamms tíma hefur engin ákveðin stefna verið mótuð um, hvernig skuli staðið að framkvæmdum í samgöngumálum á Vestfjörðum og milli Vestfjarða og annarra landshluta hvað flutninga varðar. Menn hafa ekki snúið sér að því á grundvelli hagkvæmniskannana, rannsókna á flutningaþörf, flutningagetu og flutningamöguleikum að velja vísvitandi úr þeim flutningaleiðum, sem bjóðast, og ákveða t. d. á hvaða flutningaleiðir skuli leggja sérstaka áherslu fyrir hverja gerð flutninga. En nú virðist vera, að sú stefna hafi verið mótuð. Það hefur verið gert í fyrsta lagi með forsendum, sem áætlanadeild — nú byggðadeild — Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur sett sér varðandi störf að gerð byggðaáætlunar fyrir Vestfirði, í öðru lagi í forsendum og niðurstöðum álitsgerðar Vegagerðar ríkisins um tengingu Inn-Djúps og í þriðja lagi í samþykkt Fjórðungsþings vestfirðinga, sem gerð var í september í haust. Stefnan, sem mótuð hefur verið, er í öllum meginatriðum hin sama hjá þessum þremur aðilum.

Í fyrsta lagi er þar staðfest sú niðurstaða, sem reynslan hefur raunar sannreynt að sé vilji vestfirðinga, að flutningar á fólki til og frá Vestfjörðum, jafnvel innan samgöngusvæða þar, fari fram í lofti. M. ö. o. má vænta þess, að í framtíðinni verði samgöngubætur hvað farþegaflutninga varðar fyrst og fremst unnar á sviði loftferða — með framkvæmdum við flugvallagerð, öryggis- og flugleiðsögubúnað á flugvöllum og í bættri aðstöðu fyrir farþega.

Í annan stað sýna kannanir á hinum ýmsu flutningamátum vöru, að flutningar á sjó til og frá Vestfjörðum eru ódýrasti og öruggasti flutningamátinn. Í beinu framhaldi af þessu er það niðurstaðan hvað varðar röðun framkvæmda í vegamálum á Vestfjörðum, að fyrst skuli leggja áherslu á tengingu byggðarlaga innbyrðis innan hvers hinna fjögurra samgöngusvæða á Vestfjörðum (Ísafjarðarsvæði, Patreksfjarðarsvæði, Reykhólasvæði og Strandasvæði). Sem viðfangsefni nr. 2 verði að tengja þessi samgöngusvæði við aðalvegakerfi landsmanna með varanlegum hætti (vetrarvegum). Þriðja viðfangsefnið verði svo að tengja þessi samgöngusvæði innbyrðis að svo miklu leyti sem það verður ekki gert í viðfangsefni nr. 2. M. ö. o. geta vestfirðingar ekki vænst þess í náinni framtíð að geta átt völ á vöruflutningum á landi allt árið um kring frá Reykjavík af þeirri ástæðu einfaldlega að sá kostur er svo dýr bæði fyrir vestfirska neytendur og þjóðfélagið í heild, að hagkvæmara er og öruggara að flytja vöruna sjóleiðis til vestfirskra hafna og svo þaðan landleiðis eða sjóleiðis um samgöngusvæðin og í samræmi við það á að vinna að varanlegum vegagerðum og þá væntanlega gerð vöruflutningahafna og ferjubryggja í fjórðungnum. Þarna er sem sé verið að marka þá stefnu til framtíðar, að vöruflutningar til Vestfjarða fari fram sjóleiðis til ákveðinna uppskipunarhafna eftir aðstæðum og svo þaðan landleiðis eða með flóabát um samgöngusvæðin. Þetta er í fullu samræmi

við þá forsendu bæði áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Vegagerðarinnar, að vöruflutningar á sjó um langan veg séu bæði ódýrastir og hagkvæmastir, en hins vegar ódýrara og hagkvæmara að flytja vöru landleiðis ef um skamman veg er að fara. Þessi meginstefnumörkun þýðir þó ekki, að flutningar um langan veg með bifreiðum eða flugvélum eigi að leggjast niður. Ýmsar vörur sérstaks eðlis (t. d. ávextir, áríðandi varahlutir o. fl.) verða sjálfsagt áfram fluttar flugleiðis (ca. 1.5—2% af heildarvöruflutningum) og flutningar á landi yfir sumarmánuðina milli Reykjavíkur og Vestfjarða gætu allt eins orðið hér eftir sem hingað til, ef sá flutningamáti gæti reynst samkeppnisfær í verði og þjónustu — en meginstefnan er sú, að vörur til og frá Vestfjörðum verði fluttar á sjó. Þannig nýtist fjármagnið best og þannig verður varan ódýrust fyrir vestfirska neytendur.

Til þess að þetta geti orðið þarf hins vegar að endurskipuleggja frá grunni alla sjóflutninga til og frá Vestfjörðum. Komur skipa hálfsmánaðarlega og jafnvel sjaldnar til vestfirskra hafna eru allsendis ófullnægjandi. Þjónusta Skipaútgerðar ríkisins við þá, sem vörur flytja með skipum félagsins, þarf einnig að batna mjög verulega frá því, sem nú er. Þjónusta vöruflutningabifreiða umfram þá, sem Skipaútgerð ríkisins veitir, er einna helst sú, að með vöruflutningabifreiðunum fær flytjandinn vöruna heim í hlað, en verður hins vegar að sækja hana sjálfur á afgreiðslu Skipaútgerðarinnar, og í annan stað er almennt álitið, að meðferð á vörunni sé mun betri hjá landflutningafyrirtækjunum en útgerðinni. Hvort tveggja þetta er auðvitað hægt að bæta hjá Sikpaútgerð ríkisins og þarf að bæta ef sú stefna í vöruflutningamálum, sem að framan var rakin, á að bera árangur.

Í fyrsta lagi þarf til að koma sérstakt skip, Vestfjarðaskip, sem annast vöruflutninga á sjó milli Reykjavíkur og Vestfjarða og a. m. k. á vetrum flutninga milli samgöngusvæða vestra. Þetta skip þarf að koma á a. m. k. helstu lykilhafnir á Vestfjörðum ekki sjaldnar en tvisvar í viku og vera sérstaklega byggt til gámaflutninga til hraðrar lestunar og losunar og til þess að vel geti farið um flutninginn. Í annan stað er nauðsynlegt að útgerðin hafi fasta samninga við flutningafyrirtæki þau — eigendur vöruflutningabifreiða og flóabáta — sem eiga að flytja vöruna áfram til neytenda eða fyrirtækja innan hvers samgöngusvæðis, svo flutningar að og frá uppskipunarhöfnum gangi fljótt og örugglega. Einmitt þess vegna er ráð fyrir því gert í þáltill. að við undirbúning útgerðar sérstaks Vestfjarðaskips verði haft samráð við aðila, er annast flutninga á sjó og landi á Vestfjörðum, og jafnvel enn aðra, svo sem eins og stærstu verslunar- og þjónustufyrirtæki vestfirðinga, auk sveitarstjórna.

Tillaga um kaup og rekstur á sérstöku Vestfjarðaskipi hefur áður verið flutt á Alþingi, en ekki náð fram að ganga. Nú hefur það hins vegar gerst, að mörkuð hefur verið ákveðin stefna í samgöngumálum vestfirðinga, sem ætlunin er að vinna eftir á næstu árum, og alger forsenda fyrir því, að sú stefna skili árangri, er, að sjósamgöngur við Vestfirði verði leystar með sérstöku Vestfjarðaskipi. Verði það ekki gert verður framkvæmd þeirrar samgöngustefnu, sem mörkuð hefur verið fyrir Vestfirði, hvorki heil né hálf.

Flutningsmaður gerir sér fulla grein fyrir því, að það getur tekið talsverðan tíma að fá til landsins skip, sem sérstaklega hentar til þeirra verkefna, sem að framan hefur verið lýst. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að reynt verði hið fyrsta að ráða bót á vöruflutningavandkvæðum vestfirðinga þó til bráðabirgða sé. Því er þeirri hugmynd varpað fram í tillögunni, að athugað verði hvort ekki sé hægt að fá skip, þótt ekki sé það sérstaklega byggt til þessara flutninga, sem gæti komið mjög fljótlega í gagnið, og er í því sambandi bent á möguleika á að fá leiguskip eða nota skip, gamla Herjólf, sem nú er ónotað og á söluskrá. Þótt það skip sé lítið og á ýmsan hátt ekki hentugt til þeirra verkefna, sem hér um ræðir, er það þó tiltölulega nýlegt skip, sem reynst hefur vel á erfiðri siglingaleið, og e. t. v. mætti án mjög verulegs kostnaðar breyta t. d. lestarbúnaði þess þannig, að það gæti hentað til bráðabirgða sem Vestfjarðaskip. A. m. k. yrði það stór framför frá því, sem verið hefur, ef gamli

Herjólfur yrði tekinn til bráðabirgða í fastar áætlunarferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða í stað þess að liggja bundinn við bryggju í Reykjavík engum til gagns.

Meginatriði málsins er þó það, að stofnanir ríkisvaldsins og ríkisvaldið sjálft samhæfi aðgerðir sínar eftir að ákveðin stefna hefur verið mörkuð — að hægri höndin viti, hvað sú vinstri er að gera. Það er til lítilla bóta að áætlanir séu gerðar um röðun framkvæmda í samgöngumálum vestfirðinga, Vegagerð ríkisins vinni með fullum stuðningi vestfirðinga og væntanlega Alþingis að því að bæta samgöngur innan samgöngusvæða á Vestfjörðum beinlínis í því skyni að auðvelda dreifingu vöru innsvæðis til og frá útskipunarhöfn, ef svo gleymist eða er vanrækt að gera ráð fyrir örum og traustum sjóflutningum að og frá þessum höfnum. Útgerð sérstaks Vestfjarðaskips er alger forsenda þess að það markmið náist, sem opinberar stofnanir og vestfirðingar sjálfir hafa sammælst um, og nauðsynlegt er að undirbúningur slíkrar útgerðar verði nú þegar hafinn, eins og þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir.

Nd. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um skipan sérstakrar þingnefndar til þess að kanna gang og framkvæmd dómsmála.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

Með tilvísan til 39. greinar stjórnarskrárinnar samþykkir neðri deild Alþingis að kjósa úr hópi þingdeildarmanna nefnd skipaða einum fulltrúa frá hverjum þingflokki til þess að rannsaka sérstaklega gang og framkvæmd eftirfarandi atriða í dómsmálum:

1. Hvernig staðið er að rannsóknum sakamála hjá þeim embættum, sem slík verkefni hafa með höndum, þ. á m. hjá ríkissaksóknara, sakadómi og skattrannsóknastjóra. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna hver rannsóknaraðstaða þessara embætta er, hvað valdi því, að rannsókn ýmissa meiri háttar sakamála dregst á langinn fram úr öllu hófi, hvort brögð séu að því, að rannsóknum sé látið lokið án þess að öll þau atriði, sem upp hafa komið, séu krufin til mergjar, hversu mörg þau mál séu og hver þau séu, sem dregist hefur óhóflega lengi að leiða til lykta á rannsóknastigi, og hvort ástæða sé til þess að ætla, að utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir geti haft áhrif á gang rannsóknarinnar.
2. Hvernig háttað er gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómsstigum og dómaraembættum í landinu, þ. á m. hvort óeðlilegur dráttur sé á gangi þeirra mála hjá einstökum embættum og þá hvers vegna og hvort brögð séu að því, t. d. í sambandi við skattalagabrot, að skattayfirvöld láti nægja að senda þau skattsektanefnd til úrskurðar þótt málin séu þannig vaxin að um tvímælalaus refsilagabrot sé að ræða.
3. Hvernig háttað er framkvæmd refsidóma, þ. á m. eftir hvaða reglum sé farið varðandi ákvarðanir um afplánun, hvort mikil brögð séu að því að dómar séu ekki afplánaðir innan eðlilegs tíma, hvort slíkt eigi fremur við um einn flokk eða eina tegund afbrota, t. d. fjársvik og auðgunarbrot, en aðra, hvernig háttað sé eftirliti með þeim, sem fengið hafa skilorðinsbundinn dóm eða biðdóm, hvort brögð séu að því, að einn og sami maður sé dæmdur æ ofan í æ fyrir sams konar afbrot án þess að vera látinn afplána fyrri dóma, og hversu algengt sé, að menn fái af ýmsum orsökum að afplána dóma, t. d. fyrir fjársvik eða auðgunarbrot, annars staðar en í viðurkenndum fangelsum eða vinnuhælum, svo sem eins og sjúkrahúsum eða heilsuhælum, eða sleppi alveg við það.

Neðri deild Alþingis samþykkir að veita nefnd þessari rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins og ráða sér til aðstoðar sérfróðan mann eða menn. Nefndin skal ljúka

störfum á vetrinum 1976—1977 og skila Alþingi skýrslu um störf sín fyrir lok yfirstandandi þings.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í ljósi þeirra miklu umræðna, sem farið hafa fram á opinberum vettvangi undanfarin missiri um gang og framkvæmd dómsmála, refsimála og rannsóknar sakamála, ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum í greinargerð um tillögu þá, sem hér er flutt. Nægilegt ætti að vera að benda á, að sú gagnrýni, sem fram kom á stöðuna í þessum málum á Alþingi og í blöðum á s. l. vetri, hefur reynst vera að mjög verulegu leyti á rökum reist. Þeim spurningum, sem var t. d. varpað fram af fyrsta flutningsmanni þessarar tillögu í ræðu á Alþingi á s. l. vetri, er enn ósvarað, þau dæmi, sem tekin voru um furðulegan og óafsakanlegan seinagang í dómskerfinu, standa enn óhögguð. Þau mál, sem sérstaklega voru nefnd, er dómskerfinu — rannsóknaraðilum, ákæruvaldi, dómsvaldi og refsivaldi — virtist vera um megn að afgreiða, eru enn óafgreidd og engin frekari skýring hefur fengist á ýmsum aðgerðum dómsmálayfirvalda, sem margir, bæði leikir og lærðir, töldu í hæsta máta vafasamar og ekki þjóna almennum og opinberum réttarvörsluhagsmunum. Það eina, sem í raun réttri hefur nýtt fram komið, er, að uppskátt hefur orðið um fleiri ný mál, einkanlega fjársvika- og auðgunarbrotamál, sem ekki verður betur séð en séu þrautskipulögð af hópi eða hópum manna, ástæða er til þess að ætla að eigi sér langan aðdraganda, möguleiki ætti að hafa verið að upplýsa fyrr, meiri eða minni launung hefur hvílt yfir og ýmsir óttast með hliðsjón af fyrri reynslu að erfitt verði að upplýsa til hlítar.

Það hefur vart farið fram hjá neinum alþingismanni, að ástandið í dómsmálunum er mjög ofarlega á baugi í umræðum manna á meðal og að margir landsmenn eru uggandi um, að mjög alvarlegar brotalamir séu á íslensku réttarkerfi — óttast jafnvel, að fullkomið réttaröryggi ríki ekki í landinu. Eindregnar óskir eru uppi um, að dómsmálakerfið allt sé tekið til athugunar, það leitt í ljós í hverju því er ábótavant og úrbætur gerðar svo landsmenn allir geti örugglega treyst því, að þeir búi í fullkomnu réttarríki þar sem lögum er framfylgt, gangur dómsmála með þeim hætti, sem til er ætlast, og allir séu jafnir fyrir lögunum.

Allt fram til þessa hafa dómsmál ekki verið í hópi þeirra mála, sem mest hefur verið um fjallað á Alþingi. Þau atvik, sem í ljós hafa komið um vanhæfi dómskerfisins í sambandi við afgreiðslu alvarlegra sakamála, hafa því komið flestum þingmönnum jafnmikið á óvart og öllum almenningi. Tíðindi þau, sem orðið hafa í sambandi við meðferð þessara mála, hafa dunið yfir þingmenn og þjóðina alla eins og reiðarslag, og þótt hinar miklu umræður, sem urðu um þessi mál á liðnum vetri, hafi orðið til þess, að yfirvöld dómsmála hafi eitthvað rumskað, sbr. nokkur lagafrumvörp um úrbætur, sem sýnd voru á síðasta þingi, en ekki afgreidd, hafa viðbrögðin verið fátkennd og það sem mestu máli varðar — lítinn sem engan árangur borið. Sem dæmi um þessi fátkenndu vinnubrögð má nefna, viðbrögðin við tillögu til þingsályktunar sem flutt var á síðasta þingi um að rannsóknir ákveðinna meiri háttar sakamála yrðu efldar með auknum mannafla og bættri starfsaðstöðu þeirra, sem rannsóknunum sinntu. Dómsmálayfirvöld, þ. á m. ráðherra, fundu þessari tillögu flest til foráttu — töldu, að engin þörf væri á sérstökum aðgerðum eins og þeim, sem tillagan gerði ráð fyrir, og hvorki heimild né möguleikar til þess að leggja út í þann kostnað, sem leiða mundi af samþykkt tillögunnar — enda var hún ekki afgreidd. Þó liðu ekki nema nokkrar vikur þar til skyndilega var snúið við blaðinu, ráðnir erlendir sérfræðingar til aðstoðar við rannsókn þessara mála, leitað eftir þjónustu erlendra sérfræði- og tæknistofnana á þessu sviði og hafinn undirbúningur að útvegun á auknum og dýrum tækjaútbúnaði í sambandi við rannsóknir sakamála. Þannig er sagt eitt í dag og annað á morgun og hvað rekur sig á annars horn líkt

og örvæntingaræði ráði gerðum manna í stað ígrundaðra og skynsamlegra vinnubragða. Ekki verður það til þess að auka tiltrú manna á íslensku réttarfari — og því síður þar sem enginn sést árangurinn.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir, að hvor þingdeild geti skipað nefndir innanþingdeildarmönnum til þess að rannsaka mikilvæg mál, sem almenning varða, og að þingdeildin geti veitt nefndum þessum rétt til þess að heimta skýrslur, bæði munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að slík nefnd innanþingdeildarmanna í neðri deild Alþingis verði nú kjörin til þess að rannsaka gang og framkvæmd dómsmála á Íslandi — stöðuna í þeim málaflokki, sem hefur verið efst á baugi í almennri umræðu nú um nokkurt skeið og slík ótíðindi fara af, að landsmenn vita vart lengur hvaðan á þá stendur veðrið. Hafi einhvern tíma verið ástæða til þess að beita þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, þá er það nú og í því máli, sem um er fjallað. Alþingi þarf sjálft að kanna til botns ástandið í dómsmálunum og gera grein fyrir niðurstöðunum í opinberri skýrslu, sem síðan yrði grundvöllur markvissra og samhæfðra úrbóta. Það er sannfæring flm. þessarar þingsályktunartillögu, að þetta sé ekki aðeins almennur vilji, heldur krafa, sem Alþingi verði að sinna ætli það ekki að stofna tiltrú manna á réttarfarinu í þessu landi í enn meiri hættu en orðið er. Neiti Alþingi að gegna ótvíræðri skyldu sinni í þessu efni eða drepi málinu á dreif er einnig virðingu þess og áliti hætt.

Við rannsókn eins og þá, sem gerð er tillaga um, er nauðsynlegt, að nefnd sú, sem verkið á að hafa með höndum, geti leitað til sérfróðra manna um aðstoð, ellegar verða störf hennar torleyst eða jafnvel óframkvæmanleg. Því er í tillögunni gert ráð fyrir, að nefndin fái heimild til þess að ráða sér sérfróða menn til aðstoðar, og eðlilegast er, að kostnaður við störf nefndarinnar sé greiddur úr ríkissjóði, eins og tillaga er einnig gerð um.

Í tillögugreininni sjálfri eru talin upp ýmis atriði, sem óskað er sérstakrar athugunar á. Sú upptalning er þó alls ekki tæmandi, enda hlýtur nefndin að ráða því nokkuð sjálf, hvernig hún vinnur og hvaða einstök mál hún kannar. Í upptalningunni er þó vikið að flestum eða öllum þeim atriðum, sem ástæða virðist til þess að athuga sérstaklega miðað við þær upplýsingar um ástand mála, sem eru á almannavitorði. Þyki ástæða til mun verða gerð grein fyrir því frekar í umræðum um þessa tillögu, en flm. ætla, að hin einstöku tilefni, sem að baki búa, séu þingmönnum ekki síður en öðrum enn svo í fersku minni að ekki ætti að þurfa að setja á langar tölur þar um.

Tilgangurinn með þessari tillögu er ekki sá að leitast við að kasta sökum vegna þess, sem miður hefur farið í dómsmálum, á einstakan mann eða menn, heldur hitt, að Alþingi sjálft — sú stofnun, sem verður að hafa frumkvæðið um flesta þá hluti, sem gera þarf til úrbóta — leggi sig fram um að komast til botns í málunum, geri þjóðinni grein fyrir niðurstöðunum og að á þeim verði síðan byggt það, sem byggja þarf. Tillaga þessi varðar svo mikilsvert mál, að Alþingi hlýtur að sjá sóma sinn í að afgreiða hana. Og þingmenn þurfa vart að skoða hug sinn um, að almenningur í landinu mun fylgjast með því, hver sú afgreiðsla verður.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um ferðafrelsi.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að tryggja fulla gagnkvæmni í samskiptum við önnur ríki að því er varðar ferðafrelsi. Skal stefna íslenskra stjórnarvalda vera sú að ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðafrelsi. Vilji önnur ríki ekki fallast á þá skipan, heldur leggi hömlur á ferðir íslendinga, skulu þegnar þess ríkis sæta sömu tálmunum ef þeir kjósa að ferðast til Íslands.

Greinargerð.

Þær reglur, sem hér er gerð tillaga um, eru almennar í samskiptum íslendinga við önnur ríki og raunar í samskiptum flestra ríkja heims. Þegar undan er skilin sú stefna að hafa frjálsræðið sem mest. Á þessu er þó ein veigamikil undantekning. Bandaríki Norður-Ameríku kappkosta að tryggja þegnum sínum óskert freðafrelsi í öðrum löndum, en neita þegnum annarra þjóða um hliðstæð réttindi í Bandaríkjunum. Þannig þurfa bandarískir þegnar engin leyfi íslenskra stjórnarvalda til ferðalaga eða langdvalar hérlendis, en íslendingar þurfa leyfi bandarískra stjórnarvalda til að stíga fæti inn fyrir landamæri Bandaríkjanna. Var þessum hömlum á ferðafrelsi íslendinga beitt af mikilli hörku um langt árabil og leyfisveitingar háðar njósnum um skoðanir manna. Þetta eftirlit hefur verið mildað síðustu árin, en þó er því enn beitt á furðulegan hátt. Er skemmst að minnast erfiðleika sem sendinefnd Alþingis íslendinga varð fyrir í Bandaríkjunum í sumar á leið sinni til Kanada í boði kanadíska þingsins. Virtist sú framkoma bera vott um óvild til Alþingis íslendinga og íslensku þjóðarinnar.

Með þessari tillögu er því beint til íslensku ríkisstjórnarinnar að hún kanni hvort bandarísk stjórnarvöld eru reiðubúin til að tryggja íslendingum fullt ferðafrelsi í Bandaríkjunum. Haldi Bandaríkin hins vegar fast við hömlur sínar á ferðum íslendinga, verði hliðstæðar hömlur settar á ferðir Bandaríkjamanna til Íslands. Sjálfstæði ríkis er m. a. háð fullu jafnrétti í samskiptum við önnur ríki.

Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jóhann Hafstein, Einar Ágústsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að beita sér fyrir því í samráði við ríkisstjórnina, að á fjárlög ársins 1977 verði tekið framlag til sundlaugagerðar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa allir dvalist á Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg, mislengi þó. Þessi sjúkrahússtofnun er myndarleg, húsakynni hentug og vistleg, starfsfólkið mjög samvalið og áhugasamt um að ná sem bestum árangri. Fyrir þá, sem þarna dveljast og eiga við persónulegan vanda að stríða, er ótrúlega uppörvandi að fylgjast með framförum annarra sem hafa getu, þrek og einbeitni til þess að fylgja ráðum lækna og hjúkrunarliðs.

Enda þótt Grensásdeild Borgarspítalans sé myndarleg stofnun er að sjálfsögðu þörf framkvæmda sem stuðlað gætu að því að hún kæmi að enn meira gagni. Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu ræddi nokkuð við starfsfólk um það hverjar framkvæmdir væru brýnastar, einkum við yfirlækni deildarinnar, Ásgeir B. Ellertsson dr. med. Niðurstaða hans var sú að gerð sundlaugar handa fötluðum væri það verkefni sem gagnlegast væri og líklegast til að skila árangri. Hefur hann samið greinargerð þá sem hér fer á eftir um notagildi sundlaugar.

„Eiginleikar vatns gera það mjög hentugt til notkunar við sjúkraþjálfun.

a) **Hitaleiðari:** Vatn er sérstaklega heppilegt til að leiða hita, bæði til að hita upp og kæla líkamshluta.

b) **Þungi vatns:** Þyngd vatnsins, tregða og uppdrifseiginleiki nýtist í mörgum tilvikum sem mótstaða við styrktaræfingar.

c) **Uppdrifseiginleiki vatns:** Uppdrifseiginleiki vatns upphefur að miklu leyti líkamsþunga og auðveldar því í mörgum tilfellum æfingar. T. d. verður álag á burðarlimi minna og kemur það sér vel við þjálfun brotinna og lamaðra lima, sem ekki þola fullan líkamsþunga. Enn fremur gerir uppdrifseiginleiki vatnsins ýmsum sjúklingum, sem lítið sem ekkert geta hreyft sig á þurru landi, kleift að hreyfa sig í vatni. Þannig eru möguleikar á að styrkja vöðva og framkvæma hreyfingar í vatninu, sem annars væri ekki unnt að inna af hendi. Þeir, sem t. d. eru lamaðir í öllum útlimum, eiga að geta synt með smá-höfuðhreyfingu eftir mikla þjálfun.

Helstu ástæður til lækningameðferðar í sundlaug.

1. **Heila- og taugasjúkdómar:**
   a) Þegar um er að ræða magnleysi í útlimum og á bol, vegna sjúkdóma í taugum, t. d. við taugabólgur (polyneuritis, polyradiculitis).
   b) Við verulega lömun í ganglimum (paraplegia) og á útlimum öllum (tetraplegia), oftast vegna skemmda í mænu, t. d. afleiðingar mænuáverka eftir slys eða sjúkdóma, eins og mænuæxla o. s. frv.
   c) Í ákveðnum tilfellum af meðfæddri heilalömun (cerebral palsy) og helftrarlömun (hemiparesis), t. d. eftir blóðtappa og blæðingar og sérstaklega þar sem veruleg stiflömun (spasticitet) er til staðar.

2. **Gigtar- og liðsjúkdómar:**
   a) Ýmsar tegundir liðagigtar.
   b) Liðaskemmdir eftir slys (beinbrot með brotlínu inn í liðinn) og við slit á liðum.
   c) Vöðvaspenningsverkur (vöðvabólga).

3. **Brot:**
   Þeir sjúklingar, sem hafa hlotið beinbrot, geta margir byrjað þjálfun í sundlaug um leið og þeir eru grónir sára sinna, þ. e. a. s. eftir ca. 10 daga.

4. **Aflimun:**
   Þar sem aflimun (amputation) hefur verið gerð vegna sjúkdóma eða sem afleiðing slysa.

5. **Ýmsir aðrir sjúkdómar.**

6. **Andleg upplyfting:**
   Fyrir alla hreyfihamlaða, sem geta hreyft sig frjálst í vatni.

Endurhæfingardeild Borgarspítalans samanstendur af 2 legudeildum með 60 rúmum í Grensásdeild og 34 rúmum í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, ásamt meðferðardeild í aðalbyggingu Borgarspítalans og er sú deild þjónustudeild við hinar ýmsu deildir þar. Á Endurhæfingardeildinni lágu á árinu 1975 tæplega 550 sjúklingar og voru um ⅔ hlutar þeirra með einkenni frá heila- og taugakerfi, liðum, vöðvum og beinum og hefðu haft gott af eða nauðsynlega þurft á meðferð að halda í vatni. Að mjög takmörkuðu leyti hefur verið reynt að bæta úr brýnustu þörf á þessu sviði með því að fá að láni sundlaug Æfingastöðvar lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut. Voru á árinu 1974 farnar 211 ferðir með sjúklinga í sund, á árinu 1975 145 ferðir og það sem af er árinu 1976 86 ferðir.

Þegar Endurhæfingardeildin tók til starfa við Grensásveg var strax haft orð á því að sundlaug vantaði inn í mynd þeirrar lækningameðferðar, sem deildin leitast við að inna af hendi. Í tillögum deildarinnar til framkvæmdastjóra Borgarspítalans við fjárhagsáætlun fyrir 1977 er farið fram á heimild til að hefjast handa um hönnun og byggingu sundlaugar við deildina (sjá meðfylgjandi afrit).

Sundlaug við Grensásdeild: Í tillögum Endurhæfingardeildar frá 9.10. '74 var óskað eftir athugun á að koma upp sundlaug við Grensásdeildina.

Skýring: Þar sem engin sundlaug er við deildina hafa æfingar í vatni að mjög takmörkuðu leyti getað farið fram. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með láni á sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á Háaleitisbraut, en þangað hafa s. l. 2 ár verið farnar u. þ. b. 350 ferðir, með að jafnaði 5—10 sjúklinga í hvert sinn. Hefur þó raunverulega lítill hluti þeirra sjúklinga, sem þurft hafa, komist með í þessar ferðir, enda þótt meiri hluti sjúklinga deildarinnar væri með einkenni frá heila og taugakerfi, beinum, liðum og stoðkerfi. Æfingar í sundlaug koma einkum að gagni við ýmsar lamanir, þar sem hreyfingar allar eru miklu léttari í vatni. T. d. er möguleiki á að sjúklingur með verulega lömun í ganglimum geti gengið í vatni og þannig styrkt vöðva og göngulag, sem hann gæti ekki í andrúmsloftinu. Annar stór hópur sjúklinga, sem þarfnast æfinga í vatni, er liðagigtarsjúklingar og aflimaðir sjúklingar, svo hið helsta sé nefnt. Hjá þessum sjúklingum verður t. d. álagið á veika liði miklu minna í vatni en undir venjulegum kringumstæðum. Sundlaug á Grensási gæti ekki eingöngu komið sjúklingum Endurhæfingardeildarinnar að notum, heldur einnig verið nýtt af lömuðum og fötluðum einstaklingum í Reykjavík á kvöldin og hugsanlega orðið keppnislaug lamaðra og fatlaðra hérlendis."

Um þetta mál hefur þegar verið fjallað í æðstu stofnunum Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 1. okt. s. l. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svo hljóðandi tillögu sem síðan var einróma staðfest á borgarstjórnarfundi 7. október:

„Borgarráð samþykkir að fela borgarverkfræðingi í samráði við borgarlækni að kanna, hvort hægt er að koma fyrir sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans, og leggja fyrir borgarráð umsögn ásamt kostnaðaráætlun að þessari könnun lokinni."

Þannig eru fullar forsendur fyrir samvinnu ríkisins og Reykjavíkurborgar um þessa brýnu framkvæmd.

Flutningsmenn óska þess að nefnd sú, sem fær þingsályktunartillögu þessa til meðferðar, hraði störfum sínum, þannig að hægt verði að kanna vilja Alþingis svo snemma að heilbrigðisráðherra hafi ráðrúm til að bera fram raunhæfa tillögu um nauðsynlega fjárveitingu til þessarar brýnu framkvæmdar.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um samningu afdráttarlausari lagaákvæða er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum umfram það, sem starfsréttindi kveða á um.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson.

Alþingi ályktar að óska eftir því við fjármálaráðherra, að hann feli þeim aðilum, sem starfa að endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að þeir geri sérstaklega tillögur um ný og afdráttarlausari fyrirmæli en nú er að finna í lögum, er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum fríðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi, er meta má til peningaverðs, frá opinberum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, sem viðkomandi starfsmaður hefur starfsleg samskipti við. Auk þess skal í tillögunum kveðið á um skyldu opinbers starfsmanns til þess að upplýsa til réttra aðila um þau fríðindi, gjafir, endurgjaldslausa þjónustu o. s. frv., er hann kynni að hafa þegið, svo og um viðurlög við brotum.

Jafnframt verði þeim aðilum, er þessa endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa með höndum, falið að gera tillögur um sambærilegar reglur varðandi ráðherra og alþingismenn, sveitarstjórnarmenn og starfs-

fólk sveitarstjórna svo og um aðra þá, sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa, og þá um sérstaka lagasetningu þar um, ef þurfa þykir, svo og að gera tillögur um þær breytingar á öðrum lögum, svo sem eins og almennum hegningarlögum, sem gera þyrfti þessu samfara.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þróunin hefur orðið sú bæði hérlendis og erlendis, að hið opinbera og stofnanir þess ásamt ýmsum hálf-opinberum stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum hafa stöðugt eflst að áhrifum og ítökum — þá ekki hvað síst á sviði efnahags- og fjármála. Hvort heldur er um einstakling eða atvinnufyrirtæki að ræða er vart til sú framkvæmd, sem hann eða það þarf ekki að sækja undir a. m. k. einn slíkan opinberan aðila og viðtökurnar, sem umleitunin hlýtur, ráða oftar en ekki algerum úrslitum um hvort af hinni ráðgerðu framkvæmd getur orðið. Þekking, dugnaður og hæfni einstaklingsins ásamt eiginfjárhagsgetu hans o. s. frv. skipta að vísu máli í slíkum tilvikum, en undirtektir opinberra stofnana og ráðamanna við erindinu eru þó mjög oft þyngri á metunum. Undir slíkum kringumstæðum gera menn sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að hætta er á að önnur atriði en að framan voru talin, svo sem þjóðfélagsstaða einstaklings, „aðstaða" hans eða fyrirtækis, sem hann veitir forstöðu, eða enn önnur atriði, ráði erindislokum. Það er alkunna, að slík aðstaða t. d. atvinnufyrirtækis er iðulega metin til peningaverðs, t. d. við eigendaskipti (good-will), og ýmis alkunn síðari tíma dæmi úr heimsfréttum sanna, svo ekki verður um villst, að menn eru reiðubúnir til þess að verja nokkrum fjármunum til þess að skapa sér eða fyrirtæki sínu slíka góðvild með ýmsum hætti og þá ekki einvörðungu með því að verja fé til að kynna hugsanlegum viðskiptavinum framleiðsluna og fyrirtækið í auglýsingum.

Jafnframt því, sem opinberar stofnanir og sjóðir vaxa með þessum hætti að áhrifum og ítökum, aukast að sjálfsögðu völd þeirra einstaklinga, sem fara eiga með forsjá þessara mála í umboði almennings — hvort heldur sem þeir eru ráðnir eða valdir í kosningum. Í raun og veru hefur þróunin orðið sú, að gífurleg völd, fjárhagslegs og stjórnmálalegs eðlis, hafa safnast í hendur tiltölulega mjög fárra einstaklinga, sem gegna ábyrgðarmestu störfunum í efnahags- og stjórnmálalífi þjóðarinnar. Aldrei í sögu íslenska lýðveldisins hafa jafnfáir ráðið jafnmiklu um jafnmargra hag og nú, og það liggur mikið við að allur almenningur geti treyst því, að engin óeðlileg og óæskileg atriði hafi áhrif á hvernig þessu mikla valdi er beitt.

Að sjálfsögðu er ekki nema mannlegt, að aðili — einstaklingur eða fyrirtæki — sem á allan sinn hag undir því kominn, hverjar viðtökur erindi hans fær hjá forráðamönnum eða umsjármönnum þessara stofnana almannavalds, leiti ýmissa leiða til þess að tryggja sér velvild þess eða þeirra, sem málum ráða. E. t. v. smávægilegur jólaglaðningur til forstöðumanns lánastofnunar? Kannske boð um sérstaka „kynnisferð" til forstöðumanns opinberra framkvæmda frá fyrirtæki, erlendu eða innlendu, sem viðkomandi forstöðumaður stendur í samningum við um stórframkvæmdir fyrir hönd íslenskra skattborgara? Ellegar þá kurteislegt og velviljað tilboð frá aðila, sem þarf á sérstakri fyrirgreiðslu fjárveitingavaldsins að halda, að það væri e. t. v. ekki úr vegi fyrir þá, sem um eiga að fjalla, að kynna sér starfsemina þeim að kostnaðarlausu? Allt þetta og ýmislegt fleira getur verið fyrir hendi. Allt kann þetta að vera ósköp saklaust og eðlilegt. En hvenær er svo ekki lengur? Hvar eru mörkin?

Í sumum ríkjum eru þau dregin í sérstakri löggjöf. Sem dæmi má nefna, að í Bandaríkjunum gilda þau lög, að opinber starfsmaður, hvort heldur hann er ráðinn eða kjörinn til starfans, má ekki taka við persónulegum gjöfum eða ókeypis þjónustu frá erlendum eða innlendum aðila í sambandi við starfa hans, sem er meira virði en 50 dollarar. Þá má hann ekki heldur þiggja sérstakan greiða eða umtalsverða fyrirgreiðslu, svo sem eins og ókeypis boðsferðir, frá aðilum, sem hann

hefur starfsleg samskipti við og ætla má að hann þurfi að fjalla um erindi frá, sem viðkomandi aðili hefði fjárhagslegan ávinning af hverja afgreiðslu hlyti. Í öðrum ríkjum eru ákvæði um þessi efni ekki jafnafdráttarlaus, en þess í stað stuðst við trausta hefð, sem er svo sterk, að hverjum þeim opinberum starfsmanni, sem uppvís yrði að því að þiggja álíka greiða, gjöf eða fyrirgreiðslu og refsiverð er skv. bandarískum lögum, væri ekki stætt á öðru en greiða gjöfina, gjalda greiðann eða jafnvel að hverfa úr starfi. Svo eru auðvitað til enn önnur ríki þar sem samskipti eins og hér um ræðir eru talin sjálfsagður þáttur í opinberri þjónustu.

Hér á landi eru aðeins mjög lausleg og almennt orðuð ákvæði í lögum, er banna slíkt framferði opinbers starfsmanns sem hér er gert að umtalsefni. Þau er að finna í almennum hegningarlögum og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þá virðist heldur engin sérstök hefð hafa skapast hér á landi um hvað megi teljast eðlilegt og hvað ekki í þessum efnum, heldur er matið í því efni algerlega persónubundið — það, sem einum þykir allt í lagi, finnst öðrum óhæft. Markalínan hefur ekki verið dregin í lögum né heldur skapast fyrir siðgæðishefð.

En að sjálfsögðu verður slík markalína að vera til með þjóð, sem vill telja sig siðmenntaða, og flm. hefur þá trú, að því fyrr sem hún verður dregin, því betra. Eðlilegast og öruggast er að það sé gert í löggjöf, þar sem mörk séu dregin á milli eðlilegrar kynningarstarfsemi, vináttu- og virðingarvottar við opinberan starfsmann, ráðinn eða kjörinn, annars vegar og óeðlilegra og óæskilegra „góðvildarkaupa“ hins vegar. Einmitt nú um þessar mundir vill svo til, að yfir stendur endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og flm. hafa frétt af því, að fyrir dyrum standi að hraða þeirri endurskoðun. Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir því, að Alþingi óski eftir því við fjármálaráðherra að þau vandamál, sem að framan hefur verið rætt um, verði sérstaklega tekin til meðferðar við þá endurskoðun og gerðar tillögur um skynsamlega lagasetningu um, hvað sé eðlilegt og hvað óeðlilegt í því sambandi. Að sjálfsögðu eiga slík ákvæði um hvað sé siðlegt og hvað ósiðlegt í opinberri stjórnsýslu ekki að ná einungis til ráðinna starfsmanna ríkisins, heldur einnig kjörinna, svo sem alþingismanna og ráðherra, og sömuleiðis til sveitarstjórnarmanna og starfsfólks sveitarfélaga svo og annarra þeirra, sem gegna opinberum störfum. E. t. v. er ekki hægt að koma því við að láta lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ná yfir allar þessar stéttir í þjónustu hins opinbera, en þá gerir þingsályktunartillagan ráð fyrir því, að sérstök lög með sambærilegum lagaákvæðum og hér hafa verið gerð að umtalsefni verði sett varðandi þessar starfsstéttir. Einnig er gert ráð fyrir því í tillögunni, að önnur lög, svo sem almenn hegningarlög, verði endurskoðuð með tilliti til þeirra nýju og afdráttalausu reglna um siðgæði í almennri stjórnsýslu, sem óskað er að sett verði.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um votheysverkun.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ráðstafanir til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Skal þetta gert með því að

1) kynna bændum reynslu þeirra, sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
2) veita hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og
3) veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður.

Greinargerð.

Á s. l. sumri var mikil óþurrkatíð um mikinn hluta landsins. Talað er um óvenjulegt óþurrkasumar og svo var og um sumarið 1975. Þetta minnir áþreifanlega á, hve bændur eru almennt háðir veðurfari um heyöflun. Þó mætti ætla, að í allri þeirri tækniþróun, sem gengið hefur yfir landbúnaðinn á síðari árum, stæðu bændur betur að vígi í þessu efni en áður var. En það virðist síður en svo. Fjárhagsleg skakkaföll bænda af völdum óþurrka gerast nú stórum alvarlegri en áður var, þar sem nú er svo miklu kostað til áburðar og heyvinnslutækja. Er því ekki að ófyrirsynju að talað er um, hvernig bæta megi bændum tjón, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum. En mest er um vert að forða frá tjóni með því að gera fóðuröflunina óháðari veðurfarinu.

Nú eiga ekki allir bændur landsins sammerkt í þessu efni. Um langt árabil hafa sumir bændur verið svo óháðir veðurfarinu sem verða má. Öll eða nær öll heyverkun þeirra hefur verið í vothey. Þeir bændur, sem beitt hafa þessari heyverkunaraðferð alfarið, eru samt allt of fáir. Þeir teljast frekar til undantekningar, þegar litið er á bændastétt landsins í heild. Þó eru þess dæmi að allir bændur í heilum byggðarlögum verka hey sín í vothey, svo sem t. d. í Strandasýslu og á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheysverkun tryggir fóðuröflunina í óþurrkatíð. Með votheysverkun forða bændur frá áföllum og fjárhagstjóni, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum, sem ekki hagnýta þessa aðferð.

En votheysverkun er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóðuröflunina, fylgja aðrir hinir mikilvægustu kostir. Votheysverkun tryggir fóðurgildi heyfengsins, hvað sem líður tíðarfarinu. Votheysverkun krefst miklu minni vélakosts en þurrheysverkun. Og votheysverkun krefst minni vinnu.

Þetta er reynsla þeirra bænda, sem um árabil hafa verkað allan eða meginhluta heyfengs síns í vothey jafnt í þurrkatíð sem óþurrkatíð. Reynslan hefur ótvírætt sannað, að votheysverkun er í senn öruggasta, ódýrasta og fyrirhafnarminnsta heyöflunaraðferðin. En til þess að svo megi verða þarf nægar haganlegar votheysgeymslur, réttan tækjabúnað og rétta meðhöndlun. Aðeins þeir, sem líta á votheysverkun sem neyðarúrræði í óþurrkatíð, sem gripið er til við ófullkomnar aðstæður þegar í óefni er komið, hafa aðra sögu að segja um gildi þessarar heyverkunaraðferðar.

Það er ekki vansalaust, að bændur landsins skuli ekki almennt hafa enn tekið upp votheysverkun. Þess vegna er hér lagt til, að bændum, sem búa við þurrheysverkun, verði kynnt reynsla þeirra sem byggja fóðuröflunina á votheysgerð. Jafnframt er hér gerð tillaga um, að þeir bændur, sem vilja hverfa frá þurrheysverkun og hagnýta sér yfirburði votheysverkunar, verði aðstoðaðir til þess með lánafyrirgreiðslu.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé falið að gera þær ráðstafanir sem þarf til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er. Hér er ekki einungis um að ræða aðgerðir til að firra bændur áföllum og tjóni, sem eru samfara óþurrkasumrum. Hér er um að tefla mál, sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu. Það varðar ekki litlu fyrir þjóðarbúskapinn, að fóðuröflun landbúnaðarins geti orðið hagkvæmari og ódýrari en nú er.

Nd. **11. Frumvarp til laga** [11. mál]

um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Hún skal hafa á að skipa starfsfólki, er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota.

2. gr.

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Dómsmálaráðherra getur skipað honum fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála í Reykjavík, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

4. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan Reykjavíkur, en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögregluranns óknir.

5. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, og geymir gögn samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

6. gr.

Við embætti lögreglustjóra í Reykjavík skal starfa sérstök rannsóknarlögregludeild undir stjórn lögreglustjóra.

Deild þessi skal annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögmætan innflutning áfengis.

4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.
5. Aðra málaflokka, sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela embætti lögreglustjóra, sbr. 9. gr. laga þessara.

7. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Deildir þessar skulu annast lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. gr. Sama gildir, er rannsóknarlögreglustjóri hefur lögmæt forföll.

Þegar dómsmálaráðherra skipar mann til að fara með einstakt mál samkvæmt framansögðu, ákveður hann honum þóknun.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Hann setur og reglur um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er núverandi rannsóknarlögregla í Reykjavík lögð niður.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir starfsmenn hennar flytjast til rannsóknarlögreglu ríkisins, hverjir til lögreglustjórans í Reykjavík og hverjir starfi áfram við sakadómaraembættið í Reykjavík.

Hann ákveður einnig um skiptingu tækjabúnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins var lagt fyrir Alþingi á s. l. vetri, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Á milli þinga hefur dómsmálaráðuneytið óskað þess, að réttarfarsnefnd taki til athugunar umsagnir 6 aðila, sem allsherjarnefnd neðri deildar leitaði eftir á síðasta þingi. Réttarfarsnefndin hefur samið álitsgerð vegna þeirra umsagna og er hún prentuð sem fylgiskjal hér á eftir. Nefndin telur ekki ástæðu til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu frá fyrri gerð utan eina minnihátlar, svo sem nánar er greint frá í álitsgerðinni. Sú breyting er samkvæmt ábendingu félags rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík, um að bæta nokkrum orðum við 1. málslið 4. greinar frumvarpsins til nánari afmörkunar. Frumvarpið er því nú lagt fram óbreytt að öðru leyti, frá því, sem lagt var fram á síðasta þingi, en því fylgdi þá svohljóðandi

Greinargerð.

Hinn 6. október 1972 skipaði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, nefnd til að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu og gera tillögur um hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði, til að afgreiðsla mála yrði

hraðari. Í nefnd þessa voru skipaðir Björn Fr. Björnsson, sýslumaður, Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti, Þór Vilhjálmsson, prófessor, og Björn Sveinbjörnsson, hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar. Hefur nefndin samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, ásamt tveim fylgifrumvörpum með því. Er annað þeirra um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en hitt um breytingu á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. nr. 74/1972.

Árið 1948 var lagt fyrir Alþingi frumvarp um meðferð opinberra mála, sem þeir Einar Arnórsson, dr. juris og hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson höfðu samið. Frumvarpið gerði ráð fyrir, að opinber ákærandi, saksóknari ríkisins, færi með ákæruvaldið, sem á þeim tíma var í höndum dómsmálaráðherra. Í frumvarpinu var einnig ákvæði um, að sérstakur embættismaður, er lyti saksóknara ríkisins, og nefndur var rannsóknarstjóri, skyldi taka við yfirstjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík í stað sakadómara. Hann skyldi og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari teldi þess þörf. Þá átti rannsóknarstjóri að vera sækjandi í héraðsdómi í þeim opinberu málum, sem þar sættu sókn og vörn eftir málshöfðun.

Helstu ákvæði frumvarpsins um fyrirhugað embætti rannsóknarstjóra og starfa hans voru í 2. og 3. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 82. gr. þess og hljóðuðu svo:

35. gr., 2. og 3. mgr.:

„Forseti skipar rannsóknarstjóra. Skal hann hafa leyst af hendi lögfræðipróf og aflað sér samkvæmt vottorðum hæfrar stofnunar rækilegrar sérmenntunar í þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Hann skal lúta saksóknara, hafa skrifstofu í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. Þá skal hann og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari telur þess þörf, enda getur hann sent fulltrúa sinn eða rannsóknarlögreglumenn héraðsdómurum til aðstoðar bæði utan réttar og fyrir dómi. Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota, að fengnum tillögum rannsóknarstjóra og lögreglustjóra í Reykjavík.

Rannsóknarstjóri nýtur sömu launakjara sem lögreglustjórinn í Reykjavík. Skipa má rannsóknarstjóra fulltrúa með lögfræðiprófi.“

82. gr., 1. mgr.:

„Þau mál, sem sæta sókn og vörn fyrir dómi eftir málshöfðun, sækir rannsóknarstjóri, er mál skal dæma í umdæmi hans, og annars staðar eftir ákvörðun saksóknara, eða fulltrúi rannsóknarstjóra ....“.

Um ákvæði 35. gr. frumvarpsins sagði svo í greinargerð:

„Í 35. gr. eru fyrirmæli um lögreglustjórn. Sakadómari í Reykjavík fer nú með stjórn rannsóknarlögreglu þar. En eigi þykir það hentug skipan, enda á sakadómari að meta verk rannsóknarlögreglumanna. Nú á tímum er það og eitt af grundvallaratriðum réttarfars í opinberum málum að skilja glöggt á milli dómsvalds annars vegar og lögreglustjórnar hins vegar. Er því hér það nýmæli sett, að rannsóknarstjóri skuli hafa stjórn þeirra lögreglumanna í Reykjavík, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar, svo og er þörf þykir og við verður komið, stýra rannsókn annars staðar á landinu. Þykir miklu skipta, að maður, er hafi fullkomna menntun og æfingu í lögregluranns6kn, hafi yfirstjórn hennar, leiðbeini lögreglumönnum og hafi umsjón með kennslu þeirra og þjálfun. Ætlast er til, að lögreglustjóri í Reykjavík fari með lögreglustjórn þar að öðru leyti, svo sem verið hefur, enda hvorum tveggja ætlað ærið verkefni, með því að bærinn vex og brot færast sífellt mjög í vöxt“.

Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga, þar sem ákvæðin um opinberan ákæranda og rannsóknarstjóra mættu andspyrnu. Var þá lagt nýtt stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi 1950, þar sem þessi ákvæði voru felld niður. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Á Alþingi 1950 var og borið fram sérstakt stjórnarfrumvarp um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra.

Ákvæði þess um rannsóknarstjóra voru í aðalatriðum samhljóða framangreindum ákvæðum frumvarpsins frá 1948. Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga. Ákvæðin um opinberan ákæranda voru lögfest 1961, sbr. lög nr. 57/1961, en þau lög höfðu ekki að geyma nein ákvæði um rannsóknarstjóra.

Hinn 17. apríl 1968 samþykkti Alþingi „að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir lögreglustjóra.“ Samkvæmt þessari ályktun var á Alþingi 1969—1970 lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98, 23. desember 1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. 2. gr. þess frumvarps var svo hljóðandi:

„5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa, framkvæmd refsidóma og umsjón fangelsa.

Rannsóknarstjóri, sem lýtur lögreglustjóra, stýrir lögregluranns6kn brotamála og fer með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brotamál, að því er þau störf varðar.

Forseti skipar rannsóknarstjóra, sem skal hafa leyst af hendi lögfræðipróf og öðlast sérþekkingu á þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Áður en embættið er veitt, skal leita umsagnar lögreglustjóra um umsækjendur.

Dómsmálaráðherra getur falið lögreglustjóra og rannsóknarstjóra yfirstjórn og framkvæmd sérstakra þátta löggæslu eða lögregluranns6kna utan Reykjavíkur ótímabundið eða um stundarsakir, ef um einstök tiltekin lögreglumálefni eða aðgerðir er að tefla.“

Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, rannsóknarlögreglu ríkisins. Yfirmaður þessarar stofnunar nefnist rannsóknarlögreglustjóri, sem þykir heppilegra orð en rannsóknarstjóri. Ljóst er, að embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verður mjög þýðingarmikið. Er eðlilegt, að það heyri beint undir dómsmálaráðherra, enda þarf rannsóknarlögreglustjóri að hafa jafna aðstöðu gagnvart öllum lögreglustjórum á landinu stöðu sinnar vegna. Hann verður að sjálfsögðu að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara lögum samkvæmt eins og aðrir lögreglustjórar.

Aðalatriðið, sem í frumvarpinu felst er, að yfirsakadómarinn í Reykjavík verður eigi lengur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, svo sem nú er. Er þar með stigið spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn, þó að eigi þyki fært að stíga það skref til fulls. Tæplega verður um það deilt, að rétt sé að fylgja fordæmi annarra þjóða um slíkan aðskilnað. Vísast um þetta til þess, sem tekið er upp hér að framan úr greinargerð með frumvarpinu frá 1948.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að starfandi verði sérstök rannsóknarlögregludeild við lögreglustjóraembættið í Reykjavík, er rannsaki til fullnustu vissa flokka brotamála, þar á meðal brot á umferðarlögum, sem er einn umfangsmesti málaflokkurinn a. m. k. að því er málafjölda varðar. Þegar er starfandi sérstök umferðadeild hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Má ljóst vera, að það verður kostnaðarminna fyrir ríkissjóð og verulegt hagræði fyrir almenning, að slík brot séu rannsökuð til fullnustu á sama stað í stað þess sem nú er, að frumrannsókn fer fram hjá lögreglustjóraembættinu, sem síðan sendir málin til rannsóknarlögreglu til áframhaldandi rannsóknar.

Rannsóknarlögreglu ríkisins er aftur á móti ætlað að rannsaka meiri háttar afbrot, svo sem brot á hegningarlögum. Ætlast er til, að hún hafi á að skipa hinum hæfustu mönnum, sem völ er á, sérfróðum á ýmsum sviðum rannsókna. Ekki er síst nauðsynlegt, að þar séu menn sérfróðir um bókhaldsrannsókn, en rannsókn mála dregst oft úr hófi fram, þegar bókhaldsrannsókn þarf að framkvæma. Rannsóknarlögreglustjóri á að geta sent sérfræðinga sína til aðstoðar lögreglustjórum hvar sem er á landinu, þegar þörf krefur. Einnig er eðlilegt, að rannsóknarlögregla

ríkisins hafi með höndum rannsóknir í þeim málum, sem spanna yfir mörg lögsagnarumdæmi, svo sem oft er t. d. í smyglmálum.

Þá væri eðlilegt, að hún hefði með höndum rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum. Gæti sérstök deild innan rannsóknarlögreglu ríkisins haft þau mál með höndum. Skapaðist þá möguleiki til þess, að unnt yrði að leggja niður stofnun þá, sem nú annast rannsókn þeirra mála.

Vera má, að hin breytta skipan hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Þess verður þó að gæta, að með því mætti spara ýmsan annan kostnað. Í fyrsta lagi væri rétt að leggja niður dómstól og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum skv. lögum nr. 52/1973. Í öðru lagi mætti, þegar hagkvæmt þætti, sameina sakadómaraembættið og borgardómaraembættið. Í þriðja lagi mundi það, að rannsókn brota yrði í auknum mæli framkvæmd af rannsóknarlögreglu, draga úr störfum dómara, þannig að dómarafulltrúum mætti fækka eða flytja til rannsóknarlögreglu ríkisins. A. m. k. ætti ekki að þurfa að fjölga þeim eða sakadómurum um sinn. Í fjórða lagi mundi sú einföldun rannsóknar, að lögreglustjóri í Reykjavík lyki rannsókn í málum, sem nú er send frá honum til rannsóknarlögreglu, svo sem umferðaslysamálum, spara útgjöld og fyrirhöfn, eins og áður segir. Loks er þess að geta, að hafi rannsóknarlögregla ríkisins á að skipa bókhaldsfróðum mönnum, má spara mjög verulegar fjárhæðir, sem nú þarf að greiða endurskoðendum vegna bókhaldsrannsókna. Auk þess væri það til mikils hagræðis og flýtis, að þurfa ekki að leita út fyrir embættið í slíkum tilfellum. Margt fleira mætti nefna, en þegar á heildina er litið, er ekki víst, að stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins í þeirri mynd, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

Aðalatriði málsins er að sjálfsögðu það, hvað sem kostnaðarhlið þess líður, að samræma aðgerðir við rannsókn brotamála um allt land, að styrkja rannsóknir slíkra mála utan Reykjavíkur, þar sem tæki og sérþekkingu kann að skorta, og að stuðla að fljótvirkari rannsóknum og meðferð brotamála.

Í frumvarpinu er ekki sérstakt ákvæði um launakjör rannsóknarlögreglustjóra, svo sem var í fyrri frumvörpum um rannsóknarstjóra. Þykir ekki rétt að setja ákvæði um það í lögin, þar sem laun opinberra starfsmanna eru nú ákveðin með öðrum hætti en áður var. Verður að gera ráð fyrir, að fjármálaráðherra ákveði embættismanni þessum laun til bráðabirgða í samræmi við mikilvægi starfsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Rétt þykir, að rannsóknarlögreglustjóri fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 32. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 auk þess, sem hann þarf að sjálfsögðu að hafa aflað sér sérþekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Um 3. gr.

Breyting sú, sem lögin gera ráð fyrir, verður einföldust og kostnaðarminnst, ef fyrirhuguð rannsóknarlögregla ríkisins tæki í aðalatriðum við störfum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, að undanskildum ákveðnum málaflokkum. Má og gera ráð fyrir, að lögregluþjónar, sem starfa hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík gangi í þjónustu rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 4. gr.

Eins og segir í 7. gr. er ætlast til, að rannsóknarlögregludeildir séu starfandi við lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Slíkar deildir verða tæpast nema við stærstu embættin. Það er því mjög mikil-

vægt, að lögreglustjórar geti átt kost aðstoðar við rannsókn meiri háttar brota. Auk þess getur verið nauðsynlegt, að ríkissaksóknari geti falið rannsóknarlögreglustjóra ríkisins rannsóknir í einstökum málum, hvar sem er á landinu eða að rannsóknarlögreglustjóri geti sjálfur átt frumkvæði að rannsókn utan Reykjavíkur. Getur þetta einkum verið nauðsynlegt, ef rannsókn máls er sérstaklega vandasöm eða mál umfangsmikið, svo og ef sökunautar í sama máli eiga heima í fleiri en einu lögsagnarumdæmi. Ef ágreiningur kynni að rísa milli viðkomandi lögreglustjóra og rannsóknarlögreglustjóra er eðlilegt, að ríkissaksóknari skeri úr.

Um 5. gr.

Ekki er til nein slík heildarskrá fyrir allt landið, sem greinin gerir ráð fyrir, Það er hins vegar eðlilegt, að rannsóknarlögregla ríkisins haldi slíka skrá.

Um 6. gr.

Upptalning greinarinnar er ekki tæmandi. Ætlast er til, að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða málaflokka rannsóknarlögregludeild lögreglustjóraembættisins hafi með höndum. Reynslan kann að leiða í ljós, að rétt sé að henni verði falin rannsókn fleiri málaflokka en hér er talið, þannig að rannsóknarlögregla ríkisins gegni í framtíðinni sama hlutverki í Reykjavík og annars staðar.

Um 7. gr.

Við nokkur hinna stærri bæjarfógetaembætta og lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir. Sjálfsagt er, að þær starfi áfram og að fleiri verði settar á stofn, þegar fé er veitt til í fjárlögum.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Vísast til athugasemda við 6. gr. en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er um svo viðamikla breytingu að ræða, að sjálfsagt er, að umþóttunartími verði um það bil 1 ár frá samþykkt frumvarpsins til upphafs gildistíma laganna.

Fylgiskjal.

Álitsgerð réttarfarsnefndar um umsagnir um frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með bréfi 3. ágúst 1976 sent réttarfarsnefnd til athugunar 6 umsagnir um frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins og tvö frumvörp, er því fylgdu. Hefur nefndin tekið til athugunar, hvort hún telji rétt að breyta fyrri tillögum sínum af þessu tilefni, og verður hér gerð grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar varðandi frumvarpið um rannsóknarlögreglu ríkisins. Þykir rétt að fjalla um hverja umsögn fyrir sig.

1. Umsögn Félags rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík.

Réttarfarsnefnd fellst á tillögu félagsins um breytingu á 4. gr. frumvarpsins, sbr. niðurlag þessarar álitsgerðar.

2. Umsögn lagadeildar Háskóla Íslands.

Réttarfarsnefnd mælir gegn því, að tekin verði til greina tillaga um breytingu á 1. gr. frv. um stöðu rannsóknarlögreglustjóra gagnvart dómsmálaráðherra. Í 2. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1972 segir, að dómsmálaráðherra fari með yfirstjórn lögreglunnar. Verður að telja rétt, að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins lúti yfirstjórn ráðherrans eins og aðrir lögreglustjórar. Lögreglurannsóknir eru stjórnsýslustörf, sem allmikinn mannafla og ýmis konar tækjabúnað þarf til að rækja. Þær kosta því mikið fé. Réttarfarsnefnd telur mestar líkur til að nauðsynlegt fé fáist, ef ábyrgð á öllum aðbúnaði rannsóknarlögreglu ríkisins hvílir á herðum ráðherra. Þá dregur nefndin í efa, að það verði til að tryggja virkni rannsóknarlögreglunnar og efla traust almennings á henni, að hún verði sett á bekk með dómstólum og handhöfum ákæruvalds og tekin út úr hinu almenna stjórnsýslukerfi ríkisins og þar með undan yfirstjórn lýðkjörinna fulltrúa. Þá ber að hafa í huga, að samkvæmt 4. gr. frv. getur ríkissaksóknari falið rannsóknarlögreglu ríkisins verkefni og hann mun einnig halda því valdi, sem nú eru ákvæði um í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og varða rannsóknir. Þannig segir í 21. gr. laga þessara um ríkissaksóknara: „... Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsóknar og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það ...“ Einnig er vert að benda á 5., 25., 27.—30., 73., 74. og 115. gr.

Réttarfarsnefnd telur ekki heldur þörf á að fara að tillögu lagadeildar háskólans um breytingu á 2. gr. frv. Ákvæði II. kafla laga nr. 38/1954 gilda um veitingu lögreglumannsstarfa eins og annarra starfa á vegum ríkisins og sýnist ekki ástæða til að setja sérstök ákvæði um veitingu þeirra í frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins.

3. Umsögn Landssambands lögreglumanna.

Lögreglustjóraembættinu í Reykjavík eru falin ýmis þau verkefni, sem t. d. í Danmörku eru falin ríkislögreglustjóra, svo sem menntun lögreglumanna, umferðareftirlit á þjóðvegum, yfirstjórn útlendingaeftirlits og margt fleira. Þegar þetta er haft í huga, svo og það, að í Reykjavík er langfjölmennasta lögreglulið landsins, er ljóst, að vegur lögreglustjóraembættisins í Reykjavík er mun meiri en annarra lögreglustjóraembætta. Frumvarpið um rannsóknarlögreglu ríkisins miðar að því að gera veg þess meiri með því að auka starfssvið rannsóknarlögregludeildar embættisins. Er af þessu ljóst, að almennir lögreglumenn í Reykjavík verða ekki settir skör lægra en starfsbræður þeirra við önnur embætti, ef frumvarpið nær fram að ganga, en sú skoðun kemur fram í umsögn Landssambands lögreglumanna.

Í niðurlagi umsagnarinnar er rætt um nauðsyn þess að setja í frumvarpið ákvæði um reglugerð um menntun lögreglumanna og nýja reglugerð um lögregluskóla ríkisins. Réttarfarsnefnd telur ekki ástæðu til að hafa ákvæði um slíkar reglugerðir í lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, enda virðist 9. gr. laga nr. 56/1972 og 33. gr. laga nr. 74/1974 veita nauðsynlega heimild til reglugerðarsetningar á þessu sviði.

4. Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík.

Lögreglustjórinn í Reykjavík er andvígur hugmyndinni um rannsóknarlögreglu ríkisins, a. m. k. í þeirri mynd, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Leggur hann mikla áherslu á samhæfingu alls lögregluliðs Reykjavíkur undir einni stjórn.

Þegar setja á reglur um skipan lögreglumála hér á landi, verður að sjálfsögðu að hafa í huga, hvað sé hagkvæmast fyrir landið í heild og hafa jafnframt hliðsjón af því, að í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, sem skiptist í mörg lögsagnarumdæmi, búa um það bil þrír fimmtu hlutar landsmanna. Mestur hluti landsins er strjálbýll,

og er ógerlegt að koma við verkaskiptingu innan lögreglu nema í fáum umdæmum. Réttarfarsnefnd telur kostnaðarminnst og líklegast til árangurs að koma á fót sérstakri stofnun, rannsóknarlögreglu ríkisins, er hafi á að skipa samhæfðu liði manna með sérmenntun og þjálfun í afbrotarannsóknum og sé búin sem fullkomnustum rannsóknartækjum. Telur nefndin, að þessi stofnun eigi að hafa aðsetur í Reykjavík og hafa með höndum rannsóknir meiri háttar afbrota þar og í Reykjaneskjördæmi, en jafnframt að annast rannsóknir eða veita lögreglustjórum annars staðar á landinu aðstoð við rannsóknir stórbrota. Réttarfarsnefnd telur æskilegt, að sérstökum rannsóknarlögregludeildum verði komið á stofn í hinum stærri lögsagnarumdæmum, eftir því sem aðstæður eru til. Í 6. gr. frv. eru taldir upp nokkrir málaflokkar, sem ætlunin er, að rannsóknardeild lögreglustjóraembættisins í Reykjavík hafi með höndum, en gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti fjölgað þeim málaflokkum. Þykir rétt, að reynsla skeri úr um það, hvað hagkvæmast er á þessu sviði. Í frumvarpinu segir ekkert um verkefni rannsóknarlögregludeilda utan Reykjavíkur, og er það lagt á vald dómsmálaráðherra. Nefndin telur eðlilegt, að verksvið slíkra deilda í Reykjaneskjördæmi verði hið sama eða svipað og í Reykjavík, en rannsóknarlögregla ríkisins annist þar rannsókn stórmála.

Gott er að hafa til samanburðar þá skipan lögreglumála, sem er í grannlöndum okkar, einkum á Norðurlöndum. Vegna fámennis og margháttaðrar sérstöðu hlýtur þó skipan mála hér á landi að vera með öðru sniði en þar. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi eru ríkislögreglustjórar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjórinn í Danmörku hefur undir sinni stjórn þær deildir lögreglunnar, sem ekki eru bundnar við umdæmi, þ. á m. umferðarlögregludeild og rannsóknardeild (kriminalpolitiets rejseafdeling). Ríkislögreglustjórinn í Finnlandi hefur m. a. undir sinni stjórn ríkisrannsóknarlögreglu, sem aðstoðar hin staðbundnu lögregluyfirvöld við rannsókn stórbrota. Verkefni ríkislögreglustjórans í Svíþjóð eru einkum á sviði stjórnsýslu, en hann getur skipulagt aðgerðir lögreglunnar í meiri háttar brotamálum. Í Noregi er ekki ríkislögreglustjóri, en sérstök deild í dómsmálaráðuneytinu hefur æðstu stjórn lögreglumála, og er rannsóknarlögreglusveit á vegum deildarinnar til aðstoðar staðbundinni rannsóknarlögreglu.

Eins og vikið er að í athugasemdum við frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins, var lagt fram á Alþingi 1969—1970 frv. til laga um breyting á þágildandi lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. nr. 98/1961. Var þar gert ráð fyrir, að rannsóknarstjóri færi með stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, en hann væri undirmaður lögreglustjóra. Jafnframt skyldi ráðherra mega fela lögreglustjóranum í Reykjavík og rannsóknarstjóranum framkvæmd sérstakra þátta löggæslu og lögregluranns6kna utan Reykjavíkur ótímabundið eða um stundarsakir, ef um einstök, tiltekin lögreglumálefni eða aðgerðir væri að tefla. Þetta frumvarp mætti harðri andstöðu lögreglustjóra (sýslumanna og bæjarfógeta) utan Reykjavíkur, er töldu, að með því ætti að gera einn af lögreglustjórum landsins yfirlögreglustjóra yfir öðrum lögreglustjórum. Á fjölmennum fundi þeirra var samþykkt með öllum atkvæðum að mæla gegn samþykkt frumvarpsins. Hins vegar má telja víst, að lögreglustjórar utan Reykjavíkur muni una því vel, að rannsóknarlögregla ríkisins sé sérstök stofnun, sem allir lögreglustjórar séu jafnir fyrir. Er það sú skipan, sem frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins stefnir að. Virðist hún og í góðu samræmi við það, sem tíðkast t. d. í Danmörku og Finnlandi.

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík segir, að stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins myndi óhjákvæmilega hafa mikinn aukakostnað í för með sér. Það liggur í augum uppi, að fjölgun starfsmanna í rannsóknarlögreglu og efling hennar almennt kostar fé. Réttarfarsnefnd telur þó ósennilegt, að meiri kostnaður verði við rannsóknarlögreglu ríkisins en við rannsóknadeild við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Þvert á móti getur það orðið til sparnaðar, að til sé sérstök stofnun til að rannsaka sakamál án tillits til umdæmaskiptingar. Mætti e. t. v. fækka starfsliði í rannsóknarlögregludeildum utan Reykjavíkur af þessum sökum.

5. Umsagnir ríkissaksóknara og yfirsakadómarans í Reykjavík.

Þessir embættismenn mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins, og tekur réttarfarsnefnd undir ummæli þeirra.

Samkvæmt því, sem segir hér að framan, leggur réttarfarsnefnd til, að 1. málsliður 4. gr. frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum hvar sem er á landinu aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74 21. ágúst 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svo hljóðandi: Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og fulltrúar þeirra.

2. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsidóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breyst sökunaut í hag síðan refsiákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins eða lögreglustjóri sent ríkissaksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Ríkissaksóknari getur bæði að tillögu framangreindra aðila og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

3. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum 26. gr. verður ekki við komið, og ákveður ríkissaksóknari þá, hvar mál skuli höfðað.

4. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

5. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir fara þeir með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn, aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Lögreglustjórar, þar með talinn rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, halda uppi löggæslu hver í sínu umdæmi. Skulu þeir, er þeir telja heppilegt eða nauðsynlegt, hefja rannsókn vegna gruns um, að refsivert verk hafi verið unnið, hvort sem þeim

hefur borist kæra eða ekki. Háðir eru þeir fyrirmælum ríkissaksóknara í þessum efnum.

Lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) fer með frumrannsókn opinberra mála, að því leyti sem slík rannsókn er ekki falin öðrum stjórnvöldum (landhelgisgæslu, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, rannsóknardeild tollgæslu o. s. frv.) eða dómstólum lögum eða venju samkvæmt. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar, sbr. þó 73. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins annast frumrannsókn brota samkvæmt þeim reglum, sem greinir í lögum um hana.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík.

6. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfisskilyrði að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

7. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Gefa skulu lögreglumenn yfirmanni sínum eða dómara skýrslu um aðgerðir sínar, svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Orðin „áður en til dómara næst og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður“ í 39. gr. laganna falli niður.

9. gr.

Aftan við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein (8. mgr.), svo hljóðandi:

Að lokinni frumrannsókn sendir sá, sem henni hefur stjórnað ríkissaksóknara endurrit af rannsókninni. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir, ef hann telur nauðsyn á. Mál, sem ætla má að afgreiða megi án málshöfðunar samkvæmt ákvæðum 112. gr., sendir lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins) til viðkomandi dómara. Telji dómari mál, sem honum eru þannig send, ekki falla undir ákvæði 112. gr., sendir hann þau áfram til ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar.

10. gr.

Orðin „sakadómari eða“ í upphafi 42. gr. laganna og sömu orð í 3. málsgrein sömu greinar, falli niður.

11. gr.

73. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir þörf á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri þá snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Beiðnin skal vera skrifleg eða borin fram munnlega á dómþingi, og fylgi nauðsynleg gögn. Dómari getur krafið lögreglustjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um þau gögn eða þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni um dómsaðgerðir samkvæmt 1. mgr. og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn máls fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt.

12. gr.

74. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkissaksóknari að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðila (sbr. 32. gr.) ekki fært að taka ákvörðun um það, hvort höfða skuli opinbert mál eða ekki, eða hvernig máli skuli ljúka, og getur hann þá beiðst rannsóknar fyrir dómi, til þess að nauðsynleg atriði verði í ljós leidd í þessu skyni.

Í beiðni um dómsrannsókn skal greina:

1. Nafn og heimili sökunautar og önnur deili á honum.
2. Það eða þau brot, sem honum eru gefin að sök og rannsókninni er ætlað að beinast að.
3. Skrá um þau gögn, sem ætlast er til, að fram verði færð við rannsóknina.

Beiðni um dómsrannsókn skulu fylgja gögn um frumrannsókn í nægilega mörgum eintökum.

Er dómsrannsókn fer fram, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við rannsóknina og getur krafist tiltekinna rannsóknaraðgerða lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni ríkissaksóknara um dómsrannsókn og getur ríkissaksóknari þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir uns dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

Að lokinni dómsrannsókn lætur dómari svo fljótt, sem unnt er gera endurrit af rannsókninni og senda ríkissaksóknara hana ásamt gögnum máls.

13. gr.

Framan við 75. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

14. gr.

Aftan við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er dómara að skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við.

15. gr.

Á eftir 1. mgr. 86. gr. laganna komi ný málsgrein sem verður 2. málsgrein:

Grunaður maður, sem fengið hefur skipaðan réttargæslumann, á rétt á því að réttargæslumaður sé viðstaddur yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, enda þyki það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Dómari úrskurðar um þetta atriði, ef ágreiningur verður.

16. gr.

1. mgr. 106. gr. laganna orðist svo:

Líkskoðun skal fram fara, ef lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), dómari eða ríkissaksóknari telja nauðsynlegt.

17. gr.

112. gr. laganna breytist þannig:

1. Í 2. málsgrein komi kr. 25.000,00 sekt í stað „kr. 10.000,00 sekt“.
2. Í 3. málsgrein komi kr. 7.000,00 sekt í stað „kr. 3.000,00 sekt.“

18. gr.

113. gr. laganna falli niður.

19. gr.

114. gr. laganna falli niður.

20. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Er ríkissaksóknari hefur fengið í hendur rannsóknargögn máls og telur ekki ástæðu til að krefjast frekari rannsóknar, annaðhvort skv. 8. mgr. 40. gr. eða 74. gr. (dómsrannsóknar), athugar hann, hvort mál skuli höfða eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið eigi nægilegt eða líklegt til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en ella getur hann:

a) neytt heimildar 24. gr., ef svo stendur á, sem þar greinir,
b) frestað, ef við á, ákæru skv. 56. gr. alm. hegningarlaga,
c) óskað eftir því að dómari ljúki máli með dómsátt, ef svo stendur á sem í 2. tl. 112. gr. segir,
d) gefið út ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum.

Í ákæruskjali skal greina svo ekki sé um villst:

1. Dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir.
2. Nafn sökunautar, heimilisfang og önnur deili á honum.
3. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það var framið, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem brot er talið varða við.
4. Þær kröfur sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali skal ekki skírskota til fram kominna sannana né setja þar lögfræðilegar athugasemdir framar en sagt er.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar máls á ákæruskjal og lætur birta það fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæra er birt sökunaut skal hann spurður um það, hvort hann vilji halda uppi vörnum eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.

21. gr.

Síðasti málsliður 116. gr. orðist svo:

Ákærða skal afhenda eftirrit af ákæruskjali.

22. gr.

Orðin „svo og dómari samkvæmt 114. gr.“ í 1. mgr. 118. gr. falli niður.

23. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

24. gr.

1. málsliður 1. málsgreinar 121. gr. laganna orðist svo:

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt síðustu málsgrein 115. gr. eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál.

25. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., ef sökunautur kemur fyrir dóm og játar skýlaust háttsemi þá, sem honum er gefin að sök, og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ávallt skal þó dómari gæta ákvæða 1. mgr. 75. gr. laga þessara.

Ef ákærði neitar sakarefni að nokkru leyti eða öllu, skal fram færa sönnunargögn svo og ef dómari annars telur slíkt nauðsynlegt eða þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins eða sökunautar.

26. gr.

Fyrri málsgrein 125. gr. laganna orðist svo:

Nú eru öll gögn fram komin og vörn hefur verið flutt eða lögð fram, og tekur dómari málið þá til dóms.

27. gr.

126. gr. laganna falli niður.

28. gr.

127. gr. laganna falli niður.

29. gr.

129. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm, er mál skal fyrir taka, þótt honum hafi verið birt ákæra með löglegum hætti skv. síðustu mgr. 115. gr. eða 117. gr., og er ekki kunnugt um forföll hans, og má þá fara með mál og leggja á það dóm, ef fullnægt er skilyrðum 1. eða 2. tl. hér á eftir.

1. Sökunautur hefur komið fyrir dóm, áður en ákæra var út gefin og játað þar skýlaust alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfisskorti eða notkun lagaákvæða.
2. Ætla má að brot varði eigi yfir 100 000 króna sekt og eignaupptöku og þess hefur verið getið í ákæru, að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki.

30. gr.

1. málsliður 145. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn og skal þá lögreglumaður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins ásamt tveim fylgifrumvörpum, frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. og frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Í greinargerð með síðastnefnda frumvarpinu sagði svo:

„Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er fylgifrumvarp (annað tveggja) frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins. Í athugasemdum með því frumvarpi var gerð grein fyrir ástæðum framlagningar þess og tildrögum, hverjir hafi samið frumvarpið og hverjir hafi um það fjallað. Vísast til þeirra athugasemda um þau atriði.

Ljóst mátti vera, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir með aðskilnaði rannsóknarlögreglu og sakadóms í frumvarpi til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, mundi óhjákvæmilega leiða af sér talsverðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeim breytingum, sem telja má óhjákvæmilega afleiðingu af lögfestingu frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, ef af verður, svo og nokkrum smávægilegum breytingum, sem rétt þótti að taka með, þó að ekki megi telja þær beint óhjákvæmilegar.

Þá er með lagafrumvarpi þessu gerð tillaga um verulega breytingu á reglum um rannsókn brotamála bæði hjá lögreglu og í dómi, sem nú skal að vikið.

Með eflingu rannsóknarlögreglu, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um rannsóknarlögreglu ríkisins, opnast möguleikar til að flytja rannsóknir opinberra mála að verulegu leyti úr höndum sakadómara, sem síðar koma til með að dæma í málunum, til rannsóknarlögreglu. Þannig getur náðst að miklu leyti eða öllu sá aðskilnaður, sem menn vilja almennt stefna að, milli lögreglurannsóknar og dómsvalds. Vel mætti hugsa sér að stíga það spor til fulls, þannig að niður yrði lagt með öllu rannsóknarréttarfar (inquisitio) í opinberum málum og tekið upp að fullu svokallað ákæruréttarfar. Með lagafrumvarpi þessu hefur verið valin sú leið, að stíga ekki sporið til fulls, en að halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið síðan 1951, þ. e. að þróa réttarreglur að því takmarki.

Með þessu frumvarpi er lagt til að notað verði það hagræði og þeir möguleikar, sem stofnun rannsóknarlögreglu veitir, til þess að flytja rannsóknir brotamála að mjög verulegu eða langmestu leyti frá sakadómurum til rannsóknarlögreglu, en leggja þó rannsóknarréttarfar það, sem gilt hefur í opinberum málum hér á landi, ekki alfarið niður. Reynist sú breyting svo vel, sem vonast er eftir, er ekki eftir nema tiltölulega lítið spor, sem þá mætti stíga í einu lagi, til þess að koma á fullkomnu ákæruréttarfari. Helstu breytingarnar á meðferð mála eru þær, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu, að mál verði rannsökuð af rannsóknarlögreglu án atbeina dómara, nema þar sem beiðast þarf dómsúrskurðar vegna gæsluvarðhalds eða þess háttar, allt þar til mál fara til ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Getur ríkissaksóknari þá krafist framhaldsrannsóknar hjá rannsóknarlögreglu, framhaldsrannsóknar í sakadómi eða gefið út ákæru samkvæmt framlögðum gögnum og sent málið sakadómi.

Málið hlýtur sem sé þá fyrst meðferð í sakadómi, er ríkissaksóknari gerir kröfu um það.

Ekki verður það talið til neinnar hindrunar framkvæmd reglna þessara, að sami maður fer með dómsvald í sakamálum og stjórnar lögreglu í umdæmum utan Reykjavíkur. Hann stjórnar þá frumrannsókn sem lögreglustjóri, en í meiriháttar málum leitar hann til rannsóknarlögreglu ríkisins, sem tekur við rannsókn og kemur málið síðan á síðara stigi fyrir hann sem sakadómara.

Þá þykir rétt, að hér komi fram, að við samningu frumvarps þessa hefur í verulegum atriðum verið stuðst við hugmyndir, sem Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, setti fram í grein í Úlfljóti I. tölublaði XXV. árgangs árið 1972.“

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis sendi framangreind frumvörp ýmsum aðilum til umsagnar. Frumvörpin hlutu ekki afgreiðslu Alþingis og á s.l. sumri sendi dómsmálaráðuneytið réttarfarsnefnd til athugunar þær 6 umsagnir, sem allsherjarnefnd höfðu borist. Í umsögn Lagadeildar Háskóla Íslands, ríkissaksóknara og yfirsakadómara í Reykjavík eru tillögur um ýmsar breytingar á frumvarpinu um meðferð opinberra mála. Hefur réttarfarsnefnd rætt þessar tillögur svo og frumvarpið í heild á nokkrum fundum. Telur hún rétt að leggja til að teknar verði til greina ýmsar tillögur í umsögnunum og að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar. Hefur nefndin tekið þann kost að semja nýtt frumvarp. Verður gerð grein fyrir breytingum frá fyrra frumvarpi, þar sem rætt er um einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Óbreytt frá fyrra frumvarpi. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Óbreytt frá fyrra frumvarpi, en þar sagði svo í athugasemdum við greinina:

„Breyting er í því fólgin, að bætt er við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra sem aðilum, er gert geti tillögu um niðurfellingu saksóknar. Er rannsókn hefur flust að verulegu leyti úr sakadómi til lögreglu, er eðlilegt, að þessir aðilar geti gert tillögu um niðurfellingu saksóknar, jafnt sem dómari."

Um 3. gr.

Óbreytt frá fyrra frumvarpi, en þar sagði svo í athugasemdum við greinina:

Þessi breyting er ekki nauðsynleg vegna breytingar á rannsóknarlögreglu. Hins vegar þykir rétt að leggja þá breytingu til, að ríkissaksóknari komi í stað héraðsdómara, er ákveða skal hvar mál skuli höfðað út af broti, sem framið er utan allra lögsagnarumdæma. Í sinni núverandi mynd fær lagagreinin vart staðist.

Um 4. gr.

Þessi grein var ekki í fyrra frumvarpinu. Ákvæði 1. mgr. 29. gr. eiga ekki við, þegar dómari fer ekki lengur með ákæruvald.

Um 5. gr.

Grein þessi var 4. gr. fyrra frumvarps, en er nokkuð breytt. Hún hefur m.a. að geyma breytingu á 32. gr. laganna, sem nauðsynleg er, ef frumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins nær fram að ganga. Röð málsgreina hefur verið breytt frá fyrra frumvarpi og lítilsháttar efnisbreytingar hafa verið gerðar. Í sumum tilvikum er frumrannsókn brota falin öðrum stjórnvöldum en lögreglunni, og má þar nefna rannsóknardeild ríkisskattstjóra, rannsóknardeild tollgæslunnar, og landhelgisgæsluna. Stundum er lögákveðið að frumrannsókn máls fari fram fyrir dómi, t.d. rannsókn vegna sjóslysa í sjó- og verslunardómi. Þykir rétt að þetta komi skýrt fram og er það greint í 3. mgr. Í þeirri málsgrein er og orðalagsbreyting í samræmi við tillögu lagadeildar Háskóla Íslands. Loks er 4. mgr. styttri en samsvarandi mgr. í fyrra frumvarpinu, en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 6. gr.

Greinin var 5. gr. í fyrra frumvarpi og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin var 6. gr. í fyrra frumvarpi, en þar sagði svo í athugasemdum við hana:

„Breyting er fólgin í því, að ætlast er til að lögreglumenn gefi yfirmönnum skýrslur í stað sakadómara eða annars héraðsdómara. Leiðir af fyrirhugaðri breytingu og þarfnast ekki skýringa.“

Um 8. gr.

Greinin var 7. gr. í fyrra frumvarpi og sagði þar um hana í athugasemdum:

„Breyting er fólgin í því að almennt verði mál rannsökuð af rannsóknarlögreglu þar til þau fara til ríkissaksóknara til fyrirsagnar eða til dómara til sektarafgreiðslu (smámál). Hefur því dómari almennt ekki neitt forræði máls á því stigi rannsóknar, sem hér er fjallað um, sbr. þó lokaákvæði 73. gr.“

Um 9. gr.

Greinin var 8. gr. í fyrra frumvarpi og sagði þar svo í athugasemdum um hana:

„Í þessari grein er helsta breyting, sem lagt er til að gerð verði á málsmeðferð, sbr. það sem greinir hér að framan. Með þeirri viðbót, sem hér er gert ráð fyrir við 40. gr. laganna er slegið fastri þeirri aðalreglu, að lögregla og lögreglustjórar annist frumrannsóknir mála án atbeina dómara, nema þar sem beiðast þarf dómsúrskurðar, allt til þess að mál fer til ríkissaksóknara til fyrirsagnar eða til dómara til sektarafgreiðslu.“

Um 10. gr.

Greinin var 9. gr. í fyrra frumvarpi og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. og 12. gr.

Greinar þessar svara til 10. og 11. gr. fyrra frumvarps og sagði svo um þær í athugasemdum:

„Hér er lagt til að gerðar verði meginbreytingar í samræmi við það, sem að framan greinir um breytta málsmeðferð. Úr gildi eru felld ákvæði 73. gr. laganna um frumkvæðishlutverk dómara að rannsóknum brota. Með 4. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting á 32. gr., sem samsvarar þessari niðurfellingu, þ.e. að frumkvæðishlutverkið flyst til rannsóknarlögreglu (lögreglustjóra). Með ákvæðum þessara greina í frumvarpinu (73. og 74. gr.) er gert ráð fyrir að dómsrannsóknir fari einungis fram að kröfu ríkissaksóknara og þá fyrst er ákveðinn maður er grunaður og rannsóknarlögregla eða lögreglustjóri telur að sakarefni sé nokkuð skýrt orðið. Einnig eru ákvæði um það, hvernig rannsóknarlögregla (lögreglustjóri) geti leitað atbeina dómara til nauðsynlegra aðgerða (dómsúrskurða) meðan frumrannsókn stendur. Þó er gerð sú undantekning að lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn fyrir dómi, ef hann telur það heppilegt.“ Það athugast, að 4. gr. fyrra frv. er 5. gr. þessa frv.

11. gr. er óbreytt frá því, sem var í fyrra frumvarpi, en 12. gr. hefur verið breytt til samræmis við breytingar á 5. gr. þessa frumvarps (sbr. 32. gr. laga nr. 74/1974). Breytingin stefnir að því að greiðari leið verði fyrir ríkissaksóknara að krefjast dómsrannsóknar í sérstökum tilfellum áður en ákæra er gefin út. Hins vegar telur réttarfarsnefnd ekki fært að fallast á jafnvíðtæka heimild til þessa og ríkissaksóknari leggur til í umsögn sinni. Þykir verða að gera það að skilyrði fyrir því, að dómsrannsóknar verði krafist, að einhverskonar frumrannsókn hafi farið fram þannig, að sakarefni það sem rannsókn á að beinast að verði nægilega skýrt tilgreint.

Rétt er að taka fram, að rannsóknarlögregla getur krafist þess skv. heimild í 11. gr. (sbr. 73. gr. laganna), að vitni, sem neitar að gefa skýrslu hjá henni, verði kvatt fyrir dóm til vitnisburðar.

Aftan við 12. gr. hefur verið bætt ákvæði um sendingu málsgagna til ríkissaksóknara að lokinni rannsókn.

Um 13. gr.

Greinin var áður 12. gr. og sagði svo um hana í athugasemdum:

„Efni greinar þessarar eru 2 síðustu málsliðir 1. málsgreinar 73. gr. núgildandi laga. Þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að verði áfram í lögum, þó að efni málsgreinarinnar falli að öðru leyti niður.“

Um 14. og 15. gr.

Þessar greinar voru ekki í fyrra frumvarpi. Þær eru í samræmi við tillögu lagadeildar Háskóla Íslands, en um þær segir svo í álitsgerð hennar:

„Þegar frumrannsókn færist úr hendi dómara yfir til rannsóknarlögreglu getur hlutlaus dómari ekki haft sama eftirlit með henni og áður. Hætta er á því að staða sakbornings kunni við breytinguna að versna frá því sem nú er. Breytingartillögum þeim sem hér eru settar fram er ætlað að rétta hlut sakbornings nokkuð að þessu leyti. Áþekk réttarvernd til handa sakborningi er fyrir hendi í nágrannalöndunum.“

Um 16. gr.

Greinin var 13. gr. fyrra frumvarpsins og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin var 14. gr. fyrra frumvarpsins. Breyting á fjárhæðum er til samræmis við verðbólguþróun að undanförnu.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar eru samhljóða 15. og 16. gr. fyrra frumvarpsins. Það er í samræmi við stefnu frumvarps þessa um aðskilnað ákæruvalds og dómsvalds, að lagt er til að 113. og 114. gr. laganna um málshöfðun dómara verði felldar niður, enda hafa þær litlu hlutverki gegnt til þessa.

Um 20. gr.

Grein þessi kemur í stað 17. gr. í fyrra frumvarpinu. Að athuguðu máli þótti rétt að breyta 115. gr. í heild. Upphaf hennar eins og hún er nú er ekki allskostar eðlilegt miðað við þær meginbreytingar sem að er stefnt. Er hér lögð til lagfæring nokkur, og er hún tengd tillögu um breytingu á 74. gr.

Ákvæði um dómstólinn er sett hér fremst. Ákvæði þetta er eðlilegur hluti ákæruskjals. Hingað til hefur það aðeins komið fram í bréfi því, sem venja er að senda með ákæruskjölum, fyrir hvaða dómi (á hvaða varnarþingi) mál er höfðað.

Eðlilegt er að taka hér saman þá kosti, sem ríkissaksóknari hefur að rannsókn lokinni (niðurfelling, ákærufrestun, saksókn: a) með dómsátt, b) með málshöfðun.).

Um 21., 22. og 23. gr.

Greinar þessar voru samhljóða 18., 19. og 20. gr. fyrra frumvarpsins og hafa að geyma breytingar sem leiða af niðurfellingu 113. gr. og 114. gr. laganna.

Um 24. gr.

Greinin kemur í stað 21. gr. í fyrra frumvarpinu og er afleiðing breytinga á 115. gr. laganna.

Um 25. gr.

Greinin var 22. gr. fyrra frumvarpsins. Hún er til samræmis við breytingar á málsmeðferð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti þarfnast hún ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin var 23. gr. fyrra frumvarpsins og er sama að segja um hana og næstu gr. hér á undan.

Um 27. gr.

Greinin var 24. gr. fyrra frumvarpsins og leiðir af niðurfellingu 113. gr. laganna.

Um 28. gr.

Greinin var ekki í fyrra frumvarpinu.

Ákvæði 127. gr. og 129. gr. eru nú tekin saman í 129. gr.

Um 29. gr.

Greinin kemur í stað 25. gr. í fyrra frumvarpinu. Að athuguðu máli þótti rétt að sameina ákvæði 127. og 129. gr. með hliðsjón af niðurfellingu 113. og 114. gr. Greinin tilgreinir tvenns konar skilyrði til þess að sökunautur kunni að verða dæmdur, þótt hann komi ekki fyrir dóm. Síðari liðurinn á við um smámál og opnar leið til þess að gefa megi út ákæru, þar sem fjarvist verði lögð til jafns við játningu. Kemur þessi liður í stað 113. gr. að öðru leyti en því, að nú er það ríkissaksóknari, sem höfðar málið, en ekki dómari sjálfur. Þetta ákvæði á ekki við nema brot varði einungis sekt og eignaupptöku og kemur einkum til greina um smámál svo sem umferðarbrot.

Hinn liðurinn tekur til stærri mála, en þar er sleginn sá varnagli, að áður en mál er höfðað liggi fyrir skýlaus játning á brotinu og aðrar aðstæður, sem áður voru upp taldar í 114. gr. er dómari mátti höfða mál sjálfur.

Ekki þykir fært að heimila, að maður verði dæmdur í refsivist fjarstaddur nema áður liggi fyrir játning í dómi.

Ekki er þörf að taka fram, að ákæra má auðvitað ekki ganga lengra en játning í þessu tilfelli.

Um 30. gr.

Greinin var 26. gr. fyrra frumvarpsins. Um hana sagði í athugasemdum:

„Leiðir af því, að forræði dómara flyst til lögreglu á fyrri stigum rannsóknar. Er því nauðsynlegt að leggja þá skyldu, sem nú hvílir á dómara til að benda mönnum á rétt þeirra til að koma bótakröfu að, einnig á lögreglumenn.“

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. fyrra frumvarps.

Nd. **13. Frumvarp til laga** [13. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknarlögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál, er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum lögum.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

5. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt er felld úr gildi lokasetning 3. mgr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samsvarandi þessu frumvarpi var flutt á síðasta þingi samhliða frumvarpi til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins. Breytingar þær, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., eru nauðsynlegar, ef lagafrumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins verður að lögum. Að tillögu réttarfarsnefndar hefur sú breyting verið gerð á frumvarpinu, að í 3. grein er felld niður bein ákvörðun um, hvaða embætti skuli falið að annast framkvæmd refsidóma og umsjón fangelsa í Reykjavík. Bendir nefndin á, að breyting þessi miði að því, að veita dómsmálaráðherra frjálsari hendur til að skipuleggja stjórn fangelsismála og framkvæmd refsidóma. Mörg atriði í skiptingu starfa milli embætta þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og um nánara skipulag á störfum þeirra og samstarfi, sýnist heppilegt að ákveða nánar, er framkvæmd hinna nýju lagaákvæða verður undirbúin.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða jarðefni innlend eru helst nýtanleg til iðnaðarframleiðslu miðað við arðsemi, staðsetningu og notagildi.

Greinargerð.

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Í kennslubókum er frá því sagt, að á Íslandi séu ekki verðmæt efni í jörðu, sem geti borgað sig að vinna. Það er rétt, að hér hafa ekki fundist kol eða málmar að verulegu marki. En jarðefni eru eigi að síður mörg hér á landi, sem líklegt er að séu mjög verðmæt, ef þau verða notuð á réttan hátt. Má meðal annars nefna basalt, vikur, leir, perlustein, títaníumríkan sand, gjall, steinullarefni. Sérstakar grastegundir vaxa hér, sem henta vel til plötugerðar o. fl.

Þau efni, sem hér eru talin, munu öll finnast á Suðvesturlandi í mjög ríkum mæli og mörg þeirra einnig í öðrum landshlutum.

Líklegt má telja, að markaður fengist erlendis fyrir hráefnið óunnið, en athuga ber hvort vinnsla gæti orðið arðbær áður en að því ráði yrði horfið að flytja út óunnið efni.

Víða erlendis, svo sem í Frakklandi, Þýskalandi og Tékkóslóvakíu, hefur basalt verið notað til sérstakrar og umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu í nokkra áratugi. Nauðsynlegt er að rannsaka hvort hagstætt gæti talist að vinna úr basalti hér á landi fyrir innlendan markað og til útflutnings. Reynslan hefur sýnt, að margt er hægt að vinna úr basalti og hefur sú vinnsla orðið að stóriðnaði í fyrrgreindum löndum.

Tilraunir eru hafnar á vinnslu perlusteins. Gefa þær tilraunir góðar vonir um jákvæðan árangur.

Úr gjalli og vikri gæti orðið um ýmiss konar iðnað að ræða, svo sem síuefni, slípisteina, margs konar fyllingarefni og ýmsa hluta til bygginga.

Framleiðsla á steinull er iðnaður, sem talið er að gæti orðið arðvænlegur til útflutnings. Verksmiðjurekstur í þeirri grein hefur reynst arðbær, þar sem aðstæður eru góðar.

Leir og títaníumríkur sandur hafa einnig reynst nauðsynleg og góð efni til margs konar iðnaðarframleiðslu, sem þekkt er í ýmsum Evrópulöndum og víðar.

Vitað er að unnt er að framleiða þilplötur úr ýmsum grastegundum og vikri, sem gæti sparað innflutning á timbri og öðru skyldu efni.

Það, sem hér hefur verið nefnt, þarfnast ýtarlegrar rannsóknar áður en ráðist er í framkvæmdir. Stofnkostnaður í hvers konar iðnaði er mikill, og verður að gera sér að fullu ljóst hversu mikill stofnkostnaður er í hverri grein. Reynsla verður einnig að fást fyrir gæðum framleiðslunnar og kostnaði á hverri framleiðslueiningu. Nauðsynlegt er að tryggt sé að framleiðslan seljist fyrir kostnaðarverði, áður en ráðist er í framkvæmdir.

Það er mikið verk og vandasamt að rannsaka til hlítar það sem hér hefur verið nefnt. En það þolir ekki bið, að úr því fáist skorið hvort arðvænlegt er að efna til iðnaðarframleiðslu úr íslenskum jarðefnum. Líkurnar eru miklar fyrir því, að jarðefnin séu mikill auður, sem þjóðin geti notfært sér á næstu árum og um langa framtíð.

Athuga ber, að hve miklu leyti er unnt að hafa not af langri reynslu og þekkingu annarra þjóða í vinnslu margs konar jarðefna í fjölbreytilegum iðnaði. Flestum mun vera ljóst, að iðnaðurinn verður á næstu árum að taka við fjölda ungmenna, sem koma á vinnumarkað. Er því þörf á að nýta þá möguleika, sem kunna að vera fyrir hendi til þess að koma upp nýjum iðngreinum. Það er mikilsvert, ef hráefnið er innlent og orkan er heimafengin.

Hliðstæð jarðefni og þau, sem hér hafa verið nefnd, eru mjög verðmæt iðnaðarhráefni víða erlendis. Mikilsverður iðnaður hefur byggst á því að vinna úr þeim á undanförnum áratugum. En nú eru þessi jarðefni víða til þurrðar gengin. Þess vegna er líklegt, að erlendir markaðir geti opnast fyrir íslenskar iðnaðarvörur úr innlendum jarðefnum í þeim löndum, sem ekki hafa lengur hráefni til framleiðslunnar.

Í landinu eru stofnanir og sérfræðingar, sem í meginatriðum geta rannsakað það sem tillagan gerir ráð fyrir. Er ætlast til, að ríkisstjórnin notfæri sér þá þekkingu, sem íslenskir vísindamenn hafa nú þegar og gætu aflað sér erlendis í þessum greinum.

Ekki þykir ástæða til að hafa þessa greinargerð lengri, þar sem tækifæri gefst til þess að ræða um efni og framkvæmd tillögunnar í framsögu eins ýtarlega og þörf gerist.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. B1. „austur frá Langanesi (vms 10)“ komi orðin: norðaustur frá Langanesi (vms 10).

2. gr.

B3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13) er skipum, 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

3. gr.

C8 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24′1 n.br., 14°32′5 v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

4. gr.

E1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

5. gr.

F1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) þaðan í punkt 65°05′0 N og 24°27′5 V, þaðan í punkt 65°05′0 N og 24°42′5 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð rétt-

vísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að leiðrétta atriði í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem snerta togveiðiheimildir íslenskra skipa á þrem tilteknum svæðum og ennfremur eina ritvillu í staðarákvörðun.

Lög þessi voru samþykkt á Alþingi 19. maí 1976 og öðlast gildi 1. júlí 1976.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. B1. „austur frá Langanesi (vms 10)“ komi orðin: norðaustur frá Langanesi (vms 10).

2. gr.

B3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13) er skipum, 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

3. gr.

C8 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24′1 n.br., 14°32′5 v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

4. gr.

E1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

5. gr.

F1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) þaðan í punkt 65°05′0 N og 24°27′5 V,

þaðan í punkt 65°05'0 N og 24°42'5 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Gjört í Reykjavík 16. júní 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um kaup og kjör sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir eru á fylgiskjölum I.—X. með lögum þessum skulu gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt eftir því sem við á fyrir hvert félag sem aðild átti að þeim og fyrir það tímabil, sem samningarnir kveða á um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör, eftir því sem við getur átt og með þeim hætti, sem tíðkast hefur. Samningurinn frá 28. júlí 1976 skal einnig gilda eftir því sem við á fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu aðild að honum.

2. gr.

Verkbönn og verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimil, sbr. 17. gr. laga nr. 88 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er samningsaðilum sbr. 1. grein heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.

3. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot á sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla að fullu og öllu úr gildi 15. maí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐARLÖG
um kaup og kjör sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að ákveða með lögum kaup og kjör sjómanna um land allt á tímabilinu frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977, en kjör sjómanna á togurum yfir 500 br. lestir til 1. janúar 1977. Langvarandi óvissa hefur skapast í kjaramálum sjómanna þar sem einstök félög og landssambönd hafa fellt samninga, sem samninganefndir sjómanna hafa undirritað eða skuldbundið sig til þess að undirrita og einnig eru dæmi þess að sjómannafélög hafi ekki átt aðild að samninganefndum, sem unnu að gerð þessara samninga. Nokkur félög hafa samþykkt samningana en sum þeirra sem felldu þá hafa staðið í málaferlum út af gildi þeirra. Til þess að eyða þessari óvissu og samræma kjör sjómanna, ber brýna nauðsyn til að lögbinda þessa samninga, þannig að þeir ákveði kaup og kjör sjómanna um land allt, enda eru samningar þessir gerðir í beinu framhaldi þeirra breytinga, sem gerðar voru á sjóðakerfi sjávarútvegsins með lögum nr. 4 12. febrúar 1976 um Stofnfjársjóð fiskiskipa og nr. 5 12. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, en með sjóðakerfisbreytingunni var gert ráð fyrir því, að samningar af þessu tagi yrðu gerðir.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir eru á fylgiskjölum I.—X. með lögum þessum skulu gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt eftir því sem við á fyrir hvert félag sem aðild átti að þeim og fyrir það tímabil, sem samningarnir kveða á um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör, eftir því sem við getur átt og með þeim hætti, sem tíðkast hefur. Samningurinn frá 28. júlí 1976 skal einnig gilda eftir því sem við á fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu aðild að honum.

2. gr.

Verkbönn og verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimil, sbr. 17. gr. laga nr. 88 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er samningsaðilum sbr. 1. grein heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.

3. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla að fullu og öllu úr gildi 15. maí 1977.

Gjört að Bessastöðum 6. september 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG
um breytingar á
VERTÍÐARSAMNINGI
milli

Sjómannasambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélag Skagastrandar, Skagaströnd, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélags Hveragerðis vegna Þorlákshafnar, Sjómanna- og vélstjóradeildar verkalýðsfélags Grindavíkur, Vélstjórafélags Suðurnesja, Sjómannadeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins Afturelding, Hellissandi, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Stjörnunnar, Grundarfirði, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkamannafélagsins Ársæls, Hofsósi, Verkamannafélagsins Fram, Sauðárkróki, Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði, Sjómannafél. Eyjafjarðar og Matsveinafél. S.S.Í. annars vegar og hins vegar Landssambands ísl. útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafél. Hafnarfjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafél. Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness og Útvegsmannafélags Norðurlands.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

		Bátar, stærðarflokkar								Minni skutt.	
		12–20 brl.	21–30 brl.	31–50 brl.	51–110 brl.	111–200 brl.	201–300 brl.	301–500 brl.	501 brl. og yfir	260–500 brl.	
1. Lína:	Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	–	.	
	Áhafnarstærð	7	8	10	11	11	11	11	–	.	
2. Net:	Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	28,0	27,5	–	.	
	Áhafnarstærð	7	8	10	11	12	12	12	–	.	
3. Botnvarpa:	Grunnprósenta	30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,0	–	28,3	29,2
	Áhafnarstærð	6	6	6	8	12	14	14	–	15	16
4. Dragnót:	Grunnprósenta	32,5	32,5	32,5	32,5	.	.	.	–	.	
	Áhafnarstærð	7	7	7	7	.	.	.	–	.	
5. Þorsknót:	Grunnprósenta	34,0	34,0	34,0	33,0	.	.	.	–	.	
	Áhafnarstærð	5	6	7	10	.	.	.	–	.	
6. Spærlingsvarpa:	Grunnprósenta	.	.	30,0	29,0	28,0	27,5	27,5	27,5	.	
	Áhafnarstærð	.	.	6	6	7	9	10	12	.	
7. Lúðuveiðar:	Grunnprósenta	33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,0	–	.	
	Áhafnarstærð	5	5	6	9	12	12	12	–	.	
8. Grálúðuveiðar:	Grunnprósenta	.	.	.	28,5	28,5	28,0	27,5	–	.	
	Áhafnarstærð	.	.	.	13	13	13	13	–	.	
9. Rækjuvarpa:	Grunnprósenta	31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	.	.	.	
	Áhafnarstærð	4	4	4	6	7	8	.	.	.	
10. Hörpudiskur:	Grunnprósenta	35,0	35,0	35,0	35,0	.	.	.	.	.	
	Áhafnarstærð	6	6	6	6	.	.	.	.	.	
11. Humarvarpa:	Grunnprósenta	33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	.	.	.	
	Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	.	.	.	
									Síldv. Loðnuv.		
Greinin fjallar um þá aðila sem hafa munu á hendi fullorðinsfræðslu í einu eða öðru formi. Þessum aðilum er skipað í þrjá flokka og er það í aðalatriðum miðað við þá þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar, sem niðurlag 1. greinar gerir ráð fyrir, enda þótt ljóst sé að flokkaskipting þessi og þrískiptingin í 1. grein falli ekki að öllu leyti saman. Þannig er líklegt að fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafi á sínum vegum námsflokkastarfsemi, jafnvel námshópastarfsemi, en slíkt fræðslustarf telst til hins frjálsa náms og fristundamenntunar samkvæmt 1. grein frumvarpsins. — Rétt er að víkja að hverjum þessara þriggja flokka, sem aðilum fullorðinsfræðslunnar er skipað í, fyrir sig.

Í fyrsta flokki eða a-lið 3. greinar er getið um þrenns konar aðila fullorðinsfræðslunnar: **Ríki, fræðsluumdæmi** og **sveitarfélög.** Ekki þarf að eyða mörgum orðum að því hve sjálfsagður hlutur **ríkis** og **sveitarfélags** hlýtur að vera í sambandi við frumkvæði, framkvæmd og aðild að fullorðinsfræðslunni. Ríki og sveitarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd frumfræðslunnar og hljóta því eðlilega að taka á sig á hliðstæðan hátt hinn annan þátt menntakerfis þjóðarinnar, **ævimenntunarinnar,** þ. e. fullorðinsfræðsluþáttinn. Þriðji aðilinn, sem hér er nefndur, **fræðsluumdæmi,** er aftur á móti nýr af nálinni, og er tengdur þeirri nýskipan fræðslumála landsins, sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir. Í II. kafla, 10. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í 8 fræðsluumdæmi, en hvert þeirra hafi sitt fræðsluráð og sína fræðsluskrifstofu. — Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að fræðsluumdæmin hljóti að vera virkur aðili í menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntuninni, en láti sig ekki aðeins varða annan þátt þess, frummenntunina. Að vísu hafði nefndin á tímabili aðhyllst þá skoðun að svokölluð **landshlutasamtök,** sem nú er óðum að verða sérstakur stjórnunaraðili í málum ákveðinna landssvæða og þá þeirra sömu og fræðsluumdæmin ná yfir, væru allt eins eðlilegur aðili að framkvæmd fullorðinsfræðslunnar og hliðstæðan jafnvel meiri við ríki og sveitarfélög. Nefndin féll síðan frá þeirri skoðun og réðu því rök þau sem áður eru nefnd. Fræðsluráð, svo og fræðsluskrifstofa fræðsluumdæmanna, hljóta eðlilega að koma mjög við sögu fullorðinsfræðslunnar.

Í öðrum flokki eða b-lið greinarinnar eru aðilar vinnumarkaðarins tilnefndir sem eðlileg forystusveit í þeirri fullorðinsfræðslu sem tengist „atvinnulífinu í víðtækustu merkingu" eins og segir í niðurlagsþætti 1. greinar. Þessir aðilar vinnumarkaðarins eru ekki skilgreindir nánar, en til þess ætlast að svo verði gert í reglugerð eða reglugerðum sem kveða nánar á um einstakar greinar og einstök atriði frumvarpsins, þegar og í því formi sem það verður að lögum. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst höfð í huga heildarsamtök tengd atvinnulífinu og vinnumarkaðnum, svo sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna og fiskimannasamband Íslands. Þá líka

stéttarfélög ýmiss konar sem eiga hlutdeild í vinnumarkaðnum og atvinnulífinu. Enn kynnu að koma til álita sem aðilar að fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið starfsmannafélög og einstök fyrirtæki eða vinnustaðir svo og samtök iðnnema.

Í þriðja flokki eða c-lið þessarar greinar er svo gerð tilraun til að flokka alla þá mörgu aðila, sem vafalaust hljóta að koma við sögu hins „frjálsa náms og fristundamenntunar", enda þótt sumir þessara aðila muni einnig koma við sögu skólanámsins, hliðstæðu frummenntunarinnar svo og starfsnámsins í tengslum við atvinnulífið, en þannig munu málin vafalaust skipast varðandi þá aðila, sem hér eru nefndir „fræðslusambönd í landinu öllu." — Þeim mörgu aðilum, sem hér um ræðir, er skipað í þrjá flokka og þá miðað við þau svæði er þeir starfa á fremur en þau verkefni, er þeir takast á hendur. Sé starfsemi félags er annast vill fullorðinsfræðslu sem frjálst nám og fristundamenntun takmörkuð við ákveðinn stað, hrepp, sveitarfélag eða bæjarfélag er það kallað fræðslufélag í frumvarpi þessu. Hafi hins vegar félagsheild er vinnur að sömu eða sams konar verkefnum heilt fræðsluumdæmi eða svæði landshlutasamtaka að starfsvettvangi kallast hún fræðslusamtök. Nái starfsemin aftur á móti til landsins alls, er heitið fræðslusamband notað, þó því aðeins að viðkomandi félagsskapur hafi hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins til þess að bera það heiti og njóta þeirrar sérstöðu er fræðslusamböndin njóta samkvæmt lögum þessum (sbr. 13. gr. og 34. gr.) (Sbr. sænskar heimildar um fræðslusamböndin: SFS 193: 463 og Kungl. Maj:ts proposition nr. 54, år 1973, bls. 10).

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um ábyrgð opinberra aðila varðandi fullorðinsfræðsluna. Þeir opinberu aðilar sem hér er átt við eru: Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.

Í hugtakinu ábyrgð felst í þessu sambandi allt í senn: frumkvæði, skipulagning og framkvæmd. Viðkomandi aðilar eiga að ábyrgjast að þau fyrirheit, sem felast í frumvarpinu um fullorðinsfræðslu, verði ekki dauður bókstafur þegar og ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Ábyrgð ríkisins í þessum efnum er tvíþætt samkvæmt ákvæðum laganna. Annars vegar ber ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Er þar fyrst og fremst átt við fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu og látin er í té í skólastofnunum sem ríkið rekur að mestu eða öllu leyti, svo sem í framhaldsskólum og háskóla, þótt grunnskólinn sé einnig hafður í huga svo og námsflokkar og námshópar. Hins vegar ber svo ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem er tengd atvinnulífinu eða beinlínis þáttur í mótun þess og skipulagningu. Þar sem í síðara þættinum er um fullorðinsfræðslu að ræða er lítið sem ekkert hefur verið rækt eða til stofnað í landi okkar, er það sérstaklega mikilvægt að hér verði frumkvæðið, skipulagningin og framkvæmdin í höndum ríkisins og það ábyrgist þannig að þessi þáttur fullorðinsfræðslunnar verði frá upphafi metinn að verðleikum og honum sómi sýndur.

Ábyrgð fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður með öðru móti. Frumkvæði, skipulagning og framkvæmd hlýtur að koma frá fræðsluumdæmunum og sveitarfélögunum sjálfum og verða síðan að samningsatriði milli fyrrgreindra aðila og Menntamálaráðuneytisins. — Í því eiga að felast forréttindi að geta tryggt íbúum fræðsluumdæma og sveitarfélaga sem mesta og fjölþættasta fullorðinsfræðslu á sama hátt og það er keppikefli að vera ekki afskiptur á vettvangi frumfræðslunnar. — Má fastlega gera ráð fyrir því að forráðamenn fræðsluumdæma og sveitarfélaga muni leggja metnað sinn í að hafa hér það frumkvæði sem þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir og telji mikilvægt að eiga þess kost að geta borið ábyrgð á fullorðinsfræðslu í þeim stofnunum er hlíta forsjá þeirra að meira eða minna leyti. Átt er hér líka við fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæða frumfræðslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þótt ætla megi að námsflokkastarfseminnar muni víða gæta mjög og hún geti auðveldast náð til allra þriggja þátta fullorðinsfræðslunnar.

Um 5. gr.

Hér er vikið að fjárframlögum opinberra aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á ábyrgð þeirra, sjálfra hinna opinberu aðila. Þar sem hér er um að ræða þátt sem að verulegu leyti tekur til sjálfrar skipulagningar fullorðinsfræðslunnar og skapar henni markmið þótti rétt að þau ákvæði stæðu í I. kafla frumvarpsins, enda þótt þeim verði gerð fyllri skil síðar, þ. e. í IV. kafla sem ber heitið **Fjárveiting til fullorðinsfræðslu og fleira.**

Sá aðili, sem mest hlýtur að leggja af mörkum til fullorðinsfræðslunnar, er að sjálfsögðu ríkið. Þau fjárframlög ná auðvitað til þeirrar fullorðinsfræðslu sem ríkið sjálft ber ábyrgð á og nefnd var í 4. grein. En ríkið hlýtur líka að gera öðrum aðilum kleift að rækja fullorðinsfræðslu og virkja þannig áhuga og frumkvæði sem fyrir hendi er. Þetta verður að sjálfsögðu ekki gert á annan hátt en með beinum fjárframlögum, stuðningi við fræðslustarfsemi viðkomandi aðila á sviði fullorðinsfræðslunnar. Hér getur verið um marga aðila að ræða. Þeim er í a-lið skipað í tvo flokka til glöggvunar. Í öðrum flokknum eru aðilar atvinnulífsins og hefur áður í þessari greinargerð verið vikið að hverjir þeir aðilar gætu verið, enda þótt sú upptalning væri engan veginn tæmandi. — Í hinum flokknum, sem eðlilegt mætti telja að hlyti fjárstyrk frá ríkinu til þess að rækja fullorðinsfræðslu, eru svo fræðslufélög einstakra staða eða félög sem sinna ákveðnum verkefnum, fræðslusamtök sem starfa í fræðsluumdæmum, en þó alveg sérstaklega fræðslusamböndin er hafa landið allt sem starfsvettvang og ítarlega var gerð grein fyrir í skýringum við 3. grein. Eins og þar kemur fram og síðar verður áréttað hljóta fræðslusamböndin að hafa algerlega sérstöðu meðal annarra fræðsluaðila en hinna opinberu.

Það hlýtur að teljast öldungis eðlilegt að fræðsluumdæmin og sveitarfélögin styrki þá fræðsluaðila sem takmarka starfsemi sína annars vegar landfræðilega við umdæmin og sveitarfélögin, en hins vegar verkefnalega við viðfangsefni sem tengjast ákveðnum aðstæðum staða og tíma. Að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda fræðsluumdæmin eða sveitarfélögin til slíks, en hitt sýnist auðsætt að menningarstarfsemi eins og fullorðinsfræðslan hlýtur að stuðla að hagsæld og framsækni íbúanna á viðkomandi svæðum. Er því talið eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga láti styrkveitingar þessar og þann hvata, sem þær eru efnahagslega og menningarlega, til sín taka og hafi forgöngu um að móta stefnu og gera tillögur til Menntamálaráðuneytisins, en á þeim tillögum verði síðan grundvallaðar reglur um beinar og óbeinar styrkveitingar.

Um 6. gr.

Í þessari grein segir frá sérstökum aðila, er gegna skal ráðgefandi og mótandi hlutverki varðandi fullorðinsfræðsluna, svokölluðu **fullorðinsfræðsluráði.** Það hefur áður komið fram í þessari greinargerð (sbr. skýringu við aðra grein) að Norðmenn hófu skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu þar í landi svo að verulega um munaði með því að tryggja stofnun og starfsemi tveggja aðila, annars vegar fullorðinsfræðsluráðs, 7—9 manna, hins vegar með stofnun fullorðinsfræðsludeildar innan Kirkju- og menntamálaráðuneytisins. — (Sbr. norskar heimildir um fulorðinsfræðsluráð svo og fulorðinsfræðsludeild: St. prp. nr. 92 (1964—1965) bls. 24: Vaksenopplæring for alle, bls. 65).

Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að hyggilegt sé að fylgja fordæmi Norðmanna að þessu leyti og koma á fót fullorðinsfræðsluráði, er gegni sams konar hlutverki og samsvarandi ráð hefur til þessa gegnt í Noregi.

Um samsetningu ráðsins hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að tillögur þar að lútandi skuli ekki vera um of bindandi í sjálfum lögunum um fullorðinsfræðsluna. Mikilvægara sé hitt að finna eðlilegt og réttlátt hlutfall milli þeirra þriggja heilda, sem fulltrúa hljóti að eiga í ráðinu. Þær þrjár heildir, sem hér um ræðir, eru: a) hið opinbera, b) aðilar vinnumarkaðarins og c) fræðslusamböndin, hinar stóru fræðslueiningar sem reka fræðslustarf í landinu öllu. Um það varð samkomulag í nefndinni að leggja til að hlutur atvinnulífsins og vinnumarkaðar-

ins yrði sýnu stærstur. Verður að kveða nánar á um í reglugerð hvaða aðilar vinnumarkaðarins skulu eiga fulltrúa í fullorðinsfræðsluráði en eðlilegt virðist að **Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands** og **Bandalag starfsmanna starfsmanna ríkis og bæja** ættu þar aðild.

Minnstur verður að tiltölu hlutur hins opinbera, tveir fulltrúar: ríkisins, landshlutasamtakanna svo og sveitarfélaganna. Gæti virst eðlilegt að stjórnarráðið tilnefndi annan fulltrúann og Samband íslenskra sveitarfélaga hinn.

Þriðja heildin sem á að tilnefna fulltrúa í **fullorðinsfræðsluráðið** er svo fræðslusamböndin. Þar sem þau eru raunverulega með öllu óþekkt stærð og ekkert fræðslusamband í landinu, sem hlotið hefur þá viðurkenningu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir (sbr. 13. gr.), er að sjálfsögðu litlar ábendingar hægt að gefa um hverjir þar ættu að tilnefna fulltrúa. **Menningar- og fræðslusamband alþýðu,** MFA er nú eina ótvíræða fræðslusambandið, sem starfar í landinu, enda þótt líta megi á önnur **félagssamtök sem fræðslusambönd að meira eða minna leyti, svo sem Kvenfélagasamband Íslands** að dæmi sé tekið. — Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir að þróunin verði hin sama hér og í nágrannalöndum okkar að fræðslusambönd verði stofnuð og það heldur fleiri en færri. Vekja má athygli á því að stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum hafa á síðustu árum keppst við að stofna fræðslusambönd og breytt ákveðnum þáttum starfsemi sinnar þannig að þeir gætu uppfyllt þau skilyrði sem sett eru til slíkrar viðurkenningar. Mætti rita um þetta langt mál, þótt hér verði látið staðar numið.

Niðurlagsmálsgrein þessarar 6. greinar frumvarpsins að ráðið kjósi formann **úr sínum hópi og setji sér starfsreglur sem síðan hljóti staðfestingu** Menntamálaráðuneytisins er í fullu samræmi við þá heildarstefnu frumvarpsins að reyna að tryggja frumkvæði „neðan frá", ef svo mætti að orði komast, frá þeim aðilum **sjálfum, sem fullorðinsfræðsluna eiga að hafa með höndum og njóta hennar.** Kemur þessi afstaða nefndarinnar einnig fram í 4. grein b-lið svo og 5. gr. b-lið. Hins sama gætir víðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að fullorðinsfræðslan vaxi með eðlilegum hætti vegna þess að sem flestir hafi skynjað þörfina fyrir hana, en hún komi ekki sem valdboð ofan frá og verði skilin á þann veg að henni sé raunverulega þröngvað upp á skólakerfið, atvinnulífið og almenning.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur á margan hátt sérstöðu og kemur það væntanlega í ljós í þeirri greinargerð sem fylgir.

Greinin tekur til **fullorðinsfræðslunefnda** í fræðsluumdæmum. Eins og greinin er orðuð, gætir í henni tveggja sjónarmiða, sem ekki verða á einfaldan hátt sameinuð. Annað er sjónarmiðið um sérstöðu fullorðinsfræðslunnar og mikilvægi þess að sá aðili sem fara á með stjórn frumfræðslunnar í fræðsluumdæmunum, þ. e. **fræðsluráðin,** hafi ekki sjálfdæmi um hlutdeild og framkvæmd þessa annars þáttar menntakerfisins, ævimenntunarinnar. — Hins vegar er svo það sjónarmið að eðlilegt **sé að líta á menntakerfið sem heild og greina ekki alltof skarpt og ákveðið** milli hinna tveggja þátta, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu, enda er ljóst að skilin verði ekki alltaf glögg og skýr. Því ber að hagnýta starfskrafta og stjórnunarstöðu í þágu beggja fræðsluþáttanna eftir því sem samrýmist ákvæðum 21. og 22. greinar þessa lagafrumvarps. — Reynt er í greininni eins og hún er orðuð að taka tillit til beggja sjónarmiðanna. Það er í fullu samræmi við fyrra sjónarmiðið að skipaðar skuli í fræðsluumdæmunum sérstakar fullorðinsfræðslunefndir og í þeim nefndum skuli vera 5 fulltrúar frá aðilum, sem ekki eiga sjálfskipaðan fulltrúa í **fræðsluráðum** umdæmanna. Af þessum 5 fulltrúum skulu þrír vera frá aðilum vinnumarkaðarins, en tveir frá fræðslufélögum og fræðslusamböndum. Með þessu móti verður hlutur aðila utan hins opinbera verulegur í fullorðinsfræðslunefndunum. — Til móts við hið síðara sjónarmið, sem áður var nefnt, er komið á tvennan hátt: Annars vegar með því að allt **fræðsluráð** umdæmanna tekur sæti í fullorðinsfræðslunefndunum, alls 5 fulltrúar eða jafnmargir og hinir sem áður

hafa verið nefndir, hins vegar er svo **fræðsluráðinu** ætluð bein aðild að þeirri stefnumótun og þeim verkefnum sem fullorðinsfræðslunefndin hefur gert ályktanir um og þá auðvitað höfð í huga aðstaða þess til stjórnunar og framkvæmda. Þetta síðara atriði er áréttað í upphafsorðum 7. greinarinnar, þar sem segir að fræðsluráð fari með stjórn fullorðinsfæðslu í umdæmi sínu ásamt með o. s. frv. Á þann hátt er undirstrikað að fræðsluráð skal sinna fullorðinsfræðslunni og ætla henni verulegan hlut í þeirri aðstöðu sem ráðinu verður búin úti í fræðsluumdæmunum.

Eðlilegt má teljast að fullorðinsfræðslan fái að þróast úti í fræðsluumdæmunum á Íslandi og reynt verði að gera sem flesta þátttakendur í þeirri þróun og ábyrga fyrir henni án þess þó að stuðla að því á nokkurn hátt að togstreita skapist milli aðila frumfræðslunnar og fullorðinsfræðslunnar (sbr. danska heimild um að gera tvö mismunandi ráð sem nú eru **skolekommission og fritidskommission** að einu ráði, **undervisningskommission.** Udkast til Forslag om ændring af skolestyrelsesloven, udkast, juni 1973, bls. 5).

B

II. KAFLI

Fræðslan.

Öðrum kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í fimm þætti, þannig:

a) **8. og 9. gr.** fjalla um fullorðinsfræðslu sem á hliðstæðu í frumfræðslunni (sbr. 1. gr. a-lið).

b) **10.—12. gr.** taka til fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og vinnumarkaðinn (sbr. 1. gr. b-c).

c) **13.—15. gr.** lúta að þeirri fullorðinsfræðslu sem að mestu leyti er frjálst nám og frístundamenntun (sbr. 1. gr. c-lið).

d) **16. og 17. gr.** eru um svokallaða **fullorðinsdeild** svo og aðalform eða þætti fullorðinsfræðslunnar.

e) **18. og 19. gr.** eru um aðild fullorðinsfræðslunnar að væntanlegri kennslugagnastofnun ríkisins og um kennslufræðilegar stöðvar vegna fullorðinsfræðslunnar í fræðsluumdæmum landsins.

Mun nú leitast við að skýra einstakar greinar eftir því sem ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun. Um þennan **þátt fullorðinsfræðslunnar skal setja fyrirmæli í reglugerð, er Menntamálaráðuneytið** lætur semja. Skal sú reglugerð kveða á um eðli þessa náms, hvað kenna skuli, á hvern hátt kennslan fari fram og eins hitt að hvaða áfanga í hinu hefðbundna skólakerfi sé stefnt. Skal þá jafnan miða við að um raunverulega **fullorðinsfræðslu sé að ræða, en kennsla og framsetning taki ekki mið af þeirri frum**menntun einni, sem ætluð er börnum og unglingum sem nám stunda á þeim áfanga frumfræðslu er um ræðir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um prófvottorð og námsmat í fullorðinsfræðslu sem hliðstæð er frumfræðslunni. Hún er því raunverulega beint framhald af 8. grein eins og áður hefur verið bent á. Hins vegar taldi nefndin rétt að hafa greinarnar tvær **en ekki eina, þ. e. a. s. skeyta efni 9. greinar við hina 8. Þar sem fyrri greinin, sú 8. er í sjálfu sér harla viðamikil, spannar raunverulega yfir nærri allt það í** fullorðinsfræðslunni, sem á einhvern hátt getur talist hliðstæða frumfræðslunnar, svo er og efni 9. greinarinnar það sérstætt, að nauðsyn ber til að greina það frá og setja fram í sjálfstæðri grein. Prófvottorð þau eða námsmat, sem átt er við, taka til eftirtalinna áfanga: Grunnskólaprófs, stúdentsprófs, sérskólaprófs svo og háskólaprófa úr ýmsum deildum. — Þar sem inntak og lokamark þess þáttar full-

orðinsfræðslunnar, sem er hliðstæð frumfræðslunni, er hið sama (sbr. 8. grein og skýringu við hana) sýnist auðsætt og algert réttlætismál að prófvottorð eða námsmat sem kveður upp dóm um árangur þeirrar menntunar, sé að engu talið minna en verið væri að dæma um námsárangur í frumfræðslunni. Þar með er því hins vegar ekki slegið föstu að á allan hátt verði fylgt gildandi aðferðum við mat á árangri þeirra sem taka þátt í fullorðinsfræðslu hliðstæðri frumfræðslunni. Gæti reyndar ýmislegt mælt með því að svo yrði ekki gert.

Um 10. gr.

Þessi grein er að dómi fullorðinsfræðslunefndarinnar sérlega mikilvæg, enda á raunverulega að grundvallast á henni sá þáttur fullorðinsfræðslunnar, sem nefndin telur að verða muni þýðingarmikill og fjölbreytilegur og hefur áður verið að því vikið í greinargerð þessari. — Það hefur líka komið fram í greinargerðinni að sá þáttur sem hér um ræðir, fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið eða þáttur í skipulagningu og þróun vinnumarkaðarins, er sums staðar í nágrannalöndum okkar slitinn úr tengslum við aðra þætti fullorðinsfræðslunnar og umsjón hans og yfirstjórn í höndum Atvinnumálaráðuneytis viðkomandi lands, en ekki Menntamálaráðuneytisins. Af því leiðir að sjálfsögðu einnig að um þennan þátt er fjallað í sérstökum lagabálki sem tekur til hans eins. — Fullorðinsfræðslunefndin leit hins vegar svo á að slík aðgreining væri með öllu óeðlileg hér á landi þar sem einingar allar eru miklu minni. Því taldi hún rétt að fylgja um þetta fordæmi norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Nefndin leggur því til að á þessari 10. grein grundvallist reglugerð um fullorðinsfræðslu, sem líta beri á sem þátt í atvinnulífinu í þeim skilningi að hann skapi möguleika til að styrkja atvinnuvegina. Nefndinni er ljóst að sú reglugerð sem hér um ræðir hlýtur að verða allviðamikil, enda er mikilvægt að tekið sé þar tillit til sem flestra þátta atvinnulífsins og skapaðir möguleikar til margháttaðrar fræðslustarfsemi, eftir því sem við á í einstökum og ólíkum tilvikum. Hér gæti verið um að ræða beinar fræðslustofnanir einstakra eða fleiri atvinnugreina, en einnig er hugsanleg mjög takmörkuð fræðslustarfsemi á ákveðnum vinnustöðum eða á vegum fyrirtækja. Er þetta tvennt, svo ólíkt sem það nú er innbyrðis, nefnt sem dæmi um vanda og viðfeðmi umræddrar reglugerðar.

Um 11. gr.

Greinin tengist 10. grein og myndar ásamt henni og hinni 12. sérstakan þátt í þessum kafla frumvarpsins eins og áður hefur komið fram. Greinin fjallar um það hvernig staðið skal að framkvæmd fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og markar að því leyti nokkra stefnu í sambandi við reglugerð þá, sem vikið er að í 10. grein og frekar er fjallað um í skýringu þeirrar greinar.

Fullorðinsfræðslunefndin telur það mjög áríðandi að takast megi sem breiðust og víðtækust samstaða um fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið svo mikilvægur sem sá þáttur er að mati nefndarinnar. — Sú samstaða þarf að taka til þriggja aðila og eru þeir nefndir í greininni. Það eru: a) Skólayfirvöld á hverjum stað svo að tryggja megi alla þá aðstoð og aðstöðu, sem skólar og skólastofnanir geta látið í té. Er þar bæði um að ræða kennslukrafta og húsnæðisaðstöðu og enn fremur samhæfingu og samræmingu námsefnis eftir því sem ástæður þykja til um þennan þátt fullorðinsfræðslunnar og þá frumfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnuvegunum og efla þá. Skóli og atvinnulíf þarf að mati fullorðinsfræðslunefndarinnar að tengjast mun meira en nú er og verður að gera allt sem hægt er til að stuðla að slíkri þróun og koma í veg fyrir að tortryggni skapist milli skólayfirvalda og þeirra sem hefjast vilja handa um að koma á fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið. b) Samtök starfsfólks svo að sá eða þeir aðilar vinnumarkaðarins geri sér ljóst hve mikill ávinningur er að mótun og sköpun þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar og gerist því virkir aðilar að skipulagningu og framkvæmd, en ekki aðeins óvirkir þolendur og þiggjendur fræðslu sem á lítinn sem

engan hljómgrunn í vitundarlífi starfsfólksins. c) **Samtök atvinnurekenda** svo að einnig þau leggi sitt af mörkum að framkvæmd og fyrirgreiðsla geti orðið sem best, að fræðslan komi að notum og verði bæði til að efla atvinnulífið, tryggja persónuþroska og verkmenningu og auka ábyrgðartilfinningu, og skapa greiðari og meiri upplýsingamiðlun milli allra þeirra, sem sameiginlegra hagsmuna hafa að gæta.

Um 12. gr.

Þessi grein er í sjálfu sér nokkuð sérstæð, þar sem hún fjallar um fullorðinsfræðslu, sem falin er atvinnufyrirtæki eða framkvæmd á ákveðnum vinnustað. Hún er eins og áður hefur komið fram dæmi um það með hvaða móti framkvæma má fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu. Í henni felst einfaldlega árétting á því að starfsnám í atvinnulífinu má aldrei verða að sérmáli eins aðila, hér forsvarsmanna fyrirtækis eða vinnustaðar, enda þótt frumvarp þetta eigi að stuðla að því að slíkt nám eða slík fræðsla geti farið fram í fyrirtækinu og á vinnustaðnum. — Komi til þess að fyrirtækið eða vinnustaðurinn verði vettvangur fullorðinsfræðslu, sem sé þáttur í eflingu atvinnulífsins, eiga forráðamenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins ekki að hafa sjálfdæmi um það hvernig þeirri fræðslu skuli hagað og hvaða tilgangi og markmiði hún skuli þjóna. Þar verða einnig til að koma starfsmenn fyrirtækisins eða fulltrúar þeirra. Hér reynir á samstarf og samvinnu, enda vænlegast til árangurs að frá upphafi sé sem flestum ljóst hvað gera á, og hægt sé að nota góðar ábendingar og tillögur frá sem allra flestum. — Þessi sömu vinnubrögð eiga allt eins við í þeim fyrirtækjum eða á þeim vinnustöðum, þar sem sérstakur maður hefur það starf með höndum á vegum fyrirtækisins eða vinnustaðarins að annast fræðslu eða upplýsingastarfsemi. Slíkur starfsmaður á ekki að geta skipulagt eða staðið að framkvæmd fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks, í samráði við eigendur eða forystumenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins eina saman. Einnig í slíkum tilvikum eiga starfsmennirnir að geta haft áhrif á tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslunnar fullkomlega til jafns við áðurnefndan starfsmann og forystulið fyrirtækisisins eða vinnustaðarins.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um fræðslusamböndin, þær sérstæðu félagsheildir sem fullorðinsfræðslunefndin telur að eigi að njóta verulegrar sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu sem víða erlendis er kölluð „frjáls og óháð“ til aðgreiningar frá hinum tveim þáttum fullorðinsfræðslunnar, skólanáminu og starfsnáminu. Það álit nefndarinnar byggist ekki á því einu að fræðslusamböndin hljóti að hafa sérstöku og mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við þann þátt fullorðinsfræðslu sem í 1. grein c-lið er kölluð „frjálst nám og fristundamenntun“. Hitt kemur jafnframt til að fullorðinsfræðslunefndin álítur að fræðslusamböndin muni einnig koma við sögu fullorðinsfræðslunnar í tengslum við atvinnulífið, svo og að nokkru þeirrar fullorðinsfræðslu, sem hliðstæð er frumfræðslunni (sbr. niðurlag 16. greinar).

Nefndin telur eðlilegt að gerðar séu tilteknar kröfur og þær verulegar til slíkra fræðslusambanda. Kröfur þær sem taldar eru upp í greininni eru raunverulega fimm. Fyrsta krafan er sú að fræðslusambandið hafi á sínum vegum fræðslustarf í landinu öllu, enda er það hin upphaflega skilgreining á fræðslusambandi (sbr. skýringu á 3. grein frumvarpsins). Slíkt fræðslusamband hlýtur því eðli sínu samkvæmt að vera myndað af einstaklingum um land allt, félögum eða félagsheildum, og er hið síðartalda mun eðlilegra. Önnur krafan sem gerð er til fræðslusambands er sú að það hafi sjálfstæða stjórn, það sé ekki hvað stjórn og ákvarðanatekt snertir aðeins ósjálfstæður hluti einhverrar annarrar félagsheildar. Þessi önnur krafa er mjög mikilvæg til að fyrirbyggja misnotkun. Um verði að ræða frjálst og opið fræðslustarf sem fyrst og fremst þjóni hagsmunum þeirra er fræðslunnar eiga að njóta, en þannig um leið beint og óbeint hagsmunum félagsheilda, svo og samfélagsins. — Þriðja krafan sem gerð er til fræðslusambandanna er sú að þau hafi aðskilinn fjárhag. Í því felst að sjálfsögðu ekki að fræðslusamböndin geti ekki

notið fjárhagslegs stuðnings annarra aðila en hins opinbera eða ríkisins eins. En í því felst hitt að þeim fjárframlögum fylgi ekki umráðaréttur og bein ákvarðanatekt af hálfu þess eða þeirra sem fjármunina leggja fram. Fjárhagur fræðslusambandanna skal vera aðskilinn, þ. e. að fjármunum sambandanna verði varið að vilja stjórnar og félagsmanna og félagsheildanna, en ekki utanaðkomandi aðila. Bókhald fræðslusambandanna skal vera háð opinberu eftirliti til að koma í veg fyrir misnotkun opinberra styrkja.

Fjórða krafan sem gerð er til fræðslusambandanna svo að þau geti notið þeirra sérréttinda sem þeim eru tryggð í frumvarpi þessu er sú að Menntamálaráðuneytið hafi viðurkennt þau.

Fimmta og síðasta krafan er sú að fræðslusamböndin hlíti þeim reglum sem ráðuneytið setur.

Um 14. gr.

Um fræðslusamtök í fræðsluumdæmunum, svo og fræðslufélög í sveitarfélögunum, gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og um fræðslusamböndin, nema hér kemur ekki við sögu Menntamálaráðuneytið, heldur fullorðinsfræðslunefndir umdæmanna sem veita skulu fræðslusamtökunum og fræðslufélögunum viðurkenningu að uppfylltum hliðstæðum kröfum þeim sem nefndar voru í 14. grein varðandi fræðslusamböndin. Slík viðurkenning gerir viðkomandi fræðslusamtök og fræðslufélög styrkhæf, en veitir þeim á engan hátt hliðstæða stöðu og aðstöðu og fræðslusamböndin hljóta með viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins. Mikilvægt er engu að síður að gengið sé úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir fyrirmælum greinar þessarar og fullt sjálfstæði fræðslusamtaka og fræðslufélaga tryggt, bæði varðandi stjórn og fjárhag eins og áður hefur verið fjallað um í skýringu við 13. grein.

Um 15. gr.

Grein þessi er hin síðasta af þrem er sérstaklega fjalla um þriðja hóp aðila, samkvæmt skilgreiningu 2. greinar c-liðar, þ. e. fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga. Greinin er raunverulega í þrem liðum, sem eðlilegast væri að kalla a, b og c þótt ekki sé það reyndar gert.

Í upphafi greinarinnar er starfssvið og starfsvettvangur þessara þriggja aðila skilgreindur og leitast við að hafa þá skilgreiningu sem opnasta og víðfeðmasta svo að hún geti á engan hátt orðið til að draga úr fjölbreytni fræðslustarfsins og lokað einhverjum leiðum. Hugtökin sem notuð eru „menningarstarfsemi“ og „fræðslustarfsemi“ eiga einmitt að tryggja þá túlkun og þann skilning fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á hugtakinu menningarstarfsemi, en með því er verið að árétta hið nána samband milli fullorðinsfræðslunnar og allrar menningarstarfsemi í víðtækustu merkingu. Svo sem alkunna er, eru nú víða tvö ráðuneyti hlið við hlið, sérstakt Menntamálaráðuneyti og annað Menningarmálaráðuneyti, en eins og að líkum lætur verður verkaskiptingin milli þeirra stundum heldur óljós og erfitt að draga skýra markalínu. Í þessu sambandi mætti vitna í ummæli minnihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970, þar sem hann leggur til að tengja saman fullorðinsfræðslu og menningarmál í sveitarfélögunum. (Sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 125 og 126). Það eru einmitt tengsl menningarlífs og fræðslustarfsemi sem nefndin hefur í huga þegar hún áréttar að umrædd fullorðinsfræðsla geti náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi.

Annar liður 15. greinar fjallar um þann styrk er áðurnefndir aðilar, fræðslusambönd, fræðslusamtök og fræðslufélög eiga að geta átt kost á frá ríkinu. Fjárhæð sú sem lögð verður til þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar verður að sjálfsögðu ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Þar verður þó vafalaust aðeins um heildarupphæð að ræða. Nokkuð af þeirri heildarupphæð er bundið í samræmi við síðari greinar frumvarps þessa, þær er lúta að fjárveitingu til fullorðinsfræðslu (sbr.

IV. kafla frumvarpsins) og má þar sérstaklega benda á fjárstyrki til fræðslusambandanna (sbr. 34. grein.) En að öðru leyti setur Menntamálaráðuneytið reglur um styrkhæfni hinna mismunandi þátta menningar- og fræðslustarfseminnar og er hér fyrst og fremst sú starfsemi höfð í huga sem gerð er fyllri skil í 33. grein frumvarpsins enda þótt ekki beri að líta á upptalningu þá, sem þar er birt, sem tæmandi.

Í síðustu málsgr. 15. gr. er svo fjallað um styrk frá fræðsluumdæmunum til fræðslusamtaka í fræðsluumdæmunum og fræðslufélaga í sveitarfélögum. Eins og fram var tekið í skýringum við b-lið 5. gr. frumvarpsins er til þess ætlast að fullorðinsfræðslan komi ekki samkvæmt beinni fyrirskipun frá stjórnvöldum, að ofan, heldur vaxi hún upp með eðlilegum hætti úr jarðvegi hinna mismunandi byggðarlaga og geti þá að verulegu leyti endurspeglað aðstæður á hverjum stað og þann áhuga, sem þar er fyrir hendi, á að hagnýta sér þau tækifæri sem í boði eru. Það hlýtur því að vera hinn eðlilegi gangur mála í fræðsluumdæmunum að þær reglur sem Menntamálaráðuneytið setur og snerta umræddar styrkveitingar byggist á tillögum þar að lútandi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur komið á framfæri við ráðuneytið. — Má að þessu leyti líta svo á að frumkvæðið geti verið að jöfnu Menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ekki síður hins síðarnefnda aðila, þar sem hér er um að ræða ráðstöfun á þeim fjármunum fræðsluumdæmanna sem landshlutasamtökin og sveitarfélögin hafa lagt af mörkum til menningar- og fræðslustarfsemi.

Um 16. gr.

Í þessari og næstu gr. frumvarpsins er fjallað um skipan fullorðinsfræðslunnar, þau form eða gerðir, sem hún fær í upphafi. Af ásettu ráði hefur fullorðinsfræðslunefndin reynt að takmarka formin sem mest má verða og leitast jafnframt við að vekja athygli á þeim formum fullorðinsfræðslunnar sem þegar hafa verið gerðar tilraunir með hér á landi og náð vinsældum. Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá að treysta stöðu þeirra og búa sem best að þeim.

16. gr. fjallar að vísu í fyrstu málsgrein um þá sjálfsögðu staðreynd að fullorðinsfræðsla sem hliðstæð er frummenntun og stefnir þá að sama marki og hún, þ. e. áfangaprófum á hinum mismunandi skólastigum, — geti verið með ýmsu móti eftir því sem eðli hennar og markmið segir til um. — En aðalefni greinarinnar er engu að síður að skýra hugtakið fullorðinsdeild sem ákveðið kennsluform, enda hafi það sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu, sem á hliðstæðu í frummenntun. Sérstaðan felst í mörgu. Fullorðinsdeildin veitir fullorðnum menntun hliðstæða frummenntun, en þó skal fræðslan miðuð við þroska, aldur og reynslu fullorðinna, ekki barna og unglinga. Hlýtur þetta að hafa veruleg áhrif á námsefni jafnt sem kennsluaðferðir. Í annan stað hefur fullorðinsdeildin þá sérstöðu að hana má fela skólastofnunum frumfræðslunnar og er það bæði eðlilegt og æskilegt með tilliti til þess að hægt sé að hagnýta í senn kennsluaðstöðu skólastofnanna og sérhæfni kennaranna. Þegar svo er um fullorðinsdeildina skal hún samkvæmt þessari gr. frumvarpsins njóta styrks eftir sömu reglum og sjálf frummenntunin. En sérstaða fullorðinsdeildarinnar kemur í þriðja lagi fram í því að hægt er að veita fræðslusambandi heimild til að taka að sér þá starfsemi. Samsvarandi heimild er í lögum annars staðar á Norðurlöndum og hafa forráðamenn fræðslusambandanna talið mikla lyftistöng fyrir aðild þeirra að fullorðinsfræðslu. Eins hafa og forsvarsmenn hins lögbundna skólakerfis litið svo á að sú samkeppni, sem þessi heimild veitir, sé stofnunum þeirra til ávinnings. Um hitt eru allir sammála að á þennan hátt verður náð til mun fleiri úr hópi fullorðinna en annars hefði verið. — Hlýtur það að teljast mjög æskilegt. Framlag hins opinbera til fullorðinsdeildar á vegum fræðslusambanda er ákveðið í 32. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í gr. þessari er haldið áfram að telja upp þætti, form og flokka fullorðinsfræðslunnar. Lögð er áhersla á þrjá aðalþætti hennar: **Námsflokka, námshópa og bréfaskólanám.** Fullorðinsfræðslunefndin telur eins og áður er sagt að sjálfsagt sé að búa vel að þessum aðalþáttum, þar sem þeir hafa allir þegar sannað ágæti sitt hér á landi og treysta og bæta stöðu þeirra og aðstöðu.

Fullorðinsfræðslunefndin telur rétt að Menntamálaráðuneytið gefi sem fyrst eftir gildistöku laga þessara út reglugerð er kveði á um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta.

Jafnframt þessum þrem aðalþáttum fullorðinsfræðslunnar telur nefndin eðlilegt að einnig sé reynt að búa sem best að þrem öðrum þáttum eða formum fullorðinsfræðslu, þ. e. **námskeiðum, stuðningskennslu og fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða.**

Fullorðinsfræðslunefndin telur ekki nauðsynlegt að skýra og skilgreina nánar hin einstöku hugtök sem notuð eru um fræðsluformin umfram það sem felst í orðalagi 17. gr., enda er það eitt af meginatriðum reglugerðar þeirrar, sem setja verður, að orða þær skilgreiningar svo að ljóst verði við hvað er átt og hve veigamikið hvert fræðsluformið um sig verði talið.

Um 18. gr.

Í grein þessari er vikið að stórmáli í íslenskri fræðslulöggjöf, að komið verði á fót kennslugagnastofnun ríkisins. Þar sem fullorðinsfræðslunefndinni er kunnugt um að nefnd hefur verið skipuð á vegum Menntamálaráðuneytisins til að undirbúa og semja frumvarp um slíka stofnun, telur nefndin ekki í sínum verkahring að fjalla á annan hátt um þetta stórmál en tryggja í þessu frumvarpi að aðilar fullorðinsfræðslunnar skuli hafa sama rétt að hagnýta umrædda stofnun, þegar hún er orðin að veruleika, og aðilar hins lögbundna skólakerfis. Að öðru leyti vitnar fullorðinsfræðslunefndin til ítarlegrar greinargerðar um þess konar námsgagnastofnun, sem birtist í bók norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970 (sbr. Vedlegg 1 á bls. 135 nn í Vaksenopplæring for alle).

Um 19. gr.

Síðasta gr. þessa annars kafla frumvarpsins fjallar um „kennslufræðilega stöð vegna fullorðinsfræðslu“ í fræðsluumdæmum. Átt er við stofnun er hafi með höndum tilraunastarfsemi á sviði fullorðinsfræðslunnar. Greinin gerir aðeins ráð fyrir að heimilt sé að koma slíkum rannsóknarstöðvum á fót í fræðsluumdæmum, en þó því aðeins að ósk um slíkt komi frá fullorðinsfræðslunefnd umdæmisins. Er eðlilegt að slík rannsóknar- og tilraunastöð sé í tengslum við hliðstæða stofnun á sviði frumfræðslunnar, en báðar tengdar fræðsluskrifstofu, sem verður í reynd fræðslumiðstöð viðkomandi fræðsluumdæmis. Þar sem tilrauna- og rannsóknarstofnanir, er hafa verkefni og markmið sem hér um ræðir, hljóta að verða mjög dýrar bæði að stofn- og rekstrarkostnaði verða fullorðinsfræðslunefndir fræðsluumdæma, sem óska þess að fá heimild til starfrækslu slíkra stöðva, að gera sér fulla grein fyrir þeirri fjárhagsbyrði sem fylgir stofnun og starfrækslu slíkra stöðva. Um styrk ríkisins til slíkra stofnana er fjallað í 35. gr. frumvarpsins.

C

III. KAFLI

Kennarar og nemendur

Þriðja kafla frumvarpsins má skipta í þrjá þætti, á þessa leið:

a) **20.—22. gr.** fjalla um menntun þeirra og hæfni sem hafa eiga á hendi kennslu, leiðbeiningu eða forsjá fullorðinsfræðslu. Þá eru hér einnig heimildarákvæði varðandi störf skólastjóra og námsleiðbeinenda.

b) **23.—25. gr.** segja frá þátttakendum í fullorðinsfræðslu, fyrst og fremst almennt, en einnig að því er tekur til sérstakra hópa, ennfremur fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið.

c) **26.—27. gr.** lúta að aðild þátttakenda í skipulagningu fullorðinsfræðslunnar, svo og framlagi þátttakenda í formi námsgjalda þegar um slíkt er að ræða.

Um 20. gr.

Þar sem líklegt má telja að veigamiklir þættir fullorðinsfræðslunnar verði á vegum hins opinbera, þ. e. ríkis, fræðsluumdæma og sveitarfélaga, er eðlilegt að sérstök grein laganna fjalli um menntun, ráðningu og launakjör þeirra sem kennslu munu annast á vegum þeirra. Er gert ráð fyrir að þar verði höfð hliðsjón af þeim ákvæðum er gilda „um kennara frummenntunarinnar að því leyti sem við getur átt."

Á vegum ríkis, fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður að sjálfsögðu að verulegu leyti sú fræðsla fullorðinna sem er hliðstæð frummenntuninni — (sbr. þó ákvæði 16. gr. og skýringar við hana). Er auðsætt að um menntun, ráðningu og launakjör kennara, er slíka fræðslu veita fullorðnum, hljóta að gilda þau ákvæði er taka til hliðstæðra þátta frummenntunarinnar á hvaða stigi hennar sem slík fræðsla er veitt, svo sem grunnskólastigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Á vegum hinna opinberu aðila, sem hér hafa verið nefndir, verður svo vafalaust líka að einhverju eða verulegu leyti starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið í víðtækustu merkingu, en þar er ekki síst átt við sjálfa starfsmenn hins opinbera, er þurfa á símenntun að halda sem gerir þá hæfa að rækja störf sín. Þá verður enn á vegum hinna opinberu aðila um að ræða námsflokkastarfsemi er telst til hins frjálsa náms og fristundamenntunar. Enda þótt ljóst sé að þessi fræðsla verður annars eðlis en frummenntunin og á engan veg bein hliðstæða hennar er engu að síður rétt að miða menntun, ráðningu og launakjör kennara við ákvæði frummenntunarinnar að svo miklu leyti sem við getur átt.

Um 21. gr.

Þessi grein fjallar um kennara og leiðbeinendur í þeirri fræðslu fullorðinna sem ekki er á vegum opinberra aðila, en segja má engu að síður um að hinir opinberu aðilar beri verulega ábyrgð á þar sem þeir kosta umrædda fræðslu „að meira en hálfu leyti". Um kennara sem annast slíka fræðslu er þrennt tekið fram í þessari grein og mun vikið að hverju fyrir sig.

Það sem fyrst er tekið fram varðandi umrædda kennara og leiðbeinendur er að Menntamálaráðuneytið skal meta hvort tveggja, hæfni þeirra og starfsreynslu.

Ekki skal í þessu ákvæði felast að Menntamálaráðuneytið geti beinlínis sagt fyrir um það hvaða mönnum séu falin kennslu- og leiðbeinendastörf á vegum þeirra fræðsluaðila er fá styrk til einhverrar starfsemi sinnar „að meira en hálfu". Hér skal vera um hitt að ræða að ráðuneytið fellst á að þeim mönnum, sem umræddir fræðsluaðilar hafa valið eða ráðið, verði falin kennslu- og leiðbeinendastörf. Skal dómur Menntamálaráðuneytisins byggjast á hvoru tveggja, hæfni og starfsreynslu. Að sjálfsögðu ber að meta óskir og vilja forráðamanna fræðsluaðilanna og forðast afskipti af fræðslustarfsemi þeirra að öðru leyti en því sem mat þetta um hæfni og starfsreynslu gerir kröfur til.

Næst er lögð áhersla á að kennarar og leiðbeinendur við fullorðinsfræðslu, sem ekki er á vegum opinberra aðila, skulu eiga kost á kennslufræðilegri menntun og/eða leiðbeinendaþjálfun. Til þess er ætlast að slík þjálfun sé veitt umræddu fólki á vegum Menntamálaráðuneytisins fyrst og fremst, enda skal þjálfunin vera að nokkru forsenda fyrir mati þess á hæfni og reynslu. Gert er þó ráð fyrir að fræðslusambönd, sem hlotið hafa viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins, fái til þess styrk að halda námskeið fyrir leiðbeinendur sína (sbr. 34. gr. c-lið).

Loks er í þriðja lagi í þessari grein gert ráð fyrir því að þeir kennarar fullorðinna, sem greinin fjallar um sérstaklega og reyndar allir kennarar fullorðinna sem ekki er tryggð áframhaldandi menntun í öðrum lögum um fræðslumál, skuli eiga kost á kennslufræðilegu framhaldsnámi. Fullorðinsfræðslunefndin telur það nauðsynjamál að Menntamálaráðuneytið setji reglur um slíka kennslufræðilega framhaldsmenntun og geri hana að óbeinni skyldu svo að kennarar fái haldið viðurkenningu þess og þar með rétti til kennslustarfa. Breytingar á kennsluefni, svo og kennsluháttum, hljóta að verða svo miklar og örar að ekki verður hjá því komist að setja slík ákvæði í lög og reglugerðir á þann hátt sem hér er ætlast til.

Um 22. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að fullorðinsfræðsla ákveðinnar stofnunar geti orðið svo umfangsmikil að nauðsyn beri til þess að fela sérstökum skólastjóra forstöðu hennar og ráða jafnframt námsleiðbeinanda við stofnunina, einn eða fleiri. — Hér er vikið að vandasömu atriði í skipan fullorðinsfræðslunnar er varðar í senn sérstöðu hennar svo og tengsl hennar við frumfræðsluna. — Það gefur auga leið að fullorðinsfræðslan er á margan hátt sérstæð og má ekki um of taka mið af námsefni og því síður kennsluháttum frummenntunarinnar. Hér ber fyrst og fremst að hafa í huga þarfir og forsendur hinna fullorðnu sem námsins eiga að njóta. Þó verður einnig að taka tillit til fjárhagsgetu landsmanna og þess ekki síst að miða verður hönnun og skipulag íslenskra menntastofnana við það í framtíðinni, að þar fari fram að verulegu leyti báðir þættir hins nýja menntakerfis, ævimenntunarinnar, þ. e. a. s. frumfræðslan og fullorðinsfræðslan. Þegar svo er komið, hlýtur sú spurning að vakna, hvenær fullorðinsfræðslan sé orðin svo umfangsmikil að ætla verði henni sérstaka forstöðu og sérstaka námsleiðbeinendur.

Í frumvarpsdrögum norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar eru hliðstæð ákvæði og hér er lagt til að sett verði í íslenska löggjöf. Til skýringar á hinum hliðstæðu ákvæðum í frumvarpsdrögunum norsku er vitnað til sænskra laga er kveða á um sérstaka skólaeiningu eða sjálfstæða stofnun til fullorðinsfræðslu. Þar segir: „Setja má á stofn sérstaka skólaeiningu/stofnun á námskeiðagrundvelli, ef námskeiðastarfsemin samsvarar að magni til minnst 16 punktum, en hver punktur er metinn 550 námsstundir. Við slíka fræðslustarfsemi skal starfa skólastjóri/rektor í fullu starfi og við sérstakar aðstæður að auki námsleiðbeinandi (studierektor) í fullu starfi. Sé fullorðinsfræðslan falin fræðslustofnun er annast menntun unglinga, skal engu að síður vera sérstakur námsleiðbeinandi í starfi er annast námskeiðsstarfsemina". (sbr. Kungl. Maj:ts proposition nr. 27 år 1971 — þá vitnar norska fullorðinsfræðslunefndin í Kungl. Maj:ts kungjörelse om kommunal och statlig vuxenutbildning 27 mai 1971, gr. 57, 62, 63, 64, 65. — Úr Vaksenopplæring for alle, bls. 113.) Að sjálfsögðu verður hér á landi að miða við íslenskar aðstæður og hefð. — Ekki ber að skilja fyrri málsgr. þessarar gr. laganna svo, að hún eigi við aðra fullorðinsfræðslu en þá sem er beinlínis á vegum opinberra aðila.

Síðari málsgr. 22. gr. gerir líka ráð fyrir annarri skipan en rætt hefur verið um hér að framan, sem sé þeirri að fullorðinsfræðsla verði annar þáttur í starfsemi sameiginlegrar menntastofnunar ævimenntunarþáttanna beggja. Verði þá um sameiginlega yfirstjórn að ræða, en sérstakur námsleiðbeinandi ráðinn er annist umsjón og skipulagningu fullorðinsfræðslunnar einvörðungu. — Um þennan hluta 22. gr. er það sama að segja og fyrri málsgreinina að hann á eingöngu við um menntastofnanir á vegum opinberra aðila, enda felst í því frekari takmörkun að

menntastofnanirnar, sem hér um ræðir, skulu veita frummenntun samkvæmt lögum. Fyrri málsgreinin er að því leyti víðtækari að hún getur líka átt við opinberar fræðslustofnanir er annast fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið, svo og opinberar fræðslustofnanir er annast námsflokkastarfsemi eða samsvarandi fullorðinsfræðslu.

Um 23. gr.

Með 23. gr. hefst nýr þáttur í þriðja kafla frumvarpsins er nær yfir þrjár greinar. Í þessari grein er fjallað sérstaklega um þátttöku og þátttakendur í fullorðinsfræðslu. Þrennt er tekið fram er sérstök athygli skal vakin á í þessari greinargerð.

Í fyrsta lagi er fjallað um reglur er ráðuneytið setur um þátttöku í fullorðinsfræðslu. Þær reglur skulu bæði ná til fyrstu þátttöku í fræðslunni, svo og áframhaldandi nám þeirra sem innritast hafa. Reglur Menntamálaráðuneytisins um þátttöku skulu fyrst og fremst tryggja, að fræðslan sé frjáls, þ. e. a. s. koma í veg fyrir að fullorðinsfræðslan verði hagnýtt í auglýsinga- eða áróðursskyni. — Um hliðstæð ákvæði í frumdrögum meirihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar segir: „Það hlýtur að vera algild regla að starfsemi fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks, sé öllum frjáls". (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 115). — Um þetta sama segir í áliti minnihlutans: „Minnihluti nefndarinnar, Fjæstad og Hansen telja nauðsynlegt að leggja einnig á það áherslu, að þátttakendur hafi meðákvörðunarrétt og „rétt neytandans" í fullorðinsfræðslunni" (sbr. sama rit, bls. 129). — Útilokunarstefna eða úrvalsstefna skal ekki ráða neinu stigi fullorðinsfræðslunnar, hvorki að því er tekur til aðgangs að þeirri menntun né áframhaldsins.

Í annan stað er í grein þessari kveðið á um lágmarksaldur þátttakenda í fullorðinsfræðslu. Lágmarksaldur skal vera 14 ár. Þetta aldurstakmark er miðað við ákvæði í sænskum lögum á ákveðnu sviði fullorðinsfræðslu, þ. e. þátttöku í leshring. Segir svo í umræddum lögum: „9. gr.: Um ríkisstyrk, sem gert er ráð fyrir í 8. gr. (inngangi kaflans um Leshringastarfsemi) skulu gilda eftirfarandi reglur: d) Í öðrum leshringum en þeim er taka til tónlistar, mega þeir einir taka þátt sem orðið hafa 14 ára á almanaksárinu. Í leshring, sem fjallar um tónlist, mega jafnvel taka þátt þeir sem ekki hafa náð fyrrgreindum aldri. Fjöldi yngri þátttakenda má aldrei vera meiri en helmingur allra þeirra er þátt taka í leshringum". (Sbr. Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag til det fria och frivilliga folksbildningsarbetet SFS 1963: 463, tekið upp sem Vedlegg 2a i Vaksenopplæring for alle, bls. 152—159, hér er um að ræða bls. 155). — Eðlilegt virðist að fylgja fordæmi Svíanna að þessu leyti, enda hafa þeir lengsta hefð að baki og mesta reynslu á sviði fullorðinsfræðslunnar og þá alveg sérstaklega að því er til leshringastarfsemi tekur. Er fullkomlega eðlilegt að láta þetta aldursákvæði ná til námsflokka, námshópa og leshringastarfsemi hér á landi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bág við önnur ákvæði laga um námsskyldu og námsrétt, sbr. skýringu við síðustu málsgr. þessarar lagagreinar.

Í síðustu málsgreininni eru hiklaus fyrirmæli um það, að hið rúma ákvæði greinarinnar um lágmarksaldur megi aldrei túlka á þá lund, að það leysi börn og unglinga undan fyrirmælum laga um skyldunám. Nemandi, sem fengið hefur heimild til að taka þátt í fullorðinsfræðslu eftir ákvæðum þessarar greinar, getur ekki á þeim forsendum afsakað eða réttlætt vanrækslu skyldunáms.

Um 24. gr.

Þessi grein fjallar um fullorðinsfræðslu opinberra starfsmanna, svo og annarra aðila eða starfshópa er tryggt hafa sér rétt til slíkrar menntunar í sérstökum samningum. Hún leggur á það áherslu að frumvarpið, sem hér liggur fyrir, verði hvorki til að skerða rétt né leysa aðila undan skyldum. — Skyldur hins opinbera, svo og skyldur annarra aðila í þessum efnum, skulu ræktar engu að síður þótt í lögum þessum kunni að finnast ákvæði er orðið gætu til að auka möguleika sömu aðila á frekari fræðslu. — Greinina má heldur ekki skilja svo eða túlka að hún

takmarki möguleika opinberra starfsmanna né heldur annarra, er ákvæði hafa í samningum sínum um fullorðinsfræðslu, við þau ákvæði ein, ef annars staðar væri ákvæði í lögum þessum er tryggt gætu viðbætur og aukningu.

Um 25. gr.

Síðasta greinin í þessum kafla, er kveður á um þátttöku í fullorðinsfræðslu, lýtur að þátttakendum í starfsnámi í tengslum við atvinnulífið. Í greinargerð fullorðinsfræðslunefndarinnar fyrir 10. gr. var ítarlega fjallað um sérstöðu þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar og þá jafnframt getið um nauðsyn þess að setja reglugerð er kveði á um sem flest atriði er tengdust umræddu starfsnámi. Eitt þeirra atriða, sem reglugerðin hlýtur að kveða á um, snertir að sjálfsögðu þátttakendurna. Verður þar vafalaust fylgt meginstefnu þeirri sem mörkuð er í 23. gr. laganna að fræðslan sé frjáls, en að öðru leyti hlýtur reglugerðin að taka mið af ólíkum aðstæðum og þörfum hinna mörgu atvinnugreina svo og vinnustaða og fyrirtækja, en á þá sundurgreiningu hefur áður verið bent í þessari greinargerð.

Um 26. gr.

Tvær síðustu greinar III. kaflans mynda lokaþátt hans að nokkru sjálfstæðan eins og áður hefur verið vikið að.

Fyrri greinin, þ. e. 26. gr. frumvarpsins, kveður á um aðild þátttakendanna að skipulagningu fullorðinsfræðslunnar. Er þar gert ráð fyrir að meginstefnan verði sú að tryggja þátttakendum þá aðild að henni að þeir geti „samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna“, eins og segir í greininni. — Hér er vikið að viðhorfi sem nú er mjög á dagskrá, vanda sem nú er í sviðsljósinu, þ. e. „nemendalýðræði“ eða því sem líklega væri réttara að nefna „skólalýðræði“. Það er skoðun fullorðinsfræðslunefndarinnar, að hiklaust skuli ganga til móts við þær kröfur nemenda eða þátttakenda í fræðslu að á þá sé litið sem einn af virkustu aðilum menntunarinnar. Þeir eiga því að hafa rétt til að koma skoðunum sínum á fræðslunni á framfæri og jafnframt skal tryggja þeim meiri aðild að ákvarðanatekt, enda þótt þeim verði ekki gefið sjálfdæmi. — Um þetta atriði er fullorðinsfræðslunefndin samdóma minnihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar, en í upphafi 33. gr. í frumdrögum hennar segir: „Fullorðinsfræðslu skal skipuleggja þannig að þátttakendurnir hafi áhrif á kennsluna í samræmi við lýðræðislegan ákvörðunarrétt“. Ákvæði þetta rökstyðja þeir Knut Fjæstad (fulltrúi Samnefnda for studiearbeid) og Hilmar Hansen (fulltrúi Landsorganisasjonen i Norge) þannig: „Fullorðinsfræðsla á okkar dögum hefur ekki aðeins að forsendu að kennslan miðist við aðstæður hinna fullorðnu að því er nám snertir og þarfir þeirra fyrir menntun. — Kröfur í samtíðinni um ákvarðanatekt á lýðræðisgrundvelli hljóta einnig að ná til fullorðinsfræðslunnar, að þátttakendur hafi áhrif á kennsluna. Gott andrúmsloft og samstarfsvilji tryggja mikinn árangur. — Það hlýtur að hafa margvíslegan vanda í för með sér að veita tugþúsundum þátttakenda rétt til áhrifa á áætlanagerð og skipulagningu. Um er að ræða flókið verkefni og tímafrekt. — En þátttakendur verða að eiga þess kost að láta álit sitt í ljós þegar þeir geta gert sér grein fyrir árangri erfiðis síns. Álit þeirra hlýtur að hafa áhrif á framhald námsins. Það er mikilvægt að geta á þennan hátt tryggt „rétt neytandans“. Þótt ekki sé um mikil bein útgjöld að ræða ber á hitt að líta að tími þátttakendanna er dýrmætur og koma verður til móts við kröfur um gæði“ (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 129 og 130). — Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst að hinir þrír höfuðþættir fullorðinsfræðslunnar og hin mörgu afbrigði þeirra eru misjafnlega til þess fallin að tryggja nemenda- eða skólalýðræði. Hún er að engu síður á einu máli um hitt að alls staðar þar sem því verður við komið, beri að hagnýta alla möguleika til að tryggja sem mesta og besta samstöðu og samvinnu um fullorðinsfræðsluna.

Um 27. gr.

Lokagrein III. kaflans fjallar svo um námsgjöld þeirra er þátt taka í fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun. Það er meginstefna greinarinnar að nemendur skuli ekki greiða námsgjöld þegar um slíka fræðslu er að ræða, enda ekki krafist kennslugjalda í skólum hins opinbera, þeim er frumfræðslu veita. Hið sama skal gilda um þá fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun og rækt af opinberum aðilum. — Hins vegar er samkvæmt 16. gr. laga þessara fræðslusamböndum veitt heimild að annast samsvarandi kennslu, þ. e. a. s. hafa **fullorðinsdeildir.** Var í skýringum við 16. gr. fjallað ítarlega um þær ástæður er til þess liggja að nefndin mælir með að fræðslusamböndum sé veitt þessi heimild og verða þær ekki endurteknar hér. Þar sem 32. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að slík fullorðinsdeild á vegum fræðslusambands skuli fá ríkisstyrk er nemur 75% kostnaðar má telja réttlætismál að fræðslusamböndum sé heimilt að krefjast greiðslu frá þáttakendum. Greiðsla þátttakenda skal því ekki vera eiginlegt námsgjald, heldur innritunargjald, þ. e. a. s. kostnaður vegna skrásetningar og skýrslugerðar.

D

IV. KAFLI

Fjárveiting til fullorðinsfræðslu

Fjórði kafli frumvarpsins skiptist í fjóra þætti. Skiptingin er þessi:

a) **28. og 29. gr.** fjalla um framlög opinberra aðila til ákveðinna þátta fullorðinsfræðslunnar, þ. e. tveggja aðalþáttanna, annars vegar fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu og hins vegar fullorðinsfræðslu sem er starfsmenntun í atvinnulífinu.

b) **30.—33. gr.** kveða á um ríkisstyrk til fullorðinsfræðslu er fram fer eftir tilgreindum fræðsluformum. Þegar fræðsluformin eru þau, sem um getur í nefndum greinum, skal styrkur veittur eftir ákvæðum 30.—33. greinar, enda þótt þar geti verið um að ræða fullorðinsfræðslu sem eðli sínu samkvæmt fellur undir þá tvo aðalþætti sem fjallað er um í 28.—29. gr. Ber að hafa þennan mun, er grundvallast á sjálfum fræðsluformunum, ríkt í huga.

c) **34. gr.** fjallar einvörðungu um ríkisstyrk til fræðslusambanda.

d) **35.—37. gr.** skýra frá styrkjum ríkisins til kennslufræðilegra stöðva í fræðsluumdæmunum, svo og frá hagnýtingu kennsluhúsnæðis opinberra aðila til fullorðinsfræðslu, en líka hversu ákveða skuli greiðslu til annarra aðila er láta í té húsnæði fyrir slíka fræðslu.

Um 28. gr.

Grein þessi er raunverulega í tveim liðum. Fjallar sá fyrri um kostnað þeirrar fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun. Síðari liðurinn er svo um rétt þeirra, er þann þátt fullorðinsfræðslu stunda, til námslána og styrkja.

Í fyrri lið greinarinnar er gert ráð fyrir að ríki, fræðsluumdæmi (landshlutasamtök) og sveitarfélög standi straum af kostnaði við téða fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvæðum laga um frumfræðslu ef annað er ekki tekið fram í lögum þessum. Með síðustu viðbótinni er átt við sérstöðu **fullorðinsdeilda** á vegum fræðslusambanda sem 32. gr. fjallar um, svo og 27. gr eins og áður hefur verið skýrt í greinargerðinni. Er því í fyrri hluta greinarinnar um að ræða fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun og opinberir aðilar hafa á sínum vegum. Kostnaðarhlutdeild hinna opinberu aðila er að sjálfsögðu misjöfn eftir því hvort um fullorðinsfræðslu er að ræða sem er hliðstæð grunnskólamenntun, framhaldsskólamenntun eða háskólamenntun.

Síðari hluti greinarinnar á að tryggja þeim, er njóta fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun, sama rétt til námslána og styrkja og hinum er hliðstætt nám

rækja sem frummenntun. Hér er bæði átt við dvalar- og ferðastyrki, þar sem gert er ráð fyrir þeim í hinu lögbundna skólakerfi, og námsstyrki og námslán, þar sem um slíkt er að ræða. Hér er á ferðinni réttlætismál sem ekki þarfnast skýringa eða réttlætingar. — Hitt er svo annað mál að nokkur vafi getur á því leikið hvort nógu langt sé hér gengið að tryggja fullorðnum fjárhagslegan styrk að stunda nám hliðstætt frumfræðslu, hafi þeir verið í atvinnulífinu um sinn og eignast eigið heimili með þeim framfærsluskyldum er því fylgja. Vísast til skýringar við næstu grein í þessu sambandi, en þar verður sérstaklega vikið að þeim reglum er gilda í nágrannalöndum okkar um fjárhagsstuðning til fullorðinna, hafi þeir látið af störfum um lengri eða skemmri tíma til að auka menntun og starfshæfni.

Um 29. gr.

Greinin tekur til meðferðar styrk sem veittur skal til starfsmenntunar fullorðinna í atvinnulífinu. Ekki er hægt að vísa til hefðar í sambandi við slíkan styrk. Er enn sem fyrr áréttað að hér verði til að koma ákvæði reglugerðar sem fyrst getur í 10. gr. frumvarps þessa og síðan hefur verið vikið að í skýringum við 25. gr. — Að sjálfsögðu er ekki unnt hér að kveða á um efnisatriði nefndrar reglugerðar, heldur verður það menntamálaráðherra og Menntamálaráðuneytisins að taka ákvarðanir og bera ábyrgð á reglugerðinni. Í 29. grein er þó engu að síður vikið að tveim atriðum sem fullorðinsfræðslunefndin telur óhjákvæmilegt að reglugerðin kveði á um. Annað atriðið er að kostnaður við starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu verði greiddur af ríkinu. Hitt atriðið er að þátttakendum verði bætt vinnutap.

Í báðum tilvikunum, þ. e. varðandi kostnað við fræðsluna, svo og bætur fyrir vinnutap, er í verulegum atriðum fylgt fordæmi Norðurlandaþjóða. Um þetta gilda eftirfarandi reglur í Svíþjóð: „Ríkið greiðir allan kostnað við fræðslu í tengslum við vinnumarkaðinn, svo og í þeim skólum ríkisins sem fullorðnum eru ætlaðir. Ríkið greiðir ennfremur kostnað við dagskrá fullorðinsfræðslu í útvarpi og sjónvarpi og nær sá kostnaður bæði til framleiðslu og flutnings fræðsluefnisins“ (sbr. **Vuxenutbidlning i Sverige**, En kortläggning på uppdrag av sekretariatet för nordisk kulturellt samarbete, Utbildningsdepartementet, bls. 21). „Ennþá umfangsmeiri félagsleg aðstoð er látin í té í sambandi við fræðslustarfsemi vinnumarkaðarins. Námsstyrkurinn á að vera hvatning til menntunar og verður því að vera það ríflegur að sá sem hann hlýtur geti bæði séð sjálfum sér og fjölskyldu sinni, ef um fjölskylduföður er að ræða, farborða án þess það hafi í för með sér allt of mikla sjálfsfórn. — Námsstyrkurinn nær til frumstyrks (grunnbidrag), húsnæðisstyrks, fæðiskostnaðar, barnameðlags og auk þess svokallaðs sérstyrks. — Frumstyrkurinn er frá 1. júlí 1973 allt að kr. 665.00 á mánuði til heimilisföður, en allt að 615.00 til annarra. Húsaleigustyrkur getur mest orðið sannanlegur kostnaður við húsnæði og er hiti meðtalinn. Barnameðlag er allt að kr. 150.00 á mánuði fyrir hvert barn. Samanlagt mega þessir þrír liðir ekki nema hærri fjárhæð en 1.700.00 kr. á mánuði. Nefnd á vegum ríkisins, komitéen för studiestöd åt vuxna, S.V.U.X., hefur meðal annars það verkefni að gera tillögur um á hvern hátt má efla hið félagslega styrkjakerfi, að séð verði betur fyrir þörfum hinna fullorðnu er nám stunda“ (sama rit, bls. 24). Þá ber ennfremur að vekja athygli á því að árið 1944 var í Svíþjóð komið á fót Arbetsmarknadens Yrkesråd (AY), en það er stofnun er tryggir samstarf Svenska Arbetsgivareföreningen og Landsorganisationen i Sverige á sviði iðnaðar- og iðjufræðslu í tengslum við atvinnulífið.

Varðandi kostnað við fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu í Noregi ber að vekja sérstaka athygli á samningi verkalýðssamtakanna norsku og vinnuveitendasambandsins um stofun fræðslusjóðs. Um hann segir: „Samningur LO og NAF um fræðslu- og þróunarsjóð hefur að markmiði að kosta eða styrkja framtak til eflingar fræðslu og menntunar í norsku atvinnulífi. Sjóðurinn er fjármagnaður með 1.50 kr. á viku á starfsmann. Af framlaginu greiðir vinnuveitandinn kr. 1.00 og vinnuþegi kr. 0.50. Heildarframlagi er skipt jafnt milli LO og NAF.“ (sbr. sam-

svarandi greinargerð vegna gagnasöfnunar á sviði fullorðinsfræðslu, **Voksenopplæring i Norge**, bls. 12). Þá segir í sömu greinargerð: „Á árunum 1958/1959 efndi yfirstjórn atvinnumála til námskeiða fyrir fullorðna á sviði iðju- og iðnaðar, fyrst og fremst til að vinna gegn verulegu atvinnuleysi víða um landið. Þessi starfsemi hefur síðan þróast á þá lund að vera einkum hagnýtt í sambandi við vandamál ummenntunar er leiðir af breyttum þjóðfélagsháttum. — Tilgangurinn er tvíþættur: Hinn einstaki vinnuþegi skal fá fræðslu er tryggir nægilega og stöðuga atvinnu og fræðslan á að miðast við þá þörf fyrir vinnuafl sem fyrir hendi er á hverjum tíma á vinnumarkaðinum", (sama rit, bl. 14). Um framlög til að bæta vinnutap segir svo í norsku greinargerðinni: „Viðtækust félagsleg aðstoð á sér stað í sambandi við verkmenntun fullorðinna sem er þáttur í stefnumótun atvinnulífsins. Styrkurinn, sem greiddur er af almannatryggingum, bætir tap vinnulauna, tryggir fjölskyldunni lífeyri og greiðir ferðakostnað. Ríkisframlag til námskeiða trúnaðarmanna (námskeið ætluð fulltrúum þeirra sem þátt taka í atvinnulífinu), bætir að fullu vinnulaun" (sbr. sama rit bls. 26). „Sé um að ræða framhaldsnám hvort heldur um almenna eða verkmenntun er að ræða sem tekur ákveðinn tíma og ekki verður stunduð ásamt starfi er hægt að fá námsstyrk úr Statens Lånekasse for utdanning. Styrkur er aðeins veittur til náms er varir 3½ mánuð, en lán því aðeins að um 7 mánaða tíma sé að ræða", (sama rit, bls. 27).

Um starfsmenntun í dönsku atvinnulífi segir svo í greinargerð Dana um fullorðinsfræðslu: „Að verulegu leyti fer fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið fram samkvæmt reglugerð frá 2. júní 1971 á grundvelli laga um atvinnumenntun sérhæðra verkamanna (specialarbejdere) og fleiri svo og ummenntunar (Bekendtgörelse af 2. juni 1971 af lov om erhvervsmæssig uddannelse af specialarbejdere m.m. og omskoling), en fræðsla sú er á ábyrgð Atvinnumálaráðuneytisins. — Vegna tækniþróunar eru þeir verkamenn sem áður voru ófaglærðir (ikke faglærte) orðnir sérhæfðir verkamenn (specialarbejdere). Frá 1960 hefur verið sköpuð ákveðin námsbraut fyrir hina sérhæfðu verkamenn. Námið er skipulagt í mismunandi starfsgreinum verkamanna (brancher) af þar til kjörnum starfsgreinanefndum (27 talsins), en í þeim eru fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins. Meginið af kennslunni fer fram í skólum hinna sérhæfðu (Specialarbejderskolene), en þeir eru 27 talsins (20 sjálfseignarstofnanir, 7 ríkisskólar). Námskeiðin eru venjulega stutt (u. þ. b. 144 kennslustundir) og fylgt er ákveðinni námsskrá sem byggð er á samræmdri áætlun. Menntunin er í áföngum, áframhaldandi námskeið þar sem hvert fyrir sig er sjálfstæð eining. — Önnur gerð fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið fer einnig fram undir yfirstjórn Atvinnumálaráðuneytisins, en það er menntun hinna faglærðu. Námskeiðin, sem þar er um að ræða, eru bæði skipulögð og haldin í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og tæknistofnanirnar (de teknologiske institutter, en þær eru þrjár og er stjórn þeirra á vegum Viðskiptamálaráðuneytisins) svo og verslunarskóla og tækniskóla, sem stjórnað er af Menntamálaráðuneytinu, deild er nefnist Direktoratet for erhvervsuddannelserne. Námskeiðin eru byggð upp á sama hátt og námskeið þau sem ætluð eru sérhæfðum verkamönnum og eru þau einkum haldin sem dagnámskeið. Auk þess sem slíkum námskeiðum er ætlað að treysta undirstöðumenntunina með því að taka mið af nýjungum, þá er tilgangurinn með þeim einnig sá að veita þátttakendum hæfni og hagnýta þekkingu sem að gagni kemur í nýjum framleiðsluaðferðum og nýrri tækni. — Þá ber að lokum að geta ummenntunarinnar sem ætlað er að auðvelda því fólki umskiptin sem stendur frammi fyrir því að breyta atvinnu sinni og taka að sér ný störf, en jafnframt auðvelda þeim sem horfið hafa frá vinnumarkaðinum að leita þangað aftur sem fullgildu starfsliði. Námskeið ummenntunar eru venjulega fólgin í mjög hagnýtri fræðslu. Frumkvæðið að slíkum námskeiðum geta atvinnufyrirtæki átt eða aðilar vinnumiðlunar (sem hafa 27 aðalskrifstofur), en einnig félagasamtök vinnumarkaðarins. Í sambandi við ummenntunina fer fram almenn kynning á atvinnulífi, efnahagsmálum og félagsmálum (oftast u..þ. b. 40 kennslustundir). Ummenntunin tekur venju-

lega lengri tíma en námskeið þau sem ætluð eru til að mennta sérhæfða verkamenn eða eftirmennta faglærða", (sbr. dönsku greinargerðina: **Kortlægning af voksenundervisning i Danmark, bls. 22—23).**

Um 30. gr.

Næstu fjórar greinar mynda eins og fyrr segir sérstaka heild í IV. kafla laganna. Þær fjalla allar um kostnaðarhlutdeild ríkisins í framkvæmd fullorðinsfræðslu í ákveðnum formum.

30. gr. er um fullorðinsfræðslu í formi **námsflokka og námshópa.** Þar er um að ræða fræðsluform sem hagnýtt hafa verið með góðum árangri hér á landi, enda hafa þau náð vinsældum. Fullorðinsfræðsla í þessum formum hefur verið rekin af opinberum aðilum, borgar-, bæjar- og sveitarfélögum, svo og ýmiss konar fræðslufélögum. Í hugtakinu **námshópur** felst m. a. fræðsluform það sem kallað er leshringur. Sá er aðalmunur **námsflokka** og **námshópa** (sbr. 17. gr.) að námsflokkur nýtur kennslu leiðbeinanda (kennara), en námshópur handleiðslu leiðbeinanda sem þarf ekki að vera kennari að menntun og er stundum einn af þátttakendum hópsins. Það virðist sanngjarnt að búið sé vel að þessum fræðsluformum fullorðinsmenntunarinnar og telur nefndin eðlilegt að ríkið greiði „75% af sannanlegum kostnaði". Með því er átt við allan raunverulegan kostnað sem hægt er að gera grein fyrir með því að leggja fram reikninga. — Fullorðinsfræðslunefndin álítur að framkvæmdin á ákvæðum þessarar greinar verði næsta einföld þegar framlag ríkisins er ákveðið á fyrrgreindan hátt. Í drögum meirihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar er lagt til að framlag ríkisins verði á grundvelli svokallaðrar námseiningar „studie-eining". Hún er skilgreind þannig: „„Námseining" er hér notuð sem mælieining í fullorðinsfræðslu sem fram fer í formi bréfaskólaleshrings (brevring) og námshóps (studiering). Meirihluti nefndarinnar álítur að meta beri framlag til slíkrar fræðslu annars vegar eftir því hve mikill tími fer í nám, kennslu, undirbúning, hins vegar eftir því hve margir þátttakendur eru. Ætti að vera hægt að finna ákveðinn stuðul til að meta slíka námseiningu eftir, þannig: Námstíminn alls = x klukkustundir, þátttakendurnir alls = y að tölu. Á þessum grundvelli ætti að vera hægt að breyta námsvinnu ákveðins hóps í slíkar einingar. Til dæmis ætti námsverkefni, sem tekur 30 eða 60 kennslustundir að leysa, en skráðir þátttakendur eru 5 talsins, að reiknast 3 eða 6 námseiningar. Væru skráðir þátttakendur fleiri, yrði styrkur meiri, þó innan marka sem sett hefðu verið." (Sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 120).

Í síðari málsgrein 30. greinar kveður á um lágmarksfjölda nemenda í námsflokki eða námshópi. Er gert ráð fyrir að lágmarksfjöldi nemenda sé 8. Þó má veita undanþágu, þegar sérstaklega stendur á og miða þá við lágmarksfjöldann 5. Til samanburðar má geta þess að meirihluti norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar leggur til að miða við 8 þátttakendur sem lágmark, en tekur þó fram að veita megi undanþágur og nefnir í því sambandi „sérstök námskeið og dreifbýli". Samsvarandi reglur sænskar gera ráð fyrir að þátttakendur séu 12 (sbr. Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivilliga folkbildningsarbetet). Í dönsku lögunum, Fritidsloven, er tekið fram að nemendur skuli ekki vera færri en 10 með þeirri undantekningu þó að hægt sé að veita allt að tveim nemendum fræðslu í þessu formi þegar um algera sérkennslu er að ræða. — Miðað við aðstæður hér á landi virðist réttmætt, að námsflokkur eða námshópur teljist styrkhæfur, enda þótt þátttakendur séu ekki fleiri en 5. Bæði strjálbýlið svo og sérhæfing þess námsefnis sem boðið verður fram í þessu fræðsluformi, gera það að dómi nefndarinnar óhjákvæmilegt.

Um 31. gr.

Hér ræðir um framlag ríkisins til fullorðinsfræðslu í formi bréfaskólakennslu. Greinin fjallar um tvo aðalkostnaðarliði sem nefndin leggur til að ríkið greiði að ¾ hlutum. Þar er annars vegar um að ræða **rekstrarkostnað,** hins vegar **útgáfu-**

kostnað. Með rekstrarkostnaði er hér átt við skrifstofuhald og önnur þau útgjöld sem fylgja bréfaskólarekstri svo sem burðargjöld, auglýsingakostnað og aðra þjónustu, sem óhjákvæmilegt er að slík starfsemi veiti, að ógleymdum launum kennara og annarra leiðbeinenda þar sem það á við. — Hinn kostnaðarliðurinn er svo útgáfukostnaður nýs kennsluefnis (ritlaun, prentun eða fjölritun) og nauðsynleg endurnýjun eldra kennsluefnis. Samkvæmt 17. grein frumvarps þessa á Menntamálaráðuneytið að setja reglur um skipan og fyrirkomulag bréfaskólanáms og hefur þannig á valdi sínu að veita aðilum viðurkenningu eða heimild til rekstrar bréfaskóla. — Í 31. grein er einnig tekið fram að Menntamálaráðuneytið verði að fallast á útgáfu kennsluefnis bréfaskóla, áður en til útgáfu kemur, eigi hún að njóta styrks á grundvelli þessarar greinar.

Rétt þykir í þessu sambandi að vekja athygli á stöðu bréfaskólafræðslunnar í tveim löndum þar sem hún hefur náð mikilli útbreiðslu og er því orðin harla þróuð, en það er í Svíþjóð og Noregi. Greinargerðin er að mestu sótt í heimildir þeirrar gagnasöfnunar um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum sem áður hefur verið skýrt frá.

Um bréfaskólafræðsluna í Svíþjóð segir svo: „Tvær menntastofnanir eru áhrifamestar í bréfaskólafræðslunni í Svíþjóð, **Hermods** og **Brevskolan.** Námskeiðin á vegum **Brevskolan** leitast við að fullnægja þörfum hinna margvíslegu félagasamtaka. Skólinn gefur út mikinn hluta þess fræðsluefnis sem notað er í leshringastarfseminni. Kennslubréf **Hermods** eru fyrst og fremst miðuð við nám er stefnir að hæfnisprófi. Hefðbundin bréfaskólafræðsla hefur á síðari árum verið samræmd og tengd fræðslu í öðru formi, leshringum, svo og útvarps- og sjónvarpskennslu. Komið hefur í ljós að slík fræðsla í fleiri formum hefur orðið mun áhrifaríkari en bréfaskólanám eitt saman" (sbr. **Vuxenutbildning i Sverige,** bls. 15). Ríkisstyrkur til venjulegra leshringa á vegum fræðslusambandanna er 75% af kennslu- og námsefniskostnaði, þó nemur hann aldrei hærri fjárhæð en 30 kr. á hverja kennda stund sem styrkhæf er. Ríkisstyrkur til þeirra leshringa er sérstöðu hafa (þ. e. a. s. leshringar í námsefninu: sænska, enska, stærðfræði og félagsfræði), skal nema 100% nefndra kostnaðarliða, en þó aldrei hærri upphæð en 45 kr. á hverja kennda stund. Ríkisstyrkur til kennslu innflytjenda skal nema 100%. Þá er og veittur ríkisstyrkur til stjórnunarkostnaðar fræðslusambandanna, svo og kennslufræðilegra starfa á vegum þeirra (sbr. sama rit. bls. 22).

Um bréfaskólafræðsluna í Noregi segir svo: „Vegna landfræðilegra aðstæðna í Noregi hefur bréfaskólafræðslan öðlast sérstaka þýðingu. Fyrir fullorðna er það mikilvægt að sjálft fræðsluformið veiti tök á breytilegum námstíma og námshraða. — Bréfaskólafræðslan lýtur fyrirmælum laga um bréfaskóla (lov om brevskoler) svo og þeim fyrirskipunum sem Menntamálaráðuneytið hefur gefið varðandi starfsemi bréfaskólanna, ennfremur varðandi **bréfaskólaráðið** (Brevskolerådet) sem hefur umsjón með bréfaskólakennslunni. Það veitir hinum einstöku bréfaskólum viðurkenningu og samþykkir það námsefni bréfaskóla sem boðið er fram. Þátttakendur í bréfaskólanámi skiptast í tvo aðalhópa: einstaka nema og námshópa (brevringer). Ríkisstyrkur til námshópa er veittur af framlagi til fullorðinsfræðslu og nemur allt að kr. 20.00 á hvern þátttakanda og skal renna til bréfaskólans. Námshópar á vegum fræðslusambanda fá einnig ríkisstyrk til að greiða þóknun leiðbeinenda, sömuleiðis styrk til stjórnunar. Einstakir nemar er stunda bréfaskólanám til undirbúnings opinberum prófum, fá til þessa styrk frá ríkinu er nemur kostnaði námsefnis og kennslu. Sama gildir um áfangapróf eftir ákveðnum reglum. Frumvarp til laga um ríkisstyrk til bréfaskólanáms St. meld nr. 118 (1972—1973) sem lagt var fram í Stórþinginu í júní 1973, hefur að geyma ákvæði um að veita ríkisstyrk til bréfaskólanáms án þess að um sé að ræða undirbúning undir próf, en sá styrkur skal nema 65% af námskostnaði", (sbr. **Voksenopplæring i Norge,** bls. 16).

Rétt er að lokum að geta þess, að meirihluti norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar leggur til að ríkisstyrkur til bréfaskólanáms á sviði fullorðinsfræðslu „verði

veittur á grundvelli kostnaðareiningar, sem sé nemandabréf er lokið hafi verið við (pr. fullfört elevbrev)". — Nefndin skýrir tillögu sína þannig: „Með nemandabréfi, sem lokið hefur verið við, er átt við bréf frá bréfaskóla, sem boðið hefur verið fram, en nemandinn keypt, svarað og fengið leiðrétt. — Er ætlunin að leggja til grundvallar meðalkostnaðarverð á slíkum námsbréfum í mismunandi kennslubréfaefni", (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 120).

Um 32. gr.

Það er að vissu leyti óþarft að eyða mörgum orðum til að skýra þessa grein svo mjög sem áður hefur verið fjallað um **fullorðinsdeild** í sambandi við greinargerð 16. greinar frumvarpsins, svo og 27. greinar. Hugtakið **fullorðinsdeild** var skilgreint í 16. gr. Í 27. gr. var gerð undantekning frá þeirri meginreglu að fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frummenntun, skuli með öllu ókeypis, en þar er gert ráð fyrir að fræðslusambönd, er hafa slíka deild á sínum vegum, megi krefjast innritunargjalds er brúi að nokkru bilið milli þess kostnaðarhlutfalls er ríkið greiðir, þ. e. 75% kostnaðar, og raunverulegs heildarkostnaðar. Vekja má athygli á því að minnihluti norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar hefur gert þessum kostnaði skil í tveim lagagreinum í frumvarpsdrögum sínum. Þar er um að ræða eftirfarandi: „44. gr.: **Fullorðinsdeild** á vegum skólakerfisins, sem ekki hefur stefnumótun vinnumarkaðarins að forsendu, fær styrk frá ríkinu sem nemur 75% og frá sveitarfélaginu styrk sem nemur 25% af kostnaðareiningu sem byggð er á kenndri stund (pr. lærertimme)." „45. gr.: **Fullorðinsdeild** á vegum fræðslusambands, sem fullorðinsfræðslunefnd hefur samþykkt, fær ríkisstyrk er nemur 75% og styrk frá sveitarfélaginu er nemur 25% af kostnaðareiningu sem byggð er á kenndri stund (pr. lærertimme)." Áður hefur hugtakið fullorðinsdeild „voksenklasse" verið skilgreint í drögum minnihlutans þannig: „36. gr.: **Fullorðinsdeild** er eftir lögum þessum fræðsla sem er hluti lögboðinnar frummenntunar."

Í niðurlagi 32. greinar er það skilyrði sett fyrir styrk frá ríkinu til fullorðinsdeildar á vegum fræðslusambands að nemendur séu ekki færri en 15. Telur fullorðinsfræðslunefnd slíka kröfu af hálfu ríkisins eðlilega, þar sem fræðslusamböndunum er veitt mikilvæg sérstaða með því að heimila þeim að hafa fullorðinsdeildir á sínum vegum. Þarf að koma í ljós að um raunverulega þörf fyrir slíka starfsemi sé að ræða.

Um 33. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa þar sem hún gerir ráð fyrir reglugerð Menntamálaráðuneytisins um önnur fræðsluform og skapar um leið möguleika að veita fleiri aðilum styrk til að hafa fullorðinsfræðslu á sínum vegum en þeim sem áður voru taldir. — Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða sem hagnýtt verða eftir því sem fjárframlög og aðstæður leyfa á hverjum tíma.

Um 34. gr.

Grein þessi er eins og áður hefur komið fram sérstæð innan IV. kafla frumvarpsins. Hún er einnig sérstök undirstrikun á þeirri skoðun fullorðinsfræðslunefndarinnar að búa skal betur að fræðslusamböndunum en öðrum aðilum og gera þeim á þann hátt kleift að rækja starfsemi sína. Með því einu móti geta þau orðið fullorðinsfræðslunni á Íslandi sú lyftistöng er hliðstæð sambönd hafa orðið annars staðar á Norðurlöndum. Hefur áður verið vikið að fræðslusamböndunum sérstaklega í greinargerð þessari og skal það ekki endurtekið (sbr. skýringar við 3. gr. c-lið, 6. gr. c-lið, svo og einkum 13. grein).

Fullorðinsfræðslnefndin er sammála um að fræðslusambönd skuli fá ríkisstyrk er nemur 75% af fjórum kostnaðarliðum sem taldir eru upp í greininni. Er ekki ástæða til að fjalla um hvern einstakan lið fyrir sig þar sem þeir skýra sig að verulegu leyti sjálfir.

Skilyrði fyrir styrkveitingum ríkisins til fræðslusambands er að Menntamálaráðuneytið hafi áður samþykkt áætlanir þess um þá fjóra kostnaðarliði sem nefndir eru. Verður því styrkur ríkisins 75% af kostnaðinum eins og hann er áætlaður af fræðslusambandinu og samþykktur af Menntamálaráðuneytinu enda þótt hann reynist meiri en samþykkt áætlun mælir fyrir um.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um styrk ríkisins til kennslufræðilegra stöðva í fræðsluumdæmum að því leyti sem slíkar stöðvar taka til fullorðinsfræðslu. Um stöðvar þessar, hlutverk þeirra og stofnun var rætt ítarlega í skýringum á 19. gr. frumvarpsins.

Varðandi framlög ríkisins til slíkra stöðva er í meginatriðum miðað við tillögur norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar. Einnig hefur náðst samkomulag um það í norsku nefndinni að leggja til að ákvæði laganna verði orðað sem hér segir: „60. gr.: Ríkið veitir styrk til kennslufræðilegra stöðva í sveitarfélögum og fylkjum sem hér segir: 1) 25—83% af launum sérmenntaðs starfsliðs. 2) 50% af skrifstofukostnaði. 3) Til bygginga upphæð af fjárveitingu þeirri til skólabygginga sem Stórþingið veitir ár hvert og ráðuneytið úthlutar,"(sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 132).

Um 36. gr.

Greinin á að árétta það, sem áður hefur komið fram í greinargerð þessari, að hagnýta ber eftir því sem kostur er allt það kennsluhúsnæði og alla þá kennsluaðstöðu sem ríkið, fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafa yfir að ráða til menntakerfisins í heild, þ. e. ævimenntunarinnar, bæði frummenntunar og fullorðinsfræðslu. Eins og aðstæður og ákvæði laga hafa verið hingað til hefur húsnæði þetta verið hagnýtt til frummenntunarinnar einvörðungu og þá verið frá upphafi miðað við þarfir hennar. Á þessu hlýtur að verða breyting í framtíðinni. Húsnæði menntastofnana framtíðarinnar verður hannað fyrir og hagnýtt af báðum þáttum ævimenntunarinnar. Þær aðstæður eru ekki nú fyrir hendi, en tryggja ber fullorðinsfræðslunni afnot og hagnýtingu þess kennsluhúsnæðis, sem til er, og þeirrar kennsluaðstöðu sem þar má veita. Verður því nauðsynlegt að takmarka nefnda hagnýtingu að hún skerði ekki umráðarétt þeirra aðila er hafa yfirstjórn frummenntunarinnar með höndum. Þannig ber að áliti nefndarinnar að líta á þær takmarkanir sem felast í síðustu málsgrein 36. gr.

Um 37. gr.

Gera verður ráð fyrir að hagnýta þurfi til fullorðinsfræðslu húsnæði og kennsluaðstöðu sem aðrir aðilar en ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafa umráðarétt yfir eða eignarhald á. Er því nauðsynlegt að sett verði um það sérstök ákvæði í reglugerð hvernig greiðslu fyrir afnot af slíku húsnæði verði hagað og hvaða kröfum það þarf að fullnægja um heilbrigðishætti. Eins þarf að setja skýr ákvæði um greiðslur fyrir afnot af slíku húsnæði. Hlýtur Menntamálaráðuneytið að gefa út reglugerð um þau atriði sem nefnd hafa verið.

E

V. KAFLI

Sérákvæði

Í þessum síðasta kafla eru tvær greinar sem ekki þarfnast sérstakra skýringa. Þar er kveðið á um nánari reglur sem Menntamálaráðuneytið setur varðandi framkvæmd fullorðinsfræðslulaganna eftir því sem nauðsyn krefur. Þá er einnig ákvæði um gildistöku laganna svo sem venja er.

IV
HEIMILDIR

1. Frá Norðurlöndum.

Auk þeirra laga og reglugerða um fullorðinsfræðslu, sem getið er um í II. kafla greinargerðarinnar bls. 13—15 ber að nefna eftirtaldar heimildir frá Norðurlöndum:

a) Danskar heimildir.

Forslag til Lov om fritidsundervisning m.v. Udkast/Undervisningsministeriet 16.—2. — 1968.

Til lovforslag nr. 69. Blad nr. 606.
Folketinget 1966—67 (2. samling).

Betænkning vedrörende Fritidsundervisning for voksne.
Betænkning nr. 396 1965.

Administrativ vejledning: Fritidsundervisning for voksne.
Undervisningsministeriet: Direktoratet for Ungdomsundervisning, 1970.

Lov om styrelsen af kommunernes skolevæsen og af virksomhed efter lov om fritidsundervisning m.v. Lov nr. 44 af 9. februar 1970.

Fritidsloven, ved N. Munch Christensen og Preben Strandskov.
Forlaget I dag, 7. reviderede oplag af Den nye fritidslov, 1971.

Voksenundervisning i 70 ene, En håndbog. Udgivet af Pædagogisk Arbejdsudvalg for Vokseundervisning. Redigeret af Carl Stjerne. — G.E.C. Gad 1970.

Voksenundervisning, en behovsundersögelse i Frederiksborg Amt ved Lars Thorkild Björn. — Arbejdsformidlingen — Erhvervsvejledningen 1971.

Livslang uddannelse/udvikling. — Grundtrækkene i en integreret uddannelsespolitik. — Under redaktion af Per Himmelstrup, Frantz Kjærum, Helge Severinsen og Carl Stjerne. — Gyldendal 1972.

Nyt om livslang uddannelse/udvikling. — Udgivet i forbindelse med Unesco's 3. verdenskonference om voksenundervisning, No. 4—9 1972. — Debathæfte nr. 1 — 1973.

Uddannelsesteknologi. — Planlægningsrådet for de höjere uddannelser. — Rapport afgivet af den af Planlægningsrådet for de höjere uddannelser nedsatte arbejdsgruppe vedrörende uddannelsesteknologi. — August 1972.

Voksenpædagogisk forskning og uddannelse. Rapport fra et arbejdsmöde 4.—7. juni 1973 i Helsingör. — Direktoratet for ungdomsundervisningen. 1973.

b) Norskar heimildir.

Skolelover — Tillegg til Norsk skole Nr. 2 for 1971.

Om voksenopplæring — to foredrag av Bjartmar Gjerde. — Arbejdernes opplysningsforbund.

Arbeidsdelingen i voksenopplæringen. — Et arbeidsdokument fra Voksenopplæringsrådet. — Universitetsforlaget 1971.

Samnemnda for studiearbeid. — Årsmelding for 1971 og 1972.

Innstilling om Statsstötte til brevundervisning. — Fra et utvalg oppnevnt av Kirke- og undervisningsdepartementet 28. august 1968. — Innstilling avgitt 4. desember 1969.

St. prp. nr. 150 (1971—72): Om opprettning av et Norsk voksenpedagogisk institutt.

Samnemnda for studiearbeid: Framlegg til årspengar 1974 (utrekna på grunnlag av årsmeldingane 1972).

Reglar for statstilskott til kveldskurs.

Föresegner om brevskoleskipnad, opplæring og godkjenning av styrarar og lærarar.

Samnemnda for studiearbeid: Representantskapsmötet 13.—14. juni 1973.

St. meld. nr. 118 (1972—73): Om statsstötte til brevundervisning.

Voksenpedagogisk dokumentasjonstjeneste 1973: 1 — April 1973. — Norsk pedagogisk studiesamling.

Innstilling om videreutdanning for artianere m.v. — Innstilling nr. 4 fra Komiteen til å utrede spörsmål om videreutdanning for artianere og andre med tilsvarende grunnutdanning: Om Etterutdanning. — Innstillingen avgitt 3. juli 1969.

Etterutdanningspolitikk. — Red. Åke Dalin. — Universitetsforlaget 1970.

Universitetets rolle. — Forholdet mellom de akademiske institusjoner og arbeids- og næringslivet.
Redaktör: Åke Dalin. Universitetsforlaget 1969.

c) Sænskar heimildir.

Kungl. Maj:ts proposition nr. 37 år 1971.

Vuxna utbildning — Studiefinansiering — Kommittén för studiestöd åt vuxna Stockholm 1971 SOU 1971:80.

ABF utredningen 1965: Organisation — konstitution.

Aktuellt från skolöverstyrelsen. Årg. 26 1972/1973 Nr. 5: Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivilliga folkbildningsarbetet.

Aktuellt från skolöverstyrelsen. Årg. 26 1972/1973 Nr. 6: Forteckning över studiemateriel som är godkänt för studiecirklar med tilläggsbidrag.

Uppsökande verksamhet för cirkelstudier inom vuxenutbildningen. — Delbetänkande avgivet av kommittén för försöksverksamhet med vuxenutbildning. Stockholm 1972. SOU 1972:19.

Vuxna lär — av Torsten Husén m. fl. Förutsättningar och metoder i vuxenundervisningen. — Vuxenpedagogiska semenariet vid Stockholms universitet — under ledning av professor Torsten Husén — Tredje upplagan. — Bogförlaget Lieber — Stockholm 1968.

d) Samnorrænar heimildir.

Kortlægningen af voksenundervisningen i Norden. — Öllum gögnum safnað saman í tvær stórar möppur. Þar er að finna allar heimildir er varða gagnasöfnunina. Sömuleiðis er haldið til haga hinum 3—4 mismunandi drögum frá hverju landi varðandi nefnda gagnasöfnun.

The Nordic WEAs and Adult Education. —

Rapport fra „Nordisk ekspertutvalg for forskning på voksenopplæringens område." Del 1: Forskningsoppgaver som er specielle for voksenopplæringen, prioritering og organiseringen av nordisk samarbeid.

Utvalget oppnevnt i brev fra Nordisk Kulturkommisjon, sekjon III, 11. mai 1966. — Rapporten avgitt 7. februar 1969.

Rapport fra „Nordisk ekspertutvalg for forskning på voksenopplæringens område", Del 1 — Appendix. — Oversikt over voksenpedagogisk forskning og forskerutdanning i de nordiske land.

2) Heimildir frá Evrópuráðinu.

Permanent Education. — A compendium of studies commissioned by the Council for Cultural Co-operation. — A contribution to the United Nations' International Education Year. — Strasbourg 1970.

Permanent Education — Synopsis of fifteen studies (CCC/EES (70) 133). Strasbourg, February 1971.

Permanent Education — Fundamentals for an integrated educational policy. — Strasbourg, October 1971.

Today and tomorrow in European adult education. — A study of the present situation and future developments, by J. A. Simpson. Strasbourg 1972.

Permanent Education. — The basis and essentials. — Strasbourg 1973.

Systems development in adult language learning. — A European unit/credit system for modern language learning by adults. — Strasbourg 1973.

3) Heimildir frá Efnahags- og framfarastofnuninni, O.E.C.D.

Recurrent Education. — A strategy for lifelong learning — Centre for educational research and innovation — 1973.

Recurrent Education: Policy and development in O.E.C.D. countries:

a) Recurrent education in the state of New York, by Peter F. Regan, Norman Solkoff, Walter F. Stafford, July 1972.

b) Recurrent education in Norway, by Åke Dalin, July 1972.

c) The Swedish view of recurrent education, by Jarl Bengtsson, August 1972.

d) Recurrent education in the Federal Republic of Germany, by Hedwig Rudolph in co-operation with Ullrich Boehm and Gisela Dybrowski of the Max-Plank Institute for Educational Research, Berlin, Oktober 1972.

e) Recurrent education in Yugoslavia, November 1972.

4) **Heimildir frá Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco.**

Unesco's Conference on Adult Education.

Third International Conference on Adult Education — Convened by Unesco — Tokyo, 25 July — 7 August 1972. Final Report Paris, 26 October 1972.

Information notes: Adult Education: Division of Adult Education, Unesco,

Nr. 5. January — February 1974:
Adult and Higher Education.

Nr. 6. April — May:
The Conclusions of an International Symposium on Functional Literacy in the framework of adult education.

Viðauki 1.

DRÖG AÐ FRV. TIL LAGA UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

Till. meiri hl. norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar.

I. KAFLI
MARKMIÐ OG SKIPULAG

1. gr.

Markmið fullorðinsfræðslu er að vera þáttur kerfis, sem skapar öllum skilyrði til þroska ævilangt, bæði sem einstaklingum og samfélagsverum, með menntun í starfi og/eða tómstundum.

Fullorðinsfræðsla er fræðslustarf, sem ekki er frumfræðsla skv. lögum eða á annan hátt tengt slíkri menntun, en er ætluð fullorðnum.

2. gr.

Ríkið er ábyrgt fyrir fullorðinsfræðslu, sem samsvarar þeim hluta frumfræðslunnar, sem ríkið stendur að, svo og starfsmenntun fullorðinna, sem er þáttur í stefnumótun vinnumarkaðarins.

3. gr.

Fylki er ábyrgt fyrir fullorðinsfræðslu, sem samsvarar þeim þætti frumfræðslunnar, sem fylkið hefur með höndum, að því marki, sem aðrar sérstakar reglur kveða ekki á um.

4. gr.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á fullorðinsfræðslu, sem samsvarar þeim þætti frumfræðslunnar, sem sveitarfélagi er skylt að annast, að svo miklu leyti, sem sérstakar reglur gilda ekki þar um, svo og annarri fullorðinsfræðslu, sem ekki fellur undir 2. og 3. gr.

5. gr.

Sveitarfélagið, fylkið og ríkið geta séð fyrir fullorðinsfræðslu á stofnunum, sem þau sjálf starfrækja og/eða með styrk til annarra, sem annast fullorðinsfræðslu.

6. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem fylki eða ríki ber samkvæmt gildandi reglum að annast, er þeim heimilt að fela sveitarfélögum eða fylkjum, ef þeir aðilar samþykkja, gegn greiðslu.

7. gr.

Séu færri umsækjendur um námskeið fullorðinsfræðslu en ríkinu er heimilt að styrkja, getur fylkis- eða sveitarstjórn vísað umsækjendum á kennslu í nágrannasveit eða fylki, sem þá er skylt að taka við nemendunum gegn greiðslu, ef námsefni og rými leyfir.

8. gr.

Starfsmenntun fullorðinna sem er hluti af stefnumótun vinnumarkaðarins skal fara eftir reglum, sem konungur setur.

9. gr.

Kostnaður við skipulagningu starfsmenntunar fullorðinna í atvinnulífinu skal greiðast með fjárveitingum frá Stórþinginu.

10. gr.

Fullorðnum, sem dveljast á stofnunum fyrir fatlaða, skal séð fyrir fullorðinsfræðslu, ef þeir geta hagnýtt sér hana. Fullorðinsfræðsludeild gefur nánari fyrirmæli þar um.

11. gr.

Aðilar, sem styrkhæfir eru samkvæmt þessum lögum um fullorðinsfræðslu, eru:

1) Fræðslusamtök (studiesamskipnad), sem hafa að meginmarkmiði fræðslustarf fyrir fullorðna um land allt, hafa sjálfstæða stjórn og fullorðinsfræðsludeild hefur viðurkennt styrkhæf.
2) Landssamband (Rikssamband) fræðslusamtaka (studiesamskipnad), sem fullorðinsfræðsludeildin hefur viðurkennt og nefnd eru í 1. mgr.
3) Fræðslusamtök (studiesamskipnad), sem hafa að meginverkefni að sinna fullorðinsfræðslu innan fylkis og hafa sjálfstæða stjórn, og fræðsluráð fylkisins hefur viðurkennt.
4) Fylkissamband fræðslusamtaka samkv. 3. mgr., sem fræðsluráð fylkisins hefur viðurkennt.
5) Fræðslusamtök í sveitarfélagi, sem hafa að meginmarkmiði að annast náms- og fræðslustarf fyrir fullorðna og hafa til þess sjálfstæða stjórn, og skólanefnd sveitarinnar hefur viðurkennt.
6) Sveitarsamband fræðslusamtaka skv. 5. mgr., sem skólanefnd hefur viðurkennt.

12. gr.

1) Skólanefnd stjórnar þeirri fullorðinsfræðslu, sem sveitarfélagið annast.
2) Skólanefnd ber ábyrgð á að fullorðinsfræðslan sé í samræmi við gildandi lög og reglur og samþykktir sveitarstjórnar.
3) Skólanefnd tekur afstöðu til hvaða tilboða um fullorðinsfræðslu frá frjálsum samtökum skuli taka.
4) Skólanefnd hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu, sem fram fer skv. 4. gr.
5) Skólanefnd kýs nefnd til að annast eftirlit með fullorðinsfræðslu, skv. nánari fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins. Sú nefnd getur haft ákvörðunarvald í málum í umboði skólanefndar.

13. gr.

1) Fylkisfræðsluráð annast stjórn fullorðinsfræðslu á vegum fylkisins.
2) Fylkisfræðsluráð sér um að fullorðinsfræðslan sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og samþykktir fylkisstjórnar.
3) Fylkisfræðsluráð tekur ákvörðun um hvaða tilboðum skuli tekið frá frjálsum samtökum um fullorðinsfræðslu.
4) Fylkisfræðsluráð hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu, sem starfrækt er skv. 3. gr.
5) Eftir reglum, sem ráðuneytið setur kýs fylkisráð fullorðinsfræðslunefnd. Sú nefnd getur haft ákvörðunarvald í umboði fylkisfræðsluráðs.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með fullorðinsfræðslu á háskólastigi.

15. gr.

Fullorðinsfræðsludeild er stjórnunarlegur og sérfræðilegur aðili á vegum ráðuneytisins í öllu, er lýtur að fullorðinsfræðslu. Deildin samræmir eftirlit með fræðslu, sem fram fer samkv. lögum þessum.

II. KAFLI
FRÆÐSLAN O. FL.

16. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frumfræðslu skv. lögum, hlítir sömu reglum og það nám, sé ekki annað fram tekið, og að því leyti, sem við getur átt. Fræðslan getur farið fram í áföngum (deltid), á námskeiðum og í námshringum (studiering).

17. gr.

Fullorðinsfræðsla skal skipulögð með það fyrir augum að veita nemendum fræðilega og almenna yfirsýn yfir námsefnið. Fræðsluna skal veita af umburðarlyndi og með virðingu gagnvart skoðunum annarra og stefna að því að styrkja sjálfstæða hugsun og skoðanamyndun.

18. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem stefnir að því að veita sannanlega samsvarandi þekkingarstig og kunnáttu og frumfræðslan samkv. lögum veitir, verður að lúta reglum, sem ráðuneytið setur. Sú kennsla getur byggst á útvarps- eða sjónvarpskennslu, bréfaskóla, samblandi af bréfaskóla og stuðningskennslu kennara, eða frjálsu námi.

19. gr.

Prófvottorð, sem byggð eru á fullorðinsfræðslu skv. þessum lögum, jafngilda prófvottorðum samsvarandi stigs frumfræðslu skv. lögum. Nánari reglur setur ráðuneytið.

20. gr.

Námshringur er samkv. lögum þessum hópur áhugamanna, sem starfar saman eftir áætlun til að læra ákveðið námsefni eða kynna sér efnisvið.

21. gr.

Háskólanámshringur er samkv. lögum þessum hópur áhugamanna, sem sameinast um nám á sambærilegu stigi við háskólanám.

22. gr.

Undirstöðuefni náms í námshring, sem fær styrk af opinberu fé, verður að hafa hlotið viðurkenningu landsfræðslusamtaka eða fræðsluráðs fylkis eða skólanefndar sveitarfélags.

23. gr.

Tilhögun náms í háskólanámshring skal hlíta reglum, sem ráðuneytið setur.

24. gr.

Kennslutækjastofnun er stofnun, sem sér fyrir kennslugögnum í fræðslukerfinu, fyrir iðnfræðslu fullorðinna í atvinnulífinu og fullorðinsfræðslu almennt. Ráðuneytið setur nánari reglur um verkefni stofnunarinnar.

25. gr.

Kennslufræðilegar miðstöðvar má stofnsetja þar, sem þörf krefur. Ráðuneytið setur nánari reglur þar um.

III. KAFLI
KENNSLUKRAFTAR O. FL.

26. gr.

Ákvæði um kennslukrafta í lögum um frumfræðslu gildir einnig um starfslið, sem annast fullorðinsfræðslu á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags, eftir því sem við á, sé annað ekki fram tekið.

27. gr.

Kennara má ráða í fast starf eða stundakennslu með kennsluskyldu að hluta, ýmist í stofnun er veitir frumfræðslu samkv. lögum og/eða að hluta til fullorðinsfræðslu, hvort heldur er á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags, eða einvörðungu til fullorðinsfræðslu.

Laun, kennsluskylda o. fl. fer eftir kjarasamningum (regulativ).

28. gr.

Fastakennurum eða stundakennurum við stofnanir, sem lögum samkvæmt eða á öðrum grundvelli annast frumfræðslu samkv. lögum á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags, ber skylda til að mæta utan kennslustunda til þess að ræða og skipuleggja fullorðinsfræðslu, ef viðkomandi stjórnvöld koma henni á fót við stofnunina. Einnig eru þeir skyldir til að kenna við fullorðinsfræðsludeild þær námsgreinar, sem þeir hafa hæfni til.

29. gr.

Kennarar, hvort heldur eru fastráðnir eða stundakennarar við skóla og/eða fullorðinsfræðslu, sem ríki, fylki eða sveitarfélag starfrækir, eru skyldugir til þess að takast á hendur, gegn greiðslu, kennslu í greinum, sem þeir hafa kunnáttu til, einnig að prófa eða vera prófdómendur við opinber próf, sem aðrir en reglulegir nemendur skólans gangast undir, séu þeir til þess kvaddir.

30. gr.

Stofna má stöðu rektors og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinenda (inspektor) fyrir ákveðnar skólaeiningar fullorðinsfræðslu, eða stöðu námsleiðbeinanda vegna fullorðinsfræðslu við stofnun, er veitir frumfræðslu skv. lögum.

Laun, kennsluskylda o. fl. styðst við gildandi kjarasamninga.

31. gr.

Sömu menntakröfur og gilda um kennara við almenna skóla skulu gilda um kennara við fullorðinsfræðslu, að því leyti sem við á.

32. gr.

Kröfur um menntun og reynslu kennara fyrir námshópa í háskóla (universitetsring) fara eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

33. gr.

Ráðuneytið setur nánari ákvæði um kröfur til menntunar og reynslu kennara fullorðinna, sem 31. og 32. gr. ná ekki til.

34. gr.

Landssamtök (rikssamskipnad) og landssamband (rikssamband) fræðslustarfs skal hafa á að skipa námsstjóra (studiesjef) með þá menntun og reynslu, sem ráðuneytið ákveður.

35. gr.

Þeir sem ætla að takast á hendur leiðsögn í fullorðinsfræðslu verða að afla sér kennslufræðilegrar og/eða leiðbeinandaþjálfunar. Kennarar fullorðinna fá kennslufræðilegt framhaldsnám og setur ráðuneytið reglur þar um.

IV. KAFLI
NEMENDUR O. FL.

36. gr.

Um fullorðinsfræðslu á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags og/eða skv. öðrum ákvæðum í starfssamningum (aftale regulert arbeidshöve), gilda reglur kjarasamninga (regulativ).

37. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem ekki fellur undir 36. gr., 8. gr. eða sérstakar reglur skv. 9. gr., getur notið styrks samkvæmt reglum, sem settar eru í sérstökum lögum.

38. gr.

Ráðuneytið getur sett reglur um inntökuskilyrði og skilyrði fyrir að halda áfram á námskeiðum fullorðinsfræðslu.

39. gr.

Nemi á námskeiði fullorðinsfræðslu, sem stefnir að inngöngu í skóla í hinu almenna menntakerfi og nýtur styrks skv. 41. gr., skal ekki greiða námskeiðagjald.

40. gr.

Ráðuneytið getur sett reglur um prófgjöld.

V. KAFLI
FJÁRVEITING TIL FULLORÐINSFRÆÐSLU O. FL.

41. gr.

a) Fullorðinsfræðslunámskeið, sem fræðsluráð sveitarfélags eða fylkis skipuleggja, en ekki er efnt til sem þáttar í stefnumótun vinnumarkaðarins,
og
b) fullorðinsfræðslunámskeið, sem fræðslusamtök (samskipnad for studiearbeid), sem skólayfirvöld í sveitarfélagi eða fylki hafa komið sér saman um (að viðurkenna) sbr. 5. og 12. gr. nr. 3 og 13. gr. nr. 3, skulu njóta ríkisstyrks á kostnaðareiningu, sem miðuð er við kennslustund („lærartime"), samkv. þeim hundraðshluta, sem ákveðinn er fyrir viðkomandi sveitarfélag eða fylki.

Fyrir fullorðinsfræðslu, sem um er getið í b-lið, greiðir sveitarfélagið eða fylkið mismun á ríkisstyrk og kostnaði.

42. gr.

Ríkisstyrkur er veittur til:

a) bréfaskóla (brevundervisning) í þágu fullorðinsfræðslu skv. 41. gr., sem nemur kostnaðareiningu á hvert námsbréf, sem nemandinn lýkur,
b) bréfaskólahring (brevring), sem miðast við sérstaka námseiningu (studie eining),
c) námshring (studiering), sem svarar kostnaði á hverja námseiningu (studie eining).

43. gr.

Háskólanámshringir fá greiddan ríkisstyrk í samræmi við kostnað á kennslustund (lærartime).

44. gr.

Landssamtök (rikssamskipnad) fá ríkisstyrk til fyrirlestrahalds.

45. gr.

Styrkur til stjórnunar er veittur þessum fræðsluaðilum (oplysingsorganisasjoner):

a) Landssamtökum (rikssamband) mynduð af fræðslusamböndum (samskipnad) og ríkisfræðslusamtökum (samskipnad).
b) Fylkjasamtökum (samband) mynduð af fræðslusamböndum og fylkjafræðslusamböndum (samskipnad).
c) Sveitarfélagasamtökum, mynduð af fræðslusamböndum og sveitarfélagasamböndum,

á þann hátt, sem hér segir:

a) Landssamtök (rikssamband) fá hundraðshluta, sem þingið ákveður af fjárveitingu til þessarar fræðslu.

Ríkisfræðslusambönd (samskipnad) fá hundraðshluta, sem Stórþingið ákveður af fjárveitingu, sem samböndin fá til fræðslustarfs skv. 41., 42 c og 43. gr. í lögum þessum.

b) Fylkissamtök (samband) fá ákveðinn hundraðshluta af fjárveitingu fylkisins. Ríkið endurgreiðir fylkinu helming þeirrar upphæðar.

Fylkisfræðslusamband (samskipnad), sem ekki er í ríkissambandinu, fær frá fylkinu hundraðshluta af þeirri fjárveitingu, sem ríki og fylki greiða samanlagt til fræðslustarfsins, skv. 41., 42 c og 43. gr. laga þessara. Ríkið endurgreiðir fylkinu helming þess fjár.

c) Sveitarfræðslusamtök (samband) fá hundraðshluta af ákveðinni fjárveitingu sveitarsjóðs. Ríkið endurgreiðir helming upphæðinnar.

Fræðslusamband, sem ekki er í fylkissambandi eða ríkissambandi, fær hundraðshluta af fjárveitingu ríkis og sveitarfélags til fræðslustarfsins, skv. 41., 42 c og 43. gr. laga þessara. Ríkið endurgreiðir sveitarsjóði helming.

46. gr.

Sveitarfélög og fylki fá ríkisstyrk til stjórnunarkostnaðar, vissan hundraðshluta af fjárveitingu þingsins til fullorðinsfræðslu, skv. 41., 42. c og 43. gr. þessara laga.

47. gr.

Sveitarfélög, fylki eða ríki lætur í té eftir nánari ákvæðum húsnæði, kennslutæki, ljós, hita, ræstingu og húsvörslu sem framlag til fullorðinskennslu, sem ríki, fylki eða sveitarfélag styrkir.

48. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar miðstöðvar (pedagogiske centra) í sveitarfélögum eða fylkjum sem hér segir:

a) 20—85% af nettólaunum kennslufræðilega menntaðra manna,
b) 50% af útgjöldum vegna skrifstofufólks,
c) til bygginga hluta af þeirri fjárhæð, sem þingið veitir árlega til skólabygginga og ráðuneytið úthlutar.

Ráðuneytið ákveður hve margar stöður undir a- og b-lið skuli njóta styrks.

VI. KAFLI
SÉRÁKVÆÐI

49. gr.

Ráðuneytið eða aðili (instans) sem það veitir umboð getur kveðið nánar á um ýms atriði varðandi lög þessi.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi, er konungur hefur undirritað þau.

Viðauki 2.

DRÖG AÐ FRV. TIL LAGA UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

frá Knut Fjæstad og Hilmar Hansen.

I. KAFLI
SKILGREINING OG MARKMIÐ

1. gr.

Fullorðinsfræðsla er þáttur í menntunartilboði, sem hefur að markmiði að skapa öllum ævilöng þroskaskilyrði, bæði sem einstaklingum og samfélagsverum, með starfsmenntun og fristundanámi.

Fullorðinsfræðsla er sú fræðslustarfsemi, sem ekki er lögbundin eða á annan hátt hluti frumfræðslu skv. lögum, og er ætluð fullorðnum.

Fullorðinsfræðsla er jafn rétthá frumfræðslu skólakerfisins.

2. gr.

Meginstefna laga þessara er, að hver maður eigi rétt á að fá þá menntun, sem hann kýs, auk grunnmenntunar, sem er skylda að lögum.

Allir skulu eiga þess kost að sanna þekkingu sína með opinberu námsmati og/eða prófi.

Ríki, fylki og sveitarfélagi er skylt að skapa sem bestar aðstæður til að þessu markmiði verði náð.

3. gr.

Fullorðinsfræðslu skal skipuleggja þannig, að skilyrði skapist til að námsefni verði greint af raunsæi og víðsýni.

Hana skal veita af umburðarlyndi og virðingu fyrir þeim, sem ólíkar skoðanir hafa og þroska hæfileika nemenda til sjálfstæðrar hugsunar og skoðanamyndunar.

II. KAFLI
SKIPTING ÁBYRGÐAR Á MILLI OPINBERRA AÐILA

4. gr.

Lög þessi byggja á þeirri forsendu, að opinberar kennslustofnanir, fræðslusamtök og aðilar vinnumarkaðarins séu þátttakendur í fullorðinsfræðslu. Aðal**hlutverk opinberra aðila er að örva víðtæka starfsemi og tryggja gæði í starfi.**

5. gr.

Samkvæmt lögum þessum ber ríkið ábyrgð á:

1) með tilstyrk eigin stofnana:
fullorðinsfræðslu á háskólastigi og á sama stigi í héraðsháskólum, kennslu í sjónvarpi og útvarpi, fullorðinsfræðslu sem þátt í stefnumótun vinnumarkaðarins, rannsóknum og tilraunastarfi,
2) að veita styrki til:
skólastofnana í fylkjum og sveitarfélögum,
fræðslusambanda (oplysningsorganisasjoner),
samtaka atvinnulífsins.

6. gr.

Samkvæmt lögum þessum bera fylkin ábyrgð á:

1) að koma á fót fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð framhaldsnámi lögbundins menntakerfis,
2) að styrkja fræðslusambönd og önnur samtök í samræmi við stefnu, sem Menntamálaráðuneytið markar lögum samkvæmt.

7. gr.

Sveitarfélög bera samkvæmt lögum þessum ábyrgð á:

1) að koma á fót fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð grunnskólamenntun,
2) að styrkja fræðslusambönd og önnur samtök í samræmi við stefnu, sem Menntamálaráðuneytið markar lögum samkvæmt.

8. gr.

Fullorðinsfræðslu, sem ríki eða fylki ber lögum samkvæmt að annast, má fela fylki eða sveitarfélagi gegn greiðslu, ef aðilar eru sammála þar um.

III. KAFLI
STJÓRNARSTOFNANIR

9. gr.

Fullorðinsfræðsludeild er stjórnunar- og ráðgefandi aðili ráðuneytisins í málum, sem varða fullorðinsfræðslu. Hún samræmir eftirlit með fræðslu, sem veitt er samkvæmt lögum þessum. Konungur setur deildinni nánari reglur.

10. gr.

1) Fullorðinsfræðslunefnd fylkisins, kosin á fylkisþingi, stjórnar þeirri fullorðinsfræðslu og menningarstarfsemi, sem sveitarfélagið beitir sér fyrir. Nefndin starfar í samráði við skólayfirvöld, fræðslusambönd og aðrar menningarstofnanir, ásamt samtökum í atvinnulífinu.
2) Nefndin ber að öllu leyti ábyrgð á að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi fái vaxtarskilyrði í fylkinu.
3) Nefndin sér um, að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi sé rekin í samræmi við gildandi lög og reglur og samþykktir fylkisstjórnar.
4) Nefndin hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu í fylkinu.
5) Nefndin hefur aðstöðu á fræðsluskrifstofu fylkisins, hafi ekki verið stofnað sérstakt stjórnkerfi fyrir fullorðinsfræðslu og menningarstarfsemi.
6) Nefndin hagar að öðru leyti störfum sínum samkvæmt leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur í té.

11. gr.

1) Fullorðinsfræðslunefnd sveitarfélagsins, sem sveitarstjórn tilnefnir, stjórnar þeirri fullorðinsfræðslu og menningarstarfsemi, sem sveitarfélagið beitir sér fyrir. Nefndin starfar í samráði við skólayfirvöld, fræðslusambönd og aðrar menningarstofnanir, ásamt samtökum í atvinnulífinu.
2) Nefndin ber að öllu leyti ábyrgð á að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi fái vaxtarskilyrði í sveitarfélaginu.
3) Nefndin sér um, að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi sé rekin í samræmi við gildandi lög og samþykktir sveitarstjórnar.
4) Nefndin hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu í sveitarfélaginu.
5) Nefndin hefur skrifstofuaðstöðu hjá fræðslustjóra (skolesjefen), þar til talið er nauðsynlegt að koma á sjálfstæðri stjórnunaraðstöðu.
6) Nefndin hagar að öðru leyti störfum sínum samkvæmt leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur í té.

IV. KAFLI
FULLORÐINSFRÆÐSLA HLIÐSTÆÐ OPINBERU MENNTAKERFI O. FL.

12. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem ríki, fylki eða sveitarfélög eða aðrir annast og á sér hliðstæður í frumfræðslu skv. lögum, hlítir sömu reglum og frumfræðslan, sé ekki annað fram tekið og að því leyti, sem við á.

13. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem stefnir að því að sanna með prófskilríkjum hliðstæða þekkingu og leikni og krafist er í frumfræðslu skv. lögum, og fram fer með fullorðinsfræðslu í útvarpi, sjónvarpi, bréfaskóla eða samblandi af bréfaskóla og stuðningskennslu — eða sem háskólanámshringur í frjálsu námi, allar þessar fræðslugreinar verða að fá viðurkenningu samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur.

14. gr.

Allir skólar, sem réttindi hafa til að veita próf og njóta opinbers styrks, eru skyldir að leyfa þeim að gangast undir próf, sem þess óska, skv. reglum, sem ráðuneytið setur.

15. gr.

Vottorð um námsmat, byggt á fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, færir sönnur á að fullnægt sé sömu námskröfum og gerðar eru í frumfræðslu skv. lögum. Ráðuneytið setur nánari reglur.

16. gr.

Fullorðinsfræðslu skal komið á fyrir þá sem dveljast á stofnunum fyrir fatlaða og hennar þarfnast.

V. KAFLI
FRÆÐSLUSAMBÖND

17. gr.

Þau fræðslusambönd, sem veita má opinberan styrk til fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, eru:

1) Fræðslusambönd, sem í eru einstaklingar eða félagsheildir, sem hafa með höndum fræðslustarf fyrir fullorðna í öllu landinu og hafa til þess sjálfstæða stjórn og eru aðilar að Samnemda for studiearbeid, svo og deildir slíkra samtaka í einstökum fylkjum og sveitarfélögum.
2) Samnemda for studiearbeid og samstarfsnefndir hennar í fylkjunum.
3) Önnur fræðslusambönd, sem hafa það verkefni í fylki eða sveitarfélagi að annast náms- og fræðslustarfsemi fyrir fullorðna og hafa til þess sjálfstæða stjórn, og fullorðinsfræðslunefnd fylkis eða sveitarfélags viðurkennir styrkhæf.

VI. KAFLI
FULLORÐINSFRÆÐSLA Í ATVINNULÍFINU

18. gr.

Fullorðinsfræðsla sem þáttur í stefnumótun vinnumarkaðarins skal fara eftir reglum, sem konungur setur.

19. gr.

1) Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið skal hafin með samvinnu milli aðila skólakerfisins á staðnum, atvinnufyrirtækja og landssamtaka þeirra svo og samtaka starfsfólksins.
2) Þegar fræðslustarfsemi, sem nýtur opinbers styrks er lögð atvinnufyrirtæki í hendur, þá skal hún skipulögð og henni stjórnað sameiginlega af fulltrúum atvinnurekenda og starfsmanna fyrirtækisins.

VII. KAFLI
KENNSLUKRAFTAR

20. gr.

Um kennslukrafta til fullorðinsfræðslu, sem ríki, fylki eða sveitarfélag starfrækja, gilda sömu fyrirmæli og um kennslukrafta í frumfræðslu skv. lögum, sé ekki annað fram tekið og að því leyti, sem það getur við átt.

21. gr.

Kennara má ráða í fullar stöður eða til tímakennslu með kennsluskyldu að hluta í frumfræðslu skv. lögum og að hluta til fullorðinsfræðslu, sem viðkomandi yfirvöld eða sveitarfélag reka, eða eingöngu við fullorðinsfræðsluna. Laun, kennsluskylda o. fl. skulu ákveðin samkvæmt gildandi kjarasamningum (regulativ).

22. gr.

Fast- eða lausráðnir kennarar við stofnanir frumfræðslu skv. lögum, sem ríki, fylki eða sveitarfélag starfrækir, eru skyldugir til að kenna þær greinar, sem þeir eru hæfir til að kenna, ef viðkomandi stjórnvöld koma fullorðinsfræðslu á við umrædda stofnun.

23. gr.

Fast- eða lausráðnir kennarar, sbr. 21 gr., eru skyldugir til að taka að sér gegn greiðslu að prófa og gegna prófdómarastörfum á opinberum prófum fyrir utanskólanemendur í greinum, sem þeir eru hæfir til.

24. gr.

Stofna má stöðu rektors og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinenda (inspektor) við sérstakar skólaeiningar fyrir fullorðinsfræðslu, eða stöðu námsleiðbeinanda fullorðinsfræðslu við stofnanir frumfræðslu skv. lögum.

Skilyrði fyrir stofnun slíkra embætta skulu sett með hliðsjón af gildandi kjarasamningum um laun, starfsskyldu o. fl.

25. gr.

Lög um menntunarkröfur kennara í skólum gilda um kennara fullorðinsfræðslu að því leyti sem við á.

26. gr.

Kröfur um menntun og reynslu kennslukrafta við háskólanámshringi ákveður ráðuneytið.

27. gr.

Ákvæði um menntunar- og reynslukröfur kennara í fullorðinsfræðslu, sem ekki falla undir 25. og 26. gr., skulu sett af ráðuneytinu.

28. gr.

Fræðslusamband skal hafa leiðbeinanda, sem ráðuneytið samþykkir.

29. gr.

Þeir sem vilja mennta sig til kennslustarfa við fullorðinsfræðslu, fá menntun samkvæmt reglum, sem settar eru af Norsk voksenpedagogisk institutt.

Ráðuneytið setur nánari reglur.

30. gr.

Kennslufræðilegar miðstöðvar má stofna í héruðum. Ráðuneytið setur nánari reglur.

31. gr.

Kennslugagnamiðstöð (institut for læremiddel utvikling) skal sjá fyrir kennslugögnum handa skyldustigi skóla, starfsþjálfun fullorðinna í atvinnulífinu og fullorðinsfræðslu almennt.

Ráðuneytið setur stofnuninni nánari reglur.

VIII. KAFLI
ÞÁTTTAKENDUR

32. gr.

Ráðuneytið getur sett reglur um þátttöku og skilyrði fyrir áframhaldandi námi þeirra, sem innritast í fullorðinsfræðslu.

33. gr.

Skipuleggja skal fullorðinsfræðslu þannig, að þátttakendur geti samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna.

Þeir þátttakendur, sem telja sér ekki tryggðan áhrifarétt og sæmileg kennslugæði, eiga rétt á að senda þeim stjórnvöldum skriflega kvörtun, sem veita stýrir til fræðslunnar.

34. gr.

Eigi skulu þeir nemendur greiða námsgjald, sem taka þátt í fullorðinsfræðslu, sem er hluti af hinu opinbera menntakerfi. Fræðslusambönd geta að öðru leyti krafist innritunargjalds.

35. gr.

Ráðuneytið má setja reglur um prófgjöld.

IX. KAFLI
SKILGREINING Á FORMUM FULLORÐINSFRÆÐSLU O. FL.

36. gr.

Fullorðinsdeild (voksenklasse) er samkvæmt lögum þessum kennsluform, sem er hluti af frumfræðslu skv. lögum.

37. gr.

Námshringur (studiering) er samkvæmt lögum þessum áhugamannahópur, sem ætlar að afla sér kerfisbundinnar fræðslu um ákveðið námsefni eða efnissvið. Námshringur getur starfað sem leiðbeinandahringur (lederring) og með verkefni frá bréfaskóla (brevring).

38. gr.

Háskólahringur (universitetsring) er samkvæmt lögum þessum hópur áhugamanna, sem ætlar að stunda kerfisbundið nám um ákveðið efni eða efnissvið, í meginatriðum á sambærilegu stigi við háskólanám.

39. gr.

Erindaflutningur er samkvæmt lögum þessum einstakt erindi eða erindaflokkur, sem miðlað er til fræðslusambanda og lýðháskóla frá fyrirlestramiðlun. Ráðuneytið setur nánari reglur.

40. gr.

Fagnámskeið (emnekurs) eru samkvæmt lögum þessum námskeið, sem standa skemmst tvo daga og fjalla um ákveðið efni eða efnissvið, eða veita innsýn í ákveðið verkefni innan félagssamtakanna.

41. gr.

Undirstöðunámsefni námshrings verður að hafa hlotið viðurkenningu miðstjórnar viðkomandi fræðslusambanda til þess að njóta opinbers styrks.

42. gr.

Námsefni háskólanámshrings verður að hljóta viðurkenningu samkv. reglum, sem ráðuneytið setur, til þess að hann sé styrkhæfur.

X. KAFLI
ÁKVÆÐI UM STYRKVEITINGAR O. FL.

43. gr.

Sveitarfélagið, fylkið og ríkið standa straum af kostnaði við fullorðinsfræðslu eftir reglum, sem settar eru lögum samkvæmt.

44. gr.

Fullorðinsdeild, sem stofnað er til sem hluta af menntakerfinu, en er ekki á vegum vinnumarkaðsaðila, skal fá 75% kostnaðar greiddan af ríki og 25% frá sveitarfélagi, miðað við kostnað á kennda stund (lærartime).

45. gr.

Fullorðinsdeild, sem fræðslusamband efnir til og fullorðinsfræðslunefnd hefur samþykkt, fær 75% kostnaðar á kennda stund (lærartime) frá ríki og 25% frá sveitarfélagi.

46. gr.

Sé tala umsækjenda um nám í fullorðinsdeild lægri en ríkið styrkir, er sveitarfélagi heimilt að vísa nemendum til náms í annað sveitarfélag, og er því sveitarfélagi skylt að taka við þeim nemendum gegn gjaldi, svo fremi að fræðsla þar henti nemendum og rými sé til að veita þeim viðtöku.

47. gr.

Fræðsla, sem er að hluta í fullorðinsdeild og að hluta í bréfaskóla (sbr. 44. og 45. gr.), fær í styrk frá ríki 75% og frá sveitarfélagi 25% kostnaðar miðað við kennda stund (lærartime).

48. gr.

Stuðningskennsla í sambandi við bréfaskólanámshring (brevring) fær styrk, 75% frá ríki og 25% frá sveitarfélagi miðað við kennda stund (lærartime).

49. gr.

Einstakur nemandi í bréfaskóla fær endurgreitt námskeiðsgjald eftir reglum í lögum þar að lútandi.

Bréfaskólanemendur, sem vinna saman í starfshópi, fá námskeiðsgjald endurgreitt eins og einstakir nemendur væru.

50. gr.

Námshringur (studiering) fær 75% styrk frá ríki og 25% styrk frá sveitarsjóði af kostnaði við hvern námstíma (studietime).

51. gr.

Háskólanámshringur fær styrk frá ríki, sem nemur 75% kostnaðar. Háskólanámshringur, sem fullorðinsfræðslunefnd hefur viðurkennt, fær 25% styrk frá sveitarsjóði miðað við kennda stund.

52. gr.

Fræðslusambönd fá styrki frá ríki til erindaflutnings samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur.

53. gr.

Fræðslusambönd fá ríkisstyrk til fagnámskeiða (emnekurs), er nemur 50% af kennaralaunum, kennsluefni, dvalar- og ferðakostnaði leiðbeinenda og nemenda og í sumum tilfellum 50% af heildarkostnaðinum við námskeiðið. Fylkið veitir styrk, sem nemur allt að 50% kostnaðar.

54. gr.

Fagnámskeið (emnekurs) fyrir leiðbeinendur í frjálsu námi, námshringum og öðru fræðslustarfi, sem og til annarra starfa í fræðslusamböndum, fá ríkisstyrk, sem nemur 50% af kostnaði og frá fylki 50% af kostnaði, sem talinn er upp í 53. gr.

55. gr.

Ráðuneytið ákveður kostnaðarliðina og skilyrðin fyrir styrkjum til fullorðinsfræðslubekkja, til blandaðrar fræðslu, stuðningskennslu í sambandi við bréfaskóla, námshringa, háskólanámshringa, fyrirlestrahalds og fagnámskeiða (44., 45., 47., 48., 50., 51., 52., 53. og 54. gr.).

56. gr.

Samkvæmt nánari reglum, sem fullorðinsfræðsludeild setur, skal veita ríkisstyrk, sem nemur öllum raunhæfum kostnaði við:

1) Námskeið við heimavistir fyrir fatlaða, þar með talinn ferðakostnaður og, — ef þörf krefur, — kostnaður fylgdarmanns.
2) Námskeið við heimavistarskóla fyrir foreldra og aðra aðstandendur fatlaðra barna.
3) Laun ráðunauta og námsstjóra hjá samtökum fatlaðra, sem og ferðakostnað þeirra.
4) Sérstök áhöld og tæki og sérstök kennslugögn, sem nauðsynleg eru til þjálfunar fatlaðra.
5) Bókasöfn fyrir blindraletur og segulbönd til blindrakennslu ásamt sendingarkostnaði á slíku efni.

57. gr.

„Samnemda for studiearbeid“ og aðilar hennar fá styrk til stjórnunarkostnaðar, einnig styrk til námsráðunautar og leiðbeinenda frá ríki, fylki og sveitarfélagi, samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur. Ríkið endurgreiðir 50% af styrkjum, sem fylki og sveitarfélög veita.

58. gr.

Starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu fær styrk samkvæmt reglum, sem þingið setur.

59. gr.

Sveitarfélag og fylki fá endurgreidd 15% af þeim styrk, sem þau veita í stjórnunarkostnað fullorðinsfræðslu skv. 44., 47. og 48. gr.

60. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar miðstöðvar í fylki eða sveitarfélagi þannig:

1) 25—83% af nettólaunum sérmenntaðs starfsliðs.
2) 50% af kostnaði vegna skrifstofufólks.
3) Byggingarstyrk af þeirri fjárhæð, sem þingið veitir árlega til skólabygginga og ráðuneytið skiptir.

61. gr.

Sveitarfélag eða fylki eða ríki lætur ókeypis í té samkvæmt nánari fyrirmælum kennsluhúsnæði og tæki, ásamt ljósi, hita, ræstingu og húsvörslu vegna fullorðinsfræðslu, sem réttir hlutaðeigendur: sveitarfélög, fylki eða ríki veitir fjárstyrk.

XI. KAFLI
SÉRÁKVÆÐI

62. gr.

Ráðuneytið eða sá aðili, sem það veitir umboð til, geta sett nánari reglur um allt það, er lýtur að frekari framkvæmd laga þessara.

63. gr.

Lög þessi taka gildi frá þeim tíma, sem konungurinn ákveður.

Viðauki 3.

ÞRJÚ ERINDI UM FULLORÐINSFRÆÐSLU
eftir sr. Guðmund Sveinsson.

Unesco og fullorðinsfræðslan.

Erindi flutt á ársfundi MFA 13. nóvember 1972.

1. Inngangur.

Í þessu erindi mun ég leitast við að gera grein fyrir þætti Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Unesco, stofnunar sem í senn er kennd við menntun, vísindi og menningu, í fullorðinsfræðslu, adult education, eins og hún er kölluð á enskri tungu, voksenundervisning eða voksenopplæring eins og hugtak bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum hljómar. — Ástæðan er ekki síst sú að síðastliðið sumar, nánar tiltekið daganna 25. júlí til 7. ágúst var haldin þriðja alþjóðlega ráðstefnan um fullorðinsfræðslu í Tokíó í Japan. Þáttur Unesco í fullorðinsfræðslunni er næsta sérstæður og því ástæða til að gera sér grein fyrir honum, enda má segja að Unesco hafi með nokkrum hætti mótað og þróað hugmynd fullorðinsfræðslunnar og ekki síst fyrir tilstilli þeirra merku alþjóðasamtaka er fullorðinsfræðslan raunverulega orðin það sem hún nú er víða, víðast mætti segja sérstæður þáttur við hlið og við samofinn hinu hefðbundna skóla- og fræðslukerfi. Svo er meira að segja nú komið að farið er að líta á fullorðinsfræðsluna sem sérstakan vott um þróun og ágæti menntakerfis í hinum ýmsu löndum. Því fullkomnara sem fræðslukerfið er því meiri er hlutur fullorðinsfræðslunnar og öfugt. Þar sem þessi þróun er lengst á veg komin er talið að vart megi á milli sjá, hvor þátturinn sé orðinn fyrirferðarmeiri, hin hefðbundna kennsla eða fullorðinsfræðslan, og fjárframlag til hvors þáttarins um sig næsta áþekkt. Þannig á þessu nú þegar að vera farið í Ráðstjórnaríkjunum og Bandaríkjunum, risaveldunum tveimur, sem keppa um yfirburði á sviði hinna margvíslegu fræða, tækni og fjölbreytni atvinnuháttanna. Í vanþróuðum löndum aftur á móti er hugmynd fullorðinsfræðslunnar enn sem komið er næsta þokukennd, ef menn á annað borð hafa heyrt hugtaksins getið.

2. Ráðstefna í Helsingør 1949.

Það var árið 1949 að Unesco boðaði til hinnar fyrstu ráðstefnu um fullorðinsfræðslu og þá í Helsingör í Danmörku. Það var engin tilviljun að Danmörk var valin sem fyrsti mótsstaður ráðstefnu af þessu tagi. Það var gert í fullri vitund þess að lýðháskólahugmyndir Grundtvigs voru í raun og veru þessa eðlis, en lýðháskólar til þess stofnaðir að veita fullorðnu fólki tækifæri að öðlast fræðslu, meira vekja það til vitundar um hæfileika sína og skapa því trú á sjálft sig og möguleika sína að vera virkir aðilar í samfélaginu, brennandi af áhuga að vinna Drottins veröld til þarfa. — Lýðháskólahreyfingin danska eða norræna sem líklega væri réttara að kalla hana hratt af stað mikilli vakningu og alþýðuhreyfingar á Norðurlöndum svo og á Vesturlöndum yfirleitt hafa á margvíslegan hátt notið þeirrar vakningar, enda hún senn verið kvika og kveika. — Að gera menn lifandi og virka var meginatriði lýðháskólastefnunnar. — Það kom greinilega í ljós á hinni fyrstu alþjóðaráðstefnu um fullorðinsfræðslu í Helsingör árið 1949, en í forsæti var þar daninn Johannes Novrup, að stefnt skyldi að slíku marki. Það var einkenni þessarar ráðstefnu sem haldin var aðeins fjórum árum eftir lok síðari heimstyrjaldar að horft var aftur til liðins tíma, horft var aftur til hildarleiksins og harmleiksins á styrjaldarárunum, þegar tugþúsundir manna og kvenna urðu að hverfa frá námi og starfsgreinum að sinna kalli ófriðarins. Þessu fólki varð

að veita tækifæri að bæta sér upp það tjón, sem það hafði orðið fyrir menningarlega og félagslega. — En þetta var aðeins einn þátturinn. Annar þáttur og engu ómerkari var sá að skapa þyrfti og þróa sameiginlega menningu að komið yrði í veg fyrir að skil mynduðust í þjóðfélögunum og annars vegar væri fámennur hópur, úrval, elite, eins og þetta var kallað, sem notið gæti menningarverðmætanna og ráðið stefnu samfélagsins, hins vegar fjölmennur hópur, múgur, sem þyrfti að sætta sig við annan og minni hlut, hljóta stimpil fákunnáttu og getuleysis og fara á mis við það sem ágætast var og raunverulega eftirsóknarverðast. — Þriðja verkefnið sem við blasti á hinni fyrstu ráðstefnu í Helsingör var svo það að komið yrði á í öllum löndum fræðslu er hefði það að markmiði öðru fremur að vekja athygli á merkingu og innihaldi, þegar hugað var að lífinu og tilverunni, en sú hætta vofði ekki síst yfir hinum ungu að þeim fyndist allt án tilgangs og takmarks. Hinir ungu uxu úr grasi á tímaskeiði, þegar hin fyrri verðmæti, andleg og menningarleg voru að heita mátti úr sögunni og við blasti tóm og tilgangsleysi að því er harla mörgum fannst. Menn höfðu á nokkrum árum upplifað algera umturnun og stóðu framandi og ráðvilltir í róti nýs tíma. Aldrei höfðu jafnmargir skynjað firringuna, sem svo er kölluð, rótleysið, finna sig í hringiðu framandi lífs, fyrirbæra og nýrra tjáningarforma. — Þannig urðu á hinni fyrstu ráðstefnu í Helsingör greindir þrír veigamiklir þættir fullorðinsfræðslunnar: Í fyrsta lagi að skapa fullorðnum ný tækifæri að öðlast þá menntun og þjálfun, sem þeir einhverra orsaka vegna höfðu farið á mis við áður eða e. t. v. skynjuðu fyrst síðar á ævinni að þeir höfðu þörf fyrir eða sérstakan áhuga á. Í öðru lagi að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum sameiginlegan menningargrundvöll er kæmi í veg fyrir misrétti og órétti, kæmi í veg fyrir það, sem síðar hefur verið nefnt félagslegt og menningarlegt ólæsi, en hugtakið ólæsi hefur reyndar orðið harla áhrifamikið tiskuhugtak, notað í hinum margvíslegustu blæbrigðum. — Í þriðja og síðasta lagi að hamla gegn því að böl tilgangsleysis og vonbrigða gripi um sig og yrði að sjúklegri þrá til að gefast upp eða gefa sig á vald andfélagslegum fyrirbærum eða skapaði flóttahneigð er menn teldu til einskis að vinna, lífið og tilveran í senn óskiljanleg, án takmarks og tilgangs.

Á hinni fyrstu ráðstefnu í Helsingör árið 1949 mættu 79 þátttakendur frá 25 löndum. Af þeim voru 54 frá 14 löndum Vestur-Evrópu, aðeins 4 mættu frá Asíu, 1 aðeins frá Suður-Ameríku, og eina Afríkuríkið, sem fulltrúa átti á ráðstefnunni, var Egyptaland. Heitið sem ráðstefnunni var valið var aðeins „Fullorðinsfræðsla — Adult Education". Hér skyldi um könnun að ræða fyrst og fremst, komið saman að bera saman bækurnar. — Það var almennt viðhorf á ráðstefnunni, að fullorðinsfræðsla væri viðbótar- og uppbótaþáttur, í rauninni hvorki sérlega stór í sniðum eða þyrfti hlutur hans að vera tiltakanlega mikill eða hafa í för með sér fjárframlög er nokkru næmu. Það var ekki óalgeng skoðun meðal fulltrúanna að fela mætti fullorðinsfræðsluna svo til eingöngu félagssamtökum, sem til væru, en opinber afskipti þyrftu ekki að vera mikil.

3. Ráðstefna í Montreal árið 1960.

Næsta ráðstefna á vegum Unesco um fullorðinsfræðslu var haldin í Montreal í Kanada árið 1960. Á þeirri ráðstefnu mættu 112 fulltrúar frá 51 landi. Þá átti Afríka þar 9 fulltrúa, Asía 17, Suður-Ameríka 19 og frá Arabalöndunum voru mættir 6 fulltrúar. Þannig hafði hinn svo kallaði þriðji heimur eða þróunarlöndin komið til sögunnar. Auk þess áttu 46 alþjóðlegar stofnanir áheyrnarfulltrúa á ráðstefnunni. Nú voru Ráðstjórnarríkin einnig með og fulltrúar frá þrem öðrum ríkjum Austur-Evrópu.

Yfirskriftin yfir hinni annarri ráðstefnu Unesco um fullorðinsfræðslu var „Fullorðinsfræðsla í breytilegum heimi — Adult Education in a Changing World." — Það kom greinilega í ljós að miklar breytingar höfðu orðið á afstöðu manna til fullorðinsfræðslu og enn meiri á hugmyndum manna um gildi og mikilvægi

slíkrar fræðslu. — Mestur var munurinn að því er laut að sjálfri stöðu fullorðinsfræðslunnar í menntun og menningu hinna ýmsu þjóða. Augljóst var að lengur var ekki litið á fullorðinsfræðslu sem viðbót eða uppbót. Hún var nú skoðuð og skilgreind sem sjálfsagður og sjálfstæður þáttur menntunar. — Þetta nýja viðhorf birtist einna ljóslegast í því að í vitund manna var að fæðast nýtt hugtak, sem skýra átti hvað til grundvallar lægi. Ógreinilegt og hikandi var þetta hugtak eða hugtök, því þau áttu eftir að verða þrjú áður en lyki. En það sem varð til á sjálfri ráðstefnunni í Montreal og gaf stefnubreytinguna til kynna var hugtakið **ævimenntun, life-long-education** eða svo notuð sé lengri mynd þessa hugtaks, lifelong intergrated education, ævimenntun felld með eðlilegu móti inn í störf manna og atvinnu svo að úr yrði samræmd og samfelld heild. — Margt varð til þess að skapa þetta nýja menntunarhugtak svo og hin tvö er hliðstæð voru, — hugtak Evrópuráðsins, sem tók einnig að fjalla um fullorðinsfræðslu, en það var hugtakið Permanent Education, stöðugt áframhaldandi þáttur menntunar og loks hugtak Efnahags- og framfarastofnunarinnar, O.E.C.D. Recurrent Education, menntun sem á sér stað aftur og aftur, símenntun hefur þetta hugtak Efnahags- og framfarastofnunarinnar O.E.C.D. verið kallað á íslensku. — Margt varð til þess að skapa þessi menntunarhugtök og verður fátt rakið hér. Eftirfarandi er augljóst: Ný tækni hafði bylt atvinnulífi margra landa og haft í för með sér umturnun félagslega og efnahagslega. Þróuðustu samfélögin voru að hverfa frá frumstigi iðnvæðingarinnar, industrialismans, til síðara stigs iðnvæðingar, sem stundum er kallað superindustrialismi, frá iðnaðarsamfélaginu til þjónustusamfélagsins eins og þessi umskipti hafa líka verið skilgreind. Við þessar umturnanir misstu tugir og jafnvel hundruð þúsunda atvinnu sína og það oft á tíðum atvinnu, sem menn höfðu búið sig undir með löngu bók- og verknámi. Hér þurfti að fara fram endurmenntun. Skapa þurfti hinum mikla fjölda ný tækifæri að búa sig undir önnur störf er buðust og það oft á tíðum störf sem áður þekktust ekki og hin nýja tækni hafði búið til beint eða óbeint. — Önnur meiri háttar breyting sem orðið hafði á 6. áratugnum frá 1950—1960 eða milli hinna tveggja ráðstefna var hin ótrúlega **þekkingarbylting** sem átt hafði sér stað, ef taka mætti svo furðulega til orða. Menn höfðu fyrir satt að á hálfri öld, frá aldamótum til 1950 hefði þekkingarforði mannkynsins tvöfaldast og þóttu firn mikil. En hvað sögðu menn þá um hitt er talið var sannleikanum samkvæmt að þekkingarforðinn hefði aftur tvöfaldast og það aðeins á 10 árum frá 1950—1960? — Sýnilegt þótti að svo væri sem skriðu hefði verið hleypt af stað og hér væri verið við upphaf nýrrar þróunar en ekki ris eða endalok. Áfram myndi þekkingarforðinn halda áfram að tvöfaldast og tíminn, sem það gerðist á, verða styttri og styttri. — Til allra þátta þekkingar og starfa myndi aukningin ná, og meira hefði aukningin þegar náð og þannig myndi þetta halda áfram. Af þessu leiddi einfaldlega að hver einasti maður yrði að ætla sér ákveðinn tíma á vissu árabili til að endurnýja þekkingarforða sinn svo að hann stæði raunverulega í stað að því er hæfni og kunnáttu snerti. Hér hlyti til að koma mikil og margþætt fullorðinsfræðsla, sem væri í nánum tengslum við atvinnulíf og efnahagsafkomu. — Þá var í þriðja lagi aukning frítímans og stytting vinnutímans í mörgum löndum mikil eggjun að auka möguleika manna til menntunar og gera þeim kleift að njóta annarra og fjölbreyttari menningarþátta en verið hafði.

Það sagði sig sjálft að áhrif Montreal-ráðstefnunnar á vegum Unesco árið 1960 urðu sýnu meiri heldur en Helsingör-ráðstefnunnar. — Að því stuðlaði ekki minnst að margir aðilar, stjórnvöld margra landa, frjáls félagasamtök svo og hagsmunasamtök margvísleg og þá ekki síst verkalýðshreyfingar og samtök vinnuveitenda, en þar komu fram tveir meginaðilar vinnumarkaðarins, létu fullorðinsfræðsluna til sín taka og það svo um munaði. Þá var hitt einnig til að glæða skilning á mikilvægi þessa þáttar að ríkjaheildir, er leituðust við að efla menningarlega og félagslega samstöðu, svo sem Evrópuráðið, fylgdu eftir ályktunum þeim sem gerðar höfðu verið á ráðstefnu Unesco svo og ábendingum ýmsum, er þar höfðu komið fram. — Urðu af öllu þessu mikil umbrot í menntamálum flestra landa og

þá ekki síst meðal vestrænna þjóða. Er það og mála sannast að eftir 1960 hefur fræðslukerfum flestra Vesturlanda verið breytt svo verulega að telja má til byltingar. Jafnframt hinu hefðbundna fræðslukerfi, the formal education, eins og þetta er kallað á enskri tungu eða formelle undervisning á máli frænda okkar á Norðurlöndum hefur verið tekin upp skipuleg fullorðinsfræðsla. Fullorðinsfræðslan hefur verið greint í þrennt. Í fyrsta lagi hefur verið um að ræða fullorðinsfræðslu, sem gerði mönnum mögulegt að ljúka ýmsum áföngum hins hefðbundna skólakerfis og fullorðnum sköpuð aðstaða til að stunda það nám, án þess að þurfa að þræða sömu braut og hinir ungu. Þá hefur í annan stað verið komið á fjölþættari fullorðinsfræðslu í formi endurmenntunar og áframhaldandi menntunar þeirra sem rækja ákveðin störf í þjóðfélaginu, en telja sér nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum og afla sér viðbótarþekkingar. Þessi annar þáttur fullorðinsfræðslunnar er einkum og sér í lagi tengdur atvinnulífinu og skipulagður og að ýmsu framkvæmdur af aðilum vinnumarkaðarins. — Í þriðja lagi hefur verið komið á fullorðinsfræðslu að sinna fyrst og fremst hinu félagslega og menningarlega. Þessi þáttur fullorðinsfræðslunnar er einkum ræktur af frjálsum félagasamtökum, en nýtur engu að síður stuðnings hins opinbera heldur en hinir tveir fyrri þættir sem greint var frá.

4. Ráðstefna í Tokíó árið 1972.

Hinn öri vöxtur fullorðinsfræðslunnar á 7. áratug aldarinnar frá 1960—1970 í nær öllum löndum heims og þá alveg sérstaklega á Vesturlöndum og í Ráðstjórnarríkjunum gerði það eðlilegt að enn væri efnt til ráðstefnu um þennan þátt á vegum Unesco. Sú ráðstefna var undirbúin með sérstöku móti. Sameinuðu þjóðirnar lýstu árið 1970 alþjóðlegt menntaár, International Education Year, og hvöttu til þess að taka menntamál veraldar til gagngerrar endurskoðunar. Jafnframt var því lýst yfir að haldin myndi ráðstefna um fullorðinsfræðslu í byrjun 8. áratugarins á vegum Unesco og aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna svo og Unesco beðnar að undirbúa ráðstefnuna með margvíslegum athugunum, skýrslugerðum og gagnasöfnun.

Vestur-Evrópuþjóðir hófu undirbúning þennan innan Evrópuráðsins og fólu því að hafa frumkvæði svo og að gera drög að framtíðarskipan í fræðslumálum á Vesturlöndum.

Hér var ekki látið sitja við orðin tóm. Fyrir ráðstefnu Unesco sem getið var í upphafi þessa máls og haldin var dagana 25. júlí til 7. ágúst í Tokíó hafði verið gengið frá þrem merkum rannsóknum er lágu fyrir frá þjóðum Vestur-Evrópu. Sú fyrsta leiddi til mikil rits er hefur að geyma 15 ritgerðir og kallast ritgerðasafnið: Permanent Education, ævimenntun. Hin önnur bar þann árangur að búið var út mikið vinnuskema er kallast Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu, Fundamentals for integrated educational policy. Og hin þriðja hefur skapað hið merkasta fræðirit Evrópsk fullorðinsfræðsla nú og í framtíðinni, To-day and tomorrow in european adult education.

En að það voru ekki evrópsku þjóðirnar einar sem um fullorðinsfræðsluna hugsuðu eða gerðu hana að sérstæðu menningarframlagi, um það bar ráðstefnan á síðasta sumri gleggst vitni. — Á þeirri ráðstefnu mættu 400 þátttakendur frá 82 löndum, en 37 alþjóðlegar stofnanir áttu þar áheyrnarfulltrúa. Yfirskrift hinnar þriðju ráðstefnu Unesco var: Fullorðinsfræðslan sem þáttur ævimenntunar, Adult Education in the Context of Life-long Education. — Allt bendir til að enn hafi verið brotið blað í menntamálum veraldar og við eigum eftir að kynnast árangri ráðstefnunnar í framkvæmdum og nýmyndunum fræðslumála á þessum nýbyrjaða áratug 20. aldarinnar.

Fullorðinsfræðsla — ævimenntun

Menntastefnur samtíðarinnar.

Útvarpserindi flutt í maí 1973.

I.

Góðir hlustendur.

Ég hyggst í tveim erindum ræða við ykkur um fræðslumál. Í fyrra erindi mínu mun ég leitast við að gera nokkur skil tveim hugtökum, sem mjög eru á dagskrá um þessar mundir erlendis, hugtökunum: **Fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun.** Í síðara erindi mínu mun ég aftur á móti gera tilraun til að kafa dýpra og reyna að kanna forsendur þessara hugtaka svo og þess mikla áhuga, sem nú er hvarvetna á fræðslu- og menntamálum. Í því erindi mun ég þess vegna fjalla um **menntastefnur samtíðarinnar.**

Að fyrra erindi mínu mun ég hafa nokkurn formála og sný mér að honum.

1. FORMÁLI

Það hefur vafalaust ekki farið fram hjá neinum að menntun og fræðsla hefur verið mjög á dagskrá á síðustu árum. Til marks um það hér á landi er gagnger endurskoðun fræðslulaga, sem nú síðast hefur leitt til samningar frumvarps um ný lög skyldunámsstigsins hin svokölluðu grunnskólalög ásamt með öðru frumvarpi að lögum um skólakerfi. Hið síðara lagafrumvarp er í þessu sambandi forvitnilegra. Er þar gert ráð fyrir þrem stigum menntunar, grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, þar undir sérskólar og loks háskólastigi. Öll mynda þessi stig, þegar lög þau sem um ræðir hafa verið samþykkt, eina heild og er í nágrannalöndum okkar valið sérstakt heiti, í Noregi t. d. førstegangsopplæring, í enskumælandi löndum formal education, en hugsanlegt væri að kalla á íslensku **frumfræðslu** og hefur reyndar þegar verið gert.

En það er harla ljóst að svo mikilvæg sem þessi frumfræðsla er og svo fyrirferðarmikil sem hún hlýtur að vera, þá fær hún á engan hátt leyst allan vanda fræðslu og menntunar í nútímaþjóðfélagi. Til þarf að koma annar þáttur sem gera verður skil og það í vaxandi mæli, enda þegar svo komið í nokkrum löndum, að hann fer að flestu leyti að vera jafnoki hins, þ. e. frumfræðslunnar bæði hvað snertir magn, fjármagnsþörf svo og skipulagningu og lagasetningu. Þessi annar þáttur menntunar og fræðslu hefur verið kallaður fullorðinsfræðsla, voksenopp læring á Norðurlöndum, adult education í enskumælandi löndum. — Sá þáttur er líka þrískiptur.

Fullorðinsfræðsla er í fyrsta lagi frumfræðsla, þ. e. grunnskólanám, framhaldsskólanám og háskólanám í nýjum búningi miðað við þroska þeirra og forsendur, sem um lengri eða skemmri tíma hafa tekið þátt í atvinnulífinu, en æskja af einhverjum ástæðum að auka við frumfræðslu sína. Þessi þáttur fullorðinsfræðslu verður af eðlilegum ástæðum í nánum tensglum við, ef ekki beinlínis ræktur af stofnunum frumfræðslunnar. En leggja ber á það ríka áherslu að þetta er aðeins einn af þrem þáttum fullorðinsfræðslu.

Annar þáttur fullorðinsfræðslunnar er menntun sem veitt skal þeim sem eru starfandi og þátt taka í atvinnulífinu og skal ná til allra þátta atvinnulífsins. Hér verður um að ræða námskeiðahald eða önnur þau fræðsluform sem tiltæk eru og hægt er að hagnýta, þar á meðal hljóðvarp og sjónvarp

að sjálfsögðu að viðhalda bæði starfsmenntun og bókmenntun vinnandi fólks svo viðkomandi verði ekki lakari starfskraftar en þeir voru í upphafi miðað við breyttar aðstæður og nýjar kröfur til kunnáttu og hæfni. Hluta þessa annars þáttar fullorðinsfræðslunnar kalla frændur okkar á Norðurlöndum etterutdanning, endurmenntun — fræðslu sem síðar er veitt. En í þessum öðrum þætti fullorðinsfræðslunnar er jafnframt um að ræða annan möguleika, er líka skal veitast atvinnulífinu og í nánum tensglum við það, en það er viðbótarfræðsla, möguleikinn að geta raunverulega aukið við menntun sína og orðið hæfari bæði hvað snertir starfsmenntun og bókmenntun en viðkomandi hafi nokkru sinni verið áður. Til þess að eiga verulegan hlut að þessari fræðslu eru kvaddir sjálfir aðilar vinnumarkaðarins, atvinnulífsins og það er hið nýja og óvenjulega í þessum þætti fullorðinsfræðslunnar. Sjálfir vinnustaðirnir, sjálf fyrirtækin geta orðið að fræðslu- og menntasetrum í nýrri merkingu þess orðs að sjálfsögðu. Við það hefur sjálft skólahugtakið orðið nýtt og hlutur menntunar orðið allur annar en fyrr. Sumir munu líta svo á að þessi annar þáttur fullorðinsfræðslunnar sé um margt sérstæðastur og merkilegastur.

En þriðji þáttur fullorðinsfræðslunnar er samt eftir. Það er sá þáttur, sem snertir félagslíf og menningarlíf og tengist hinum fjölmörgu félögum, félagasamböndum og heildarsamtökum frjálsra félaga sem vinna að hvers kyns félags- og menningarstarfsemi, hvort sem hún er kennd við ungmenni, kvenréttindi, íþróttir, stjórnmál, trúmál, annast söngstarfsemi, leikstarfsemi eða hvar þessi félög kunna að hafa haslað sér völl. Hér er um að ræða svo merkan þátt að eðlilegt er að gera sér þess fulla grein hvaða aðild honum má ætla í fræðslu, menntun og öllu því sem einu nafni má kalla menning. Það er mála sannast að margir hafa í hinum frjálsu félagasamtökum hlotið þá menntun og þann undirbúning undir lífið sem notadrýgstur hefur reynst og markað lífi þeirra stefnu og gefið því innihald.

Þetta er þá annar þáttur fræðslu og menntunar og virðist auðsætt að hann á fulla kröfu til að vera metinn til jafns við frumfræðsluna og ætti sú viðurkenning ekki að fella neinn skugga á þá fræðslu nema síður sé.

Til þess hins vegar að gera sér fulla grein fyrir fullorðinsfræðslunni og sérstöðu hennar verður að átta sig á tveim öðrum verkefnum er fullorðinsfræðslunni tengjast. — Annað er fólgið í nýjum menntastefnum og viðhorfum til menntunar og fræðslu almennt, en þar liggja rætur hins mikla áhuga á fullorðinsfræðslunni og menntun almennt. Mun því efni gerð skil sérstaklega. — Hitt er svo algjörlega frábrugðið menntakerfi því sem við nú þekkjum, svokölluð **ævimenntun** þar sem báðir þættirnir frumfræðsla og fullorðinsfræðsla hafa verið tengdir saman, eða felldir saman í æðri eining ef nota mætti svo fræðilegt eða svo díalektisk hugtak með fullri virðingu fyrir Friedrich Hegel, Karli Marx og Karli Barth svo nefnd séu í sömu andrá þrjú stórmenni, þrír risar díalektískra fræða og díalektískrar hugsunar.

Eftir þennan inngang mun ég þá snúa mér að hinum tveim hugtökum, er ég hef hugsað mér að skýra í þessu erindi: fullorðinsfræðslu og ævimenntun.

2. FULLORÐINSFRÆÐSLA

a) Skilgreining.

Ég geri fullorðinsfræðslunni fyrst skil og byrja á skilgreiningu. Í sambandi við þá skilgreiningu er af nógu að taka.

Menningar- og fræðslustofun Sameinuðu þjóðanna, Unesco, hefur sett fram eftirfarandi skilgreiningu, sem gengið var frá á þingi, námskeiði um samanburð fullorðinsfræðslu, sem haldið var í Exeter í Massachusett í Bandaríkjunum árið 1966. Hin svokallaða Exeter skilgreining er þá þannig:

„Fullorðinsfræðsla er fræðsluform, sem veitir fólki, er ekki lengur er þátttakendur í venjulegu skólanámi á þann hátt sem það er skipulagt, aðstöðu til að stunda áframhaldandi nám og taka þátt í skipulögðu námsstarfi í því augnamiði að geta fylgst með breytingum, sem orðið hafa og lúta að þekkingu, skilningi, hæfni, mati og afstöðu eða í þeim tilgangi að gera sér grein fyrir og leysa persónulegan eða félagslegan vanda.“

Frá nefnd á vegum Norðurlandaráðs, „Nordisk ekspertudvalg for forskning på voksenopplæringens område“, nefnd sérfræðinga er hafa skyldu á hendi rannsókn á sviði fullorðinsfræðslunnar, er þessi túlkun frá árinu 1969:

„Fullorðinsfræðsla er menntun sem veitt er fullorðnum. Sú fræðsla er látin í té eftir að viðkomandi hefur lokið ákveðnum hluta frumfræðslu. Þeir sem njóta fræðslu af þessu tagi hafa langoftast meiri eða minni kynni af atvinnulífinu og hafa hlotið menntun til ákveðinna starfa, ýmiss konar atvinnufræðslu.“

Frá árinu 1972 er svo þessi skilgreining frá Danmörku gerð nokkru fyrir þing Unesco um fullorðinsfræðslu á síðasta sumri, júlí—ágúst í Tokío:

„Fullorðinsfræðsla nær yfir allt það nám og alla þá menningarstarfsemi, sem fullorðnir taka þátt í, hvort sem um er að ræða frjálsa þátttöku eða ekki og hvort sem hún verður í vinnutíma eða utan hans, ef líta má á það nám eða menningarstarfsemi sem áframhald eða viðbót við þá undirstöðumenntun, sem viðkomandi hefur hlotið.“

b) Ástæður fullorðinsfræðslunnar.

Næst skal þá vikið að ástæðum þess að fullorðinsfræðsla er svo mjög á dagskrá.

Það er auðvitað ljóst að fullorðinsfræðsla er í sjálfu sér ekki ný af nálinni. Hitt er ljóst að hún hefur færst verulega í aukana og það er fyrst á síðustu áratugum að hún hefur komið fram í sviðsljósið með þeim hætti sem nú er orðið. Menn spyrja því hverjar ástæðurnar kunni að vera til þessa. — Ég hygg að flestir muni þar á einu máli að greina fjórar meginástæður til þess að fullorðinsfræðsla er orðin svo ríkur og vaxandi þáttur sem raun ber vitni um. — Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar spáði því í byrjun þessa áratugar, hins 8. áratugar aldarinnar að hann myndi verða með sérstöku móti áratugar fullorðinsfræðslunnar. Hinar fjórar ástæður eru:

Fyrsta ástæða: Sjálfsagt þykir að gefa því fólki, sem horfið hefur að störfum í þjóðfélaginu, tækifæri til að hefja nám er það síðar finnur hjá sér löngun eða þörf til að menntast á ákveðnu sviði, sem gerði það hlutgengt til starfa þar.

Önnur ástæða: Breytingar í atvinnulífinu gera það nauðsynlegt að fólk eigi kost á endurmenntun, annað hvort vegna þess að störf þau er það áður stundaði hafa breyst svo verulega að þau krefjist annars undirbúnings og annarar hæfni og þekkingar en áður — eða störfin eru ekki lengur fyrir hendi vegna þess að ný tækni eða sjálfvirkni hefur komið til og því er nauðsynlegt fyrir viðkomandi að leita á önnur mið, búa sig undir önnur störf, hljóta ummenntun.

Þriðja ástæða: Nútímaþjóðfélag gerir aðrar og meiri kröfur til þegna sinna og þá ekki síst lýðræðisþjóðfélögin, en skapa þarf þjóðfélagsþegnunum nýja meðvitund er geri þá að virkum þjóðfélagsþegnum, sem taka þátt í félagslegri baráttu, er gera sífellda þróun og stöðugar breytingar mögulegar.

Fjórða ástæða: Hinn aukni frítími, sem virðist á flestum stöðum vaxandi vandamál, hlýtur að hafa áhrif á menntunarmöguleika manna, að gefinn verði kostur á margvíslegri fræðslu sem til þess er ætluð að hjálpa einstaklingum og

hópum að njóta fristundanna, gera þær að sönnum ávinningi en ekki hefndargjöf eins og sumstaðar virðist vera, að menn fyndu ráð til að gera tómstundirnar að tíma sköpunar og lífsnautnar, en ekki tíma lífsleiða, sem kallaði fram þrá og þörf að drepa tímann.

c) Skipting fullorðinsfræðslunnar.

Áður hefur lítillega verið vikið að þessu atriði og þá gerð grein fyrir þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar: a) í fræðslu hliðstæða frumfræðslunni, b) í fræðslu úti í atvinnulífinu og c) fræðslu á vegum hinna frjálsu félagasamtaka.

Jóhann Hannesson, fyrrum skólameistari á Laugarvatni hefur í ágætu erindi gefið yfirlit sem er í meginatriðum hliðstætt þessu, en gæti verið rétt að skýra frá til samanburðar. Hann bendir á ferns konar nám, sem telja megi til fullorðinsfræðslu og lýsir þannig:

I. **Skólanám.** — Þar er um þrenns konar nám að ræða:
   a) Undirbúningur undir almenn heildarpróf skóla (landspróf, gagnfræðapróf, stúdentspróf, háskólapróf).
   b) Undirbúningur undir inntöku í sérskóla.
   c) Upprifjun námsefnis eins skólastigs til undirbúnings undir nám á næsta stigi eftir að hlé hefur orðið á námi.

II. **Atvinnunám.** — Þar er líka um þrískiptingu að ræða:
   a) Viðbótarnám til að auka hæfni í starfsgrein.
   b) Endurmenntun vegna tilkomu nýrrar þekkingar eða tækni og úreldingar fyrri kunnáttu.
   c) Ummenntun vegna atvinnuskipta.

III. **Tómstundanám.** — Enn þrískipting:
   a) Til menningar og fróðleiksauka.
   b) Til dægradvalar.
   c) Til heimilisþarfa — efnahagslegra og félagslegra.

IV. **„Borgaranám".** — Þar eru þættirnir tveir:
   a) Til undirbúnings undir virk afskipti í þjóðmálum.
   b) Til undirbúnings undir meðferð vandamála í nánasta umhverfi.

Í Noregi hefur í nokkur ár verið til svokallað **Fullorðinsfræðsluráð** skipað fulltrúum frá ýmsum aðilum atvinnu- og menningarlífs. Það hefur gefið út harla merkilega greinargerð sem nefnist **Verkaskiptingin í fullorðinsfræðslunni,** Arbeidsdelingen i voksenopplæringen. Rit þetta er röskar 90 blaðsíður og ég ætla ekki hér að reyna að gera grein fyrir innihaldi þess, en aðeins benda á tvenns konar heildarskiptingu sem þar er vikið að. Fyrri skiptingin lýtur að formi fullorðinsfræðslunnar. Samkvæmt skilgreiningu Fullorðinsfræðsluráðsins norska getur hún verið þessi:

Í fyrsta lagi: Fullorðinsfræðsla sem miðast við prófundirbúning og á að þessu leyti hliðstæður í hinu almenna og hefðbundna skólakerfi.

Í öðru lagi: Fullorðinsfræðsla sem hefur tengsl við atvinnulífið.

Í þriðja lagi: Fullorðinsfræðsla sem ekki stefnir að prófi eða sérstöku mati á því sem lært er eða fræðst um.

Hin síðari skipting miðast svo við þá aðila, sem ættu að hafa fullorðinsfræðsluna með höndum. — Að áliti norska Fullorðinsfræðsluráðsins ætti þar einnig að vera um þrískiptingu að ræða.

Í fyrsta lagi: Fræðslusambönd og félög svo og einkastofnanir.

Í öðru lagi: Aðilar atvinnulífsins, aðilar vinnumarkaðarins.

Í þriðja lagi: Opinberir aðilar: í Noregi — ríki, fylki og sveitarfélög.

d) Kostnaður við fullorðinsfræðslu.

Að síðustu skal svo lítillega drepið á fjárframlög til fullorðinsfræðslu í nágrannalöndunum. Ég hef undir höndum gögn er sýna þessi fjárframlög í Danmörku og Svíþjóð miðað við kennsluárið 1971/1972.

Í Danmörku er niðurstaðan þessi: Áætlaður heildarkostnaður fullorðinsfræðslunnar í Danmörku umrætt kennsluár er talinn hafa numið 570 millj. danskra króna. Þessi kostnaður er talinn 7% af opinberu framlagi til menntamála, en það framlag áætlað um 8 milljarða danskra króna þegar námsstyrkir eru taldir með. Námsstyrkir í sambandi við fullorðinsfræðslu eru um 80 milljónir króna. — Þá segir í þessari áætlun að einstök félög og aðilar vinnumarkaðarins muni hafa lagt af mörkum til fullorðinsfræðslu ca. 100 milljónir danskra króna. — Væri um hlutfallslega sömu framlög að ræða á Íslandi, þá ættu framlög opinberra aðila að nema næstum 300 milljónum króna, en framlög félaga og aðila atvinnulífsins að vera milli 50—60 milljónir. — Á fjárlögum okkar fyrir árið 1973 eru ætlaðir 4 milljarðar 20 milljónir og 23 þúsund krónur til menntamála, 7% þeirrar upphæðar yrði röskar 280 milljónir sem væri næsta hliðstæð upphæð.

Fyrir kennsluárið 1971/1972 fullyrðir menntamálaráðherra Svíþjóðar Sven Moberg að framlög sænska ríkisins til fullorðinsfræðslu myndu nema einum milljarð sænskra króna, sem er verulega hærri upphæð en Danir áætluðu að ráðstafað yrði til fullorðinsfræðslu. — Það myndi samsvara því að íslenska ríkið legði fram um 500 milljónir íslenskra króna eða ca. 12% þeirrar upphæðar sem ætluð er til menntamála á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár.

2) ÆVIMENNTUN

a) Skilgreining.

Ég sný þá máli mínu að síðara meginhugtaki þessa erindis: ævimenntun.

Fyrst kemur þá skilgreining á því sérstæða hugtaki, sem felur í sér tvo meginþætti: **frumfræðslu** og **fullorðinsfræðslu.** Ekki væri óeðlilegt að hefja kynningu á hinu nýja kerfi með því að athuga lítillega þau hugtök, sem um það hafa verið notuð erlendis og þá samsvarandi eða hliðstæð orð og hugtök íslensk. Það vill svo einkennilega til að þrjár merkar stofnanir hafa komið á framfæri hver sínu hugtaki:

Fyrst skal getið um það heiti, sem Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco hefur valið hinu nýja menntakerfi. Það er á ensku hugtakið **Life-long education,** sem frændur okkar Danir hafa þýtt með: Livslang uddannelse/udvikling — þeir þýða enska orðið education með tveim hugtökum: menntun — þroski/þróun að fram komi ólík blæbrigði. Heiti Unescos er eðlilegast að þýða á íslensku með **ævimenntun.**

Efnahags og framfarastofnunin, O.E.C.D. hefur valið þessu menntakerfi framtíðarinnar hugtakið Recurrent Education, þ. e. a. s. menntun sem fram fer aftur og aftur og hefur þetta hugtak verið réttilega þýtt á íslensku með orðinu **símenntun** og hefur mátt sjá það skjóta upp kollinum í frásögnum blaða og tímarita.

Loks hefur svo Evrópuráðið kynnt hið nýja menntakerfi sem **Permanent** Education, hin stöðuga, varanlega menntun, það er að segja menntun sem stöðugt **þarf endurnýjunar og tekur á sig nýjar og breyttar myndir, er stöðug í breytileika** sínum og fjölbreytni og verður þannig að stöðugum, varanlegum þætti í menningu samtíðarinnar.

b) Ástæður.

Svo vikið sé næst að ástæðum sem taldar eru gera nauðsynlegt að koma á hinu nýja fræðslukerfi með þáttunum tveim, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu, þá mætti endurtaka margt af því sem áður hefur verið sagt. Það mun ekki gert heldur tveim nýjum ástæðum bætt við.

Annað er hin sérstæða breyting sem menn telja sig hafa orðið vara við á þjóðlagsforminu á Vesturlöndum. Sumir hafa fyrir satt að greina megi í sögu Vesturlanda til þessa þrjú þjóðfélags eða samfélagsform, en hið fjórða búi þegar í vitund okkar sem framtíðardraumar. Hin þrjú þjóðfélagsform, sem þegar hafa birst eru: Fyrst: **Sigurvinningasamfélagið,** þegar nær allt var talið undir því komið fyrir hinar einstöku þjóðir Vesturlanda að ná ítökum og áhrifum, helst um heim allan, vinna sem flesta sigra í orustum og sanna þannig yfirburði sína. — Þetta samfélag var síðan leyst af hólmi af **orkusamfélaginu,** kílóvatta-samfélaginu eins og sumir kalla það, en áhrifa þess og viðhorfa hefur á síðustu áratugum gætt meir og meir. — Nú er þetta orkusamfélag aftur á móti að missa að nokkru ljóma sinn eða kannski væri réttara að segja er búið að sannfæra mennina um það hvaða orkulindir eru fyrir hendi hið ytra í náttúrunni og hvaða aðferðum er hægt að beita til að beisla þær og hagnýta. — Því er nú svo komið að þriðja þjóðfélagsformið er í uppsiglingu og henni hraðri og fyrirferðarmikilli, það er **þekkingarsamfélagið.** Mennt er máttur, segir íslenskt máltæki. Það er ljóst að það er annars konar orka, sem nú á að virkja heldur en sú sem orkusamfélagið beindi athyglinni að. Það er hæfni mannsins sjálfs og hæfileikar sem nú skulu leystir úr læðingi. Í hæfni sinni og hæfileikum býr maðurinn yfir óvenjulegri orku, sem hægt er að virkja til þess að gera líf einstaklinganna og heildanna auðugra og svipmeira. Nýr áfangi á þróunarbraut er hafinn og enginn fær séð fyrir hvert hann skilar mannkyninu, en hitt má telja víst að hann gefur mikil fyrirheit. — Það er svo draumur framtíðarinnar, er sagt að **þekkingarsamfélagið** Cogno Society umbreytist eða þróist yfir í **menningarsamfélag,** þar sem hver maður fær að jöfnu tækifæri til að njóta og skapa.

Hitt atriðið sem ég vil hér draga fram er staðreynd hinnar svokölluðu **þekkingarbyltingar.** Staðreynd hennar skýrist best með eftirfarandi athugunum: Menn höfðu fyrir satt að á hálfri öld, frá aldamótunum 1900 til 1950 hefði þekkingarforði mannkynsins tvöfaldast og þóttu firn mikil. En hvað gátu menn þá sagt, þegar talið var sannleikanum samkvæmt að þekkingarforðinn hefði aftur tvöfaldast og það aðeins á tíu árum, frá 1950—60. — Sýnilegt þótti að svo væri sem skriðu hefði verið hleypt af stað og hér væri verið við upphaf nýrrar þróunar, en ekki ris eða endalok. Áfram myndi þekkingarforðinn halda áfram að tvöfaldast og tíminn, sem það gerðist á, verða styttri og styttri. Til allra þátta þekkingar og starfa myndi aukningin ná, og meira hefði aukningin náð og þannig myndi þetta halda áfram.

c) Þróunarferill ævimenntunarhugtaksins til þessa dags.

Segja má að ævimenntunarhugtakið komi verulega í sviðsljósið á þingi, sem Unesco hélt um fullorðinsfræðslu í Montreal í Kanada árið 1960, en það var annar alþjóðafundurinn um þau mál á vegum stofnunarinnar, hinn fyrsti var haldinn í Helsingör árið 1949. Yfirskrift eða tema ráðstefnunnar í Montreal var: „Fullorðinsfræðsla í breytilegum heimi." — Í ályktun þingsins segir svo: „Fullorðinsfræðsla er þáttur menntunar sem varir ævina alla. Stjórnvöld allra landa verða að viðurkenna hana og líta á hana sem eðlilegan og fullkomnlega nauðsynlegan þátt í heildarfræðsluskipan sem þannig verður önnur og fullkomnari."

Ég held að athyglisvert fyrir okkur hér og nú væri að gera okkur stuttlega grein fyrir hlut Evrópuráðsins að ævimenntun, en ráðið hefur sérstaklega látið fjalla um þetta atriði með það fyrir augum að stuðla að framgangi þess sameigin-

legum hjá hinum 17 ríkjum, sem aðild eiga að ráðinu. — Evrópuráðið var stofnað af 10 ríkjum 5. maí 1949.

Þeir aðilar sem unnið hafa að framgangi ævimenntunar á vegum Evrópuráðsins, í þeirri stofnun þess sem kölluð er ráð eða nefnd menningarsamvinnu, The Council for Cultural Co-operation, en hún var sett á laggirnar í ársbyrjun 1962 — telja að greina beri milli tveggja tímaskeiða, eða tveggja þátta að því er ævimenntunina snertir. Fyrra skeiðið kalla þeir: **Hugtakaskeiðið** og telja að staðið hafi frá 1966—1971, en árið 1966 hóf nefnd menningarsamvinnunnar afskipti af málinu. Merkasti áfangi þessa skeiðs gerðist árið 1970 á hinu svonefnda alþjóðlega menntaári, International Education Year, eins og Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir að það ár yrði kallað. Á því ári var unnið að samningu og útgáfu 15 ritgerða um ævimenntun á vegum Evrópuráðsins. — Árið 1971 kom út annað merkilegt plagg í þessu sambandi: „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu", en á það plagg má líta sem einskonar stefnuskrá og stefnuyfirlýsingu.

Á síðasta ári, 1972, hófst svo annað skeið ævimenntunarinnar, **framkvæmdaskeiðið** eins og það er kallað, en gerðar hafa verið áætlanir um hvernig að framgangi málsins skuli staðið til ársins 1978. Hefur verið skipuð **stjórnarnefnd**, Steering Group til að hafa forgöngu, svo og ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri í þessu skyni, en það er annar af aðalhöfundum plaggsins, sem áður var getið um.

Ég mun ljúka erindi mínu með því að greina frá nokkrum þáttum í ritinu „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu" Fundamentals for an integrated educational policy.

Í formála ritsins eru settar fram fimm kröfur sem gera þarf til fræðslukerfis ævinmenntunar. Þær eru þessar:

Nauðsynlegt er að fræðslukerfið sé næsta sveigjanlegt og geti tekið breytingum.

Tryggja ber á öllum stigum menntunar, að sú menntun sem veitt er sé í senn: almenn, starfræn, menningarleg, félagsleg og taki tillit til borgaralegra skyldna og réttinda.

Menntakerfið verður að byggjast á stöðugri handleiðslu, ekki þeirri afstöðu að vilja losna við nemendur.

Örva þarf í námi sköpunarhæfni, viðbragðsflýti og gagnrýnishneigð.

Sjálfsnám þarf að glæða og gera öllum ljóst hvert gildi það getur haft.

Fyrsti kafli ritsins fjallar um fjögur meginatriði, þessi: 1) Þarfir einstaklingsins (öryggi, tjáning og samstaða). 2) Þarfir hópsins (vöxtur, samheldni, skipulag). 3) Árekstrar og loks 4) Samfélagið og menntakerfið.

Annar kafli ritsins tekur þrennt fyrir: 1) Hvernig á að tryggja að hver einstaklingur geti sjálfur skipulagt og stuðlað að framförum sínum og menntun? 2) Hvernig má hjálpa fólki í hinum snöggu umskiptum í atvinnulífinu? 3) Hvernig má virkja sköpunarhæfni hvers og eins og tryggja að persónuleikinn fái þroskast og mótast?

Þriðji og **fjórði þáttur** lýsa svo hinu nýja kerfi í meginatriðum. En þar skal hér einungis bent á tvennt:

Annars vegar hugmyndina um algerlega nýja skólagerð, hina samræmdu eða alhliða menningarmiðstöð, sem veiti sérhverjum þá menntun og þá handleiðslu, sem hann eða hún óskar eftir.

Hins vegar vandann hvernig hugsanlegt væri að menn öðluðust rétt til áframhaldandi menntunar í þessu nýja kerfi. — Hafa menn þá hugsað sér að tengja mætti hið nýja skólakerfi hinu almenna tryggingakerfi landanna, en réttur til menntunar ætti að verulegu leyti að miðast við vinnudaga. Mætti hugsa sér að

fyrir hvern unninn dag öðlaðist viðkomandi rétt til einnar kennslustundar, sem hann fengi að fullu greidda bæði námskostnað og eins bætt vinnutap meðan nám væri þreytt.

Ég hef lokið fyrra erindi mínu og fjallað stuttlega um hugtökin tvö **fullorðinsfræðslu og ævimenntun.**

Fullorðinsfræðsla — ævimenntun

Menntastefnur samtíðarinnar.

Útvarpserindi flutt í maí 1973.

II.

Góðir hlustendur.

Ég fjallaði í fyrra erindi mínu um hugtökin tvö: **fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun.** — Í þessu síðara erindi ætla ég að kanna forsendur þessara tveggja hugtaka og þeirra fyrirbæra, sem þau vísa til og túlka.

1. FORMÁLI

Það fer ekki á milli mála að hin mikla kvika, sem orðið hefur vart í mennta- og fræðslumálum á síðustu árum á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til nýrra viðhorfa, nýrra menntastefna sem grundvallast hafa á ákveðnum heimspekikenningum eða lífsskoðunum, hvort hugtakið sem menn vilja nú heldur nota. — Þessar nýju stefnur hafa tvennt í för með sér og ber að gera sér grein fyrir hvoru tveggja. **Annars vegar** hafa hin nýju viðhorf valdið eins konar uppgjöri, átökum væri kannski mildara orð við eldri og ríkjandi menntastefnur. **Hins vegar** hafa svo hin nýju viðhorf stækkað sjóndeildarhringinn almennt og orðið til þess að menn hafa séð samfélagið, menntun og menningu í nýju ljósi.

Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að þeim átökum milli hinna eldri og yngri viðhorfa, eldri og yngri menntastefna, sem ég gat um áðan. Að vísu má fara varlega með hugtökin eldri og yngri, því oft fer það svo þegar dýpra er skoðað að fullyrðing Prédikarans reynist rétt „að ekkert er nýtt undir sólinni.“ Nýtt verður viðhorf oft við það eitt að sviðsljósinu er sérstaklega á það brugðið eða það eignast sérstakan hljómgrunn við ákveðnar aðstæður eða á ákveðnum tíma.

Að mínu viti eru merkustu og athyglisverðustu átök í menntastefnum á okkar dögum tengd þeirri fornu menntastefnu, sem kennd er við úrval, **elite annars vegar** og hinni nýju eða nýrri menntastefnu sem kennd er við jafnrétti, jafnan rétt, **egalité hins vegar.** Hvað felst þá í þessum tveim meginviðhorfum ,eða aðalmenntastefnum? — Stefna sú, sem kennd er við úrval, **elite-stefnan** eins og hún er nefnd grundvallast á þeirri sannfæringu að tilgangur menntunar og fræðslu sé að finna þá sem menntunar séu verðir umfram aðra, finna úrvalið, þá sem yfir hæfileikunum og gáfunum búa. Þeim skulu allar gáttir opnaðar til æðstu mennta og síðan samsvarandi metorða, en öðrum lokaðar er sýnt hafi að minna megi af þeim vænta og lítill ávinningur sjálfum þeim eða samfélaginu að eyða tíma og fjármunum þeirra vegna. Við þessa menntastefnu hlýtur að skapast skil í samfélaginu milli úrvalsins sem talið er því betra sem það er fámennara og annarra, lýðsins sem kannski ekki er lengur talinn bölvaður, en af öðru sauðahúsi, enda líka beinlínis að þeim skilum stefnt og þau talin öllum, líka þeim sem dæmdir eru úr leik, sannur ávinningur. — Forsvarsmenn hinnar menntastefnunnar, þeirrar sem kennd er við jafnan rétt, **egalité-stefnan,** jafnréttisstefnan líta öðru vísi á. Þeir telja alla heilbrigða menn búa yfir meiri hæfileikum en nokkurn tíma sé hugsanlegt að leysa úr læðingi. Vegna þessa

eigi allir heilbrigðir menn að eiga jafnan rétt á því að hæfileikar þeirra séu viðurkenndir og virkjaðir. Þá muni hitt líklega í annan stað vera réttara að tala um mismunandi hæfileika manna heldur en fullyrða að sumir séu hæfileikum gæddir en aðrir ekki, þótt ekki skuli þar með neitað að við ákveðnar aðstæður eða ákveðin verkefni nýtast hæfileikar eins betur en annars. Hitt skuli samt haft ríkt í huga að enginn veit fyrir hverjar breytingar og hver umskipti geta orðið og þá geti líka skipt um ágæti hinna mismunandi hæfileika. Þá megi heldur ekki gleyma því, en hafa ríkt í huga að menntun og fræðsla skal ekki stefna að því að skapa skil í samfélögum manna, heldur þvert á móti leitast við að koma í veg fyrir að skil skapist. Menntun og fræðsla á að gera sameiginlegan hugmyndaforða sem mestan og sem flesta þætti menningar að sameign allra. Því betur sem það hlutverk menntunar hefur verið rækt því betur hefur til tekist. Sé um keppni að ræða ætti hún að felast í því að sem mest geti komist til skila af hæfileikum og þeir nýst sem best, en ekki í hinu að útiloka aðra frá því að njóta sín á þeim sviðum er þeir geta orðið sjálfum sér og samfélaginu að mestum notum og orðið heilsteyptir menn og gæfumenn.

Sem beint framhald af þessum átökum **élíte-stefnunnar** og **egalité-stefnunnar** er snerta úrval og jafnan rétt eru önnur átök á sviði menntamála. Átökin snúast um tvenns konar gáfur, **lærdómsgáfur** sem hægt er að mæla með **gáfnaprófum annars** vegar og **skapandi gáfur**, sem erfiðara er að mæla á þennan hátt hins vegar. Þessi átök hófust að verulegu ráði á 6. tug aldarinnar á Vesturlöndum. Á þeim áratug virtist Vesturlandabúum sem þeir væru að bíða lægri hlut í keppni þeirri sem fram fór um forystu á sviði vísinda og tækni í veröldinni og væru Sovétmenn að því komnir að taka forystuna. Af þessu dapurlega hugboði leiddi meðal annars endurskoðun á menntun og fræðslu og var þá sviðsljósinu ekki síst beint að þeim forsendum sem gefnar væru fyrir að velja ákveðinn hóp manna til menntunar umfram aðra. Við þær umræður og athuganir sem fram fóru þóttust margir komast að því að til myndi vera tvenns konar hugar- og vitsmunastarfsemi eða tvær aðalforsendur hugsunar að leita lausnar á verkefnum og vanda. — Margir fylgdu þar fordæmi bandarískra sálfræðingsins J. P. Guilfords og töluðu um tvær gerðir hugsunar. Önnur gerð hugsunarinnar væri fólgin í því að geta fellt saman, tengt saman eða raðað þekkingaratriðum eftir ákveðnum forskriftum og á ákveðinn, kerfisbundinn hátt sem auðvelt væri að meta. Sú hugsun var því kölluð „samhverf hugsun," konvergent tænkning á Norðurlandamálum, en convergent thinking á enskri tungu. Hin gerðin væri með allt öðrum hætti og var sú gerð kölluð „fráhverf hugsun," divergent tænkning á Norðurlandamálum en divergent thinking á ensku. Til voru samt þeir sem vildu kalla þessa gerð „hliðar hugsun", lateral tænkning eða lateral thinking. Báðar nafngiftirnar skýra að nokkru hvað við er átt. Þessi gerð hugsunar leitar ekki lausnar eftir ákveðnum forskriftum á kerfisbundinn hátt að hægt sé að segja fyrir um hver lausnin muni verða eða á hvern veg hún muni verða fundin. Bæði leitin að lausninni og lausnin sjálf mun koma á óvart og hvort tveggja verða óvænt og jafnvel sýnast framandi, jafnvel fráleitt í upphafi, en sé betur að gætt verður annað upp á teningnum. Hin „fráhverfa hugsun" hefur brotið nýja braut, skapað nýja þekkingu í ýmsum tilfellum og veitt nýtt hugboð í öðrum. — Af því sem nú hefur verið sagt kemur naumast á óvart að þegar frá leið var farið að kalla aðra gerð hugsunarinnar **lærdómshugsun**, en hina **skapandi hugsun** og kenna þær við tvenns konar afbrigði gáfna, lærdómsgáfur og skapandi gáfur. — Aðrir hafa gengið enn lengra í þessum efnum og talað beinlínis um mun **greindar** og **sköpunarhæfni**, greindin er fólgin í gáfum sem hægt er að meta í hefðbundnum skólalærdómi, sköpunarhæfni er fólgin í gáfum, sem ekki verða metnar á þann hátt, en sanna sig í árangri á mörgum sviðum, þótt oft falli utan hins hefðbundna skólalærdóms. — Hafa eftirfarandi fjórar fullyrðingar verið settar fram og reyndar taldar niðurstaða viðamikillar könnunar: **Í fyrsta lagi** er náið samband á milli greindarmælinga og skólaárangurs. **Í öðru lagi** er lítið samband á milli greindarmælinga og árangurs á þeim sviðum (lífsins), sem ekki lúta að skólanámi. **Í þriðja**

lagi er lítið samband milli árangurs í hefðbundnu námi og árangurs á öðrum sviðum. Í fjórða lagi er náið samband milli árangurs á öðrum sviðum og sköpunarhæfni að því leyti sem reynst hefur mögulegt að dæma slíka hæfni og meta. — Áður en ég skil við þetta efni um þau átök sem orðið hafa milli menntastefna eða gamalla og nýrra viðhorfa í menntamálum varðandi lærdómsgáfur og skapandi gáfur tel ég rétt að geta mjög sérstæðrar tilraunar sem gerð var af tveim fræðimönnum, L. Jacobson og Robert Rosenthal til að renna stoðum undir það hugboð þeirra og reyndar fleiri að fyrirfram skoðun og álit kennara og reyndar nemenda líka hefði áhrif á árangur þeirra á prófum og námsárangur yfirleitt. Rosenthal og Jacobson höfðu sagt kennurum að nokkrir nemendur sem þau tiltóku „myndu ná sérstökum árangri og auka verulega við sig á næsta ári.“ Töldu kennarar þessa fullyrðingu byggða á fræðilegu mati, en Rosenthal og Jacobsen höfðu valið nemendurna af handahófi og ekkert tillit tekið til neinna greindarmælinga eldri eða yngri. Átta mánuðum síðar var árangur hinna umræddu nemenda metinn og kom í ljós að spárnar höfðu í verulegum atriðum staðist. — Þess sem kennurunum hafði verið sagt að vænta af nemendunum það kom fram. — Andhverfa hins kunna dóms Stephans G. Stephanssonar birtist: **„Falin er í illspá hverri / ósk um hrakför sýnu verri“**, eins felst í spám og eftirvæntingu um árangur og afrek ósk sem hefur sín áhrif í þá átt að óskin rætist.

2. MENNTASTEFNUR

Næst skal þá vikið að menntastefnum sem hægt er að líta á, eins og áður er sagt, sem hinar eiginlegu forsendur þeirra átaka sem vikið hefur verið að svo og því að menntun og fræðsla hefur verið skoðuð í nýju ljósi og nýtt mat fengist á tilgangi og markmiði.

Ég veit ekki hvort allir kunna að vera mér sammála, en ég tel að menntastefnum samtíðarinnar megi skipa í fjóra aðalflokka og miða þá skiptingu að nokkru við það á hverju mest áhersla hvílir í framsetningu og túlkun. Hinir fjórir aðalflokkar verða þá:

Í fyrsta flokki eru menntastefnur sem leggja mesta áherslu á **eðli** eða náttúru, og verða þannig að náttúrustefnum í einu eða öðru formi. Þær kunna að leggja megináherslu á hið árangursríka, hið **pragmatiska**, eða hið **rómantíska**. En sameiginlegt þessum stefnum er það samt, að það eitt er **satt** og hefur **gildi** sem sýnir að það á samsvörun í eðli mannsins, sem er í senn einstætt og algilt (universalt).

Í öðrum flokki eru menntastefnur, sem ekki nægir eðli eða náttúra, heldur beina athygli að **hinu innsta eðli, kjarna** eða því sem mestu skiptir að gera sér fyllstu grein fyrir. Þær verða því að stefnum hins varanlega, hins innsta eðlis, hins essentiala og eru stundum einu nafni við það kenndar, stefnur essentialisma. Þær geta birst í mörgum blæbrigðum allt eftir því hvort hið innsta eðli er talið **hugrænt og hugsjónalegt**, idealistikt en hugur og hugsjón æðstur veruleiki, eða áherslan hvílir á **hinu raunsæja**, hinu realistiska og hlutrænn veruleiki álitinn traustastur og óbrotgjarnastur. Líka getur þessi flokkur menntastefna rúmað þau afbrigðin sem telja **vitið sjálft** hið innsta eðli tilverunnar og hljóta túlkan í hinni sígildu heimspeki, Philosophia Perennis. Þessi afbrigði eru ekki fá, en þau tvö kunnust sem leggja áherslu á **vitræna mannúðarstefnu** annars vegar, en **skólaspeki kaþólskra** hins vegar.

Í þriðja flokknum eru svo menntastefnur er leggja vilja ríkasta áherslu á að allt beri að skoða í ljósi heildar. Á hvaða stigi sem menntun og fræðsla er veitt þá er hún tvennt í senn: Hún er hluti heildarsýnar, heildarskipulags, heildarmyndar annars vegar. Hún býr hins vegar yfir þætti sem stefnir til annarar og fullkomnari heildar eða myndar. Þessar stefnur verða því það sem kallað er **strukturalistiskar stefnur**, þar sem þær leggja svo ríka áherslu á mótið, formið, heildina, strukturinn. En eftir því hvort áherslan hvílir á sjálfri heildinni eða hinu að ný mynd býr

að baki eru blæbrigðin kennd við **organisma**, hina lífrænu heild eða **endurskipan**, rekonstruktion.

Þá er að mínu áliti aðeins einn flokkur menntastefna eftir. Er þar um að ræða þær menntastefnur, sumir myndu að vísu aðeins hafa orðið menntastefna í eintölu, sem telja að mikilvægast sé að gera mönnum grein fyrir sérstöðu mannlegs veruleika, en á þeim grunni einum sé hægt að byggja allar hugmyndir um menntun og fræðslu. Sérstaða mannlegs veruleika er að áliti formælenda þessara menntastefna í því fólginn að maðurinn er ekki fæddur með neitt innsta eðli eða kjarna, essense. Slíkt innsta eðli, slíkan kjarna getur hann hins vegar öðlast í lífi **sínu og í því að vera til, eksistera á ábyrgan og sjálfstæðan hátt**, með fullri vitund um möguleika sína og takmarkanir. Í samræmi við þessar hugmyndir eru þær menntastefnur sem hér um ræðir kenndar við eksistens, eða „það að vera á mennska vísu“ eins og formælendurnir myndu telja að í því hugtaki fælist.

3. TVEIR HEILDARFLOKKAR

a) Inngangur.

Eftir þennan almenna inngang um menntastefnur samtíðarinnar hyggst ég vekja sérstaka athygli á tveim þeirra fjögurra flokka, sem ég hef getið um, það **er á öðrum og fjórða heildarflokknum sem ég gat um**, en svo sem fram hefur komið var sá annar kenndur við **essentialisma**, hið innsta eðli, eða kjarna og hinn fjórði kenndur við **eksistentialisma**, mennskan veruleik sem ekki býr yfir innsta **eðli frá fæðingu heldur öðlast það í lífi og baráttu**. Það má því segja að með þessu vali sé enn vikið að augljósum andstæðum, þótt sú hafi reyndar ekki verið veigamesta ástæðan til að þessir aðalflokkar urðu fyrir valinu. Hitt er mér ekki minna atriði að menntastefnur fyrri aðalflokksins hafa áköfustu túlkendur sína og talsmenn meðal þeirra sem stærstan hlut ætla fræðurum og uppalendum, en menntastefnur hins síðari eiga mestu fylgi að fagna meðal þeirra sem nema vilja burtu **skilin milli kennara og nemenda og líta á alla sem jafna þátttakendur í vandasamasta verkefni tilverunnar**, að gera úr manneskjunni það sem hægt er úr henni að gera að „hún verði ekki hið eina alls lifandi sem neitar að vera það sem hún er eða henni ber“, eins og franski rithöfundurinn Albert Camus óttaðist.

b) Heildarstefnur essentialisma.

Við skulum þá fyrst líta á framlag þess flokks menntastefna sem kenna má við essentialisma, til hinna nýju viðhorfa til menntunar og fræðslu, sem áður hefur verið gefið til kynna. Eins og áður segir má greina á milli menntastefna þessa flokks eftir því hvort meginhersla er lögð á hið hugræna og hugsjónalega, **idealismi** er þetta afbrigði kallað, eða hið raunsæja og hlutlæga, en þá er um **realisma** að **ræða. Loks er svo hlutur hins þriðja afbrigðis, Philosophia Perennis, þeirrar visku** sem er ein og eilíf, þótt búningur hennar beri merki staðar og tíma. Leiða ber hugann stuttlega að framlagi hvers afbrigðis fyrir sig:

Idealisminn hefur á síðustu árum lagt á það hina ríkustu áherslu að því aðeins geti maðurinn öðlast vitneskju um sjálfan sig og tilveru sína að honum takist að **brúa bilið milli hins innra og hins ytra. Ekki er nóg að þekkja ytra borð** tilverunnar. Úr því verður engin heimsmynd. Í menntun og fræðslu á maðurinn möguleika að eignast veröld sem er hans, hugræn, vitræn og siðræn. En til þess að svo megi verða þarf það tvennt að ljúkast upp vitund manns og skynjun sem **mikilvægast er, en það er annars vegar ímynd og vera sannleikans, hins vegar ímynd og vera góðleikans.** — Lærdómur sem þessa leitar verður vísdómur ekki vonarsnauð viska.

Realisminn hefur á síðustu árum orðið æði fyrirferðamikil fræðslustefna. Veruleikatúlkun hans hefur þar miklu valdið, en lagt er mest upp úr að kynnast og meta hinn hlutræna veruleika, sem óháður sé hugrænum fyrirbærum. — Þekking á hlutrænum veruleika felur í senn í sér örvun og laun, stimulus and response. Það er manninum nauðsyn að beygja sig undir lögmál efnisheimsins, því einungis á þann hátt getur maðurinn hlotið arð erfiðis síns í sýnilegum og áþreifanlegum árangri. — Sams konar undirgefni hlýtur maðurinn og að sýna andspænis félagslegri og menningarlegri hefð (tradition), því einungis á þann veg getur maðurinn fundið lífi sínu gildi og merkingu. — Og samvisku sína finnur maðurinn einnig í undirgefni við valdboð sem í senn byggist á lögum náttúrunnar og lögmálum félagsheildarinnar. — Þannig grundvallast hin þrjú svið mannlegrar tilveru á menntun og fræðslu, þekkingu þess sem var, er og verður.

Philosophia Perennis — hefur eins og áður er greint frá einkum birst á síðari árum í tveim afbrigðum, vitrænni mannúðarstefnu, vitrænum humanisma rational humanisme og skólaspeki kaþólskra. — Framlag hinnar vitrænu mannúðarstefnu hefur verið það helst á síðustu árum að sýna fram á hversu vit mannsins og skynsemi getur greint á milli hinna tveggja þátta veruleikans, þess þáttar sem er grundvallandi, essential, kjarni og innsta eðli, og hins sem er háður atvikum og aðstæðum, er accidental. Hið grundvallandi er alltaf eitt og samt, uniformt; það sem aðstæðum og atvikum er háð getur hins vegar verið breytilegt, variabelt. Þannig getur vit og skynsemi gert sér fulla grein fyrir því hvað breyst getur og breytast hlýtur í tilveru manna svo og hinu sem ekki verður breytt og ekki má breyta. Einmitt í slíkri skynsemisrækt finnur maðurinn yfirburði menntunar og þekkingar svo og áttar sig á hvar frelsi hans er fólgið. En hvort tveggja er hið mikilvægasta. — Framlag skólaspeki kaþólskra er ekki einskorðað við rómversk kaþólska, heldur nær langt út fyrir raðir bæði kristinna og svokallaðra trúaðra manna, sé hægt að nota það hugtak til aðgreiningar svo að nokkurt vit sé í. — Skólaspekin hefur í nýjum búningi í samtíðinni lagt ríka áherslu á hina tvenns konar skipan eða tvenns konar lögmál tilverunnar. Þar er annars vegar um að ræða lögmál og skipan hinnar ytri náttúru, hins vegar er um að ræða skipan og lögmál hins yfirskilvitlega, hins yfirnáttúrulega eða hins innra veruleika, ef menn kjósa heldur að komast þannig að orði. — Allt nýtt og óvænt sem vart verður í skipan náttúrunnar og fyrirbærum hins ytra verður aðeins greint og skynjað vegna þess að til er annar óbreytanlegur veruleiki til viðmiðunar, hið eilífa, yfirnáttúrulega. — Í menntun og fræðslu ber að leggja sérstaka áherslu á frelsið og sérstöðu þess í mennskri tilveru. Þess ber þá sérstaklega að gæta að frelsið er tvenns konar. Annars vegar er til einstaklingsbundið frelsi, sem er algerlega háð vilja þess sem frelsið hefur. Það er frelsi til að velja og hafna því sem fram er boðið. En þetta er einfaldasta og frumstæðasta form frelsisins. Til er annað og stórbrotnara, en um leið vandasamara form. Það er hið félagslega frelsi og felur í sér félagsleg forréttindi í samræmi við þann þroska, sem sýndur hefur verið í því að meta og virða félagslegan vísdóm aldanna. Að hinu síðara frelsi stefnir menntun og fræðsla fyrst og fremst, en til þess að öðlast möguleika hins síðara verður nemandinn að hafa hagnýtt hið fyrra á skynsamlegan og ábyrgan hátt.

c) Heildarstefnur eksistentialisma.

Næst mun ég snúa mér að framlagi þess flokks menntastefna samtíðarinnar, sem kenna má við eksistentialisma, stefnu hinnar mennsku tilveru, svo sem fyrr sagði, hinnar mennsku tilveru sem hefur það að megineinkenni að greina sig frá stíga út úr, en til grundvallar nafngiftinni eksistentialismi er gríska sögnin eksistemi, sem reyndar hefur þá merkingu. Eksistentialismi er annars heitið á einni af áhrifamestu heimspekistefnum samtíðarinnar og eru blæbrigði hennar harla mörg og skal ekki gerð grein fyrir þeim hér. Þessi heimspekistefna hefur mótað

verulega menningarlíf Vesturlandabúa eftir síðari heimstyrjöldina, bókmenntir og listir alveg sérstaklega, en einnig hin ýmsu afbrigði fræða, þar á meðal guðfræði, uppeldisfræði og kennslufræði. — Það er sérstætt fyrir heimspekinga eksistentialismans að þeir leggja mjög ríka áherslu á hin svokölluðu verufræði, ontologíu. Þau fræði eru í sjálfu sér harla forn, en hafa á síðustu árum aftur komið mjög fram í sviðsljósið. Að hverju hér er stefnt gæti ef til vill skýrst lítillega við þá breytingu sem eksistentialistinn franski Jean Paul Sartre gerði á hinni alkunnu fullyrðingu Descartes: Ég hugsa, þess vegna er ég til, Cogito, ergo sum. Í framsetningu Sartres varð setningin aftur á móti: Ég er ekki, þess vegna hugsa ég, Non sum, ergo cogito. — Það er að segja, við það að skynja vöntun mína og skort, við að skynja hvað ég er ekki, en kynni að geta orðið, við þá skynjun vaknar hugsunin, við þá reynslu verður vitsmunaþátturinn til. — Skynjun þess sem ekki er er þannig engu ómerkari þáttur í lífi og tilveru mannsins heldur en skynjun þess sem er, eða þess sem þegar er orðið. — En þessi skynjun vöntunar og skorts er engan veginn þægileg og auðveld. Þvert á móti. Til hennar má rekja í verulegum atriðum ótta mannsins og kvíða, en hvort tveggja er hverjum manni eðlilegar tilfinningar og eðlileg skynjun. — Manninum hlýtur að finnast sem honum hafi verið þeytt inn í þessa tilveru án þess að fá nokkru um það ráðið, Geworfen sein og af því leiðir kvíða, áhyggjur, Sorge um afdrif sín og árangur. Af því stafar líka sú hætta að vilja hverfa inn í hópinn, viljalaus og hugsunarlaus, hættan að breytast úr manni í það sem er minna en maður, sem e. t. v. mætti kalla menni. — Vandi mannsins verður heldur ekki minni þegar hann uppgötvar staðreynd dauðans og kemst að raun um að líf hans er vera til dauðans, „Sein zum Tode“ og alla ævidaga sína býr hann og berst í skugga þeirrar vitneskju og fullvissu. — Það er því ekki að ófyrirsynju að forsvarsmenn eksistentialismans hafa leitað að von og birtu að gera tilveru manna skaplegri og bærilegri. Þá von hafa sumir fundið í trúnni á hið transcendenta, það sem fyrir handan er og talið augljóst að þá birtist undur mennskrar tilveru mest þegar verulega reyndi á og komið væri að mörkum mannlegrar getu, við aðstæður og atvik hinna ýtrustu takmarka kæmi best í ljós yfir hve miklum styrk og stórhug maðurinn gæti búið, enda kæmi þá til hjálp og náð, sem maðurinn ætti aðgang að. — Aðrir hafa aftur á móti litið von og birtu í þeirri sérstæðu hæfni mannsins að geta blandað geði við aðra menn. Til er það mót sem manna er einna svo og alls þess sem býr yfir persónuleika. Að eiga þess kost að tala um sjálfan sig í fyrstu persónu sem ég og þann sem blandað er geði við í annarri persónu, þú er lykill að óvenjulegri og einstæðri reynslu. Hættan er aðeins sú að hið ópersónulega, hlutræna trufli og komi í veg fyrir þessa reynslu og það því fremur sem margt í lífi okkar og menningu leggur svo ríka áherslu á hina hlutrænu skynjun.

Eftir þennan langa formála að skýra meginforsendur eksistentialismans er rétt að koma beint að því efni hvað hann hefur lagt þeim flokki menntastefna sem á honum byggjast til og hvert sé þá hið nýja framlag þeirra. — Sérstætt er það framlag þessa flokks menntastefna að líta beri á nám og menntun sem kveikju nýrra þáttaskila í lífi mannsins. Þroski mannsins er ekki stöðugur og jafn. Þroski og þekking fæst aðeins fyrir átök og baráttu og má segja að undanfari hverra þáttaskila að þessu leyti sé kreppa, andleg, hugræn og siðræn. Því aðeins verður bundinn endi á þá kreppu að um einhvers konar vakningu eða hugljómun sé að ræða. Ný lausn sé fundin, ný innsýn og yfirsýn hafi veist. Að slíkri hugljómun eða vakningu á öll menntun og fræðsla að stefna. Þess vegna má hún ekki verða ítroðsla eða utanbókarlærdómur, heldur handleiðsla og örvun, sameiginleg barátta nemenda og kennara, en kennarinn á að líta á sjálfan sig sem nemanda er hefur það eitt fram yfir þann sem hann aðstoðar að hann veit betur og þekkir takmarkanir sínar, veit eins og Sókrates forðum að hann veit ekkert, veit ekkert eins og hægt er að vita og skynja í nýrri dýpt þekkingar og hugljómunar. — Það er því annað meginframlag þessa flokks menntastefna að hafa vakið nemendurna sérstaklega til vitundar um stöðu sína

og rétt. Frá henni hefur í verulegum atriðum stafað sú kvika, sem orðið hefur vart meðal nemenda á ýmsum skólastigum á Vesturlöndum, en alveg sérstaklega **þeim skólastigum sem ofar eru í menntakerfinu. Tvenns konar öfga hefur að vísu** gætt í þessari kviku og varla við öðru að búast. Er annars vegar um að ræða hreyfingu hippanna, sem hefur næsta ómótaðar skólahugmyndir enda um að ræða flokk ungmenna sem ekki vilja á neinn hátt sætta sig við félagslega ábyrgð eða skyldur. Hins vegar er svo um að ræða flokk aktivistanna, hins athafnasama **unga fólks sem vill láta taka tillit til skoðanna sinna, skilnings síns og ekki síst** tilfinninga sinna. Þessi flokkur ungmenna hefur ákveðnar skólahugmyndir og er á margan máta hinn ábyrgasti, þótt öfgamenn af ýmsu sauðahúsi hafi stundum sett um of svip á athæfi og tiltektir. Nemendalýðræði svo og aðrar hugmyndir um aðild og ábyrgð nemenda á til þessa rætur sínar að rekja í verulegum atriðum. **— Þá er það hið þriðja framlag þessa flokks menntastefna að hafa komið fram** með ábendingar sem síðan hafa leitt til slagorðamyndunar, góðra og lélegra eftir því hverning á málin er litið. Fjögurra slíkra skal getið án þess að nánar verði farið út í að skýra þau, sem samt hefði verið harla æskilegt. Hin fjögur slagorð **eru þessi: Kynslóðabilið — stofnunin eða kerfið, firringin** og loks **sjálfstjáning** eða kannski öllu fremur skortur sjálfstjáningar. — Þá er loks síðasta framlagið sem hér skal vikið að, en það felst í því að benda á hinar sérstæðu spurningar Kants sem hann á sínum tíma taldi að mikilvægastar væru: Hvað get ég vitað? Hvernig ber mér að breyta? Hvers má ég vænta? Hvað er maðurinn? Um dýpstu rök skal spurt og þá ekki síst hiklaust dvalið við staðreynd dauðans, vitandi það að mikill sannleikur er fólgin í eftirfarandi fullyrðingu: „Er í raun og veru hægt að telja þann mann nafa komist í snertingu við menntun og fræði, sem ekki í fullri alvöru hefur verið látinn búa sig undir að mæta dauðanum?“ Getur sá maður sem hliðrar sér hjá mestu og dýpstu spurningum mannverunnar lifað sem mennsk vera og notið þess lífs sem hann á kost á?

4. NIÐURLAG

Greinargerð minni um menntastefnur samtíðarinnar er lokið og þar með hef ég leitast við að vekja athygli á forsendum hinna tveggja hugtaka og fyrirbæra **sem ég fjallaði um í fyrra erindi mínu, fullorðinsfræðslu, ævimenntun.** Allt víkur að einum punkti: skóla lífsins. Lífið er undur sem maðurinn hefur öðlast.

Heimildir:

Achton, Steen og Clausen, Sten Krog: **Kreativitet**, Munksgaard, 1971.

Brubacker, John S.: **Modern Philosophies of Education**, Fourth Edition, Mc Graw-Hill Book Company, New York 1969.

Bruner, Jerome S.: **Uddannelsesprocessen**, Gyldendals pædagogiske Bibliotek, 2. oplag, København 1972.

Bruner, Jerome S.: **Bidrag til en undervisningsteori.** Gyldendals pædagogiske Bibliotek, København 1972.

Buber, Martin: **I and Thou.** Second Edition, T. & T. Clark, Edinburgh, 1958.

Buber, Martin: **Between Man and Man.** Collins, The Fontana Library, London, 1947.

Buber, Martin: **The Way of Response, Martin Buber.**
Selections from his writings.
Edited by N. N. Glatzer. — Schocken Books, New York.
Third Printing, 1971.

Bugge, K. E.: **Pædagogiske grundideer,**
Berlingske Forlag, København, 1969.

Butcher, H. J. **Human Intelligence,** Its Nature and Assessment,
Methuen & Co Ltd, London 1970.

Butcher, H. J.:
and Lomax, D. E. (ed.): **Readings in Human Intelligence**
Methuen & Co Ltd, London 1972.

Conant, James Bryant: **Shaping Educational Policy,**
Mc Graw-Hill Book Company, New York 1964.

Dewey, John: **Experience and Nature.**
Dover Publications Inc. New York 1958.

Frankl, Viktor; Frøland,
Erling; Sirnes, Tollak B: **Det frigjorte sinn.**
Olaf Norlis Forlag, Oslo 1970.

Furth, Hans G.: **Piaget for teachers.** Prentice-Hall, Inc. New York 1970.

Grundtvig, N.F.S.: Grundtvigs skoleverden I—II.
Udgivet af Knud Eyvin Bugge G. E. C. Gads Forlag,
København 1968.

Husén, Torsten: **Skolans Kris** och andra uppsatser om utbildning,
Almqvist & Wiksell, Stockholm 1972.

Hutchingson, Michael
and Young, Christopher: **Educating the Intelligent,** Penguin Books, 1972.

Hutchins, Robert M.: **Robot eller menneskesamfunn?**
H. Aschehoug & Co (W. Nygaard), Oslo 1969.

Huxley, Julian: **Essays of a Humanist,** Penguin Books, 1969.

Lawrence, Elizabeth: **The Origins and Growth of Modern Education,**
Penguin Books, 1970.

Maritain, Jacques: **The Degrees of Knowledge.** Geoffrey Bles, London 1959.

Matthías Jónasson: **Nám og kennsla.** Menntun í þágu framtíðar.
Heimskringla 1971.

Myers, Edward D.: **Education in the Perspective of History.** Longmans, London 1963.

Myhre, Reidar: **Pedagogisk Idéhistorie,** Fabritius & Sønners Forlag, Oslo 1970.

Neill, A. S.: Summerhillskolen. Hans Reitzel, København, 6. oplag.

Neill, A. S.: **Hjerter — ekki hjerner i skolen.** Hans Reitzel, København 1968.

Neill, A. S.: **Problemfamilien.** Hans Reitzel, København 1967.

Neill, A. S.: **Problemlæreren.** Hans Reitzel, København, 1968.

Nyquist, Ewald B. and Hawes, Gene R.: **Open Education.** A Sourcebook for Parents and Teachers, Bantam Books, New York 1972.

Olsen, Tom Ploug: **Nysgerrighed og indlæring. — D. E. Berlynes teori.** Munksgaard 1970.

Peters, R. S.: **The Concept of Education.** Routledge & Kegan Paul London, Third impression 1968.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af den fysiske verden.** Tekster fra Jean Piagets værker. Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.

Piaget, Jean: **Barnets imitation, leg og symbolbrug.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af tal, rum og bevægelse.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel, København 1971.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af årsag og virkning.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel, København, 1971.

Piaget, Jean **Main Trends in Psychology.** George Allen & Unwin, 1973.

Piaget, Jean: **Main Trends in Inter disciplinary Research.** George Allen & Unwin 1973.

Read, Herbert: **Education through Art.** Faber and Faber, London 1958.

Richardson, Ken and Spears, David (ed.): **Race, Culture and Intelligence.** Penguin Books, 1972.

Young, Michael: **The Rise of the Meritocracy.** An Essay on Education and Equality. Penguin Books 1970."

Fylgiskjal I.

Um fjárframlög til fræðslu fullorðinna.

I.

Fullorðinsfræðslunefndin leggur til að bætt verði nýrri málsgrein við 2. grein frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu:

„Fjárlög ríkisins mæla fyrir um framlög til fullorðinsfræðslu hverju sinni. Aldrei skal minni fjárhæð varið til nefndrar fræðslu en sem svarar 5% hækkun á heildarframlögum til menntamála.“

II.

Greinargerð.

Eins og fyrr segir leggur fullorðinsfræðslunefndin til að nýrri málsgrein verði bætt við 2. grein frumvarpsins, er kveði á um tvennt:

1) Alþingi ákveður hverju sinni framlög til fullorðinsfræðslu og tekur þá mið af fjárþörf og fjárhagsgetu.
2) Lágmarksframlög til fullorðinsfræðslu skulu vera 5% miðað við heildarframlög til menntamála.

Nefndin telur eðlilegt að hvað fjárframlög snertir sé tekið mið af kostnaði þeim sem fullorðinsfræðsla hefur í för með sér hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Að vísu skal viðurkennt að erfitt er að afla öruggra heimilda um þau fjárframlög, en eftir því sem næst verður komist urðu fjárframlög á **almanaksárinu** 1972 eða **skólaárinu** 1972—1973 í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð þau sem nú verða greind:

1) Danmörk: Til menntamála var á skólaárinu 1972—1973 varið röskum 7 milljörðum danskra króna, er skiptust þannig: Skyldunámsskólinn hlaut ca. 4 milljarða, framhaldsskólastigið ca. 1.2 milljarða, háskólastigið ca. 1.5 milljarða og fullorðinsfræðslan ca. 400 milljónir danskra króna. Síðasta fjárhæðin nemur tæpum 6% af heildarframlagi til menntamála. — En í þessu fellst ekki allur sannleikurinn um framlög dana til fullorðinsfræðslu á nefndu skólaári. Heildaryfirlit lítur þannig út:

a) Til beinnar kennslu	375—400	milljónir	d.kr.
b) Til viðbótar og stuðnings (ráðunautar, kennaramenntun og fleira)	80— 85	—	—
c) Framlög til þátttakenda að bæta vinnutap og fleira (á vegum atvinnumálaráðuneytisins)	100	—	—
d) Framlög á forsendum félagsmálalöggjafar	75	—	—
e) Útlagður stofnkostnaður	25	—	—
Heildarframlög ríkisins	650	—	—
f) Framlög sveitarfélaganna	100—125	—	—
g) Framlög forystuaðila (initiativtagere) fyrirtækja og þátttakenda sem næst	400	—	—

Fullorðinsfræðsla dana hefur þannig kostað rúmlega milljarð danskra króna skólaárið 1972—1973 eða sem næst 20 milljörðum íslenskra króna. Það samsvarar **fjórum þúsundum íslenskra króna** á hvern íbúa Danmerkur.

2) **Finnland:** Engar heimildir eru til varðandi fjárframlög finna til fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu. Til annarrar fullorðinsfræðslu greiddu finnar sem hér segir árið 1972.

a) Til fullorðinsfræðslu sem tengist atvinnulífinu	100 700 000	f.mörk
b) Til fullorðinsfræðslu sem er frjálst nám og fristundamenntun	59 889 000	f.mörk
Alls	**160 589 000**	**f.mörk**

Samkvæmt þessu verða framlög ríkisins til tveggja af þrem aðalþáttum fullorðinsfræðslu í Finnlandi sem svarar 5 milljörðum íslenskra króna almanaksárið 1972 eða sem næst eitt þúsund og sjötíu krónur á hvern íbúa. — Í þessar tölur vantar styrki, er nemendur njóta í formi félagslegs stuðnings. — Má ætla að sá styrkur svo og framlög til fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu hækki þennan kostnað til muna og væri ekki fjarri lagi að framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu myndu nema sem svarar tveim þúsundum á hvern íbúa. — Væri svo framlag sveitarfélaga í Finnlandi svo og einkaaðila hliðstætt og í Danmörku myndi mega áætla að finnar legðu fram sem næst **þrem þúsundum íslenskra króna** á hvern íbúa.

3) **Noregur:** Einna erfiðast virðist að fá tölulegar upplýsingar um framlög norðmanna til fullorðinsfræðslu. Helst er hægt að taka mið af gagnasöfnun norsku Unesco-nefndarinnar, er safnaði upplýsingum frá öllum ráðuneytum í Noregi að leggja fram á alþjóðaráðstefnunni í Tokíó sumarið 1972. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að framlög ráðuneytanna til fullorðinsfræðslu hefðu alls numið árið 1970 116 174 891.00 norskra króna. Af þessum heildarframlögum lagði kirkju- og menntamálaráðuneytið fram sem næst 30 milljónum eða tæpan fjórða hluta og námu útgjöldin á 295. kafla fjárlaga (voksenopplæringskapitelet på statsbudsjettet) þá kr. 15 407 000.00 norskra króna. Þá var framlag atvinnumálaráðuneytisins um 20 milljónir norskra króna. Af öðrum meiri háttar framlögum árið 1970 fóru 10 milljónir norskra króna til Statens teknologiske institutt og 12 milljónir til fullorðinsfræðslu á vegum hersins (Forsvarets Siviloplæring). — Útgjöldin á 295. kafla fjárlaga voru á fjárlögum ársins 1973 áætluð 39 583 000.00 norskar krónur eða höfðu aukist um 175%. — Með hliðsjón af því mætti ætla að heildarframlög ráðuneytanna norsku hefðu numið sem næst 320 millj. norskra króna árið 1973, eða sem svarar sjö milljörðum íslenskra króna á núverandi gengi eða um nítján hundrað íslenskum krónum á hvern íbúa. Samkvæmt þessu ætti að mega áætla heildarframlög norðmanna til fullorðinsfræðslu um **þrjú þúsund og fimm hundruð** íslenskar krónur á íbúa væru sömu forsendur gefnar og þær sem hagnýttar voru að meta framlög finna á þessu sviði.

4) **Svíþjóð:** Í skýrslu sem fulltrúar svía lögðu fram vegna gagnasöfnunar fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum í ágústmánuði 1973 komu eftirfarandi upplýsingar varðandi kostnað fram:

Á fjárhagsárinu 1972—1973 voru framlög samfélagsins til fullorðinsfræðslu (samhällets utgifter för vuxenutbildning) samtals 871 milljón sænskra króna. Skiptingin var í aðalatriðum þessi:

a) Fullorðinsfræðsla á vegum sveitarfélaga (kommunal vuxenutbildning), sem hliðstæð er frumfræðslu	165	millj.	s.kr.
b) Fullorðinsfræðsla tengd atvinnulífinu	330	—	—
c) Fullorðinsfræðsla sem er frjálst nám og fristundamenntun	234	—	—
d) Lýðháskólamenntun	127	—	—
e) Önnur fullorðinsfræðsla (Löntagernas centrala kursusverksamhet, statens skolor för vuxna)	15	—	—
Samtals	871	millj.	s.kr.

Auk þessa var miklum fjárhæðum varið til styrktar þeim, er fullorðinsfræðslunnar nutu, einkum þeim er stunduðu fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið, en styrkur til slíks gat numið alls 1700 kr. sænskum á mánuði auk ferðakostnaðar og dagpeninga í sambandi við ferðir. Slík félagsleg aðstoð í sambandi við námið (studie socialt stød) nam á sama fjárhagsári alls **460 milljónum** sænskra króna.

Þá voru greiddar vegna afnota af húsnæði (og sérstakrar aðstöðu) nefnt ár **60 milljónir sænskra króna.**

Heildarútgjöld samfélagsins í sambandi við fullorðinsfræðslu urðu þannig í Svíþjóð fjárhagsárið 1972—1973 alls 1391 milljón sænskra króna eða rúmlega 37,5 milljarðar íslenskra króna, en það nemur um fimm þúsund íslenskum krónum á íbúa. Með framlagi annarra forystuaðila, fyrirtækja og þátttakenda yrði framlag svía á hvern íbúa aldrei undir **fimm þúsund og fimm hundruð íslenskum krónum.**

Með hliðsjón af því yfirliti yfir framlög frænda okkar á Norðurlöndum sem leitast hefur verið við að gefa virðist engin ofrausn að framlög íslenska samfélagsins til fullorðinsfræðslu yrðu 5% af heildarfjárframlögum til menntamála. Heildarframlög til menntamála eru samkvæmt frumgerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1975 áætluð 7,5 milljarðar íslenskra króna .Væri gert ráð fyrir að 5% þeirrar upphæðar yrði bætt við til fullorðinsfræðslu næmu þau framlög um 375 milljónum íslenskra króna. Fullorðinsfræðslunefndin álítur að með þeirri fjárveitingu væri hægt að bæta úr brýnustu þörf í þeim þrem þáttum nefndrar fræðslu, sem margsinnis hefur verið gerð grein fyrir:

a) Fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu.
b) Fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulíf og vinnumarkað.

íbúa. Með framlagi annarra forystuaðila, fyrirtækja og þátttakenda yrði framlag

c) Fullorðinsfræðslu sem er frjálst nám og fristundamenntun.

Fullorðinsfræðslunefndin leggur á það ríka áherslu að fjárframlögum verði skipt á eðlilegan hátt milli hinna þriggja þátta og mið tekið af raunverulegum þörfum, en engum einum þætti ívilnað á kostnað hinna eða hann látinn draga til sín stærstan hluta fjárins.

Samþykkt á fundi fullorðinsfræðslunefndar, laugardaginn 16. nóvember 1974.

Guðmundur Sveinsson.	Sigríður Thorlacius.	Andrés Björnsson.
Stefán Guðmundsson.	Gunnar Grímsson.	Matthías Jónasson.
	Ragnar Georgsson.	

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 8. desember 1975.

Til menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík.

Nefnd sú, er menntamálaráðuneytið skipaði upphaflega 26. okt. 1971 til að semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, og skilaði frumvarpi og greinargerð í júní 1974, en fékk síðan til umsagnar greinargerðir og athugasemdir ýmissa aðila, sem nefndin fjallaði um, — og var loks falið með bréfi dags. 18. júní 1975 að endurmeta frumvarp það, sem lagt var fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974, hefur nú endanlega lokið störfum og vill af því tilefni koma eftirfarandi á framfæri við hið háa menntamálaráðuneyti:

1) Nefndin leggur til að frv. til l. um fullorðinsfræðslu verði að nýju lagt fyrir Alþingi í upphaflegu formi. Þó hefur nefndin fallist á að breyta síðustu grein frumvarpsins, og skal hún hljóða þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, en komi til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárlögum til hinna ýmsu þátta fullorðinsfræðslunnar, er þau kveða á um. Þó skulu ákvæði 30. og 31. gr. laganna koma til framkvæmda eigi síðar en á fjárhagsárinu 1977".

Niður falli viðbót við 2. gr., er kveður á um fjárframlög til fullorðinsfræðslu (sbr. till. nefndarinnar 16. nóv. 1974, fskj. I).

2) Nefndin leggur til að umsagnir hinna 24 aðila, er nefndinni voru sendar, verði birtar sem sérstakur viðauki við greinargerð frumvarpsins. Þá verði svar

fullorðinsfræðslunefndar, dags. 19. febrúar 1975, þar sem fjallað er um athugasemdir við frumvarpið, einnig birt.

3) Nefndin leggur einnig til, að umsagnir hinna ýmsu deilda Háskóla Íslands verði birtar sem sjálfstæður viðauki við greinargerðina, svo og athugasemdir fullorðinsfræðslunefndar við þær.

4) Fullorðinsfræðslunefnd litur svo á að hún hafi hér með endanlega lokið störfum og gefur ekki kost á frekari umfjöllun nefnds frumvarps eða athugasemda, sem síðar kunna að berast.

Samkvæmt umboði nefndarinnar er þessu hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Sveinsson, formaður.
Sigríður Thorlacius, ritari.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 19. febrúar 1975.

I.

Fullorðinsfræðslunefnd hefur þrívegis borist erindi frá menntamálaráðuneytinu í formi umsagna ýmissa aðila er fengu til athugunar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu ásamt greinargerð er nefndin samdi og skilaði ráðuneytinu í júní 1974. Bréf þau frá menntamálaráðuneytinu er fylgdu umsögnunum eru dagsett sem hér segir:

4. nóvember 1974, umsagnir sextán aðila,
13. desember 1974, umsagnir sjö aðila,
29. janúar 1975, umsögn eins aðila.

Hafa þannig borist til fullorðinsfræðslunefndar alls 24 umsagnir og álitsgerðir varðandi nefnt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fullorðinsfræðslunefndin hefur rætt erindi menntamálaráðuneytisins, en ráðuneytið óskaði að sendar umsagnir yrðu teknar „til athugunar og umsagnar“ af nefndinni, á 7 fundum. Hafa umsagnir hver og ein verið teknar til gaumgæfilegrar könnunar og vandlegs endurmats. Munu niðurstöður þeirrar könnunar svo og viðbrögð nefndarinnar kynnt í aðalatriðum og komið á framfæri við hæstvirt menntamálaráðuneyti.

II.

1. Jákvæð viðbrögð.

Það er fullorðinsfræðslunefndinni mikið ánægjuefni hve viðbrögð þeirra 24 aðila, sem umsagnir hafa sent, eru jákvæð og flest á þann veg að óskað er eftir að frumvarpið verði samþykkt og komi til framkvæmda sem lög hið bráðasta. Má jafnvel ganga svo langt að fullyrða að þessi jákvæðu viðbrögð einkenni umsagnirnar öðru fremur. Og það sem ánægjulegast er er að þessi jákvæðu viðbrögð birtast í umsögnum samtaka og aðila, er tengjast hinu lögbundna skólakerfi eins og það er nú, engu síður en aðila vinnumarkaðarins svo og hinna fjölmörgu frjálsu og óháðu félagasamtaka, er tekið hafa frumvarpið til athugunar og umsagnar. Ber í þessu sambandi að vekja sérstaka athygli á umsögnum eftirfarandi heildarsamtaka kennara:

a) Sambands íslenskra barnakennara
b) Bandalags háskólamanna
c) Landsambands framhaldsskólakennara.

Að vísu gætir nokkurra mótsagna í meðhöndlun síðasta aðilans, Landsambands framhaldsskólakennara, sem stafar vafalaust af því að þeir, sem umsögnina hafa samið, hafa ekki því miður gert sér fulla grein fyrir hvað felst í hugtakinu „fræðslusamband“ eins og það er hugsað og túlkað í frumvarpinu og greinargerð þess.

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð nærri allra þeirra aðila, er umsagnir sendu, ber því ekki að neita að mörgum finnst í mikið ráðist að samþykkja rammalög er haft gætu í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkið fyrst og fremst, en einnig aðra aðila svo sem landshlutasamtök og sveitarfélög. — Er því af nokkrum aðilum lagt til að frumvarpið, þótt að lögum yrði, kæmi ekki til framkvæmda nema í áföngum. Þessi er afstaða t. d. fræðsluráðs Reykjavíkur svo og Sambands íslenskra sveitarfélaga, — Fullorðinsfræðslunefndin telur að slík viðbrögð og slíkar viðvaranir séu í fyllsta máta eðlilegar, enda var viðbótargrein nefndarinnar við lögin, sú sem fjallar um fjárframlög sett og skýrð vegna óskar er barst frá menntamálaráðuneytinu, raunverulega við það miðuð að lögin kæmu til framkvæmda í áföngum, væri frumvarpið samþykkt (sbr. viðbót við 2. grein frumvarpsins).

2. Athugasemdir.

Eins og að líkum lætur og eðlilegt er birtast í umsögnum hinna 24 aðila ýmis konar athugasemdir við frumvarpið svo og gagnrýni á störf fullorðinsfræðslunefndarinnar. Flestar eru athugasemdirnar settar fram af háttprýði og byggðar á málefnalegum forsendum og gagnrýninni miklu meira í hóf stillt en lof það og hrós sem á nefndina er hlaðið í mörgum umsögnunum. Athugasemdunum má skipta niður í nokkrar heildir, þannig:

a) Frumvarpið er of mjög undir áhrifum erlendra fyrirmynda og tekur ekki að sama skapi mið af íslenskum aðstæðum.
Gagnasöfnun skortir á Íslandi.

b) Frumvarpið gerir ráð fyrir sköpun annars fræðslukerfis við hlið þess sem nú er og mun af þeim sökum auka á yfirbyggingu og torvelda framkvæmdir.

c) Frumvarpið er varla tímabært, þar sem brýnasta verkefnið á sviði fræðslumála er nú endurskoðun og endurskipulagning framhaldsskólastigsins.

d) Frumvarpið nær til verk- og tæknimenntunar í landinu og fær ekki leyst nema að takmörkuðu leyti þann vanda, sem þar er við að glíma. Verk- og tæknimenntun er nú Akkillesar hæll framhaldsskólastigsins og fram hjá risastórum verkefnum hennar má ekki ganga.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir afstöðu fullorðinsfræðslunefndarinnar til þeirra athugasemda, er raktar hafa verið.

a) Erlendar fyrirmyndir — Skortur á söfnun gagna um fullorðinsfræðslu á Íslandi:

Það er vissulega rétt að fullorðinsfræðslunefndin tók við samningu frumvarpsins í verulegum atriðum mið af lagasetningu í nágrannalöndunum og þá fyrst og fremst lögum og lagafrumvörpum frá Norðurlöndum. Slíkt hlaut að vera í fyllsta máta eðlilegt, þar sem um algera frumsmíð er að ræða, en hingað til hafa engin lög verið samþykkt á Alþingi íslendinga, er fjalla um fullorðinsfræðslu hvorki heildarlög né lög um einstaka þætti þeirrar fræðslu. — Í nágrannalöndum okkar er hins vegar um lagahefð að ræða lengri og skemmri. — Reynt var að meta hin norrænu lög, sem gilda um fullorðinsfræðslu og hagnýta þau sem fyrirmyndir að svo miklu leyti sem fullorðinsfræðslunefndin taldi mögulegt og eðlilegt. — Þá var það ennfremur afstaða fullorðinsfræðslunefndarinnar að fá sem gleggsta innsýn í þróun lagasetningarinnar og kjósa til handa okkur íslendingum það form er í senn byggi

yfir mestri breidd, en veitti jafnframt möguleika til umbreytinga og endurmats eftir því sem aðstæður og viðfangsefni gæfu tilefni til. Fullorðinsfræðslunefndin hafði frá upphafi í huga heildar rammalöggjöf, er útilokaði helst engan þátt og engin verkefni fullorðinsfræðslu, þegar fjármagn og áhugi væri fyrir hendi að sinna þeim og leysa.

Það er ekki rétt, að fullorðinsfræðslunefndin hafi vanrækt að safna gögnum um núverandi stöðu fullorðinsfræðslunnar í landinu eða enga úttekt gert á henni sem forsendu frumvarpsgerðarinnar og tillagna sinna. — Frá gagnasöfnun nefndarinnar greinir sérstaklega í inngangskafla greinargerðar hennar fyrir frumvarpinu, bls. 5—9. — Mun stuttlega að þessum þætti í starfi nefndarinnar vikið, þar sem fyrrnefnd frásögn virðist ekki hafa forðað frá þeim leiða misskilningi, sem hér um ræðir. Nefndin hóf störf sín síðla árs 1971. Þegar í ársbyrjun 1972 hóf nefndin sjálf könnun á stöðu fullorðinsfræðslunnar með því að rita á þriðja tug aðila, er einkum höfðu látið slíka fræðslu til sín taka, bréf og bera fram fyrirspurnir um ýmis atriði þeirrar fræðslu. Var á þessa fyrstu könnun litið sem algera byrjun meiri háttar rannsóknar. Ekki reyndust undirtektir uppörvandi, því að aðeins 12 aðilar svöruðu bréfum nefndarinnar og flestir þá fyrst þegar eftir svörum var gengið. — Í septembermánuði árið 1972 urðu hins vegar þáttaskil í gagnasöfnuninni. Á vegum Norrænu menningarstofnunarinnar, Nordisk kulturelt Samarbejde, NKS var skipuð samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu, **Styringsgruppe for voksenundervisningen i Norden.** Nefnd þessi var skipuð fyrir atbeina embættismannanefndar NKS og átti hvert Norðurlandanna að eiga þar einn fulltrúa. Formaður íslensku fullorðinsfræðslunefndarinnar, Guðmundur Sveinsson, var tilnefndur sem fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni. Nefndin hlaut tvö verkefni sérstaklega til úrlausnar og fólst annað í gagnasöfnun um fræðslu fullorðinna á Norðurlöndum, kallað „Kortlægnings-projektet" og snerti eins og að líkum lætur verulega störf fullorðinsfræðslunefndarinnar íslensku. — Það var upphaflega ætlun **Norrænu menningarstofnunarinnar** að sænskur skóla- og fræðimaður Erik Norberg að nafni annaðist gagnasöfnunina einn svo og úrvinnslu hennar, en fengi aðstoð frá heimamönnum á Norðurlöndunum fimm. Var fulltrúunum í stjórnarnefndinni falið að koma á þeim tengslum, er æskileg hlytu að teljast, en í upphafi átti að tryggja að samin yrði yfirlitsgrein í hverju landi, þar sem aðalþættir fullorðinsfræðslunnar væru raktir og greint frá upphafi þeirra og þróun eftir því sem tök væru á í tiltölulega stuttu máli. — Formaður fullorðinsfræðslunefndarinnar íslensku tók að sér að semja yfirlitsritgerð þá, sem hér um ræðir, en naut til þess aðstoðar samnefndarmanna sinna og bar ritgerðina, er hún var samin, undir fullorðinsfræðslunefndina til kynningar og álita. Yfirlitsritgerðin, sem er 12 vélritaðar síður, nefndist **Voksenundervisning i Island** og er skrifuð á dönsku. — Það kom brátt í ljós að fulltrúarnir í norrænu stjórnarnefndinni töldu ekki að hægt væri á viðunandi hátt að standa að gagnasöfnuninni með því að ætla einum manni að annast framkvæmd verksins, til þess væri fullorðinsfræðslan of yfirgripsmikil á Norðurlöndum, hefði enda þróast á mismunandi hátt í hinum fimm þjóðríkjum. Var í desembermánuði 1972 samþykkt að leggja til við Norrænu menningarstofnunina að framkvæmdinni yrði breytt á þann veg, að tilteknir aðilar í hverju hinna fimm landa tækju að sér að sjá um framkvæmdir. Var lagt til að Norræna menningarstofnunin greiddi fyrir gagnasöfnunina heildarfjárhæð er ákveðin var fimmtán þúsund danskar krónur og skyldu þrjú þúsund danskar krónur koma í hlut hvers hinna fimm landa. — Tillögur stjórnarnefndarinnar voru samþykktar í ársbyrjun 1973. — Að fenginni þeirri samþykkt var fullorðinsfræðslunefndinni íslensku falið að annast gagnasöfnunina og ráða mann til verksins. Nefndin réð Hrafn Magnússon, sem þá var kennari við Samvinnuskólann Bifröst. Hann hóf þegar vorið 1973 að vinna að gagnasöfnuninni. Hrafn fékk menntamálaráðuneytið til að birta auglýsingu um gagnasöfnunina, tilgang hennar og aðalverkefni. Var þess óskað að allir einstaklingar eða félög sem haft hefðu fullorðins-

fræðslu á hendi gæfu sig fram og létu ráðuneytinu eða fullorðinsfræðslunefndinni umbeðnar upplýsingar í té. — Þá skrifaði Hrafn Magnússon 175 félögum, stofnunum og einstaklingum bréf þar sem gerð var grein fyrir gagnasöfnuninni og lét fylgja spurningarlista er útfylla átti. — Hrafn fylgdi bréfum sínum eftir með látlausum viðtölum og ræddi persónulega við langflesta þá aðila, er á einn eða annan hátt voru tengdir fullorðinsfræðslunni, höfðu slíka starfsemi með höndum eða studdu hana beint og óbeint. Vann Hrafn mikið starf af kostgæfni og nákvæmni að tryggja að allar þær upplýsingar, sem tiltækar væru, kæmu fram og úr þeim mætti vinna að fá sem gleggsta og skýrasta mynd af stöðu fullorðinsfræðslunnar. Hrafn hafði þegar á miðju sumri 1973 safnað það miklum og margvíslegum gögnum að hann gat í byrjun ágústmánaðar lokið við fyrstu frumdrög að skýrslu um fullorðinsfræðsluna á Íslandi. Var sú skýrsla lögð fram á fundi sem haldinn var í Lýðskólanum í Skælskør á Sjálandi. Þar voru saman komnir allir þeir einstaklingar, sem unnu að gagnasöfnun um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum ásamt hinni samnorrænu stjórnarnefnd fullorðinsfræðslunnar. Af Íslands hálfu mættu á fundinum Hrafn Magnússon og Guðmundur Sveinsson. Þarna voru rædd hin fyrstu drög að margnefndri gagnasöfnun á Norðurlöndunum fimm. Nokkuð þótti skorta á að samræmi væri í könnun og úrvinnslu gagna. Var því á fundinum í Skælskør gengið frá formi eða munstri sem lagt skyldi til grundvallar áframhaldandi könnun, en þó einkum framsetningu og niðurröðun einstakra þátta og atriða. Fulltrúar Íslands voru ekki alls kostar ánægðir með þetta munstur, er greinargerð gagnasöfnunarinnar skyldi felld í, þar sem munstrið var fyrst og fremst miðað við aðstæður í skandinavisku löndunum þrem, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, enda með fram ætlað til að auðvelda samanburð milli nefndra þriggja landa. Varð þannig samanburður fullorðinsfræðslunnar á Norðurlöndum eitt af aðalverkefnum gagnasöfnunarinnar, en ekki bein og óhindruð könnun á stöðu og fjölbreytileika svo og mismun fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Var þessu breytta viðhorfi mótmælt af fulltrúum Íslands sem skynjuðu að með þessu móti yrði gagnasöfnunin á Íslandi um of bundin og háð skandinaviskri fyrirmynd. Má segja að fundurinn í Skælskør hafi að þessu leyti torveldað íslensku gagnasöfnunina og valdið óþarfa erfiðleikum í sambandi við fyrstu tilraun til að skapa heildarmynd af núverandi ástandi og aðstæðum. — Mótmæli fulltrúa Íslands voru ekki tekin til greina og í samræmi við ákvarðanir fundarins í Skælskør var síðan unnið að nýrri gerð skýrslu um fullorðinsfræðslu hér á landi, enda hafði enn bæst verulega við upplýsingar einstakra þátta og aðila og gagnasöfnunin orðið mun umfangsmeiri en áður. Önnur gerð skýrslu Hrafns um fullorðinsfræðslu var tilbúin í byrjun október 1973 og lögð fram á samnorrænum fundi í þeim mánuði. — Þrátt fyrir þetta var gagnasöfnuninni enn haldið áfram og þriðja og síðasta skýrslan frá Íslandi tilbúin til afhendingar í maí-mánuði 1974. Hafði fullorðinsfræðslunefndin þá skýrslu handbæra þegar endanlega var gengið frá frumvarpi og greinargerð svo og fyrri drög skýrslunnar jafnóðum og þau voru tilbúin. Gagnasöfnunin um fullorðinsfræslu á Norðurlöndum var síðan gefin út í bókarformi, **Voksenopplæring i de nordiske land**, en kortlegging, en útgefandi var Sekretariatet for Nordisk Kulturelt Samarbeid. Bókin kom út í október 1974. Þriðji kafli bókarinnar er skýrsla Íslands. — Samnorrænn fundur var haldinn í Grenå á Jótlandi dagana 20.—24. janúar síðast liðinn til þess meðal annars að fjalla um hina sameiginlegu gagnasöfnun. Á þeim fundi mættu fjórir fulltrúar frá Íslandi: Guðmundur Arnlaugsson, Guðmundur Sveinsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður A. Magnússon. Á fundinum var lögð fram viðbótarskýrsla og greinargerð um fullorðinsfræðsluna, þar sem ný atriði eru dregin fram og skýrð frá nýjustu viðhorfum til fullorðinsfræðslu á Íslandi og þeirri þróun og þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu mánuðum.

Af því sem nú hefur verið sagt ætti að vera augljóst að gögn um núverandi stöðu fullorðinsfræðslunnar á Íslandi skortir ekki og nefndin hefur hagnýtt þau í störfum

sínum og tekið mið af þeim í frumvarpsgerðinni svo og greinargerð þeirri sem frumvarpinu fylgir.

b) Tvö fræðslukerfi hlið við hlið. — Óhófleg og þarflaus yfirbygging.

Í nokkrum umsögnum um fullorðinsfræðslufrumvarpið er sú gagnrýni borin fram að frumvarpið geri ráð fyrir tveim frábrugðnum fræðslukerfum hlið við hlið og muni af leiða óhóflega og þarflausa yfirbyggingu menntamálanna.

Fullorðinsfræðslunefndin harmar þann misskilning eða þá túlkun frumvarpsins sem hér um ræðir. Það var aldrei hugmynd eða ætlun nefndarinnar að fræðslukerfi landsins skyldu tvö aðskilin og aðgreind, enda segir svo í 1. grein frumvarpsins að **eitt** skuli menntakerfi þjóðarinnar, en þættir þess hins vegar tveir: frummenntun annars vegar og fullorðinsfræðsla hins vegar. Hið eina samræmda og samfellda menntakerfi lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins og hlítir þeirri skipan sem ráðuneytið sjálft ákveður á grundvelli eðlilegrar verkaskiptingar. Minnihluti fullorðinsfræðslunefndarinnar leggur að vísu til, að sérstök deild innan menntamálaráðuneytisins, fullorðinsfræðsludeild skuli „stjórnunaraðili í málum sem varða fullorðinsfræðslu og samræma eftirlit og fræðslu sem veitt er samkvæmt lögum þessum“ (sbr. skýringu á 2. gr. frumvarpsins, Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, Reykjavík 1974, bls. 17—18). Þetta ákvæði breytir hins vegar engu um yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. — Þá gerir frumvarpið einnig ráð fyrir að fræðsluráð í fræðsluumdæmunum ásamt viðbótaraðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka skipi **fullorðinsfræðslunefnd** umdæmisins, en hún starfi í samræmi við reglur sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga (sbr. 7. grein frumvarpsins). — Með þessu svo og fleiri greinum frumvarpsins skal tryggt að hinir tveir þættir menntakerfisins verði ekki að tveim óháðum og sjálfstæðum kerfum heldur samtengdir í stjórn og framkvæmd. — Þá gefur það og auga leið að fullorðinsfræðsla sem hliðstæð er frumfræðslunni verður að mestu ef ekki öllu leyti í höndum aðila frummenntunarinnar og fer fram í menntastofnunum sem hannaðar verða fyrir báða þættina.

Hið eina stjórnskipunarlega nýmæli sem fram kemur í frumvarpinu til laga um fullorðinsfræðslu er ákvæði 6. gr. þar sem kveðið er á um stofnun níu manna fullorðinsfræðsluráðs, sem vera skal „ráðgefandi og mótandi aðili í málum sem varða fullorðinsfræðsluna“. Ráðið setur sér starfsreglur sem menntamálaráðuneytið staðfestir og er algerlega háð ráðuneytinu varðandi framkvæmdir svo og ákvæðum fjárlaga hverju sinni, þegar teknar eru ákvarðanir um fjárveitingar til fullorðinsfræðslu.

Því er að sjálfsögðu ekki að leyna að hinn nýi þáttur menntakerfisins hefur óhjákvæmilega í för með sér vöxt stjórnsýslu og skipulagningar þegar á heildina er litið, en hann á hins vegar á engan hátt að þurfa að valda tvískiptingu innan kerfisins eða ýta undir þróun í þá veru, raunar fremur hið gagnstæða þar sem með tilkomu hans skapast heildaryfirsýn yfir menntakerfið, fjölbreytni þess og eðlilegan hlut einstakra þátta þess og verkefna.

c) Röðun verkefna á sviði menntamála og forgangur hinna brýnustu.

Í nokkrum þeirra umsagna, er bárust um fullorðinsfræðslufrumvarpið, er hreyft þeirri gagnrýni að ætla beri öðrum verkefnum og þáttum menntakerfisins forgang og því sé frumvarpið til laga um fullorðinsfræðslu ótímabært, þar sem athygli sé beint frá brýnni verkefnum, en lausn þeirra þoli enga bið. Er í þessu sambandi einkum rætt um tvennt, annars vegar endurskipan grunnskólastigsins

á forsendu hinna nýju laga um grunnskóla en sú endurskipan sé nú aðeins á byrjunarstigi, hins vegar þurfi eftir samþykkt grunnskólalaganna að hefjast handa um framtíðarskipan framhaldsskólastigsins með það fyrir augum að móta stefnu og fá sett rammalög fyrir allt stigið, menntun aldursárganganna frá 16 til 20 ára. Hvorugt verkefnið er talið þola bið og þó enn meira verk og margslungnara að fá heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið.

Fullorðinsfræðslunefndin vill á engan hátt draga réttmæti þeirra viðhorfa sem gerð hefur verið grein fyrir í efa eða gera lítið úr þeim risaverkefnum sem nefnd hafa verið. Á hitt vill nefndin hins vegar benda að lögin um skólakerfi, sem einnig voru samþykkt á síðasta vori, marka í stórum dráttum framtíðarstefnuna að því er tekur til frummenntunarinnar. Þá er hitt og staðreynd að nú þegar er hafin endurskipulagning framhaldsskólastigsins. Hefur sú endurskipulagning þegar hafist á tveim stórum geirum framhaldsskólamenntunarinnar, þar sem er **viðskiptamenntun** í víðtækustu merkingu þess hugtaks er ætla má að milli 20%—25% aldursárganganna frá 16—20 ára muni stunda í framtíðinni, svo og **iðnfræðsla**, sem veita mun framhaldsmenntun álíka stórum hundraðshluta nemenda. Frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi hefur þegar verið lagt fram og bíður afgreiðslu Alþingis, en frumvarp til laga um iðn- eða verkmenntun á framhaldsskólastigi er í mótun hjá iðnfræðslulaganefnd, sem starfað hefur að frumvarpssmíðinni nú á þriðja ár. Menntaskólageiri framhaldsstigsins hefur verið í stöðugri endurskipan á síðustu árum, en þar hljóta milli 25%—30% aldursárganganna menntun á framhaldsskólastigi. Þá hafa einnig á framhaldsskólastigi verið samþykkt lög um tilraunaskóla, fjölbrautaskóla, en þar er um hvort tveggja að ræða, stórfellda stefnumörkun svo og tækifæri til sköpunar reynslu sem hlýtur að teljast ómetanleg áður en horfið verður að samþykkt þess heildarskipulags fyrir framhaldsskólastigið sem auglýst hefur verið eftir. — Af þessu er ljóst að framhaldsskólastigið í heild er þegar í endurskoðun og hefur samt fátt eitt verið rakið af því sem verið er að gera á vegum menntamálaráðuneytisins að leysa þann vanda sem réttilega hefur verið bent á í umsögnum um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fullorðinsfræðslunefndin hlýtur hins vegar að mótmæla og andæfa þeim viðhorfum að fullorðinsfræðslan geti beðið eftir endurskoðun og endurskipan frummenntunarþáttarins, sem í sjálfu sér er eilífðar verkefni. Endurskoðun og endurskipan frumfræðsluþáttarins má aldrei ljúka. Hitt hefur þegar dregist alltof lengi að meta gildi fullorðinsfræðsluþáttarins og gera honum fyrstu skil í rammalöggjöf. Án tilkomu þessa veigamikla þáttar verður líka endurskipan frummenntunarþáttarins hálfgert kák, þar sem veigamiklum og afdrifaríkum verkefnum er sleppt til ómetanlegs tjóns fyrir íslenskt þjóðfélag, efnahagslíf þjóðarinnar og menningu hennar. Við verðum að átta okkur á reynslu annarra þjóða í þessum efnum og taka mið af framsýnustu menntastefnum samtíðarinnar. Í þessu sambandi mætti minna á rit það hið mikla, sem Unesco, menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna gaf út árið 1972, **Learning to be**, The world of education today and tomorrow. Í riti þessu er á áhrifamikinn hátt fjallað um ævimenntunarkerfið með þáttunum tveim frummenntun og fullorðinsfræðslu. Er vandséð hversu við fáum haldið hlut okkar í síbreytilegum heimi án síðari fræðsluþáttarins sem býr yfir mestum möguleikum til endurnýjunar og umsköpunar.

d) Verk- og tæknimenntun — Akkillesarhæll íslenska skólakerfisins — og fullorðinsfræðslan.

Það er ljóst af nokkrum umsögnum er borist hafa um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu að það er litið hornauga af aðilum er telja sig öðrum fremur málsvara verk- og tæknimenntunar og líta sumpart á framkomið frumvarp sem

hugsanlega torfæru á vegi verk- og tæknimenntunar, sumpart sem vafasama nýskipan verk- og tæknimenntunar. — Bæði þessi viðbrögð komu fullorðinsfræðslunefndinni gersamlega á óvart. Taldi fullorðinsfræðslunefndin eðlilegt að halda sérstakan fund með formanni og framkvæmdastjóra Iðnfræðsluráðs þeim Óskari Hallgrímssyni og Óskari Guðmundssyni, að takast mætti að eyða tortryggni og fá fram hreinskilin skoðanaskipti. Fundurinn bar að hyggju fullorðinsfræðslunefndarinnar tilætlaðan árangur. Í ljós kom að fulltrúar Iðnfræðsluráðs höfðu þrennt við frumvarpið að athuga öðru fremur: 1) Frumvarpið var víðtækt og yfirgripsmikið og krafðist mikils tíma til þess að átta sig fyllilega á eðli þess og innihaldi, en naumur tími og stopull hafði gefist til að nota það og kanna áður en umsögn skyldi berast. — 2) Frumvarpið var af hálfu fulltrúa og starfsmanna Iðnfræðsluráðs skilið á þann veg að með lögfestingu þess væru öll ákvæði annarra laga er snerta fræðslu- og skólamál og lúta að endurmenntun, viðbótarmenntun og öðru því er túlka má á einn eða annan veg sem fullorðinsfræðslu úr gildi felld. — 3) Frumvarpið var af sömu aðilum skilið svo að með því væri á annan og ólíkan hátt fjallað um alla verkmenntun, sem á einhvern hátt hefði tengsl við atvinnulífið og vinnumarkaðinn í landinu. — Fullorðinsfræðslunefndin gat vel fallist á fyrstu athugasemdina sem gerð var af fulltrúum Iðnfræðsluráðs, enda hafði nefndin þurft á þriðja ár til frumvarpsgerðarinnar, kynningar á verkefninu, aðdrátta fróðleiks, rannsóknar gagna og loks niðurröðunar, samningar og greinargerðarinnar. — Hin tvö atriðin töldu nefndarmenn á misskilningi byggð og færðu fram eftirfarandi rök fyrir því:

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu er alger frumsmíð á sínu sviði og fellir engin lög úr gildi þeirra sem nú taka til fræðslu- og skólamála. Þetta á líka við um þau ákvæði annarra laga er fjalla um endurmenntun, viðbótarmenntun svo og annað er túlka má sem fullorðinsfræðslu. Frumvarpið sjálft ber þetta líka með sér, þar sem hvergi er að finna ákvæði um að önnur lög eldri falli úr gildi við tilkomu þessara nýju laga. Þá ber frumvarpið það líka ljóslega með sér að fullorðinsfræðsla sem er hliðstæð frumfræðslunni skal rækt af aðilum frumfræðslunnar að svo miklu leyti sem þess er kostur (sbr. 16. grein og skýringar við hana).

Frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu er ekki ætlað að koma í stað laga um verkmenntun eða gera slíka lagasmíð óþarfa. Frumvarpið snertir á engan hátt frumfræðslu verkmenntunar nema að því leyti sem það gefur fyrirheit um að fullorðnir fái aðstöðu til að öðlast þá þekkingu sem frumfræðslan veitir og þá í því formi og samkvæmt þeim kennsluháttum, sem miðaðir eru við þarfir og þroska fullorðinna, enda þótt sú fullorðinsfræðsla verði rækt af stofnunum frumfræðslunnar að því leyti og í þeim mæli, sem þær geta rækt og veitt slíka fræðslu. — Hitt er alveg rétt að frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu skapar aðra og nýja möguleika til menntunar í tengslum við atvinnulífið og á vegum aðila vinnumarkaðarins heldur en hægt er að veita á grundvelli laga um frummenntun einum saman. Er þar í senn tekið mið af óskum fjölmargra aðila á Íslandi svo og fylgt fordæmi annarra þjóða, en umræddar óskir hafa ekki að litlu leyti verið fram settar með skírskotun til langrar og athyglisverðrar reynslu grannþjóða okkar.

Það er von fullorðinsfræðslunefndarinnar að fundurinn með fulltrúum Iðnfræðsluráðs hafi orðið til að eyða tortryggni og leiðrétta misskilning og mistúlkun frumvarpsins, enda var svo að heyra á fulltrúunum, þegar upp var staðið.

III

Fullorðinsfræðslunefndin telur ekki ástæðu til að fjölyrða um önnur atriði sem fram komu í umsögnum hinna 24 aðila er bárust menntamálaráðuneytinu, enda hefur nú verið dvalið við þau, sem nefndin telur mestu máli skipta. Er athugunum og umsögnum fullorðinsfræðslunefndarinnar hér með komið á framfæri við hæstvirt menntamálaráðuneyti.

Virðingarfyllst

f. h. fullorðinsfræðslunefndarinnar

Guðmundur Sveinsson, formaður. Sigríður Thorlacius, ritari.

ÁLYKTUN STJÓRNAR L.S.F.K. UM FRUMVARP TIL LAGA UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

I. L.S.F.K. telur frumvarpið jákvætt og styður þá stefnu frumvarpsins að fullorðinsfræðsla sé sett jafnrétthá hinu lögbundna skólakerfi.

Nú þegar er hafin ýmiss konar fullorðinsfræðsla m.a. hjá námsflokkum og M.F.A. og er vafalaust tímabært að reyna að samræma kennsluna og skipuleggja.

Margs ber að gæta við frumvarp sem þetta og vill stjórn L.S.F.K. aðallega benda á eftirfarandi atriði, þó erfitt sé að meta frumvarpið í heild, þar sem í nokkrum atriðum er vísað til reglugerða sem á eftir að semja.

II. L.S.F.K. telur að leysa beri fullorðinsfræðsluna m.a. á eftirfarandi hátt:

A. Námsflokkar reknir af sveitarfélögum undir umsjá fræðsluskrifstofa í hverju fræðsluhéraði.

B. M.F.A. og hliðstæð fræðslusamtök fái fyrirgreiðslu ríkisins.

C. Inntökuskilyrði í H.Í. og aðra framhalds- og sérskóla ber að rýmka eins og tíðkast í öðrum löndum.

Því leggur L.S.F.K. áherslu á undirbúning þeirra nemenda sem æskja inngöngu í skólana og ekki fullnægja kröfum um inntökuskilyrði eða hafa ekki náð tilskildum árangri á inntökuprófi.

L.S.F.K. telur að leggja beri höfuðáherslu á að í öllum skólahéruðum landsins sé tiltækt skólahúsnæði og sé vafasamt að eyða hundruðum milljóna í frjálst áhuganám, meðan enn hefur ekki tekist að skapa viðunandi aðstöðu við lögbundið nám. Fyrirsjáanlegur er nú niðurskurður á opinberum framkvæmdum. L.S.F.K. leggur áherslu á að ekki verði dregið úr fjárveitingum til nýbygginga skóla og telur jafnframt að eðlilegt sé að við fullorðinsfræðsluna sé nýtt það kennsluhúsnæði sem fyrir er í landinu og henta þá vel kvöldskólar og sumarnámskeið. Varast ber að gera fullorðinsfræðslukerfið of viðamikið, heldur reyna eftir megni að nýta það kerfi sem fyrir er. Nauðsynlegt er, miðað við þjóðfélag okkar í dag, að aðgreina nám er lýkur með prófi/prófum og undirbýr undir starfsmenntun og er eðlilegt að ríkið beri kostnað af því. Athugandi er hvort ríki á að greiða eins stóran hluta af kostnaði náms er fólk stundar aðeins vegna áhuga og löngunar til fræðslu. Hlutur verkmenntunar sé einnig metinn jafn og hlutur bóklegrar menntunar.

III. Athugasemdir við einstakar greinar.

3. gr. c) liður falli niður. Nægilegt er að þeir aðilar er um er getið í a) og b) lið sjái um fræðsluna.

6. gr. Eðlilegt er að kennarasamtökin eigi aðild að fullorðinsfræðsluráði. c) liður breytist því þannig: .... 1 fulltrúi M.F.A., 2 fulltrúar kennarasamtakanna.

7. gr. Í stað „tveir fulltrúar fræðslufélaga og fræðslusamtaka“ komi: 1 fulltrúi fræðslufélaga og fræðslusamtaka og 1 fulltrúi kennarasamtakanna í landinu.
15. gr. Falli niður.
16. gr. .... „en hlýtur styrk o.s.frv.“ falli niður.
19. gr. Æskilegt er að kennslufræðilegar stöðvar séu í fræðsluumdæmunum. Engin slík stöð er til í dag fyrir hið lögbundna skólakerfi. Sýnir þessi grein vel hve skólakerfi okkar í dag er langt á eftir anda þessara laga. Kennslufræðilegar stöðvar verði reknar af fræðsluskrifstofum og því sameiginlegar fyrir alla aðila sem þurfa þeirra við.
21. gr. Varhugavert ákvæði varðandi ráðningu kennara og leiðbeinenda. Gera verður fyllstu kröfur til kennara og leiðbeinenda fullorðinsfræðslunnar ekki síður en við frummenntunina.
29. gr. Eðlilegt er að stéttarfélög í landinu semji um slík atriði í kjarasamningum.
30. gr. Lágmarksfjöldi nemenda í bekk til undirbúnings grunnskólaprófs (þ.e. 8. og 9. bekk) er 12 nemendur. Fjöldi nemenda getur því ekki lokið grunnskólanámi í sinni heimabyggð. Slíkt óréttlæti ber að leiðrétta áður en samþykkt eru lög um 5 nemenda lágmark í námsflokki.
34. gr. Falli út.

IV. L.S.F.K. er til umræðu um lagafrumvarp þetta og er reiðubúið til að senda fulltrúa hvenær sem þess verður óskað til viðræðna.

Janúar 1975.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. desember 1974.

Ráðuneytið sendir fullorðinsfræðslunefnd hér með til athugunar umsagnir eftirgreindra aðila um frv. til laga um fullorðinsfræðslu:

1) Fræðsluráðs Reykjavíkur,
2) Skólanefndar Keflavíkur,
3) Fræðslumyndasafns ríkisins,
4) Vinnumálasambands samvinnufélaganna,
5) Iðnnemasambands Íslands,
6) Skólanefndar Neskaupstaðar og
7) Sambands ísl. sveitarfélaga.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

29. október 1974.

Á fundi fræðsluráðs 28. október s.l. voru lögð fram og rædd drög að umsögn um framlagt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fræðsluráð fellst á umsögnina og fylgir hún hér með.

Þá fylgir einnig hér með fyrri umsögn fræðsluráðs Reykjavíkur um sama frumvarp.

Virðingarfyllst,

Kristján J. Gunnarsson.

Lagt fram í fræðsluráði 28. október 1974.
Samþykkt.

Fræðsluráð Reykjavíkur hefur rætt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu á nokkrum fundum og fræðsluráðsmenn hafa haft frumvarpið til athugunar milli funda.

Fræðsluráð lýsir ánægju sinni með forvinnu nefndarinnar að því er varðar hugmyndafræðilegan grundvöll frumvarpsins og er samþykkt almennri stefnumörkun hennar og fræðilegum skilgreiningum. Hins vegar vill fræðsluráð gera eftirfarandi athugasemdir og tillögur um framkvæmdahlið málsins:

Þarfir fyrir bætt menntakerfi og menntunarskilyrði eru mun meiri en geta opinberra aðila til að uppfylla þær og því nauðsynlegt, að verkefnum sé raðað og ekki of mikið færst í fang í einu, en það gæti leitt til ófullnægjandi framkvæmdar á öllum sviðum.

Að mati fræðsluráðs Reykjavíkur skortir ennþá mjög á, að ríki og sveitarfélög geti látið í té nægilegt fjármagn til að hægt sé að uppfylla kröfur núverandi fræðslulaga um menntun og menntunaraðstöðu. Meðan svo er, telur fræðsluráð Reykjavíkur varhugavert að lögfesta svo víðtækar skyldur og heimildir um fullorðinsfræðslu sem í frv. felast, einkum þar sem þar er gert án þess að nokkur grein sé gerð fyrir kostnaði við framkvæmd frumvarpsins.

Frv. um fullorðinsfræðslu virðist einkum byggt á erlendum fyrirmyndum og ekki sem skyldi tekið mið af íslenskum aðstæðum og reynslu.

Þrátt fyrir langa og ýtarlega greinargerð, er þar enga vitneskju að finna um þá fræðslu fullorðinna, sem á sér þó stað á Íslandi og hefur farið fram alllengi með mismunandi hætti hjá ýmsum aðilum.

Augljóst er að með frumvarpi þessu er stofnað til nýs fræðslukerfis við hliðina á því sem fyrir er.

Áætlun um fullorðinsfræðslu á Íslandi hlýtur að byggjast framar öllu á nákvæmri vitneskju um ríkjandi ástand í þessum efnum.

Á grundvelli þeirrar reynslu sem fyrir hendi er, ættu lög um fullorðinsfræðslu fyrst og fremst að byggja með þeirri víkkun viðfangsefna og aukningu opinberrar aðstoðar, sem út frá raunsæjum forsendum yrði talið unnt að koma í framkvæmd. Má þar til nefna sérstaklega t.d. fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frummenntunar (sbr. 16. gr. frv.), námsflokkastarf á vegum fræðsluumdæma, en innan þess getur rúmast margt það sem frv. gerir ráð fyrir, bréfaskóla og skipulagningu ævimenntunar vegna atvinnuveganna. Vandlega þarf að íhuga hvort ekki er unnt að komast hjá að setja upp sérstakt stjórnkerfi vegna fullorðinsfræðslu í þeim mæli sem frv. gerir ráð fyrir og hvort framkvæmd væntanlegra laga getur ekki að mestu fallið undir skólayfirvöld skv. almennum fræðslulögum (grunnskóla og framhaldsskóla), þar sem tekið yrði tillit til sérstöðu t.d. atvinnuvega með skipun nefnda er störfuðu á vegum skólayfirvalda.

Fræðsluráð Reykjavíkur mælir með því að sem fyrst verði sett lög um fullorðinsfræðslu, en telur að endurskoða þurfi það frv. sem nú liggur fyrir, með það markmið fyrir augum að skýrt verði kveðið á um, hvað í frv. á að koma til framkvæmda strax og hvað líta beri á sem framtíðarmarkmið, sem ekki sé unnt að framkvæma að svo stöddu, og yrði þá annaðhvort fellt burt úr frv. eða kveðið á um frestun þess.

Samkvæmt beiðni nefndar þeirrar, sem vann að samningu þessa frumvarps sendi þáverandi fræðsluráð Reykjavíkur (1973) nefndinni umsögn um drög að frumvarpinu. Fræðsluráð leyfir sér að vísa til þessarar umsagnar, sem hér fylgir, og lýsir sig í meginatriðum efnislega samþykkt henni.

UMSÖGN UM DRÖG AÐ FRUMVARPI UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

Um hugtök.

Notuð verði hugtökin **aðalmenntun** = fræðsla í reglubundnu skólahaldi fræðslukerfisins á tilætluðu aldursskeiði.

Eftirmenntun = fræðsla utan reglubundins skólahalds fræðslukerfisins og á öðru aldursskeiði.

Nálgun vandamálsins.

Eftirmenntun er í dag rekin af ýmsum aðilum. Ekkert skipulegt yfirlit er til um þá starfsemi. Þá eru hugmyndir um markmið engan veginn skýrar, hvorki með umræðu í þjóðfélaginu né með pólitískum ákvörðunum stjórnvalda.

Vitneskja um núverandi ástand og æskilegt ástand (þ.e. markmið) er þó skilyrði þess, að unnt sé að komast að niðurstöðu um leiðir eða aðgerðir. Slík öflun upplýsinga er forsenda þess að hægt sé að móta löggjöf um eftirmenntun á viðtækum grundvelli. Meðan þessi forvinna hefur ekki verið unnin, er hætt við að lagasetning verði í ýmsum atriðum óljós og óraunsæ og hlýtur þess að gæta nokkuð í drögunum að frumvarpinu, enda engin leið t.d. að gera sér grein fyrir hverjar yrðu fjárhagslegar skuldbindingar opinberra aðilja, ef drögin yrðu óbreytt að lögum.

Aðkallandi lausn þekktra vandamála.

Vegna vitneskjuskorts er nauðsynlegt, að löggjöf um eftirmenntun takmarkist fyrst í stað við lausn aðkallandi og þekktra vandamála. Vitað er að eftirmenntun á öllum sviðum er að mestu rekin í dag í nafni ríkis og sveitarfélaga og aðeins að takmörkuðu leyti af „frjálsum og óháðum fræðslusamtökum". Þetta er að sjálfsögðu mjög grófur dómur um núverandi ástand, sem upplýsa verður nánar með könnun.

Síðasta frumkvæði í eftirmenntun og það sem brýnast er að örva frekar er útbreiðsla námsflokka á vegum sveitarfélaga að fyrirmynd Rvíkurborgar. Taka ætti upp kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á þessari tegund af fræðslu, sem svaraði a.m.k. til þess sem gerist í núverandi skyldunámi. Taka þarf afstöðu til styrkveitinga til þeirrar eftirmenntunar, sem í dag er rekin af „frjálsum og óháðum fræðslusamtökum" eins og bréfaskóla A.S.Í. og S.Í.S. og binda með tæmandi upptalningu í lög e. t. v. með heimild fyrir ráðherra til að beita lögjöfnun á önnur samtök, sem síðar kynnu að fara fram á slíkt. Á þann hátt yrði girt fyrir þá miklu hættu, sem er í núverandi drögum, að sérhvert félag eða jafnvel sýndarfélag krefjist styrks og góðhjartaður ráðherra láti undan á veikri stundu, og jafnframt verði krafist alvarlegs frumkvæðis af þeim samtökum, sem styrks kynnu að njóta.

Styrkur veittur af sveitarfélögum til fræðslusamtaka ætti að endurgreiðast að hluta af ríkinu eftir kostnaðarskiptingarreglu. Ber þá ekki síst að hafa í huga hina almennu skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga, sem ekki gefur tilefni til hraðs vaxtar fræðsluútgjalda sveitarfélaga, hvar sem er á landinu.

Stjórnsýslukerfi eftirmenntunar.

Jafnvel þótt gert væri ráð fyrir verulegum vexti eftirmenntunar er ekki þörf á sérstöku stjórnsýslukerfi. Megininntak í opinberri stjórnun þessara mála er styrkveitingar, mat á þeim og eftirlit, svo og endurgreiðsla eftir kostnaðarskiptingarreglum. Ber því að nota það stjórnsýslukerfi, sem til er í fræðslumálum og gert er ráð fyrir í grunnskólafrumvarpi, enda er eftirmenntunarkerfið til stuðnings aðalmenntunarkerfinu og til að fylla í eyður þess að nokkru.

Engin tilnefningarráð ættu að vera, þaðan kemur sjaldnast frumkvæði. Hins vegar mætti vera heimildarákvæði um, að verði stofnuð samtök framkvæmdaraðila eftirmenntunar í héraði og/eða á landsvísu ber að líta á stjórnir þeirra sem ráðgefandi aðila fyrir stjórnvald sama stigs.

Ýmis atriði.

Hugmyndum um kennslugagnamiðstöðvar og kennslufræðilegar miðstöðvar ætti að vísa strax til menntamálaráðuneytisins og taka upp í grunnskólafrumvarp. Hér eru á ferðinni stórmál, sem taka þarf upp í stærra samhengi.

Í 3. gr. draganna að frumv. er að mestu leyti um að ræða sjálfgefin atriði, sem auk þess beint eða óbeint koma fram á öðrum stöðum í drögunum, en um ábyrgð opinberra aðilja á þessari tegund fræðslu ættu að gilda almenn ákvæði fræðslulaga. Það er helst setningin: „Ríkið ber ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu, sem er þáttur í mótun atvinnulífsins“ — sem á rétt á sér. Þessi tegund eftirmenntunar sem snertir mótun atvinnulífsins er óskilgreind í drögunum enda skortir sjálfsagt mest á vitneskju um ástand hennar. Tveggja kosta er völ við meðferð þessarar tegundar:

a. Að sleppa henni alveg nú og láta fara fram rækilega könnun á henni.
b. Taka upp í frumvarpið beinum orðum brýna þætti að mati samtaka vinnumarkaðar og að undangenginni kostnaðaráætlun til nokkurra ára (sbr. tillögu um málsmeðferð hér að framan).

Í greinargerð frumvarps ættu að vera allar tiltækar tölulegar upplýsingar um ástand og þróun eftirmenntunar. Ennfremur ætti að taka skýrt fram, að hér sé á ferðinni fyrsta átak í þessum málum, sem miði að lausn aðkallandi og þekktra vandamála.

Sérstökum athugunum verði hleypt af stokkum og eftirmenntunarmálin endurskoðuð eftir nokkur ár.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Keflavík, 4. október 1974.

Á fundi skólanefndar Keflavíkur þann 3. október var tekið fyrir bréf yðar frá 9. september og gerð svohljóðandi bókun:

„6. Lesið upp bréf frá menntamálaráðuneyti Íslands, þar sem beðið er umsagnar um frumvarp til laga, um fullorðinsfræðslu, sem lagt verður fyrir Alþingi í haust.

Skólanefnd ræddi frumvarpið og lýsir yfir stuðningi sínum við það.“

Virðingarfyllst,

f. h. skólanefndar Keflavíkur,
Gunnar Sveinsson, form.

FRÆÐSLUMYNDASAFN RÍKISINS

Reykjavík, 21. október 1974.

Stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins hefur fjallað um frv. til l. um fullorðinsfræðslu, sem hæstvirt ráðuneyti hefur sent til umsagnar. Stjórnin er almennt mjög hlynnt máli þessu, en telur rétt að takmarka umsögn sína við það, sem snert gæti Fræðslumyndasafnið.

Í því efni er rétt að taka fram, að safnið hefur staðið og mun standa opið hverjum þeim aðila, sem heldur uppi fullorðinsfræðslu, og reyni safnið ekki síður að verða þeim að liði á sviði nýsitækni en öðrum fræðslustofnunum.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir kennslugagnastofnun ríkisins, en lög um hana hafa sem kunnugt er ekki verið afgreidd. Þessi grein gæti átt við Fræðslumyndasafnið og staðfest þá framkvæmd, sem að ofan getur, þar til kennslusagnastofnun verður til.

Virðingarfyllst,

Benedikt Gröndal.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

VINNUMÁLASAMBAND SAMVINNUFÉLAGANNA

Reykjavík, 15. nóvember 1974.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar dagsett 9. september s. l., þar sem farið er fram á umsögn vora um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Vinnumálasamband Samvinnufélaganna fagnar því sérstaklega að nú skuli vera stefnt að löggjöf um fullorðinsfræðslu. Sem aðilum að vinnumarkaðinum er oss ljós hin vaxandi þörf fyrir aukna þekkingu og bætta starfsmenntun við hin ýmsu störf í atvinnulífinu. Vaxandi samkeppni á innlendum og erlendum vettvangi, ásamt breyttum framleiðsluháttum og örri þróun á sviði tækninýjunga, gerir endurmenntun nauðsynlega. Viljum vér í því sambandi nefna endurnýjun og viðhald fyrri starfsmenntunar, viðbótarmenntun vegna nýjunga í sömu starfsgrein og um menntun, þar sem breyttir framleiðsluhættir leysa af hólmi eldri starfsgreinar og beina þarf starfsmenntun starfsmanna inn á ný svið.

Má benda á í sambandi við ofanritað að samtök vinnumarkaðarins hafa í nokkrum tilfellum þegar í samningum sín á milli ákvæði um endurmenntun, sem aðilar hafa sameiginlega unnið við að koma á fót.

Í umræddu frumvarpi er fjallað um rammalöggjöf. Þar af leiðir að hlutverki aðila vinnumarkaðarins sérstaklega er ekki gerð náin skil og ákvæði frumvarpsins almenns eðlis í þessu sambandi. Leggjum vér áherslu á að við setningu laga og reglugerða á grundvelli umræddrar rammalöggjafar, sem sérstaklega snerta vinnumarkaðinn og hlutverk það, sem aðilum hans verður ætlað, þá verði haft náið samstarf við samtök vinnumarkaðarins.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins viljum vér taka fram eftirfarandi:

Um 6. og 7. gr.

Í sambandi við aðild að fullorðinsfræðsluráði og fullorðinsfræðslunefndum viljum vér sérstaklega benda á þýðingu samvinnuhreyfingarinnar úti á landsbyggðinni þar sem atvinnurekstur samvinnurélaganna er víða beint og óbeint helsti burðarásinn í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga.

Um 12. gr.

Í reynd má gera ráð fyrir að ákveðnum aðila, leiðbeinanda eða fræðslustjóra innan fyrirtækisins verði falið að sjá um og stjórna fræðslustarfsemi innan fyrirtækis í það og það sinn eða að jafnaði eftir atvikum. Teljum vér eðlilegt að ráðuneytið samþykki slíkan aðila, sem síðan hefði samráð bæði við stjórnendur og starfsfólk og ráðuneyti um stjórn fræðslustarfseminnar.

Um 22. gr.

Vér teljum óæskilegt að lögin skuldbindi aðila til þess að ráða fastan starfskraft sérstaklega, sem námsstjóra eða leiðbeinanda ef ekki er ástæða eða bolmagn til þess. Hins vegar teljum vér eðlilegt að fyrirætlanir um fræðslu eða námskeið, sem styrks eiga að njóta skv. lögum, verði bornar undir viðkomandi ráðuneyti sem samþykkti stjórnanda starfseminnar í þessu sambandi.

Um 27. gr.

Eðlilegt virðist að aðilar vinnumarkaðarins gætu á sama hátt og fræðslusamtök krafist innritunargjalds í sambandi við fræðslustarfsemi.

Um 31. gr.

Hér er fjallað um mikilvæga þætti, sem snerta samtök vinnumarkaðarins og því rétt að ítreka nauðsyn þess að samráð verði haft við samtökin þegar reglur verða mótaðar í þessu sambandi.

Um 35. gr.

Nauðsynlegt er að aðilar vinnumarkaðarins fái styrk til þess að mennta leiðbeinendur á sínum vegum. Er hér til dæmis átt við sérhæfða starfskrafta í einstökum starfsgreinum, eða aðra starfskrafta sem þjálfaðir yrðu til leiðbeiningarstarfa á sínu sviði.

Um 36. gr.

Oss virðist greinin almenns eðlis, en vér teljum eðlilegt að lögin gerðu ráð fyrir styrk til fræðsluaðila, sem koma upp á eigin kostnað fræðsluaðstöðu, sem nauðsynleg verður talin og fellur undir lög um fullorðinsfræðslu.

Með mikilli virðingu,

f. h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna,

Júlíus Kr. Valdimarsson.

Til menntamálaráðuneytisins,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 16. nóv. 1974.

Menntamálaráðuneytið
c/o Birgir Thorlacius
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Ráðuneytið hefur óskað umsagnar Iðnnemasambands Íslands um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Fræðslunefnd sambandsins hefur haft frumvarpið til meðferðar og komist að eftirfarandi niðurstöðu, sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórn I.N.S.Í.

I. N. S. Í. telur að meðan nám á framhaldsskólastigi er í endurmótun og þar sem það hlýtur að verða stærsti hluti þeirrar frumfræðslu, sem gert er ráð fyrir að veitt sé samkvæmt frumv. til l. um fullorðinsfræðslu, a. m. k. hvað varðar verk- og tæknimenntun, sé ekki ástæða til að samþykkja áðurnefnt frumv., sem lög eins og það liggur fyrir. Enn fremur telur I.N.S.Í. að þó svo að samþykkt yrðu lög um fullorðinsfræðslu, sem fjölluðu um frumfræðslu, starfsmenntun, viðbótarmenntun, endurmenntun eða ummenntun í tengslum við atvinnulífið, sé ekki rétt að gera ráð fyrir að stjórnun þeirrar fræðslu sé undir öðrum aðilum en þeim sem stjórna þessari fræðslu nú þegar (hinum ýmsu deildum Menntamálaráðuneytisins, önnur ráðuneyti v/sérskóla, Iðnfræðsluráð o. fl.). I.N.S.Í telur því að það stjórnkerfi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé algjörlega óþarft og nær væri að samræma starf þeirra stjórnunaraðila fræðslumála, sem fyrir eru í landinu en dengja nýjum aðila oní það öngþveiti.

Ýmsar greinar í frumvarpinu virðast að meira eða minna leyti vera óþarfar og einungis til þess fallnar að koma á þeim skilningi að fullorðinsfræðsla sé það sérstakt fyrirbrigði að nauðsynlegt sé að skilja það frá öðrum hlutum fræðslukerfisins, en I.N.S.Í. telur að nóg sé um stéttaskiptingu í menntakerfinu nú þegar

og því er slíkur aðskilnaður í einni eða annarri mynd óæskilegur. Einnig eru í frumv. ákvæði, sem að dómi I.N.S.Í. ættu að heyra til annarra laga, svo sem ákvæðin um fjármögnun frumfræðslunnar.

I.N.S.Í. álítur vænlegar til árangurs í fræðslu fullorðinna að í öll lög um fræðslu, sem við á séu sett ákvæði um fullorðinsfræðslu, sem innihaldi eftirfarandi atriði:

a. Skilgreiningu á fullorðinsfræðslu, sem gæti farið fram samkvæmt viðkomandi lögum.
b. Skyldu stjórnunaraðila viðkomandi laga til að skipuleggja og bjóða fullorðinsfræðslu.
c. Um önnur atriði fullorðinsfræðslunnar, svo sem kennara, fjármál, námsinnihald, próf og þh. gildi sömu ákvæði og um frumfræðsluna.

Hins vegar telur I.N.S.Í. rétt að lögfest séu ákvæði um fjárstyrki opinberra aðila til fræðslusamtaka, sem annast fræðslu, sem opinberir aðilar láta ekki í té, einkum á sviði félagsmála.

Virðingarfyllst, f. h. I.N.S.Í.

Björg Óskarsdóttir, ritari.

SKÓLANEFND NESKAUPSTAÐAR

Neskaupstað, 18. nóv. 1974.

Hjálagt sendi ég yður umsögn skólanefndar Neskaupstaðar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem Menntamálaráðuneytið sendi skólanefndinni til umsagnar í september s. l.

Í meðfylgjandi áliti skólanefndarinnar koma fram eftirtalin meginatriði:

1. Þótt æskilegt sé, að Alþingi móti á næstunni stefnu um fullorðinnafræðslu og hlúi að henni á ýmsan hátt, er ekki rétt að leggja umrætt frumvarp til grundvallar slíkri löggjöf, nema þá eftir rækilega endurskoðun.
2. Nauðsynlegt er að setja samræmda löggjöf um framhaldsskólastigið, að meðtalinni verk- og tæknimenntun, áður en sett verða yfirgripsmikil lög um fræðslu fullorðinna.
3. Æskilegt er að reynsla fáist af starfi fræðsluráða í landshlutum (fræðsluumdæmum) að því er tekur til grunnskóla, áður en þeim verða falin ný og umfangsmikil verkefni varðandi önnur skólastig eða fullorðinnafræðslu.
4. Stuðningur ríkisins við fullorðinnafræðslu verði fyrst um sinn í margskonar óbeinu formi, en ekki þau „75% af sannanlegum kostnaði", sem frumvarpið gerir ráð fyrir. (Sjá að öðru leyti ábendingar skólanefndar undir lið 3., a—j).
5. Menntamálaráðuneytinu verði heimilað að starfrækja fullorðinnadeildir við skóla framhaldsstigsins fyrir fólk 21 árs og eldra, enda veiti þær fræðslu hliðstæða frummenntun og kostnaður verði þá greiddur af ríkinu á sama hátt og við frummenntun.
6. Hvatt verði til, að sveitarfélög komi sem víðast á námsflokkum með fjölbreyttu sniði undir stjórn skólanefnda og fulltrúa áhugaaðila með fjárhagsstuðningi sveitarsjóða og annarra heimaaðila, en óbeinum stuðningi ríkisins.
7. Atvinnurekendur standi straum af kostnaði við starfsþjálfun fullorðinna, sem er í beinum tengslum við atvinnurekstur og vinnustaði.

Um nánari tillögur vísast til umsagnar skólanefndarinnar.

Með vinsemd og virðingu,

f. h. skólanefndar Neskaupstaðar,
Hjörleifur Guttormsson, formaður.

SKÓLANEFND NESKAUPSTAÐAR

13. nóvember 1974.

Umsögn um „frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“ og ábendingar um þann þátt fræðslumála.

Skólanefnd Neskaupstaðar hefur á nokkrum fundum rætt um „frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“, sem Menntamálaráðuneytið sendi nefndinni til umsagnar með bréfi dags. 9. sept. 1974 og fyrirhugað mun að flytja á yfirstandandi Alþingi.

Skólanefndin hefur á fundi sínum í dag, 13. nóv. 1974, orðið sammála um svofellda umsögn:

Skólanefnd Neskaupstaðar telur æskilegt, að á næstunni verði sett lög um fullorðinnafræðslu, er kveði á um helstu markmið, er stefna beri að á því sviði, tengsl við hið opinbera skólakerfi og beinan og óbeinan stuðning aðila við fullorðinnafræðslu. Margt í framkomnu frumvarpi horfir þar í rétta átt, en skólanefndin telur þó, að svo yfirgripsmikil löggjöf sem þessi um fræðsluþátt, sem mjög takmörkuð reynsla er fengin af hérlendis, sé ótímabær, og sitthvað í fyrirhugaðri stjórnsýslu og fjármögnun þurfi athugunar við, áður lögfest yrði.

Verður hér vikið að nokkrum atriðum, sem skólanefndinni þykir rétt að vekja athygli á varðandi frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

1. Tengsl við frummenntun.

Góður aðbúnaður opinberra aðila að frummenntun og skýr stefnumótun varðandi hana er þýðingarmikil forsenda fyrir fullorðinnafræðslu og tengsl beggja þessara þátta í fjölbreytilegri og gagnlegri ævimenntun. Í framtíðinni mun fullorðinnafræðslan víðast hvar á landinu þurfa að styðjast í ríkum mæli við stofnanir og starfskrafta tengda frummenntuninni á öllum þremur stigum skólakerfisins. Af hálfu löggjafans vantar enn grundvallarstefnumótun varðandi framhaldsskólastigið og að nokkru um háskólastig. Þannig er afar brýnt, að í framhaldi af lögum um grunnskóla verði sett samræmd löggjöf um framhaldsskólastig, er m. a. taki til kostnaðar og innbyrðis tengsla allra skóla að grunnskóla loknum. Skiptir þar ekki minnstu máli svonefnd verk- og tæknimenntun, sem lengi hefur verið hornreka og vantað tengsl og jafnræði á við aðra fræðsluþætti. Skólanefndin teldi það vanhugsað, að fara að móta svo víðtæka löggjöf um fullorðinsfræðslu, sem ekki síst er ætlað að grípa inn á margháttaða starfsmenntun, áður en sett hefur verið löggjöf um framhaldsskólastig og starfsmenntun innan þess í reynd verið komið í viðunandi horf.

2. Stjórnsýsla.

Með frumvarpinu er lagt til, að stjórnun og eftirlit með fullorðinnafræðslu byggi í veigamiklum atriðum á nýmælum í löggjöf um grunnskóla að því er varðar fræðsluráð og fræðsluskrifstofur, sem landshlutasamtök sveitarfélaga yrðu aðilar að á móti ríkissjóði. Skólanefndin telur æskilegt, að reynsla verði látin skera úr um ágæti þessa kerfis, áður en farið verði að bæta þar við nýjum þáttum, svo sem fullorðinnafræðslunefndum (sbr. 7. gr.), en fræðsluskrifstofur gætu þó tekið að sér tiltekna þætti sem samræmingaraðili milli ríkis og sveitarfélaga og ýmiss konar fyrirgreiðslu í þágu fullorðinnafræðslu. Við teljum hins vegar, að stjórnun fullorðinnafræðslu að því er tekur til opinberra aðila eigi fyrst um sinn að vera í höndum Menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga. Ekki er óeðlilegt, að ríkinu til ráðuneytis komi fullorðinnafræðsluráð, kosið hlutfallslega af tilnefningaraðilum, og í sveitarfélögum viðkomandi skólanefnd í samvinnu við aðra aðila, svo sem aðstæður gefa tilefni til (launþegasamtök, fræðslufélög o. fl.).

Á þennan hátt mætti tryggja verulega aukinn stuðning við fullorðinnafræðslu og samræmingu að hálfu hins opinbera í samræmi við markaða stefnu, án þess að bæta við nýjum stjórnsýsluaðilum, fyrr en þá að fenginni reynslu.

3. Stuðningur ríkisins.

Skólanefndin telur, að meginreglan um fjárhagsstuðning ríkisins við fullorðinnafræðslu eigi fyrst um sinn að felast í margháttuðum óbeinum aðgerðum, en ekki í „75% af sannanlegum kostnaði", sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem aðalviðmiðun um styrkveitingar.

Stuðningur ríkisins ætti m. a. að koma fram í eftirtöldu:

a. Stjórnun og samræmingu fullorðinnafræðslu á vegum Menntamálaráðuneytisins og á vegum fræðsluskrifstofa í umboði þess.
b. Skólarannsóknir ráðuneytisins taki einnig til fullorðinnafræðslu, og ríkið standi að og kosti námskeið fyrir leiðbeinendur.
c. Ríkið launi sérþjálfaða námsleiðbeinendur (kennara), er starfi á vegum Menntamálaráðuneytisins sem eins konar farandkennarar, er taki að sér fræðslu og aðstoði við að koma henni af stað á vegum námsflokka í sveitarfélögum, á starfsþjálfunarnámskeiðum og víðar. Jafnframt geta þeir orðið mikilvægur telgiliður við skólarannsóknir og á annan hátt ráðgefandi um þróun fullorðinnafræðslu. Slíkum leiðbeinendum verði fjölgað smátt og smátt með hliðsjón af reynslu og æskilegri þróun.
d. Skólarannsóknir beiti sér fyrir samningu og gerð fjölþætts námsefnis til fullorðinnafræðslu og stuðningi við útgáfu þess, einnig að því er varðar kennsluefni á vegum bréfaskóla.
e. Veitt verði aðstaða án endurgjalds í skólahúsnæði eða öðru húsnæði í eigu ríkisins eða ríkis og sveitarfélaga, með aðgangi að kennslugögnum að bókasöfnum meðtöldum, að sjálfsögðu með fullu samkomulagi við umráðaaðila (sbr. 36. gr.).
f. Í öllum nýbyggingum skóla og við breytingar á eldra húsnæði verði tekið tillit til þarfa fullorðinnafræðslu og gengið frá normum þar að lútandi á vegum Menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af tillögum ýmissa aðila, er standa að fullorðinnafræðslu.

   Jafnframt verði þróuð kennslugagnastofnun ríkisins, er fullorðinnafræðsla eigi aðgang að til jafns við hið lögbundna skólakerfi (sbr. 18. gr.).
g. Menntamálaráðuneytinu verði heimilað að starfrækja fullorðinnadeildir á vegum skóla framhaldsstigsins, enda veiti þær fræðslu hliðstæða frummenntun, einnig á sviði verk- og tæknimenntunar, og kostnaður greiddur á sama hátt og við hliðstæða frummenntun. Þess verði gætt að ákvarða aldursmark til inngöngu í slíkar deildir, að ekki verði stofnað með þeim til óeðlilegrar samkeppni við venjulega skólagöngu ungmenna, til dæmis miðað við 21 ár sem lágmarksaldur.
h. Til stuðnings við starfsmenntun fullorðinna, sem þegar eru í starfi á vinnumarkaðinum veiti ríkið almenna stefnumarkandi forystu og aðstoði við að koma á sérstökum námskeiðum í samvinnu við starfsmannasamtök og fræðslu innan námsflokka og með öðrum hætti. Ríkið greiði kostnað vegna stjórnunar og skipulagningar slíks náms, stuðli að útgáfu námsefnis og launi sérhæfða kennslukrafta að vissu marki (sbr. c-lið), en á móti komi greiðslur frá starfsmannafélögum og úr atvinnuleysistryggingarsjóði, sbr. 24. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973, þar sem segir:

   „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk, sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og

atvinnuleysisbætur eru samkvæmt 18. gr. a, fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda ....".

Ekki teldum við heldur óeðlilegt, að fræðslusjóðir eða hliðstæðir sjóðir launþegasamtaka léttu undir með félagsmönnum með styrkveitingum eftir efnum og ástæðum til að eiga kost á fræðslu í slíkum námsskeiðum og til þátttöku í öðrum greinum fullorðinnafræðslu.

Eðlilegt sýnist, að félagsmálafræðsla fyrir launþega verði tengd námsflokkastarfsemi á hverjum stað, enda eigi launþegasamtök aðild að stjórn námsflokka, eins og síðar verður að vikið. Gæti slík skipan komið í staðinn fyrir sérstakan félagsmálaskóla launþega á vegum ríkisins, sem hugmyndir hafa komið fram um, en stuðningur hins opinbera við félagsmálafræðslu komið inn í námsflokkakerfið með öðrum hætti.

Kostnaður af starfsþjálfun fullorðinna í beinum tengslum við atvinnurekstur og vinnustaði ætti hins vegar að greiðast af atvinnurekendum einum eða samtökum þeirra, þótt ríki og stjórn námsflokka á hverjum stað gæti aðstoðað við skipulagningu. Í þessu sambandi tala höfundar frumvarpsins í greinargerð (bls. 24 efst) um þau markmið, ... „að fræðslan komi að notum og verði bæði til að efla atvinnulífið, tryggja persónuþroska og verkmenningu og auka ábyrgðartilfinningu og skapa greiðari og meiri upplýsingamiðlun milli allra þeirra, sem sameiginlegra hagsmuna hafa að gæta." .... Sýnist eðlilegt, að atvinnurekendur beri einir kostnað af fræðslu, sem þannig er beinlínis ætlað að þjóna hagsmunum atvinnurekstrarins, og á meðan hljóta starfsmenn að eiga rétt á að halda óskertum launum.

Um réttindi til fræðslu, sem þegar eru bundin í kjarasamningum, t. d. hjá opinberum starfsmönnum, er óþarft að fjalla hér, en vel mætti hugsa sér að slík ákvæði yrðu regla í kjarasamningum launafólks, og þarf þá að tryggja lágtekjufólki, sem stendur utan stéttarfélaga (húsmæður, bændur) hliðstæð réttindi.

i. Fræðsla í fjölmiðlum á vegum ríkisins, í hljóðvarpi og sjónvarpi, hefur verið stunduð lengi að því er varðar málakennslu í hljóðvarpi, og nokkur viðleitni hefur verið hjá sjónvarpinu í sömu átt. Þá fræðslustarfsemi þarf þó að efla mjög verulega sem fyrst, einkum í sjónvarpi, og láta hana ná til fleiri sviða. Lenging á dagskrá sjónvarps ætti fyrst og fremst að beinast að slíku efni, sem fela ber umsjá fræðsluyfirvalda (Menntamálaráðuneytis) og sníða í senn að þörfum frummenntunar og fullorðinnafræðslu. — Skólasjónvarp þarf líka að þróa eftir föngum og nýta það þá einnig í þágu fullorðinsfræðslu. Væri eðlilegt, að kennslugagnastofnun ríkisins hefði umsjón með uppbyggingu þess og framleiðslu efnis í þessu skyni.

j. Um beina ríkisstyrki til almannasamtaka, er hafa ýmiss konar fræðslustarf á stefnuskrá sinni, er mikið fjallað í frumvarpinu, og sett fram þrískipting í fræðslusambönd, fræðslusamtök og fræðslufélög eftir landfræðilegri greiningu. Við erum þeirrar skoðunar, að slíkir styrkir séu tvíbent vopn, og geti allt eins orðið til að draga úr frumkvæði, áhugaanda og almennri þátttöku í starfi slíkra félaga, sem hafa þá tilhneigingu til að breytast í skrifræðistofnanir og nærast í reynd af ríkisframfærslu. Þar við bætist, hversu erfitt er að tryggja eftirlit með reikningshaldi slíkra aðila og gæðum þeirrar fræðslu, sem þeir standa fyrir, ekki síst úr fjarska.

Því ber að gjalda varhug við að fara út á þessa styrkjabraut, nema í takmörkuðum mæli, t. d. þannig að ótvíræð fræðslusambönd á landsvísu og bréfaskólar fái tiltekinn viðurkenningarstyrk á fjárlögum og staðbundin fræðslufélög hliðstæða viðurkenningu úr sjóði sveitarfélaga.

Samanburður við önnur Norðurlönd er ekki einhlítur mælikvarði í þessu efni, bæði vegna fólksfjölda og ekki síður almennt traustari menntunarundirstöðu og aðbúnaðar að frummenntun. Raunveruleg lengd vinnudags kemur hér einnig við sögu, og algengt vinnustrit hérlendis hlýtur að draga úr fræðslusókn alþýðu miðað við grannlöndin, þótt aukið fræðsluframboð og bætt aðstaða gæti vissulega átt þátt í að snúa þeirri þróun við.

4. Stuðningur sveitarfélaga.

Ef frá er talið bréfaskólanám, starf fræðslusambanda, sérstök námskeið og fullorðinnadeildir við framhaldsskóla, hljóta sveitarfélögin með stuðningi ríkisins að verða burðarás fullorðinnafræðslu á hverjum stað. Þar þarf að vera hægt að nýta skólahúsnæði sem best í þessu skyni til viðbótar við frumfræðslu, og taka tillit til þess í allri hönnun þess og búnaði. Mikilvægt er í þessu sambandi, að skólar séu einsetnir, þannig að fullorðinnafræðsla geti farið þar fram að loknum almennum vinnudegi fullorðinna án þess að valda truflun á frumfræðslu (almennu skólastarfi). Einnig virðist ákjósanlegt í þessu sambandi að tengja saman gagnasafn skóla og almenningsbókasafn, þannig að hvorttveggja nýtist báðum þáttum ævimenntunar, auk þeirrar hagkvæmni sem þessu fylgir í rekstri. Annað húsnæði, svo sem félagsheimili, skrifstofur og aðrir vinnustaðir geta og hentað vissum þáttum fullorðinnafræðslu.

Við erum sammála því sem kemur fram í frumvarpinu, að námsflokkar eða námshópar (hér sameinað undir heitinu námsflokkar) séu hið eðlilega form fyrir fullorðinnafræðslu innan sveitarfélags, og undir námsflokkastarfsemina megi einnig fella starfsmenntun samkvæmt h-lið hér á undan.

Eðlilegan aðila til að fara með stjórun fullorðinnafræðslu í sveitarfélagi teljum við vera viðkomandi skólanefnd að viðbættum fulltrúum frá samtökum launþega (verkalýðs- og starfsmannafélögum) og áhugamannafélögum um fræðslumál af ýmsu tagi. Gætu þessir aðilar kosið úr sínum hópi minni nefnd, er myndaði stjórn fyrir námsflokkum staðarins.

Um fjármögnun bendum við á aðrar leiðir en frumvarpið, þ. e. að heimaaðilar standi að fjármögnun í stað 75% styrks úr ríkissjóði, en ríkið legði þó fram margháttaðan stuðning, eins og á undan var rakið, og smám saman segði sá stuðningur meira til sín.

Fjármögnun heimamanna til fullorðinnafræðslu gæti komið frá ýmsum aðilum auk óbeins stuðnings í húsnæði og rekstri. Þar ætti að koma til fjárveiting úr sveitarsjóði (og ekki óeðlilegt að með henni sé reiknað við ákvörðun á tekjustofnum sveitarfélaga), úr sjóðum launþegasamtaka, atvinnuleysistryggingarsjóði, frá áhugafélögum, stofnunum og einstaklingum. Atvinnurekendur stæðu undir kostnaði við starfsþjálfun, sem beinlínis er tengd atvinnulífi og vinnustöðum, en gætu auk þess lagt fram fé að vild til námsflokkafræðslunnar.

Ekki er óeðlilegt, að með slíkum framlögum yrði myndaður einn sjóður, sem stjórn námsflokka hefði umráð yfir og notaði til að greiða óhjákvæmilegan kostnað af námsflokkastarfseminni, það sem á vantaði yrði að leggja með námsgjöldum á þátttakendur, en þá efnaminnstu og öryrkja þyrfti að styrkja sérstaklega.

Sveitarfélög, er stæðu sameiginlega að námsflokkum eða ættu þar þátttakendur, yrðu að jafna metin með samkomulagi sín á milli.

5. Lokaorð.

Með þeirri skipan, sem hér hefur verið reifuð, teljum við að renna megi í náinni framtíð stoðum undir fullorðinnafræðslu víða um land, þar sem áhugi og

efniviður er fyrir hendi, á raunsærri hátt og með skynsamlegri þróun en gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi. Vissulega felst þó margt gott í því, og ber það ljósan vott um, að höfundar þess vilja hag fullorðinnafræðslu sem bestan. Við þá er ekki að sakast, að ekki liggur fyrir enn samræmd löggjöf um framhaldsskólastigið, en setningu hennar teljum við brýnasta verkefni löggjafans nú á sviði menntamála, og þurfi hún að liggja fyrir áður en gengið verði frá mjög víðtækri lagasetningu um fullorðinnafræðslu.

Veikar hliðar frumvarpsins teljum við einkum þær, að á litlu er að byggja hérlendis varðandi þennan fræðsluþátt, en vaktar eru vonir um fjárveitingar til ýmissa aðila frá ríkinu, en hætt er við að þær yrðu naumt skornar í reynd og deildust á marga staði með óvissum árangri. Hlutur áhugafélaga er líka ætlaður meiri en rausætt er að okkar mati. Takmörkuðum fjárveitingum ríkisins til menntamála er að okkar dómi fyrst um sinn best varið til að styrkja undirstöðu frummenntunar og fullorðinnafræðslu á þann hátt, sem hér hefur verið að vikið.

Skólanefndin væntir þess, að framkomnar athugasemdir verði ekki túlkaðar á þann veg, að hún sé andsnúin fræðslu fullorðinna né lagasetningu og víðsýnni stefnumörkun um það efni. Við teljum hér afar brýnt málefni á ferð, sem rækja þurfi mun betur en gert hefur verið um leið og náð verði til sem flestra án tillits til efnahags og þjóðfélagsstöðu. Skólanefndin hefur haft til athugunar um hríð að beita sér fyrir námsflokkastarfsemi hér í kaupstaðnum og mun eiga um það samvinnu við ýmsa aðila. Kannski verðum við vitrari að þeirri tilraun lokinni og getum þá endurmetið afstöðu okkar. Hvaða lög sem sett verða um þessi efni, væntum við sem bestrar samvinnu á grundvelli þeirra við þá aðila, sem til verða kvaddir að sinna fullorðinnafræðslu.

Í skólanefnd Neskaupstaðar:

Ágúst Jónsson, Björn Magnússon, Elínborg Eyþórsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Sigrún Geirsdóttir.

Aðrir er um málið fjölluðu:

Gerður G. Óskarsdóttir, skólastjóri, Gísli Sighvatsson, skólastjóri, Guðmundur Bjarnason, kennari, Randíður Vigfúsdóttir, varafulltrúi í skólanefnd Neskaupstaðar.

Sent menntamálaráðuneytinu, menntamálanefndum Alþingis, alþingismönnum Austurlands, bæjarstjórn Neskaupstaðar og fræðsluráði Austurlands.

4. nóvember, 1974.

Hinn 9. september 1974 ritaði ráðuneytið svofellt bréf:

„Nefnd sú, sem ráðuneytið skipaði 26. október 1971 til þess „að gera tillögur um, hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna, en hafi m.a. að markmiði að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga“, hefur skilað tillögum sínum í formi frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu.

Ráðuneytið sendir yður frumvarp þetta til skjótrar umsagnar og væntir að umsögnin berist hingað eigi síðar en 21. október n.k.“

Bréfið ásamt frumvarpinu var sent:

Guðmundi Arnlaugssyni, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Kvöldskólanum, Fellsmúla 10, R., Námsflokkum Reykjavíkur, Námsflokkum Akureyrar, Náms-

flokkum Akraness, Námsflokkum Keflavíkur, Námsflokkum Hafnarfjarðar, Námsflokkum Kópavogs, Sambandi ungra jafnaðarmanna, Sambandi ungra sjálfstæðismanna, Ungmennafélagi Íslands, Iðnnemasambandi Íslands, Æskulýðssambandi Íslands,Stjórnunarfélagi Íslands, Félagsmálaskóla Framsóknarflokksins, Fylkingunni, baráttusamt. sósílista, Alþýðubandalaginu í Rvík, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, Fiskifélagi Íslands, Verkstjórnarfræðslunni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Verkamannafélaginu Dagsbrún, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Málaskólanum Mími, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Íslenskum ungtemplurum, Íþróttasambandi Íslands, Sambandi ísl. námsmanna erlendis, Iðnfræðsluráði, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landsambandi ísl. útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Rauða krossi Íslands, Áfengisvarnarráði, Bandalagi ísl. skáta, Bandalagi háskólamanna, Hinu ísl. prentarafélagi, Iðju, félagi verksmiðjufólks, Landvernd, Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, Sambandi bindindisfélaga í skólum, Sjómannasambandi Íslands, Trésmiðafélagi Reykjavíkur, Verkamannasambandi Íslands, Málaskóla Halldórs Þorsteinssonar, Bréfaskóla SÍS og ASÍ, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Háskólaráði, Fræðslumyndasafni ríkisins, Vinnumálasamb. samvinnufélaga, Ísl. þjóðkirkjunni, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fjórðungssambandi Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, Fræðsluráði Reykjavíkur, Fræðsluráði Kópavogs, Fræðsluráði Hafnarfjarðar, Fræðsluráði Akureyrar, Fræðsluráði Ísafjarðar, Fræðsluráði Vestmannaeyja, Fræðsluráði Seyðisfjarðar, Fræðsluráði Siglufjarðar, Fræðsluráði Ólafsfjarðar, Fræðsluráði Keflavíkur, Fræðsluráði Akraness, Fræðsluráði Sauðárkróks, Fræðsluráði Húsavíkur, Landssambandi framhaldsskólakennara, Sambandi ísl. barnakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, Alþýðusambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Skálholtsfélaginu.

Borist hafa umsagnir frá eftirgreindum:

Áfengisvarnarráði, Bandalagi Háskólamanna, Biskupi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Iðnfræðsluráði, Íþróttasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Námsflokkum Akureyrar, Rauða krossi Íslands, Sambandi íslenskra barnakennara, Skálholtsfélaginu, Stjórnunarfélagi Íslands, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Ungmennafélagi Íslands.

Sendast fullorðinsfræðslunefnd hér með ljósrit af umsögnunum til athugunar og umsagnar.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Til fullorðinsfræðslunefndar,
b/t sr. Guðmundar Sveinssonar, skólameistara,
Þórsgötu 14, Reykjavík.

ÁFENGISVARNARRÁÐ

Reykjavík, 9. október 1974.

Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 9. f.m., tjáir Áfengisvarnarráð yður að það hefur kynnt sér frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu sem bréfinu fylgdi.

Við sjáum enga ástæðu til að gera neinar athugasemdir við frumvarpið enda teljum við ljóst að bindindisfræðsla (þ.e. fræðsla um áfengi, tóbak og önnur ávana- og fíkniefni), sem til kann að verða stofnað utan lögboðinna og/eða greiddra kennslustunda, falli undir ákvæði laga þessara ef samþykkt verða.

Víða er nú kvartað um að bindindisfræðsla fari ekki fram eins og lög mæla fyrir og því teljum við þörf á námskeiðum í þeirri grein.

Ólafur Haukur Árnason.

Hr. Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri,
Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

Reykjavík, 31. október 1974.

Þökkum bréf yðar dags. 9. sept. s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu.**

Bandalag háskólamanna fól þeim Jóhanni S. Hannessyni menntaskólakennara og Kristjáni Bersa Ólafssyni skólastjóra að kynna sér frumvarpið og fylgir umsögn þeirra hér með.

BHM hefur látið sig þessi mál nokkuð varða og voru þau m.a. rædd á ráðstefnu BHM um hlutverk háskóla í mars s. l. og vonast BHM eftir að fá að fylgjast með framgangi þessara mála.

F. h. Bandalags háskólamanna,
Guðríður Þorsteinsdóttir.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6.

Til Bandalags háskólamanna,

Eskihlíð 8 A, Reykjavík.
26. október 1974.

Að beiðni Bandalags háskólamanna höfum við Kristján Bersi Ólafsson skólastjóri kynnt okkur frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu, sem lagt var fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974. Þótt naumur tími hafi verið til að bera saman ráð okkar, er ljóst að við erum á einu máli um öll meginatriði frumvarpsins, og varð að samkomulagi með okkur að ég gerði bandalaginu eftirfarandi grein fyrir sameiginlegu áliti okkar.

Við teljum að fagna beri því, að frumvarp til laga um menntun fullorðinna hefir verið lagt fyrir Alþingi og þar með viðurkennt mikilvægi þessa þáttar í þjóðmenntuninni og nauðsyn þess að treysta með löggjöf stöðu hans við hlið annarra lögbundinna þátta og tryggja honum jafnan rétt við þá. Einnig teljum við rétt að fram komi viðurkenning á ágætu starfi nefndar þeirrar er frumvarpið undirbjó, ekki síst á hinni vönduðu greinargerð er frumvarpinu fylgir og ber ljósan vott um víðsýni og framsýni nefndarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins höfum við fátt að segja. Hins vegar lítum við svo á, að mjög víða í frumvarpinu sé þörf á að skilgreina mun nánar er gert er ýmis mikilvæg heiti og hugtök, sem mörg eru nýrri eða nýstárlegri en svo, að öruggt sé um einræða túlkun þeirra. Í greinargerð með frumvarpinu er aftur á móti að finna glögga skilgreiningu á flestum þeirra heita og hugtaka í texta frumvarpsins, sem máli skipta, og þar er markmiðum fullorðinsfræðslunnar rækilega lýst. Í frumvarpinu er reglum og reglugerðum, er settar skulu af menntamálaráðuneytinu ætlaður geysistór hlutur í sambandi við framkvæmd laganna. Virðist okkur sem slíkar reglur og reglugerðir muni þeim mun örugglegar samræmast anda og markmiði laganna, sem lagabókstafurinn sjálfur er þar ótvíræðari leiðarvísir.

Teljum við því rétt að lagt verði til, að við meðferð frumvarpsins verði vandlega að því hugað, hvort ekki beri að finna skilgreiningum og markmiðalýsingum greinagerðarinnar stað í texta frumvarpsins sjálfs. Virðist okkur sem þetta megi gera án þess að fara út fyrir þau mörk sem þörfin á skynsamlegu svigrúmi við framkvæmd laganna setur.

Hér skulu aðeins nefndir örfáir staðir í frumvarpinu þar sem okkur virðist vafi leika á um merkingu heita og hugtaka eða orðalags yfirleitt, en greinargerð hinsvegar tekur þann vafa af:

1. gr. „jafnrétthá".
4. gr „ábyrgð".
17. gr „námsflokkar", „námshópar".
20. gr. „að því leyti sem við getur átt".
23. gr. „að fræðslan sé frjáls". (Hér er einn þeirra sárafáu staða þar sem greinargerð virðist ekki fyllilega skera úr merkingu orða.)
27. gr. „innritunargjald".

Til viðbótar því, sem þegar hefir verið sagt, skal aðeins drepið á þrjú atriði:

1) Ekki virðist nægileg áhersla á það lögð, að fullorðinskennsla er um margt svo frábrugðin venjulegri skólakennslu, að ekki er öruggt að hæfni til skólakennslu sé um leið hæfni til fullorðinskennslu. Virðist ástæða til að hugleiða, hvort ekki beri að bæta í frumvarpið ákvæðum er tryggi annarsvegar tækifæri til sérmenntunar í kennslu fullorðinna og hinsvegar rétt fullorðinna til hæfra kennara. Ákvæðum 21. greinar virðist ekki ætlað þetta hlutverk.

2) Í stað heimildar þeirrar sem veitt er í 22. grein teljum við að koma ættu fyrirmæli: „Stofna **skal**" o.s.frv.

3) Í 24. grein virðist sem réttur opinberra starfsmanna sé einbundinn við þær reglur, sem ákveðnar eru í starfs- og kjarasamningum. Eflaust mun þó svo til ætlast, að auk slíkra reglna gildi um þá, jafnt og aðra þjóðfélagsþegna, öll almenn ákvæði laga um fullorðinsfræðslu.

Virðingarfyllst,
Jóhann S. Hannesson.

BISKUP ÍSLANDS

Reykjavík, 29. október 1974.

Frumvarp það til laga um **fullorðinsfræðslu** sem hið háa ráðuneyti hefur sent mér til umsagnar, hefur nefnd sem starfar á vegum kirkjunnar fengið til athugunar.

Ég leyfi mér hér með að senda álit hennar á téðu frumvarpi.

Sigurbjörn Einarsson.

Menntamálaráðherra
Vilhjálmur Hjálmarsson
Hverfisgötu 6—8, Reykjavík.

Árið 1974, 11. október, var haldinn í Reykjavík fundur ráðgefandi nefndar, er starfar með menntamálanefnd þjóðkirkjunnar, og fjallar mest um kirkjulega skóla. Mættir voru allir nefndarmenn, sr. Guðmundur Þorsteinsson Reykjavík, formaður, sr. Heimir Steinsson Skálholti, Margrét Jónsdóttir skólastjóri Löngumýri, Jónas Pálsson skólastjóri Reykjavík og Páll Lýðsson bóndi Sandvík í Flóa.

Á fundi þessum var lagt fram til umræðu fyrir nefndina og til umsagnar „frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu" er lagt verður fram fyrir 95. löggjafarþing 1974. Nefndin ræddi frumvarpið ýtarlega og kynnti sér greinargerð fullorðinsfræðslunefndar og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Sérstaklega var tekið

til umræðu á hvern hátt löggjöf um fullorðinsfræðslu gæti orðið til góða því fræðslu- og menntunarstarfi, sem kirkjan stendur nú að.

Nefndin fagnar tilkomu þessa frumvarps, og telur, að það hafi tekið jákvæðum og veigamiklum breytingum frá þeim drögum, er voru einnig til umsagnar hjá nefndinni 2. sept. 1973. Þakka ber einnig, að menntamálanefnd þjóðkirkjunnar hefur verið boðið að segja álit sitt, og má telja það vott þess, að fræðslustarfi kirkjunnar er ætlaður staður innan laga um fullorðinsfræðslu.

Nefndin lítur svo á, að fræðslustarfi, sem þjóðkirkjan rekur nú, eða kann síðar að fitja upp á, og heimfæra má undir fullorðinsfræðslu, megi skipa á bekk með þeim þætti fullorðinsfræðslunnar, sem 3. grein frumvarpsins, c. liður nefnir: .... „fræðslusambönd í landinu öllu". Kemur sá skilningur nefndarinnar einnig heim við 13. grein frumvarpsins, en þar er rétt að skipa fullorðinsfræðslustarfi kirkjunnar í flokk með þeim félögum eða félagsheildum, er hafa með höndum fræðslustarf í landinu öllu, enda sé tiltölulega sjálfstætt landssamband í fyrirsvari fræðslustarfsins.

Hin frjálsa fræðslustarfsemi, sem nú er hafin með starfi Skálholtsskólafélagsins í Skálholti og fyrirhuguð er við framtíðarrekstur skólans á Löngumýri, telur nefndin, að falli vel undir vissa þætti væntanlegrar fullorðinsfræðslu, enda stofni þjóðkirkjan sjálfstætt fræðslusamband, er annist þennan starfsþátt í samræmi við löggjöfina.

Á ofanrituðum forsendum hvetur nefndin til þess, að frumvarpið fái jákvæðar undirtektir og samþykkt Alþingis. Áskilur hún sér einnig rétt til að endurskoða eða túlka betur álit sitt, ef framangreindur skilningur er ekki í samræmi við skilning fullorðinsfræðslunefndar. Ennfremur verði við afgreiðslu frumvarpsins gengið úr skugga um, að þessi verði einnig skilningur löggjafans. Óskar nefndin eftir að mega reifa mál þetta betur, ef frumvarpið breytist síðar í meðferð þingnefnda.

Guðmundur Þorsteinsson, formaður — Páll Lýðsson, fundarritari

FJÓRÐUNGSSAMBAND NORÐLENDINGA

Akureyri, 17. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6 Reykjavík.

Með bréfi dags. 9. september 1974 leitar ráðuneytið umsagnar Fjórðungssambands Norðlendinga um **frumvarp um fullorðinsfræðslu.** Menntamálanefnd sambandsins tók erindi yðar til umræðu á fundi sínum 15. október s. l. og gerði um það eftirfarandi ályktun:

„Menntamálanefnd Fjórðungssambands Norðlendinga er sammála þeirri meginstefnu er fram kemur í frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. Nefndin telur þó að stjórn fullorðinsfræðslunnar megi gera einfaldari og virkari en frumvarpið gerir ráð fyrir sbr. 6. og 7. grein og telur að athuga þurfi nánar ýmsa þætti er varða framkvæmd frumvarpsins, þó telur nefndin að raunhæfasta leiðin til fullorðinsfræðslu úti um land verði í sem nánustu samstarfi við það skólastarf er fyrir er á hverjum stað".

Það skal tekið fram að nefndinni gafst ekki tími til að taka efnislega afstöðu til einstakra atriða eða til fjármálahliðar málsins.

f. h. Fjórðungssambands Norðlendinga
Áskell Einarsson.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Ísafirði, 21. október 1974.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði á fundi sínum í gær um frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu.**

Stjórnin hefir jákvæð viðhorf gagnvart meginefni frumvarpsins, en vill vara við að leggja á sveitarfélögin ný útgjöld, án þess að jafnframt sé séð fyrir tekjustofni, sem nægi þeim til að standa undir hinum nýju útgjöldum.

Virðingarfyllst,

f. h. Fjórðungssambands Vestfirðinga,
Jóhann T. Bjarnason.

Til menntamálaráðuneytis,
Reykjavík.

Afrit sent til Sambands ísl. sveitarfélaga, Reykjavík.

IÐNFRÆÐSLURÁÐ

17. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

Um: Frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu,** samanber bréf ráðuneytisins dagsett 9. september 1974.

Á fundi Iðnfræðsluráðs þ. 9. 10. 74 var lagt fram frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, en áður hafði sérhverjum meðlimi ráðsins verið sent eintak til yfirlestrar.

Iðnfræðsluráð ákvað að benda á þá skoðun sína að fullorðinsfræðsluna beri að tengja við þær fræðslustofnanir, er nú annast frumfræðslu á verkfræðslustigi og að ekki eigi að byggja upp annað fræðslukerfi samhliða hinu fyrra.

Í núverandi lögum um iðnfræðslu og lögum um tækniskóla er að finna heimildir um hvers konar námsskeið fyrir frumfræðslu, endurhæfingu og framhaldsnámsskeið, ásamt heimildum um fræðslu fyrir starfsfólk í verksmiðjuiðnaðinum.

Iðnfræðsluráð telur að leggja beri áherslu á að efla núverandi fræðslustofnanir, en að dreifa ekki fjármagni og kennslukröftum. Iðnfræðsluráð telur að menntun samkvæmt b-lið 1. greinar frumvarpsins verði að gerast með samstarfi við atvinnulífið innan núverandi og væntanlegs verkfræðslukerfis.

f. h. Iðnfræðsluráðs,
Óskar Guðmundsson.

ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 23. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hr. ráðuneytisstjóri Birgir Thorlacius
Hverfisgötu 6

Framkvæmdastjórn Í. S. Í. hefur athugað frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu.**

Framkvæmdastjórnin fagnar því að þessi mál eru nú komin í þann farveg sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hér er um að ræða mikilvægt mál, sem markar tímamót á sviði fræðslumála. Vér höfum engar athugasemdir fram að færa við orðalag frumvarpsins og leyfum oss að vænta þess að það nái samþykki Alþingis hið fyrsta.

Um framkvæmdina teljum vér að fara muni eftir þeim reglugerðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir ásamt því hve Alþingi verður örlátt á fé til þessarar starfsemi.

Eins og fulltrúi Í. S. Í. skýrði fullorðinsfræðslunefndinni frá s. l. haust, hefur framkvæmdastjórn Í. S. Í. beitt sér fyrir stofnun grunnskóla Í. S. Í. fyrir leiðbeinendur í íþróttum. Sýnist oss að sú starfsemi rúmist innan ramma lagafrumvarpsins um fullorðinsfræðslu og fagnar framkvæmdastjórn Í. S. Í. væntanlegu samstarfi við stjórn fullorðinsfræðslunnar um það viðfangsefni.

Virðingarfyllst

Íþróttasamband Íslands

Sigurður Magnússon.

KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 25. október 1974.

Með bréfi dags. 9. september þ. á. óskaði menntamálaráðuneytið eftir umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frv. til l. um **fullorðinsfræðslu.**

Stjórnin hefur á fundi sínum í dag rætt frv. þetta og vill gera eftirfarandi athugasemdir:

Við 4. gr.: Síðari málsgrein a-liðar falli niður. Vísast til ákvæða 5. gr. a, sem virðast fullnægjandi til þess, að atvinnuvegirnir fái þá styrki frá ríkinu, sem þeim eru nauðsynlegir.

Við 6. og 7. gr.: 7. gr. verði 6. gr. og 7. gr. verði svohljóðandi: Menntamálaráðuneytinu er heimilt að kalla fulltrúa frá öllum fræðsluráðum landsins til funda sem ráðgefandi aðila um fullorðinsfræðslu þegar ástæða þykir til.

Við 17. gr.: Stjórn K. Í. vill taka fram, að hún leggur þann skilning í orðið „stuðningskennslu", að þar sé átt við kennara, sem t. d. veitir nemendum námshópa kennslu stuttan tíma í senn til skilningsauka á námsefninu.

Jafnframt vill stjórnin láta í ljósi ánægju sína yfir því, að frumvarp þetta er komið fram og telur æskilegt að það verði hið fyrsta samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,

f. h. Kvenfélagasambands Íslands,

Sigurveig Sigurðardóttir, Margrét S. Einarsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir.

MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALÞÝÐU

Menntamálaráðuneytið
hr. Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri
Hverfisgötu 6

Reykjavík, 21. október 1974.

Við undirritaðir höfum fengið til umsagnar frá menntamálaráðuneytinu: Frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu.**

Við teljum að frumvarpið, ef að lögum verður, muni marka tímamót í fullorðinsfræðslumálum hér á landi.

Jafnframt viljum við undirstrika það sjónarmið Stefáns Ögmundssonar fulltrúa Alþýðusambands Íslands í nefnd þeirri, er tók saman frumvarp til laga um fullorðins-

fræðslu, að sérstök deild verði sett á stofn í menntamálaráðuneytinu til að annast fullorðinsfræðslumál í samráði við fullorðinsfræðsluráð. Verði þetta ekki gert er hætta á því að dómi okkar, að fullorðinsfræðslan falli í skugga hins hefðbundna skólakerfis.

Þá teljum við að rétt hefði verið að geta þess í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins hverjir skipi meiri- og minni hluta nefndarinnar og stofnanir eða félagasamtök að baki þeirra.

Með vinsemd

Ólafur Hannibalsson, Hjörleifur Sigurðsson.

NÁMSFLOKKAR AKUREYRAR

Akureyri, 10. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
hr. Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri
Reykjavík

Hér með sendi ég umsögn um frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu**, sem ráðuneytið fól mér til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Bárður Halldórsson.

Umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Inngangur.

Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur þeim þætti menntamála, sem snýr að fullorðnu fólki og þeim, sem hug hafa á endurmenntun og frístundamenntun hvers konar, lítið verið sinnt hér á landi og eru lög þar að lútandi vægast sagt fátækleg.

Æ meiri áhersla er nú hvarvetna lögð á menntun fullorðinna og virðist ljóst, að svo muni einnig verða hér á landi. Því ber að þakka það átak, sem ríkisvaldið hefur gert með skipan nefndar og flutning frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu. Mér er fullkomlega ljós sá mikli vandi, sem nefndinni var á höndum, er hún réðst í samning þessa frumvarps. Má reyndar segja, að í þessum þætti menntamála hafi hún „rennt blint í sjóinn" — enda lítil sem engin hefð til staðar og pasturslítill grunnur að byggja á.

Það er því eðlilegt, að margt orki tvímælis í frumvarpinu og sitt sýnist hverjum. Ég hlýt að fagna frv. sem heild, þar sem það er talandi tákn þess, að menn eru að vakna til vitundar um þá miklu þörf, sem er í þjóðfélaginu fyrir hvers kyns fræðslu þess fólks, sem hingað til hefur notið þeirra forréttinda einna að mega með sköttum sínum og kvöðum til samfélagsins standa undir æ kröfuharðari menntamannastétt.

Ég hlýt engu að síður að benda á nokkur atriði, sem ég tel að gætu staðið til bóta í frv. og gagnrýna það, sem ég tel verða til trafala — jafnvel skaðlegt þeirri meginhugsun, sem fram kemur í frv.

Athugasemdir.

Í 1. gr. frv. kemur réttilega fram, að fullorðinsfræðslan er engu ómerkari en sjálf frumfræðslan. Varasamt er hins vegar að ætla með lögum að binda svo hendur fjárveitingarvalds eins og nefndarmenn hafa í huga — sbr. greinargerð með frv. þar sem segir: „Báðir aðalþættir ævimenntunarinnar — frummenntunin og fullorðinsfræðslan, skuli jafnréttháir, þ. e. a. s. eiga jafnan rétt á skipulagningu, fram-

kvæmdum og fjárframlögum eftir því sem fjárhagsgeta landsmanna leyfir". Þarna er djúpt tekið í árinni, og þótt undirstrika megi hversu mikilvæg fullorðinsfræðslan er, tel ég vafasamt að ætla henni þegar í stað svipaðan sess í framkvæmdum og fjárveitingum eins og frummenntuninni hefur þegar verið skipaður.

Við þrískiptingu fræðslunnar hef ég ekkert að athuga.

2. gr.

Úr 2. gr. falli niður „í samráði við fullorðinsfræðsluráð", sbr. athugasemdir við 6. gr. frv.

3. gr.

Ég tel eðlilegt, að þessi grein orðist svo:

„Fullorðinsfræðslu annist þessir aðilar: ríki og sveitarfélög í samráði við aðila vinnumarkaðarins, fræðslufélög á ýmsum stöðum, fræðslusamtök í fræðsluumdæmum og fræðslusambönd í landinu öllu."

Varhugavert er að dreifa framkvæmd fræðslunnar á of margar hendur.

Fræðsluumdæmin eru ekki framkvæmdaaðili, heldur stjórnsýsluaðili og hafa ekki sem slík neitt með framkvæmd laga að gera. Þar sem lög hafa ennþá ekki verið sett um valdsvið landshlutasamtaka, tel ég ekki rétt að ætla þeim ákveðið valdsvið í lögum um fullorðinsfræðslu. Hætt er við lítilli samræmingu sé framkvæmd laganna dreift í marga staði. Eftirlit menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga ásamt fullorðinsfræðslunefnd fræðsluumdæma, þar sem aðilar vinnumarkaðar eiga sína fulltrúa, ætti að vera næg trygging þess, að þörfum viðkomandi nemenda sé sinnt.

4. gr.

Hér er orðið ábyrgð notað í stað hins hefðbundna orðalags „annast framkvæmd". Mér virðist vart vera hægt að láta ríkið „bera ábyrgð á" fullorðinsfræðslu. Þetta felur í sér, að þeir, sem settir hafa verið yfir viðkomandi stofnanir séu þar með sviptir hefðbundinni og að mínum dómi eðlilegri ábyrgð forstöðumanna opinberra stofnana.

a-liður 4. gr. orðist því svo: „Ríki annast framkvæmd þeirrar fullorðinsfræðslu ....." Í b-lið er enn talað um fræðsluumdæmi sem framkvæmdaaðila, sem eins og áður segir, er ekki rétt, þar sem fræðsluumdæmin eru stjórnsýsluaðili en ekki framkvæmdar. Eðlilegt væri því, að þarna stæði: „Sveitarfélög annast framkvæmd o. s. frv."

5. gr.

Í b-lið þessarar greinar komi „Ríkið" í stað fræðsluumdæmi.

6. gr.

Ég legg til að greinin sem heild verði felld niður, þar sem engin ástæða virðist til að koma upp sérstakri yfirstjórn þessarar fræðslu — utan menntamálaráðuneytis — fremur en annarrar fræðslu. Auk þess virðist mér greinin bera þess allt of sterkan keim að hún sé eins konar framlenging þeirrar nefndar, sem frv. samdi. Í 7. gr. er lagt til að fullorðinsfræðslunefnd verði skipuð í fræðsluumdæmum og virðist mér engin ástæða til að koma upp annarri „silkihúfu" upp af henni.

7. gr.

Í þessari grein svo og fleiri, sem á eftir fylgja, virðist mér alls ekki gert ráð fyrir hlutdeild þeirra aðila, sem fullorðinsfræðslan hefur fram til þessa mest mætt á, en þar á ég við námsflokka, sem reknir hafa verið af sveitarfélögunum. Má raunar líta svo á, að í þessari grein og þeim, sem á eftir koma, sé fyrst og fremst tekið mið af MFA og Bréfaskóla SÍS og ASÍ. Án þess að gert sé lítið úr hlut þessara aðila og framtíðarhlutverki í fullorðinsfræðslu, leyfi ég mér að efa, að hagkvæmt sé eða hentugt, að þeir hafi þau áhrif á stjórn og framkvæmd fullorðinsfræðslu, að þeim sé til að mynda falið að tilnefna fulltrúa í fullorðinsfræðslunefnd - enda hefur starf-

semi þeirra, svo dæmi sé tekið, nær eingöngu verið á einu sviði fullorðinsfræðslu — þ.e. á sviði fristundamenntunar. Ég legg því til, að í stað orðanna - „svo og tveim fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka í umdæmunum“ - komi - „svo og einum fulltrúa fræðslufélaga og einum fulltrúa frá námsflokkum viðkomandi umdæmis“. Sé dæmi tekið, má nefna, að í Norðurlandi eystra fer áreiðanlega vel röskur helmingur fullorðinsfræðslu fram á vegum Námsfl. Akureyrar og sé ég enga ástæðu til að svipta þá stofnun algerlega öllu áhrifavaldi í málefnum fullorðinsfræðslu, eins og frv. leggur til með skipan fullorðinsfræðslunefndar. Ég tel jafnframt eðlilegt, að fullorðinsfræðslunefnd gegni svipuðu hlutverki gagnvart ráðuneyti menntamála eins og fræðsluráðin - þ.e. „fari **ekki** með stjórn fullorðinsfræðslu“ - heldur verði ráðgefandi aðili, **enda skipi ráðherra formann nefndarinnar.**

14.—19. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum mínum við 7. gr. tel ég frv. sem heild bera þess of mikinn svip, að mið sé tekið af fræðslusamböndunum - þ. e. Bréfaskóla SÍS og ASÍ og Menningar- og fræðslusamtökum alþýðu. Það er því aðeins sanngjarnt, að ég rökstyðji þessa fullyrðingu frekar.

13.—15. gr. (báðar incl.) fjalla eingöngu um réttarstöðu þessara fræðslusambanda og samtaka en í 17. gr. er aðeins drepið á það, að til séu starfandi námsflokkar í landinu og þá undir heitinu „aðrir aðalþættir fullorðinsfræðslu“. Ég tel eðlilegt, að þarna verði kveðið skýrar að orði og játa fúslega, að ég skil ekki hvað fyrir nefndarmönnum hefur vakað. Vart hafa þeir ætlað að neita þeirri staðreynd, að aukning nemenda í námsflokkum alls staðar um landið hefur verið gífurleg - jafnvel margfaldast sums staðar - en ekki hefur heyrst getið um svo verulega aukningu nemenda í fræðsluhópum samtaka eða sambanda. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika rækilega, að aðsókn hefur verið mjög mikil og er ört vaxandi í fullorðinsdeildir ýmiss konar (öldungadeildir menntaskóla og gagnfræðadeildir) - en svo virðist sem umtalsverður hluti fólks verði utan garðs í menntakerfi þjóðarinnar, þrátt fyrir lengingu skólaskyldu og aðrar „umbætur“ í skólakerfinu á síðustu árum.

Ástæður þess, að nokkur hluti fólks hættir ennþá námi innan skólaskyldualdurs, eru fyrst og fremst félagslegar, en þó einnig sálrænar og má ætla, að ekki verði þar úr bætt í einni sjónhending - þrátt fyrir skrautlega kastalasmíð grunnskælu.

Verður því að ætla fullorðinsfræðslunni að annast frummenntun verulegs hluta nemenda. Til þess að svo megi verða, verður að kveða skýrar að orðum um hlutverk þeirra stofnana, sem það hlutverk er ætlað.

Ég legg því til, að áðurnefndar greinar verði allar teknar til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að skýrt verði á kveðið um ákveðnar stofnanir í hverju fræðsluumdæmi, sem ætlað sé það hlutverk að sjá um fullorðinsfræðslu - einkum á sviði frummenntunar og fristundamenntunar. Mér virðist ástæðulaust að dreifa þeirri framkvæmd til alls kyns sambanda og félaga - enda verði hverjum sem er heimilt eftirleiðis sem hingað til að setja upp námskeið og námshópa og geti fengið til þess styrki úr ríkissjóði samkvæmt nánara ákvæði í reglugerð.

32. gr.

Þar sem hætt er við, að þátttaka í fullorðinsdeildum á landsbyggðinni verði fyrst í stað a.m.k. lítil, líst mér tala þessi of há, og legg til að greinin orðist svo:

„..... skal fá ríkisstyrk, er nemur 75% kostnaðar miðað við 15 nemendur, en í hlutfalli við þá tölu, séu nemendur færri“.

34. gr.

Ég sé enga ástæðu til að taka þarna sérstaklega út úr fræðslusamböndin og legg því til að ákvæði þessarar greinar nái til allra stofnana, sem sjá um fullorðinsfræðslu.

Eftirmáli.

Svo sem fram kemur af þessum athugasemdum, virðist mér sitthvað að athuga við frv., en það haggar í engu þeirri skoðun minni, að með samningu þessa frumvarps hafi verið unnið gagnmerkt þjóðþrifaverk, þótt þeim, sem unnu að frumvarpssmíðinni, hafi verið mikill vandi á höndum og eins og eðlilegt er um byrjendaverk, ber frumvarpið þess greinileg merki, að ekki er við mikla hefð að styðjast. Athugasemdir mínar snerta því á engan hátt anda þessa frumvarps, heldur leitast ég við að færa það nær raunveruleikanum, en töluvert vantar á, að frumvarpið sé nógu nærri jörðinni.

Það er reyndar skoðun mín, að hér sé á ferð svo mikilvægt mál og umfangsmikið, að gagnger breyting þyrfti að verða á skólakerfinu og viðhorfum almennings til menntunar jafnhliða lögum um fullorðinsfræðslu.

Reynsla mín af þeim tveimur þáttum menntunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir - þ.e. sem kennari við menntaskóla og sem forstöðumaður Námsflokka Akureyrar - hefur sannfært mig um. að því fé, sem varið er í hið almenna skólakerfi, er miklu verr varið en því fé, sem varið hefur verið til fullorðinsfræðslu. Ekki þarf að taka fram, hve miklum mun „arðbærara“ og skemmtilegra starf að menntun fullorðinna er heldur en staglið í skólunum.

Ymis teikn eru á lofti, sem benda til þess, að fólk muni ekki í framtíðinni una því að standa undir rándýru skólakerfi, sem fæðir af sér kröfugerðarfólk - fólk, sem týnt hefur lækjunum úr lífi sínu - og verður í reynd argvítugt forréttindafólk. Almenningur hlýtur að gera í æ auknara mæli þær kröfur til menntunar, að hún verði almennari eign en hingað til hefur verið og að mönnum verði ekki skammtaður ákveðinn árafjöldi ævinnar á ákveðnu æviskeiði til menntunar. Nær hefði verið og miklu meir í anda jafnaðarstefnu þeirrar, sem grunnskólafumvarpið sigldi undir, að í lögum um grunnskóla hefði meira tillit verið tekið til sérstöðu nemenda, til margvíslegra aðstæðna, heldur en gert var. Í sumum tilfellum var grunnskólabálkurinn hliðstæða þess, að ákveðin meðalhæð fólks væri lögleidd á Íslandi. Í raun og veru væri skynsamlegt að stytta skólaskyldu, setja um leið ákveðnari reglur um afköst og hegðun og ætla síðan fullorðinsfræðslunni að taka við því fólki, sem ekki gæti einhverra hluta vegna fallið inn í „kerfið“. Um þetta mál mætti rita langa ritgerð, en ég læt hér staðar numið.

Virðingarfyllst,
Bárður Halldórsson.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Reykjavík, 9. október 1974.

Varðar: Fræðslustarfsemi fyrir fullorðna.

Rauði kross Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Eftir því sem okkur hefur gefist tími til athugana á umræddu frumvarpi, virðist okkur það vænlegt til að vísa veginn til framfara á mjög afræktu sviði.

Ekki skal hér lögð fram umsögn um frumvarpið í heild, þar sem það snertir aðeins að takmörkuðu leyti áhugasvið R.K.Í.

Hér skal aðeins minnst á örfá atriði sem Rauði kross Íslands og deildir hans hafa áhuga á.

1. Að fjárhagslegur og faglegur stuðningur sé veittur til undirbúnings námskeiðsáætlana.
2. Að menntun kennara fyrir þau námskeið sem viðurkenningu hljóta sé studd fjárhagslega.
3. Að veitt sé aðstoð við fjármögnun námskeiða fyrir almenning eða sérstaka hópa með svipuðum hætti og gert er t.d. í Danmörku.

Þau námskeið sem við höfum fyrst og fremst í huga eru:

Skyndihjálp.
Aðhlynning sjúkra í heimahúsum.
Sjúkrastörf.
Aðstoðarstörf í neyðarvörnum.
Heilbrigðistrúnaðarmenn á vinnustöðum.
Leiðtogar í félagslegu hjálparstarfi.

Raunar má hafa þessa upptalningu mun lengri en þessi gefur þó nokkra hugmynd um áhugasvið R.K.Í.

Að okkar dómi er mjög mikilvægt að jafnframt því sem hluti fjármögnunarkostnaðar sé samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum verði einnig möguleiki á að fá aðstoð greidda eftir á. Í dreifbýlinu er oft mjög torvelt að gera sér grein fyrir væntanlegri þátttöku og mjög mörg námskeið falla niður af ýmsum ástæðum.

Þannig væri mikilvægt að haft verði í huga, að bæði verði veittur styrkur fyrirfram og, þar sem áætlun verður ekki við komið, einnig eftir á.

Virðingarfyllst,

Rauði kross Íslands,
Eggert Ásgeirsson.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Reykjavík, 21. október 1974.

Sambandi íslenskra barnakennara barst fyrir skömmu til umsagnar frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu.** Stjórn SÍB skipaði nefnd til að fara yfir frumvarpið og skila áliti um það, Nefnd þessi lauk störfum 17. þ.m., og samþykkti stjórn SÍB að senda nefndarálitið óbreytt sem umsögn samtakanna um frumvarpið.

Hjálagt er afrit af umsögn nefndar SÍB.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SÍB,
Svavar Helgason.

Álit nefndar á vegum SÍB um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Undirrituð hafa lesið, gaumgæft og rætt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem samið er á vegum Menntamálaráðuneytisins, og sent hefur verið ýmsum aðilum til umsagnar.

Við fögnum þessu frumvarpi í heild og teljum það mjög vel unnið. Er þar að miklu leyti stuðst við lög og reynslu annarra norðurlandaþjóða, en lagað að íslenskum aðstæðum. Sérstaka athygli vakti það hve skilningur á þörf strjálbýlisins á þessum menntunarþáttum er auðsær, og tillit til hans tekið.

Við bendum á, í sambandi við 19. grein, þar sem fjallað er um kennslufræðilega stöð, að fyrst þurfi að huga að lágmarksþörf skyldunámsstigsins, og síðar að bæta

við eftir þörfum fullorðinsfræðslunnar. Einnig bendum við á nokkra hættu á ofþenslu í „yfirbyggingu“ stjórnunaraðila. Ekki liggur ljóst fyrir um mörg framkvæmdaatriði, hvernig þau verða samræmd og/eða samofin hinu lögboðna skólakerfi, svo sem um húsnæði, kennslukrafta o. fl. Okkur virðist að mestur verði vandinn að leysa á viðunandi hátt þann þátt er varðar atvinnuhætti þjóðarinnar og tryggja endurmenntun, eða ummenntun þar vegna síbreyttra krafna um verkhæfni. Teljum við æskilegt að þeim þætti verði gefinn góður gaumur og ef til vill látinn ganga fyrir öðrum þáttum fullorðinsfræðslunnar.

Við teljum nauðsynlegt, að sem fyrst verði hafist handa um byrjunarframkvæmdir í samræmi við frumvarpið og mætti þá hefja þær, sem víðast með námsflokkafyrirkomulagi.

Reykjavík, 17. október 1974.

Þórhildur Jónasdóttir.
Herdís Sveinsdóttir.
Pálmi Pétursson.

SKÁLHOLTSSKÓLAFÉLAGIÐ

Reykjavík, 21. október 1974.

Menntamálaráðuneytið hefur sent Skálholtsskólafélaginu frumv. til laga um fullorðinsfræðslu og beðið um umsögn félagsins um frumvarp þetta, og fer hún hér á eftir:

Á síðari árum hefur, hér á landi, vaknað mikill áhugi fyrir stofnun lýðskóla í anda norrænna lýðháskóla.

Á Alþingi 1955 var samþykkt þingsályktun þess efnis að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um stofnun eins eða fleiri æskulýðsskóla með lýðháskólasniði, án sambands við menntaskóla og sérskóla.

Á þinginu 1960 kom fram fyrirspurn um hvað liði undirbúningi löggjafar um óháða skóla og upplýsti þá menntamálaráðherra, að ákveðnum mönnum hefði verið falin athugun þessa máls og hefðu þeir skilað jákvæðu áliti, en þar sem fyrir dyrum stæði heildarendurskoðun á fræðslulöggjöfinni, væri eðlilegt að mál þetta kæmi þá til frekari endurskoðunar.

Meðan á þessum drætti stóð höfðu kirkjulegir aðilar, kirkjuþing, prestastefna og kirkjuráð lýst sig samþykka stofnun slíks skóla, sem þá yrði reistur í Skálholti, og væri sú skólastofnun þáttur í endurreisn staðarins.

Þá var það, að áhugafólk um land allt, sem áhuga hafði á að stofnað yrði til frjálsra lýðskóla, stofnaði til félagsskapar lýðskólafólks um land allt með það markmið fyrst og fremst í huga að vinna að framgangi lýðháskólastofnunar í Skálholti.

Eins og lög félagsins bera með sér, en þau fylgja með umsögn þessari sem fylgiskjal, er hér um landsfélag að ræða eins og áður sagði, þar sem einn fulltrúi úr hverjum fjórðungi situr í stjórn þess, sbr. VI. gr.

Árið 1969, þ. 5. des., gekk stjórn félagsins á fund þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, og spurðist fyrir um lagasetningu um fyrirhugaða frjálsa skóla, sbr. það sem hér hefur verið að framan sagt um það mál.

Ráðherra tók erindi þessu mjög vel en benti á nokkur vandkvæði í sambandi við þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri frjálsra skóla, sem ætlað væri að störfuðu á skyldunámsstiginu, sem ríkið ætti eitt, lögum samkvæmt, að annast um. Allt öðru máli gegndi um skóla, sem störfuðu utan við skyldunámsstigið, svo sem verslunarskóla, sem nytu riflegs ríkisstyrks, eða skóla, sem stofnað kynni að vera til, ofan við skyldustigið, sem eins konar fjölgun á menntaleiðum að skyldunáminu loknu og

taldi ráðherra rétt að um slíka skóla yrðu sett sérstök lög og þá í sambandi við hin væntanlegu grunnskólalög, er þá voru í undirbúningi.

Í framhaldi af þessum umræðum við ráðherra, hlutaðist stjórn félagsins til um, að samdar voru tillögur um frumvarp til laga um lýðháskóla í Skálholti. En þar sem hér var um algert nýmæli að ræða og óvíst hversu tiltækist með aðsókn, var brugðið á það ráð að byrja með skóla, sem rekinn væri í tilraunaskyni um fimm ára skeið. Hús voru nægileg fyrir á staðnum til að byrja með en líklegra, að málið næði fram að ganga á þingi með þessum tilraunafyrirvara. Að öðru leyti voru tillögur þessar gerðar í samræmi við gildandi lög um lýðháskóla á Norðurlöndum og því frátöldu að þar er þátttaka ríkis í stofnkostnaði og rekstri víðast hvar meiri, eða allt að 85%.

Um markmið og starf þessa fyrirhugaða skóla er fjallað í 2. og 3. grein þessara frumvarpstillagna, en tillögur þessar leyfum við okkur að senda með sem fylgiskjal, og séu þessar greinar bornar saman við það sem sagt er um markmið fullorðinsfræðslunnar í frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu á bls. 11, 4, er munurinn ekki ýkja mikill, fremur orð en hugsun.

Þá viljum við leyfa okkur að benda á 5. gr. þessara tillagna, þar sem fjallað er um eignarhald og stjórn skólans.

Því þótt þjóðkirkjunni, sem falin var gæsla og yfirumsjón Skálholts, sé ætlaður þar ríkulegur þáttur, þá ætti aðild hinna ópólitísku landssamtaka svo sem Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skálholtsskólafélagsins, Ungmennafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands, að tryggja að hér er um **landsskóla** að ræða en ekki sérskóla ákveðinnar stofnunar. Það skal að lokum framtekið í þessu sambandi að allir þeir aðilar, sem hér hafa verið nefndir, hafa lofað aðild sinni að stjórn lýðháskóla í Skálholti, sem rekinn væri samkvæmt þessum tillögum.

Frumvarpstillögur þessar voru sendar menntamálaráðherra, Magnúsi Torfa Ólafssyni, snemma árs 1973. Síðar á því sama ári var gengið á fund ráðherra og spurst fyrir um afdrif tillagnanna.

Ráðherra kannaðist við þær og sagði að þær hefðu fengið jákvæðar undirtektir hjá sínum mönnum, eins og hann komst að orði, og sagðist hann vera frumvarpinu meðmæltur en þó ekki óbreyttu.

Ráðherra sagðist mundi leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórnina og, ef hún væri því samþykk, kvaðst hann vilja flytja málið á þingi.

Þegar hér er komið sögu, höfðu fyrstu drög að lögum að fullorðinsfræðslu verið lögð fram, eða snemma á árinu 1973 eftir því sem segir í greinargerð frumvarpsins, bls. 7. Þetta mun svo valda því að frumvarpstillögur um tilraunalýðháskólann leggjast á hilluna, að minnsta kosti taldi núverandi menntamálaráðherra Vilhjálmur Hjálmarsson, er hann var inntur eftir hvað liði málinu, að hann og þeir í ráðuneytinu, eins og hann orðaði það, álitu að lögin um fullorðinsfræðslu myndu einnig ná yfir það tiltekna form fullorðinsfræðslu, sem frumvarpsdrögin um lýðháskólann í Skálholti gerðu ráð fyrir.

Aðspurður sagði ráðherra það vilja sinn og skoðun, að starfsemi skólans ætti að falla undir þessi lög og kvaðst fús til, ef þessi skoðun hans og annarra í ráðuneytinu um ótvíræða aðild lýðháskólans að fullorðinsfræðslunni væri vafasöm, að hlutast til um breytingu á frumvarpinu.

Því má skjóta hér inn í til skýringar, að lög um lýðháskóla á Norðurlöndum, sem eru frá síðari hluta 19. aldar og lög um héraðsskóla á Íslandi frá því 1929 munu vera fyrstu lög sem sett eru í þessum löndum um fullorðinsfræðslu.

Við athugun á frumv. til laga um fullorðinsfræðslu, sem að vísu eru rammalög, virðist ekki í fljótu bragði séð hvar lýðháskólar gætu komið inn eða undir hvaða ákvæði starfsemi þeirra geti fallið, ekki aðeins skólar sem settir eru á stofn á vegum kirkjunnar eins og Skálholtsskóli, heldur og almennir lýðháskólar svipaðir þeim, sem þekkjast á Norðurlöndum. Eru það vafalaust slíkir skólar, sem þingmenn hafa í huga með ályktun sinni á þingi 1955 og minnst var á í upphafi þessara orða.

En eins og kunnugt er hafa þessir skólar reynst giftudrjúgar menningarstofnanir til þjóðarheilla.

Það er því ósk stjórnar Skálholtsskólafélagsins og á þá ósk leyfir hún sér að leggja ríka áherslu, að hæstvirt nefnd bendi á efalaus ákvæði í frumvarpinu, sem starfsemi lýðháskóla almennt gætu fallið undir, eða öðrum kosti hlutaðist til um að bætt yrði inn í frumv. t. d. 3. gr. þess, ákvæðum er tækju hér af allan vafa, hvort heldur væri sem viðbót við c) lið eða bætt við 4. liðnum, sem yrði þá d) liður, er kvæði á um að lýðskólar, reknir á vegum landssamtaka eins og t. d. Skálholtsskólafélagsins, sbr. 4. gr. laga þess, væru fullgildir aðilar til að taka þátt í þeirri fullorðinsfræðslu, sem frumv. gerir ráð fyrir. Síðar í lögunum kæmi svo ákvæði um það að þessir skólar nytu ríkisstyrks eins og þeir skólar sem reknir kunna að vera á vegum fræðslusambanda.

Stjórn Skálholtsskólafélagsins leyfir sér að rökstyðja þessa ósk og þá áherslu, sem hún vill á hana leggja, með yfirlýstum vilja Alþingis og undirtektum þeim, sem málið hefur æ síðan fengið í ráðuneytum og hjá ráðherrum. Auk þess, verður að ætla að Alþingi með áframhaldandi fjárframlögum til skólabygginga í Skálholti, ætlist til að þar fari fram einhvers konar skólastarfsemi.

Þórarinn Þórarinsson, formaður. Guðrún Halldórsd., ritari.

Til Menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík.

LÖG SKÁLHOLTSSKÓLAFÉLAGSINS

samþykkt á lokastofnfundi félagsins í Skálholti 26. júlí 1970.

1. gr.

Félagið heitir Skálholtsskólafélagið. Heimili þess og varnarþing er í Skálholti, Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1) að stuðla að stofnun skóla í Skálholti, er starfi í anda kristinnar trúar og norrænnar lýðháskólahreyfingar,
2) að efla skólann og standa vörð um velferð hans og gengi.

3. gr.

Félagið hyggst ná tilgangi sínum meðal annars með því að:

1) eiga hlut að stofnun og stjórn skólans með öðrum þeim aðilum, sem að honum standa,
2) kynna skólann og markmið hans,
3) safna árs- og ævifélögum,
4) stofna sjóð skólanum til styrktar, m. a. í þeim tilgangi að leggja fram ákveðinn hundraðshluta stofnkostnaðar, þar með talinn tækjabúnaður,
5) styrkja innlenda og erlenda nemendur til námsdvalar við skólann, og skal stjórnin semja reglugerð þar um og leggja fyrir aðalfund.

4. gr.

Félagar teljast þeir, sem greiða tilskilið árs- eða ævigjald. Söfnuðir, félög, fyrirtæki og samtök geta orðið styrktaraðilar með lágmarksgjaldi. Styrktaraðili á rétt á að senda einn fulltrúa á aðalfund félagsins.

5. gr.

Ársgjald einstaklings er minnst 250.00 kr. og ævigjald lægst 3 000.00 kr., lágmarksgjald styrktaraðila er 1 500.00 krónur.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 9 menn, formaður og 8 meðstjórnendur, kosnir á aðalfundi til 6 ára í senn. Formaður er kosinn sér, óhlutbundinni kosningu, þá einn fulltrúi úr hverjum landsfjórðungi, síðan hinir 4 allir í einu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stofna má félagsdeildir innan lands og utan komi heimild stjórnar til.

7. gr.

Aðalfund skal halda ár hvert, og skal hann boðaður opinberlega með eins mánaðar fyrirvara. — Reikningsár félagsins er miðað við almanaksár.

8. gr.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki aðalfundar og skulu eignir þess þá renna til Skálholtsstaðar.

9. gr.

Til þess að breyta lögum þessum þarf samþykki ⅔ hl. atkvæða á aðalfundi. Þó má ekki breyta 2. grein.

10. gr.

Stjórnarmenn skulu ákveða með hlutkesti, hverjir gangi úr stjórn 2 fyrstu árin.

Bráðabirgðaákvæði: Þeir, sem gerast félagar fyrir fyrsta aðalfund félagsins, skulu teljast stofnfélagar.

Tillögur um frumvarp til laga um tilraunalýðháskóla í Skálholti.

1. gr.

Stofna skal og reka lýðháskóla í Skálholti í tilraunaskyni um fimm ára tímabil. Skal hann starfa 8 mánuði að vetrinum, frá 1. október til maíloka ár hvert. Heimilt er þó að lengja námstíma lítið eitt og skipta honum í 4 tveggja mánaða námskeið. Sé þá námskrá breytt í samræmi við þá tilhögun. Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið að sumrinu.

2. gr.

Markmið skólans er að stuðla að aukinni almennri menntun nemenda, drýgri persónuþroska þeirra, gleggri yfirsýn og dýpri skilningi á félags- og menningarlegum fyrirbærum samtíðar og framtíðar.

Skólinn lítur á það sem hlutverk sitt að vinna að varðveislu þjóðlegrar menningar íslendinga og veita viðnám hverri hættu, er að þeirri arfleifð steðjar.

Skólinn starfar á grundvelli kristinnar trúar.

3. gr.

Starfsemi Skálholtsskóla er þríþætt:

a) Lýðháskóladeild.
Lýðháskóladeild veitir almenna framhaldsmenntun þeim, sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hurfu úr skóla, en taka vilja upp þráðinn að nýju.

b) Valfrjálsar deildir.
Skálholtsskóli býður nemendum ýtarlegri fræðslu eftir frjálsu vali. Við hlið lýðháskóladeildar verður komið á fót nokkrum minni deildum, þar sem nemendur einbeita sér að tilteknum flokkum námsgreina. Meðal þeirra eru: Íslensk tunga, saga og bókmenntir. Kristin fræði og almenn trúarbragðafræði. Hug-

mynda- og heimspekisaga. Nútímasaga og félagsfræði. Leiðbeiningar um æskulýðsstörf og aðra félagsstarfsemi.

Nemendur lýðháskóladeildar stunda nám í a. m. k. einni valfrjálsri deild. Að öðru leyti eru valfrjálsar deildir miðaðar við þarfir þeirra nemenda, sem lengra eru komnir á námsbraut og ekki sitja í öllum kennslustundum í lýðháskóladeild, en eru að búa sig undir frekara nám eða ákveðin störf.

c) Sjálfsnám og rannsóknarstörf.

Skálholtsskóli stendur á ári hverju opinn nokkrum konum og körlum, er dvelja vilja um lengri eða skemmri tíma á staðnum og þiggja að vild það, sem þar er í boði, en stunda að öðru leyti sjálfsnám og vinna að eigin verkefnum.

Skipulag alls náms og starfs í Skálholtsskóla er með frjálsu sniði að hætti norrænna lýðháskóla. Próf eru ekki tekin, en vitnisburðir gefnir þeim, er þess óska.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur verði 18 ára á skólaárinu og hafi lokið skyldunámi. Þó má veita undanþágu frá hinu fyrrnefnda, ef ástæða þykir til.

5. gr.

Skálholtsskóli er sjálfseignarstofnun. Stjórn skólans er í höndum átta manna skólaráðs, auk biskups Íslands, sem er sjálfskipaður formaður ráðsins. Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í skólaráð hver: Menntamálaráðuneytið, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Kirkjuráð, Prestastefna Íslands, Kirkjuþing, Skálholtsskólafélagið, Ungmennafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands.

Samþykktir skólaráðs eru því aðeins bindandi, að ⅔ hlutar ráðsins séu á einu máli.

Skólaráð ræður rektor. Skólaráð og rektor setja skólanum reglugerð og kveða nánar á um námsefni. Rektor ræður kennara.

6. gr.

Ríkið greiðir ¾ hluta stofnkostnaðar og viðhalds, svo og allan kostnað við árlegan rekstur skólans. Fjöldi kennara og laun þeirra eru miðuð við sérstakar þarfir skólans sem lýðháskóla. Rektor skólans og aðrir kennarar njóta sömu réttinda og opinberir starfsmenn, enda hvíla á þeim sömu skyldur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eigi síðar en í ársbyrjun 1974.

STJÓRNUNARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 15. október 1974.

Hr. ráðuneytisstjóri,
Birgir Thorlacius,
menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 9. september þ. á. sendi menntamálaráðuneytið Stjórnunarfélagi Íslands til umsagnar **frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu**, sem verður lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.

Stjórn Stjórnunarfélags Íslands gerir sér ljóst, að tímabært er orðið að festa í lögum helstu atriði varðandi skipulag og framkvæmd þeirrar fjölbreytilegu fræðslustarfsemi, sem frumvarpið flokkar nú undir eitt heiti, „fullorðinsfræðslu“.

Með frumvarpinu, ef að lögum verður, er æði stórt spor stigið, þar sem verið er að lögfesta alla fræðslu íslensku þjóðarinnar svo að segja frá fæðingu einstaklingsins til æviloka hans, „ævimenntun“, sem svo er nefnd. Hér er stigið ábyrgðar-

mikið skref svo sem höfundum frumvarpsins virðist vel ljóst, sbr. athugasemd þeirra við 4. gr., þar sem fram er tekið, að „í hugtakinu ábyrgð felst í þessu sambandi allt í senn: Frumkvæði, skipulagning og framkvæmd.“ Og síðan til áherslu: „Viðkomandi aðilar eiga að ábyrgjast, að þau fyrirheit, sem felast í fræðslu, verði ekki dauður bókstafur, þegar og ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi“.

Stjórn S.F.Í. hefur kynnt sér þetta frumvarp, en hefur þó ekki getað komið því við að kryfja það svo til mergjar sem svo víðfeðmt málefni krefst í raun og veru. Hún vill þó taka fram, að hún fagnar því, að þetta frumvarp er fram komið og er fyrir sitt leyti meðmælt því, að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Stjórn S.F.Í. vill í þessu sambandi ekki láta hjá líða að taka fram, að Stjórnunarfélagið telur sig vera fræðslusamband í skilningi lagafrumvarpsins með stjórnunarfræðslu að verkefni í víðum skilningi tekið og allt landið að starfssviði. Félagið telur innan vébanda félög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga um allt land, alls 325 að tölu.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

VERSLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 14. október 1974.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur fagnar því að fram skuli vera komnar tillögur, sem miða að auknum **fræðslumöguleikum fullorðinna.** Menntakerfi íslendinga hefur til skamms tíma ekki haldið opnum þeim möguleika fyrir þá eldri að auka eða breyta menntun sinni.

Markmið nútíma velferðarþjóðfélags er að auka á lífshamingju hvers einstaklings. Með því að opna möguleika fyrir fullorðna til aukins náms og breytingu á atvinnuskilyrðum, hljóta möguleikar á meiri lífshamingju og betri afkomu að aukast.

Vegna frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu vill Verslunarmannafélag Reykjavíkur ítreka eftirfarandi:

I. Að reynt verði að samræma starfsemi frummenntunar og fullorðinsfræðslu til hins ýtrasta, til þess að koma í veg fyrir að mikil viðbótar yfirbygging bætist við núverandi menntakerfi.

II. Að tryggt verði að um jafnrétti milli einstakra byggðalaga sé að ræða. Nýlegar tölur um fjölda ungs fólks við langskólanám í hinum ýmsu byggðalögum sýna að núverandi menntakerfi hefur ekki tryggt slíkt jafnrétti.

Því má búast við að fullorðinsfræðsla eigi brýnt erindi í dag til þeirra sem hafa ekki átt kost á hagkvæmu námi.

III. Að öll námskeið á vegum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda hafi skýrt afmarkað gildi innan kerfisins, til þess að samfara auknum þroska og hæfni fari betri afkoma fyrir þá, sem þátt taka í slíkum námskeiðum.

IV. Að fyrsta vandamál þeirra einstaklinga, sem njóta vilja fullorðinsfræðslu, verður oftast fjárhagslegs eðlis. Einstaklingar, sem stofnað hafa heimili, hafa að öllu jöfnu mikla framfærsluskyldu.

Þess vegna er ljóst að skýra verður ákvæðin um, hvernig leysa beri vanda þessa fólks.

Ef markmið þjóðfélagsins er að auka almenna menntun, hlýtur það að verða að skapa aðstæður, þar sem einstaklingar geta farið út á þessa braut án óeðlilega mikillar sjálfsfórnar.

Þetta er hægt að gera með:

1) Nægilegum lánsveitingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.
2) Með styrkjum.
3) Með sérstakri lagaheimild um afslátt eða niðurfellingu á sköttum.

Skattakerfi okkar, þar sem skattar eru greiddir árið eftir að tekna er aflað, getur orðið mörgum þungur baggi í þessum efnum.

V. Að fagleg endurmenntun, þ. e. þar sem einstaklingar eiga þess kost að fræðast um nýjungar innan síns starfssviðs, verði mikilvægur þáttur þessara nýmæla.

VI. Að innan þess ramma sem fullorðinsfræðslu er markaður, sitji hagnýt verkleg menntun við sama borð og almenn menntun.

Þetta er undirstrikað hér til stuðnings þeirri kröfu, að menntakerfi íslendinga hugi meir að þörf atvinnuveganna fyrir fólk með hagnýta verklega menntun.

Virðingarfyllst,

f. h. Verslunarmannafélags Reykjavíkur,

Guðmundur H. Garðarsson, formaður. Magnús L. Sveinsson, varaformaður.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 8. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

Þökkum bréf ráðuneytisins dags. 9/9 '74 varðandi frumvarp til laga um **fullorðinsfræðslu.**

Ungmennafélag Íslands er einn af þeim aðilum sem staðið hefur fyrir skipulögðu námskeiðshaldi fyrir almenning víðsvegar um landið á undanförnum árum. Starfsemi þessa höfum við kallað Félagsmálaskóla UMFÍ og námskeiðsefnið hefur verið viðvíkjandi rekstri áhugamannafélaga, fundartækni, ræðumennsku, skipulagningu félagssamtaka og fleira þh. Námskeiðin eru öllum opin og sótt af fólki á öllum aldri. Síðustu tvö árin hafa á sjötta hundrað manns sótt þessi námskeið.

Í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum af þessari starfssemi og með þeim ásetningi að halda áfram á sömu braut, sér stjórn Ungmennafélags Íslands sérstaka ástæðu til að fagna frumvarpi þessu til laga um fullorðinsfræðslu og mælir með, að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst

f. h. stjórnar UMFÍ,

Sig. Geirdal frkvstj.

Fylgiskjal IV.

Athugasemdir við umsagnir háskóladeilda um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

1. **Lagadeild.** Tekur ekki afstöðu. Lætur fylgja yfirlit yfir námsskeið fyrir starfandi lögfræðinga í ýmsum greinum laga og réttar, sem Lögfræðingafélag Íslands hefir efnt til í samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands.

2. **Tannlæknadeild.** Tekur undir þá meginstefnu frumvarpsins „að fullorðnum sé gefinn kostur á að reyna að halda í við öra þróun þekkingarinnar, eftir því sem hægt er hverju sinni". Jafnframt vekur deildin athygli á því, að sumstaðar sé mjög

illa búið að barnakennslu og unglinga, og virðist deildinni þessi þörf til úrbóta brýnni svo og húsnæðisþörf háskólans.

3. **Viðskiptadeild.** Deildin telur að efni frumvarpsins snerti hana ekki sem slíka og tekur því ekki afstöðu til þess.

4. **Verkfræði- og raunvísindadeild.** Deildin skipaði hinn 19. október 1974 þriggja manna nefnd til að semja drög að umsögn deildarinnar um frumvarpið. Nefndin lagði drög sín fram á fundi deildarráðs 17. desember 1974 og voru þau rædd á þeim fundi. Fram kom í deildarráði, „að efla þyrfti fullorðinsfræðslu almennt í landinu og styður deildin af sinni hálfu alla viðleitni í þá átt". Deildin er því þó andvíg, að frumvarp það um fullorðinsfræðslu, sem umsagnar hennar var óskað um, verði samþykkt, þar eð undirbúningi virðist ábótavant og frekari kannanir skorti. Vísar hún að öðru leyti til fyrrgreinds nefndarálits.

Nefndarálitið er fáyrt, tvær málsgreinar, óundirritaðar. Aðalefnið er í fyrri málsgrein, sem hljóðar svo:

„Nefndin leggur til við deildarráð, að það mæli gegn samþykkt þessa frumvarps og beini því til Alþingis, að áður en lög verði sett um fræðslu fullorðinna, beiti Alþingi sér fyrir rækilegri könnun á stöðu þessarar fræðslu í landinu og endurskoðun frumvarpsins. Á grundvelli hennar yrði ljóst, hvaða vanda þarf að leysa, hve mikla kennslukrafta, húsnæði, tæki og námsstyrki það kostar, úr hverju er brýnast að bæta, í hvaða röð ætti að ráðast á viðfangsefnin og að lokum, hvers konar lög Alþingi þyrfti að setja til þess að auðvelda lausn þess vanda, sem við er að glíma, tryggja bestu nýtingu fjárveitinga og rétt þeirra, sem námið stunda".

Eins og sjá má er hér lögð fram tillaga um tiltekin vinnubrögð við gerð frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu. Engin rök eru leidd að því, að með henni næðist betri árangur. Nefnd verkfræði- og raunvísindadeildar virðist fullorðinsfræðslunefnd ekki hafa kannað nægilega núverandi ástand, þarfir og möguleika þeirrar fullorðinsfræðslu sem veitt er hér á landi. Sú gagnrýni samræmist ekki staðreyndunum. Í þættinum „Skipun og störf fullorðinsfræðslunefndar", bls. 5—9, er í köflunum 2—6 skýrt svo nákvæmlega frá gagnasöfnun, sem unnt og er viðeigandi í þessu sambandi. Fullorðinsfræðslunefnd átti frumkvæði að henni og eftir að hún bast samvinnu um sams konar könnun á hinum Norðurlöndunum, fylgdist formaðurinn, sem átti sæti sem fulltrúi Íslands í samnorrænu nefndinni, nákvæmlega með framvindu málsins, og nefndin hafði ómetanlegan stuðning af könnun á aðstæðum til fullorðinsfræðslu hér á landi löngu áður en skýrslan var fullsamin í því formi, sem norræna samstarfsnefndin krafðist.

Það getur ekki talist til stórra galla á frv. t. l. um fullorðinsfræðslu, að norsk frv. til laga um hliðstætt efni voru gaumgæfilega athuguð. Nefndin kynnti sér löggjöf allra Norðurlanda um fullorðinsfræðslu, auk ýmissa fræðirita um skipan og ástand fullorðinsfræðslu í Bretlandi og Þýskalandi. Norsku frumvörpin virtust komast næst hugmyndum fullorðinsfræðslunefndar um það, hvað nauðsynlegt sé og fjárhagslega kleift að gera í voru strjálbýla og fátæka landi. Að um beina þýðingu norsks frv. sé að ræða eru marklausar ýkjur.

Flest orkar tvímælis þá gert er. Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar er fremur ábending um tiltekið starfsatferli en bein gagnrýni á fullorðinsfræðslufrumvarpið út frá þeim forsendum sem það er samið. Þannig spyr nefndin að lokum, „hvort ekki gæti orðið farsælla að færast minna í fang hér og setja lög um þá þætti, sem könnun sýndi, að ætti við ákveðinn vanda að stríða, þar sem lög gætu orðið til hjálpar". — Ætli ágreiningur um val hinna þurfandi og verðugu yrði þar minni?

5. **Heimspekideild.** Nefnd sú, sem heimspekideild kaus til að semja umsögn um fullorðinsfræðslufrumvarpið, hefir misskilið frumvarpið gersamlega. Að hennar dómi hefir nefndin vanrækt að kynna sér þá fullorðinsfræðslu, sem þegar er starfrækt hér á landi, jafnvel „hugsanleg aðild hins hefðbundna skólakerfis að aukinni fullorðinsfræðslu" hefir ekki orðið henni umhugsunarefni. Nefndinni „virðist því ástæðulaust að eltast við ótölulega smærri galla þess og greinargerðarinnar sem fylgir því". Heim-

spekideild „telur varhugavert, að einblínt sé til Norðurlanda, þegar leita skal fyrirmynda að fræðslumálum fullorðinna“. Þó virðist fullorðinsfræðslunefnd kunnugt um, að Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin verja jafnmiklu fé til fullorðinsfræðslu og til hefðbundinnar skólakennslu. „Þessi fróðleiksmoli gefur vissulega tilefni til, að svipast sé um eftir fyrirmyndum í löndum þessara ríkja fremur en á Norðurlöndunum, þar sem fullorðinsfræðsla er miklum mun smærri í sniðum“.

Fullorðinsfræðslunefnd eftirlætur háttvirtu Alþingi og öðrum þeim aðilum, sem væntanlega munu fjalla um áformaða löggjöf um fullorðinsfræðslu á Íslandi að draga ályktanir af þessu framlagi heimspekideildar.

6. Umsögn nefndar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Umsögn þessa samdi nefnd þriggja manna, sem háskólaráð kaus.

Nefndin telur frv. t. l. um fullorðinsfræðslu „eitt brýnasta verkefnið í fræðslumálum þjóðarinnar“, en lýsir jafnframt vonbrigðum sínum yfir framkomnu frumvarpi. Athugasemdir nefndarinnar eru settar fram í 11 tölusettum liðum og skal þeirra nú stuttlega getið:

1. „Of lítið tillit er tekið til íslenskra aðstæðna.“ Vér höfum í 4. grein hér að framan gert grein fyrir gagnasöfnun fullorðinsfræðslunefndar um þau mál hér á landi. Það verður að nægja. Það er misskilningur háskólaráðsnefndar, að oss hafi sést yfir íslenska heimild um fullorðinsfræðslu, sem birtist í tímaritinu Menntamál, 2. hefti 1971, enda sé hennar ekki getið í heimildarskrá frumvarpsins. Rétt er, að í nefndu hefti Menntamála birtust tvær greinar: **Menntun fullorðinna.** Hin fyrri og viðameiri getur með engu móti kallast „íslensk heimild“. Höfundur hennar er franskur: **Bertrand Schwartz. Hún birtist í Permanent Education,** sem Evrópuráðið gaf út 1970. **Jóhann S. Hannesson** þýddi erindi þetta á íslensku og nefndi það **Ævinám og menntakerfi framtíðarinnar** og svarar það heiti allvel til enska titilsins: **A prospective view of permanent education.** Lesendur þessara athugasemda veita því athygli, að **Schwartz** talar um „prospective view“, framtíðarsýn, sem þýðandinn umskrifar með „menntunarkerfi framtíðarinnar“. Rits Evrópuráðsins er greinilega getið í heimildaskrá fullorðinsfræðslufrumvarpsins, bls. 41, lið 2. En með því að þetta mikla rit, yfir 500 bls., er safn margháttaðrar reynslu, ábendinga og kenninga um fullorðinsfræðslu, þótti engin ástæða til að geta fyrrnefndrar greinar **Schwartz** sérstaklega í heimildaskrá. En í tilefni af þessum misskilningi dómnefndar háskólaráðs að telja franskan fyrirlestur til íslenskra heimilda, er rétt að taka það skýrt fram, að frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu er einmitt samið í anda **Schwartz** og samhöfunda hans í fyrrgreindu riti, út frá „prospective view“- hugmyndinni, sem menntunarkerfi, sprottið af nútímaþörf en þó einkum til þess ætlað að mæta þörfum framtíðarinnar og fullkomnast í henni.

Um grein **Jóhanns S. Hannessonar: Hugleiðingar um menntun fullorðinna,** í fyrrgreindu hefti Menntamála er það að segja, að hún barst fullorðinsfræðslunefnd sem fylgiskjal með greinargerð frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur um fullorðinsfræðslu á vegum borgarinnar; liður í gagnasöfnun nefndarinnar um fullorðinsfræðslu hér á landi.

Háskólaráðsnefndin setur fram kröfu, sem hún telur algilda: „Allar tilraunir til að efla alþýðumenntun í landinu hljóta að taka fyrst og fremst mið af tvennu: raunverulegum þörfum og óskum fólks eftir aukinni fræðslu og menntun og möguleikum þeirra fræðslustofnana og kennslukrafta, sem til eru í landinu, til að fullnægja þeim þörfum og óskum. Ekki verður undan því vikist að leggja rækilega könnun þessara tveggja þátta beinlínis til grundvallar frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu“. Hér lætur dómnefndin blekkjast af grunnskólahugmyndinni, þar sem allir einstaklingar á tilteknu aldursbili eru bundnir fræðsluskyldúákvæðum, hvað sem vilja einstaklingsins líður. Þá er árlegur fjöldi nemendahópsins auðreiknaður. Ef fara ætti eftir óskum hvers og eins, yrði dæmið flóknara og raunar óleysanlegt með ofangreindri aðferð. Þátttaka í fullorðinsfræðslu er frjáls. Hún hlýtur að vera háð margvíslegum aðstæðum: framar öllu einstaklingsbundinni þekkingarþrá, gæðum kennsl-

unnar, aðstæðum með tíma og húsnæði og að lokum fjárhag, svo að fáein mikilvæg atriði séu nefnd. Fullorðinsfræðslunefnd byggir frumvarp sitt á þeirri skoðun, að það sé bæði nauðsyn og réttlætismál, að fullorðnum veitist kostur á að auka við þekkingu sína og almenna menntun. Ef slík fræðsla nær að þróast innan þess ramma, sem fyrirhuguð löggjöf setur, þá munu hæfir kennarar og stjórnendur sækja inn á þann starfsvettvang eins og í skyldunámsskóla.

2. Þennan lið er unnt að afgreiða í skemmra máli; í honum kemur ekki fram neitt sjónarmið, sem ekki hefir verið tekin afstaða til, þegar fjallað var um umsagnir einstakra deilda. Það er í algerri mótsögn við staðreyndina, enda engin rök verið að því leidd, að aðferð fullorðinsfræðslunefndar hafi verið sú „að endursegja norsk frumvarpsdrög um fullorðinsfræðslu“. Fullorðinsfræðslunefnd samdi drög sín að frv. þrisvar sinnum, endurskoðaði hverja gerð, breytti henni rækilega, lét hreinrita hana og hóf svo breytingar og endursamningu að nýju.

„Hérlendis er fullorðinsfræðsla lítil og vanmáttug og umræður um eflingu hennar nýjar af nálinni“. Því er óráðlegt að horfa svo mjög til Norðurlanda. Könnun, sem nefndin telur sig hafa gert t. d. í Bretlandi og Þýskalandi, svo og í Bandaríkjunum og Ráðstjórnarríkjunum virðist engin áhrif hafa haft á frumvarpið. — Eymdartónninn um núverandi ástand íslenskrar fullorðinsfræðslu og ábendingin að 200 þúsund manna þjóð ætti helst að sækja sér fyrirmyndir til 200 milljón manna þjóða gengur illa í heilbrigða skynsemi.

3. Hér bendir háskólaráðsnefndin á að stjórnkerfi fyrirhugaðrar fullorðinsfræðslu sé of flókið og óþarflega viðamikið. Þó að allan rökstuðning fyrir þessari aðfinnslu skorti, kann hún að hafa nokkuð til síns máls, en hún væri þó ekkert einsdæmi. Hér þarf að hafa í huga, að innleiða á nýtt fræðsluform sem aðeins mjög takmörkuð reynsla og engin sérþekking er til um hér á landi. Nefndin drepur óljóst á þetta, þegar hún talar um nauðsyn á faglegri aðstoð til þeirra aðila og stofnana, sem annast vilja fullorðinsfræðslu. Þessi „faglega aðstoð“ er að dómi fullorðinsfræðslunefndar vandasamara og umfangsmeira verkefni en dómnefnd háskólaráðs hefir gefist tóm til að kynna sér. En þótt lög verði sett um fullorðinsfræðslu, vantar í byrjun margt, sem til hennar þarf: sérmenntaða kennara og leiðbeinendur, bæði á verklegu og bóklegu sviði, námsbækur og önnur námsgögn við hæfi fullorðinna. Barna- og unglingakennarar geta ekki án rækilegrar sérþjálfunar tekið að sér fullorðinsfræðslu. Veigamiklir þættir þeirrar fræðslu, sem fullorðnir þarfnast og óska eftir, liggja auk þess utan við kennslusvið almennra skóla. Hér við bætist það hlutverk fullorðinsfræðsluráðs, að vera tengiliður milli fólksins, sem fræðslunnar á að njóta og yfirstjórnar hennar. Um það er rætt í lokamálsgrein skýringa við 6. gr. bls. 21: „Nefndin telur mikilvægt að fullorðinsfræðslan vaxi með eðlilegum hætti vegna þess að sem flestir hafi skynjað þörfina fyrir hana, en hún komi ekki sem valdboð ofan frá og verði skilin á þann veg, að henni sé raunverulega þröngvað upp á skólakerfið, atvinnulífið og almenning“. Fullorðinsfræðsluráð mun því „sem ráðgefandi og mótandi aðili“ (sbr. 6. gr.) gegna mikilvægu hlutverki, ef það er skipað hæfum mönnum. Yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar er í höndum menntamálaráðuneytisins (sbr. 2. gr.).

Dómnefnd háskólaráðs ber fram undir þessum lið tvær ábendingar, sem virðast hvor annarri andstæðar. Annars vegar að takmarka fullorðinsfræðslu við „forgangs“-þætti, og virðist þá gert ráð fyrir, að auðsætt sé og óumdeilanlegt, hvaða þættir eigi forgang. Þetta hlyti að leiða til útilokunar annarra mikilvægra sviða og valda takmörkun, sem er andstæð meginstefnu frumvarpsins: að sem fjölbreytilegast fræðsluefni, verklegt sem bóklegt, falli skipulega inn í þann lagaramma, sem frumvarp vort stefnir að. Hin ábendingin er sú, að í stað slíkrar lagasetningar „yrði skipan þessara mála gefin frjáls en hið opinbera styrkti fullorðinsfræðslu á ákveðnum sviðum sem fullnægði tilteknum skilyrðum“. — Slíkum ábendingum er auðvelt að varpa fram þegar vandinn nær ekki lengra en að orða þær í frambærilegri setningu. En samning frv. að lögum krefst ákvörðunartöku um eina heillavænlega leið. Þar nægir

ekki „annaðhvort-eða“. Framangreindar ábendingar gefa ekki tilefni til, að fullorðinsfræðslunefnd víki frá meginstefnu frumvarpsins.

4. Þessi athugasemd við 1. gr. frv. er orðhengilsháttur, sem óþarft er að fjölyrða um. Greinin markar skýrt stöðu fullorðinsmenntunar innan menntakerfis þjóðarinnar.

5. Hið sama á við þennan lið. Markmið og réttarstaða fullorðinsfræðslu eru skýrt ákveðin í 1. og 2. gr. frv.

6. Athugasemd í þessum lið, að í frumvarpið vanti ákvæði um hlut útvarps og sjónvarps að fullorðinsfræðslu, er sprottin af misskilningi á valdsviði nefndarinnar. Ríkisútvarpið, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands eru sjálfstæðar stofnanir, sem starfa samkvæmt eigin lögum og ráða verkefnum sínum innan ramma þeirra laga. Fullorðinsfræðslunefnd hefir ekki umboð til að ákveða þeim ný verkefni með lögum. Hins vegar gerir nefndin sér ljóst hið þýðingarmikla hlutverk, sem þessar stofnanir hafa rækt og munu væntanlega efla stórlega, er fullorðinsfræðsla hefir verið lögfest og nefndar stofnanir fá heimild og nauðsynlegt fjármagn til viðeigandi þátttöku. Ákvæði um hana og ýmis önnur framkvæmdaatriði fullorðinsfræðslunnar eiga fremur heima í reglugerð en lögum.

7. Varðandi þennan lið er rétt að minna á 23. gr. frv.: „Ráðuneytið setur reglur um þátttöku í fullorðinsfræðslu sem tryggja að fræðslan sé frjáls og ná þær einnig til áframhaldandi náms þeirra sem innritast hafa“. Skv. 23. gr. og skýringum við hana eiga allir þjóðfélagsþegnar frá tilteknum lágmarksaldri jafnan rétt til fullorðinsfræðslu og geta (sbr. 25. gr.) haft áhrif á kennsluna eftir lýðræðisreglum. Með þessum ákvæðum virðist jafnrétti tryggt, að því leyti sem í mannlegu valdi stendur.

8. Vissulega er fjárhagshlið fullorðinsfræðslunnar mikilvægt atriði, enda ræddi nefndin þau mál gaumgæfilega. Hún telur það þó ekki á sínu færi „að gerbreyta skilyrðum launastéttanna“. Sú viðleitni hefir fram að þessu kostað harðar sviptingar og gerst á öðrum vettvangi. Fullorðinsfræðslunefnd telur það ekki þjóna framgangi málsins á þessu stigi að krefjast meiri fjárhagsstuðnings en kveðið er á um í IV. kafla, 28.—36. gr.

Ásakanir dómnefndar háskólaráðs (sbr. 10. lið) í garð stjórnvalda landsins svo og dylgjur hennar um fullorðinsfræðslunefnd sé ekki full alvara með fjárstyrksákvæði fyrrnefndra greina í IV. kafla frv. telur nefndin óviðeigandi og sér óskylt að svara.

9. Ákvæði um kynningu á fullorðinsfræðslu, virðist óþarft að setja í lög; hún er sjálfsagður þáttur í framkvæmdinni. Ef sérstök ákvæði yrðu sett um hana, ættu þau heima í reglugerð.

Lokaorð.

Í III. kafla umsagnar sinnar dregur háskólaráðsnefndin niðurstöður sínar saman í 5 liðum (hálf blaðsíða). Um þau atriði öll hefir verið rætt hér að framan. Ekkert nýtt kemur fram. Það ber að harma, að þess sjást hvergi merki, að nefndarmenn hafi öðlast neina haldbæra þekkingu á fullorðinsfræðslu, fyrr en þeir lásu umrætt frumvarp.

Eftir gaumgæfilega könnun á athugasemdum þeim, sem fram hafa komið frá ofangreindum deildum Háskóla Íslands og frá sérstakri nefnd háskólaráðs, ályktar fullorðinsfræðslunefnd að athugasemdir þessar haggi með röklegum hætti engu meginatriði frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu. Þær gefa því enga gilda ástæðu til breytinga á frumvarpinu.

Reykjavík, 1. október 1975.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. febrúar 1975.

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu hefur verið til umræðu innan Háskóla Íslands undanfarna mánuði. Þar sem þetta mál er mjög áhugavert og þýðingarmikið var beðið um umsagnir deilda, en auk þess fól háskólaráð sérstakri nefnd að kynna sér málið sérstaklega og rita um það ýtarlega greinargerð. Nefnd sú var skipuð tveimur kennurum og einum stúdent.

Álit deilda og nefndar þeirra, er háskólaráð kaus, liggja nú fyrir. Þar sem þau eru síðbúin, er sá kostur tekinn að senda þau bæði menntamálaráðuneyti og menntamálanefndum beggja deilda Alþingis.

Eins og greinargerðir þessar, sem hér fylgja með í ljósriti, bera með sér, hafa komið fram margvíslegar athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins. Þessar athugasemdir benda til þess, að kanna þurfi einstök atriði málsins nánar, áður en frumvarpið verður afgreitt frá Alþingi. Innan háskólaráðs eru nokkuð skiptar skoðanir um gildi einstakra athugasemda, sem fram koma í meðfylgjandi álitsgerðum, en um það er algjör samstaða, að hefja beri fullorðinsfræðslu til vegs og virðingar.

Háskóli Íslands er reiðubúinn til að taka aukinn þátt í framhaldsmenntun eða viðhaldsmenntun kandídata í samvinnu við félagssamtök viðkomandi aðila eftir því sem fjármagn, mannafli og aðstaða leyfir. Enn fremur lýsir Háskólinn yfir einlægum vilja sínum til aukinnar aðildar að fullorðinsfræðslu í landinu á annan hátt og bendir á eftirtaldar leiðir í því sambandi:

1. Sérstök námskeið fyrir einstaka starfshópa í þjóðfélaginu.
2. Kvöldskóla í ýmsum námsgreinum fyrir fólk, sem jafnframt er í hálfu eða fullu starfi.
3. Ferðir kennara út á land til fyrirlestrahalds eða námskeiðahalds.

Verði sú leið farin að endurskoða frumvarp það um fullorðinsfræðslu, sem nú liggur fyrir, áður en til lögfestingar þess kemur, lýsir Háskóli Íslands sig reiðubúinn til að eiga aðild að þeirri endurskoðun.

Með vinsemd og virðingu,

Guðlaugur Þorvaldsson, rektor.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Heimspekideild

Drög að álitsgerð um fullorðinsfræðslu.

Heimspekideild telur að efling fullorðinsfræðslu sé eitt brýnasta úrlausnarefni í fræðslumálum íslendinga. Lýsir hún yfir einlægum vilja sínum til aðildar að slíkri fræðslu í kennslugreinum sínum, hvort heldur innan veggja Háskólans eða utan.

Hins vegar er það skoðun deildarinnar, að frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu, sem háskólarektor biður hana álits á í bréfi dagsettu 4. október 1974, sé engan veginn samboðið svo mikilsverðu málefni. Að þessari skoðun hníga einkum svofelld rök. Frumvarpið kveður á um ramma þrenns konar starfsemi sem farið hefur fram um langt skeið á vegum nokkurra námsflokka (nú sjö), eins bréfaskóla og einna samtaka. En þessi starfsemi er aðeins lítið brot af því sem þegar er unnið í landinu að fræðslumálum fullorðinna. Höfundar frumvarpsins taka ekkert tillit til starfsemi iðnfræðsluráðs, öldungadeilda tveggja menntaskóla, tónlistarskóla,

myndlistarskóla, leikskóla, málaskóla og hvers konar námskeiða á vegum einstaklinga. Af þessari þröngu viðmiðun leiðir, að höfundar leiða ekki hugann að svo augljóslega mikilvægu umhugsunarefni sem hugsanlegri aðild hins hefðbundna skólakerfis að aukinni fullorðinsfræðslu. Úr því að annar eins megingalli er á frumvarpinu, virðist ástæðulaust að eltast við ótölulega smærri galla þess og greinargerðarinnar sem fylgir því.

Heimspekideild undrast og harmar vinnubrögð frumvarpshöfunda, sem hún telur ófullnægjandi. Starf þeirra sjö á fimmtíu fundum, að svo miklu leyti sem þess sér stað í frumvarpi og greinargerð, hefur verið það eitt að endursegja, með hæpnum úrfellingum, norsk lagafrumvörp um fullorðinsfræðslu og auka endursögnina athugasemdum sem einkum eru þarflausar orðskýringar. Nefnd höfundanna virðist ekki hafa kynnt sér það starf, sem þegar er unnið á Íslandi, svo sem fram er komið, hvað þá að hún hafi hugað að slíkri starfsemi í Noregi, sem hin norsku frumvörp fjalla um. Þar með gerir hún enga tilraun til að meta kosti og galla á slíkri starfsemi og hyggja að hugsanlegum umbótum, sem stuðla megi að með löggjöf eða með öðrum hætti.

Í þessu sambandi vill heimspekideild taka fram, að hún telur varhugavert, að einblínt sé til Norðurlanda, þegar leita skal fyrirmynda að skipan fræðslumála fullorðinna. Nefndin lætur þess getið, að tvö ríki heims, Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin, verji jafnmiklu fé til fullorðinsfræðslu og til hefðbundinnar skólakennslu. Þessi fróðleiksmoli gefur vissulega tilefni til, að svipast sé um eftir fyrirmyndum í löndum þessara ríkja fremur en á Norðurlöndum, þar sem fullorðinsfræðsla er miklum mun smærri í sniðum. Í framhaldi af þessu vill deildin vekja athygli á því, sem dæmi að á Bretlandi hefur nýlega verið komið á fót einni merkustu fullorðinsfræðslustofnun, sem sögur fara af, The Open University. Mælir hún eindregið með því að höfundur nýs frumvarps um fullorðinsfræðslu kynni sér starfsemi þeirrar stofnunar.

Reykjavík, 4. nóvember 1974.

Þorsteinn Gylfason. Sigtryggur Jónsson. Heimir Áskelsson.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Tannlæknadeild

Hr. rektor
prófessor Guðlaugur Þorvaldsson
Háskóla Íslands

Reykjavík, 12. desember 1974.

Hjálagt fylgir umbeðin greinargerð frá tannlæknadeild vegna „frumvarps um fullorðinsfræðslu“, sem unnin var af kennslunefnd deildarinnar og samþykkt með nokkrum breytingum á deildarfundi 4. des. s. l.

(Fundurinn gerði einnig meðfylgjandi samþykkt, sem svar við beiðni um umsögn varðandi innritun stúdenta í tannlæknadeild á miðju ári.)

Virðingarfyllst,

Þórður Eydal Magnússon, deildarforseti.

Greinargerð.

„Um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“, samþykkt á deildarfundi tannlæknadeildar 4. des. 1974. Þar eð þekkingin í heiminum eykst með slíkum hraða að til ólíkinda má telja hlýtur að vera þörf þess, að fullorðnum sé gefinn kostur á, að reyna að halda í við öra þróun þekkingarinnar, eftir því sem hægt er hverju sinni.

Hinsvegar vill kennslunefnd vekja athygli á því að misjafnlega og sumstaðar mjög illa er nú séð fyrir fræðslu barna, unglinga og ungmenna og er þörfin kannski brýnust þar, að úr verði bætt sem fyrst.

Að lokum vill tannlæknadeild mælast til, að áður en ráðist verður í jafn fjárfreka útþenslu í fræðslukerfi þjóðarinnar, verði betur séð fyrir húsnæðismálum háskólans.

Virðingarfyllst,

f. h. tannlæknadeildar

Þórður Eydal Magnússon, deildarforseti.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Reykjavík, 4. febrúar 1975.

Á fundi í lagadeild, 16. október 1974 var lagt fram bréf yðar, herra háskólarektor dagsett 4. október 1974, þar sem óskað var umsagnar deilda og námsbrauta um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Varð niðurstaða fundarins sú, að málefni þetta snerti ekki lagadeild með þeim hætti, að ástæða væri til þess, að hún léti uppi álit.

Frumvarpið hefur hins vegar legið frammi í húsi deildarinnar, þannig að einstökum kennurum hefur gefist kostur á að kynna sér það, og um leið kostur á að segja álit sitt, ef þeim þætti ástæða til.

Jafnframt var samþykkt að fela deildarforseta að gera grein fyrir því hvernig endurmenntun lögfræðinga væri háttað og fylgir hér stutt greinargerð um það. Það tók nokkurn tíma að afla þessara upplýsinga, þótt þær séu ekki miklar að vöxtum auk þess sem annir deildarforseta hömluðu. Því hefur erindi þessu ekki verið svarað fyrr.

Virðingarfyllst,

Sigurður Líndal, forseti lagadeildar.

Til háskólarektors
próf. Guðlaugs Þorvaldssonar
Háskóla Íslands
Reykjavík.

Um endurmenntun lögfræðinga.

Endurmenntun lögfræðinga hefur einkum farið fram á námskeiðum, sem samtök lögfræðinga og/eða lagadeild hafa staðið fyrir og hafa þau verið haldin sem hér segir:

Námskeið um réttarreglur um fasteignir 22.- 26. marz 1971. Lögfræðingafélag Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans.

Námskeið um skattarétt 20 - 24. nóvember 1972. Lögfræðingafélag Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans.

Námskeið um stjórnun 24. - 29. nóvember 1973. Lögfræðingafélag Íslands með styrk Lögmannafélags Íslands og Háskóla Íslands og í samráði við Stjórnunarfélag Íslands.

Námskeið í skattarétti 20. - 24. nóvember 1973. Lögfræðingafélag Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans.

Námskeið um verksamninga 16. - 19. apríl 1974. Lögmannafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Námskeið í vinnumarkaðsrétti, 16. - 18. maí 1974. Lögfræðingafélag Íslands.

Þá má og nefna, að í 49. gr. b I reglugerðar Háskólans eru ákvæði um framhaldsnám kandídata, sem hljóða svo:

I. Framhaldsnám. Í lagadeild skal halda uppi kennslu og leiðbeiningum fyrir kandídata, eftir því sem aðstæður leyfa. Skal stefnt bæði að leiðbeiningum fyrir einstaka kandídata, að námskeiðum fyrir hópa og að reglubundinni fræðilegri framhaldsmenntun. Kandídatar eiga kost á að fylgjast með kennslu fyrir stúdenta í 3. hluta, eftir því sem við verður komið. Að öðru leyti ákveður lagadeild, hvernig kennslu fyrir kandídata er hagað. Heimilt er að gefa út vottorð um nám þeirra að fullnægðum skilyrðum, sem deildin setur, t.d. um próf. Hafa nokkrir kandídatar þegar notfært sér þessa fræðslu.

Loks ber að geta þess, að samtök lögfræðinga, einkum Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands hafa um langt skeið efnt nokkuð reglulega til fræðafunda og staðið að útgáfu bóka og tímarita.

Reykjavík, 5. febrúar 1975.

Sigurður Líndal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Viðskiptadeild

Reykjavík, 24. október 1974.

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Á fundi í deildarráði viðskiptadeildar hinn 18. þ.m. var gerð sú ályktun, að ofangreint efni snerti ekki deildina sem slíka og tæki deildin þess vegna ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst,

Árni Vilhjálmsson.
deildarforseti.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Verkfræði- og raunvísindadeild

Hr. háskólarektor,
prófessor Guðlaugur Þorvaldsson,
Háskóla Íslands.

Reykjavík, 25. janúar 1975.

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu 1974.

Deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar skipaði á fundi sínum 29. okt. 1974 Sveinbjörn Björnsson, deildarstjóra, Halldór Guðjónsson, dósent, og Þorbjörn Karlsson, prófessor, í nefnd til þess að semja drög að umsögn deildarinnar um fyrrnefnt frumvarp um fullorðinsfræðslu. Nefndin lagði fram drög sín á fundi deildarráðs 17. des. 1974, þar sem þau voru rædd.

Á fundi deildarráðs kom fram, að efla þyrfti fullorðinsfræðslu almennt í landinu og styður deildin af sinni hálfu alla viðleitni í þá átt. Hins vegar er deildin andvíg því, að frumvarp það um fullorðinsfræðslu, sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1974, verði samþykkt, þar sem undirbúningi að gerð þess virðist áfátt og frekari kannanir skortir. Að öðru leyti skal vísað til nefndarálitsins, sem fylgir hjálagt og samþykkt var efnislega á fyrrgreindum deildarfundi.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Björnsson.
forseti verkfræði- og
raunvísindadeildar.

Umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Frá nefnd, er deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar skipaði 29. okt. 1974 til þess að fjalla um frumvarpið.

Nefndin leggur til við deildarráð, að það mæli gegn samþykkt þessa frumvarps og beini því til Alþingis, að áður en lög verði sett um fræðslu fullorðinna, beiti Alþingi sér fyrir rækilegri könnun á stöðu þessarar fræðslu í landinu og endurskoðun. frumvarpsins Á grundvelli hennar yrði ljóst, hvaða vanda þarf að leysa, hve mikla kennslukrafta, húsnæði, tæki og námsstyrki það kostar, úr hverju er brýnast að bæta, í hvaða röð ætti að ráðast á viðfangsefnin og að lokum, hvers konar lög Alþingi þyrfti að setja til þess að auðvelda lausn þess vanda, sem við er að glíma, tryggja bestu nýtingu fjárveitinga og rétt þeirra, sem námið stunda.

Nefndinni virðast þessir þættir ekki hafa verið nægilega kannaðir við undirbúning þess frumvarps, sem nú liggur fyrir Alþingi. Í greinargerð er þess getið, að lokið hafi verið gagnasöfnun um fullorðinsfræðsluna um líkt leyti og gengið var frá drögum frumvarpsins, en ekki er að sjá, að þau gögn hafi verið notuð við gerð þess og þau fylgja ekki í greinargerð. Í meginatriðum er frumvarpið sniðið að norskri fyrirmynd og margar greinar beint þýddar úr norskum frumvarpsdrögum, án þess að rök séu færð fyrir því, að okkur hæfi það, sem vel færi í Noregi. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins hefur ekkert Norðurlandanna enn sett sér heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu. Frumvörp um slíka löggjf hafa verið samin í Noregi en á hinum löndunum hafa lög verið sett um einstaka þætti þessara mála, og vekur það spurningar, hvort ekki gæti orðið farsælla að færast minna í fang hér og setja lög um þá þætti, sem könnun sýndi, að ættu við ákveðinn vanda að stríða, þar sem lög gætu orðið til hjálpar.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Háskólaráð

Umsögn nefndar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

I.

Nefndin telur frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu varða eitt brýnasta verkefnið í fræðslumálum þjóðarinnar. Jafnframt lýsir nefndin vonbrigðum sínum yfir þessu frumvarpi. Helstu ástæður þess að nefndin telur frumvarpið gallað og ófullnægjandi eru þessar:

1. **Of lítið tillit er tekið til íslenskra aðstæðna.** Jafnvel þótt margsagt sé í greinargerð frumvarpsins að fullorðinsfræðsla á Íslandi hafi verið rækilega könnuð af laganefndinni og sérstökum starfsmanni sér þess varla nokkurn stað í frumvarpinu að sú könnun hafi haft nein áhrif á hljóðan þess. (Þá má og benda á það að í heimildaskrá frumvarpsins (bls. 39—42) er ekki að finna neina íslenska heimild. Þær eru þó til. Tímaritið Menntamál, 2. hefti 1971, fjallaði t.d. um æviнám og menntun fullorðinna). Telja má þetta mjög miður farið. Allar tilraunir til að efla alþýðumenntun í landinu hljóta að taka fyrst og fremst mið af tvennu: raunverulegum þörfum og óskum fólks eftir aukinni fræðslu og menntun og möguleikum þeirra fræðslustofnana og kennslukrafta, sem til eru í landinu, til að fullnægja þeim þörfum og óskum. Ekki verður undan því vikist að leggja rækilega könnun þessara tveggja þátta beinlínis til grundvallar frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu.
2. **Það er hæpin aðferð við lagasmíð sem þessa að endursegja norsk frumvarpsdrög um fullorðinsfræðslu,** að vísu með ýmsum breytingum og úrfellingum. Meira tillit hefði þurft að taka til íslenskra aðstæðna og möguleika, svo og þeirrar fullorðinsfræðslu sem þegar fer fram í landinu, sbr. athugasemdir við 1. lið. Lög og reglur um fullorðinsfræðslu í öðrum Norðurlandaríkjum miða ekki hvað síst að því að koma heildarskipan á starfsemi sem orðin er mjög umfangsmikil. Hérlendis er fullorðinsfræðsla lítil og vanmáttug og umræður um eflingu hennar nýjar af nálinni. Þyrfti lagasetning um fullorðinsfræðslu að taka tillit til þessa. Þá væri og æskilegt að áhrif erlendrar reynslu á frumvarpið væru ekki takmörkuð við Norðurlöndin með svo einhæfum hætti sem texti frumvarpsins ber vitni. Það sem laganefndin segist hafa kannað frá öðrum löndum, t.d. Bretlandi og Þýskalandi, svo og Bandaríkjunum og Ráðstjórnarríkjunum, virðist hafa haft svo lítil áhrif á laganefndina að þess sér ekki stað í frumvarpinu.
3. **Frumvarpið fjallar óeðlilega mikið um að koma fullorðinsfræðslunni undir einkar flókið skipulags- og stjórnkerfi.** Svo að dæmi séu nefnd má telja fullorðinsfræðsluráð menntamálaráðuneytisins og fullorðinsfræðslunefndir fræðsluumdæma öldungis ótímabærar stofnanir ef ekki óþarfar með öllu. Eðlilegra væri að frumvarpið fjallaði fyrst og fremst um eflingu þeirra þátta fullorðinsfræðslu sem mest ástæða þykir til að veita forgang á næstu árum og fjárhagslega og faglega aðstoð til þeirra aðila og stofnana sem taka munu þátt í aukinni fullorðinsfræðslu á þeim sviðum. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verður mikil og flókin yfirstjórn á starfsemi sem enn er lítt þróuð í landinu. Sem eina hugsanlega leið til einföldunar mætti benda á það að í stað skiptingarinnar fræðslusambönd — fræðslusamtök — fræðslufélög með sérreglum um styrki o.fl. yrði skipan þessara mála gefin frjáls, en hið opinbera styrkti fullorðinsfræðslu á ákveðnum sviðum sem fullnægði tilteknum skilyrðum. Hið flókna fyrirkomulag þessara mála samkvæmt frumvarpinu er ekki líklegt sem slíkt til að kveikja frumkvæði heima fyrir.
4. **Gerbreyting á lagalegri skilgreiningu menntakerfis þjóðarinnar á tæplega heima inni á miðri grein sem fjallar um markmið og skipulag fullorðinsfræðslu.**

Slík lagabreyting á fremur heima í lögum um skólakerfi. Með þessari ábendingu er hins vegar ekki verið að andmæla þeirri skoðun að brýnt sé að breyta menntakerfi þjóðarinnar þannig að fullorðinsfræðsla fái þar lögtryggðan sess.

5. **Skilgreining frumvarpsins á meginmarkmiði fullorðinsfræðslu er ekki fullnægjandi.** Skilgreining frumvarpsfns er of almenn og missir því marks að nokkru. Auk ákvæða frumvarpsins þyrfti að setja skýrari ákvæði um jafnréttishlutverk fullorðinsfræðslu, svo að dæmi sé nefnt.

6. **Í frumvarpið vantar ákvæði um hlut útvarps og sjónvarps að fullorðinsfræðslu.** Þar sem hér er um að ræða áhrifaríkustu menntunarmiðla sem völ er á er vitaskuld óhjákvæmilegt að ætla þeim gildan þátt í fullorðinsfræðslu. Þess vegna verður frumvarpið að fjalla um aukinn hlut þessara fjölmiðla í fullorðinsfræðslu. Er ástæða til að ætla að útvarpið (hljóðvarpið) gæti með viðráðanlegum kostnaði komið á fót skipulegri fræðslu sem tæki mið af óskum og þörfum almennings. Þetta verður dýrara í sjónvarpi — en horfi stjórnvöld mjög í þann kostnað er jafnframt ástæða til að ætla að þau hyggist ekki efla fullorðinsfræðslu í reynd.

7. **Í frumvarpið vantar nánari ákvæði um menntunarjafnrétti.** Er þessi ábending í framhaldi af athugasemd við 5. lið. Í fullorðinsfræðslu er aðalvandinn vissulega sá að tryggja fólki úr öllum starfsstéttum jafnan rétt og jafna aðstöðu til að afla sér þeirrar fræðslu og menntunar sem hugurinn girnist. Þá má og benda á jafnrétti þeirra, sem eiga örðugt með æðra bóknám, við hina sem eiga auðveldara með það. Slíkt jafnrétti má m.a. auka með fjölbreytni fræðslustarfsins.

8. **Í frumvarpið vantar skýrari ákvæði um fjárhagslega námsaðstoð.** Eigi fullorðinsmenntun að eflast verulega í landinu þarf að gerbreyta skilyrðum launastéttanna til þess að geta tekið sér starfsleyfi og stundað nám. Þetta mál heyrir vissulega til friðar fleiri aðila en ríkisins, ekki hvað síst aðila vinnumarkaðarins. En ríkið gæti gengið á undan með góðu fordæmi, t. a. m. gagnvart eigin starfsmönnum. Ákvæði um þetta eru með því mikilvægasta sem þarf að standa í frumvarpinu og ákvæði 28.—29. gr. þess um málið eru engan veginn fullnægjandi.

9. **Í frumvarpið vantar ákvæði um hvatningu gagnvart almenningi til að notfæra sér fullorðinsfræðslu.** Má hér nefna sem dæmi hugsanleg ákvæði um upplýsingar- og ráðgjafarstarfsemi. Hvaða hlutur er menntamálaráðuneytinu t.d. ætlaður í þessu efni?

10. **Miðað við það hve stjórnvöld hafa lítinn gaum gefið að fullorðinsfræðslu til þessa vekja hin djarflegu og fortakslausu fjármálaákvæði IV. kafla frumvarpsins nokkurn ugg um það hvort full alvara fylgi máli.** Virðist ástæða til þess að ríkisvaldið í samvinnu við aðra aðila einbeiti sér fyrst að því að skapa fullorðinsfræðslu bætt skilyrði — t. d. með því að hlúa að menntun leiðbeinenda, útgáfu kennslubóka og námsgagna o.s.frv. — og efli jafnframt fullorðinsfræðslu á þeim sviðum þar sem þörfin er mest. Síðar gætu komið samræmdar reglur um styrki til allra viðurkenndra þátta slíkrar starfsemi.

11. **Frágangur frumvarpsins er ekki góður.** Sem dæmi um þetta má nefna það að orðafar orkar víða tvímælis. Uppsetningarrammi frumvarpsins leiðir til talsverðra endurtekninga (sbr. t.d. 10., 25. og 29. gr.). Þá eru og prentvillur til nokkurs baga.

II.

Nefndin telur það miður farið að menntamálaráðherra skyldi leggja frumvarpið fram svo fljótt sem raun ber vitni. Miðað við mikilvægi málsins og umfang virðist full

ástæða hafa verið til þess að draga fram yfir jól að leggja frumvarpið fram þannig, að ráðgast mætti við fleiri aðila og gefa umsagnaraðilum tíma til að athuga málið nánar.

III.

Af ofangreindu má ljóst vera að nefndin telur það óráð að Alþingi samþykki fyrirliggjandi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu óbreytt eða lítt breytt. Frumvarpið þarf róttækar endurskoðunar við og skulu í því sambandi eftirtalin atriði ítrekuð:

a) Rækileg könnun á fullorðinsfræðslu á Íslandi og þörfinni fyrir hana á einstökum sviðum verði lögð til grundvallar frumvarpinu og þá ekki síst miðað að því að gera núverandi fræðslustofnunum þjóðfélagsins kleift að auka fullorðinsfræðslu verulega.

b) Fullorðinsfræðslu verði sett skýr markmið. Valin verði forgangsverkefni í samræmi við brýnustu þarfir og fái þær mestan fjárhagsstuðning, a. m. k. fyrst í stað.

c) Útvarp og sjónvarp verði virkjuð til fullorðinsfræðslu. Í þeim efnum þarf sannarlega að brjóta blað.

d) Lögð verði áhersla á einfalt skipulag á stjórnsýslu og yfirstjórn fullorðinsfræðslu. Sérstök áhersla verði lögð á að glæða frumkvæði almennings og ráðamanna um land allt.

e) Mörkuð verði einarðleg stefna um hvatningu til almennings um að auka menntun sína og starfsþjálfun. Kemur hér til bæði fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og upplýsingar.

IV.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að Háskóli Íslands lýsi fyrir sitt leyti yfir einlægum vilja sínum til aukinnar aðildar að fullorðinsfræðslu í landinu hvort heldur er innan veggja Háskólans eða utan. Má benda á eftirtaldar leiðir í því sambandi:

a) Sérstök námskeið fyrir ýmsa starfshópa í þjóðfélaginu, t. d. húsmæður/húsbændur og kennara, um ýmis efni sem þeir óska að fræðast um.

b) Kvöldskóla í tilteknum námsgreinum handa fólki sem jafnframt er í fullu eða hálfu starfi.

c) Að senda kennara í einstökum greinum til þess að halda námskeið úti á landi.

Í nefnd sem háskólaráð kaus til að semja umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

27. janúar 1975.

Andri Ísaksson. Árni Blandon. Páll Skúlason.

Ed. **23. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 62 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

11. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun, skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutæki settum reglum, skal það fært á ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Bifreiðaeftirlit ríkisins gefur út skráningarskírteini ökutækis, og skal það ávallt fylgja því.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt á næstu lögreglustöð. Er þá heimilt að nota ökutækið, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

4. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tilkynna það til ökutækjaskrár innan hálfs mánaðar. Sama gildir, ef eigandi ökutækis breytir um nafn eða lögheimili.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu, skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, svo og eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfniskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

6. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Þegar tilkynning hefur borist bifreiðaeftirliti ríkisins um ökutæki, sbr. 11. gr., skal eftirlitsmaður skoða ökutækið og sker hann úr um, hvort það fullnægir kröfum laga og reglugerða.

7. gr.

18. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjórar eða bifreiðaeftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, sem eru í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskírteini.

8. gr.

19. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskylt ökutæki, sem er í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðis frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

9. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafist er, og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

Um leið og ökutæki er afskráð skal skráningarmerkjum þess skilað.

10. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá bifreiðaeftirliti ríkisins eða afhenda skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

11. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær bifreiðaeftirlit ríkisins tekur við skráningu ökutækja samkvæmt lögum þessum. Fram til þess annast lögreglustjórar skráningu ökutækja samkvæmt núgildandi ákvæðum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þær breytingar á ákvæðum umferðarlaga, að gert er ráð fyrir því, að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli lögsagnarumdæma, svo og því að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Tillögur þær, sem í frumvarpinu felast, komu fram í frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, sem flutt var á síðasta Alþingi (23. mál), en þau atriði, er vörðuðu breytingar á skráningarfyrirkomulaginu, voru felld úr því frumvarpi í meðförum þingsins.

Samkvæmt gildandi ákvæðum umferðarlaga skal skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra, þar sem eigandi ökutækisins er búsettur. Þá er eigendaskipti verða að skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi, skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá. Þegar eigandi ökutækis flyst búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í því umdæmi, sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu, sem flutt er í. Gildir þetta þó eigi, þegar um skemmri dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskylt að umskrá ökutæki vegna flutnings ökutækja milli umdæma, hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eiganda, þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Með auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið mjög fjölgandi, og umsvif tengd þeim hafa aukist ár frá ári hjá hinum ýmsu lögreglustjóraembættum, svo og við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Undanfarið hefur bifreiðafjöldi (í árslok), nýskráningar og umskráningar verið sem hér segir:

Ár	Fjöldi bifreiða	Nýskráningar	Umskráningar
1971	52489	7193	13321
1972	57155	6123	16900
1973	63189	7666	19800
1974	71364	9435	27340
1975	71459	3494	19657

Þessi auknu umsvif hafa kallað á fjölgun starfsliðs og aukinn rekstrarkostnað. Hefur því á undanförnum árum verið til athugunar á hvern hátt draga megi úr kostnaði á þessu sviði og gera skráningarkerfið einfaldara, bæði fyrir þegnana og hið opinbera. Er með frumvarpi þessu lagður grundvöllur að því að skráningu ökutækja verði breytt á þann veg, að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan er sú, að ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkjum frá því það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt. Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir, sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum, sem hlut eiga að máli (lögreglustjórum, bifreiðaeftirliti og þinglýsingadómurum), heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna, svo og öðrum, t. d. vátryggingafélögum. Breytt skráningarkerfi mundi og auðvelda viðhald ökutækjaskrár og skýrsluvéla-

vinnu, og draga úr hættu á misskráningum. Með breytingunni mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum, sem leiða af skiptingu landsins í skráningarumdæmi. Gert er þó ráð fyrir því, að hver lögreglustjóri haldi áfram skrá yfir ökutæki í umdæmi sínu, auk þess sem allsherjarspjaldskrá verður haldin, svo sem nú er, og unnin í skýrsluvélum.

Undirbúningur að nýju skráningarkerfi er þegar hafinn, m. a. með kaupum á skráningarvél, sem skráir upplýsingar um ökutæki vegna spjaldskrár og á skráningarskírteini, auk þess sem hún gatar á strimil upplýsingar til úrvinnslu í skýrsluvélum. Er gert ráð fyrir því, að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum. Þessi undirbúningur er óháður því, hvort skráningarmerkjum verður breytt eða ekki, en kemur að notum, ef horfið verður að því ráði að breyta þeim, en ekki er nauðsynlegt að skipta um merki á öllum ökutækjum samtímis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Yfirgnæfandi fjöldi nýrra ökutækja er í upphafi skráður í Reykjavík, þar sem þau eru flutt inn. Með breyttu skráningarkerfi mun þeim ökutækjum fjölga að mun, sem þar verða skráð, án tillits til þess, hvar eigandi er búsettur. Þegar þessa er gætt og svo þess, að hætt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma, er eðlilegt, að Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem eigi er bundið við einstök lögsagnarumdæmi, taki við skráningarhlutverki því, sem lögreglustjórar nú hafa, jafnframt því sem það heldur allsherjarspjaldskrá yfir ökutæki, svo sem verið hefur. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að lögreglustjórar haldi skrá yfir ökutæki í umdæmum þeirra samkvæmt gögnum frá bifreiðaeftirlitinu.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er gert ráð fyrir því, að bifreiðaeftirlitið láti í té skráningarmerki í stað lögreglustjóra, og er það í samræmi við breytt hlutverk bifreiðaeftirlitsins.

Þá er efni 2. málsgr. 12. gr. laganna nokkuð breytt, og er gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um heimild til að nota ökutæki, þegar skráningarmerki hefur glatast.

Um 3. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 4. gr.

Í samræmi við meginbreytingu á skráningarkerfi fellur niður skylda til að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma. Hins vegar verður áfram nauðsynlegt að tilkynna eigendaskipti, og hvílir sú skylda bæði á seljanda og kaupanda, en kveðið er skýrar á um það, innan hvaða frests tilkynning skuli hafa borist. Þá er kveðið á um það, að eiganda skuli ætíð skylt að tilkynna breytingu á lögheimili, hvort sem er vegna flutnings innan lögsagnarumdæmis eða milli umdæma. Loks felst í greininni það nýmæli, að tilkynna skuli, ef eigandi ökutækis breytir um nafn. Er nauðsynlegt, að í ökutækjaskrá séu ætíð fyrir hendi glöggar upplýsingar um eigendur ökutækja.

Um 5. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsgr., er vegna hins nýja hlutverks Bifreiðaeftirlits ríkisins við skráningu ökutækja. Þá er með 2. málsgr. bætt inn ákvæði um, að dómsmálaráðherra skipi bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, og loks er lagt til, að í lögum verði kveðið á um það, að bifreiðaeftirlitsmenn hafi lögregluvald á starfssviði sínu.

Um 6. gr.

Breyting á grein þessari er vegna hins nýja hlutverks bifreiðaeftirlitsins við skráningu ökutækja.

Um 7. gr.

Efni greinar þessarar er skipað á annan veg en áður. Vegna breytts skráningarkerfis er gert ráð fyrir því, að Bifreiðaeftirlit ríkisins taki framvegis ákvörðun um það, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fram fara. Þá má gera ráð fyrir því að samfara endurbótum á starfsaðstöðu bifreiðaeftirlitsins verði reistur skoðunarstöðvar, þar sem skoðuð verða ökutæki úr fleiri umdæmum en einu.

Um 8. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsgr., er til samræmis við aðrar breytingar. Þá er fellt niður ákvæði gildandi 3. málsgr. 19. gr., enda á það eigi lengur við, er umskráningar falla niður með breyttu skráningarkerfi.

Um 9. gr.

Breytingar á grein þessari eru til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins. Ákvæði 4. málsgr. er flutt úr gildandi 14. gr.

Um 10. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 11. gr.

Svo sem greinir í almennum athugasemdum frumvarpsins er undirbúningur að nýju skráningarkerfi þegar hafinn. Enn er þó eigi unnt að tímasetja, hvenær nýtt skráningarkerfi gæti að fullu komið til framkvæmda, og er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði, hvenær hin nýju ákvæði um skráningu skuli taka gildi.

Ed. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við 86. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., skulu greiða 1½% af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, er renni til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram, þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta til þess að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingu á umferðarlögunum á árinu 1970 voru lögfest ákvæði um Umferðarráð, sem sett hafði verið á stofn í ársbyrjun 1969. Í lögum þessum voru eigi ákvæði um fjármögnun til starfsemi ráðsins, en gert var ráð fyrir því, að sá kostnaður greiddist úr ríkissjóði, að því leyti sem aðrir aðilar stæðu eigi undir honum.

Verkefni Umferðarráðs eru mörg og margvísleg, en vegna fjárskorts hefur ráðið ekki getað framkvæmt þau nema að takmörkuðu leyti. Hitt er hins vegar óumdeilanlegt, að þau verkefni, sem Umferðarráð hefur getað sinnt fram til þessa, hafa stuðlað að bættri umferðarmenningu og átt sinn þátt í að draga úr slysum í umferðinni og vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðar- og öryggismál og þann mikla vanda, sem á þessu sviði er við að stríða.

Til að bæta úr brýnni fjárþörf til umferðarslysavarna er hér lagt til, að hluti (1½%) af iðgjaldatekjum vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja, þ. e. bruttóiðgjöld að frádregnum afslætti (bónus), skuli renna til Umferðarráðs í þessu skyni. Heildariðgjöld ábyrgðartrygginga tilheyrandi árinu 1975, sem er síðasta árið, sem tölur liggja fyrir um, námu 797 millj. kr. Ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á yfirstandandi ári, hefðu því nær 12 millj. kr. gengið til umferðarslysavarna auk framlags á fjárlögum, sem nemur 10 626 þús. kr.

Með þessum tekjustofni, ef að lögum verður, ætti að vera skapaður grundvöllur fyrir aukinni starfsemi Umferðarráðs, enda er ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður, þótt þessi tekjustofn verði upp tekinn.

Ekki er óeðlilegt, að vátryggingafélög þau, sem leyfi hafa fengið til reksturs þessarar tryggingargreinar, greiði þetta framlag, því að ætla verður, að með aukinni starfsemi Umferðarráðs á sviði umferðarslysavarna dragi úr tjónum af völdum ökutækja og þeim fækki og umferðin í heild verði öruggari.

Gert er ráð fyrir því, að ákvæði um framlag vátryggingafélaga taki gildi við upphaf næsta árs, miðað við iðgjöld þeirra á yfirstandandi ári.

Ed. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna falla úr gildi við gildistöku laga þessara: 2. og 3. mgr. 123. gr., 182. gr. og 224. gr.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgr. svofelld:

Ákvæði 1. mgr. má beita um verknað manns, sem er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi.

3. gr.

39. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fullnustu varðhalds- og fangelsisrefsinga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri stofnun, þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsuhaga hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

4. gr.

49. gr. orðist svo:

Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Dæma má fésektir jafnframt refsivist, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefir vakað fyrir honum.

5. gr.

50. gr. orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna, nema heimild sé til þess í lögum.

6. gr.

51. gr. orðist svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum, er orka á greiðslugetu hans.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til greiðslugetu sakbornings, sem um ræðir í 1. málsgr.

7. gr.

53. gr. orðist svo:

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.

8. gr.

4. málsgr. 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., er hefst á orðunum „Nú er heimilt að dæma ...“ fellur niður.

9. gr.

Á eftir 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., kemur ný grein, 57. gr. a svofelld:

Heimilt er að kveða svo á í dómi, að hluti af refsivist, verði óskilorðsbundinn, allt að 3 mánuðir, en aðrir hlutar refsivistar verði skilorðsbundnir. Heimilt er, þegar svona stendur á, að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggi ekki við broti. Heimilt er að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Dæma má fésekt í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggi ekki við broti, sem dæmt er út af.

10. gr.

1. málsgr. 95. gr., sbr. lög 47/1941, orðist svo:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru.

11. gr.

Við 1. málsgr. 106. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Beita má sektum, ef brot er smáfellt.

12. gr.

142. gr. orðist svo:

Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar.

Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða varðhaldi.

13. gr.

2. málsgr. 143. gr. orðist svo:

Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem í 1. málsgr. 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður og jafnvel láta hana falla niður, ef málsbætur eru.

14. gr.

145. gr. orðist svo:

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 2 árum, ef sök er stórfelld.

15. gr.

Í 1. málsgr. 148. gr. falli niður þessi málsliður:

„Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið".

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram óbreytt frá því frumvarpi, en því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Greinargerð.

Frumvarp þetta er liður í endurskoðun almennra hegningarlaga, sem hegningarlaganefnd vinnur nú að, en nefndin hefur samið frumvarpið.

Með frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð frá nefndinni um einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til, að nokkrar greinar eða málsgreinar verði numdar úr lögum og skal gerð stutt grein fyrir því máli:

a. 123. gr., 2. og 3. málsgr.

Hér er mælt fyrir um viðurlög við banni um neyslu áfengis eða um veitingu og afhendingu áfengis til tiltekins manns o. fl., sbr. 64. gr. hegningarlaga. 64. gr. var afnumin í heild sinni með lögum 31/1961, 4. gr., og er því einsætt að afnema einnig 2. og 3. mgr., sem byggja á tilvist 64. gr. sem frumheimildar.

b. 182. gr. alm. hegningarlaga.

Í þessari grein er heimilað að leggja fyrir mann, sem m. a. hefir verið dæmdur oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, eða dæmdur fyrir brot á 180. eða 181. gr. varðandi brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu, að gefa sig fram við lögreglu og skýra frá dvalarstað og af hverju hann hefur framfæri. Þessu ákvæði hefir eigi verið beitt um alllangt tímabil, og úrræði þau, sem þar greinir, samræmast ekki þeim viðhorfum, sem nú eru uppi í sakfræði um aðlögun dómfelldra manna að þjóðfélagsháttum.

c. 224. gr.

Greinin mælir þá háttsemi refsiverða, sem fólgin er í, að maður veldur hættu á, að annar maður sýkist af kynsjúkdómi. Í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 91/1932 eru refsiákvæði, sem að þessu lúta. E. t. v. er ástæða til að endurskoða þau, en refsiákvæði á þessu sviði eiga betur heima í slíkum sérlögum en alm. hegningarlögum. Viðhorf hafa og mjög breyst að því er þessa sjúkdóma varðar vegna stórbættra hollustuhátta og virkari lyfja gegn þessum sjúkdómum en áður naut við.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst, að refsivald íslenska ríkisins verði aukið að því er tekur til ríkisborgara í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eða manna, búsettra í þessum löndum. Samkvæmt greininni er lagt til, að íslenska ríkið hafi refsivald um þessa menn, ef þeir dveljast hér á landi. Greinin á því aðeins við, að íslenska ríkið hefði haft refsivald yfir manninum, sbr. 1. málsgr. 5. gr. hegningarlaga, ef hann hefði verið íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi, sbr. tilvísun greinarinnar til 5. gr., eins og hún er nú orðuð. Í norrænu refsilögunum er nú svipað eða sams konar ákvæði, en ákvæði þetta er þó aðeins heimildarákvæði.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að heimildir stjórnvalda, sem fjalla um refsifullnustu verði nokkuð rýmkaðar frá því, sem nú er, þegar um er að ræða fanga, sem vistast þurfa á sjúkrahúsi eða annarri félagsstofnun, þar sem aðili nýtur sérstakrar meðferðar og forsjár, t. d. á drykkjumannahæli.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til, að efni 2. málsgr. 49. gr. alm. hegningarlaga verði nokkuð rýmkað. Er í greininni lagt til, að heimilt sé að dæma fjársekt auk refsivistar, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum. Eru breytingar fólgnar í hinum auðkenndu orðum. Samkvæmt þessari grein er heimilt að dæma fjársekt, þótt aðeins liggi refsivist við brotinu í refsiákvæði, er brot varðar við. Hámark fjársektar ræðst af ákvæði 50. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5. gr.

Samkvæmt 50. gr. alm. hegningarlaga er hámark fésektar 30 000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé til að ákveða sekt hærri eða lægri, en lágmark er 4 krónur. Með lögum 14/1948 er svo fyrir mælt, að þar sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til „núgildandi verðlags“, skuli lágmark þeirra og hámark „breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma“. Ákvæði 50. gr. á jafnt við um sektir, sem mælt er fyrir um í sérrefsilögum sem í alm. hegningarlögum. Hitt er það, að í sérrefsilögum eru margoft sérstök refsimörk lögmælt. Stundum segir þó aðeins í sérrefsilögum, að háttsemi varði sektum, og er lágmark sektar og hámark þá það, sem segir í 50. gr., eftir atvikum með hliðsjón af lögum 14/1948.

Brýn þörf er á að endurskoða sérrefsilög m. a. vegna óeðlilegra refsimarka og lítt samræmdra. Verður væntanlega unnt að stofna til slíkrar endurskoðunar á næstunni. Á þessu stigi þykir rétt að leggja til, að fjársektarmörkum 50. gr. verði breytt. Þykir engin ástæða til að lögmæla neitt lágmark, en um hámark er lagt til, að það verði 4 millj. kr. Styðst sú tillaga við álitsgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar, sem er fylgiskjal með athugasemdum þessum. Eigi er haggað við refsiheimildum þeim, sem nú eru í lögum, með þessu ákvæði, en þær refsiheimildir, sem segja það eitt, að brot varði sektum, breytast að efnisinntaki, ef greinin verður lögfest, að aðgættri 2. gr. alm. hegningarlaga.

Ýmis rök mæla með því, að komið verði upp svonefndri „sektavísitölu“, og hækkuðu refsimörk þá í samræmi við hana. Gæti hún einnig orðið að liði fyrir dómstóla um beitingu sekta í dómum eða dómsáttum. Í fyrrgreindri álitsgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar er sett fram hugmynd um slíka vísitölu. Hegningarlaganefnd telur sig eigi á þessu stigi hafa tök á að gera tillögur um þess konar vísitölu, en brýn þörf er á að lögfesta hækkun fésekta samkvæmt 50. gr. almennra hegningarlaga nú þegar. Benda má á, að vandkvæðum er bundið að túlka ákvæði laga nr. 14/1948 um ákvörðun fésekta, en eigi er þó lagt til að svo stöddu, að þau lög verði numin úr gildi.

Um 6. gr.

Jafnrétti borgara fyrir lögum býður, að tekið sé tillit til efnahags manna, tekna og allrar afkomu, er fésekt er ákvörðuð. Með dagsektakerfi því, sem einkum er tíðkað í Finnlandi og Svíþjóð, er leitast við að ná þessu takmarki en þar ákveða dómstólar sekt í tveimur atrennum. Er þá metið fyrst, hversu mörgum dagsektum brot þyki varða og er þá ekki tekið tillit til efnahags manna eða afkomu. Síðan er fjárhæð dagsektar ákveðin, miðað við efnahag, tekjur og afkomu alla. Fjárhæð sektar er margfeldi þessa tvenns. Þetta kerfi hefur m. a. þann kost, að við ákvörðun á fjölda dagsekta ræður efnahagslegt tillit engu og sambærilegt mat, óháð efnahagsstöðu, er lagt á háttsemi. Þá er enn fremur nokkuð aukin þörf á því fyrir dómstóla að ganga úr skugga eftir föngum um fjárhagslega stöðu manna. Gallinn þykir hins vegar sá, að þetta kerfi er nokkuð flókið, og það byggir á forsendu, sem ekki er ávallt fyrir hendi, þ. e. að við njóti traustra upplýsinga um fjárhagslega stöðu manna. Í Danmörku hefir þetta kerfi verið reynt í sambandi við fésektir samkvæmt almennum hegningarlögum. Hefur reynslan ekki verið góð af því. Í Noregi hefur þetta kerfi eigi verið lögfest. Að svo komnu er eigi lagt til, að kerfi þetta verði tekið upp hér á landi, enda er, ef að líkum lætur, erfiðara um vik að fá öruggar upplýsingar um efnahagsstöðu manna hér en víða erlendis, og þess er að geta að mikilla sveiflna gætir í tekjum manna hér á landi vegna eðlis atvinnuvega og landshaga. Í greininni er eigi fólgin nein veruleg efnisleg breyting, en breytt orðalag þykir þó skýrara en nú er.

Um 7. gr.

Hið breytta orðalag á 53. gr. alm. hegningarlaga, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er til samræmis við dómvenjur, en Hæstiréttur hefur í dómum sínum dæmt, að vararefsing við sekt verði eigi ákveðin, þegar dómfelldi er dæmdur fyrir háttsemi, sem honum er ósaknæm.

Um 8. og 9. gr.

Á síðustu árum hefir þeirri skoðun vaxið fylgi á Norðurlöndum og víðar, að heimila eigi að beita fleiri en einni refsitegund við broti, a. m. k. þegar sérstaklega standi á, þar á meðal eigi að heimila að dæma tiltekna refsingu skilorðsbundna, en jafnframt megi dæma aðra refsitegund í sama dómi óskilorðsbundna. Einnig hefur þeirri skoðun unnist fylgi að heimila eigi að beita tiltekinni refsitegund við broti, t. d. fangelsisrefsingu og dæma svo, að tiltekinn hluti hennar sé óskilorðsbundinn, en aðrir hlutar (eftirstöðvar) skilorðsbundnir, t. d. að dæma 3 mánuði óskilorðsbundna, en 9 mánuði skilorðsbundna. Með því t. d. að beita skilorðsbundinni fangelsisrefsingu og óskilorðsbundinni fésekt, sbr. raunar nú 4. málsgr. 57. gr. alm. hegningarlaga, vinnst það, að dómfelldi er látinn í fyrstu atrennu sleppa við refsivist, en fésektin ætti þá að skapa aukin varnaðaráhrif og árétta, að alvarlega sé litið á brot viðkomandi.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að 4. málsgr. 57. gr., sem fyrr var getið, sé afnumin, enda er þessu máli skipað í heild sinni með 9. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein eru heimiluð eftirfarandi úrræði:

a) Lagt er til, að hluti refsivistar, t. d. fangelsisrefsingar, verði óskilorðsbundinn, en annar hluti skilorðsbundinn, sbr. dæmið hér að framan. Er þó eigi heimilt að dæma lengri refsivist óskilorðsbundna en 3 mánuði, þegar svona hagar til.
b) Lagt er til, að heimilt verði að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggi ekki við broti, þegar svo stendur á, sem greinir í a).
c) Í greininni felst, að heimilt sé að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, en skilorðsbundna fangelsisrefsingu, og er þetta greint nánast til öryggis og fyllingar.

d) Þá er lagt til, að heimilað verði að dæma fésekt óskilorðsbundna í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggi ekki við broti, sem dæmt er út af. Því fremur er heimilt að dæma slíka fésekt, þegar fésekt er meðal viðurlaga í refsiákvæði, sem háttsemi varðar við. Sú breyting, er hér frá því, sem nú er í 4. málsgr. 57. gr., að dæma má fésekt, þótt hún sé eigi greind meðal viðurlaga í refsiákvæði, sem við á, en þessu er öðru vísi farið í 57. gr. Þykir eigi varhugavert að hafa slíkt almennt ákvæði í hegningarlögum.

Með greininni er að því stefnt að fjölga úrræðum dómara, er hann ræður máli til lykta, viðurlagakerfið verður fjölþættara, ef greinin verður lögfest, og er það mjög í samræmi við stefnur í nútíma refsipólitík. Tekið skal fram, að ætla má, að skilorðsdómum eða skilorðsbundnum þáttum refsidóma fjölgi við þessa breytingu, sem gerir það að verkum að unnt er að tengja saman, frekar en nú er, skilorðsdóma og óskilorðsbundna þætti refsidóma. Sumir slíkir dómar verða nú vafalaust óskilorðsbundnir til hlítar í lagaframkvæmdinni.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að fána Sameinuðu þjóðanna og fána Evrópuráðs verði veitt hliðstæð refsivernd sem fána erlends ríkis. Virðist réttmætt að lögfesta refsimæli, er að þessu lýtur.

Um 11. gr.

Refsimörk samkvæmt 1. málsgr. 106. gr. alm. hegningarlaga eru varðhald eða fangelsi allt að 6 árum. Hins vegar eru refsiviðurlög samkvæmt 2. málsgr. sektir, varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Ljóst er, að verknaður samkvæmt 1. málsgr. er að jafnaði alvarlegri en háttsemi, sem lýst er í 2. málsgr. Athuga ber þó, að ýmis og næsta sundurleit tilvik rúmast innan 1. málsgr. Þykir því rétt að heimila að beita sektum, þótt atferli manns eigi undir 1. málsgr., ef brot er smáfellt. Er það efni þessarar greinar að leggja til, að slík heimild verði lögfest.

Um 12. gr.

Í þessari grein er lagt til a) að refsimörk við röngum framburði fyrir dómi varði fangelsi allt að 4 árum, enda verði afnumið ákvæði 2. málsgr. 142. gr., er fjallar um refsiviðurlög, ef skýrsla er heitfest (með eiði eða drengskaparheiti) og b) að afnumið verði það ákvæði 1. málsgr., er segir, að lágmarksrefsing fyrir rangan framburð sé 3 mánaða fangelsi.

Lágmarksrefsing sú, sem greinir í 1. málsgr. 142. gr., er óheppileg, svo sem reynslan hefir sýnt, enda getur sá verknaður, sem hér er um að ræða verið misjafnlega vítaverður og aðdragandi mismunandi. Er heppilegra að mæla eingöngu fyrir um hámarksrefsingu, svo sem lagt er til í frumvarpsgreininni, en að leggja óheft á vald dómstóla að meta lágmark, sbr. þó 34. gr. hegningarlaga. Eru slík ákvæði um lágmarksrefsingu raunar fátíð í alm. hegningarlögum. Lagt er til, að ákvæði 148. gr. almennra hegningarlaga, sem einnig miðar við lágmarksrefsingu og vísar til 142. gr., verði breytt til samræmis við þessa frumvarpsgrein, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til, að farin verði sama leið og í norrænum lögum og afnumin sérviðurlög við heitfestri skýrslu. Þó er lagt til í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar, að það skuli metið refsingu til þyngingar, ef röng skýrsla er heitfest. Eru refsimörk svo rúm í 1. málsgr. (fangelsi allt að 4 árum), að eigi þykir vera þörf á sérákvæði um heitfesta skýrslu.

Um 13. gr.

Sú breyting ein felst í þessari grein, að orðin „og hafi eiður ekki verið unninn“ eru felld niður úr greininni. Er þetta til samræmis við stefnuna, sem stofnað er til,

að mörkuð verði með 12. gr. frumvarpsins, og virðist ekki ástæða til að slá við þann varnagla, sem í tilvitnuðum orðum felst.

Um 14. gr.

Lagt er til í frumvarpsgreininni, að orðin „og boðist til að vinna eið að henni eða gefið hana“ í 145. gr. verði felld niður og er það eina breytingin á 145. gr., er felst í henni. Stendur breytingin í sambandi við stefnu þá, sem lagt er til að mörkuð verði með 12. gr. frumvarpsins, og tekur greinin, svo breytt, til flestra hinna raunhæfu tilvika, sem að höndum geta borið í þessu efni.

Um 15. gr.

Þessi breyting stendur í rökrænum tengslum við breytingu þá, sem felst í 12. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til, að lágmarksrefsing sú, er greinir í 142. gr. 1. málsgr. hegningarlaganna, verði felld niður.

Fylgiskjal.

Árni Vilhjálmsson, nóv. 1975.

Um fésektir

Að beiðni dr. Ármanns Snævarrs, hæstaréttardómara, leyfi ég mér að láta uppi eftirfarandi álit.

Til þess að fundin verði sú fjárhæð, sem á tilteknum tímamörkum veiti hinn sama kaupmátt og tiltekin fjárhæð á fyrri tímamörkum, þarf tvennt að vera þekkt: 1) það gæðasafn eða -heild, sem kaupin beinast að, og 2) verðbreyting á þessu gæðasafni milli umræddra tímamarka. Sérhver verðvísitala kveður á um verðbreytingu tiltekins gæðasafns. Hér á landi er aðeins um að ræða eina viðtæka verðvísitölu, sem reiknuð hefur verið út af opinberum aðila, Hagstofu Íslands, og sem nær aftur fyrir árið 1939. Sú vísitala er vísitala framfærslukostnaðar. Vísitala framfærslukostnaðar hefur að geyma sérstakan húsnæðislið og á vissum tímaskeiðum hefur í vísitölunni verið tekið tillit til beinna skatta og fjölskyldubóta. Þar sem húsnæðisliðurinn hefur ekki ávallt þótt endurspegla raunverulega þróun húsaleigu eða húsnæðiskostnaðar og þar sem tekjuskattar, fjölskyldubætur og því hliðstætt eiga ekki erindi í vísitölu, sem skal mæla verðbreytingar, hefur vísitala framfærslukostnaðar verið birt sundurgreind í hluta. Aðalhlutinn gefur **vísitölu vöru og þjónustu**, sem er vísitala framfærslukostnaðar að slepptum húsnæðislið, beinum sköttum og fjölskyldubótum.

Vísitala vöru og þjónustu er í rauninni eina vísitalan, sem hér er í boði til að umrita fésektir í krónur með fast verðgildi. Vísitalan hefur þróast sem hér segir (með grunntölu júlí 1914 = 100 stig):

Ársmeðaltal	1939	219	stig[1])
—	1972	9 983	— [1])
—	1973	12 336	— [2])
—	1974	17 537	— [2])
Byrjun nóv.	1975	29 426	— [2])
Ársmeðaltal	1975	26 100	— áætlað[2])

Heimildir: 1) Hagtíðindi, nóv. 1973, bls. 195.
2) Viðtal við Hrólf Ástvaldsson, viðskiptafræðing. Hagstofa Íslands (tölur bíða birtingar).

Samkvæmt ofangreindum tölugildum vísitölunnar, ætti kaupmáttarjafngildi 30 000 kr. sektar árið 1939 að vera sem hér segir (hundruðum sleppt):

Árið 1974	2 402	þús. kr.
— 1975	3 575	— —
Byrjun nóv. 1975	4 031	— —

Á grundvelli ofangreindrar rökfærslu ætti vísitala vöru og þjónustu að vera hæf sem „sektarvísitala". Útreikningur sektar í framtíðinni yrði þá fólginn í því að margfalda ákveðna grunnfjárhæð sektar, t. d. 4 031 þús. kr. miðaða við byrjun nóv. 1975 með hlutfallinu milli annars vegar gildis vísitölunnar á ákveðnum tímamörkum í framtíð og hins vegar gildis vísitölunnar á þeim tímamörkum, sem grunnfjárhæðin er miðuð við. Vísitala verðs vöru og þjónustu er reiknuð út á þriggja mánaða fresti. — Ef ársmeðaltal skyldi notað sem grunntala sektar, yrði útreikningur sem hér segir. Grunntala sektar skyldi margfölduð með hlutfallinu milli meðalvísitölu framtíðarárs og meðalvísitölugildi grunntöluársins. Hagstofan getur fljótlega eftir lok árs (ca. 1. febrúar) veitt upplýsingar um endanlegt meðalgildi vísitölunnar á nýliðnu ári.

Árni Vilhjálmsson.

Viðauki:

Vegna ákvæðis 1. gr. laga nr. 14/1948 þykir rétt að bæta við eftirfarandi athugasemdum:

Kaupgreiðsluvísitala, sem svo hefur verið nefnd, er vísitala, sem sagt hefur til um, hve miklu skyldi bæta ofan á grunnlaun til þess að fengin verði sú krónutala launa, sem greiða skuli. Sú vísitala er alls kostar ótæk sem sektarvísitala, ef marka má fengna reynslu, fyrir þær sakir, að 1) kaupgreiðsluvísitala er ýmist aðlöguð almennum verðbreytingum (að fullu eða að hluta) eða alls ekki, og 2) að laun breytast bæði með breytingum grunnkaups og breytingum kaupgreiðsluvísitölu.

Fyrir tiltekinn hóp launþega er hægt að reikna út einhvers konar **launavísitölu,** t. d. vísitölu tímakaups, vísitölu dagvinnulauna eða heildarvinnulauna. Þegar yfir lengri tíma er litið, hafa laun yfirleitt hækkað meira en numið hefur hækkun almenns verðlags (eins og það er mælt með t. d. vísitölu verðs vöru og þjónustu), vegna þeirrar framleiðniaukningar, sem verið hefur eitt megineinkenni hagþróunar. Sekt, sem helst óbreytt að kaupmætti, ætti því með tímanum að verða smám saman léttbærari. Ef hins vegar að því skyldi stefnt, að fésekt samsvaraði launum fyrir ákveðið tímabil, væri því sú sektarvísitala, sem eftir er sóst, einhvers konar launavísitala. Að því er ég best veit, er hins vegar engin hæf vísitala í boði. Sú eina vísitala af þessu taki, sem Hagstofa Íslands gefur út reglulega, er um tímalaun hafnarverkamanna í Reykjavík. Aðrar stofnanir (sér í lagi Kjararannsóknarnefnd) munu að vísu taka saman víðtækar upplýsingar um launaþróun, en ég fæ ekki séð, að þar sé á ferðinni efni í vísitölu, sem tæk sé í það hlutverk, sem hér er um að ræða.

Árni Vilhjálmsson.

Ed. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Í stað fyrri málsliðar síðustu málsgreinar 15. gr. laganna komi:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem njóta tekjutryggingar skv. l. nr. 67 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Ráðuneytið skal auglýsa eftir umsóknum skv. þessari heimild, þannig að allir eigi jafnan kost á undanþágum þessum, hvar sem þeir búa á landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Í núgildandi útvarpslögum er heimild til að undanþiggja þá afnotagjöldum sjónvarps og hljóðvarps, sem njóta uppbótar á elli- og örorkulífeyri skv. lögum um almannatryggingar.

Þessi uppbót var á sínum tíma viðbót við venjulegan lífeyri og til komin fyrir gildistöku hinnar svokölluðu tekjutryggingar.

Sú reglugerð, sem um er getið í 15. gr. útvarpslaga, miðar við þá eina, sem hljóta sérstaka uppbót á lífeyri ofan á tekjutrygginguna vegna erfiðra aðstæðna, og þarf að sækja um þá uppbót og rökstyðja hana rækilega, svo sem eðlilegt er. Reglugerðartúlkunin er alfarið bundin við þetta fólk, þannig að fólk með tekjutrygginguna eina fær hér enga ívilnun, þó segja megi, að skv. lögunum um almannatryggingar frá 1963 sé um margt um hliðstæða aðila að ræða: tekjutryggingarfólkið nú og þá sem fengu sérstaka uppbót á sinn venjulega lífeyri þá.

Fólk, sem aðeins hefur tekjutrygginguna í dag, er ekki ofhaldið af sínum árstekjum og þessi gjöld eru því býsna tilfinnanleg.

Einhver ívilnun af hálfu hins opinbera á þessu sviði getur vart talist ofrausn.

Sjónvarp og hljóðvarp eru þessu fólki mikilvægari en mörgum okkar, sem erum stöðugt á vettvangi í hringiðu daglegs lífs. Þau eru áhrifamikil tæki oft á tíðum til þess að rjúfa þungbæra einangrun frá umhverfinu, jafnt í bæ sem sveit.

Flm. þykir því sjálfsagt að heimild verði veitt í lögum og nánari ákvæði skv. því í reglugerð, að þeir, sem tekjutrygginguna eina hafa til að lifa af, verði undanþegnir að einhverju eða öllu leyti þessum gjöldum, og þykir það meira í samræmi við þá hugsun, sem fólst að baki upphaflegri lagaheimild en túlkun reglugerðarinnar í dag þar um.

Í dag er um takmarkaðan hóp að ræða, sem nýtur góðs hér af, einkum og sér í lagi úti á landsbyggðinni, þar sem undanþágur þessar eru víða nær óþekktar af ástæðum, sem nánar munu raktar í framsögu.

Flm. telja, að fenginni slæmri reynslu af undanþágum þessum víða úti á landi, þar sem þeir fáu, sem njóta ættu, athuga ekki rétt sinn, að ráðuneytið skuli auglýsa þegar eftir setningu reglugerðar hér um eftir umsóknum um undanþágurnar.

Enn er upplýsingaþjónusta tryggingannna langtum lakari víða úti á landsbyggðinni en hér í Reykjavík og full ástæða til að tryggja það, að sem mest jafnrétti náist á þessu sviði.

Það verður best gert með beinni auglýsingu frá hálfu ráðuneytisins eða ef það felur viðkomandi stofnun að annast það. Einnig kæmi til greina sérstök upplýsingaskylda Tryggingastofnunar ríkisins um þetta tiltekna atriði.

Varðandi undanþágur sem þessar er oft talað um hættu á misnotkun. Sú hætta er hvarvetna fyrir hendi, en í flestum tilfellum ætti hér að vera auðvelt að ganga úr skugga um réttmæti eða ekki.

Í raun er hættan engu meiri með þessari rýmkun en skv. núgildandi heimild. Kjör þessa fólks, sem hefur tekjutryggingu eina til lífsframfæris, eru þau, að undanþága frá þessum gjöldum ætti að vera sjálfsögð.

Samfélagið á að koma til móts við þetta fólk þar sem þess er kostur og á þeim sviðum þar sem þörfin er brýn. Allt, sem þokar á einhvern hátt burtu einmanaleik allt of margra úr þessum hópi, telst til brýnustu samfélagsþarfa þessa fólks.

Því er lagt til, að heimild þessi verði rýmkuð, svo fleiri njóti hér góðs af.

Verði talið um mikið tekjutap að ræða fyrir viðkomandi stofnun er sjálfsagt frá hálfu flm. að finna þar á einhverja lausn.

Sþ. 27. Fyrirspurnir. [27. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um álver við Eyjafjörð, verksvið viðræðunefndar um orkufrekan iðnað o. fl.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Eru uppi ráðagerðir hjá ríkisstjórninni um að auka stóriðjurekstur erlendra aðila á Íslandi?
2. Hefur verið gerð áætlun um að reisa álver við Eyjafjörð?
3. Eru hafnar náttúrufræðilegar rannsóknir í sambandi við slíka áætlun? Ef svo er, hver kostar áætlanirnar?
4. Hverjir eiga sæti í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað?
5. Í hvers umboði starfar nefndin, hvert er verksvið hennar, umboðstími og fjárráð?

II. Til landbúnaðarráðherra um heyverkunaraðferðir.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir?

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag við ríkisstjórn Bretlands í samræmi við orðsendingar þær, sem prentaðar eru með tillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í samhljóða ályktun Alþingis frá 15. febrúar 1972 segir, að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Samkomulag varð um veiðar þýskra togara í viðræðum sem fram fóru í október/nóvember 1975, og lýsti Alþingi yfir samþykki sínu við þá samningsgerð í ályktun hinn 28. nóvember 1975.

Samkomulag það sem gert var við ríkisstjórn Bretlands hinn 13. nóvember 1973 gilti til 2ja ára. Það féll því úr gildi hinn 13. nóvember 1975. Viðræður við breta um veiðar þeirra við Ísland fóru fram hinn 11. september 1975 í Reykjavík, dagana 23. og 24. október 1975 í London og hinn 17. nóvember 1975 aftur í Reykjavík, án þess að samkomulag næðist. Héldu veiðar breta áfram ólöglega og tók deilan milli landanna óheillavænlega stefnu.

Forsætisráðherrar landanna ræddust við dagana 24.—27. janúar 1976 í London. Í mailok s. l. var þess á ný freistað að reyna að finna lausn á ágreiningi íslendinga og breta. Fóru viðræður íslenskra og breskra ráðherra fram dagana 31. mai og 1. júní s. l. í Osló og reyndist afstaða breta þá miög breytt frá því sem verið hafði. Lauk viðræðunum með samkomulagi því sem fólgið er í fylgiskjali þingsályktunartillögu þessarar.

Samkomulagið miðar við hina nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands, sem breska ríkisstjórnin féllst nú á að viðurkenna. Það felur í sér mjög verulegan niðurskurð á fiskveiðum breta hér við land, þ. e. úr u. þ. b. 140 þús. smálestum á árinu 1974 og 115 þús. smálestum á árinu 1975 í áætlaðar ca. 50 þús. smálestir á ársgrundvelli. Fiskveiðar breta eru takmarkaðar við 24 togara að meðaltali á dag, miðað við veiðidaga. Mega aðeins þeir togarar stunda veiðar sem sérstaklega eru til þess skráðir og byggist sú togaraskrá á skrá þeirri yfir 139 togara, sem gerð var vegna bráðabirgðasamkomulagsins frá 13. nóvember 1973. Áfram eru því algjörlega útilokaðir frysti- og verksmiðjutogarar og veruleg fækkun á sér stað á öðrum skipum. Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að breskir togarar virði friðunarsvæði þau sem greind voru í bráðabirgðasamkomulaginu, eins og þau hafa verið stækkuð af íslenskum stjórnvöldum eftir að það samkomulag féll úr gildi. Breskir togarar stunda ekki veiðar nær en 20 sjómílur frá grunnlínum Íslands og ekki nær en 30 sjómílur frá grunnlínum á tilteknum svæðum úti fyrir Vestfjörðum og Austurlandi. Þá ábyrgist ríkisstjórn Bretlands m. a. að breskir togarar stundi ekki veiðar, sem íslenskum skipum eru bannaðar til verndunar ungfiski og hrygningarfiski. Staðsetning breskra skipa, er veiðar stunda samkvæmt ákvæðum samkomulagsins, er tilkynnt íslenskum stjórnvöldum daglega og aflamagn þeirra vikulega. Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, geta hlutaðeigandi íslensk yfirvöld stöðvað það og rannsakað málsatvik. Ef grunur leikur á um brot má kveðja til breskt aðstoðarskip, og verður togari, sem rofið hefur samkomulagið, strikaður út af listanum. Samkomulagið gildir í 6 mánuði frá gildistöku, þ. e. til 1. desember n. k.

Ríkisstjórn Bretlands skuldbatt sig einnig til þess í samkomulaginu að leggja tafarlaust til við Efnahagsbandalag Evrópu, að svo fljótt sem nauðsynlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar, kæmu til framkvæmda ákvæði bókunar nr. 6 við samninginn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu frá 22. júlí 1972, þ. e. um tollaívilnanir fyrir íslenskar sjávarafurðir. Þá beitti hún sér fyrir því, að tollalækkanir samkvæmt bókuninni yrðu framkvæmdar eins og bókunin hefði verið í gildi síðan 1973, m. ö. o. yrðu þegar í stað ýmist ⅘ af umsömdum lækkunum tímabilsins 1973—1977 eða kæmu til fullrar framkvæmdar strax. Þetta leiddi einnig m. a. til þess, að afurðir, svo sem freðfiskflök og fryst rækja, sem voru samkvæmt EFTA-samningnum tollfrjálsar í Bretlandi og Danmörku áður en þau gengu í bandalagið, urðu toll-

frjálsar á ný. Hefur nú verið gengið frá málinu á þessum grundvelli og komu ákvæði bókunar nr. 6 til framkvæmda hinn 1. júlí s. l.

Með hliðsjón af því, að Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn eigi lokið störfum, taldi ríkisstjórnin rétt að gera samkomulag við ríkisstjórn Bretlands á ofangreindum grundvelli, og fer hér með fram á staðfestingu Alþingis.

Fylgiskjal.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Bretlands.

Oslo, 1. júní 1976.

Hæstvirti utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli ríkisstjórna okkar varðandi samkomulag um fiskveiðar innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar, sem kveðið er á um í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975. Á grundvelli þessara viðræðna leyfi ég mér að staðfesta eftirfarandi fyrirkomulag, sem samkomulag hefur náðst um:

1. Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að fiskveiðar breta á ofangreindu svæði verði takmarkaðar við 24 togara að meðaltali á dag, miðað við veiðidaga, svo sem lýst er í hjálagðri greinargerð, sbr. Fylgiskjal I.

2. Innan þeirra takmarka, sem getið er í 1. gr., munu aðeins þeir togarar stunda veiðar, sem eru á skrá skv. Fylgiskjali II og byggist á skrá þeirri, sem gerð var vegna bráðabirgðasamkomulagsins frá 13. nóvember 1973.

3. a) Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að breskir togarar virði friðunarsvæði þau, sem greind eru í bráðabirgðasamkomulaginu, eins og þeim hefur verið breytt af íslenskum stjórnvöldum eftir að það samkomulag féll úr gildi á þeim tímum, sem um er að ræða.

Note from the Foreign Minister of Iceland to the Foreign Secretary of the United Kingdom.

Oslo, 1 June 1976.

Your Excellency,

I have the honour to refer to the discussion which have taken place between our two Governments about the arrangements for fishing in the Fisheries Zone of 200 nautical miles declared by the Icelandic Regulations of 15 July, 1975. Upon the basis of these discussions, I have the honour to confirm the following arrangements on which agreement has been reached:-

1. The Government of the United Kingdom will ensure that the British fishing effort in the waters referred to above will be limited to an average of 24 trawlers a day, defined in terms of trawler days per month as in the Memorandum at Annex 1.

2. Within the limits referred to in paragraph 1 above, fishing will only be conducted by trawlers whose names appear on the list in Annex II, which is derived from the list established for the purposes of the Interim Agreement of 13 November 1973.

3. a) The Government of the United Kingdom will ensure that the conservation areas of the Interim Agreement, as amended by the Icelandic authorities after the expiry of that Agreement, will be respected by British trawlers during the periods provided for.

b) Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að breskir togarar stundi ekki veiðar nær en 20 sjómílur frá grunnlínum Íslands og ekki nær en 30 sjómílur frá grunnlínum á þeim svæðum, sem nefnd eru í liðum 3 (I) og 3 (II) í bráðabirgðasamkomulaginu.

c) Svæði þau, sem nefnd eru í stafliðum (a) og (b) að ofan, eru nánar skýrgreind í Fylgiskjali III.

4. Í því skyni að vernda svæði þar sem mikið er af ungfiski eða hrygningarfiski á hafsvæðinu umhverfis Ísland ábyrgist ríkisstjórn Bretlands, að breskir togarar stundi ekki þær veiðar, sem íslenskum skipum eru bannaðar af þar til bærum stjórnvöldum. Slíkar ráðstafanir, sem skulu byggðar á hlutlægum og vísindalegum sjónarmiðum og ekki fela í sér mismunun í reynd eða að lögum, munu tilkynntar ríkisstjórn Bretlands.

5. Til frekari verndar fiskistofna umhverfis Ísland mun ríkisstjórn Bretlands ábyrgjast að bresk skip fari eftir ákvæðum, sem greind eru í Fylgiskjali IV.

6. Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að staðsetning breskra skipa, er veiðar stunda samkvæmt ákvæðum samkomulags þessa og aflamagn þeirra verði tilkynnt íslenskum stjórnvöldum með þeim hætti, sem kveðið er á um í greinargerð þeirri, sem vísað er til í 1. gr.

7. Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, geta hlutaðeigandi íslensk yfirvöld stöðvað það og rannsakað málsatvik og ef grunur leikur á um brot kvatt til það aðstoðarskip breskt, sem næst er. Togari, sem rofið hefur samkomulagið, verður strikaður út af listanum.

b) The Government of the United Kingdom will ensure that British trawlers will not fish closer than 20 miles from the Icelandic coastal baselines and will not fish closer than 30 miles from the Icelandic coastal baselines within the sectors defined in paragraphs 3(I) and 3(II) of the Interim Agreement.

c) The areas referred to in paragraphs a) and b) above are more precisely defined in the schedule at Annex III.

4. In order to protect concentrations of young and spawning fish within the sea around Iceland, the Government of the United Kingdom will ensure that British trawlers will abstain from such fishing operations in such areas and during such periods as will be prohibited for Icelandic fishing vessels by the competent Icelandic authorities. Such measures which will be based on objective and scientific criteria and which will not discriminate in fact or in law, will be duly notified to the Government of the United Kingdom.

5. As a further contribution to the conservation of the fish stocks around Iceland, the Government of the United Kingdom will ensure that British trawlers will comply with the measures listed in Annex IV.

Hér er sett ákvæði um kynningar- og fræðslustarf Námsgagnastofnunar, sem verður eitt mikilvægasta verkefni hennar. Fræðsluskrifstofur sveitarfélaga verða lykilaðilar í samvinnu um slíka útbreiðslu- og kynningarstarfsemi, og er því lagt til, að stofnunin skuli stuðla að því, að í fræðsluskrifstofum myndist söfn náms- og kennslugagna til kynningar og útlána, og leggja skrifstofunum til efni af þessu tagi eftir föngum. Er þetta ekki síst grundvallaratriði í þjónustu fræðsluskrifstofa úti á landi við umdæmisskóla sína.

Þá er og ákvæði um, að Námsgagnastofnun skuli stuðla að vexti og greiða fyrir stofnun skólabókasafna. Með frumvarpi til laga um grunnskóla er stefnt að mikilli eflingu skólabókasafna, og svipaða sögu er að segja um þróunina í ýmsum framhaldsskólum. Er raunar líklegt, að þessi þáttur ásamt gerð námsgagna verði helsti vaxtarbroddurinn í starfsemi Námsgagnastofnunar á næstu árum, ef frumvarp þetta nær fram að ganga. — Þess skal getið, að heitið skólabókasafn, sem hér er notað vegna vöntunar á öðru betra orði, markar í raun allt of þröngt svið þeirri starfsemi, sem fyrirhugað er að fari fram í umræddum söfnum. Þetta verða, ef að líkum lætur, eins konar „gagnaver" með margháttuðum námsgögnum og einn helsti vinnustaður nemenda í skólum, einkum að því er varðar allt sjálfsnám.

Um 8. gr.

Hér er meginhlutverk Ríkisútgáfu námsbóka skilgreint svo, að hún annist útgáfu námsbóka fyrir nemendur grunnskóla, þ. e. skyldunámsskóla, en nemendur fái bækurnar ókeypis, ýmist þannig að þær verði eign þeirra eða skólans. Þá er ákvæði um, að stefnt skuli að því að gefa út tvenns konar námsbækur hið fæsta í hverri grein, en vísir að slíku ákvæði er í núgildandi lögum.

Nýjar aðferðir við kennslu og nám og ný námsgögn af ýmsu tagi hafa leitt til þess, að kennurum er nú meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum og handbókum. Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins og Ríkisútgáfan hafa sinnt þessu verkefni, eftir því sem við varð komið, og í greininni eru ákvæði um slíka útgáfu.

Þá er í greininni kveðið á um útkomu ýtarbóka, þar sem fá má meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en er í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt, að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti sjálfir aukið þekkingu sína á ýmsum sviðum og verði þá síðar hæfari til að lifa og starfa í heimi, sem virðist munu breytast því hraðar, því lengra sem líður. Ýtarbækurnar munu því þykja nauðsynlegar í hverri grein og verða að sínu leyti uppistaða í skólabókasöfnum.

Loks er ákvæði um það, að Ríkisútgáfunni sé heimilt að hafa þær bækur, sem hún gefur út, til sölu á frjálsum bókamarkaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Er efnislega svipað ákvæði í núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um grundvallarskipan á úthlutun bóka Ríkisútgáfunnar til skóla.

Sá háttur hefur verið hafður á frá upphafi, að börn hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni, og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingaskólum. Fyrstu áratugina voru bækurnar svo litlar og ódýrar (oftast 96 bls. eða minni, í litlu broti, vírheftar), að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum, sem hvergi virtist vera þörf fyrir, og er svo enn að nokkru leyti. En að frumkvæði framkvæmdastjóra Ríkisútgáfunnar eru margar námsbækur nú afhentar skólum til eignar, en ekki nemendum. Nemendur fá þá bækurnar að láni í skólunum, meðan þær eru nothæfar, og nota þá margir sömu bókina, þegar vel tekst til. Enda eru margar bækur útgáfunnar nú orðnar svo stórar og dýrar, að einsætt er, að fleiri en einn nemandi noti sumar þeirra, til að mynda þær, sem nemendur þurfa aðeins að nota um skamman tíma. Sparast á hverju ári stórfé með þessu móti.

Aðrar og meiri umbætur varðandi úthlutun námsbóka hafa einnig verið þeim í hug, sem vinna í Ríkisútgáfunni og Skólavörubúð. Er í ráði að taka upp þann hátt, að hver skóli eigi rétt til bóka í samræmi við tölu og aldur nemenda, að bækurnar verði metnar til fjár, sem telst inneign skólans, er síðan sendir pöntun eftir þörfum og óskum.

Ef bækur nýtast vel og lengi í skóla — og það hefur ekki síður uppeldis- og menningargildi en sparnaðar — getur skólinn keypt þeim mun meira af bókum og námsgögnum, sem ekki eru látin ókeypis. Allmikla vinnu þarf til að koma þeirri breytingu á, sem hér er vikið að, og þarf e. t. v. aðgang að tölvu eða góðri bókhaldsvél, þegar úthlutun hefst með þessum hætti.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um verkefni Fræðslumyndasafns ríkisins, og er þeim til hægðarauka skipt í fjóra þætti. Sú meginbreyting verður til hagræðingar, að öll innkaup til endursölu, svo og öll dreifing og sala, flytjast til Skólavöruhúss. Annars er vísir að allri starfseminni þegar til, og útlán hvað umfangsmest.

Leggja verður aukna áherslu á upplýsingastarfsemi, sem er skilyrði þess, að notkun náms- og kennslugagna fari vaxandi og batnandi í skólum. Þá er nauðsynlegt að auka til muna útgáfu á íslensku nýsiefni, bæði skyggnum, myndræmum, glærum og segulböndum. Þetta efni ætti að hanna í Fræðslumyndasafninu, sjálf framleiðsla þess færi síðan fram í Námsgagnagerð, en dreifing og sala í Skólavöruhúsi.

Um 11. gr.

Með því að verða hluti af Námsgagnastofnun verður Fræðslumyndasafn ríkisins alger þjónustustofnun fyrir skólakerfið. Hefur meginhluti af starfsemi safnsins raunar alla tíð verið fyrir skólana, en þó hefur það rækt önnur hlutverk, sérstaklega stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Er ekki rétt að fella þann þátt niður, meðan ekki er séð fyrir því verkefni á annan og heppilegri hátt.

Um 12. gr.

Eins og þegar hefur komið fram í þessari greinargerð, er aðkallandi þörf á aðstöðu til að framleiða margvíslegt náms- og kennsluefni, sérstaklega það, sem er hljóð- og myndritað. Slík aðstaða er ýmist ekki til hér á landi eða mjög takmörkuð.

Að svo stöddu eru ekki tök á að gera nákvæma áætlun um uppbyggingu eða rekstur Námsgagnagerðar. Hver grein þessarar framleiðslu, sem nefnd hefur verið, getur starfað sjálfstætt, og má af þeim sökum byggja deildina upp í áföngum. Tæki til ljósmynda- og skyggnugerðar eru án efa dýrust, en þau hafa hvað mesta möguleika á öflun tekna. Önnur grein yrði framleiðsla á glærum, og kynni að þurfa teikniaðstöðu með henni. Hin þriðja er framleiðsla á segulböndum, og kemur þar til álita stofa til upplestrar, þegar hljóðritað er efni.

Þegar námsgagnagerð er tekin til starfa með sæmilegum tækjakosti, má gera ráð fyrir, að hún afli sér nokkurra tekna og fer þá eftir verðlagningu, svo og stjórn stofnunarinnar, hvort þær tekjur hrökkva fyrir öllum kostnaði.

Í tengslum við Námsgagnagerð er áætlað að starfrækja tilraunastofu, þar sem stofnunin sjálf eða aðrir aðilar geta unnið að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði. Verði stofnunin til húsa í næsta nágrenni við Kennaraháskóla Íslands, er vafalaust, að kennaranemar muni geta hagnýtt sér þessa aðstöðu og verklegt nám farið þar fram.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Skólavöruhúss, sem tekur samkvæmt frumvarpi þessu við störfum Skólavörubúðarinnar og ýmsum skyldum verkefnum.

Skólavöruhúsi er fyrst og fremst falið að útvega námsgögn fyrir skóla bæði utanlands frá og innan. Þarf við þau störf að njóta sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum, sem kostur er á hverju sinni. Verður því á komandi árum þörf mikillar kynningar um þessi efni.

Birgðavarsla er mjög vaxandi þáttur í störfum Skólavöruhússins. Má til að mynda geta þess, að árið 1972 lét Ríkisútgáfan prenta yfir 600 þús. bækur, og hækkar sú tala að mun með ári hverju, enda byggist hagkvæmni í rekstri Ríkisútgáfunnar mjög á stórum upplögum bóka, oft um 30 þús. eintökum.

Dreifing hvers konar námsgagna fyrir Ríkisútgáfu og Fræðslumyndasafn verður einnig mjög gildur þáttur í starfi Skólavöruhúss. Verður þar bæði um að ræða bækur, sem látnar verða ókeypis, seldar bækur og fjölmörg önnur námsgögn af hvers konar gerð.

Áður umrædd nýmæli (sjá um 9. gr.) varðandi dreifingu úthlutunarbóka munu verða starfsliði Skólavöruhússins mikið og ekki vandalaust viðfangsefni.

Um 14. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við Námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði, og verði hann ákveðinn í fjárlögum hverju sinni. Þetta á jafnt við um framlög til útgáfu námsbóka og námsgagna, svo og nauðsynlegt stofnfé og rekstrarfé til að halda uppi þeirri starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin var einhuga um, að kostnaður við Námsgagnastofnun ætti að greiðast beint úr ríkissjóði, enda er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur að undanförnu. Má þar til nefna, að námsbókagjald var afnumið með lögum árið 1971, og síðustu árin hefur Menntamálaráðuneytið ekki innheimt það gjald af sveitarfélögum, sem lög nr. 49/1967 um skólakostnað heimila og renna átti til Fræðslumyndasafns ríkisins.

Þá er skýrt tekið fram í greininni, að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af rekstri Námsgagnagerðar og Skólavöruhúss. Það er ekki fráleitt að hugsa sér, að þessar stofnanir geti staðið undir eigin kostnaði, er fram líða stundir.

Verði frumvarp þetta að lögum, er ljóst, að Námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun landsins fyrir skóla. Mjög brýna nauðsyn ber því til

þess, að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir, sem gerðar eru á grundvelli þeirra þarfa. Ákvæði tveggja síðustu málsgreinanna miða að slíku samræmi. Þau eru röklegt framhald af því, sem vakað hefur fyrir löggjafarvaldinu, þegar sett voru í 7. gr. laga nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka ákvæði um, að fjárframlög til útgáfunnar skyldu ákveðin „með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu."

Um 15. gr.

Nú er það svo, að enginn aðili eða stofnun er stjórnskipulega ábyrgur fyrir löggildingu kennslubóka. Að vísu má segja, að Námsbókanefnd löggildi útgáfubækur Ríkisútgáfunnar í reynd, þegar hún samþykkir að gefa út handrit, enda er það samkvæmt lögum Námsbókanefnd, sem „annast útgáfu námsbóka (...) og kveður á um efni þeirra og gerð." Hins vegar felur þetta ákvæði ekki í sér skýlausa löggildingarskyldu, og einnig skortir öll lagaákvæði um það, hversu farið skuli með hugsanlegan ágreining í þessum efnum. Þá er vert að benda á það, að áðurgreint lögbundið útgáfuhlutverk Námsbókanefndar tekur aðeins til skyldunámsstigsins, enda þótt einstaka sinnum sé farið út fyrir það skólastig, einkum að því er varðar útgáfu ritaraða eða annars námsefnis, sem er í nánum tengslum við námsbækur skyldunámsstigs.

Með þessari grein er tekinn af allur vafi um löggildingarhlutverk Námsgagnastjórnar. Fyrir námsbækur skyldunámsstigsins verður um að ræða löggildingarskyldu innan ramma aðalnámsskrár, sem Menntamálaráðuneytið setur. Fyrir námsbækur framhaldsskólastigs verður um að ræða heimild fyrir ráðuneytið til að fela stjórninni löggildingu, og má ætla, að sú heimild verði einkum notuð, ef um einhvern vafa er að ræða. Þá verður öðrum útgefendum námsbóka heimilt samkvæmt greininni að leita löggildingar fyrir þær.

Sérstakt ákvæði er í greininni um, að vísa megi ágreiningi um löggildingu námsbókar til endanlegs úrskurðar hjá yfirnefnd þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar. Er þetta ákvæði sett til þess að tryggja áfrýjunarrétt í ágreiningsmálum og til að löggildingarkerfið geti orðið sem sanngjarnast fyrir alla aðila.

Viðvíkjandi ýtarbókum, handbókum, kennsluleiðbeiningum, nýsiefni og kennslutækjum er ekki gert ráð fyrir, að um nokkra löggildingu sé að ræða, heldur láti Námsgagnastjórn í té umsagnir eftir föngum, og er slíkt eðlilegur þáttur í kynningarstarfi stofnunarinnar.

Helstu og mikilvægustu breytingarnar, sem af ákvæðum þessarar greinar leiða, eru annars vegar þær, að heimilt verður að fela Námsgagnastjórn löggildingu fyrir bækur, sem aðrir aðilar en Námsgagnastofnun, innlendir eða erlendir, hafa gefið út, og hins vegar það, að sett eru ákvæði um yfirnefnd, sem vísa má ágreiningi til. Bækur annarra útgefenda eru vitaskuld fyrst og fremst gefnar út fyrir framhaldsskólastig, en í vissum tilvikum geta þær þó komið að notum fyrir skyldunámsstig, t. d. þegar námsskrá er breytt, námsefni fært til milli bekkja í ljósi fenginnar reynslu eða útlent efni er lagt til grundvallar kennslu í erlendum tungumálum. Þá er og mikilvægt ákvæði í 16. grein um, að stjórnin kveðji kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þessi störf. — Gagnvart eigin útgáfubókum Ríkisútgáfunnar breytir greinin hins vegar litlu sem engu, ef yfirnefndarákvæðið er undanskilið, því að þær bækur eru í reynd löggiltar, þegar útgáfa þeirra er ákveðin, eins og áður greindi.

Þar sem samþykki og löggilding námsbóka — og vandaður, faglegur undirbúningur þar að lútandi — er eitt hið mikilvægasta stefnumarkandi starf, sem vinna þarf í íslenskum menntamálum, er varla sæmandi að draga lengur að setja skýr lagaákvæði um það, hvernig með slík mál skuli farið.

Um 16. gr.

Grein þessi, sem fjallar um aðstoð kennara og annarra sérfróðra aðila við Námsgagnastjórn í starfi, hlýtur að teljast nauðsynleg og sjálfsögð.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Nefndin leggur áherslu á það, að allar deildir Námsgagnastofnunar hafi sín í milli mikið og gott samstarf. Til þess að auðvelda það samstarf er nauðsynlegt, að starfsemi stofnunarinnar tengist sem allra fyrst í sameiginlegu húsnæði. Er þetta brýnt atriði m. a. með hliðsjón af hagkvæmari rekstri.

Þá er tekið fram í greininni, að stefnt skuli að því, að húsnæðið verði sem næst Kennaraháskóla Íslands. Æskilegt er, að komið verði á skipulagslegum og raunhæfum tengslum milli Námsgagnastofnunar og menntastofnana kennara. Kennaraefnin þurfa að kynnast allri starfsemi Námsgagnastofnunar, áður en til starfs kemur, og ætti þetta að vera fastur þáttur í námi kennarans. Hugsanlegt er einnig, að sérfróðir menn á sviði kennslutækni, sem starfa við stofnunina, taki að sér kennslu í þessum efnum. Nálægð við miðstöð kennaramenntunar ætti að auðvelda öll þessi atriði, og taldi nefndin eðlilegast að miða þá við Kennaraháskóla Íslands sem samnefnara menntastofnana kennara, enda virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því, að nýtt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun geti í framtíðinni risið á lóð hans.

Húsnæðismálin eru eitt allra mikilvægasta verkefnið, sem Námsgagnastjórn og námsgagnastjóri þurfa að sinna fyrstu árin, verði frumvarp þetta að lögum. Fyrir starfsemi stofnunarinnar er það mjög brýn nauðsyn, að húsnæði sé ekki aðeins hæfilega rúmt, heldur einnig gott og viðeigandi fyrir það starf, sem þar á að vinna. Svo að dæmi sé tekið af kvikmyndasafni, þá þarf geymslusalur kvikmynda að halda sérstöku hita- og rakastigi, og hið sama gildir ekki síður um geymslu gamalla og verðmætra mynda. Einnig er nauðsynlegt að hafa góða aðstöðu til að sýna kvikmyndir fyrir 20—30 gesti, og mundi slíkt koma fjölmörgum aðilum að gagni, ekki síst ríkisstofnunum. Þá þarf að vera aðstaða til að skoða skyggnur, myndræmur, glærur og 8 mm kvikmyndir, svo og lestrarstofa fyrir erlenda verðlista og skrár yfir nýsiefni auk annars prentaðs máls. Svo að tekið sé annað dæmi, má vísa í greinargerð með 12. grein um ýmsa aðstöðu, sem Námsgagnagerð er nauðsynleg. Af því húsnæði, sem hér hefur verið lýst — og að verulegum hluta mætti nota jafnframt til verklegrar kennslu fyrir kennaraefni — er ekkert til nú.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaratriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir Ríkisútgáfu námsbóka og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þessa frumvarps.

Þá er Námsgagnastjórn heimilað að gera breytingar á starfsháttum Námsgagnastofnunar, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu. Eðlilegt er, að samræming og sameining deilda stofnunarinnar haldi áfram með reglubundnum hætti, eftir að aðstæður til þess hafa batnað, sbr. 5. og 17. gr. Taldi nefndin rétt, að Námsgagnastjórn ákvarðaði sjálf um slík framhaldsstig sameiningar með þeirri einu takmörkun, að samþykkis menntamálaráðherra skyldi leita fyrir stofnun nýrra deilda. Eflaust mun reka að því, þegar störf Námsgagnastofnunar hafa samræmst og eflst, að þörf þyki fyrir stofnun nýrra deilda. Má ætla, að þar muni að líkindum sitja í fyrirrúmi deild til sérstakrar þjónustu við skólabókasöfn, svo og hugsanlega upplýsinga- og fræðsludeild.

Þá er að lokum ákvæði um það, að verði við framkvæmd þessara laga breyting á starfi eða starfsheiti starfsmanns hjá Ríkisútgáfu, Skólavörubúð eða Fræðslumyndasafni, skuli sú breyting í engu rýra launakjör hans. Slík trygging er augljós og sjálfsagt sanngirnisatriði.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

I. KAFLI.

1. gr.

Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili, skal hljóta samþykki ráðuneytisins til þess.

Ríkið skal leggja fram fé til byggingar dagvistarheimila fyrir börn en sveitarfélög til rekstrar þeirra svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar dagvistarheimila og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

4. gr.

Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks til byggingar úr ríkissjóði og til rekstrar frá sveitarfélagi samkvæmt lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá 3ja mánaða aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 5 st. á dag.
2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.
3. Leikskólar fyrir börn frá 2ja ára aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 3 st. á dag.

Ákveðið skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistarheimila í reglugerð.

5. gr.

Framlags úr sveitarsjóði geta notið þau dagvistarheimili sem reka starfsemi sína að minnsta kosti 4 mánuði ársins samfellt.

Sveitarstjórn getur veitt dagvistarheimili styrk úr sveitarsjóði enda þótt það starfi skemur en 4 mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

II. KAFLI.

6. gr.

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
2. Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

7. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistarheimilis og skal framlag ríkisins til þess vera sambærilegt við framlag til nýbyggingar.

Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

III. KAFLI

8. gr.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekin af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrirfram.

IV. KAFLI

9. gr.

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimili sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur athuga umsókn og þau gögn sem henni fylgja. Að lokinni athugun tilkynnir ráðuneytið hvort það hafi fallist á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallist skal það tilkynnt aðila og skal í synjun ráðuneytis tekið fram hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt þannig að bæta megi úr og skal þá bent á hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

11. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistarheimilum sem byggjendur dagvistarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi.

12. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn samkvæmt 3. og 9. gr. skal umsóknaraðili leggja fram uppdrætti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar.

Til undirbúningsvinnu telst m. a.:

1. Uppdráttur að lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir að því sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallist á uppdrætti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði. Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi skal það tilkynna hvað á skorti.

13. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð sér það um að gerður verði samningur milli þess og annarra aðila um greiðslur samkvæmt 6. gr. þessara laga og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

14. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytis verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistarheimila á næstu fjórum árum eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt er heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðslu hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma þegar áætlun er gerð og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

15. gr.

Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistarheimila áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

V. KAFLI

16. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem annast umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

17. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglum um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því að dagvistarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

18. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

Skylt er rekstraraðila dagvistarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 97. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Þegar fjárlög fyrir árið 1976 voru afgreidd á Alþingi í desember s. l. voru nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færðir yfir á sveitarsjóði gegn aukinni hlutdeild sveitarsjóða í söluskattstekjum. Einn þessara liða var hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði dagvistarheimila fyrir börn. Nauðsyn ber því til að samræma lagaákvæði um dagvistarheimili þessari stefnu og lýtur frumvarp þetta að því.

Með breyttri greiðslutilhögun var stefnt að því að flytja ákveðin verkefni til sveitarfélaga en ekki að draga úr framlagi til verkefnanna. Því er nauðsynlegt að hafa áfram ákvæði í lögum um rekstrarframlag til dagvistarheimila. Er hér gert ráð fyrir að heildarframlagið haldist innan sömu marka og áður en þá greiddi sveitarsjóður helming rekstrarframlags á móti ríkissjóði en nú er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ein greiði rekstrarframlag jafnframt því sem þeim var séð fyrir tekjuauka. Hér er einnig verið að tryggja áframhaldandi stuðning opinberra aðila til rekstrar dagvistarheimila sem rekin eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila, sbr. VI. kafla laga nr. 94/1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Breytingar í frumvarpinu frá lögum nr. 29/1973 eru:

2. gr. Tekið er inn ákvæði 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna um að leyfi menntamálaráðherra þurfi til að stofnsetja dagvistarheimili. Þá er tekið í greinina ákvæði um að sveitarfélög leggi fram fé til rekstrar dagvistarheimila.

3. gr. Í greinina er bætt: og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði.
4. gr. Í greinina bætist: og til rekstrar frá sveitarfélagi.
5. gr. Í stað „ríkisframlags njóta“ kemur: framlags úr sveitarsjóði geta notið.
8. gr. Í stað „af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:
1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%“, kemur: af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiðir sveitarfélag sem hér segir:
1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.
9. gr. Fellur niður.
10.—19. gr. óbreyttar að öðru leyti en því að í stað „dagvistunarheimili“ kemur „dagvistarheimili“.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um nýtingu á lifur og hrognum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar úr fiskafla landsmanna sem nú er að mestum hluta fleygt fyrir borð á skuttogaraflotanum.

Könnun þessi nái einnig til hrogna og feli jafnframt í sér athugun á hvernig bæta megi aðstöðu á fiskiskipum og í landi til nýtingar og vinnslu þessara verðmæta, — sem og markaðsmöguleikum.

Greinargerð.

Nýting á auðlindum hafsins og sanngjörn skipting þeirra milli jarðarbúa hefur að undanförnu talist til stórmála á alþjóðavettvangi. Þótt endanlegt samkomulag liggi ekki enn fyrir, teljum við íslendingar okkur hafa unnið fullnaðarsigur með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur og viðurkenningu annarra þjóða á þeim takmörkum. Þar með er þó ekki allur vandinn leystur. Ofveiði á helstu fiskstofnum okkar, fyrst og fremst þorsksins, kallar á stranga aðgát og það jafnvel þótt við sætum einir að veiðum innan 200 mílna markanna, sem ekki er enn orðið að raunveruleika. Vísindamenn okkar á sviði fiskirannsókna og stjórnvöld eru því á einu máli um að nauðsyn beri til að beina sókninni meir að nýjum fisktegundum og draga þannig úr áframhaldandi ofveiði þorsksins. Jafnframt verður það æ ljósara, að okkur ber í senn efnahagsleg nauðsyn og siðferðileg skylda til að nýta öll verðmæti sjávaraflans svo vel sem kostur er, en í því tilliti er því miður víða pottur brotinn í dag. Fyrst og fremst beinist athyglin að þeirri furðulegu staðreynd, að lifur og hrognum skuli að verulegum hluta vera fleygt fyrir borð á íslenskum fiskiskipum. Tillaga þessi er borin fram til að koma í veg fyrir að slík óhæfa verði látin viðgangast öllu lengur.

Samkvæmt trúverðugum upplýsingum er heildarmagn lifrar úr árlegum fiskafla íslendinga, þorski, ufsa og ýsu, 14—15 þús. tonn. Af því magni er um 10 þús. tonnum fleygt. Sé gert ráð fyrir að 25 kr. fáist fyrir hvert kíló lifrar (í mörgum tilvikum mun það seljast fyrir 30 kr.), þá kemur í ljós að þarna fleygjum við í sjóinn verðmætum sem nema 250 milljónum króna árlega, þ. e. í hráefninu einu. Að sjálfsögðu er tap þjóðarbúsins margfalt meira ef miðað er við að vinnsla hráefnisins færi fram. Magnið af hrognum, sem í súginn fer, mun verulega miklu minna, en þau eru líka um þrefalt verðmætari.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins upplýsir að enn sigi á ógæfuhliðina hvað snertir nýtingu lifrarinnar — að meiru og meiru sé fleygt af henni. Þorskalýsismagn sem hundraðshluti afla af þorski og ufsa fer stöðugt lækkandi. Eftir 1960 var þetta hlutfall hæst árið 1962, eða 3.86%, en árið 1974 var það komið niður í 1.29% og 1975 niður í 1.20%.

Hér áður fyrr, á gömlu togurunum, var öll lifur brædd um borð, en í dag mun það gert í aðeins einum togara og eru þó nokkrir skuttogaranna með bræðslutæki. Aðeins tveir eða þrír skuttogarar munu nú koma með lifur að landi. Það er hins vegar bátaflotinn og þá helst á vissum árstímum sem sér fyrir megninu af þeirri lifur sem að landi kemur, 4—5 þús. tonn árlega. Þar af hafa um 4 þús. tonn farið í bræðslu, en hitt til niðursuðu. Lagmetisiðnaður okkar, sem verið er að reyna að koma fótum undir og hefur á undanförnum árum gert heiðarlegar tilraunir til að sjóða niður lifur og hrogn til útflutnings, líður baga við það hve lítið og stopult hráefni berst. Markaðir erlendis eru fyrir hendi, en kaupendur þar una illa við hve erfitt það er fyrir íslenska viðskiptaaðila að standa við gerða samninga um nokkurn veginn stöðugt ákveðið magn. Íslenskir lýsisframleiðendur telja og að hægt mundi að selja mun meira af meðalalýsi til útflutnings ef meira framboð væri á góðri og ferskri lifur hér heima. Líka væri eðlilegt, að athugað væri hvort aukin framleiðsla fóðurlýsis gæti ekki létt eitthvað á útgjöldum bænda af rándýrum fóðurbæti, sem orðinn er einn af þungbærustu rekstrarliðum landbúnaðarins.

Það hefur verið talað um að áhugaleysi og jafnvel tregða íslenskra útvegsmanna og sjómanna til að hirða lifrina valdi miklu um þá öfugþróun sem hér á sér stað. Sú afstaða á að vísu sínar skýringar, þó að tæplega geti þær talist haldbærar. Þannig hefur aukið framboð á feitmeti á heimsmarkaðinum haldið lýsisverðinu niðri að undanförnu, svo að varla hefur þótt svara kostnaði að hirða lifrina. Þá hefur í mörgum tilvikum staðið í veginum aðstöðuleysi um borð í fiskiskipunum, sérstaklega hinum nýju skuttogurum, og einnig erfiðleikar við löndun lifrarinnar og vinnslu í landi. Þungt á metunum er það einnig, að lifrin er mjög viðkvæmt hráefni með lítið geymsluþol, hefur hingað til verið reiknað með 2—3 dögum. Nýlegar rannsóknir og tilraunir á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins gefa hins vegar til kynna að auka má geymsluþolið allt upp í 10 daga með sérstakri kæliaðferð um borð í skipunum. Þá vantar og í sumum verstöðvum alla aðstöðu til vinnslu.

Þessi atriði öll, sem nánar mun verða fjallað um í framsögu, hafa til þessa hindrað eðlilega og sjálfsagða nýtingu þessarar hollu fæðutegundar. Það mun vafalaust kosta einhverja fjármuni að ryðja þeim hindrunum úr vegi, en þó mun varða mestu að fyrir hendi sé skilningur allra hlutaðeigandi aðila á mikilvægi þessa máls og vilji til úrbóta.

Sú var tíðin að lifur og lýsi voru ein helsta lífsbjörg fólks við sjávarsíðuna á Íslandi. En hvað sem líður velmegun íslendinga í dag og vítamínpillum í glösum, sem almenn þykja þægilegri og fínni en lýsisflaskan, þá sæmir illa að gleyma því að þúsundir milljóna meðbræðra okkar í hinum vanþróuðu löndum heims búa við sárasta sult og örbirgð. Varla hrekkur okkar hálfa pro mill framlag í hinn alþjóðlega hjálparsjóð langt til að bæta þar um. Hér er því ekki um það að ræða eingöngu, hvort við stöndumst við það efnahagslega að fleygja í sjóinn fæðuverðmætum fyrir hundruð milljóna kr. árlega, heldur líka hitt, að það er siðferðilega óverjandi og ekki sæmandi okkur sem menningarþjóð.

Það er von og trú flutningsmanna að tillaga þessi verði stjórnvöldum hvatning til skipulegra aðgerða í þessu máli og að íslenskir sjómenn láti þá ekki á sér standa.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um framkvæmd skattalaga.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á framkvæmd skattalaga í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins.

Að lokinni þeirri rannsókn verði, ef ástæða þykir til, settar reglur, sem stuðli að samræmingu í framkvæmd skattalaga, svo og um skyldu skattstjóra, bæði gagnvart ríkisvaldinu og skattgreiðendum.

Verki þessu skal lokið fyrir álagningu skatta árið 1977 og niðurstöður birtar.

Greinargerð.

Þótt óánægja með álagða skatta hafi verið nokkuð almenn allt frá því að skattgreiðslur hófust og skattar nágrannans almennt umræðuefni, hefur þó keyrt um þverbak síðustu árin. Bent hefur verið á ýmis ákvæði laga, sem stuðla að misræmi í skattaálagningu og gera ýmsum athafnamönnum kleift að losna við eðlilega þátttöku í kostnaði við rekstur þjóðfélagsins. Af þessum ástæðum eru skattalög nú í endurskoðun og lofað er breytingum fyrir næstu áramót.

En þótt lagfæringar á skattalögum séu ákaflega mikilvægar er framkvæmd skattalaga það ekki síður. Aldrei verður unnt að setja skattalög, sem fylgja má vélrænt án túlkunar af hálfu skattstjóra og embættismanna hans. Hins vegar er það að sjálfsögðu vilji löggjafans, að allir sitji sem næst við sama borð að þessu leyti.

Misræmi í framkvæmd skattalaga er óumdeilanlegt. Það staðfesta kærur og kvartanir, sem berast úr hinum ýmsu skattaumdæmum. Á það sérstaklega við um álagningu tekjuskatts og söluskatts. Til dæmis virðist mikið ósamræmi í skattaálagningu félagssamtaka ýmis konar. Bera harðorðar samþykktir Búnaðarsambands Strandamanna þessa ljós merki. Ekki virðist skattayfirvöldum heldur hafa verið ljóst, hvort greiða beri söluskatt af ýmsum hlunnindum. Nefna mætti fjölmörg dæmi um það, að tekjur af hlunnindum hafa verið taldar fram árum saman án þess að á það hafi verið bent, að söluskatt bæri að greiða, að minnsta kosti í sumum umdæmum. Hins vegar bregður svo við nú í einu umdæmi, að söluskatts er krafist jafnvel fimm ár aftur í tímann af hlunnindum og ýmsu öðru, sem áður virtist ekki talið söluskattsskylt, án tillits til þess, að tekjuskattur hefur þegar verið greiddur af þessum sömu krónum sem nú er krafist í söluskatt. Sums staðar er unglingum yngri en 16 ára leyft að telja fram sérstaklega, en annars staðar ekki. Þannig mætti lengi telja fjölmörg dæmi, sem sýna mjög mismunandi framkvæmd skattaálagningar í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er sá að fá úr því skorið, hvort ofangreind fullyrðing um misræmi í framkvæmd skattalaga er rétt. Ef svo reynist vera, er jafnframt mælt svo fyrir, að strangari reglur verði settar, sem stuðli að samræmingu. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að heimild fyrir ríkisskattstjóra til þess að tryggja samræmingu í framkvæmd er óljós samkvæmt skattalögum. Ef til vill er nauðsynlegt að auka slíka heimild.

Loks er í tillögunni mælst til þess, að nánar verði skilgreint en nú er hvaða skyldur skattstjóri ber, bæði gagnvart ríkisvaldinu og gagnvart skattgreiðendum. Starfsmenn skattsins eru að sjálfsögðu starfsmenn ríkissjóðs, en þeir eru jafnframt opinberir starfsmenn á vegum þjóðarinnar allrar. Þeim ber þannig að leiðbeina skattgreiðendum og skapa verður þeim aðstöðu til þess að geta sinnt því hlutverki.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa helstu starfsstétta á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla nýjustu fáanlegra upplýsinga, sem séu sambærilegar, um þjóðartekjur á mann á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. Enn fremur skal ríkisstjórnin afla upplýsinga um gildandi kaupgjald helstu starfsstétta, tímakaup, vikukaup eða mánaðarkaup, sem og nýjustu sambærilegar upplýsingar um raunverulegar tekjur þeirra fyrir og eftir skattgreiðslu og um vinnutíma. Jafnframt verði kaupmáttur launanna áætlaður miðað við verðlag í hverju landi.

Alþingi verði veitt skýrsla um niðurstöðu þessarar upplýsingasöfnunar.

Greinargerð.

Á næsta ári munu fara fram samningar um laun nær allra launþega í landinu, verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, opinberra starfsmanna og háskólamanna. Það er ríkjandi skoðun innan allra launþegasamtaka, að kaupmáttur launa hafi rýrnað óhæfilega mikið að undanförnu og mjög mismunandi mikið. Þá telja launþegasamtök, að laun séu nú hér á landi orðin miklum mun lægri en gerist hjá hliðstæðum starfsstéttum með nálægum þjóðum og sé mismunur launa orðinn mun meiri en mismunur þjóðartekna á mann gefur tilefni til. Þetta sýnir einnig nauðsyn þess, að birtar verði opinberar skýrslur um skiptingu þjóðartekna milli launþega og atvinnurekstrar.

Nauðsynlegt er fyrir alla aðila, sem þessi mál skipta, að sem skýrust vitneskja liggi fyrir um þessi mál. Það ber að vísu að viðurkenna, að vandasamt er að bera saman þjóðartekjur á mann í tveim eða fleiri löndum, jafnvel þótt atvinnu- og þjóðfélagshættir séu svipaðir, og að enn erfiðara er að bera saman kaupmátt launa tiltekinna starfsstétta í ýmsum löndum. En þótt niðurstaðan hljóti jafnan að vera háð nokkurri óvissu, er hér samt um svo mikilvæg atriði að ræða, að nauðsynlegt er að afla um þau þeirrar vitneskju, sem fáanleg er. Enginn vafi er á því, að unnt er að safna upplýsingum, sem taka af tvímæli um, hvort um sé orðið að ræða alvarlegt misræmi í launakjörum hér á landi og á öðrum Norðurlöndum.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til að gera ítarlega könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hérlendis, svo sem vegna vinnuálags, og langs vinnudags, hraða eða sjálfvirkni vinnunnar, umgengni við hættuleg efni, mengað andrúmsloft, hávaða, kulda, eða vegna annars, sem snertir aðbúnað starfsfólks á vinnustað.

Greinargerð:

Þetta mál var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Því fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Eins og kunnugt er, mun það vera eitt af sérkennum íslensks atvinnulífs, hve vinnutími er allajafna langur hjá þorra verkafólks. Lengstur er hann þó hjá þeim er framleiðslustörf stunda, til sjávar og sveita. Ástæður þessa eru margar og eiga eflaust rætur að rekja til fámennis í harðbýlu landi. En þó verður ekki fram hjá því litið, að kjör verkafólks eru yfirleitt það naumt skömmtuð, að dagvinnutekjur einar nægja engan veginn til framfæris.

Verkafólk neyðist því til að leggja á sig óhóflega langan vinnudag og er 10—12 klukkustunda vinnudagur algengur, jafnvel 6 daga vikunnar. Ekki er vitað til þess, að gerð hafi verið könnun á raunverulegum vinnutíma verkafólks hér á landi, en slík könnun kynni að breyta ýmsum hefðbundnum skoðunum um raunveruleg lífskjör verkafólks, því að óneitanlega er það einn hluti af nauðsynlegum lífskjörum að hafa tíma og efni á tómstundum, þátttöku í félagslífi o. þ. h.

Tillaga sú, sem hér er á ferðinni, er hins vegar um það að kannað verði af sérfróðum mönnum, hverjar séu afleiðingar svo mikillar vinnu og þess aðbúnaðar, sem hérlendur atvinnurekstur býður verkafólki. Ástæða er til að ætla, að vinnuálag sé t. d. yfirleitt mikið í ýmsum greinum framleiðslunnar, svo sem í fiskvinnu, þar sem oft er skortur á vinnuafli, og ástæða er til að ætla að almennt standi íslenskir atvinnuvegir langt að baki erlendum hvað snertir aðbúnað á vinnustöðum. Atvinnusjúkdómar geta auðvitað verið mismunandi og margvíslegir. Nokkrar rannsóknir um atvinnusjúkdóma hafa verið gerðar, flestar bundnar ákveðnum vinnustöðum. En til þess að heildarvitneskja fáist um eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hlýtur einnig að þurfa að skyggna vinnumál af sjónarhóli félagslæknisfræði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja könnun sem þessa nauðsynlega og sjálfsagt mál að fylgjast stöðugt með vinnumálum að þessu leyti.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um endurskoðun tekjuskattslaga.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagafrumvarp um breytingu á tekjuskattslögum, er miðist við það:

a) að álagning tekjuskatts á fyrirtæki og hvers konar rekstur verði ávallt skýrt aðgreind frá skattgreiðslum þeirra, sem eiga reksturinn;
b) að einstaklingum, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, verði framvegis áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur til skatts, ef litlar tekjur eru fram taldar, en tekjur einstaklinga til skatts skerðist ekki, þótt rekstur í eigu þeirra skili bókhaldslegu tapi;
c) að fyrningarákvæði tekjuskattslaga verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Ákvæði um fyrningu samkv. verðhækkunarstuðli og flýtifyrningu, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, verði afnumin og fyrningarhlutföll miðuð við eðlilegan endingartíma eigna;
d) að takmörk verði sett fyrir því, hve mikla vexti megi draga frá tekjum, þannig að hámark vaxtafrádráttar sé ákveðið árlega með hliðsjón af meðalvöxtum, íbúðarverði og fjölskyldustærð.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hefur það vakið vaxandi athygli manna, að fyrirtæki og einstaklingar, sem einhvern rekstur hafa með höndum, sleppa vel frá greiðslu tekjuskatts. Skýringin er nærtæk: Í fyrsta lagi hafa aldrei verið leyfilegar jafnmiklar fyrningar og á undanförnum árum, og í öðru lagi hafa meðalvextir ekki áður verið hærri. Rekstrarаðilar hafa því haft óvenjulega háa frádráttarliði við álagningu tekjuskatts og hafa því verið skattlitlir eða skattlausir. Sérstaklega á þetta við um einstaklinga, sem reka fyrirtæki á eigin ábyrgð. Þegar reksturinn skilar litlum hagnaði, m. a. vegna fyrningarákvæða skattalaga og vaxtafrádráttar, hafa einstaklingnum verið reiknaðar litlar tekjur að sama skapi. Í því tilviki er því um hvort tveggja að ræða, að reksturinn greiðir engan skatt og einstaklingurinn borgar ekki heldur tekjuskatt af launum sínum hjá fyrirtækinu. Þetta er að sjálfsögðu ranglátt og óheilbrigt, enda þarf enginn að efast um, að í slíkum tilvikum hafa laun verið greidd þrátt fyrir allt og hvað sem bókhaldinu líður. Ekki lifa menn á loftinu einu saman.

Af þessum ástæðum er ekki nægilegt, að fyrningarákvæðum verði breytt í grundvallaratriðum og skynsamleg takmörk sett fyrir vaxtafrádrætti, eins og hér er gerð tillaga um, heldur verður einnig, þegar einstaklingar eiga í hlut, að aðgreina skýrt álagningu á fyrirtækin annars vegar og hins vegar skattgreiðslur þeirra, sem eiga reksturinn. Skattstjóra verður að vera heimilt að áætla laun þeirra, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, ef litlar tekjur eru fram taldar, og tekjur einstaklinga til skatts, hvort sem um er að ræða áætlaðar lágmarkstekjur eða tekjur úr annarri átt, eiga ekki að skerðast, þótt rekstur í eigu þessara manna skili bókhaldslegu tapi.

Tekjutap ríkissjóðs vegna fráleitrar álagningar tekjuskatts liggur þó sennilega ekki fyrst og fremst í litlum sköttum einstaklinga, sem reka fyrirtækin, heldur vegur hér þyngra, að verulegur hluti af stærstu fyrirtækjum landsins, sem rekin eru í félagsformi, borgar engan tekjuskatt.

Í þingsályktunartillögum um svipað efni, sem flutningsmaður hefur tvívegis áður flutt á Alþingi, hefur verið gerð grein fyrir könnun á tekjuskattsgreiðslum fyrirtækja í félagsformi, sem starfrækt eru í Reykjavík og hafa meira en einnar milljón króna ársveltu. Á árinu 1974 var það niðurstaðan, að um 240 félög með samanlagða ársveltu yfir 10 þúsund milljónir króna á rekstrarárinu 1973 greiddu engan tekjuskatt. Á árinu 1975 var fjöldi þeirra félaga í Reykjavík, sem ekki greiddu tekjuskatt, 432, og áætlað var, að samanlögð velta þeirra hefði verið yfir 20 þúsund milljónir króna á árinu 1974.

Við athugun á skattlausum fyrirtækjum í Reykjavík á þessu ári var miðað við 50% hærri lágmarksveltu, þ. e. að fyrirtækin hefðu a. m. k. greitt 15 þúsund krónur í aðstöðugjald, til þess að athugunin yrði örugglega sambærileg við tölur síðasta árs. Eru því aðeins meðtalin fyrirtæki, sem hafa lágmarksveltu frá 1 155 000 kr. til 7 500 000 kr. eftir tegund rekstrarins. Niðurstaðan varð sú, að á þessu ári reyndust 483 fyrirtæki algerlega skattlaus, enda þótt þau greiði um 362 milljónir króna í aðstöðugjöld og velta þeirra virðist samanlögð um 39 þúsund milljónir króna. Skattlausum fyrirtækjum í höfuðborginni hefur því enn fjölgað verulega og velta þess háttar fyrirtækja er nú nærri tvöfalt hærri en áætlað var á síðasta ári.

Margar skýringar eru á því, að hundruð arðvænlegra fyrirtækja sleppa við að greiða tekjuskatt, en ein hin helsta er ákvæði skattalaga um **flýtifyrningu**, sem fyrst voru sett í lög vorið 1971 að frumkvæði ríkisstjórnar Jóhanns Hafsteins, svo og ákvæði um **verðhækkunarstuðul fyrninga.**

Til viðbótar almennri fyrningu, sem er allt að 15% á ári, heimilast fyrirtækjum að draga frá tekjum sínum allt að 6% flýtifyrningu á ári. Þar við bætist óbein fyrning, sem er reiknuð sem hlutfall af almennu fyrningunni og miðast við hækkun byggingarkostnaðar milli ára. Hefur þessi óbeina fyrning verið 4—7% á undanförnum árum. Samtals geta því afskriftir orðið hæstar 25—28% á einu ári og gildir það fyrningarhlutfall um öll flutningatæki, skip og bifreiðar vinnuvélar og önnur

tæki til mannvirkjagerðar. Hámark fyrninga á öðrum vélum er 2.5% lægra. Með þessum miklu fyrningarheimildum geta fyrirtæki á fjórum árum sloppið við að greiða skatt af tekjum sem nema 80—90% af andvirði fyrnanlegra eigna sem þó er ætlað að endast mun lengur. Með stöðugri fjárfestingu geta fyrirtækin komist hjá því að greiða tekjuskatt um mjög langt skeið, og það furðulegasta er, að þegar eignin er fullfyrnd þarf fyrirtækið aðeins að selja hana og festa sér í staðinn aðra eign til þess að geta byrjað að afskrifa á nýjan leik af fullum krafti. Er þá stundum um að ræða að eignirnar, sem koma í staðinn fyrir þær seldu, hafa áður verið að fullu afskrifaðar hjá fyrri eiganda, og getur þannig sama eignin orðið til þess að spara nýjum og nýjum eiganda tekjuskattsgreiðslur sem nema mörgum milljónum króna.

Til þess að tryggja enn frekar, að fyrirtækin sleppi vel frá álagningu tekjuskatts, er fyrirtækjunum heimilað í 17. gr. skattalaga að leggja í varasjóð ¼ af hreinum tekjum félaganna, áður en tekjuskattur frá árinu áður hefur verið frádreginn. Þessi fjórðungur tekna er skattfrjáls með öllu, og var upplýst á næst seinasta þingi að fyrirtæki með félagsformi hefðu dregið frá hreinum tekjum sínum 511 milljónir króna á árinu 1974 og lagt í varasjóð.

Á fylgiskjali með tillögu þessari er yfirlit yfir félög í Reykjavík sem ekki greiða tekjuskatt á árinu 1976. Einnig fylgja með upplýsingar um aðstöðugjöld þessara sömu fyrirtækja, en út frá þeirri tölu á að vera auðvelt að áætla veltu fyrirtækjanna. Til að finna veltufjárhæðina ber að margfalda upphæð aðstöðugjalds með eftirfarandi lykiltölum:

Aðstöðugjald	Tegund rekstrar	Margfaldað er með
0.20%	Rekstur fiskiskipa	500
0.33%	Rekstur flugvéla	303
0.50%	Matvöruverslun í smásölu. Kaffi, sykur og kornvara til manneldis í heildsölu. Kjöt- og fiskiðnaður. Endurtryggingar	200
0.65%	Rekstur farþega- og farmskipa	154
1.00%	Sérleyfisbifreiðir. Matsala. Landbúnaður. Vátryggingar ót. a. Útgáfustarfsemi. Útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi. Rakara- og hárgreiðslustofur. Verslun ót. a. Iðnaður ót. a.	100
1.30%	Verslun með kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverslun. Kvikmyndahús. Fjölritun. Skartgripa- og skrautmunaverslun. Tóbaks- og sælgætisverslun. Söluturnar. Blómaverslun. Umboðsverslun. Minjagripaverslun. Barir. Billjardstofur. Persónuleg þjónusta. Hvers konar önnur gjaldskyld starfsemi ót. a.	77

Fylgiskjal.

Félög í Reykjavík sem ekki greiða tekjuskatt 1976.[1])

Fyrirtæki	Aðstöðugj. kr.	Fyrirtæki	Aðstöðugj. kr.
A. Smith hf. Bergst.str. 52	168 600	Anna Þórðardóttir hf. Skeifunni 6	406 000
ABC Gjafabúð sf. Austurstræti 6	21 000	Anetta hf. Skólavörðustíg 17b	33 000
ACO hf. Hallv.st. 10	19 100	Ansvar Intern Insurance	775 200
Aðalbraut hf. Síðumúla 8	4 713 600	Arkitektar G. Kr. og Olaf Hverfisg. 49	167 200
Akurey hf. Grensásv. 10	222 800	Ármúli sf. Ármúla 21	111 700
Almenna Bókafélagið Austurstræti 18	1 979 800	Ármúli 36 sf.	22 300
Almennar tryggingar hf. Pósthússtræti 9	6 763 200	Atlantis hf.	525 200
Alþjóða líftryggingafélagið Austurstr. 17	190 000	Auglýsingastofan hf. Ármúla 5	214 300
Alþýðuhúsið hf. Iðnó	143 600	Austurbær hf. Höfðabakka 9	831 300
Amor hf. Rauðagerði Melavöllur	162 000	Austurgarður hf. Laugav. 59	441 500
Andersen og Lauth hf.	935 000	Austurstræti 16	62 200
Andri hf. Borgartúni 29	622 800	Axminster hf.	612 000

Fyrirtæki	Aðstöðugj. kr.
B. Sigurðsson sf. Höfðatúni 2	182 000
Bót fatagerð hf. Bolholti 6	264 100
Baader þjónustan hf. Ármúla 5	1 398 400
Barónsveitingar sf. Laugav. 86	167 800
Bátanaust hf. Elliðavogi	222 100
Baugalín sf. Miklubraut 68	64 900
Bifreiðabyggingar sf. Ármúla 34	55 100
Bifreiðar og landbúnaðarvélar Suðurlandsbraut 14	2 620 900
Bifr.verkst. Austurbæjar Borgart. 25	22 100
Byggingamiðstöðin sf. Hverfisg. 4	18 200
Byggingaverk hf. Bollagötu 15	115 200
Byggir hf. Laugav. 168	155 200
Bílaryðvörn hf. Skeifunni 17	208 400
Bílasmiðjan hf. Laugav. 176	377 200
Bílatún hf. Klapparstíg 9a	88 600
Bílasprautun hf. Skeifunni 11	126 000
Bílasport sf. Laugav. 168	304 100
Björgunarfélagið hf. Garðastræti 48	522 300
Björn og Halldór hf. Síðumúla 19	515 400
Björnsbakarí Vallarstræti 4	469 200
Blaðaprent hf. Síðumúla 14	1 455 200
Bláfjöll hf. Reykjahlíð 12	29 500
Blikk og stál hf. Bíldshöfða 12	677 800
Blóm og ávextir hf. Hafnarstræti 3	383 100
Blómaval sf. Sigtúni 40	1 043 800
Bókabúð Æskunnar	207 000
Bókbindarinn hf. Suðurlbr. 12	201 500
Bón- og þvottast. hf. Sigtúni 3	267 600
Borg sf. íbúðasala Laugav. 84	28 300
Borgarfell hf. Skólav.st. 23	430 600
Borgarsteinn sf.	32 700
BP á Íslandi hf.	815 700
Brauðskálinn sf. Langhv. 126	125 400
Breiðholt hf. Lágmúla 9	13 385 800
Breiðholtsbakarí hf. Völvuf. 13	110 000
Brún hf. íþróttamiðst. Laugardal	1 000 000
Brunabótafélag Íslands	7 361 500
Bræðurnir Ormsson hf. Lágmúla 9	2 432 000
Búsáhöld hf. Þverholti 17	40 100
Capella hf. Laugav. 51	59 200
Ceres hf. Bergstaðastræti 52	92 400
Cosmos hf. Hverfisg. 50	108 400
Dagný sf. Laugavegi 28	92 400
Davíð Sigurðsson hf. Síðumúla 35	2 321 600
Demant hf. Ægisgötu 10	275 600
Díselvélaviðg. HP Súðarvogi 38	61 700
Dyngja hf. Laugav. 25	75 800
Dósagerðin hf. Vesturvör 16—20 Kópv	1 253 100
Dragtin hf. Klapparstíg 37	66 100
Dreki hf.	59 800
Dröfn sf. Borgartúni 3	39 500
Dúkur hf. Skeifunni 13	527 200
Dúna hf. Síðumúla 23	603 000
Efnablandan hf. Melav. Rauðagerði	155 900
Egill Vilhjálmsson hf. Laugav. 118	4 125 100
Einarsson og Pálsson Skólavörðust. 3a	20 200
Eyvör hf. Grænuhl. 22	15 100
Elding Trading co hf. Hafnarstræti	118 600
Elísa hf. klæðagerð Skipholti 5	159 600
Emma sf. Skólavörðustíg 5	115 100
Endursk.- og bókhaldsþjónusta Ægiss. 107	34 000
Kexverksmiðjan Esja Þverholti 13	490 800
Evrópuviðskipti hf. Tryggvagötu 4	67 800
Fataskápurinn hf. Laugav. 12	40 800
Ferðamiðstöðin hf. Aðalstræti 9	292 900
Festarfell hf.	97 500
Félagskaup svf. Freyjugötu 27	72 800
Fjalar hf. Ægisgötu 7	26 000
Flugleiðir hf.	32 834 900
Flugmó hf.	93 800
Flugstöðin hf. Rvíkurflugv.	147 100
Fóðurblandan hf. Grandav. 42	2 690 300
Form sf. bólstrun	32 000
Formprent Lindargötu 48	141 400
Freyja hf. Lindargötu 12—14	29 500
Freysteinn hf. Sólvallag. 55	54 200
Frendó hf. Miklabr. 58	18 700
Frjálst framtak hf.	555 800
Fróði hf. bókaútgáfa	47 600
Kexverksmiðjan Frón	857 500
Fönix Hátúni 6a	1 035 600
Föt hf. Þverholti 17	512 500
G. Bjarnason og Fjeldsted Veltus. 1	16 400
GBE Hópferðabílar hf. Fellsm. 17	111 500
GH Hallvarðsson vélaleiga	27 600
G. Skúlason og Hlíðberg Þóroddsst.	22 100
GT búðin Ármúla 22	94 600
Gafl hf. Einimel 3	28 900
Gallabúðin sf. Kirkjuhvoli	15 300
Geysir hf. bílaleiga Laugav. 66	226 200
Gellir sf. Hafnastr. 17	234 800
Gildaskálinn hf. Hraunbæ 32	60 000
Gísli Jónsson co hf. Klettagörðum 11	597 100
Gistiheimilið Ránarg. 12	15 700
Gleraugnav. Í Gíslasonar Bankastr. 14	72 400
Glerskálinn hf. Síðumúla 11	136 600
Glerslípun og speglar Klapparstíg 16	259 400
Glit hf. Höfðabakka 9	610 600
Gljáinn hf. Ármúla 26	53 300
Glóbus hf. Lágmúla 5	5 552 400
Gluggatjöld hf. Laugav. 66	422 500
Efnalaugin Glæsir hf. Laugav. 17	17 600
Goði sf. Fellsmúla 24	336 500
Grafik hf. Síðumúla 21	398 100
Grýta hf. Laugav. 162	93 900
Grótta, viðg. fyrirtæki, Fiskifél. v. Ingólfsstr.	800 000
Guðm. I. Bjarnason hf. Tryggvag.	103 800
Guðmundur A. Guðmundsson, Fögrubr. 45 Kópav.	853 300
Guðni Þórðarson hf. Skúlatúni 6	47 400
Guðrún hf. Rauðarárstíg 1	59 600
Gull og Silfur hf. Laugav. 35	234 700
Heildverslunin Gullfoss Garðastr. 39	101 800
Gunnar Guðmundsson Dugguvogi 2	1 595 700
Gunnsteinn Sigurðsson hf. Hverfisg. 117	23 900
Götunarþjónustan sf. Ægisgötu 7	33 800
H. Benediktsson hf. Suðurlandsbraut 4	2 171 000
H.J. Sveinsson Gullteig 6	383 100
Hafnarstræti 1 sf. Sætúni 8	26 500
Hafskip hf. Tryggvag.	5 386 600
Hafsteinn og Sæmundur Hraunbæ 32	127 900
Hafver hf. Hólmsgötu 4	66 800
Hagprent hf. Brautarholt 26	228 400
Hagsmíði hf. Hafnarbraut 1 Kópav.	93 400
Hagtrygging hf. Suðurlandsbraut 10	1 301 000
Hagur hf. byggingafél. Austurg. 8	100 300
Hampiðjan hf. Stakkholti 4	3 806 800
Hannar sf. Höfðabakka 9	160 600
Hansa hf. Grettisg. 16	197 000
Hanskagerðin hf. Grensásv. 48	47 500

Fyrirtæki	Aðstöðugj. kr.
Haraldur Sigurðsson hf. Öldugötu 8 ..	48 600
Hárið sf. Miklubraut 68	28 900
Harkó hf. Grenimel 47	22 500
Hattaverslun Ísafoldar hf. Austurstr. 14	125 000
Hátún sf. Seljabletti 11a	94 700
Hegri hf. Borgartúni 23	542 400
Heild hf. Klettag. 1	547 900
Heilsulindin hf. Hverfisg. 50	23 700
Hekluvikur hf. Laugateig 20	148 000
Herakles hf. Klettag. 1	71 100
Herrahúsið hf. Aðalstræti 4	1 948 300
Híbýli og skip sf. Garðastr. 8	37 680
Hilmir hf. Síðumúla 12	978 700
Hita- og hreinlætislagnir Giljalandi 8	41 700
Hjálmar Þorsteinsson Klapparst. 28 ..	71 900
Hjólbarðasalan Borgartúni 24	240 000
Hjólb.verkst. Sig. Gíslas. Laugav. 171	122 800
Hjólbarðinn hf. Laugav. 178	143 300
Hlaðprýði hf. Skipholti 35	227 600
Hlín hf. Skólavörðustíg 18	22 500
Hljóðvirkinn sf. Bergstaðastr. 10 a ..	52 000
Hljóðfærav. Pálmars Árna Skipasundi 51	505 800
Hljóðfærav. Sig. Helgadóttur Aðalstr. 6	198 800
Hljómur sf. Skipholti 9	87 300
Holtablómið sf. Langholtsv. 126	28 400
Hótel Borg hf.	1 828 600
Hótel Esja hf.	2 288 300
Hótel Hof hf.	142 000
Hraðfrystist. í Rvík hf. Austurstr. 17	298 700
Hreyfill svf.	502 300
Hreinlætisþjónustan hf. Laugav. 22 ..	41 300
Hrönn hf. Mýrargötu 26	163 300
Hurðir hf. Skeifunni 13	176 900
Húsgagnavinnust. Erl. og Hafst. Duggu-vogi 9	21 000
Hvalfell hf. Bræðraborgarst. 13	54 500
Höfðanaust sf. Höfðatún 4	31 400
Höndlun hf. Laugav. 63	33 600
Iðn hf. Borgartúni 29	149 200
Iðnspónn hf. Skeifunni 8	124 600
Iðnverk hf. Hátúni 4a	33 000
Ilmtré sf. Tranavogi 5	91 300
Ingimundur hf. Súðarvogi 6	598 700
Ingþór Haraldsson hf. Ármúla 1	141 700
Innkaupadeild LÍÚ	1 404 300
Innkaupasamband bóksala	234 500
Innkaupasamband matvörukaupm.	195 700
Innréttingaval hf. Sundaborg 1	146 600
Isarn hf. Reykjanesbraut 10—12	679 300
Ísbjörninn hf. Hafnarhvoli	363 500
Ísbúðin hf. Skúlagötu 51	433 100
Iscargo hf. Rvíkurflugv.	602 400
Ísfell hf. Austurstræti 17	440 200
Íslendingasagnaútg. Langholtsv. 128 ..	210 000
Íslensk endurtrygging Laugav. 105 ..	2 770 400
Ísl. bifreiðaleigan Brautarh. 26	93 600
Ísl. verðlistinn Laugalæk 11	1 320 100
Ísl. jetminkur hf. Klapparstíg 29	170 700
Ís-spor hf. Ármúla 1	122 400
Ístorg hf. Öldugötu 15	127 900
J.G. húsgögn hf. Hátúni 4	29 700
J.A. Jónsson hf. Hverfisg. 50	60 700
J.C. Klein hf. Baldursgötu 14	59 200
J. Sveinsson og co. hf. Hverfisg 116 ..	37 200
Jarðvinnslan sf. Síðumúla 25	63 200
Jóhann Ágústsson hf. Reynimel 76 ..	352 000
Jóhann Ólafsson og co hf.	16 300
Jóhannes Norðfjörð hf. Hverfisg. 49	246 300
Júnó-billjarð hf. Skipholti 37	146 700
Kaffibr. O. Johnson & Kaaber	3 660 200
Kaffibætisv.sm. O. Johnson & Kaaber	85 400
Kaffivagninn sf. Grandag.	289 900
Karfan sf. Hofsvallag. 16	31 000
Kartaflan sf. Hátúni 4	32 300
Kassagerð Reykjavíkur	6 929 600
Kastalinn hf. Bergstaðastræti 4a	365 200
Katla hf. Laugavegi 178	1 439 100
KRON	5 385 200
Kyndill hf. bílasm. vélsm.	77 300
Kynnisferðir ferðaskrst. Rvíkurflugv. ..	569 800
Kirkjusandur hf. Kirkjusandi	3 479 300
Kjöt og fiskur sf. Þórsgötu 17	282 700
Kjötbúð Suðurvers sf.	245 100
Klæðav. Andrésar Andréssonar hf. Svanbj. Frímannsson Flókagötu 19 ..	26 300
Kokk-húsið Lækjargötu 8	279 000
Korkiðjan hf. Skúlag. 57	55 200
Kornhlaðan hf. Sundahöfn	348 400
Kr. Kristjánsson Suðurlandsbr. 2	2 061 500
Kristinn Guðnason hf. Suðurlandsbr. 20	763 800
Kúnígúnd hf. Hafnarstræti 11	102 300
Lamaiðjan Skipasundi 14	151 700
Landflutningar hf. Héðinsg. 4	140 500
Landleiðir hf. Reykjanesbraut 10—12	589 300
Landsýn ferðaskrifst.	188 500
Lárus Jónsson hf. Laugarnv. 59	16 300
Laugavegur 105 hf.	51 400
Leifur hf. Tjarnarg. 10	132 000
Leigan sf. Höfðatúni 4	26 000
Lerki hf. Skeifunni 13	231 400
Letur sf. Grettisg. 2	158 500
Lýsing Hverfisg. 64	299 800
Listaskemman sf. Bankastr. 7a	19 300
Litróf hf. Einholti 2	121 500
Litrún hf. Hverfisg. 78	174 000
Ljósborg hf. Skipholti 21	24 800
Ljósfæri hf. Grensásv. 5	177 100
Ljósmyndaþjónustan sf. Lágmúla 5 ..	102 100
Loftur hf. Ingólfsstræti 6	28 500
Lækjarmót hf. (Klúbburinn) Borgar-túni 32	2 123 600
Magnús Benjamínsson co. hf. Veltusundi	117 000
Mál og menning, Laugav. 18	337 100
Málmey hf. Brautarholti 16	29 300
Málning og járnvörur hf. Laugav. 23 ..	293 200
Matstofa Austurbæjar hf. Laugav. 116 ..	231 700
Meyjaskemman hf. Laugav. 12	45 400
Melísa hf. Laugav. 66	177 000
Metravörudeildin hf.	48 900
Mikróþjónustan hf. Skúlag. 32—34	26 000
Myndin sf. Eskihlíð	27 900
Myndir hf. Austurstræti 17	158 700
Minerva sf. Hrísateig 47	36 200
Mira sf. Stigahl. og Háaleitisbr.	57 500
Mjólkurfélag Reykjavíkur svf.	4 303 000
Mjólkursamsalan	2 927 300
Mona Lisa hf. Laugav. 19	213 900
Mosfell hf. Suðurlandsbraut 20	576 900
Mótor hf. Laugav. 118	428 800
Nálin — hannyrðaversl. Laugav. 84 ..	30 400
Naust hf. Vesturg. 6	1 219 500
Nesskip hf. Hafnarhúsinu	728 000
Nýja bílasmiðjan hf. Tunguhálsi 2	321 100
Nýja bíó hf.	324 200

Fyrirtæki	Aðstöðugj. kr.
Nýja sendibílastöðin hf. Skeifunni 8	73 800
Nýja skógerðin sf. Ármúla 28	54 300
Nývirki hf. Síðumúla 21	131 300
Númer 1 hf. Aðalstræti 16	93 300
Númi hf. Þórsgötu 10	130 000
Nörfi sf. Bíldshöfða 14	47 300
OM þjónustan Maríubakka 20	40 300
Óðinstorg hf.	701 800
Ofsetprent hf. Smiðjustíg 11	157 200
Ofnasmiðjan hf. Háteigsveg 7	254 500
Olympía vefnaðarvv. Laugav. 26	125 100
Orion hf. Laugav. 59	85 100
Ós hf. Æsufelli 6	44 500
Óskar Sæmundsson hf. Skólabr. 1 Seltjn.	20 400
Osta- og smjörsalan sf. Snorrabraut	984 000
Pappírsver hf. Hafnastr. 5	610 600
Pétur Filipusson hf. Selási 3	291 000
Pétur Snæland hf. Vesturg. 71	570 500
Plast hf. Tryggvagötu 2	147 000
Plastós hf. Vatnagörðum 6	944 800
Plastpr.—plastpokar hf. Höfðab. 9	1 272 500
Pólar—rafgeymaverksm. Einh. 6	550 400
Pólstjarnan sf. Þverholti 19	813 600
Poul Bernburg—hljóðfv. Vitast. 10	1 148 700
Prentmynd sf. Mjölnisholti 14	72 900
Prentmót hf. Vitastíg 3	69 800
Prentverk hf. Bolholti 6	63 900
Prentþjónustan hf. Mjölnisholti 14	99 500
Radíó-húsið Hverfisg. 40	88 700
Radíóstofa Vilb. &Þóris Laugav. 80	476 800
Radióvst Ól. Jónss. hf. Ránarg. 10	85 400
Rafiðjan hf. Vesturg. 11	987 100
Raflampagerðin sf. Suðurg. 3	52 600
Rafröst hf. Ingólfsstræti 8	66 900
Raftorg hf. Kirkjustr. 8b	448 400
Rafvörur sf. Laugarnv. 52	26 000
Rakarastofa Austurbæjar Laugav. 176	33 000
Randi sf. Laugav. 30	26 500
Ratsjá Laugav. 58	408 700
Rauðhetta sf. Hallveigarst. 1	19 000
Regína Laugav. 32 sef	24 000
Regió hf. Laugav. 56	131 200
Reykjavogur hf. Ósbakka 15	68 300
Remedía hf. Miðstræti 12	201 700
Rétting sf. Skúlag. 59	44 600
Rydens-kaffi Vatnsstíg 3	556 600
Ritur hf. Nesveg 7	18 000
Rúgbrauðsgerðin hf. Borgartúni 6	38 900
Runtal-ofnar hf.	498 400
Röðull sf. veitingahús. Skiph. 19	1 060 900
S. Sigmannsson & Co hf. Langhv. 139	53 100
Samáb. Ísl. á fiskiskipum Lágmúla 9	5 000 000
Sameinaðir verktakar hf. Lækjarg. 12	199 200
Samtrygging ísl. botnvörp. Ingólfsstr. 5	1 733 900
Samvinnutryggingar gt. Ármúla 3	15 416 400
Sandskip hf. (Grjótjötunn)	64 400
Sanitas hf. Köllunarklettsv.	1 118 500
Sápuhúsið hf. Vesturg. 2	111 200
Satúrnus hf. Klettag. 7	586 500
Sedrus sf. Súðarvogi 32	180 500
Segull hf. Nýlendug. 26	349 300
Síðumúli 9 hf.	15 500
Sigm. & Stefán hf. Ljósh. 2	68 200
Sigurvík sf. Írabakka 32	135 200
Sigurþór & Björn—pípulagn.	68 600
Síldar- & fiskimjölsverksm. hf. Hafnarhvoli	2 080 500
Silli og Valdi Austurstr. 17	2 591 500
Sindrastál hf. Hverfisg. 42	6 589 200
Sísí hf. Laugav. 53	145 600
Sjálfsalinn hf. Skólavst. 26	22 200
Sjófang hf. Hólmsgötu 2	549 600
Sjólastöðin hf. Grænuhlíð 22	721 000
Sjóleiðir hf. Skólagerði 5	550 400
Sjónvarpsmiðstöðin sf. Þórsg. 15	91 600
Sjóvá — tryggingafél. Suðurlandsbr. 4	10 659 200
Skeifan hf. Laugav. 59	700 000
Skyndimyndir sf. Suðurlandsbraut	63 900
Skipa- og vélaeftirlitið Tryggvag. 4	44 800
Skjaldbreið hf. Túngötu 51	121 000
Skjólfatagerðin hf. Bolholti 6	922 100
Skóbær sf. Laugav. 49	22 300
Skóver sf. Týsgötu 1	215 400
Skrifstofutækni hf. Hafnarstræti 17	439 200
Skrifvélin hf. Suðurlandsbraut 12	505 400
Skúlagata 30 hf. Bankastræti 11	26 100
Slátrarinn sf. Laugav. 1	45 600
Sláturfél. Suðurlands	20 753 300
Smyrill hf. Ármúla 7	173 400
Snyrtivörubúðin sf. Laugav. 76	228 400
Snæbjörg hf. Bræðraborgarstíg 5	102 100
Sólheimar hf. Laugav. 16	77 700
Solido sf. umb. & heildv. Bolholti 4	764 100
Sólóhúsgögn hf. Kirkjusandi	143 900
Sólveig hf. Laugav. 69	401 400
Spónn hf. Skeifunni 13	130 000
Sporður hf. Hjarðarhaga 47	48 600
Sportval hf. Laugav. 116	1 368 400
Sportver hf. Skúlagötu 51	843 600
Stálsmiðjan hf. Austurbakka Brunnst.	973 300
Stáltæki sf. Síðumúla 27	58 100
Stálver hf. Funahöfða 17	827 200
Stálvinnslan hf. Súðarvogi 44—46	25 800
Stálvirkinn hf. Skeifunni 5	118 900
Standberg hf. Hverfisgötu 76	462 700
STEF Laugav. 40	190 400
Stefán Jóhannsson hf. Safamýri 48	70 900
Steinunn hf. Grænuhlíð 22	32 200
Steypustöðin hf. Sævarhöfða 4	2 372 300
Stekkur hf. Breiðagerði 15	46 400
Stillir hf. Laugav. 168	34 000
Stjörnumjöl hf. Tómasarhaga 49	99 200
Stoð hf. Ármúla 24	65 700
Storkurinn sf. Laugav. 59	92 700
Straumberg hf. Langagerði 120	45 400
Suðurfell hf. Jörvabakka 18	70 000
Sunna ferðaskrifstofa	4 205 200
Svanur hf. Vatnsstíg 11	601 200
Sveinn Egilsson hf. Skeifunni 17	6 843 600
Sveinn Helgason hf. Klettag. 13	478 200
Sverrir Þóroddsson og co. Tryggvag. 10	564 100
Sæbjörg sf. fiskverslun Grandag.	261 500
Sælakaffi sf. Brautarholti 22	262 800
Sælkerinn sf. Austurstræti 12a	777 800
Söbechsverslun hf. Háaleitisbr.	509 400
Sögin hf. Höfðatúni 2	363 300
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna	7 149 500
Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda	1 146 200
Söluturn Langholtsv. 68	91 700
Tandur hf. Lækjarg. 6b	65 200
Technica hf. Frakkast. 12	81 200
Teppagerðin Súðarvogi 4	239 600
Texti hf. Síðumúla 22	164 000
Tékk-kristall hf. Laugav. 15	388 900

Fyrirtæki	Aðstöðugj. kr.
Th. Garðarsson hf. Skipasundi 63 ..	166 300
Tíðni hf. Einholti 2	98 200
Týli hf. Austurstræti 20	164 700
Tindafell hf. Brautarholti 22	65 800
Toyota-umboðið hf. Höfðatúni 2	1 514 900
Tollvörugeymslan hf. Héðinsg.	647 000
Tónabíó Skipholti 33	500 600
Trésmiðjan hf. Brautarholti 30	98 700
Tréval hf. Súðarvogi 28—30	152 100
Tröð hf. Austurstræti 18	41 300
Töflur sf. Álfheimum 68	39 700
Tæknir hf. Vesturg. 45	104 500
Últíma hf. Laugav. 59	329 300
Undraland sf. Álfheimum 74	111 500
Uppsalir hf. Laugav. 26	80 400
Úrval ferðaskrst.	366 800
Útboð og samningar hf. Sóleyjarg. 17	17 800
V. Sigurðsson og Hallgr. Laugav. 15 ..	51 300
V.H. Vilhjálmsson sf. Bergstaðastr. 11b	210 000
Vaggan Laugav. 12a	39 700
Vaka sf. Furugrund 62 Kópav.	30 100
Valdimar Tryggvason hf. Álfheimum 74	30 700
Valhúsgögn Ármúla 4	844 200
Vangur hf. Vesturg. 10a	85 000
Vátrskr. Sigf. Sighvatss. Lækjarg. ..	59 900
Vefnaðarvv. Grundarstíg 2	41 400
Vegamót hf. Laugav. 18	24 200
Veggur hf. c/o Trygging Laugav. 178	18 000
Veitingar hf. Hallarmúla	868 000
Veltir hf. Suðurlandsbraut	5 272 700
Verðandi hf. Hafnarstr. 5	62 700
Verk hf. Laugav. 120	999 400
Verkfæri og heimilistæki Laugav. 15	92 200
Verkpallar hf. Kleppsveg 42	20 100
Verslanasambandið hf. Skipholti 37 ..	815 000
Vesta hf. Laugav. 26	468 600
Vélaröst hf. Súðarvogi 28—30	75 500
Vélvirki hf. Bildshöfða 8	295 500
Víðir hf. Laugaveg 166	1 626 100
Viðtækjavinnust. hf. Auðbr. 63 Kóp	15 600
Vífilfell hf. gosdrykkjavsm.	4 626 200
Vigfús Guðbrss. & co. Vesturg. 4	44 300
Víkingsprent hf. Hverfisgötu 78	236 300
Víkur hf. skipaf. F. Kjeld Hjarðarhaga 17	1 807 200
Víkurfélagið hf. Hringbraut 121	31 000
Vinnufatagerð Íslands hf. Þverholti 17	1 098 100
Vióla sf. Sólheimum 29	51 700
Virkir hf. Höfðabakka 9	984 000
Viva sf. Skólavörðustíg 2	19 700
Vogaver hf. Gnoðarv. 44—46	313 300
Vængir hf. Rvíkurflugvelli	338 500
Völur hf. Síðumúla 21	1 476 300
Völuflutningamiðstöðin Borgart. 21 ..	320 400
Vörumarkaðurinn hf. Ármúla 1a	50 400
Z-húsgögn hf. Grensásv. 50	50 400
Zoëga ferðaskrst. Hafnarstr. 5	208 300
Þingvallaleiðir hf. Drápuhl. 17	145 800
Þórður Sveinsson & co. hf. Haga v. Hofsvg.	540 100
Þórshöll hf. Brautarholti 20	271 000
Þórh. Sigurjónsson heildv. Hraunt. 43 Kóp.	245 600
Þórsver hf. Grandagarði 99	79 600
Þrymur hf. Borgartúni 25	816 800
Þróttur vörubílstjfél	54 200
Þröstur sendibílast.	56 400
Ögurvík hf. Týsgötu 1	471 000
Örkin hf. bókbandsst. Dugguvogi 13	115 600
Ötull sf. Vesturbergi 78	65 100

Ed. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1974, um tollskrá o. fl. (vegna fatlaðs fólks).

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Á eftir 37. lið 3. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o. fl., komi nýr liður, svo hljóðandi, en aðrir liðir merkist skv. því:

Að lækka eða fella niður gjöld að fenginni umsögn tryggingaráðs eða Tryggingastofnunar ríkisins af talstöðvum í bifreiðar fatlaðs fólks sem lamað er eða bæklað til gangs. Eftirgjöf þessi nái einnig til smíðaefnis í slíkar talstöðvar fyrir fatlaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.

Með öðru frumvarpi um breyt. á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, leggja flutningsmenn til að gefin verði eftir starfrækslugjöld af talstöðvum í bifreiðar fólks, sem svo illa er fatlað til gangs að öryggi þess er í hættu ef bíll bilar á vegum úti, eða bifreið festist vegna ófærðar. Landssími Íslands lætur nú smíða miðbylgjustöðvar, sem þykja allgóðar til notkunar í bílum. Kosta stöðvar þessar 380 þúsund krónur og

eru heldur ódýrari en innfluttar stöðvar samsvarandi. Tollur af smíðaefni í stöðvar þessar nemur 35%. Talstöðvar af þessari tegund eru í tollflokki nr. 85-15-32, og er tollur af þeim einnig 35%. Þess má geta að algengt er að útgerðarmenn, sem láta smíða fiskiskip erlendis og búa þau tækjum þar, fái eftirgjöf innflutningstolla af talstöðvum.

Ed. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins að veita fötluðu fólki, lömuðu eða bækluðu til gangs, undanþágu frá greiðslu starfrækslugjalds vegna talstöðva í bifreiðum þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.

Hér er um að ræða mjög svo brýna nauðsyn fyrir fatlaða, að stuðlað verði að því að þeir geti haft talstöð í bíl sínum. Ætlast er til þess af hálfu flutningsmanna, að undanþága þessi nái einungis til fólks, sem svo illa er bæklað til gangs, að það kemst tæpast eða ekki hjálparlaust milli húss og bifreiðar í sæmilegu veðri, en slíkt fólk getur átt líf sitt undir því, ef bíll bilar á vegum úti, festist í ófærð eða lendir út af vegi, að geta þá kallað á hjálp.

Samkvæmt upplýsingum Landssímans er starfrækslugjald talstöðva nú, frá 1. apríl 1976, kr. 10 200.00 auk söluskatts, en að sjálfsögðu yrði hann einnig gefinn eftir. Í gjaldinu felst greiðsla fyrir nánar tilgreindan fjölda samtala.

Í öðru frumvarpi, sem flutningsmenn leggja fram samtímis, er gert ráð fyrir annarri fyrirgreiðslu sem miðar að því að auðvelda fötluðu fólki, sem slíks þarfnast, að komast yfir talstöð í bifreið sína.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

Flm.: Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en það seint að hún náði ekki fram að ganga. Þá fylgdi henni eftirfarandi greinargerð:

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á möguleikum til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts. Fyrstu tildrög þeirra athugana var áhugi á að veita vatni úr Skaftá í Tungná til þess að auka vatnsmagn á Búrfellsvirkjun og væntanlegar

virkjanir í Tungná. Í því skyni var mældur og kortlagður efri hlutinn af vatnasvæði Skaftár, en niðurstöður þeirra mælinga leiddu í ljós, að slík veita kom ekki til greina.

Þegar það lá fyrir var farið að athuga nánar, hvort ekki mætti nýta til virkjunar á annan hátt vatnsmagn Skaftár og Hverfisfljóts, ásamt miklum miðlunarmöguleikum í Langasjó.

Hafa starfsmenn Orkustofnunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sett fram hugmyndir um allt að 300—400 MW virkjun með lágum virkjunarkostnaði miðað við afl. En til þess að hægt sé að gera nákvæmar áætlanir um slíka virkjun þarf að kortleggja það sem eftir er af svæðinu og rannsaka alla þætti málsins miklu betur. Engu að síður er augljóst, að þarna er fyrir hendi einhverjar bestu aðstæður hér á landi til framleiðslu á mikilli og ódýrri orku, ef engir sérstakir annmarkar eru á að nýta þær aðstæður.

Þrátt fyrir efnahagserfiðleika verjum við Íslendingar nú miklu fjármagni til virkjunarframkvæmda til þess að hagnýta þessi gæði landsins og spara innflutning. Og gert er ráð fyrir að halda áfram á þeirri braut. En til þess að fjármagnið nýtist sem best, þurfa, áður en ákvörðun um hverja einstaka framkvæmd er tekin, að liggja fyrir ítarlegar undirbúningsrannsóknir ásamt heildaryfirliti um þá möguleika, sem til greina koma, svo að farin verði hagkvæmasta leiðin hverju sinni.

Enn fremur er nú mjög rætt um samtengingu alls landsins í eitt raforkusvæði og framkvæmdir við það þegar hafnar. En þá er nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvar líklegt er að næsta orkuver verði reist, svo að hægt sé að miða við það.

Það er því tvímælalaust nauðsynlegt, að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar í Skaftá og Hverfisfljóti, þar sem þar getur verið um að ræða stóran þátt í orkuframleiðslu okkar.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur til vegáætlana þannig, að lagt verði bundið slitlag á helstu þjóðvegi landsins, þ. e. hringveginn og helstu vegakafla út frá honum, og stefnt að því að ljúka þessu verkefni á næstu 10—15 árum. Slitlagið verði lagt á vegina eins og þeir nú eru, eftir því sem fært er, þ. e. án sérstakrar endurbyggingar þeirra. Þeir kaflar veganna, sem ekki þykir fært að leggja á slitlag með þessum hætti, skulu endurbyggðir fyrir fjármagn úr Vegasjóði samkvæmt vegaætlun. Unnið skal að framkvæmdum þessum í öllum landshlutum hvert ár eftir því sem áætlun segir. Kostnaður við lagningu slitlagsins greiðist úr Vegasjóði samkvæmt vegáætlun, og með innlendum eða erlendum lántökum, ef þörf krefur, og eftir nánari ákvörðun Alþingis síðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram vilja Alþingis um það, hvernig staðið skuli að framkvæmdum við lagningu slitlags á þjóðvegi næstu árin, svo og til þess að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að fjár verði aflað til þessara framkvæmda þannig að meginverkefninu verði lokið á næstu 10—15 árum.

Á undanförnum áratugum hefur verið unnið mikið afrek í vegagerð með því að leggja akfæra vegi um þvert og endilangt landið. Nú er hins vegar komið að því að slitlag verði lagt á hina fjölförnustu vegi. Undan því verður ekki vikist lengur og liggja til þess margar ástæður.

Í fyrsta lagi verður nær því ómögulegt að halda við malarvegum þannig að sæmandi geti talist, þegar umferðin er orðin svo þung sem raun ber vitni. Vaxandi bifreiðaeign landsmanna fylgir auðvitað aukin umferð og við því þarf að bregðast með raunhæfum hætti, samræmi verður að vera í bifreiðainnflutningi og vegagerð.

Í öðru lagi eru vegir, sem ekki eru með bundnu slitlagi, einhverjir mestu mengunarvaldar úti um sveitir landsins. Meðan umferð var minni fundu menn ekki svo mjög til rykmengunar vegna bifreiðaumferðar. En með hinni vaxandi umferð er þessi mengun orðin óþolandi. Þúsundir tonna af ofaníburði leggjast yfir tún og akra bænda á hverju ári, spilla gróðri og hinu tæra andrúmslofti og hafa sjálfsagt skaðleg áhrif á heilsufar manna og dýra, þótt e. t. v. reynist erfitt að færa sönnur á slíka fullyrðingu.

Í þriðja lagi eru vegaframkvæmdir sem þessar hinar arðbærustu. Þar vegur mest að ending bifreiðanna, sem um vegina fara, margfaldast og hefur þannig í för með sér beinan peningalegan sparnað fyrir eigendur þeirra og fyrir þjóðfélagið í heild. Ekki er það síður þungt á metunum, að viðhaldskostnaður þeirra vega, sem fá bundið slitlag, stórlækkar þrátt fyrir aukna notkun þeirra, en aukin umferð fylgir í kjölfar bættra vega, sem aftur hefur í för með sér auknar tekjur í Vegasjóð.

Í fjórða lagi má svo nefna, að bættir vegir bjóða upp á auðveldari samskipti milli landshluta, til hagsbóta fyrir allt atvinnulíf í landinu og byggðaþróun yfirleitt.

Heildarlengd þeirra vega, sem falla mundu undir þessa tillögu, er um 2 300 km. Með bundnu slitlagi eru nú aðeins um 160 km. Vegagerð ríkisins telur, að vegakaflar, sem lítinn undirbúning þurfi til þess að lagt verði á bundið slitlag, séu um 830 km.

Erfitt er að áætla hver yrði kostnaður við allt verkið, þar sem svo mjög er misjafnt hve mikið þarf að lagfæra þá rúmlega 1 300 km sem lagfæringa þurfa. Það er skoðun flutningsmanna, að leggja megi slitlag á vegi, sem aðeins þarf að jafna en ekki að endurbyggja, fyrir um 5 000 000 kr. hvern km, eða 4 150 050 000 kr. þá 830 km, sem nú teljast nægilega vel byggðir til þess að lagt verði á þá slitlag. Þetta er nánast sama upphæð og Vegasjóður hefur nú yfir að ráða árlega.

Þegar reynt er að áætla kostnað við lagningu bundins slitlags á þá 2 140 km, sem tillaga þessi nær til, og ekki hafa verið lagðir slitlagi, verður að hafa í huga, að ekki er gert ráð fyrir hliðstæðri undirbyggingu og þeirri, sem unnin hefur verið við hina fjölförnu vegi út frá Reykjavík. Með því móti miðar okkur hægt. En hver sem kostnaðurinn verður, komumst við ekki lengur hjá því að setja okkur markmið, sem duga til þess að setja okkur á bekk með þeim þjóðum, sem okkur eru skyldastar og gert hafa sér grein fyrir nauðsyn bættra vega. Hér er lagt til að meginátakið verði gert á 10—15 árum. Það þýðir að slitlag þarf að leggja að jafnaði á um 150—200 km vegakafla árlega. Til þess höfum við tækjabúnað og verkþekkingu í landinu. Fólkið í landinu er eflaust reiðubúið að láta af hendi lánsfé að hluta, lánsfé er hægt að fá erlendis. Verkefnið er ekki stærra en svo að hægt er að framkvæma það. Það, sem vantar, er pólitískur vilji til þess að ráðist verði í framkvæmdir með þeim hætti sem hér er lagt til.

Nd. 41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða 1/3 hluta kostnaðar við bygginguna og kaup

nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að 1/3 hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Úr gildi fellur IV. kafli l. nr. 94/1975, um breyt. á l. vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Greinargerð.

Árið 1973 voru sett lög um dvalarheimili aldraðra, og var þar gert ráð fyrir, að ríkið greiddi þriðjung af kostnaði við byggingu þeirra, tæki og búnað.

Árið 1975 var þetta ákvæði numið úr lögum og átti það að heita liður í skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, að hin síðarnefndu bæru kostnað dvalarheimilanna að fullu.

Þessi skyndilega breyting hefur valdið sveitarfélögum margvíslegum erfiðleikum, enda var hún framkvæmd af nokkurri harðneskju, og sátu sveitarfélög uppi með kostnað, sem þau höfðu stofnað til í góðri trú á hlut ríkisins samkvæmt lögum.

Það eru veigamikil rök í þessu máli, að á höfuðborgarsvæðinu eru reist stór og myndarleg dvalarheimili fyrir happdrættisfé, sem safnað er á öllu landinu í skjóli heimildar í lögum. Önnur sveitarfélög hafa ekki slíka tekjulind til að sinna þessu aðkallandi verkefni, og leggst það á þau með óviðunandi þunga. Er því réttlætismál að taka aftur upp ríkisaðstoð við þessar framkvæmdir eins og var í upphaflegu lögunum.

Sþ. 42. Fyrirspurn [42. mál]

til heilbrigðisráðherra um veitingu lyfsöluleyfa.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvers vegna hefur ráðherra tekið upp geðþóttavinnubrögð við veitingu lyfsöluleyfa og gengið í berhögg við niðurstöður sérfróðra umsagnaraðila fyrstur manna eftir að núgildandi lög voru sett 1963?

Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

e-liður 2. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo: Frá 15. nóvember til 22. janúar: rjúpa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það segja menn sem fylgjast vel með fuglaveiðum að rjúpnaungar hafi fæstir náð fullum vexti þegar á þá hefst skothríð lögum samkvæmt hinn 15. október ár hvert. Flm. frv. hefur sannfærst um að þetta sé svo. Hann heyrir líka á hverju

hausti dæmi þess að ungahópar, sem skríða úr eggjum í nánd við sveitabæi og verða fyrir bragðið hændir að mannfólki, eru enn ekki flognir til fjalla þegar veiðitíminn hefst; í birtingu hinn 15. október kemur maður með byssu og útrýmir þeim í einni svipan.

Hér er því lagt til að rjúpnaskyttum verði uppálagt að hafa hemil á sér einum mánuði lengur en hingað til, rjúpnaveiðin hefjist ekki fyrr en 15. nóvember, en standi svo til 22. janúar í staðinn fyrir 22. desember, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum.

Flm. vill ekki ganga lengra en þetta — í þetta sinn. Hitt virðist honum augljóst, að bráðlega verði talið óhjákvæmilegt að alfriða rjúpuna. Skotfæri verða æ fullkomnari — líka möguleikar manna til að komast á rjúpnaslóðir. Nú fyrir nokkrum dögum fóru skyttur svo þétt um eina heiði að það voru að meðaltali ekki nema nokkrir tugir metra á milli þeirra. Slíkan hernað stenst varla nokkur stofn fugla — jafnvel þó varari væri um sig en rjúpan.

Nd. 44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Flm.: Karvel Pálmason, Jónas Árnason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum, sem hafa innan við 4000 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Einnig skal ríkissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga, sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.

Greinargerð.

Sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barna og unglinga, enda er lágmarkskunnátta í sundíþróttinni gerð að skilyrði við fullnaðarpróf.

Það er öllum til gagns og ánægju að kunna að synda, enda hafa íslendingar löngum verið hreyknir af færni sinni í þeirri íþrótt.

En sundkunnátta er þó sérstaklega mikilvæg við sjávarsíðuna, þar sem sjósókn er helsti atvinnuvegurinn. Það getur einfaldlega ráðið úrslitum um líf og dauða sjómanns, ef óhapp ber að höndum, hvort hann er syndur eða ekki.

Það hefur lengi verið ljóst, að með núgildandi ákvæðum um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu stofnkostnaðar skólahúsnæðis og óbreyttri stefnu í hönnun slíkra mannvirkja, þar á meðal sundlauga, eiga fjölmörg minni sveitarfélög við sjávarsíðuna víðs vegar um landið þess engan kost að koma upp sundlaugum svo að viðunandi sé.

Lítil og fjárvana sveitarfélög geta með engu móti lagt fram 50% af stofnkostnaði slíkra mannvirkja, enda sýna þær upplýsingar sem fyrir liggja að ástand í þessum málum er hið hörmulegasta og fjöldi útgerðarstaða á landinu hefur alls enga aðstöðu til sundkennslu.

Af þeim 64 útgerðarstöðum, sem hafa íbúatölu undir 4000, er aðeins um að ræða 21 stað, sem hefur sundkennsluaðstöðu, 11 sem hafa algerlega ófullnægjandi aðstöðu eða eru með slíka aðstöðu í endurbyggingu eða smíðum. Af þessu er ljóst að aðeins 21 útgerðarstaður af 62 hefur aðstöðu til sundkennslu, 30 útgerðarstaðir hafa enga slíka aðstöðu og ekki sjáanlegt að um breytingu þar á verði að ræða að óbreyttum lögum.

Þó nokkuð sé mismunandi ástand í þessum efnum eftir kjördæmum, þá er áberandi verst ástandið á Vestfjörðum. Þar mundu 13 staðir falla undir ákvæði frv. þessa ef samþ. verður, og af þessum 13 stöðum hafa 8 alls enga sundaðstöðu, 3 staðir eru með ófullnægjandi aðstöðu eða aðstöðu sem er í byggingu, aðeins 2 staðir á Vestfjörðum af 13 hafa því aðstöðu til sundkennslu.

En þó ástand þessara mála sé verst á Vestfjörðum, þá sýna upplýsingarnar á meðfylgjandi fylgiskjali, að úrbóta er víðar þörf.

Þetta frumvarp er flutt til að bæta úr þessu. Það felur í sér, að við byggingu sundlauga í minni sjávarþorpum, þ. e. þeim sem hafa innan við 4000 íbúa, skuli ríkissjóður greiða 75% stofnkostnaðar í stað 50%. Með slíkri breytingu væri þeim sjávarþorpum, sem nú hafa enga möguleika á að eignast sundlaugar, gert kleift að byggja slík mannvirki.

Fylgiskjal

Kjördæmi	Hafa sundaðstöðu	Ófullnægjandi eða í smíðum	Engin aðstaða	Alls
Reykjanes	1	1	4	6
Vesturland	3	2	2	7
Vestfirðir	2	3	8	13
Norðurl. v.	5	0	2	7
Norðurl. e.	6	2	4	12
Austfirðir	4	3	6	13
Suðurland	0	0	4	4
	21	11	30	62

Sþ. 45. Beiðni um skýrslu

heilbrigðisráðherra um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni, Lúðvík Jósepssyni, Ragnari Arnalds, Jónasi Árnasyni, Geir Gunnarssyni, Stefáni Jónssyni, Gils Guðmundssyni, Eðvarð Sigurðssyni, Svövu Jakobsdóttur og Helga F. Seljan.

Óskað er skýrslu heilbrigðisráðherra um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973, sbr. 31. gr. þingskapa. Þegar skýrslan hefur verið prentuð og henni útbýtt meðal þingmanna á fundi er óskað umræðu um hana.

Greinargerð.

Lög um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973 voru mjög merk heildarlöggjöf um skipulag þeirra mála um land allt. Til þess að framkvæma löggjöfina þarf markviss vinnubrögð sem taki mið af margra ára framtíðarþróun. Því segir svo í 35. gr. laganna:

„Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 16. og 26. gr. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina. Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæslu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.“

Flutningsmönnum þessarar beiðni er ekki kunnugt um að núverandi heilbrigðisráðherra hafi látið vinna neitt að áætlun þeirri sem þarna er mælt fyrir um, og framkvæmdaáætlun hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi. Háskalegar tafir hafa orðið á byggingu geðdeildar við Landsspítalann í Reykjavík og fleiri brýnum verkefnum og stjórn ráðherra fremur virst mótast af geðþótta en heildaryfirliti. Því er óskað skýrslu ráðherra um þennan málaflokk, sem ævinlega þarf að vera eitt helsta verkefni stjórnarvalda.

Til forseta sameinaðs Alþingis.

Nd. 46. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

1. málsgr. 50 gr. laganna orðist þannig:
Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í mörgum löndum eru skoðanir mjög skiptar um, hvort rétt sé að hafa í lögum ákvæði um hámarkshraða bifreiða eða aðeins ákvæði um, að akstri bifreiða beri að haga í samræmi við ástand ökutækis og allar aðstæður.

Íslendingar hafa um langt skeið haft í lögum ákvæði um hámarkshraða bifreiða, bæði í þéttbýli og utan þéttbýlis. Í lögum nr. 23/1941 var hann ákveðinn 60 km á klukkustund á vegum utan þéttbýlis, en 30 km á klukkustund í þéttbýli. Með umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958 er hámarkshraðinn aukinn í 70 km á klukkustund utan þéttbýlis, en 45 km á klukkustund í þéttbýli, og standa þau ákvæði óbreytt í gildandi umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm. þessa frv. telur nú tímabært að hækka nokkuð lögleyfðan hámarkshraða bifreiða í þéttbýli, úr 45 km í 50 km, og fjallar efni þessa frv. um það.

Rökstuðningur fyrir þessari breytingu er sá, að síðan hámarkshraði þessi var lögtekinn á árinu 1958 hefur stórfelld framför í gatnagerð í þéttbýli átt sér stað. Breiðir og sléttir vegir hafa leyst hina þröngu og holóttu moldarvegi af hólmi að verulegu leyti. Jafnframt hefur öryggisbúnaður bifreiða batnað mjög á þessum tíma.

Hvort tveggja þetta hefur leitt til þess að ökuhraði bifreiða hefur almennt aukist, og það er á almanna vitorði, að hann er mjög oft meiri en 45 km í þéttbýli.

Að áliti flm. þessa frv. mun breyting sú á lögleyfðum hámarkshraða bifreiða í þéttbýli, sem frv. gerir ráð fyrir, ekki auka slysahættuna í umferðinni. Þvert á móti. Skv. upplýsingum um umferðarslys, sem öllum eru aðgengilegar, má sjá, að ein algengasta ástæða þeirra er framúrakstur bifreiða. Bifreið, sem við góðar aksturs-aðstæður, t. d. á einstefnubraut, ekur mjög hægt og heldur langri röð bifreiða fyrir

aftan sig, er oft miklu meiri hættuvaldur í umferðinni en sú, sem ekur á eðlilegum hraða miðað við aðstæður.

Þrátt fyrir miklar framfarir í gatnagerð í þéttbýli á undanförnum árum finnast þó ennþá götur, sem tæpast leyfa þann hámarkshraða, sem frv. gerir ráð fyrir. Hin almennu ákvæði um hámarkshraða í 49. gr. umferðarlaganna svo og heimild dómsmálaráðherra í 4. málsgr. 50. gr. sömu laga til þess að ákveða lægri hámarkshraða á einstökum vegum ættu að geta tryggt, að skynsamlegar sérreglur gildi um hámarkshraða á þessum vegum.

Í athugasemdum með frv. til umferðarlaga, sem lagt var fram á Alþingi 1957, sem 117. mál, getur nefnd sú, sem frv. undirbjó, þess, að hún hafi aflað sér ýmissa gagna erlendis frá og nefnir þá einkum nefndarálit og tillögur samnorrænar nefndar um umferðarlöggjöf og nýjustu lög og frv. á Norðurlöndum og Þýskalandi um umferðamál. Nefndarmenn urðu enn fremur sammála um að hafa norræna löggjöf sem fyrirmynd að íslenskum umferðarlögum eftir því sem við ætti.

Því er ekki úr vegi að enda þessa greinargerð með upplýsingum um gildandi reglur um lögleyfðan hámarkshraða bifreiða á Norðurlöndum. Hann er þessi skv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið:

1. Danmörk: Hámarkshraði í þéttbýli 60 km/klst.
   — utan þéttbýlis 90—110 km/klst.
2. Svíþjóð: Hámarkshraði í þéttbýli 50 km/klst.
   — utan þéttbýlis 70—110 km/klst.
3. Finnland: Hámarkshraði í þéttbýli 60 km/klst.
   — utan þéttbýlis 80—120 km/klst.
4. Noregur: Hámarkshraði í þéttbýli 50 km/klst.
   — utan þéttbýlis 80 km/klst.

Sþ. 47. Fyrirspurnir. [46. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um Styrktarsjóð vangefinna.

Frá Helga F. Seljan.

Hver eru áform félagsmálaráðuneytisins um framtíðarskipan Styrktarsjóðs vangefinna:
a. varðandi fjáröflun til sjóðsins;
b. yfirstjórn hans með hugsanlegri aðild landssamtakanna Þroskahjálpar;
c. verkefni sem sjóðnum yrðu falin í tengslum við hugsanlega eflingu hans?

II. Til forsætisráðherra um athugun á byggingu og rekstri fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1975 um að ríkisstjórnin láti kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang?

III. Til forsætisráðherra um aðgerðir til úrbóta í atvinnumálum á utanverðu Snæfellsnesi.

Frá Jónasi Árnasyni.

a. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að bæta úr því slæma atvinnuástandi sem nú ríkir á utanverðu Snæfellsnesi, einkum í Ólafsvík?

b. Getur ríkisstjórnin fallist á það í þessu sambandi að heimila togarakaup erlendis frá með hliðstæðri lánafyrirgreiðslu og almennt var veitt á árunum 1972—75?
c. Má ekki vænta þess að ríkisstjórnin greiði fyrir lánveitingum til byggingar verbúða í Rifi, svo að það mikla nauðsynjamál liggi ekki lengur í láginni vegna tregðu lánastofnana?

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um rannsókn á, hvernig best megi vinna verðmæti úr sláturúrgangi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Steinþór Gestsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á því, með hverjum hætti hagkvæmast sé að vinna verðmæti úr sláturúrgangi.

Greinargerð.

Íslendingar eru enn skammt á veg komnir með að nýta verðmæti, sem unnt er að vinna úr sláturúrgangi. Sé borið saman við það sem gerist víða erlendis, kemur í ljós, að við eigum mikið ógert í þessum efnum. Hér er miklum verðmætum kastað með því að nýta ekki sláturúrgang betur en nú er gert.

Mikil verðmæti eru í blóði og innmat sláturgripa, sem ekki er að fullu nýttur. Víða erlendis eru bein sláturdýra möluð og mjölið notað í bætiefnaríkt fóður. Úr hornum, klaufum og hófum eru gerðir ýmsir verðmætir hlutir, sem eru á háu verði á stórmörkuðum víða um lönd.

Ekki skal fullyrt að þessu sinni, hversu miklu fjármagni er á glæ kastað miðað við heildarverðmæti hvers sláturgrips, þegar meðferð á sláturúrgangi er eins og hér gerist. En menn, sem hafa kynnt sér þessi mál erlendis, telja að sláturúrgangur ásamt beinum gæti numið 30—40% af heildarverðmæti sláturdýra, sé unnið úr öllum sláturúrgangi sem nýtilegur er.

Í flestum iðnvæddum löndum hafa orðið miklar framfarir með nýjustu tækni í nýtingu hvers konar efna, bæði lífrænna og ólífrænna. Þykir nú sjálfsagt, þar sem þekking og hagsýni er ráðandi, að nýta sláturúrgang og vinna verðmæt efni úr flestu sem af sláturdýrum fellur. Atvinnulíf á Íslandi er enn fremur fábreytt. Iðnaður hérlendis er ungur að árum. Landið hefur ávallt verið talið snautt af hráefnum til iðnaðarframleiðslu. Atvinnuöryggi er ekki nægilega tryggt fyrir allan almenning. Greiðslugeta atvinnuveganna þarf að vera meiri og afkoman traustari en nú er. Með því að fullnýta framleiðsluna, auka verkþekkingu og vinnuafköst, m. a. með vinnuhagræðingu, gætu tekjur almennings aukist og lífskjörin batnað. Með auknu framleiðsluverðmæti og hagsýni í rekstri fyrirtækja má gera ráð fyrir, að greiðslugetan aukist og hagur atvinnufyrirtækjanna verði traustari. Þetta á ekki aðeins við um nýtingu sláturúrgangs og meðferð sláturafurða, heldur einnig sjávarútveginn og ýmsar aðrar greinar atvinnulífsins.

Íslendingar hafa oftast óhagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd. Útflutningsverðmæti þjóðarbúsins hefur verið árlega miklu minna en það sem inn er flutt. Afleiðing af því er m. a. verðbólga og minnkandi gildi íslenskrar krónu, sem ekki fæst skráð erlendis eins og gjaldmiðill annarra sjálfstæðra þjóða. Viðskiptahallinn er að jafnaði greiddur með erlendum lántökum. Skuldir hafa safnast erlendis, og getur orðið erfitt að standa skil af vöxtum og afborgunum af þeim, nema framleiðslan aukist og útflutningstekjur vaxi. Skilningur virðist nú vera vaxandi hjá stjórnvöldum og þjóðinni fyrir þessum staðreyndum. Gefur það vonir um, að sú stefna megi verða ráðandi í atvinnumálum, sem leiðir til ráðdeildar, aukinnar framleiðslu og vaxandi þjóðartekna. Með því að hafa full umráð yfir fiskimiðunum í kringum landið mun

þjóðin fá mikla möguleika til þess að auka þjóðarframleiðsluna. Sé auk þess að því unnið á vísindalegan og hagfræðilegan hátt að nýta þau verðmæti, sem fyrir eru í landinu, betur en verið hefur, munu öll skilyrði til kjarabóta almenningi til handa batna verulega.

Viðskiptahallinn mun verða minni á þessu ári en nokkur undanfarin ár. Er það vegna þess, að aflabrögð hafa yfirleitt verið góð á árinu, en þó sérstaklega fyrir það, að verð flestra sjávarafurða hefur hækkað verulega. Er gert ráð fyrir, að útflutningsverðmæti aukist á árinu um 12 milljarða kr. þótt aflamagn sé aðeins 1.5% meira en það var árið 1975.

Nauðsyn ber til að gera ýmsar ráðstafanir til þess að sá bati, sem fæst á þessu ári í viðskiptum við útlönd, geti haldið áfram. Drýgsti þátturinn í þeirri viðleitni verður aukin vinnsla framleiðslunnar sem gæti margfaldað verðgildi hennar í mörgum tilfellum. Að því ber að vinna að fá hagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd og traustan þjóðarbúskap í framtíðinni.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um litasjónvarp.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að íslenska sjónvarpið geti hafið reglulegar litaútsendingar, með því að:

1) samþykkja áætlun sjónvarpsins sem kveður á um hvernig að því skuli staðið í áföngum,
2) gefa frjálsan innflutning á litasjónvarpstækjum,
3) ákveða að tolltekjum af innflutningi slíkra tækja skuli varið til endurbóta á tækjum og dreifikerfi sjónvarpsins.

Greinargerð.

Íslenska sjónvarpið átti 10 ára afmæli í september s. l. Af því tilefni beindist athygli manna að aðbúnaði sjónvarpsins, starfsemi þess og þörfum. Í viðtölum við yfirmenn sjónvarpsdeildar kom hvað eftir annað fram, að þeir álitu næsta og brýnasta áfanga í starfi sjónvarpsins vera útsendingar í lit. Það var sú afmælisgjöf sem þeir óskuðu helst eftir af hálfu stjórnvalda og þjóðarinnar.

Útsendingar í lit hafa í raun átt sér stað að takmörkuðu leyti nú í nokkra mánuði, og ljóst er af fréttum af ásókn eftir litasjónvarpstækjum, að almenningur er þess mjög fýsandi að sjá slíkar útsendingar.

En fleiri og veigamikil rök mæla og með að óskum yfirmanna og starfsmanna sjónvarpsins verði léð eyra. Skulu þau nú rakin í stuttu máli:

Fyrir liggur eftir áratugsnotkun að ekki verður lengur hjá því komist að sjónvarpið endurnýi gagngert allan sinn tækjabúnað. Flest sjónvarpstæki landsmanna munu vera 7—8 ára gömul, en það er talinn eðlilegur endingartími. Öll þessi tæki þarf almenningur að endurnýja á næstu mánuðum eða missirum.

Hvað sjónvarpið sjálft snertir reynist æ erfiðara að fá nauðsynlega varahluti, þar sem tæki eru vart framleidd lengur fyrir svart-hvítt sjónvarp. Öll tæknileg framþróun á þessu sviði er á þann veg, að ekki er reiknað með svart-hvítu sjónvarpi, og hefur oftar en einu sinni komið fyrir að sjónvarpið hefur þurft að láta sérsmíða varahluti.

Þá er þess einnig að geta, að sjónvarpsefni er nú í vaxandi mæli gert fyrir litasjónvarp. Nær allt sjónvarpsefni, sem framleitt er á vesturlöndum, er nú fáanlegt í lit, án þess að nokkurt aukagjald komi fyrir. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því, að útflutningur íslensks sjónvarpsefnis verður stöðugt erfiðari þar sem íslenskt efni er gert í svart-hvítu, en það þykir ekki eftirsóknarvert eða sýnan-

legt erlendis. Enginn vafi er þó á því, að íslenskt sjónvarpsefni hefur margoft stuðlað að landkynningu og aukið skilning á vandamálum þjóðarinnar.

Dreifikerfið hér á landi hefur ekki verið fullkomið og enn eru nokkrir staðir á landinu, þar sem ekki sést til sjónvarps. Það er allra mál, að sjónvarpið skuli ná til allra landsmanna og að mjög þurfi að bæta móttökuskilyrði víða um hinar dreifðu byggðir. Vegna fjárhagserfiðleika hefur dreifing og endurbót ekki gengið sem skyldi. Sjónvarpið hefur fengið hluta af aðflutningsgjöldum til uppbyggingar sjónvarpsins. Þessar tekjur voru verulegar fyrstu árin, meðan innflutningur sjónvarpstækja var hvað mestur, en á síðustu tveim- þrem árum hefur innflutningur og þá um leið tekjur sjónvarpsins mjög dregist saman. Er nú svo komið að þessi tekjustofn hrekkur ekki lengur til að standa straum af greiðslum vaxta og afborgana af lánum vegna dreifikerfisins. Um nýjar framkvæmdir er því ekki að ræða meðan svo er.

Yrði litasjónvarp tekið upp, má gera ráð fyrir að nýtt líf færðist í innflutning sjónvarpstækja. Erfitt er að gera sér grein fyrir tækjasölu, en ef miðað er við 2000—2500 tæki á ári, þá gætu tekjur sjónvarpsins af slíkri sölu orðið á bilinu 150—200 millj. kr.

Ríkisstjórnin setti fyrr á þessu ári bann við innflutningi litasjónvarpstækja, en hefur nú leyft takmarkaðan innflutning. Afleiðingin af þessum tálmunum hefur orðið sú, að gerðar eru alvarlegar tilraunir til smygls á sjónvarpstækjum. Tregða ríkisstjórnarinnar á að heimila frjálsan innflutning á sjónvarpstækjum mun stafa af ótta um of mikla gjaldeyriseyðslu.

Innflutningur 2500 tækja mundi þó aðeins kosta um 200 millj. kr. í gjaldeyri. Gjaldeyrissalan fram til 1. ágúst s. l. nam um 60 milljörðum króna, og sést vel af þessum tölum hversu óveruleg upphæð hér er í húfi. Þessu til viðbótar er rétt að benda á, að í skjóli smygls tapast ríkissjóði tekjur af innflutningsgjöldum.

Af því, sem að framan er rakið, mæla tæknileg, dagskrárleg og fjárhagsleg rök eindregið með því, að rétt sé að ráðast strax í endurnýjun á tækjabúnaði sjónvarpsins og að hafnar verði reglulegar litaútsendingar. Sjónvarpið hefur þegar gert áætlun um, hvernig þessu megi hrinda í framkvæmd í áföngum. Sú áætlun hefur verið kynnt fyrir menntamálaráðherra og sýnist skynsamleg í öllum aðalatriðum. Er lagt til að þeirri áætlun verði fylgt að meginefni til.

Ed. 50. Frumvarp til laga [49. mál]

um opinberar fjársafnanir.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

Kæra þarf að hafa borist dómsmálaráðuneytinu innan mánaðar frá því að kærandi fékk vitneskju um niðurstöðu lögreglustjóra.

Eigi frestar málskot leyfissviptingu eða verkun hennar.

VII. KAFLI
Refsingar, eignarupptaka o. fl.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

35. gr.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Skotvopn, skotfæri, skotelda og sprengiefni, sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt er í landinu án heimildar eða finnst vörslulaust eða er í vörslu manns án heimildar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni, sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

Að öðru leyti skal fara um eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

36. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 69 frá 23. júní 1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, svo og 23. gr. og 24. gr. laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Fyrir þann tíma skulu þeir, sem óska eftir framlengingu leyfa, sækja um það til viðkomandi lögreglustjóra. Nú sækir maður eigi um leyfi eða er synjað um það, skal hann þá tafarlaust skila lögreglu þeim skotvopnum og skotfærum, sem hann hefur undir höndum.
   Ef eigi eru skilyrði til eignarupptöku, þá skal fara um sölu sem segir í 32. gr.
2. Öll leyfi til verslunar og innflutnings efna og tækja samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr., sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma, eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir greindra efna og tækja, er hann hefur undir höndum.
3. Öll leyfi, sem gefin hafa verið út til framleiðslu á efnum og tækjum samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr. fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi eigi um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar framleiðslubirgðir.
4. Öll leyfi til manna að mega annast sprengingar, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1979.
5. Dómsmálaráðherra getur framlengt fresti þá, sem greindir eru í bráðabirgðaákvæðum þessum, svo og getur hann sett nánari reglur um aðra framkvæmd ákvæða þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta Alþingi. Varð það ekki útrætt, en allsherjarnefnd efri deildar hafði fjallað um það og lagt fram breytingartillögur, sem samþykktar voru við 2. umræðu í deildinni. Þær breytingar hafa nú verið felldar inn í frumvarpið. Þá var við 3. umræðu í deildinni samþykkt breytingartillaga við 7. gr. frv. Hefur greinin nú verið endurskrifuð til að taka upp meginefni þeirrar breytingar, sem beinist að því að banna innflutning sérstaklega hættulegra tegunda af varningi þeim, sem frv. fjallar um, einkum þó sjálfvirkra skotvopna. Þá hefur verið bætt inn í 35. gr., ákvæði um upptöku tækja og efna brotamanns, annarra en þeirra, sem brot er framið með. Að öðru leyti er frv. efnislega óbreytt frá fyrra frv.
Athugasemdunum hefur verið breytt til samræmis við hin breyttu ákvæði.

Almennar athugasemdir.

Hér á landi voru fyrst sett ákvæði um skráningu skotvopna, svo og ákvæði um innflutning, sölu skotvopna, skotfæra og sprengiefna, með lögum nr. 69 frá 1936. Samkvæmt heimild í lögunum var á sama ári sett reglugerð, er kvað nánar á um framkvæmd laganna.

Lögum þessum hefur ekki verið breytt og aðeins ein smávægileg breyting hefur verið gerð á reglugerðinni á árinu 1966, þegar sett voru ákvæði um svokallaða loftriffla.

Í gildandi lögum er eigi kveðið á um ýmis atriði, sem nauðsynlegt er að skýrar reglur séu um. Ákvæði skortir t. d. um meðferð, geymslu og flutning á sprengiefni.

Þörf er skýrari ákvæða um ýmis atriði varðandi sölu og meðferð skotvopna og skotfæra. Einnig er þörf frekari ákvæða um meðferð, sölu og framleiðslu á skoteldum. Vegna þess, hve gildandi ákvæði um skotvopn, sprengiefni og skotelda eru fábrotin, hafa í framkvæmd mótast mismunandi reglur í hinum einstöku lögsagnarumdæmum, og má þar einkum nefna reglur um skráningu skotvopna. Það er því orðin þörf á að endurskoða gildandi lög og setja skýrari og fyllri reglur um þetta efni. Með þessu frumvarpi er stefnt að því.

Enda þótt frumvarpið sé mun ýtarlegra en ákvæði gildandi laga, er þörf á að setja í reglugerð frekari ákvæði um tiltekin atriði, svo sem flutning og geymslu sprengiefnis og meðferð þess, um sölu og framleiðslu skotelda, svo og um ýmis fleiri atriði.

Haft hefur verið samráð við nokkrar stofnanir og embætti svo sem Öryggiseftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, slökkviliðsstjórann í Reykjavík og lögreglustjórann í Reykjavík og fleiri aðila um samningu einstakra þátta frumvarpsins. Allir þessir aðilar hafa gefið gagnlegar ábendingar.

Við samningu frumvarpsins var höfð til hliðsjónar samsvarandi löggjöf nágrannaþjóða, einkum norskar og danskar reglur. Að meginstefnu til gilda á öllum hinum Norðurlöndunum svipaðar reglur um þetta efni. Í Danmörku eru sérstök lög um vopn, er taka fyrst og fremst til skotvopna og skotfæra. Sérstök lög eru þar um sprengiefni og enn önnur um skotelda. Í Noregi eru lög um skotvopn og skotfæri. Nýlega hafa verið samþykkt í Noregi lög um sprengiefni. Í þeim lögum er fjallað bæði um sprengiefni og skotelda. Í Svíþjóð eru svipaðar reglur að þessu leyti og í Noregi.

Til álita kom, hvort setja ætti ein lög um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda eða hvort rétt væri að hafa sérstök lög um skotvopn og skotfæri og önnur um sprengiefni og skotelda. Tekinn var fyrri kosturinn. Er það í samræmi við gildandi lög. Auk þess er hér um efni að ræða, sem svipaðar reglur hljóta að gilda um, enda enginn verulegur eðlismunur á skotfærum, skoteldum og sprengiefni.

Einnig kom til álita,hvort rétt væri að láta ákvæði frumvarpsins ná til ýmissa sprengjanlegra efna auk venjulegra sprengiefna. Sú stefna var tekin að láta frumvarpið fyrst og fremst taka til eiginlegra sprengiefna, en ekki efna, sem eru sprengjanleg undir vissum kringumstæðum.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um gildissvið laganna. Annar kaflinn fjallar um framleiðslu, innflutning og sölu skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda. Þriðji kaflinn fjallar eingöngu um skotvopn og skotfæri, skráningu skotvopna, meðferð og fleira. Fjórði kaflinn fjallar um sprengiefni, hverjir megi kaupa það, svo og um notkun þess, geymslu og aðra meðferð. Fimmti kaflinn fjallar um skotelda. Sjötti og sjöundi kafli frumvarpsins fjallar um ýmis sameiginleg atriði, er taka til skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, svo sem afturköllun leyfa, áfrýjun til æðra stjórnvalds, refsingar, eignarupptöku og fleira.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Eins og áður er getið um fjallar þessi kafli um gildissvið frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að afmarka gildissvið frumvarpsins er sá kostur tekinn að skilgreina meginhugtök þeirra efna og tækja, er frumvarpið tekur til. Hér er ekki um tæmandi skilgreiningu að ræða, heldur er hún til leiðbeiningar fyrst og fremst. Ráðherra er heimilt að ákveða frekar en um getur í 1. til 4. mgr. hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar.

Hvort tiltekið vopn eða tæki sé skotvopn samkvæmt skilgreiningu 1. mgr., getur verið vafi á. Svokallaðar naglabyssur eru ekki vopn, en teljast vera hættuleg tæki, sem mundu falla undir skilgreiningu 1. mgr.

Svo sem áður er á minnst, merkir sprengiefni í frumvarpinu aðeins venjulegt sprengiefni, en nær ekki til ýmis konar efna, sem eru sprengjanleg undir vissum kringumstæðum svo sem ýmsar eldfimar og sprengifimar gastegundir. Í þessu sambandi er rétt að hafa til hliðsjónar afmörkum hugtakanna sprengiefni og skoteldur í skýringum við Brüssel-tollnafnaskrána, sem gefin er út af tollasamvinnuráðinu í Brüssel, sem Ísland er aðili að. Íslenska tollskráin byggir að öllum stofni til á þessari tollnafnaskrá eins og önnur lönd Vestur-Evrópu. Einnig má benda á skilgreiningu alþjóða siglingamálastofnunarinnar I. M. C. O. á sprengiefni.

Orðið skoteldur kemur fyrst fyrir í lagamáli í lögum nr. 20 frá 1875 um brunamál í Reykjavík. Það kemur einnig fyrir í reglugerð nr. 258 frá 1964 um sölu og meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum. Merking hugtaksins er hér svipuð og danska orðsins fyrværkeri.

Vegna þess að hugtökin skotvopn, skotfæri sprengiefni og skoteldur eru eigi skýrt afmörkuð samkvæmt 1.—4. mgr., geta komið upp mörg takmarkatilvik. Einkum geta verið óljós mörk milli skotelda og sprengiefna.

Venjulegt sprengiefni er í flestum skotfærum og skoteldum. Ákvæði frumvarpsins um sprengiefni skv. IV. kafla frumvarpsins mundi ekki eiga við um þess konar sprengiefni, þegar það er hluti af skotfærum eða skoteldi. Í þeim tilvikum ætti ákvæði frumvarpsins um skotfæri eða skoteld við.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ráðherra að ákveða, að ákvæði frumvarpsins taki til hluta úr efnum og tækjum skv. 1.—4. mgr. Hvort nauðsynlegt þykir að setja slík ákvæði er ekki fyllilega ljóst, en æskilegt er að ráðherra hafi slíka heimild.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. tekur frumvarpið ekki til vopna, tækja og efna, sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Aðeins tæki eða efni, sem eru í eigu ríkissjóðs, þ. e. landhelgisgæslu eða lögreglu, falla utan ákvæða frumvarpsins. Þannig mundu ákvæði frumvarpsins taka til vopna, sem eru í eigu einstakra lögreglumanna.

Í 2. mgr. eru talin upp nokkur tilvik, þar sem dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði frumvarpsins gildi ekki um ákveðin efni og tæki, en honum er jafnframt heimilt að setja um þau sérstakar reglur.

Um naglabyssur gilda sérstakar reglur skv. reglugerð nr. 154 frá 1956, sem sett var samkvæmt heimild í lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Í þessari reglugerð er fjallað um meðferð naglabyssa og sýnist því ekki vera sérstök ástæða til þess að setja frekari reglur um þessi tæki, nema um þau atriði, sem nefnd reglugerð fjallar ekki um, svo sem um innflutning og verslun.

Ekki er þörf á að setja ýtarlegar reglur um skotvopn, skotfæri eða skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf. Ekki er eðlilegt að leggja hömlur við sölu slíkra tækja. Ef setja ætti einhverjar reglur um þessi björgunartæki, þá ættu þær helst að miða að því að koma í veg fyrir, að misnotkun eigi sér stað með þeim hætti, að óviðkomandi aðilar, sem ekki þurfa á slíkum tækjum að halda, geti eignast þau og notað.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið, að lögin taki ekki til hvalveiðibyssa, en geti sett um þær sérstakar reglur.

Einnig er gert ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið, að lögin taki ekki til efna og tækja, sem falla mundu undir lögin samkvæmt skilgreiningu 1.—4. mgr. 1. gr., ef þau valda óverulegri hættu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt getur verið að setja reglur um ýmis önnur vopn en skotvopn eða efni og tæki, sem falla utan ákvæða frumvarpsins skv. skilgreiningu 1.—4. mgr. 1. gr. Það þykir því rétt að veita ráðherra heimild til þess að setja slíkar reglur. Í nágrannalöndunum gilda svipaðar reglur t. d. í Danmörku og Noregi eru lagðar hömlur við almennri sölu hnífa af tiltekinni lengd. Skv. norskum reglum er bannað

að selja barni yngra en 16 ára stungu- eða höggvopn eða hnífa með blaðlengd yfir 25 cm. Skv. dönskum reglum eru lagðar hömlur við sölu beittra hnífa með blaðlengd yfir 12 cm, svo og kasthnífa og ýmissa annarra vopna og hættulegra áhalda, svo sem hnúajárna.

Benda má í þessu sambandi á, að unnt er nú að fá keypta stóra og kraftmikla örvaboga, sem eru hættulegir. Einnig eru á markaði ýmsar gerðir hættulegra hnífa.

Varðandi 2. tl. eru einkum höfð í huga ýmis konar efni og tæki, sem ekki falla undir frumvarpið samkvæmt skilgreiningu 1. gr., en hafa svipaða eiginleika. Nefna mætti óæskilegar tegundir leikfangaskotvopna. Eins er með margs konar efni, sem geta valdið óþægindum, eða jafnvel skaða.

Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með skotvopn, skotfæri, sprengifæri og skotelda.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að verulegu leyti nýmæli.

Í gildandi lögum er eigi að finna bein ákvæði um framleiðslu greindra efna og tækja, að undanskildum ákvæðum í lögum um brunavarnir og brunamál nr. 55 frá 1969, en í 23. gr. laganna er svofellt ákvæði: „Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.“ Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr eldri lögum um brunavarnir og brunamál nr. 37 frá 1948. Þar sem brunavarnir og brunamál heyra undir félagsmálaráðuneytið mun í tilgreindu ákvæði átt við félagsmálaráðherra. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 frá 1969 heyrir eftirlit með innflutningi, framleiðslu, sölu og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengja undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og er því eðlilegt, að fyrrgreind 23. gr. í lögum nr. 55 frá 1969 verði felld niður, enda óþörf, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í landinu eru hvorki skotvopna- né sprengiefnaverksmiðjur starfandi, en hins vegar eru a.m.k. tvær flugeldaverksmiðjur. Þar sem hér er um að ræða framleiðslu á hlutum, sem geta valdið skaða á mönnum og munum, er nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi visst eftirlit með þessari framleiðslu og setji um hana reglur.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Gert er ráð fyrir, að framleiðslan verði í höndum kunnáttumanna. Í frumvarpinu eru ekki markaðar ákveðnar kröfur um kunnáttu eða með hvaða hætti megi prófa hér hæfni manna og þekkingu. Er eðlilegt, að ráðuneytið setji um þetta frekari reglur.

Hér er um að ræða framleiðslu á hættulegum varningi, sem sérstök ástæða er til að setja fyrirmæli um, einkum að því er tekur til samsetningar vörunnar og innihalds. Einnig er nauðsynlegt að tryggja umbúnað á vinnustað sem best, sérstaklega vegna sprengi- og eldhættu. Af þessum sökum er í síðustu málsgrein lögð á það áhersla, að dómsmálaráðherra setji reglur um nefnd atriði.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði þess efnis, að eigi megi flytja til landsins eða versla innanlands með neins konar skotvopn, sprengjur eða skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi dómsmálaráðherra. Á grund-

velli þessa ákvæðis hefur heildsölum og smásölum verið veitt leyfi til innflutnings og sölu skotvopna og skotfæra og annarra nefndra vara. Leyfi þessi hafa að jafnaði verið ótímabundin. Í framkvæmd hefur ekki þurft að sækja um leyfi til ráðuneytisins fyrir hverri og einni vörusendingu. Meira eftirlit hefur þó verið með innflutningi á skoteldum. Hefur lögreglustjóraembættið í Reykjavík fylgst með innflutningi á þess konar vörum, enda ætíð hætta fyrir hendi að inn séu fluttir ýmsir skoteldar, sem óæskilegir mega teljast.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að ekki megi flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema veitt leyfi sé fyrir hverri og einni vörusendingu. Með þessu ætti að vera hægt að hafa eftirlit með innflutningnum og koma í veg fyrir að inn séu fluttar vörur, sem eru óæskilegar eða óleyfilegar samkvæmt settum reglum og fyrirmælum. Dómsmálaráðuneytinu er ætlað að veita þessi leyfi, en þó er jafnframt gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti falið lögreglustjórum leyfisveitingar þessar. Geta má þess, að í flestum nágrannalanda eru sams konar reglur í gildi.

Langmestur hluti umræddra vara er tollafgreiddur í Reykjavík. Rétt er í þessu sambandi að benda á ákvæði í 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, er segir, að fjármálaráðherra sé heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur skuli aðeins tollafgreiða í Reykjavík. Ákvæði þetta gefur möguleika til þess, ef ástæða þykir vera til þess, að ákveða, að skotvopn og aðrar umræddar vörur verði aðeins tollafgreiddar í Reykjavík, en það hefur visst hagræði í för með sér.

Hvorki í gildandi lögum né reglugerðum er að finna reglur, er banna innflutning og notkun tiltekinna skotvopna, sprengiefna eða skotelda. Í síðustu málsgrein er kveðið á um að óheimilt sé að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

Víða erlendis gilda ákveðnar reglur um gæðamat skotvopna, bæði varðandi framleiðslu og innflutning. Hugsanlega kæmi til greina að koma slíku gæðamati á hér. Kæmi þá helst til greina að styðjast við erlendar prófanir, svo sem nú er gert með svokallaðar naglabyssur. Samkvæmt reglum um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssa nr. 154 frá 1956 skulu eigi aðrar gerðir af naglabyssum vera á markaði en þær, sem Öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir. Samkvæmt upplýsingum Öryggiseftirlit ríkisins er hér að verulegu leyti byggt á prófunum erlendra prófstöðva.

Í þessari grein er ekki tekið fram um heimild til handa útlendingum að flytja inn skotvopn. Í undantekningartilvikum getur þó verið ástæða til að veita útlendingum slíka heimild. Með vísun til síðustu málsgreinar hefur ráðherra heimild til þess að setja reglur um þetta efni.

Um 8. gr.

Eðlilegt þykir að setja ákvæði um útflutning, enda þótt hér sé að svo stöddu eigi um raunhæft atriði að ræða nema í þeim tilfellum, þegar eigendur skotvopna flytja með sér skotvopn við brottför frá landinu.

Um 9. gr.

Hér er um sams konar leyfi að ræða og nú tíðkast þ. e. almenn leyfi til innflutnings og verslunar.

Ákvæði 2. mgr. er að því leyti nýmæli, að gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra eða lögreglustjórar veiti leyfi til sölu skotelda í smásölu í stað slökkviliðsstjóra eða brunamálanefndar, eins og nú er. Svo sem áður er á minnst, er lagt til, að öll mál varðandi meðferð skotelda heyri undir lögreglustjóra landsins og dómsmálaráðuneytið.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru tilgreind nokkur skilyrði fyrir leyfum samkvæmt 9. gr. Eru þau flest nýmæli, enda þótt í sumum tilvikum hafi í framkvæmd verið reynt að fylgja svipuðum reglum.

Í 1. og 2. mgr. er það skilyrði sett, að leyfishafi þurfi að hafa sérþekkingu á þeim vörum, er hann fær leyfi til að selja. Innihald þessa ákvæðis fer að sjálfsögðu eftir því, hvaða þekkingarkröfur gerðar kunna að vera.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við tíðkanlega venju. Ýmis félagssamtök, einkum skátafélög, íþróttafélög og björgunarfélög, hafa fengið heimild til þess að selja flugelda um áramót.

Í 4. mgr. eru gerðar strangari kröfur til verslunarhúsnæðis, þar sem sala á skotvopnum og öðrum umgetnum vörum fer fram. Hér er ráðherra heimilað að setja reglur um búnað slíks verslunarhúsnæðis og um vörslu umgetinna vara.

Vegna þeirrar brunahættu, sem af sprengiefni og skoteldum stafar, er skylt samkvæmt 5. mgr. að leita álits brunamálayfirvalda áður en söluleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. mgr. er fyrir mælt, að leyfi samkvæmt 9. gr. skuli gilda um ákveðinn tíma. Auðveldar það að fylgjast með því, að leyfishafi fullnægi á hverjum tíma settum skilyrðum.

Um 11. gr.

Auka þarf eftirlit með því, að verslanir fylgi settum reglum og eiga ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að stuðla að því.

Ákvæði 2. mgr. gefur lögreglustjóra heimild til þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar og sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar, án dómsúrskurðar.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar leggja ótvíræða skyldu á verslunareigendur að afhenda eigi þessar vörur nema kaupendur leggi fram skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa þær. Ef út af því er brugðið, gætu seljendur bakað sér refsiábyrgð og ættu á hættu, að söluleyfið yrði afturkallað.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast eigi skýringa.

Um III. kafla.

Þessi kafli laganna fjallar um meðferð skotvopna og skotfæra og heimild manna til þess að eiga og nota þau.

Skráning skotvopna hófst hér á landi á árinu 1936. Þá voru sett lög um meðferð skotvopna, innflutning og sölu þeirra. Ekki hefur verið fullkannað, hve mörg skotvopn eru nú skráð í landinu. Eftir upplýsingum frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík hafa tæplega 7 þúsund skotvopnaleyfi verið gefin út í Reykjavík frá því að byrjað var að skrá skotvopn. Þessi tala segir að vísu ekki til um raunverulegan fjölda skotvopna. Veldur því einkum, að stundum eru fleiri en eitt skotvopn skráð í sama skotvopnaleyfi, ef sami maður á fleiri en eitt skotvopn. Á móti kemur, að í greindri tölu eru skotvopn, sem orðin eru ónýt og skotvopn brottfluttra manna úr umdæminu og einnig er í sumum tilfellum sama skotvopn skráð oftar en einu sinni, ef það hefur gengið kaupum og sölum. Hjá bæjarfógetaembættinu á Akureyri fengust þær upplýsingar, að síðan 1968 hafa öll skotvopn verið endurskráð og hafa síðan þá verið endurskráð og nýskráð um 1 þúsund skotvopn. Bæjarfógeti telur, að eitthvað sé ennþá af óskráðum skotvopnum í umdæminu, sem ekki hefur verið komið með til endurskráningar. Hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi fengust þær upplýsingar, að rúmlega 600 skotvopnaleyfi hafi verið

gefin þar út frá því að embættið var stofnað á árinu 1955. Svo sem áður var sagt, gefa þessar tölur ekki rétta hugmynd um fjölda skotvopna. Ekki þótti vera sérstök ástæða til þess að kanna ýtarlega skotvopnafjölda í landinu. Miðað við fengnar upplýsingar er ekki ólíklegt, að um 15 til 16 þúsund skotvopn séu nú til í landinu. Flest þessi skotvopn eru haglabyssur og rifflar. Örfáar skammbyssur hafa verið skráðar.

Á árinu 1968 var gerð gangskör að því að hafa uppi á skotvopnum, sem menn áttu, en höfðu ekki fengið leyfi fyrir. Var mönnum gefinn kostur á að skila til lögreglu óskráðum vopnum eða fá þau skráð fyrir ákveðinn tíma, enda yrði ekki komið fram refsiábyrgð á hendur þeim, ef þeir sinntu áskoruninni. Þessar aðgerðir leiddu til þess, að milli 200 og 300 skammbyssum var skilað. Telja verður, að mjög fáar skammbyssur séu til í landinu. Gildandi reglur um skotvopn eru fremur fábrotnar. Þeim til fyllingar hafa mótast reglur eða venjur, sem ekki eru eins um allt land. Má þar til nefna, að í sumum umdæmum er það gert að skilyrði, að leyfishafi sé orðinn 20 ára. Annars staðar viðgengst, að yngri menn fái skotvopn, jafnvel allt niður í 16 ára aldur. Þó mun hafa á síðari árum orðið breyting í þá átt, að víðast hvar er nú miðað við 20 ára aldur.

Svo sem áður er minnst, hafa reglur nágrannaþjóða verið hafðar til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps. Verður hér nú vikið að helstu reglum, sem gilda um skotvopn á Norðurlöndum, þ. e. hverjir megi eða geti fengið skotvopn til eignar og nota.

Í **Noregi** gilda þær reglur, að sá sem vill eignast skotvopn, þarf að sýna fram á, að hann hafi þörf fyrir það. Hann þarf að vera reglusamur og heiðarlegur, vera orðinn 16 ára hið minnsta, í sumum tilvikum 18 ára, og allt upp í 21 árs, þegar um hættulegri vopn er að ræða (revolver og skammbyssur). Enginn getur átt nema eitt skotvopn af hverri gerð nema hann geri sérstaklega grein fyrir þörf til að eiga fleiri. Ópersónulegur aðili getur eignast skotvopn, svo sem skotfélög og ýmsar stofnanir, sem hafa þörf fyrir það. Byssusöfn eru leyfð með leyfi ráðuneytisins.

Í **Danmörku** gilda þær reglur, að aðeins geti þeir fengið leyfi, sem sýni fram á sanngjarna ástæðu til þess að eiga skotvopn. Það eru nokkur tilvik tilgreind, þar sem eðlilegt þykir að veita leyfi, t. d. til meðlima skotfélaga í ákveðnum tilvikum eða meðlima veiðifélaga, til einstaklinga, sem sannanlega hafa not fyrir skotvopn til þess að fella veiðidýr, eða annarra, sem stunda veiðar, til ýmissa opinberra stofnana, sem þurfa á skotvopnum að halda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að einungis í sérstökum tilvikum sé veitt leyfi fyrir skotvopni, samkvæmt dönskum reglum. Aðalreglan virðist vera sú, að menn þurfi að vera orðnir 18 ára til þess að geta fengið venjuleg skotvopn og 21 árs til þess að fá hættulegri skotvopn, t. d. skammbyssur og sjálfvirk vopn. Í undantekningartilvikum getur þó maður allt niður í 16 ára fengið slík leyfi fyrir ákveðnum tegundum skotvopna.

Í **Svíþjóð** gilda þær reglur, að leyfishafi þarf að hafa þörf fyrir skotvopnið. Skammbyssur eru leyfðar, en mun strangari kröfur eru gerðar til þeirra, sem fá slík leyfi. Aldursmarkið er yfirleitt 18 ár, en 21 árs fyrir skammbyssum. Menn þurfa að vera ábyggilegir og heiðarlegir til að geta fengið leyfi fyrir skotvopni.

Í **Finnlandi** gilda þær reglur, að sá einstaklingur, sem er ábyggilegur og reglusamur, getur fengið leyfi fyrir venjulegu skotvopni. Aldursmörk eru þar 15 til 18 ár, en upp í 21 ár, ef um skammbyssur er að ræða. Heimilt er að ákveða, að skotvopnaleyfi skuli gilda um ákveðinn tíma.

Um 14. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar er að verulegu leyti í samræmi við núgildandi lög, enda þótt hér sé nánar tekið fram um ýmis atriði. Í mgr. er kveðið skýrt á um, að aðeins geti menn fengið leyfi hjá þeim lögreglustjóra í því umdæmi, sem menn eiga skráð lögheimili. Samkvæmt þessu geta útlendingar ekki fengið skotvopnaleyfi, sem hér dveljast, hafi þeir ekki lögheimili hérlendis. Í 1. mgr. segir, að

hver, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, þurfi að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Þetta þýðir, að hvers konar eigendaskipti eru óheimil án leyfis lögreglustjóra, hvort sem eignarréttur yfirfærist við sölu, gjöf, við erfð eða á annan hátt. 2. mgr. er í samræmi við núverandi framkvæmd.

3. mgr. gerir ráð fyrir, að öll leyfi verði gefin út til ákveðins tíma og ekki til lengri tíma en 10 ára í senn. Svipuð ákvæði um tímabundin leyfi gilda, t.d. í Bretlandi. Ákvæði þetta ætti að stuðla að virkara eftirliti með skráningu skotvopna. Einnig ætti þetta að verða til þess, að auðveldara væri en ella að fylgjast með því, að leyfishafar uppfylltu hverju sinni nauðsynleg skilyrði.

Um 15. gr.

Samkvæmt reglugerð nr. 105 frá 1936 segir, að það skuli vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að eiga eða hafa í vörslum sínum skotvopn, er sanni, að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Ákvæði 1. mgr. er nokkuð í samræmi við gildandi ákvæði.

Að öðru leyti er ákvæði 15. gr. að verulegu leyti nýmæli. Auk ákvæða 1. mgr. þurfa þeir, sem eignast vilja skotvopn að uppfylla ákveðin skilyrði, sem tilgreind eru í 2. mgr. Samkvæmt 1. tölulið geta aðeins þeir, sem eru 20 ára og eldri, fengið leyfi fyrir skotvopni. Í gildandi lögum er eigi tilgreindur lágmarksaldur, en ákvæði 1. töluliðar er í samræmi við þá að venju, sem hefur skapast víðast hvar á landinu. Í sumum lögsagnarumdæmum hefur þó tíðkast, að yngri menn en 20 ára fái leyfi fyrir skotvopni. Nauðsynlegt er að sömu reglur gildi um allt land.

Ákvæði 2. töluliðar er nýmæli, enda þótt reynt hafi verið að fylgja svipuðum reglum í framkvæmd. Lögreglustjóra er heimilt samkvæmt 3. mgr. að veita þeim leyfi fyrir skotvopni, sem hafa brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið síðan brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á, að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn. Þeir, sem gerst hafa sekir um líkamsárás eða önnur ofbeldisverk eða hafa ítrekað gerst brotlegir við áfengislög, ættu að jafnaði ekki að fá skotvopnaleyfi.

Í 3. tölulið er það skilyrði sett, að umsækjandi verði að sýna nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn. Hér er fyrst og fremst átt við, að viðkomandi hafi nægilega þekkingu á vopninu sjálfu, hættueiginleikum þess og kunni með það að fara og hafi jafnframt þekkingu á þeim ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að meðferð skotvopna svo og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun

Í síðustu málsgrein er tekið fram, að dómsmálaráðherra geti veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Einnig er getið um í síðustu málsgrein, að dómsmálaráðherra geti sett frekari skilyrði en um getur í 1. og 2. mgr., þar á meðal geti hann sett sérstakar reglur varðandi vopn, sem teljast vera sérstaklega hættuleg. Ekki er alls staðar sams konar mat á því hvaða vopn teljast vera hættuleg. Víðast hvar á Norðurlöndum eru strangari reglur settar um skammbyssur og sjálfvirk vopn. Í Bretlandi eru reglur, sem flokka vopn í 4 meginflokka eftir gerð og hættueiginleikum.

Um 16. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að einungis einstaklingar geti fengið leyfi fyrir skotvopni. Í vissum tilvikum getur þurft að víkja frá þessari reglu, t. d. varðandi ýmsar stofnanir, sem þurfa að eiga skotvopn, svo sem sláturhús, Náttúrufræðistofnun Íslands, veiðimálastjóri og e. t. v. ýmsir fleiri aðilar.

Um 17. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um, að lögreglustjórar skuli halda skrá yfir þá menn, er fá skotvopnaleyfi.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er eigendum skotvopna óheimilt að afhenda til eignar skotvopn nema kaupandi eða viðtakandi hafi leyfi til þess að eignast það. Það gæti bakað eiganda skotvopns refsiábyrgðar, ef hann afhenti manni, sem ekki hefði skotvopnaleyfi, skotvopn til eignar.

Í 2. mgr. er það tekið fram, að eiganda sé óheimilt að lána skotvopn til afnota nema í sérstökum undantekningartilfellum. Jafnframt er dómsmálaráðherra heimilað að setja reglur um, að eiganda sé heimilt að lána skotvopn eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

1. mgr. skoðast sem almenn fyrirmæli um að gæta ýtrustu varkárni við meðferð skotvopna. Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Í 3. mgr. eru nánar tilgreind þau tilvik, þar sem bannað er að nota skotvopn. Í mörgum lögreglusamþykktum eru svipuð ákvæði, þar sem meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð. Eðlilegt er, að í löggjöf um skotvopn sé ákvæði um þetta efni. Hér á við almenn lagatúlkun á hugtakinu almannafæri. Utan almannafæris er einnig bannað að skjóta, ef slíkt getur valdið hættu. Eigi er nánar farið út í, hversu mikil eða hvers kyns slík hætta þurfi að vera fyrir hendi, til þess að verknaðurinn sé refsiverður samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Í undantekningartilvikum getur verið þörf á að nota skotvopn á almannafæri, t. d. við aflífun dýra, enda mundi slíkur verknaður ekki vera refsiverður samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Verknaður samkvæmt 3. mgr. getur verið þess eðlis, að 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga eigi við.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 40. gr. laga nr. 33 frá 1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, þar sem segir, að eigi megi maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Brot samkvæmt 4. mgr. er þess eðlis, að eðlilegt er, að mál sé því aðeins höfðað, að sá krefjist, sem misgert er við.

Um 21. gr.

Í flestum nágrannalöndum þarf leyfi lögreglustjóra til að mega kaupa skotfæri. Hér á landi hefur ekki þurft sérstök leyfi til þess að kaupa skotfæri. Nauðsynlegt er þó að setja strangari ákvæði en nú gilda um sölu skotfæra. Það mætti auka eftirlit með sölu þeirra með því að gera verslunum skylt að halda söluskrá. Einnig mætti hugsa sér að leyfi þurfi til þess að kaupa skotfæri, sem eru sérstaklega hættuleg. Ekki þótti rétt að setja frekari ákvæði um þetta í frumvarpið, en ráðherra er veitt heimild til þess að setja frekari reglur um sölu skotfæra.

Um 22. gr.

Lögð er skylda á eigendur eða löglega umráðahafa skotfæra og skotvopna að gæta þeirra, svo að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Um 23. gr.

Í Reykjavík er starfandi skotfélag og á einstaka stöðum utan Reykjavíkur einnig. Þar sem skotfélög starfa hafa þau komið upp aðstöðu, þar sem meðlimum er gefinn kostur á að æfa skotfimi. Nauðsynlegt er, að viðkomandi lögreglustjóri hafi eftirlit með slíkum skotsvæðum.

Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um sprengiefni, um sölu þess til þeirra, sem þurfa að nota það og um meðferð þess. Í gildandi lögum eru ófullnægjandi reglur um þetta efni. Í lögum nr. 69 frá 1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum og alls konar sprengjum og hlutum og efnum í þau, er fjallað um innflutning og sölu sprengiefnis. Í lögum nr. 55 frá 1969 um brunavarnir og brunamál í 23. og 24. gr. er fjallað um sprengiefni, svo sem áður hefur verið á minnst. Allar þessar reglur eru ófullkomnar og er því þörf á, að úr verði bætt. Enda þótt ákvæði þessa kafla séu ýtarlegri en þau lög, sem nú eru í gildi um þetta efni, er þörf á setningu reglugerðar, þar sem kveðið er á um geymslu, flutning og meðferð sprengiefnis.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að verulegu leyti nýmæli. Hingað til hefur ekki þurft leyfi til þess að mega kaupa sprengiefni. Samkvæmt 4. mgr. skulu eigendur sprengiefnis ábyrgjast vörslu þess og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess. Í 6. mgr. segir, að þeim, sem fengið hefur leyfi til þess að kaupa og eiga sprengiefni, sé óheimilt að afhenda það öðrum nema til komi leyfi lögreglustjóra.

Um 26. gr.

Samkvæmt þeim reglum, sem nú eru í gildi, veita lögreglustjórar einstaklingum, sem til þess eru hæfir, leyfi til þess að fara með og annast sprengingar. Venjulega taka umræddd leyfi til sprenginga innan ákveðins lögsagnarumdæmis. Til þessa hafa engar sérstakar þekkingarkröfur verið gerðar til þeirra, sem annast slíkar sprengingar og fá nefnd leyfi. Í einstaka tilvikum hafa innflytjendur sprengiefna haldið námskeið fyrir þá, sem annast sprengingar. Í nágrannalöndum, s. s. Noregi, er sérstök stofnun, sem annast þessi mál, svo og önnur, er varða sprengiefni. Hér á landi er engin slík stofnun til. Í 2. mgr. er svo fyrir mælt, að aðeins skuli þeir fá leyfi skv. 1. mgr., sem að mati Öryggiseftirlits ríkisins hafa næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni. Enda þótt á verksviði Öryggiseftirlitsi ríkisins sé ekki þetta verkefni, þá þótti heppilegt að fela því að annast þetta. Um þetta yrði að setja nánari reglur í reglugerð.

Um 27. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði um geymslu sprengiefnis. Skv. 1. mgr. skal aðeins geyma sprengiefni í sérstökum sprengiefnageymslum, þó með þeirri undantekningu, sem segir í 2. mgr., að heimilt sé að geyma sprengiefni í litlum mæli vegna notkunar annars staðar, enda sé það þá geymt í sérstökum hirslum eða kössum.

Gerð hefur verið könnun á geymsluaðstöðu sprengiefna hér á landi. Hefur komið í ljós, að mjög skortir á að geymsluaðstaða sé fullnægjandi. Einungis er nú til ein sprengiefnageymsla á landinu, sem getur talist viðunandi. Geymslu þessa byggðu ríkið og Reykjavíkurborg á árunum 1968—9. Við gerð hennar var farið nær fyrst og fremst eftir norskum reglum. Notendur geymslunnar eru, auk Reykjavíkurborgar, nokkrir aðilar ríkisins, s. s. Vegagerðin, Landhelgisgæslan, Póstur og sími, rafmagnsveiturnar og fleiri aðilar, svo og innflytjendur. Ekki mun vera föst vakt í geymslunni, en mannheld girðing er þó í kring. Það hefur verið bent á,að koma þyrfti upp birgðastöðvum víðar um landið. Auk þess væri nauðsynlegt að skapa aðstöðu til þess að geyma sprengiefni víðar. Það er því nauðsynlegt að setja skýrar regur um geymslu sprengiefnis og allan búnað sprengiefnageymsla, svo að unnt sé að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er kveðið á um, að ráðherra skuli setja ákvæði í reglugerð um flutning og meðferð sprengiefnis. Reglur skortir hér á landi um flutning sprengiefnis. Varðandi flutning með skipum milli landa hafa skipsfélögin farið eftir alþjóðlegum reglum um þetta efni, sem alþjóða siglingamálastofnunin

I.M.C.O. hefur sett. Geta má ákvæða í brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík í 147. gr., en þar eru ákvæði um flutning á sprengiefni. Reglur þessar eru alls ófullnægjandi.

Um 28. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Eins og að framan getur, eru mjög fábrotnar reglur í gildi um skotelda.

Vegna þeirrar hættu, er af skotelddum getur stafað, er nauðsynlegt að setja reglur um meðferð þeirra. Á hverju ári slasast fólk af völdum skotelda, einkum er það um áramót, þegar notkun þeirra er mest. Samkvæmt upplýsingum hjá yfirlækni Slysavarðstofunnar í Reykjavík eru um 10 slysatilvik á ári vegna sprenginga, og þá fyrst og fremst af völdum skotelda. Fyrir nokkrum árum síðan var slysatíðni miklu meiri en nú er. Að líkindum mun fækkun slysa stafa fyrst og fremst af því, að um nokkurt skeið hefur notkun svokallaðra kínverja verið bönnuð, og strangara eftirlit hefur verið haft með innflutningi og sölu skotelda.

Um 29. gr.

Hér er tekið fram, að ekki megi selja yngri mönnum en 16 ára skotelda. Hér er þó ráðherra veitt heimild til þess að ákveða, að yngri menn megi kaupa skotelda, ef um er að ræða hættuminni skotelda. Svipaðar reglur eru í gildi í nágrannalöndum. Í Danmörku er þó í sumum tilvikum miðað við hærri aldursmörk.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um, að ætíð skuli gæta varúðar við meðferð skotelda. Í 2. mgr. er ákvæði um, að dómsmálaráðherra skuli setja reglur um sölu og meðferð skotelda. Nú er í gildi reglugerð um þetta efni, er sett var á árinu 1964 með heimild í þágildandi lögum um brunavarnir og brunamál.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um afturköllun leyfa, málskot til æðra stjórnvalds um sölu á varningi, sem skilað er til lögreglu án þess að um eignaupptöku sé að ræða.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp nokkur tilvik, þar sem leyfisveitandi getur svipt leyfishafa leyfi. Í gildi eru ákvæði um heimild leyfisveitanda til þess að afturkalla slík leyfi og er þar jafnframt ákvæði um, að lögreglustjóra sé heimilt að afturkalla leyfi án þess að hann þurfi að færa fyrir því ástæður. Enda þótt slíkt ákvæði þyki nokkuð strangt, þótti rétt að halda því með breyttu orðalagi, þ.e. ef sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því ástæður.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá þeirri reglu, að leyfisveitandi taki ákvörðun um leyfissviptingu. Þar er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem leyfishafi á lögheimili, taki ákvörðun um sviptingu skotvopnaleyfa og leyfa til þeirra, er mega annast sprengingar. Rétt þykir að ákveða, að aðeins einn lögreglustjóri geti tekið ákvörðun um leyfissviptingu hverju sinni.

Í síðustu málsgrein er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti, án þess að máli hafi verið skotið til hans, fyrirskipað að afturkalla leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

Um 32. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er nýmæli.

Leyfissvipting og eignarupptaka þarf eigi að fara saman. Ástæða getur verið til að svipta mann leyfi til þess að eiga skotvopn, þótt ekki sé fyrir hendi heimild til eignarupptöku. Ákvæði 2. mgr. segir fyrir um, hvernig fara skuli með sölu á slíkum varningi, þegar þannig stendur á.

Skotvopn getur verið það lélegt, að ekki sé talið forsvaranlegt að selja það, og verður þá eigandi að sæta því að fá ekki neitt fyrir það. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir, að skotvopnið sé eyðilagt eða gert óvirkt.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við gildandi ákvæði í reglugerð að öðru leyti en því, að kærufrestur er tiltekinn einn mánuður.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar um refsingar og eignaupptöku.

Um 34. gr.

Brot geta varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Ákvæði nágrannaþjóða er nokkuð mismunandi hvað refsingu snertir.

Í Noregi varða brot gegn samsvarandi lögum refsingu allt að 3 mánaða fangelsi, samkvæmt dönskum og sænskum lögum allt að 2 ára fangelsi, en samkvæmt finnskum lögum allt að 6 mánaða fangelsi.

Um 35. gr.

Lagt er til grundvallar ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga, en auk þess eru tilgreind í 1. og 2. mgr. nokkur tilvik, þar sem gera má upptækan varning. Ákvæði 1. mgr. er að mestu í samræmi við gildandi ákvæði, en ákvæði 2. mgr. er nýmæli.

Um 36. gr.

Hér er almenn heimild fyrir dómsmálaráðherra að setja ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Víða er einnig í frumvarpinu vikið að heimild fyrir ráðherra að setja reglur um tiltekin atriði.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir, að felld verði úr gildi eftirtalin leyfi: Skotvopnaleyfi, leyfi til verslunar og innflutnings, framleiðsluleyfi og leyfi til manna að annast sprengingar. Mönnum er gefinn kostur á að endurnýja leyfi þessi. Upp geta komið ýmis atriði, er leysa þarf úr, þegar að framkvæmd bráðarbirgðaákvæða þessara kemur, og er því nauðsynlegt fyrir ráðherra að hafa hér ótvíræða heimild til þess að setja reglur um framkvæmd ákvæðanna.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu.

Flm.: Jón Helgason, Halldór Ásgrímsson, Ingi Tryggvason, Ásgeir Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Guðrún Benediktsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera áætlun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, bæði stofn- og dreifilínur. Áætlunin verði miðuð við það, að á næstu 4—6 árum verði byggt upp fullnægjandi línukerfi, svo að hægt verði að anna eftirspurn eftir raforku til iðnaðar, húshitunar og annarra nota með nægjanlegu öryggi fyrir notendur um allt land.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hefur verið unnið að rafvæðingu landsins frá samveitum og við framkvæmd þess verks það sjónarmið fyrst og fremst haft í huga að raforkan komist sem fyrst til allra landsmanna. Nú er þetta markmið að nást, og við þær aðstæður, sem hér hafa verið, munu flestir sammála um að þessi stefna var rétt.

En það leiddi hins vegar til þess, að reynt var að teygja línukerfið sem lengst með sem minnstum tilkostnaði, enda þótt afleiðingin yrði að styrkleiki þess og öryggi fyrir notendur yrði í lágmarki.

Það er því augljóst, að um leið og nú er tekinn lokaspretturinn við að koma rafmagninu til allra landsmanna, þá verði nú þegar að gera áætlun um endurbyggingu línukerfisins á sem allra skemmstum tíma og framkvæmdir við það hafnar þegar á næsta ári.

Ástæður þess eru augljósar. Margföldun olíuverðs á síðustu árum á tvímælalaust mestan þátt í hinni ört vaxandi eftirspurn eftir raforku, sérstaklega til upphitunar húsa. Þrátt fyrir miklu meiri möguleika á notkun jarðhita til upphitunar en fram að þessu hefur verið talið koma til greina, þá er augljóst að nokkur hluti þjóðarinnar getur ekki notað hann, annaðhvort vegna strjálbýlis eða of mikillar fjarlægðar frá jarðhitasvæðum. Þar sem þannig hagar til er nauðsynlegt að næg raforka verði fyrir hendi. Og áríðandi er að athuga á hvern hátt er hagkvæmast að nýta raforkuna til upphitunarinnar, og hlýtur slík athugun að vera einn liður í þeirri áætlun, sem þessi þáltill. kveður á um að verði gerð.

Samhliða þessari auknu raforkunotkun leiddi hækkun olíuverðsins til þess, að rekstur dísilknúinna rafstöðva varð ákaflega óhagkvæmur. En slíkar stöðvar voru víða reistar þegar önnur raforka var ekki fyrir hendi.

En hið veika raflínukerfi, bæði aðallínur og dreifikerfi, hefur víða enga möguleika til að anna þessari eftirspurn, svo að nú hefur sums staðar skapast vandræðaástand þar sem ekki er unnt að sinna brýnni þörf. **Þar sem svo er ástatt, þola úrbætur enga bið.**

En jafnframt áætlun um að auka flutningsgetu línukerfisins, þarf að styrkja það og gera það öruggara, m. a. með því að hringtengja það sem víðast, svo að orkan komi úr tveimur áttum og ekki saki þótt lína rofni á einum stað. Enn fremur þurfa línurnar að verða 3-fasa, þar sem það er t. d. undirstaða iðnaðar og hagnýtingar nútímatækni í landbúnaði.

Eins og fyrr segir er raforkuskortur víða að verða svo mikill að tafarlausar aðgerðir eru óhjákvæmilegar. En nauðsynlegt er að það verði unnið skipulega að því og það markmið haft í huga þegar í upphafi, að rafmagnsmálunum verði komið í viðunandi horf um allt land á næstu árum.

Sérstaklega er ástæða til að benda á þetta nú, þar sem horfur eru á, að þegar á næsta ári verði næg raforka til í landinu, og því augljóst að næsta skrefið hlýtur

að vera að gera stórt átak í dreifingu hennar. Og miðað við þær fjárhæðir, sem varið hefur verið til byggingar orkuveranna, ætti það ekki að verða óviðráðanlegt verkefni, enda forsenda þess, að þær framkvæmdir komi að fullum notum.

Ed. 54. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti.

Frá Albert Guðmundssyni.

Efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:

Landssíma Íslands verði falið að lána endurgjaldslaust talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks, sem er lamað eða bæklað til gangs, að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins. Þá verði Landssímanum einnig falið endurgjaldslaust viðhald umræddra tækja.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi.

Flm.: Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til þess að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Um úttekt þessa, samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi skal hafa samráð við þá aðila sem nú annast útflutning og markaðsstarfsemi.

Í þessu sambandi skal áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að koma á fót samstarfi allra aðila, sem vinna að útflutningsstarfsemi, m. a. í því skyni að stuðla að á skipulegan hátt almennri kynningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis og þjálfun starfsfólks, sem vinna mun að hvers konar útflutningsstarfsemi;
2. að marka enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum;
3. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að samræma eða sameina starf utanríkis- og viðskiptaráðuneytis á sviði útflutningsstarfsemi og efla starf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum.

Greinargerð.

Við Íslendingar erum sem kunnugt er mjög háðir utanríkisviðskiptum. Bæði af þessari ástæðu og eins vegna mikilla sveiflna í verðlagi útflutningsvara er það meira keppikefli fyrir okkur en aðrar þjóðir að vinna jafnan að því tvíþætta marki að auka samkeppnisiðnað okkar svo innflutningur haldist í hófi og efla útflutningsstarfsemi til þess að utanríkisviðskipti okkar verði sem hagstæðust. Reynsla síðustu ára sýnir ábreifanlega nauðsyn þessa.

Flm. þessarar tillögu fluttu á Alþingi 1974—75 tillögu til þingsályktunar, sem fól í sér ábendingar um leiðir að báðum þessum markmiðum. Hún var samþykkt hinn 14. maí 1975 og er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks, að kanna leiðir til þess að hvetja almenning, m. a. í ríkisfjölmiðlum, til aukinna kaupa og neyslu vara sem framleiddar eru í landinu, og jafnframt að leita leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila, sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis.“

Fyrri hluti framangreindrar þingsályktunar er nú í framkvæmd. Í fjárlögum ársins 1976 er fjárhæð, 2.5 millj. kr., og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 4 millj. kr., sem ætlað er til þess að standa straum af kostnaðarhluta ríkisins vegna kynningar á íslenskum iðnaðarvörum hér innanlands. Iðnaðarráðuneyti, fjárveitingavaldið, samtök iðnaðarins, iðnverkafólk, SÍS og Neytendasamtökin hafa lagst á eitt um að hleypa af stokkunum „íslenskri iðnkynningu“, sem kunnugt er að vakið hefur mikla athygli og vafalaust stuðlað að aukinni þekkingu landsmanna á íslenskum iðnaði, getu hans og möguleikum, svo og síðast en ekki síst auknum kaupum þjóðarinnar á eigin framleiðslu.

Síðari hluta þingsályktunarinnar, þ. e. a. s. þess sem fjallar um endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi, hefur verið minni gaumur gefinn, a. m. k. í framkvæmd, enda ef til vill of almennt orðaður.

Þessi tillaga er flutt til þess að ítreka og leggja enn frekari áherslu á þá brýnu nauðsyn, sem flm. telja að sé á endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi og markaðsöflunar fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu erlendis, og freista þess að Alþingi móti nánari stefnu í þessu máli en með þál. frá 14. maí 1975.

Núverandi skipan útflutningsstarfsemi.

Hér á landi eru fjölmargir aðilar sem annast útflutningsstarfsemi. Ýmsir þessara aðila hafa náð góðum árangri, og er rétt að það komi skýrt fram að með þessari tillögugerð er alls ekki ætlunin að skerða á neinn hátt sjálfstæði þeirra, heldur að auka og efla samstarf þeirra og stjórnvalda á sviði markaðsmála svo sem nánar verður vikið að síðar.

Á stríðsárunum og fyrstu árin eftir stríð var yfirstjórn utanríkisviðskipta einvörðungu í höndum utanríkisráðuneytisins. Síðan hefur meðferð utanríkisviðskipta breyst í stjórnarráðinu á þann veg, að eftir 1953 fluttust þau í æ ríkara mæli til viðskiptaráðuneytisins. Afleiðingin er sú, að sendiráð og starfsmenn utanríkisþjónustunnar erlendis hafa nú tvo yfirboðara, utanríkis- og viðskiptaráðuneytið.

Í síðari heimsstyrjöldinni og á næstu árum eftir styrjöldina voru mikil ríkisafskipti af viðskiptum milli þjóða. Á þessu tímabili vann utanríkisþjónustan mikið starf í útflutnings- og markaðsmálum. Svo er einkum í þeim löndum þar sem ríkisfyrirtæki annast allan innflutning, svo sem í Sovétríkjunum. Einungis einn viðskiptafulltrúi starfar þó erlendis á vegum utanríkisþjónustunnar, þ. e. a. s. aðalræðismaðurinn í New York, sem er jafnframt viðskiptafulltrúi við sendiráðið í Washington. Þótt ekki séu viðskiptafulltrúar við fleiri sendiráð, annast þau þó að sjálfsögðu margvíslega fyrirgreiðslu á sviði viðskiptamála og kynna landið erlendis, sem er mikilvægur þáttur markaðsleitar og útflutningsstarfsemi.

Samkvæmt lögum starfa fjölmargir aðilar að ýmsum sviðum útflutningsstarfsemi. Þar má nefna Fiskimálasjóð, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Sölustofnun lagmetis, Útflutningslánasjóð, Iðnrekstrarsjóð, Ríkisábyrgðasjóð, Tryggingadeild útflutningslána, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og sjálfsagt fleiri. Þá er starfandi á vegum viðskiptaráðuneytisins sérstök vörusýningarnefnd.

Beinan útflutning og markaðsstarfsemi annast svo mörg samtök og einstaklingar. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, SÍS, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Skreiðarsamlagið og síldarútvegsnefnd eru í hópi þeirra grónustu og öflugustu þessara aðila, eins og kunnugt er.

Framtíðarskipan útflutningsmála.

Engum, sem þekkir til skipulags útflutningsmála í öðrum norrænum löndum, blandast hugur um að framangreint kerfi hér á landi þarfnast endurskoðunar. Í nágrannalöndum okkar annast auðvitað fjölmargir sjálfstæðir aðilar beinan útflutning og margvíslega markaðsstarfsemi. En í þessum löndum er samstarf milli þessara aðila í skipulegu formi á sviði almennrar kynningar á framleiðslu viðkomandi landa og opinber fyrirgreiðsla við útflutningsstarfsemi meiri en hér á landi og umfram allt skipulegri. Þetta sést glöggt á stuttri lýsingu útflutningsmála á Norðurlöndum sem fylgir greinargerðinni sem fylgiskjal.

Íslenskar aðstæður í útflutningsmálum eru um margt sérstæðar, t. d. að því er varðar einhæfni útflutningsvöru og fjárhagslegt svigrúm útflytjenda. Þess vegna er auðvitað ekki skynsamlegt eða kleift að fara nákvæmlega sömu leið í endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi hér á landi og gert er á Norðurlöndunum. Mikið má þó af þessum þjóðum læra innan þeirra takmarka sem hér er á bent, og því er lærdómsríkt að kynna sér fyrirkomulag útflutnings og markaðsstarfs í þessum löndum (Sjá fylgiskjal með greinargerðinni).

Á ráðstefnu, sem haldin var 10. apríl s. l., fjallaði Pétur Thorsteinsson sendiherra og fyrrv. ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu um þátt utanríkisþjónustunnar í utanríkisviðskiptum. Í þessu erindi sínu, sem stuðst er mjög við í tillögugerð þessari og greinargerð, dró hann saman tillögur sínar um framtíðarskipan útflutningsstarfsemi hér á landi. Niðurstaða hans var sem hér segir:

„Þegar þau atriði eru höfð í huga, sem ég hef nefnt, held ég að það helsta, sem taka ætti til athugunar í sambandi við utanríkisþjónustuna og viðskiptamálin, sé þetta:

1. Athuga þarf vandlega hvort ekki væri rétt að sameina utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið á sama stað. Nánari tengsl þessara ráðuneyta mundu m. a. skapa möguleika á meiri kynnum sendiráðsmanna af viðskiptamálum og meiri starfsemi sendiráðanna á viðskiptasviðinu.
2. Þó að ekki sé ástæða til að stofna af viðskiptaástæðum fleiri sendiráð í bili, hvort sem þau yrðu undir stjórn sendiherra eða viðskiptafulltrúa, þá getur verið ástæða til að hafa við núverandi sendiráð okkar sérstaka viðskiptafulltrúa. Og ég held, eins og fyrir 10 árum, að við eigum að hafa slíka fulltrúa vestanhafs og í Evrópu. Við höfum nú viðskiptafulltrúa í Bandaríkjunum, þ. e. aðalræðismaður okkar í New York er jafnframt tilkynntur sem viðskiptafulltrúi við sendiráðið í Washington. En ég held, að áður en langt um líður ættum við að hafa annan viðskiptafulltrúa við sendiráð okkar í Brüssel, í höfuðborg Efnahagsbandalags Evrópu.

   Hlutverk slíkra viðskiptafulltrúa er m. a. að auðvelda stofnun viðskiptasambanda, margvíslegar fyrirgreiðslur í sambandi við viðskipti, vörusýningar og ráðstefnuhöld og markaðsrannsóknir og skýrslugerð. En hafa verður í huga, að kaup og sölur geta fulltrúar þessir ekki annast. Það verða fyrirtækin sjálf að framkvæma.
3. Ég held að athuga ætti vandlega, hvort ekki ætti að setja á stofn á vegum útflutningsyfirvaldanna, hvort sem það yrði viðskiptaráðuneytið eða sameinað utanríkis- og viðskiptaráðuneyti, sérstaka viðskiptaskrifstofu, þ. e. upplýsingaskrifstofu fyrir útflutninginn, eins og ég talaði um áðan.
4. Mjög er athugandi að koma á fót útflutningsráði. Hér á ég ekki við sams konar stofnun og útflutningsráð Noregs, þ. e. sérstaka stofnun með eigin skrifstofum og útsendum viðskiptafulltrúum, heldur nefnd skipaða fulltrúum atvinnuveganna útflutningsyfirvöldum til ráðuneytis, sem kæmi saman reglulega og yrði kölluð til aukafundar þegar sérstaklega stendur á.“

Greinilegt er að hér eru settar fram skynsamlegar og hófsamar tillögur reynds manns á framangreindu sviði. Þær hafa þó enn ekki verið framkvæmdar, og er þessi tillaga m. a. flutt til þess að Alþingi láti málið til sín taka.

Við þessar tillögur Péturs Thorsteinssonar mætti bæta að mati flm., að viðskiptasendinefndir væri hægt að nota oftar en gert er í viðræðum við opinbera aðila í löndum með mikil ríkisafskipti, t. d. löndum í Afríku. Útflutningsráð, ef stofnað yrði, gæti gert tillögur um slíka starfsemi til viðskipta- og utanríkisráðuneytisins, en forusta og ríkisstjórnarstimpill á slíkri starfsemi er nauðsynlegur.

Enn fremur er rétt að leggja þunga áherslu á samstarf allra útflutningsaðila í **skipulegu formi,** hvort sem slíkt samstarf yrði nefnt útflutningsráð eða eitthvað annað. Einn mesti ókostur núverandi skipulags útflutningsstarfsemi er einmitt að enginn aðili er til í landinu sem kynnir **almennt allar íslenskar útflutningsvörur** og getur skipulagt **alhliða kynningu** — m. a. á sýningum erlendis — á Íslandi sem útflutningslandi, eins og allar vestrænar þjóðir — aðrar en íslendingar — gera. Á vegum slíks aðila er augljóslega hægara um vik að koma við starfsþjálfun fólks, sem í framtíðinni mun vinna að útflutningsstarfsemi, en á því er brýn börf.

Rétt er að taka skýrt fram í þessu sambandi, að stofnun eins og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins getur að sjálfsögðu ekki gegnt slíku alhliða hlutverki í útflutningsstarfsemi eins og hér um ræðir, þótt stofnsetning hennar hafi verið mikið framfaraspor á sínum tíma. Þessi stofnun annast ekki kynningu sjávarafurða, svo dæmi sé nefnt, og eykur því koma hennar og fleiri aðila, svo sem Sölustofnunar lagmetis og útflutningssamtaka húsgagnaframleiðenda, á nauðsyn samstarfs allra útflytjenda og aðila sem annast markaðsstarfsemi fremur en hið gagnstæða.

Framvinda málsins.

Að formi til er þessi tillaga fólgin í því að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða og efla útflutningsstarfsemi og áhersla lögð á ákveðna þætti þess máls. Eðlilegt virðist í framkvæmd, að ríkisstjórnin setji á laggirnar nefnd eða starfshóp með þátttöku utanríkis- og viðskiptaráðuneytis svo og aðila, sem nú annast útflutningsstarfsemi. Slík nefnd eða starfshópur ætti síðan að gera ákveðnar tillögur í þessum efnum, sem ríkisstjórnin kæmi síðan í framkvæmd.

Fylgiskjal.

Stutt lýsing á tilhögun útflutningsstarfsemi á Norðurlöndum.

Noregur: Norges Eksportråd

Norges Eksportråd var stofnað árið 1945. Er það skipað fjörutíu og sjö mönnum tilnefndum af aðilum vinnumarkaðarins og opinberum stofnunum. Fimmtán manna stjórn er í ráðinu og þrjár fastanefndir starfa á vegum þess (arbeidsutvalget, finansutvalget og kontrollkomite). Árið 1956 voru samþykkt lög í Noregi um eflingu útflutnings. Í þessum lögum er ákveðið, að starfsemi Norges Eksportråd sé fjármögnuð af Norges Eksportfond með því að útflutningsgjald (¾%) sé lagt á allan norskan útflutning nema skip, þó ekki á útflutning að verðmæti minna en 13 þús. n. kr. Norges Eksportråd ber ábyrgð á rekstri sjóðsins, en tekjur hans voru 1974 20.4 milli. n. kr. Starfsemi ráðsins fer fram í mörgum deildum og gefa hér eiti deildanna nokkra hugmynd um þá yfirgripsmiklu og margþættu starfsemi, sem þar fer fram: Stabskontor for spesialoppgaver; Handelspolitisk kontor; Eksportjuridisk kontor; Norges utenrikshandel, sem annast fréttamiðlun innanlands; Avdeling for industriland, sem annast markaðsstarfsemi í Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada, þeirri deild er síðan skipt eftir vöruflokkum; Avdeling for stathandelsland,

sem sér um markaðsstarf í Austur-Evrópu og sósíalískum ríkjum Asíu, sú deild skiptist eftir markaðssvæðum; Avdeling for oversjöiske områder, þ. e. viðskipti við ríki í Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu; Avdeling for markedsdata; Avdeling for toll og statistikk; Presseavdeling, sem sér um fréttamiðlun erlendis, útgáfu tímarita og bæklinga, auglýsingar o. fl.; Eksportörveiledning, sem felur m. a. í sér fræðslustarfsemi ýmiss konar og í tengslum við hana er Norges Eksportskole; Prosjektavdeling, sem m. a. sér um kynningar, þátttöku í vörusýningum og námskeiðum. Auk þess er stjórnunar- og rekstrardeild. Starfslið í Noregi er yfir 100 manns, en þar að auki eru skrifstofur ráðsins í 19 löndum víðs vegar um heiminn með um 60 starfsmenn. Starfsemin erlendis er oft í tengslum við sendiráð norðmanna á viðkomandi stöðum. Þá hefur ráðið sent menn út af örkinni, sem dvalið hafa 3—4 mánuði á ákveðnum mörkuðum og aflað upplýsinga um tækifæri og komið á viðskiptatengslum við norsk útflutningsfyrirtæki. Þá hefur Norges Eksportråd mikla og góða samvinnu við starfslið norsku utanríkisþjónustunnar heima og erlendis.

Heimildir: Norges Eksportråd (1974). Norges Eksportråd: Årsberetning 1975.

Svíþjóð: Sveriges Exportråd

Sveriges exportråd er rekið sameiginlega af sænska ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins. Tók það til starfa 1972 og hefur nú að loknum þriggja ára aðlögunartíma hafið starfsemi af fullum krafti. Ýmsar stofnanir, sem fengust við skyld verkefni, hafa sameinast ráðinu og samvinna við sænsku utanríkisþjónustuna verið mikið efld. Skipulag ráðsins er þannig, að stjórn er skipuð fulltrúum atvinnulífsins og opinberra stofnana. Nefnd, kjörin af fulltrúum fyrirtækja í smáiðnaði, er ráðgefandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um málefni er varða smáiðnaðinn. Skrifstofa ráðsins skiptist í fjórar deildir: Deild, sem sér um framkvæmd einstakra verkefna, markaðsdeild, útflutningsdeild (exportteknisk) og rekstrardeild. Mikið samstarf er við viðskiptafulltrúa í sænskum sendiráðum, verslunarráð og ræðismenn svía. Árið 1975 voru aðilar að samtökunum 1828. Hlutverk ráðsins er að efla og þróa sænskan útflutningsiðnað með margháttaðri aðstoð. Helstu verkefni eru ráðgjafa- og upplýsingaþjónusta, aðstoð við afmörkuð verkefni, mikið af þeim langtíma markaðsátök. Kostnaður við slík afmörkuð verkefni er greiddur af ríkinu og viðkomandi fyrirtækjum í sameiningu. Þá er fengist við mál eins og söluáætlanir, markaðsspár, tollavandamál o. fl., o. fl. og unnið að lausn þeirra í samvinnu við fyrirtækin. Skipulagðar hafa verið söluferðir með hópa fyrirtækja á valda markaði. Ráðið annast útgáfu kynningarbæklinga og tímarita, skipulag ráðstefna og funda o. s. frv. Fulltrúar ráðsins hafa tekið þátt í undirbúningi samninga, svo sem við EFTA, EBE, GATT o. fl. Samstarf er við ýmsar stofnanir t. d. um lögfræðiaðstoð.

Heimild: Svensk export, nr. 5, 1975.

Danmörk: Eksportfremmerådet

Eksportfremmerådet var stofnað haustið 1975, eftir að viðræður höfðu farið fram milli aðila vinnumarkaðarins og ýmissa opinberra aðila um hvernig best yrðu nýttir þeir fjármunir hjá Danmarks Erhvervsfond (stofnaður 1965), sem ætlaðir eru til eflingar útflutningi. Með stofnun ráðsins var stefnt að því að sameina starfsemi, sem áður hafði verið á margra höndum, og nýta þannig betur þá þekkingu, sem fyrir hendi var. Viðskiptaráðuneytið skipaði tuttugu menn í ráðið, fulltrúa vinnumarkaðarins og ríkisins. Hlutverk ráðsins er að móta stefnu um fjárveitingar úr Erhvervsfonden. Ráðinu til aðstoðar er framkvæmdanefnd (Bevillingsudvalg), sem í eiga sæti sjö manns. Tekur hún til meðferðar og afgreiðir umsóknir um styrki úr sjóðnum. Fulltrúar atvinnulífsins eru í meiri hluta bæði í ráðinu og nefndinni. Fjögur samtök atvinnuveganna stofnuðu í tengslum við þessa starfsemi Erhvervens Eksportfremme Sekretariat, sem er sjálfseignarstofnun, en rekstur hennar styrktur

af viðskiptaráðuneytinu. Annast hún þjónustu við Eksportfremmerådet og Bevillingsudvalget. Helstu verkefnin eru ráðgjafaþjónusta ýmiss konar, skipulagning þátttöku í vörusýningum, kynningum og ráðstefnum, útgáfa kynningarbæklinga, kvikmynda o. s. frv. Einnig er unnið að skipulagningu útflutningsstarfsemi almennt. Við stofnun ráðsins voru lagðar niður ýmsar stofnanir, sem starfað höfðu að svipuðum málaflokkum.

Heimildir: Udenrigsministeriets tidskrift nr. 36, 26. sept. 1975. Industrirådet 1975—1976. Pressemeddelelse: Grosserer-societet, Håndverksrådet, Industrirådet, Landbrugsrådet, okt. 1975.

Finnland: Finlands Utrikeshandelsförbund

Finlands utrikeshandelsförbund er stjórnað af fulltrúum finnska ríkisins og vinnumarkaðarins. Ráðið skipa þrjátíu og átta menn, en níu manna framkvæmdastjórn er í stofnuninni. Hlutverk UF er að stuðla að eflingu utanríkisverslunar finna, sérstaklega með aukningu útflutnings. Starfsemin er fjármögnuð í sameiningu af finnska ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins og er markmiðið með henni:

— að afla, vinna úr og dreifa upplýsingum um erlenda markaði;
— að veita ráðgjafaþjónustu um utanríkisviðskipti;
— að annast framkvæmd verkefna, sem stuðla að auknum útflutningi;
— að kynna framleiðsluvörur finna erlendis.

Upplýsingamiðstöð (informationscentralen), sem hjá starfa um 75 manns, sér um fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Reka þeir bókasafn, gefa út skrár yfir vörusýningar, skýrslur um utanríkisviðskipti finna, halda námskeið og kynningarfundi um margvísleg málefni. Þá sjá þeir um samhæfingarstarfsemi og þjónustu við fastanefndir ráðsins, sem vinna að útflutningsmálum. Upplýsingamiðstöðin starfar í fjórum deildum. Mikið samstarf er milli hennar og viðskiptafulltrúa í sendiráðum Finnlands. Miðstöðin annast framkvæmd ýmissa sérverkefna. Sem dæmi má nefna: að kynna sér möguleika og aðstæður á ákveðnum markaðssvæðum, efla áætlanagerð um útflutning, vera ráðgefandi um ráðstöfun ríkisframlags til eflingar útflutningi og gera tillögur um starfsemi UF. UF gefur út ýmis rit, sem dreift er bæði innanlands og utan. 735 fyrirtæki eiga aðild að samtökunum, sem voru endurskipulögð fyrir fáum árum með þátttöku ríkisins.

Heimild: Finlands utrikeshandelsförbund; Verksamhetsberättelse, 1975.

Sþ. 56. Fyrirspurn [54. mál]

til menntamálaráðherra um sjóminjasafn.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hvað líður undirbúningi að stofnun sjóminjasafns í samræmi við þingsályktun 21. febrúar 1974?

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um könnun og undirbúning framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Flm.: Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna og undirbúa framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæslu Íslands í Hafnarfirði.

Greinargerð.

Landhelgisgæslan er stolt okkar íslendinga. Að henni viljum við búa eins vel og við frekast höfum tök á. Hér skal ekki fjallað um skipa- né flugvélakost gæslunnar, heldur aðsetur og aðbúnað hennar í landi.

Starfsemi Landhelgisgæslunnar er nú í ófullnægjandi leiguhúsnæði á fleiri en einum stað og hafnaraðstöðu ábótavant. Er því fyllilega tímabært að hyggja að framtíðarlausn þessara mála.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa á undanförnum árum haft mikinn áhuga á að fá aðsetur Landhelgisgæslunnar til Hafnarfjarðar, og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt tillögur þar að lútandi. Aðstaða í Hafnarfirði, sem öll er hin ákjósanlegasta, var árið 1972 kynnt forstjóra Landhelgisgæslunnar, þáverandi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og fleirum.

Hafnarfjarðarhöfn er enn að óverulegum hluta uppbyggð innan hafnargarðanna. Góð aðstaða er þar til uppbyggingar sérstakra mannvirkja fyrir Landhelgisgæsluna, bæði hafnaraðstöðu og aðstöðu fyrir þyrlur.

Tvær allstórar skipasmíðastöðvar eru í Hafnarfirði auk smærri verkstæða og ágætar vélsmiðjur, svo að aðstaða til þjónustu við skipin að undanskilinni slippþjónustu er ágæt. — Flestum lóðum sjávarmegin við Fjarðargötu í miðbæ Hafnarfjarðar er enn óráðstafað og býður það upp á mikla möguleika. Olíubirgðastöð er í Hafnarfirði og olíuafgreiðsla til skipa auðveld.

Verulegur hluti starfsliðs Landhelgisgæslunnar nú er búsettur í Hafnarfirði og Garðabæ.

Flutningur aðseturs Landhelgisgæslunnar til Hafnarfjarðar yrði bæjarfélaginu ánægja og heiður og mundi auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Fyrirtækið mundi skipa virðulegan sess í bæjarlífinu svo sem það á skilið.

Ed. 58. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 14. 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til loka þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt var lagður 1% skattur á launagreiðendur af greiddum vinnulaunum. Með l. nr. 94/1970 var ákveðið að innheimta 1½% til viðbótar af launaskattsstofni og skyldi sú viðbót gilda frá 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971. Þessi viðbótarskattur var síðan framlengdur fjórvegis með tímabundnum lagaákvæðum þannig að í reynd var innheimtur 2½% launaskattur á tímabilinu frá 1. desember 1970 til 1. apríl 1974.

Með lögum nr. 10/1974, 17. gr., var hinn fasti launaskattur hækkaður úr 1% í 2% en jafnframt var ákveðið í 18. gr. laganna að 1½% álagið skyldi innheimt áfram frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974. Þessi viðbótarskattur hefur síðan verið framlengdur með tímabundnum lagaákvæðum, síðast með lögum nr. 74/1975. Hefur því verið innheimtur 3½% launaskattur frá 1. apríl 1974.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1977 og verið hefur frá 1. apríl 1974 og verði skatturinn 3½%. Þar af renni 2% til Byggingarsjóðs ríkisins en 1½% til ríkissjóðs.

2. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. l. nr. 74/1975 og felst í henni að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.

Ed. 59. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum nr. 97 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði þrátt fyrir ákvæði A-liðar 22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign sem þar er fram yfir greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 97 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna breytinga á virði fasteigna til eignarskatts, sem gerð var með lögum nr. 97/1975, megi vænta þess að framteljendur, er eigi hafa borið eignarskatta af íbúðarhúsnæði til þessa, muni nú bætast í hóp gjaldenda eignarskatts.

Þar sem undirbúningi að álagningu gjalda fyrir skattárið 1975 er um það bil að ljúka hjá skattstjórum ber brýna nauðsyn til að gera nú þegar ráðstafanir til þess að unnt sé að breyta álagningu eignarskatts, þannig, að þeir framteljendur sem ekki hafa átt meiri eignir en svo að þær hafa verið eignarskattsfrjálsar verði nú ekki skattlagðir af þeim eignum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði þrátt fyrir ákvæði A-liðar 22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign sem þar er fram yfir greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1975.

Gjört í Reykjavík 5. júlí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 60. Frumvarp til laga [58. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatekjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1977 með sömu viðaukum og á undanförnum árum.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um heildarlöggjöf varðandi málefni þroskaheftra.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir, Bragi Sigurjónsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um heildarskipulag varðandi öll málefni þroskaheftra.

Löggjöfin taki mið af þessum meginatriðum:

1. Stefnt skal að því að koma á heildarkerfi, framtíðarskipan í samræmi við þau viðhorf sem ríkja í þessum málum og þær þjóðir byggja á sem lengst eru á veg komnar.
2. Löggjöfin spanni þannig yfir heilsugæslu, kennslu og þjálfun og félagslega þjónustu hvers konar og samræmi alla þessa þætti undir einni heildarstjórn.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en var þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Þegar litið er til málefna þroskaheftra hérlendis í heild má segja að tvennt sér þar mest áberandi:

Heildarlöggjöf, sem varðar alla helstu þætti í vanda þessa fólks, skortir. Til eru aðeins lög um fávitastofnanir frá árinu 1967, sem eru hvort tveggja of þröng og um margt úrelt í ljósi nýrra viðhorfa. Þetta blasir við á flestum sviðum og þó einkum í vissri vanrækslu samfélagsins hvað snertir þroskun og þjálfun þessa fólks. Ber þó síst að vanmeta það sem vel hefur verið gert.

Hitt einkennið er í raun bein afleiðing af því fyrra, þ. e. að framkvæmd þessara mála er frábrugðin því sem gerist annars staðar, þar sem heildarlöggjöf er skýr og samfélagið gengur á undan í öllum aðgerðum og samræmingu hinna ýmsu þátta. Hérlendis hefur áhugastarfið verið meira áberandi og um margt ágætt, en hvort tveggja leiðir þó um of til fálmkenndra vinnubragða.

Höfuðatriðin, sem ganga verður út frá í málefnum þroskaheftra, eru: Jafnrétti til þeirra samfélagslegu gæða, sem aðrir njóta, og aðhæfing þessa fólks að þjóðfélaginu í eins ríkum mæli og mögulegt er með skipulegum aðgerðum. Í hvoru tveggja varðar það mestu að starfið sé hafið sem fyrst, því meiri eru möguleikarnir til sem eðlilegastra lifnaðarhátta, því meiri eru þroskamöguleikarnir almennt.

Um tvennt er að ræða fyrir löggjafann: endurskoðun núgildandi laga eða nýja heildarlöggjöf.

Sé litið til Norðurlandanna fer ekki milli mála hvor leiðin er réttari. Löggjöfin þar getur varðað okkar veg, en því aðeins að um heildarlöggjöf verði að ræða. Má í því sambandi minna á löggjöf svía, norðmanna og dana, sem allar hafa leitt af sér miklar breytingar til bóta, einkum hvað snertir menntunarþáttinn og starfsmöguleikana. Þar hafa heilbrigðis-, mennta- og félagslegu þættirnir verið samræmdir og skipulega verið að því unnið að t. d. menntakerfið væri sem minnst frábrugðið hinu almenna menntakerfi: dagheimili, forskóli, grunnskóli, starfsnám. Hér eigum við mikið verk óunnið. Að vísu má benda á ítarlegt uppkast að reglugerð um sérkennslumál sem liggur nú í menntamálaráðuneytinu og er beinlínis við þetta miðuð.

Okkur skortir heildarstjórn — ábyrgan aðila í stjórnkerfinu, t. d. í félagsmálaráðuneytinu svo sem er hjá dönum, sem hefur heildaryfirsýn yfir öll þessi mál og sér um samræmingu þeirra og um leið að ekkert þeirra verði útundan. Með samstarfsnefnd þeirra aðila, sem með þessi mál ættu að fara í framkvæmd, mætti ráða hér á nokkra bót, og þó að heildarstjórn væri í ákveðnu ráðuneyti þyrfti það engan veginn að hindra þetta fyrirkomulag, heldur þvert á móti auðvelda samstarfið.

En ábyrgur aðili í stjórnkerfinu er nauðsyn. Sér til ráðuneytis gæti sá aðili haft ráðgjafarnefnd, svo sem er á hinum Norðurlöndunum.

Ráðgjafarþjónusta — ráðgjafar- og greiningarstöð fyrir þroskahefta — þarf að komast á sem fyrst, því að hvert glatað ár hins þroskahefta er honum dýrt.

Norðmenn hafa t. d. í einstökum fylkjum skipulagt slíka þjónustu og um leið kynnt fólki alla möguleika sem fyrir hendi eru. Þá möguleika er suma ekki að finna í dag hjá okkur. Reykjavík er komin nokkuð á veg, en landsbyggðin á fárra eða engra kosta völ enn þá.

Í nýrri heildarlöggjöf kæmi því vel til greina að skipta landinu í nokkur svæði með tiltölulega rúmri heimastjórn í málefnum þroskaheftra, en undir stjórn ráðgjafarmiðstöðvar og ráðuneytis hér í Reykjavík. Allt eru þetta hugmyndir sem nánar munu raktar í framsögu ásamt fleiru, en mikið má af nágrönnum okkar læra, enda mun löggjöf þeirra gerð nánari skil.

Í heildarlöggjöf sem slíkri þarf margs að gæta: Heilsugæsla þroskaheftra er t. d. mun þýðingarmeiri og viðameiri en annarra, svo sem auðskilið er. Jafnrétti til fyllsta þroska, til starfsmöguleika úti í þjóðfélaginu eða á vernduðum vinnustöðum hlýtur að vera sjálfsagt markmið. Menntunarþáttinn þarf að stórbæta, og eru þegar uppi tillögur í þeim efnum sem eru ærið verkefni ef framkvæmdar yrðu. Sá þáttur er auðvitað í nánum tengslum við atvinnuþáttinn, þ. e. á hvern hátt megi nýta sem best starfskrafta þroskaheftra í þágu þeirra sjálfra og þjóðarheildar. Menntunarþátturinn, sem að leiðbeinendum og ráðgjöfum snýr, er skammt á veg kominn enn, en hlýtur þó að teljast frumforsenda þess að þjálfun og þroska þroskaheftra verði sem best sinnt. Ráðgjöf til aðstandenda þarf og að stóraukast, tryggt þarf að vera að hinir þroskaheftu njóti fyllsta réttar í tryggingakerfi okkar og þar verði enginn útundan.

Sú heildarlöggjöf, sem tillaga þessi beinist að, á að vera rúm og af víðsýni gerð. Hún þarf að tryggja rétt hins þroskahefta, jafnrétti við aðra þegna, og hún á að beinast að því að koma hverjum og einum sem lengst á þroskabraut — með námi og þjálfun — svo hinn þroskahefti megi verða sem hlutgengastur í samfélaginu, eigi þar sína fyllstu möguleika. Án samræmds, skipulegs átaks verður þessu marki seint eða ekki náð. Því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins.

Flm.: Ingi Tryggvason, Tómas Árnason, Gunnlaugur Finnsson, Pálmi Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Páll Pétursson, Sverrir Hermannsson, Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins með það fyrir augum að þjóðvegir um byggðir verði gerðir vetrarfærir á næstu 4—6 árum. Kostnaður við þetta verkefni verði greiddur af Vegasjóði og fjár til þess aflað með erlendum eða innlendum lántökum, ef þörf krefur, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

Greinargerð.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að því stefnt að Alþingi lýsi vilja sínum um framkvæmd ákveðins verkefnis í samgöngumálum, uppbyggingu þjóðvega í hinum snjóþyngri landshlutum. Það er skoðun flutningsmanna að við liggi þjóðarsómi, að sem fyrst verði svo frá gengið að vegir um byggðir landsins og aðalleiðir milli byggðarlaga verði færir ökutækjum allan ársins hring án þess að stórfé þurfi að verja til snjómoksturs. Til að svo megi verða þarf að hækka vegina og byggja þá upp með tilliti til vetrarumferðar, en þá mun líka undir flestum kringumstæðum lítið kosta að halda vegunum opnum í venjulegri vetrarveðráttu.

Engum dylst, sem um landið fer, að stórvirki hefur verið unnið í vegamálum á undanförnum árum. Umhverfis Reykjavík, um Suðurnes og austur í Árnessýslu eru komnir vegir með bundnu slitlagi, sannkallað yndi ökumanna. Annars staðar eru myndarlega uppbyggðir malarvegir, að vísu misjafnlega jafnir eða ójafnir, háðir duttlungum veðurguða og veghefla, en lengstum færir á vetrum og þarf litlu til að kosta að hreinsa af þeim snjó eftir hríðarbylji.

En svo koma aðrir vegir jafnlágir umhverfi sínu, jafnvel niðurgrafnir, ef til vill gamlar kerruslóðir, byggðir af vanefnum í upphafi, óhæfir til að gegna hlutverki sínu í nútímaþjóðfélagi, fara á kaf í fyrstu snjóum og verður ekki haldið opnum nema með ærnum tilkostnaði. Þessa vegi þarf að endurbyggja, koma þeim upp úr snjónum, og þetta þarf að gera strax. Þetta verkefni hlýtur að hafa forgang í íslenskri vegagerð, þessi fullnæging frumþarfa í samgöngumálum. Hér er þó aðeins lagt til að áætlun sé gerð um framkvæmd þessa verks, kostnaðaráætlun og fjáröflun. Miðað sé við að ljúka verkinu á næstu 4—6 árum. Það er trú flutningsmanna að áfram verði unnið myndarlega að uppbyggingu þjóðvegakerfisins, en sérstakt átak þurfi til þess að umræddum áfanga verði náð innan skamms.

Sþ. 63. Fyrirspurnir. [61. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um tölvubanka rannsóknarlögreglunnar.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hver voru tildrög þess, að ákveðið var að rannsóknarlögreglan í Reykjavík byggði upp tölvukerfi til notkunar við rannsóknarstörf sín?
2. Hvert hefur verið og mun verða hlutverk bandaríska fyrirtækisins IBM í þessum áformum?
3. Hver er áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður vegna þessarar tölvunotkunar?
4. Hvaða einstaklingar verða skráðir í tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?

5. Verða þar aðeins skráðir þeir, sem fremja meiri háttar afbrot, eða einnig þeir, sem t. d. eru staðnir að minni háttar yfirsjónum í umferðinni?
6. Verða þar kannske skráðir allir eigendur bifreiða?
7. Hver tekur ákvörðun um það, hvers konar hópar manna verða skráðir í tölvubankanum?
8. Verður einstaklingum heimilt að krefjast þess að fá svar við því, hvort nöfn þeirra eru í tölvubanka lögreglunnar og hvað um þá stendur þar?
9. Verður þeim jafnframt gert kleift að koma fram leiðréttingu á röngum, úreltum eða villandi upplýsingum um þá sjálfa?
10. Hvernig verður tryggt, að óviðkomandi aðilar, starfsmenn Skýrsluvéla ríkisins, tæknimenn bandaríska fyrirtækisins IBM eða aðrir þeir, sem aðgang hafa að upplýsingaminni tölvunnar, komist ekki að innihaldi tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?
11. Verða sérstakar ráðstafanir gerðar til að hafa eftirlit með því, að upplýsingar tölvunnar verði ekki misnotaðar?
12. Telur ekki ráðherrann, að mál af þessu tagi sýni nauðsyn þess, að hér á landi eins og víða annars staðar verði sett löggjöf um tölvunotkun við söfnun upplýsinga um einstaklinga og persónulega hagi þeirra?

II. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Austurlandi.

Frá Tómasi Árnasyni.

1. Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?
2. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Austurlands?
3. Hvernig ætla Rafmagnsveitur ríkisins að tryggja Austurlandi nægjanlegt rafmagn í vetur?
4. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar?

Ed. 64. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá Braga Sigurjónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni.

Í frumvarpið bætist ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:

2. gr. laganna, síðasta málsgr. orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf fólks, sem er 67 ára og eldra, og líkamlega fatlaðra, vangefinna og þroskaheftra, svo að metið sé til 60% örorku eða meira af Tryggingastofnun ríkisins. Enn fremur laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Sama gildir um vinnulaun vegna jarðræktar- og byggingarframkvæmda á bújörðum.

Sþ. 65. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og klofnað um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn mælir með samþykkt hennar óbreyttrar.

Alþingi, 4. nóv. 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form. | Friðjón Þórðarson, fundaskr. | Jóhann Hafstein, frsm.
Tómas Árnason. | Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 66. Frumvarp til laga [62. mál]

um biskupsembætti hinnar íslensku þjóðkirkju.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju skulu vera tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Skal sú skipan á komast, þegar fé er veitt á fjárlögum í þessu skyni.

2. gr.

Skálholtsbiskupsdæmi tekur yfir Suðurland, Vesturland og Vestfirði, frá Skaftafellsprófastsdæmi til Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum.

Hólabiskupsdæmi nær yfir Norðurland og Austurland, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Austfjarðaprófastsdæmis, og eru bæði prófastsdæmin meðtalin.

3. gr.

Biskupinn í Skálholtsbiskupsdæmi situr í Reykjavík. Með tilskipun forseta Íslands má þó mæla svo fyrir, að tillögu kirkjumálaráðherra, að embættissetur hans verði annars staðar í biskupsdæminu, enda mæli meiri hluti þjónandi þjóðkirkjupresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins með því.

Biskupinn í Hólabiskupsdæmi situr á Hólum í Hjaltadal. Með tilskipun forseta Íslands má þó, að tillögu kirkjumálaráðherra, ákveða annað biskupssetur innan biskupsdæmisins, enda mæli meiri hluti þjónandi þjóðkirkjupresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins með því.

4. gr.

Biskupar fara hvor um sig með sérmál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og hafa tilsjón með kristnihaldi hvor í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd kirkjumála þar og störfum þeirra manna, sem vinna í þjónustu kirkjunnar, og setja fram tillögur, umsagnir og álitsgerðir við kirkjumálaráðuneyti og önnur stjórnvöld um verkefni, er varða viðkomandi biskupsdæmi. Þeir skulu vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þeir fjalla almennt um þau verkefni, er nú ber undir biskup Íslands, og varða biskupsdæmi hvors um sig.

Um verkefni, er varða þjóðkirkjuna í heild sinni, skulu biskupar fjalla sameiginlega, nema annan veg sé mælt. Skulu kirkjumálaráðuneyti og önnur stjórnvöld leita tillagna og umsagnar þeirra beggja um slík mál eftir því sem lög og venjur standa til að því er varðar biskup Íslands.

5. gr.

Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem samkvæmt lögum, skipulagsskrám eða öðrum löggerningum eru bundin öðru biskupsdæminu, skulu vera í umsjá og vörslu viðkomandi biskups, ef heimildargögn mæla því eigi í gegn.

Aðrir sjóðir og kirkjueignir skulu lúta vörslu og reikningshaldi Skálholtsbiskups. Kirkjuráð ráðstafar fé, er til úthlutunar kemur úr sjóðum þessum og kveður á um ráðstafanir varðandi kirkjueignir þær, sem hér um ræðir, enda mæli lög, skipulagsskrár eða aðrir löggerningar því eigi í gegn.

6. gr.

Skálholtsbiskup er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum. Hann getur falið Hólabiskupi að koma fram erlendis vegna íslensku þjóðkirkjunnar eða fara með einstök mál, er varða skipti hennar við erlend kirkjufélög. Leita skal álits Kirkjuráðs um öll meiri háttar mál, er varða tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlend kirkjufélög.

7. gr.

Biskupar báðir eiga sæti á kirkjuþingi og í kirkjuráði, svo og á prestastefnu fyrir landið allt. Biskupar eru forsetar kirkjuþings og prestastefnu til skiptis eftir þeirri röð, sem þeir koma sér saman um. Skálholtsbiskup er forseti kirkjuráðs.

Prestastefna skal haldin ár hvert fyrir landið allt, en prestastefnur í biskupsdæmum eigi sjaldnar en annað hvert ár. Biskup er forseti prestastefnu, er bundin er við biskupsdæmi hans.

8. gr.

Biskupar njóta þeirra lögkjara, sem biskup Íslands nýtur nú.

Kirkjumálaráðherra skipar skrifstofustjóra (biskupsritara) á hvorri biskupsstofu um sig, að fengnum tillögum biskups. Tengja má starf þetta á biskupsstofu Hólabiskupsdæmis við prestsþjónustustarf eða annað þjónustustarf í þágu kirkjunnar.

9. gr.

Biskup vígir eftirmann sinn biskupsvígslu, en ella biskup í hinu biskupsdæminu.

10. gr.

Nú getur biskup eigi gegnt störfum vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum sérstökum ástæðum, og kveður kirkjumálaráðherra þá á um það í samráði við biskup, hversu haga skuli rækslu embættisins. Nú fellur biskup frá eða lætur af embætti, og skal þá yfirleitt setja hinn biskupinn til að gegna embættinu um stundasakir, uns nýr biskup hefur verið skipaður.

11. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal eftirfarandi málum skipað svo sem hér segir:

1. Skipa skal yfirkjörstjórnir prestskosninga í hvoru biskupsdæmi um sig, sbr. 15. gr. laga nr. 32/1915, og á biskup í viðkomandi biskupsdæmi sæti í yfirkjörstjórn.

2. Prest á Þingvöllum skal skipa, að fengnum tillögum Skálholtsbiskups og Þingvallanefndar, sbr. 6. gr. 1. málsgr. laga nr. 35/1970.

3. Biskupar ráða í sameiningu starfsmenn þá, er greinir í 6., 7., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970, að undanteknum presti á Þingvöllum, sbr. 2. tölulið. Nú greinir biskupa á, og ræður Kirkjuráð þá máli til lykta.

4. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar í samráði við báða biskupa og að fengnum tillögum Kirkjuráðs, sbr. lög nr. 73/1941, 2. gr.

5. Leita skal tillagna beggja biskupa um málefni það, er greinir í lögum nr. 60/1972, 16. gr.

6. Kirkjumálaráðherra skipar annan hvorn biskupinn formann skipulagsnefndar kirkjugarða til nánar tiltekins tíma, sbr. 4. gr. laga nr. 21/1963.

7. Kirkjumálaráðherra ákveður, hvor biskup landsins skuli eiga sæti í kjörstjórn vegna kosningar til kirkjuþings, sbr. lög nr. 43/1957, 6. gr., og er rétt að tímabinda skipunina.

8. Skálholtsbiskup hefur ásamt Kirkjuráði forræði um framkvæmdir og starfrækslu Skálholtsstaðar í umboði þjóðkirkju Íslands, sbr. lög nr. 32/1963.

12. gr.

Stefnt skal að því, að endurskoðuð verði lög um biskupskosningu, svo og önnur lög, er varða biskupsembætti, áður en lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Í reglugerð, er kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups Íslands og Kirkjuráðs, skal kveða nánar á um skiptingu verkefna milli biskupa tveggja, svo og eftir atvikum um skiptingu eigna milli biskupsdæmanna.

14. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977. Koma þau til framkvæmda, þegar fé hefur verið veitt á fjárlögum til að koma á þeirri skipan, sem lögin mæla fyrir um, og samkvæmt því, er kirkjumálaráðherra kveður nánar á um.

Frá því að lögin koma til framkvæmda eru niður lögð embætti vígslubiskupa og lög nr. 38/1909 falla þá úr gildi.

Biskup Íslands á völ á að takast á hendur hvort biskupsembættið, sem hann kýs. Kirkjumálaráðherra hlutast til um, að biskupskosning fari fram í hinu biskupsdæminu, þegar ráðið verður að lögin komi til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari hefur samið að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðuneytisins var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori, en varð ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

I.

Á síðustu árum hefur þeirri skoðun aukist fylgi, að réttmætt sé að fjölga biskupsembættum hér á landi. Tengjast þau mál mjög umræðu um endurreisn biskupssetranna fornu, í Skálholti og á Hólum. Auk þess veitir tillitið til starfsnauðsynjar kirkjunnar sjálfrar þeirri skoðun stoð, með því að einum biskupi er ofviða að hafa þau tengsl við söfnuði landsins sem æskilegt er. Röksemdir manna eru sumpart af sögulegum rótum runnar og sumpart víkja þær að mati á þörfum kirkjunnar um fleiri forustumenn með biskupvígslu. Hugmyndir manna um lausn á þessu vandamáli eru nokkuð skiptar, að því er virðist. Vilja sumir hafa biskupsdæmin þrjú, Skálholts-, Hóla- og Reykjavíkurbiskupsdæmi, sbr. t. d. frumvarp Kirkjuþings 1968, en aðrir að biskupsdæmin verði tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi, sbr. frumvarp Kirkjuþings 1958. Um biskupssetrin eru menn eigi á einu máli, þar sem ýmsir vilja, að biskupar sitji í Skálholti og á Hólum, en aðrir, að þeir sitji í Reykjavík og á Akureyri. Þá kann að vera skoðanamunur um það, hvernig haga eigi starfsskiptingu milli biskupa, einkum ef þeir eru tveir, þ. á m. um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og fyrirsvar hennar út á við gagnvart erlendum kirkjufélögum.

Mál þetta hefur eigi komið til álita á Alþingi um alllanga hríð. Kirkjuþing hefur tvívegis samþykkt frv. til laga um fjölgun biskupsembætta, 1958 og 1968, en þau frv. voru eigi flutt á Alþingi. Kirkjumálaráðuneyti hafa borist allmargar ályktanir með áskorunum um endurreisn Hólabiskupsdæmis. Þykir ráðuneytinu rétt, að leitað

sé eftir afstöðu Alþingis til þessa máls. Er það efni frv. að mæla fyrir um skiptingu landsins í tvö biskupsdæmi, Hólabiskupsdæmi og Skálholtsbiskupsdæmi, en ráðuneytið telur af fjárhagsástæðum eigi fært að leggja til stofnun fleiri biskupsembætta. Eru staðarmörk milli þeirra ákveðin í frv. nokkuð á annan veg en var til forna, þ. e. að Norðurland og Austurland heyri til Hólabiskupsdæmis, en aðrir landshlutar heyri undir Skálholtsbiskupsdæmi. Með frv. er til þess stofnað, að Hólar í Hjaltadal verði endurreistir sem biskupssetur, ef vilji manna stendur til þess, sbr. 3. gr. frv. Frv. byggir á því, að embættissetur Skálholtsbiskups verði í Reykjavík, en einnig um það efni má skipa fyrir á annan veg, sbr. 3. gr. frv. Miðað er við það, að lögin komi ekki til framkvæmda, fyrr en fé er veitt til breytinga þessara á fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að þegar lögin koma til framkvæmda verði vígslubiskupsembætti niður lögð. Kirkjulaganefnd, sem kirkjumálaráðherra hefur skipað til að endurskoða kirkjumálalöggjöfina, mun á næstunni endurskoða ýmis lög, er varða biskup og biskupsembætti, þ. á m. lög um biskupskosningar nr. 21/1921 o. fl. Þótti því ekki ástæða til að gera tillögur í frv. þessu um breytingar á þessum lögum. Þá má og benda á, að ef frv. verður lögfest, þarf t. d. endurskoðunar við um skipan Kirkjuþings og Kirkjuráðs. Um einstök verkefni biskups og stöðu hans innan stjórnsýslukerfis eru ákvæði laga eigi rækileg, og þarf það mál allt náinnar athugunar. Hyggilegt þykir, að þau mál bíði hinnar almennu endurskoðunar, sem nú er stofnað til, og séu þau eigi tengd því frv., sem hér er flutt.

II.

Með konungsúrskurði 15. apríl 1785 var ákveðið að flytja biskupssetur og skóla frá Skálholti til Reykjavíkur, sbr. og konungsbréf 29. apríl s. á. og ráðuneytisbréf 27. apríl s. á. um sölu jarðeigna Skálholtsstóls. Næsta ár var skólinn fluttur þaðan og eignir seldar á næstu árum. Hannes biskup Finnsson fékk þó leyfi til að sitja þar til dánardægurs síns 1796, enda keypti hann jörðina. Við andlát hans lauk sögu biskupsseturs í Skálholti að sinni. Síðasti Hólabiskupinn Sigurður Stefánsson lést tveimur árum síðar. Með konungsbréfi 2. október 1801 var Hólastóll niður lagður, skóli og prentsmiðja flutt þaðan og eignir seldar, sbr. ráðuneytisbréf 13. mars 1802. Galt Norðurland mikið menningarlegt afhroð við þessa ráðstöfun. Landið varð með þessum hætti eitt biskupsdæmi, og hefur við svo búið setið æ síðan. Með lögum nr. 38/1909 voru stofnuð embætti vígslubiskupa, sem bundin er við hin fornu biskupsdæmi að því er staðarmörk varðar.

Andvirði eigna biskupsstólanna kom kirkjunni lítt til nytja, svo sem þó var til ætlast að nokkru, og hvarf fé þetta að verulegu leyti í hina almennu verðfellingu næstu ára. Í konungsbréfi 29. apríl 1785 var að vísu veitt fyrirheit um, að biskup mætti reisa sér bústað í Reykjavík og kjósa eina af jörðum konungs í Gullbringu- og Kjósarsýslu sér til hlunninda og að auki eina af stólsjörðum handa biskupsekkju. Framkvæmd á þessu varð þó harla lítil. Bjó hinn fyrsti biskup í Reykjavík við skarðan fjárhlut, en biskupsbústaður í Laugarnestorfu, er síðar var reistur, var illa úr garði gerður og seldur samkvæmt leyfi þar um hinn 8. apríl 1856. Eftir það hefur biskup setið í Reykjavík og notið húsaleigustyrks lengstum, en ríkið hefur nú keypt bústað, sem við hæfi er, fyrir biskup.

Hið bágborna efnahagsástand þjóðarinnar síðast á 18. öld, sem kom í kjölfar mikilla náttúruhamfara og örbugs árferðis réð því, að horfið var að því ráði að leggja niður biskupsstól á Hólum og flytja biskupssetur frá Skálholti til Reykjavíkur. Kom hér einnig til það viðhorf, að ákveðið var, að Reykjavík skyldi verða aðsetur stjórnvalda landsins og æðsta innlenda dómstólsins, en um sölu jarðeigna hefur vafalaust gætt þeirrar stefnu, að stuðla skyldi að því, að bændur yrðu sjálfseignarbændur.

Á þessu raunarlega tímabili í sögu þjóðarinnar var Alþingi einnig lagt niður árið 1800, svo sem alkunna er. Það var þó endurreist 45 árum síðar. Hins vegar

hefur dregist miklu lengur en sæmilegt má þykja að endurreisa Hólastól og koma þar á fót stofnunum, sem geti gegnt mikilvægu hlutverki í þágu kristnihalds. Hefur lengi sviðið undan því. Kemur sterklega til greina að afhenda þjóðkirkjunni Hóla til forræðis með svipuðum hætti og Skálholt, en í Skálholti hafa myndarleg mannvirki verið reist auk hinnar fögru dómkirkju, og markverð starfsemi er hafin þar á kristilegum grundvelli. Með þessu myndarlega átaki er Skálholt hafið úr þeirri niðurlægingu, sem það var komið í. Á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengist hefur um endurreisn Skálholts þarf nú að hefjast handa um endurreisn Hóla í þágu þjóðkirkjunnar. Er þetta frv. reist á þeirri skoðun, að biskupssetur á Hólum sé mikilvægur þáttur í því endurreisnarstarfi.

Rétt þykir að svo vöxnu að gera nokkra grein fyrir frumvörpum til laga og tillögum til þingsályktana, sem komið hafa fram á Alþingi um biskupsembætti, svo og frumvörpum, sem samþykkt hafa verið á Kirkjuþingi um þetta mál, eða rædd þar. Með því fæst nokkur innsýn í hugmyndir þær, sem efstar hafa verið á baugi um lausn þessa máls.

III.

Á Alþingi 1881 var samþykkt þingsályktun þar sem skorað var á stjórnina að veita hvorki amtmannsembætti né biskupsembætti og leggja fyrir næsta þing frv. um afnám þessara embætta. Þessi þingsályktun varð þó ekki efni til neinna löggjafaraðgerða.

Á Alþingi 1891 bar einn þingmaður fram frv. um afnám embætta. Var þar m. a. ákvæði um, að leggja skyldi niður biskupsembættið og prófastinum í Kjalarnessprófastsdæmi falið að vígja presta. Þessi grein frv. var felld.

Á Alþingi 1903 báru tveir þingmenn fram frv. um að sameina biskupsembættið forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Frv. náði ekki fram að ganga, en því hafði þó verið breytt svo, að forstöðumannsembættið skyldi sameinað biskupsembættinu.

Á Alþingi 1905 var samþykkt þingsályktun um að biskupsembættið yrði ekki veitt, fyrr en Alþingi hefði rætt tillögur milliþinganefnda um kirkjumálalöggjöf. Einn nefndarmanna í kirkjumálanefndinni samdi frv. um sameiningu forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið, en það frv. var ekki flutt á Alþingi.

Á Alþingi 1909 var flutt stjórnarfrv. um varabiskup. Skyldi hann hafa biskupsvígslu og vígja biskup, ef því var að skipta, og vígja presta í forföllum biskups. Meginröksemdin fyrir frv. var sú, að mönnum þótti óviðeigandi, að íslenskur biskup þyrfti að sækja vígslu til annarra landa. Þingmönnum þótti frv. yfirleitt til bóta, en töldu, að embættisheitið varabiskup væri ótækt, og kusu fremur, að biskupinn nefndist vígslubiskup. Dr. Jón Þorkelsson bar nú fram frv. til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vígslubiskupa á Íslandi. Hugmyndir um biskupsembætti á Alþingi allt fram til 1909 höfðu eigi verið rismiklar, en hér kvað gagngert við nýjan tón. Er vissulega reisn yfir frumvarpi dr. Jóns og eigi síður málafylgju hans á Alþingi, enda kló hér sá, er kunni. Var frv. dr. Jóns um tvo vígslubiskupa samþykkt, sbr. lög nr. 38/1909, en það ákvæði frv., er fjallaði um biskup á Hólum, var fellt.

Frv. til laga um biskupskosningar var samþykkt á Alþingi 1921, sbr. lög nr. 21/1921, er enn gilda óbreytt.

Viðleitni sú til sparnaðar á útgjöldum ríkisins, sem gætti mjög á Alþingi 1923 og 1924, varð hvati að þrennum frv. Hið fyrsta var stjórnarfrv. 1923, er kvað á um afnám biskupsembættisins, en tvö frv. 1924 hnigu að því að sameina biskupsembætti, prófessorsembætti eða dósentsembætti við guðfræðideild Háskólans. Eigi náðu þessi frv. fram að ganga.

Verður nú hljótt um langan tíma um málefni þetta á Alþingi, en næstu tillögur horfa til þess að fjölga biskupsembættum og draga eigi úr.

Þegar kom fram á fjórða og fimmta áratug þessarar aldar, hófust umræður að marki um endurreisn biskupsstóla og um fjölgun biskupsembætta. Þetta mál kom fyrst til umræðu á Alþingi með frv., er prófessor Magnús Jónsson flutti 1941 (Alþ.tíð. þ. á., þskj. 48). Samkvæmt því frv. skyldu biskupsdæmi vera tvö, Skálholtsbiskupsdæmi með biskupssetri í Reykjavík, og Hólabiskupsdæmi með biskupssetri á Akureyri. Skyldi Skálholtsbiskup hafa stjórn og yfirsókn um Sunnlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, frá Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Strandaprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum. Hólabiskup skyldi hafa stjórn og yfirsókn í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungum, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis. Ákvæði voru í frv. þessu um biskupskjör, og skyldu prestar og prófastar hafa kosningarrétt, en guðfræðikennarar einnig við biskupskjör í Skálholtsbiskupsdæmi. Hver kjósandi skyldi greiða einum manni atkvæði, og voru allir þeir kjörgengir, er rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni. Þeim manni skyldi veita embættið, er flest fengi atkvæði, en hlutkesti skyldi ráða, ef tveir eða fleiri hlytu jafnmörg atkvæði. Gert var ráð fyrir, að embætti vígslubiskupa héldust. Fyrirmæli voru um prestastefnur í biskupsdæmum. Þá var það ákvæði um biskupsvígslu, að biskup skyldi vígja eftirmann sinn, en ella hinn biskupinn, ef hans naut við. Að öðrum kosti skyldi vígslubiskup framkvæma vígslu, og sá þeirra, er vígsluþegi kaus til. Í frv. sagði, að Skálholtsbiskup skuli hafa á hendi umsjón, sem er undir stjórn biskups landsins. Lögin skyldu ekki koma til framkvæmda, fyrr en við næstu biskupaskipti eða þegar biskup landsins gæfi samþykki sitt til þessa, en þá skyldi hann verða Skálholtsbiskup.

Í greinargerð með frv. prófessors Magnúsar koma fram þær tvær meginástæður fyrir fjölgun biskupsdæma, sem síðar hefur verið byggt á, annars vegar að þjóðlegur metnaður bjóði að endurreisa biskupsdæmi og biskupsstólana fornu og hins vegar að þjóðkirkjunni sé að því starfsnauðsyn að landinu sé skipt í fleiri biskupsdæmi.

Á Alþingi 1945 fluttu fimm þingmenn frv. til laga „um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal". Í frv. þessu fólst að verulegu leyti önnur stefna en í frv. prófessors Magnúsar Jónssonar. Samkv. frv. skyldu vera hér á landi, auk biskups, tveir vígslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna með embættissetri í Skálholti, og hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna með embættissetri á Hólum í Hjaltadal. Vígslubiskupar skyldu kjörnir af öllum þjónandi prestum þjóðkirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á landinu. Skyldi um kosninguna fara eftir lögum um biskupskosningu. Ef enginn fengi áskilinn meiri hluta atkvæða, skyldi embættið veitt eftir tillögum biskups, en hann skyldi vígja vígslubiskupa. Vígslubiskupar skyldu jafnframt vera dómkirkjuprestar, hvor á sínu setri. Biskup gat falið þeim að vígja presta í biskupsdæmunum, ef hann fékk því eigi sjálfur við komið. Þeir skyldu og vísitera í biskupsdæmum og haga yfirreiðum að fyrirmælum biskups og í samráði við hann. Vígslubiskupar vígja biskup, ef fráfarandi biskup getur eigi gert það, og sá þeirra, er viðtakandi biskup kveður til þess. Þegar fráfarandi biskup framkvæmir vígslu, skulu vígslubiskupar vera sjálfkjörnir vígsluvottar. Eigi síðar en 1950 skyldu reistar biskupsíbúðir að Skálholti og á Hólum, og mælt var fyrir um að reisa skyldi vandaða dómkirkju í Skálholti og framkvæma fullnaðarviðgerð á Hóladómkirkju.

Frv. þetta var lagt fyrir Kirkjuráð og hlaut samþykki þess. Í greinargerð er lögð áhersla á þá nauðsyn, sem á því er, að biskupssetrunum sé sýndur sómi og að þar rísi upp menntasetur. „En þá fyrst er virðing og hin forna helgi þessara frægu staða endurvakin, svo sæmd sé að, ef sameinað verður þar á ný biskupssetur og skóli." Í öðru lagi er bent á, að vegna stærðar landsins og samgangna sé ekki hægt að ætlast til þess, að biskup landsins geti haft það eftirlit, sem æskilegt er, með kirkjum og söfnuðum, prestum og prestssetrum. „Er því hin mesta nauðsyn á, að hann geti falið

völdum mönnum, er prestastéttin ber fullt traust til að annast slíkar yfirreiðar og heimsóknir fyrir sína hönd að einhverju leyti. En einmitt slíka aðstoðarmenn mundi hann fá, þar sem vígslubiskuparnir eru, með þeirri skipan, sem frv. miðar að.“

Frv. þetta varð ekki útrætt.

Á Alþingi 1955 fluttu þingmenn Árnessýslu tillögu til þingsályktunar, svofellda: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.“ Var tillagan flutt samkv. ósk prófasts og presta í Árnesprófastsdæmi. Tillaga þessi til þingsályktunar var samþykkt. Stóð tillaga þessi m. a. í tengslum við 900 ára afmæli biskupsstóls í Skálholti.

Á Alþingi 1956 var flutt tillaga til þingsályktunar um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. Stóðu átta þingmenn að þeirri tillögu. Tillagan var svofelld: „Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. — Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa þá löggjöf, sem nauðsynleg kann að reynast vegna flutnings biskupsstólsins.“ Þessi tillaga var aldrei tekin á dagskrá til efnismeðferðar.

Á Alþingi 1957 fluttu fjórtán þingmenn þessa tillögu til þingsályktunar: „Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.“ Um þessa tillögu urðu nokkuð miklar umræður, en tillagan varð ekki útrædd.

Á Alþingi 1961 fluttu fjórir þingmenn þessa tillögu til þingsályktunar: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram í samráði við biskupinn yfir Íslandi nauðsynlegan undirbúning að flutningi biskupsseturs að Skálholti, að lokinni þeirri uppbyggingu staðarins, sem nú stendur yfir.“ Þessi tillaga kom ekki til efnismeðferðar.

Á Alþingi 1962 flutti ríkisstjórnin frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað. Umræður urðu miklar um frv. þetta og snérust þær mjög um það, hvort ákveða ætti í frv. þessu eða í tengslum við það, að Skálholt yrði biskupssetur, og voru ýmsir þingmenn þeirri hugmynd fylgjandi. Ekki var þó tekin afstaða til þessa við meðferð frv. á Alþingi, en það var samþykkt sem kunnugt er, sbr. lög nr. 32/1963.

IV.

Kirkjuþing þjóðkirkju Íslands hefur margoft fjallað um skipan biskupsdæma og biskupsstóla, allt frá því að fyrsta Kirkjuþing var háð 1958. Tvívegis hafa verið samþykkt frumvörp til laga um biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju, árin 1958 og 1968. Skulu þau frv. nú reifuð stuttlega.

Í frv., er Kirkjuþing afgreiddi 1958, var gert ráð fyrir tveimur biskupum. Skyldi Skálholtsbiskup sitja í Reykjavík, en Hólabiskup á Akureyri. Þeim skyldi búin dvalarskilyrði í Skálholti og á Hólum, og skyldu þeir dveljast þar, „þegar þeim þykir henta og ber skylda til ....“, þ. á m. þegar prestastefnur eru haldnar þar eða aðrir kirkjulegir fundir. Heimilt skyldi að ákveða, að Hólabiskup sæti á Hólum, „enda hafi það áður verið samþykkt af þjónandi þjóðkirkjuprestum og safnaðarfulltrúum biskupsdæmisins“. Skálholtsbiskupsdæmi skyldi taka yfir Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum, en Hólabiskupsdæmi yfir hinn hluta landsins. Ákvæði voru um biskupskjör í frv. þessu. Kosningarrétt skyldu eiga prófastar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar í því biskupsdæmi, er veita á. Kjörgengir til biskupsembætta eru allir þeir samkv. frv., „sem kjörgengi hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni“. Hver kjósandi skyldi kjósa einn þeirra, sem kjörgengir eru til embættis. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Nú fær enginn það atkvæðamagn, og skal embættið þá veitt einhverjum þeirra þriggja manna, sem flest fengu atkvæðin. Biskup skyldi vígja eftirmann sinn, en ella hinn biskupinn. Kveðið var á um tvær árlegar prestastefnur í frv., í Skálholti og á Hólum. Biskupar skyldu eiga sæti í kirkjuráði og á kirkjuþingi og skiptast þar á um forsæti. Báðir

biskupar skyldu fara með sameiginleg málefni kirkjunnar gagnvart stjórnvöldum og koma fram sem fulltrúar þjóðkirkjunnar eftir samkomulagi sín á milli. Biskupar skyldu hafa skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri, en skrifstofa Skálholtsbiskups átti jafnframt að hafa með höndum sameiginleg málefni biskupsdæma beggja. Skrifstofustjóri hennar skal skipaður af kirkjumálaráðherra samkvæmt tillögum beggja biskupa. Nánari ákvæði um skiptingu á starfssviði biskupa skyldi setja með reglugerð, að fengnum tillögum beggja biskupa. Gert var ráð fyrir, að embætti vígslubiskupa skyldu niður lögð. Lögin áttu að koma til framkvæmda við næstu biskupaskipti eða þegar biskup landsins veitti samþykki sitt til þess. Skal þá kjósa Hólabiskup, en biskup landsins verða Skálholtsbiskup.

Frumvarp Kirkjuþings var eigi lagt fyrir Alþingi.

Fyrir Kirkjuþing 1966 var lagt frv. um biskupa hinnar íslensku þjóðkirkju. Var frv. vísað til biskups og Kirkjuráðs til frekari undirbúnings undir næsta Kirkjuþing. Frv. var síðan samþykkt á Kirkjuþingi 1968. Samkv. því skyldu biskupsdæmi hinnar „íslensku þjóðkirkju vera þrjú, Reykjavíkur-, Skálholts- og Hólabiskupsdæmi, og biskupar sitja á þeim stöðum, sem biskupsdæmin eru við kennd. Kirkjumálaráðherra gat þó ákveðið, að Hólabiskup skyldi hafa annað aðsetur í biskupsdæminu, ef meirihluti sóknarpresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins óskar þess. Takmörk biskupsdæmanna skyldu vera hin sömu og til forna, en undan Skálholtsbiskupsdæmi takist Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi, er verður Reykjavíkurbiskupsdæmi. Ákvæði voru um biskupskjör í frv. Prófastar og þjónandi prestar hvers biskupsdæmis eiga kosningarrétt, en prófessorar við guðfræðideild Háskóla Íslands, þeir er kjörgengir eru til biskups, skyldu njóta kosningarréttar í Reykjavíkurprófastsdæmi. Skipa skyldi þann, er hlýtur ⅗ atkvæða, en ef enginn hlýtur slíkt atkvæðamagn skyldi kjósa milli þeirra tveggja, sem flest fengu atkvæði. Verði þeir jafnir, skyldi skipa þann, sem eldri er í þjónustu kirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem fullnægja skilyrðum til prestsembættis í þjóðkirkjunni án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir. Þá voru ákvæði um, að biskupar ættu samkv. embættisstöðu setu á Kirkjuþingi og í Kirkjuráði. Skyldu biskupar vera forsetar kirkjuþings á víxl eftir þeirri röð, sem þeir koma sér saman um, en Reykjavíkurbiskup skyldi vera forseti Kirkjuráðs. Leikmannafulltrúum á Kirkjuþingi skyldi fjölga um 2, en Kirkjuráð skyldi auk biskups skipað fjórum mönnum, kjörnum á Kirkjuþingi, þremur leikmönnum úr sínu biskupsdæmi hver og hinn fjórði þjónandi prestur. Kirkjuráð skyldi fara með umboð þjóðkirkju Íslands út á við og fyrirsvar hennar í þeim málum, sem varða hana í heild. Embættisskrifstofa Reykjavíkurbiskups skyldi jafnframt vera skrifstofa Kirkjuráðs. Kirkjumálaráðherra skipar henni skrifstofustjóra, (biskupsritara), að fengnum tillögum biskupa. Skrifstofan skyldi annast afgreiðslu og fyrirgreiðslu sameiginlegra mála kirkjunnar gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðiljum og reka erindi einstakra biskupsdæma samkvæmt tilvísun biskupa. Þá voru ákvæði um, að Kirkjuráð hefði á hendi vörslu sameiginlegra sjóða kirkjunnar og þeirra kirkjueigna, sem hún hefur eða fær umráð yfir. Kirkjuráð ráðstafar samkvæmt tillögu biskupa því fé, sem veitt er árlega til prestssetra. Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem um hlutverk takmarkast við tiltekin biskupsdæmi, skulu vera í vörslu hlutaðeigandi biskups, ef lög og reglugerðir mæla því eigi í gegn. Biskup skal vígja eftirmann sinn, verði því við komið, ella framkvæmir biskupsvígslu sá biskup, sem eldri er í biskupsembætti eða að árum sé embættisaldur jafn. Biskupar skulu fara hver um sig með sérmál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og framkvæma annað það í biskupsdæminu, sem lög, reglur eða venjur fella undir biskupsvald. Þeir skulu vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Biskup mátti tilnefna prest eða prófast í biskupsdæminu sem varamann sinn (officialis). Skálholtsbiskup skyldi ásamt Kirkjuráði hafa forræði Skálholtsstaðar í umboði þjóðkirkju Íslands. Þá voru fyrirmæli um, að prestastefnu skyldi halda árlega fyrir landið allt, og skulu biskupar

sitt árið hver undirbúa hana og stýra eftir þeirri röð, sem þeir ákveða. Prestastefnur skulu haldnar í hverju biskupsdæmi eftir þörfum. Jafnframt var boðið, að prestastefnur skuli haldnar í hverju biskupsdæmi eftir þörfum. Enn voru ákvæði um launakjör og önnur starfskjör biskupa og að þeim skyldi veitt hæfilegt fé til skrifstofuhalds, ferðakostnaðar og risnu. Vígslubiskupsembætti skyldu niður lögð. Núverandi biskup skyldi eiga rétt á að setjast í hvert biskupsembættið sem hann kýs.

Frv. Kirkjuþings var eigi flutt á Alþingi.

Rétt er að geta hér tillögu, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 1974 þess efnis, að 2. gr. laga nr. 21/1921 um biskupskosningu yrði breytt svo, að við hana bættist þetta ákvæði: „Sama kosningarrétt hafa leikmenn á Kirkjuþingi og einn kjörmaður úr hverju prófastsdæmi, valinn af safnaðarfulltrúum á héraðsfundi til 6 ára. Héraðsfundir kjósa varamenn á sama hátt."

Árið 1955 skipaði kirkjumálaráðherra þrjá menn í nefnd til að endurskoða lög og tilskipanir um málefni þjóðkirkjunnar. Var dr. Ásmundur Guðmundsson, biskup, formaður hennar, en auk hans áttu sæti í nefndinni Gústav A. Jónasson, ráðuneytisstjóri og séra Sveinn Víkingur, biskupsritari. Þeir sömdu m. a. frumvarp til laga um biskupa þjóðkirkju Íslands. Lá frv. þetta fyrir hinu fyrsta Kirkjuþingi 1958, er samdi og samþykkti annað frv., sem reifað er hér að framan. Frv. kirkjumálanefndarinnar frá 1955 er mjög ítarlegt og þykir rétt að reifa efni þess í stórum dráttum.

Í frv. var gert ráð fyrir þeirri skipan, að biskup Íslands væri yfirmaður hinnar íslensku þjóðkirkju og hefði hann umsjón og eftirlit með framkvæmd kirkjumála og störfum þeirra, er vinna í þjónustu kirkjunnar. Hann skyldi hafa búsetu í Reykjavík, og var ríkinu skylt að sjá honum fyrir hæfilegum embættisbústað, og mælt var fyrir um risnufé og ferðakostnað. Auk biskups Íslands voru biskupar á Hólum og í Skálholti. Tók Skálholtsbiskupsdæmi samkv. frv. yfir Suður- og Vesturland, frá Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis að báðum meðtöldum, en umdæmi Hólabiskups náði yfir Norður- og Austurland, frá Strandaprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis. Rækileg ákvæði voru um verkaskiptingu milli biskups Íslands og biskupanna á Hólum og í Skálholti. Biskup Íslands skyldi sjá um öll sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar. Hann skyldi fylgjast með því, að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu en þeir, sem vel eru til þess hæfir, og skyldi sá, er sækja vill um prestsembætti fá vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til þess, er hljóta má prestsvígslu. Biskup Íslands skyldi halda ár hvert almenna prestastefnu fyrir landið allt og vera forseti hennar. Hann skyldi vígja presta þjóðkirkjunnar, biskupa til Skálholts og Hóla, svo og eftirmann sinn í embætti, ef því verður við komið. Þessi störf má hann þó fela biskupi á Hólum eða í Skálholti, ef hann vill. Biskup Íslands skyldi og vígja kirkjur, ef því yrði við komið, en ella biskupar á Hólum eða í Skálholti. Fyrirmæli voru um kirkjuvígslubréf, er biskup gefur út. Biskup Íslands skyldi eigi sjaldnar en á 20 ára fresti heimsækja hvern söfnuð landsins og kynna sér ýmis þau atriði, er varða kristnihald í söfnuði, sambúð prests og safnaðar, ásigkomulag kirkju og prestsseturs og annað það, er varðar hag prests og safnaðar. Skal hann vanda um við hlutaðeigendur og gera tillögur til úrbóta, ef því er að skipta. Hann gengur eftir skýrslum frá prestum um tiltekin atriði, er varða starfsemi kirkjunnar. Hann setur prófasta um stundarsakir og enn fremur presta til þjónustu í prestslausum prestaköllum o. fl. Biskup Íslands er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum. Ef biskup getur eigi gegnt störfum um stundarsakir vegna veikinda eða fjarvistar, er honum heimilt með samþykki kirkjumálaráðherra að fela öðrum að gegna starfinu um hríð á sína ábyrgð. Er biskup Íslands lætur af starfi, skyldi sá biskupanna í Skálholti eða á Hólum, sem eldri er að biskupsvígslu, vera settur biskup Íslands, uns annar er skipaður.

Verkefni biskupanna á Hólum og í Skálholti var samkv. frv. bundið við að hafa tilsjón með kristnihaldi, hvor í sínu umdæmi. Þeir skulu halda a. m. k. annað hvert ár prestastefnur á Hólum og í Skálholti. Þeir skyldu vísitera allar kirkjur og söfnuði, hvor í sínu umdæmi, eigi sjaldnar en 5. hvert ár í Skálholtsumdæmi, en hið 4. hvert í Hólabiskupsdæmi, og gilda um heimsóknir þeirra sömu ákvæði sem um vísitasíur biskups Íslands. Þeir skyldu annast úttektir prestsetra og prestseturshúsa og hafa á hendi yfirendurskoðun allra reikninga kirkna í umdæminu og senda biskupi árlega skrá um fjárhag þeirra. Þeir skulu fylgjast með störfum presta og prófasta og gæta þess sérstaklega, að þeir sendi skýrslur til biskups um kirkjuleg málefni eftir því sem fyrir er mælt. Biskup Íslands gat falið þeim að vígja presta og kirkjur og framkvæma önnur biskupsverk, ef hann fær því eigi við komið. Biskupar í Skálholti og á Hólum vígja biskupa í forföllum biskups Íslands eða þegar hann óskar. Þeir eiga sæti á Kirkjuþingi. Þeir eru fulltrúar þjóðkirkjunnar á erlendum kirkjuþingum í forföllum biskups Íslands. Þeir skyldu flytja að jafnaði guðsþjónustur í dómkirkju biskupssetranna. Ríkið skyldi sjá þeim fyrir embættisbústað, og ákvæði voru um starfskjör þeirra. Í frv. voru ákvæði um kosningar biskupa. Kosningarrétt við kjör biskups Íslands áttu allir sóknarprestar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskóla Íslands, svo og aðrir embættismenn ríkisins í þjónustu kirkjunnar, sem lokið hafa embættisprófi í guðfræði. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni. Sömu reglur gilda um kosningu biskupa til Hóla og Skálholts með þeirri breytingu, að við kjörið hafa aðeins atkvæðisrétt sóknarprestar hvors umdæmis um sig svo og fráfarandi biskup. Hver kjósandi skyldi kjósa einn mann sem biskupsefni. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Ef enginn fær það atkvæðamagn, skal embættið „veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæði sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn". Ráðgert var, að felld yrðu úr gildi m. a. lög um vígslubiskupa, nr. 38/1909 lög um biskupskosningu nr. 21/1921 og erindisbréf biskupa 1. júlí 1746.

V.

Við samningu frv. þessa hefur verið höfð rík hliðsjón af frumvörpum til laga og tillögum til þingsályktana, sem borin hafa verið fram á Alþingi, svo og af frumvörpum, er komið hafa fyrir Kirkjuþing, og af afstöðu Kirkjuþings til einstakra atriða. Þá hefur verið stuðst við sérfræðilega athugun, sem fram hefur farið á verkefnum biskups, bæði lögmæltum og venjubundnum. Nokkur athugun hefur og farið fram á norrænni löggjöf og biskupsdæmi og störf og starfsháttu biskupa. Þótt margt mæli með því, að biskupar verði þrír hér á landi, hefur af fjárhagsástæðum eigi þótt gerlegt að miða efni frv. við svo mikla fjölgun biskupa. Til álita hefur komið m. a. að halda í núverandi skipan með einum biskupi landsins og viðhalda vígslubiskupsembættum og ætla vígslubiskupum þá meiri verkefni en nú er og ákveða þeim embættissetur í Skálholti og á Hólum. Almennt er örðugt að breyta gömlum embættum verulega að inntaki til án breytingar á heiti embættis. Þessi lausn kemur ugglaust mjög til álita hjá Alþingi og svo fleiri leiðir, sbr. hér síðar, því að með þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að því að kanna viðhorf og vilja Alþingis. Er sú hugmynd, sem frv. er reist á, aðeins ein af fleiri leiðum, sem sterklega koma til greina.

VI.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að biskupsdæmi verði tvö, Hólabiskupsdæmi og Skálholtsbiskupsdæmi. Tillaga þessi er mjög í ætt við frv. Magnúsar prófessors Jónssonar frá 1941 og frumvarp, sem Kirkjuþing samþykkti 1958. Sama er um skilin milli biskups-

dæmanna, sbr. 2. gr. Í þeim frv. var hins vegar gert ráð fyrir, að Hólabiskup sæti á Akureyri. Hér er lagt til, að hann sitji á Hólum í Hjaltadal, sbr. 3. gr., þótt skipa megi því máli annan veg.

Helstu hugmyndir aðrar um lausn á þeim vanda, hvernig skipa eigi biskupsdæmum eru þessar:

1. Biskupsdæmi verði þrjú, Skálholts-, Hóla- og Reykjavíkurbiskupsdæmi, sbr. frumvarp Kirkjuþings 1968 og frumvarp kirkjumálanefndarinnar, sem skipuð var 1955. Í síðarnefnda frv. er Reykjavíkurbiskup nefndur biskup Íslands, en hinir biskupar á Hólum og í Skálholti. Verður þá biskup Íslands fyrir þeim, en hinir biskuparnir hafa afmörkuð verkefni. Meira jafnræðis milli biskupanna þriggja gætir í frv. frá 1968, en þar er byggt á því, að Kirkjuráð gegni ýmsum sameiginlegum málum og fyrirsvari út á við.

2. Biskup Íslands verði einn, en vígslubiskupar tveir með auknu valdsviði frá því, sem nú er. Er þar sérstaklega að geta hugmyndar þeirrar, er lá til grundvallar frv. frá 1945, þar sem byggt er á, að vígslubiskupar sitji á Hólum og í Skálholti og verði þar dómkirkjuprestar jafnframt því að vera vígslubiskupar. Þessi hugmynd liggur nærri frv. kirkjulaganefndar, en þar eru embættismenn þessir nefndir biskupar, en eigi vígslubiskupar.

Vafalaust má hugsa sér fleiri lausnir, og er ærið álitamál, hvernig þessum málum verði hagkvæmast fyrir komið.

Um 2. gr.

Hin fornu skil milli Skálholtsbiskupsdæmis og Hólabiskupsdæmis miða Hólabiskupsdæmi við Norðlendingafjórðung, frá Helkunduheiði og Skorarvíkurbjargi á Langanesi til Hrútafjarðarár, en Skálholtsbiskupsdæmi tekur yfir aðra landshluta (í dómi 10. ágúst 1641 er þó miðað hér við Lönguhlíðarkamb á Langanesi að austan verðu). Til þessara fornu skila er vísað í lögum um vígslubiskupa nr. 38/1909. Eigi þykir einhlítt að leggja sögulegan mælikvarða á þetta mál, heldur ber að meta út frá félagslegum og stjórnsýslulegum viðhorfum í nútíma þjóðfélagi. Í frv. er í megindráttum fylgt frv. Magnúsar Jónssonar frá 1941 og frumvarpi Kirkjuþings 1958, þ. e. að telja til Skálholtsbiskupsdæmis Suðurland, Vesturland og Vestfirði, en til Hólabiskupsdæmis Norðurland og Austurland. Þrátt fyrir þessa landfræðilegu stækkun Hólabiskupsdæmis, verða þar miklu færri íbúar en í Skálholtsbiskupsdæmi, þ. e. 44 931 á móti 171 697, miðað við manntal 1. desember 1974. Heyra 6 prófastsdæmi þá undir Hólabiskupsdæmi, en 9 undir Skálholtsbiskupsdæmi. Miklu fleiri kirkjur, prestaköll og sóknir heyra undir Skálholtsbiskup með þessari skipan. Landfræðilega er hún þó eðlileg.

Samkv. lögum 35/1970 geta mörk prófastsdæma e. t. v. breyst. Ef til þess kæmi, að slík breyting raskaði skilum milli biskupsdæma, yrði sjálfsagt gerð sérstök skipan á því máli við slíka breytingu. Þykir eigi ástæða til að orða sérstaklega í frv. reglu, er lúti að þessu tilviki.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að Skálholtsbiskup sitji í Reykjavík, en Hólabiskup á Hólum í Hjaltadal. Má þó gera aðra skipan, ef meirihluti sóknarpresta og safnaðarfulltrúa mælir með því. Í frv. Kirkjuþinga er gert ráð fyrir, að Hólabiskup sitji á Akureyri, og sama er í frv. Magnúsar Jónssonar frá 1941. Í frv. frá 1945 er kveðið svo á, að vígslubiskup Hólabiskupsdæmis sitji á Hólum, og sama er um Hólabiskup samkv. frv. kirkjulaganefndar (1955). Svo sem fyrr er greint, verður að telja, að biskupssetur á Hólum sé mikilvægur þáttur í því starfi, sem nú er framundan um endurreisn Hólastaðar sem menningarmiðstöðvar á Norðurlandi, er komi einnig Austurlandi að liði. Um val biskupsseturs fer vitaskuld eftir ákvörðun Alþingis, og koma þar til greina ýmis sjónarmið, sem eigi verða rakin hér. Eðlilegt

þykir þó að láta það að nokkru velta á afstöðu þjónandi sóknarpresta og safnaðarfulltrúa í biskupsdæmi, hvar biskup sitji, sbr. og fyrri frumvörpin sum, er hafa hliðstæða reglu að geyma.

Um 4.—6. gr.

Þessar greinar fjalla að efni til um verkefni biskupa og skilin milli starfssviða þeirra. Ýmis verkefni, er heyra nú undir biskup Íslands, eru í eðli sínu staðbundin, þau varða t. d. tiltekinn söfnuð, kirkju, prest, prestsetur, sóknarnefnd, kirkjugarð o. s. frv. Eru þau sérmál biskupsdæmis. Er það ljóst samkv. 4. gr. frv., að hvor biskup fer með sérmál biskupsdæmis. Frv. þetta breytir í engu biskupsvaldi, eða þeim verkefnum, sem nú eiga undir biskup. Önnur verkefni varða hinsvegar þjóðkirkjuna sem stofnun, og eru eigi bundin staðarmörkum í eðli sínu. Gert er ráð fyrir því í 4. gr., að biskupar skuli fjalla sameiginlega um ýmis slík málefni, er varða afstöðu og úrlausn innanlands. Þar sem nú er boðið í slíkum tilvikum t. d. að leita tillagna eða umsagnar biskups, þá ber samkv. 2. málsgr. 4. gr. að leita tillagna og umsagnar beggja biskupa, annaðhvort sameiginlega eða hvors þeirra um sig.

5. gr. frv. er reist á því meginsjónarmiði um verkefnaskiptingu, er að framan greinir. Varðar hún sjóði þjóðkirkjunnar og eignir. Ef sjóðir eða eignir eru tengdar allskostar við annað biskupsdæmi t. d. varða tiltekna kirkju þar, þá á sjóður eða eign að lúta umsjá og forræði biskups þar í biskupsdæmi, sem kirkja er, nema lög, skipulagsskrár (samþykktir) eða aðrir löggerningar standi því í vegi. Rétt þykir — einkum af hagkvæmisástæðum — að mæla svo fyrir, að aðrir sjóðir og eignir kirkjunnar lúti umsjá og forráðum Skálholtsbiskup. Er sú skipan brotalítil og skilvirk. Hins vegar er mælt svo fyrir, að Kirkjuráð úthluti fé úr sjóðum þessum (þ. e. hinum sameiginlegu) — og tekur það einnig til lánveitinga úr sjóði — svo og kveði á um ráðstafanir varðandi eignir, enda mæli lög eða löggerningar þessu eigi í gegn. Hefur Hólabiskup þar með afskiptarétt af þessum mikilvægu þáttum máls til jafns við hinn biskupinn. Lögð er áhersla á, að sérlög um einstaka sjóði kunna að mæla fyrir um sérstaka tilhögun á þessu máli, bæði varðandi vörslu sjóðs og úthlutun, og ganga þau þá fyrir. T. d. eru sérstök ákvæði um Kristnisjóð í II. kafla laga nr. 35/1970, kirkjugarðssjóði er sett sérstök stjórn, sbr. 27. gr. laga 21/1963, kirkjubyggingasjóður hefur og sérstaka stjórn, sbr. 2. gr. laga nr. 43/1954, og sérstök nefnd sker úr um, hverjum veita skuli styrk til bókakaupa, sbr. lög 17/1931, 4. gr. Um hinn almenna kirkjusjóð, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 20/1890 gegnir óneitanlega nokkuð sérstöku máli, þar sem kirkjur víðs vegar á landinu eiga þar innstæður. Eðlilegt þykir, uns endurskoðun fer fram á lögunum, að sá sjóður verði í umsjá Skálholtsbiskups, en kirkjuráð ákveði lánveitingar úr sjóðnum. Við ráðstafanir á kirkjueignum verður vitaskuld að gæta almennra lagareglna varðandi opinberar eignir.

Heimildargögn um eign eða sjóð geta mælt um annan hátt á vörslu og úthlutun úr sjóði en þann, er greinir í 5. gr., og ganga slík ákvæði þá fyrir.

Samkv. 6. gr. frv. er Skálholtsbiskup fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum, en leita skal álits Kirkjuráðs um öll meiriháttar mál, er varða tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlend kirkjufélög. Ef ágreiningur rís um það, hvað séu meiri háttar mál, sker kirkjumálaráðuneyti úr. Skálholtsbiskupi er rétt að fela Hólabiskupi að koma fram fyrir hönd þjóðkirkjunnar í einstökum samböndum eða fara með úrlausn einstakra mála, sem eiga undir 6. gr. Nauðsynlegt er, að einn aðili sé ábyrgur um tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlenda aðilja og taki við erindum, er að því lúti og afgreiði. Af hagkvæmisástæðum er eðlilegt að fela Skálholtsbiskupi þetta verkefni. Þar sem boðið er í greininni að öll veigameiri mál þessarar tegundar komi fyrir Kirkjuráð, er með því tryggt, að Hólabiskup fjalli einnig um þau, og þar með alla meiri háttar stefnumörkun.

Um 7. gr.

Hér segir, að biskupar báðir eigi samkv. embættisstöðu (ex officio) sæti á Kirkjuþingi og í Kirkjuráði, svo og á prestastefnu fyrir landið allt. Eru þeir forsetar Kirkjuþings og prestastefnu til skiptis eftir röð. Felst þá einnig í því, að biskup undirbýr það Kirkjuþing eða þá prestastefnu, sem hann á að stýra samkv. þessu. Biskup er forseti prestastefnu, sem bundin er við biskupsdæmi hans. Lagt er til, að Skálholtsbiskup verði forseti Kirkjuráðs. Hefur hann vegna nálægðar við kirkjumálaráðuneytið o. fl. stjórnsýsluvöld væntanlega betri tök á að undirbúa fundi ráðsins en hinn biskupinn.

Um 8. gr.

Í 1. málsgr. segir almennt um lögkjör biskupa, og skulu þeir njóta þeirra kjara, er biskup Íslands nýtur nú.

Í 2. málsgr. segir um starfslið á skrifstofu biskupa. Á hvorri biskupsstofu skal vera skrifstofustjóri (biskupsritari), er kirkjumálaráðherra skipar, að fengnum tillögum biskups. Eigi er áskilið, að sá maður sé guðfræðingur. Heimilt er að tengja starf biskupsritara í Hólabiskupsdæmi við prestþjónustustarf eða annað þjónustustarf í þágu kirkjunnar, svo sem t. d. starf æskulýðsfulltrúa. Annað starfslið ræður biskup eftir því sem fé er veitt til.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um biskupsvígslu. Þykir eðlilegt, svo sem einnig er mælt fyrir um í fyrri frumvörpum, að leggja til, að forveri vígi eftirmann sinn, en ella biskup í hinu biskupsdæminu.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um það, hvernig ráðstafa skuli biskupsembætti, ef biskup getur eigi gegnt embættinu. Er þar greint á milli þess annars vegar, hvort um **forföll** er að ræða um stundar sakir vegna veikinda, fjarvistar eða annars slíks og hins vegar að biskup **falli frá eða láti af störfum.** Í fyrra tilvikinu kveður kirkjumálaráðherra í samráði við biskup á um, hvernig fara skuli um rækslu embættisins. Í síðara tilvikinu skal yfirleitt setja hinn biskupinn til þess að gegna embættinu ásamt eigin embætti, uns nýr biskup verður skipaður. Eru þessi ákvæði á nokkuð annan veg en í frv. kirkjulaganefndar (1955).

Um 11. gr.

Í þessari grein er afstaða tekin til þess, hvernig skipa eigi einstökum málum, er lög ætla biskupi afskipti af og t. d. þar sem hann á sæti í stjórn stofnunar, nefndar eða stjórnar sbr. og 7. gr. Horfir þetta ákvæði til þess að eyða skýringarvandkvæðum í einstökum tilvikum. Breyta þyrfti formlega þeim lagaákvæðum, sem hér er vikið að, og verður það væntanlega gert við endurskoðun kirkjumálalöggjafar. Í 6. og 7. tölulið er lagt til, að kirkjumálaráðherra skipi annan hvorn biskupinn til þess að taka sæti í þeim stjórnum, sem þar greinir, — og þá væntanlega til skiptis. Hinn biskupinn á rétt á fundarsetu í stjórnum þessum, án atkvæðisréttar. Í 8. tölulið er Skálholtsbiskupi ætlað að hafa ásamt Kirkjuráði forræði um framkvæmdir og starfrækslu í Skálholti, sbr. lög 32/1963. Er þetta ákvæði orðað hér til að taka af hugsanleg tvímæli.

Um 12. gr.

Svo sem fyrr greinir, mun kirkjulaganefnd endurskoða ákvæði laga um stöðu og starfshætti biskups, svo og um biskupskosningar, nú á næstunni. Ákvæði um þessi efni eru því fá í frv. Með 12. gr. er vakin sérstök athygli á þörfinni á þessu endurskoðunarstarfi. Er vel hægt að afgreiða þetta frv., þótt slík endurskoðun liggi nú ekki fyrir.

Um 13. gr.

Hér er mælt fyrir um setningu reglugerðar af hálfu kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups og Kirkjuráðs, um skiptingu verkefna milli biskupanna tveggja, svo og eftir atvikum um skiptingu eigna milli biskupsdæmanna. Verður vísast þörf á slíkri reglugerð. Er efni frv. raunar við það miðað, að eigi sé farið út í smáatriði heldur lúti þau ákvæðum reglugerðar, sbr. og athugasemdir við 5. gr.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og svo um það, hvenær þau komi til framkvæmda, sbr. um síðara atriðið 1. gr. frv. Lögin um vígslubiskupa nr. 38/1909 eiga að falla niður, er lögin koma til framkvæmda. Biskupi Íslands er veittur kostur á að velja hvort biskupsembættið sem er, og er það í samræmi við venjur, þegar embætti er skipt, svo sem hér er raun á.

Ed. 67. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974, um grunnskóla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Aftan við 79. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður greiðir upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli, sem nú skal greina:

Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, upphitun, sem er yfir því marki, sem 4. mgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.

2. gr.

Niður falli orðið „hitun“ í 1. línu 80. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af Sigurði Blöndal á 96. löggjafarþingi og einnig á síðasta þingi, en varð í hvorugt skiptið útrætt. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð í upphafi:

„Tvær höfuðástæður eru til þess, að þetta frv. um breytingu á grunnskólalögum er lagt fram:

1. Hin gífurlega hækkun á verði olíu leggst af miklum þunga á þau sveitarfélög, sem hita skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá, sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum.
2. Mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnæðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu er svo mikill, að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð, að eðlilegt og sjálfsagt sýnist, að ríkið jafni hann.

Skv. þeim upplýsingum, sem menntamálaráðuneytið hefur gefið, varð hitunarkostnaður skólahúsnæðis á landinu árið 1974 sem hér segir:

a. Hitaðir með olíu eða rafmagni 112 skólar			kr. 50 241 625
b. Hitaðir með jarðhita			
ba. Utan Reykjavíkur 24 skólar	kr. 4 927 077		
bb. Í Reykjavík	— 17 099 530		— 22 026 607
		Alls kr.	72 268 232

Þegar þetta yfirlit var gert, vantaði enn þá kostnaðartölur ársins 1974 frá 5 skólum með hitaveitu og rúmum 30 skólum af „köldum svæðum". Þeir eru þó flestir litlir og kostnaðurinn þar mundi ekki breyta heildarmyndinni, sem fram kemur í tölunum hér að ofan.

Þess verður og að geta, að í sumum skólunum er rafmagnskostnaður færður með hitakostnaði í einni upphæð, en svo vill til, að þeir eru nær allir hitaðir með jarðhita. Er því heildarupphæðin hér að ofan yfir þá, sem hitaðir eru með jarðhita, frekar of há en of lág.

Sem dæmi um mismun á hitunarkostnaði með olíu eða jarðhita má nefna, að í nokkrum þeirra skóla, sem hitaðir eru með jarðhita, er kostnaður O, m. a. sumum stórum heimavistarskólum í sveit. Þegar hiti var virkjaður á þessum stöðum ýmsum, var kostnaður við jarðborun felldur undir stofnkostnað, svo sem eðlilegt var, og var þá greiddur af ríkissjóði að ¾ hlutum.

Hins vegar er hitunarkostnaður við heimavistarskólann, þegar olíu er brennt, gífurlega hár. Flm. þekkir t. d. af eigin raun dæmi um slíkan skóla, sem er um 6000 m³ að rúmtaki, sem brennir olíu fyrir um 600 þús. kr., og í yfirliti menntamálaráðuneytisins er einn heimavistarskóli í sveit, þar sem hitunarkostnaður 1974 varð 1.4 millj. kr. Skóli á jarðhitasvæði af svipaðri stærð hafði O í hitunarkostnað.

Það er skoðun flm., að hinn gífurlega aðstöðumun sveitarfélaga að því er þennan sérstaka útgjaldalið varðar sé bæði rétt og skylt að ríkissjóður jafni.

Flm. er kunnugt um, að meðal forráðamanna sveitarfélaga á „köldum svæðum" hefur óánægja yfir misskiptingu þeirri, sem dæmi hafa verið nefnd hér um, farið vaxandi. Eftir hina miklu olíuhækkun síðustu 2ja ára finnst mönnum þó að kasti tólfunum."

Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um afnám tekjuskatts af launatekjum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Bragi Sigurjónsson, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela þeim aðilum, sem nú starfa að endurskoðun gildandi skattalaga, að miða tillögur sínar m. a. við þessi grundvallaratriði:

1. Greint skal milli þess, hvort skattgreiðandi er launþegi eða hefur tekjur af atvinnurekstri, hvort sem atvinnureksturinn er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða opinberum aðilum. Launþegi skal ekki greiða tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum nema þær séu hærri en tvöfaldar meðaltekjur kvæntra karla á síðasta ári, eftir að þær hafi verið leiðréttar samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
2. Við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklings af eigin atvinnurekstri skulu laun hans áætluð eins og telja má eðlilegt miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækis síns, sem og stöðu hans, og vera hliðstæð tekjum fyrir sams konar

störf í atvinnurekstri. Tekjur þessar skulu færðar sem kostnaður við atvinnureksturinn. Sérstöku eftirliti verði beitt til þess að koma í veg fyrir að fólk sé tekið á launaskrá án þess að það starfi í þágu fyrirtækisins, enda liggi þung viðurlög við slíku.

3. Af atvinnurekstri, hvort sem hann er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum eða opinberum aðilum, skal greiddur stighækkandi tekjuskattur.
4. Reglur um afskriftir eigna skulu við það miðaðar, að afskriftirnar svari til eðlilegrar verðmætisrýrnunar, miðað við verðmæti eignarinnar þegar afskrift fer fram, en að jafnan sé miðað við mat á upphaflegum endingartíma eignarinnar, þ. e. að kaupandi eignar afskrifi hana með sama hætti og seljandi hennar hefði borið að gera, þannig að sama eign verði aldrei afskrifuð oftar en einu sinni.
5. Reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum verði við það miðaðar, að um hafi verið að ræða nauðsynlega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrarins.
6. Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga.
7. Sett skulu ítarleg ákvæði, er miði að því að koma í veg fyrir röng framtöl til söluskatts og tekju- og eignarskatts. Eftirlit með því, að þeim ákvæðum sé hlýtt, sé eflt verulega.
8. Allsherjarendurskoðun fari fram á útgjaldakerfi ríkisins í því skyni að bæta ríkissjóði með auknum sparnaði missi tekna af innheimtu tekjuskatts af launatekjum. Að svo miklu leyti sem það, ásamt auknum tekjum vegna breyttra reglna um tekjuskattsgreiðslur af atvinnurekstri og bættu skatteftirliti, dugir ekki til að mæta tekjumissi ríkissjóðs, skal lagt gjald á veltu fyrirtækja, sem stunda atvinnurekstur, og sé upphæð þess miðuð við að tekjur ríkissjóðs haldist óbreyttar þrátt fyrir afnám tekjuskatts af launatekjum einstaklinga, öðrum en hæstu tekjum.
9. Hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis skuli hvor aðili gerða útsvar af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir, ef þær eru á annað borð skattskyldar. Vinni annar aðilinn utan heimilis, skal sá, sem engar tekjur hefur, en vinnur á heimili, eiga rétt til ráðstöfunar á hluta af tekjum hins og greiða útsvar af þeirri fjárhæð, þó aldrei til hærri hlutar en svarar til helmings af tekjum heimilisins. Ef það hjóna, sem annast heimilisstörf, sýnir fram á, að það hafi ekki fengið til ráðstöfunar þann hluta teknanna, sem hún eða hann er talinn eiga rétt á, ber þeim, sem tekna heimilisins aflaði, að greiða allt útsvar af þeim.
10. Lög um tekjustofna sveitarfélaga skulu endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða á hvern hátt þau afla sér tekna sinna. Þó skulu þau ekki fá heimild til þess að innheimta söluskatt né virðisaukaskatt.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komið æ skýrar í ljós, að skattkerfi það, sem íslendingar búa við, er svo ranglátt, að ekki verður við unað. Á grundvelli gildandi skattalaga þrífst mesta þjóðfélagsmisrétti, sem nú er um að ræða á Íslandi. Það er í því fólgið, að meginbungi byrða hinna beinu skatta hvílir á herðum launamanna, en hins vegar greiða þeir, sem einhvern atvinnurekstur stunda, hvort sem er um að ræða félög eða einstaklinga, sáralítinn skatt af tekjum sínum. Á síðustu árum hefur það ranglæti, sem í þessu felst, verið svo augljóst og farið svo vaxandi, að það er orðið eitt brýnasta hagsmunamál launþega, að hér verði úr bætt.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti sér þegar á fyrsta valdaári sínu fyrir setningu nýrra skattalaga, og bar það að sjálfsögðu vott um, að þeir flokkar, sem

að þeirri stjórn stóðu, hefðu gert sér ljóst, að breyting væri nauðsynleg. Þau skattalög gilda í aðalatriðum enn, en hafa hins vegar reynst afar misheppnuð í framkvæmd. Misréttið milli launþega og atvinnurekenda hefur aldrei verið jafnaugljóst og stórfellt og á síðustu árum. Af þessum sökum fluttu þingmenn Alþýðuflokksins þegar á þinginu 1973—74 tillögu til þingsályktunar um lækkun tekjuskatts á einstaklingum. Kjarni tillagnanna var sá, að horfið skyldi frá því, að meginþorri einstaklinga greiddi tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiddi gjöld sín til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts. Þeim, sem hafa mjög háar tekjur, var þó ætlað að greiða áfram stighækkandi tekjuskatt, og sömuleiðis var gert ráð fyrir því, að greiddur yrði stighækkandi skattur af atvinnurekstri. Jafnframt voru gerðar tillögur um sérstaka tekjuöflun, sem verja átti til þess að hækka tekjur þeirra, sem ætla mátti að greiða mundu meira vegna þeirrar hækkunar söluskatts, sem gert var ráð fyrir, en þeir hefðu greitt í tekjuskatt.

Núverandi ríkisstjórn virðist hafa gert sér ljóst, að lagasetning fyrrverandi ríkisstjórnar um skattamál var mjög gölluð, því hún boðaði þegar við valdatöku sína frumvarp að nýjum skattalögum. Ekki var samt slíkt frumvarp flutt á síðasta þingi, en er boðað á þessu þingi. Á síðasta þingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins því tillögu til þingsályktunar um afnám tekjuskatts af launatekjum. Meginbreytingarnar, sem þar var gert ráð fyrir, voru tvær:

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir, að horfið yrði að fullu frá innheimtu tekjuskatts til ríkisins af tekjum launþega. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir því, að ríkið héldi áfram að innheimta stighækkandi tekjuskatt af atvinnurekstri.

Í öðru lagi var lagt til, að tekið yrði að greina milli atvinnurekstrar einstaklinga og einkabúskapar þeirra, í því skyni að koma í veg fyrir, að bókfærður halli á atvinnurekstri geti gert einstaklingi kleift að hafa háar raunverulegar tekjur í skjóli atvinnurekstrarins, án þess að greiða af þeim nokkurn tekjuskatt eða útsvar, vegna þess að atvinnureksturinn er talinn rekinn með tapi samkvæmt bókhaldi og skattaframtali. Gert var ráð fyrir því, að eiganda atvinnufyrirtækisins, sem við það starfar, séu jafnan áætlaðar tekjur, sem telja má eðlilegar miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækisins og stöðu hans við það, og séu þessar tekjur áætlaðar hliðstæðar launum, sem greidd eru fyrir sams konar störf í atvinnurekstri. Síðan greiði hann útsvar af þessum áætluðu tekjum, auk þess sem hagnaður af atvinnurekstrinum yrði auðvitað skattskyldur.

Jafnframt voru gerðar tillögur um ýmsar aðrar breytingar á tekjuskattslögunum, sem allar miðuðu að því, að þeir, sem atvinnurekstur stunda, bæru stærri og réttlátari hlut skattbyrðinnar en átt hefur sér stað.

Nú flytja þingmenn Alþýðuflokksins enn tillögu til þingsályktunar, sem markar þá stefnu, sem þeir telja rétt að fylgt verði við þá endurskoðun gildandi skattalaga, sem unnið er að. Markmiðið er enn hið sama: að leiðrétta hið hróplega misrétti, sem á sér stað milli tekjuskattsgreiðslu launafólks og tekjuskattsgreiðslu þeirra, sem atvinnurekstur stunda.

Ranglæti núgildandi kerfis í skattamálum kemur fram í þessum staðreyndum:

Í ár var einstaklingum gert að greiða 10 550 millj. kr. í tekjuskatt, en félögum 1 740 millj. kr. Þessar 10 550 millj. kr. eru brúttótala. Raunverulegur tekjuskattur er ekki svona hár, því að þessum 10 550 millj. kr. ganga 3 240 millj. kr. til barnabóta, þ. e. bóta með hverju barni, sem tekjuskattsgreiðandi hefur á framfæri sínu, og 700 millj. kr. til afsláttar á útsvari, þannig að raunverulega innheimtir ríkissjóður 6 600 millj. kr. í tekjuskatt, en ekki 10 550 millj. kr. Áður var tekið tillit til framfærslubyrði vegna barna á tvennan hátt: annars vegar með greiðslu fjölskyldubóta úr tryggingakerfinu, og var kostnaður vegna þeirra greiðslna greiddur af ríkinu, en hins vegar með heimild til sérstaks frádráttar frá tekjum vegna barna. Nú hafa þessi tvenns konar hlunnindi verið sameinuð í eitt, í svo nefndar barnabætur, sem dregnar eru frá álögðum tekjuskatti. Ef þessar barnabætur reynast meiri en álagður tekjuskattur, er ýmist útsvar hlutaðeigandi skattgreiðanda lækkað

eða upphæðin beinlínis greidd í peningum. Sú fjárhæð, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði í ár til einstaklinga vegna barnabóta eða til sveitarfélaga vegna útsvara, er talin muni nema um 1 200 millj. kr., en þessar bætur eiga að sjálfsögðu að haldast. Tekjumissir ríkissjóðs vegna afnáms tekjuskatts af launatekjum er því sá tekjuskattur, sem einstaklingum er í ár ætlað að greiða, þ. e. 6 600 millj. kr., sem eru nettótekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, að viðbættum þeim 1 200 millj. kr., sem ríkissjóður mun greiða einstaklingum vegna barnabóta eða sveitarfélögum vegna útsvara, eða 7 800 millj. kr.

Áætlað hefur verið, að um 85% þessarar upphæðar séu greidd af launþegum. Launþegar greiða þannig í ár rúmlega 6 600 millj. kr. í tekjuskatt til ríkissjóðs.

Eins og fyrr segir, er félögum, sem stunda atvinnurekstur, gert að greiða 1 740 millj. kr. á þessu ári. Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur, greiða nær 1 200 millj. kr. í tekjuskatt, þannig að allir þeir, sem stunda atvinnurekstur á Íslandi, munu í ár greiða 2 900 millj. kr. í tekjuskatt til ríkisins. Hér er um að ræða aðeins 55—60% af þeim aðilum, sem atvinnurekstur stunda. 40—45% af öllum atvinnurekendum í landinu greiða í ár alls engan tekjuskatt til ríkisins. Óhætt mun að fullyrða, að heildarvelta allra atvinnutækja í landinu hafi í fyrra numið a. m. k. 300 milljörðum króna, án söluskatts. Af þessari 300 milljarða kr. veltu eru aðeins greiddar 2 900 millj. kr. í tekjuskatt, samtímis því sem lagðar eru 6 600 millj. kr. á launþega. Það er í þessu, sem hið hróplega ranglæti núgildandi tekjuskattskerfis er fólgið. Nú í ár má áætla heildarveltu atvinnufyrirtækjanna um 400 milljarða kr.

Því er oft haldið fram, að þetta misrétti eigi rót sína að rekja til gallaðra lagaákvæða um frádráttarréttindi þeirra, sem atvinnurekstur stunda. Er þá talið, að leiðrétta megi misréttið með því að breyta frádráttarreglunum. En margföld reynsla sýnir, að það tekst ekki að eyða misréttinu með þessum hætti. Nýjasta dæmið er endurskoðun ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar á skattalöggjöfinni á fyrsta valdaári hennar. Ekki skal í efa dregið, að fullur vilji hafi þá verið til þess að ganga þannig frá ákvæðum skattalaga varðandi atvinnurekstur, að atvinnurekendur, sem hefðu í raun og veru mjög háar tekjur, gætu ekki komið sér hjá tekjuskattsgreiðslu. En þetta mistókst algerlega. Þess vegna hefur þingflokkur Alþýðuflokksins komist að þeirri niðurstöðu, sem er í samræmi við ályktanir síðustu flokksþinga Alþýðuflokksins um skattamál, að eina örugga ráðið til þess að firra launþega því hróplega ranglæti, sem þeir verða fyrir, sé fólgið í því að afnema hreinlega tekjuskatt til ríkisins af launatekjum, að þeim hæstu þó frátöldum.

Í tillögu þeirri, sem þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á síðasta þingi, var gert ráð fyrir afnámi tekjuskatts af öllum tekjum. Í umræðum um þá tillögu, bæði innan þings og utan, létu ýmsir þá skoðun í ljós, að ástæðulaust væri að afnema algerlega tekjuskatt af þeim launþegum, sem mjög háar tekjur hefðu. Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur nú viljað taka tillit til þessa sjónarmiðs. Hann telur að athuguðu máli rétt að greiddur sé stighækkandi tekjuskattur af hæstu tekjum, eins konar hátekjuskattur. Auðvitað geta skoðanir verið skiptar um það, hvað telja skuli hátekjur, og eru flutningsmenn til viðræðu um aðra viðmiðun en þá, sem nefnd er í tillögunni, en þar eru það taldar hátekjur ef þær eru helmingi hærri en meðaltekjur ársins á undan, eftir að þær hafa verið leiðréttar samkvæmt breytingum á kaupgjaldsvísitölu. Samkvæmt skýrslum Hagstofu Íslands, sem birtar hafa verið í Hagtíðindum, reyndust meðalbrúttótekjur kvæntra karla í fyrra 1 791 000 kr. Samkvæmt því hefðu tekjur, sem hefðu verið hærri en 3.6 millj. kr., átt að teljast tekjuskattsskyldar hátekjur samkvæmt þessari tillögu. En hér er þess að geta, að í skýrslunni eru tekjur eiginkvenna taldar með tekjum eiginmanna. Þessi tillaga gerir hins vegar ráð fyrir sérsköttun hjóna, svo að meðaltalið lækkar talsvert, þótt ekki verði sagt með vissu, hvert það hefði orðið. Ef til vill hefði það ekki orðið fjarri 3 millj. kr. Þessi stighækkandi tekjuskattur til ríkisins verði innheimtur ásamt útsvari, þó þannig, að tekjuskattur og útsvar verði aldrei hærri hluti viðbótartekna en 50%.

Grundvallaratriði þeirrar nýju stefnu í skattamálum, sem boðuð er í þessari tillögu til þingsályktunar, eru þessi:

1. Horfið verði frá innheimtu tekjuskatts til ríkisins af tekjum launþega, annarra en þeirra, sem hafa mjög háar tekjur.
2. Tekið verði að greina milli atvinnurekstrar einstaklinga og einkabúskapar þeirra. Eiganda atvinnurekstrar, sem við hann starfar, séu jafnan áætlaðar tekjur, sem telja má eðlilegar miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækisins og stöðu hans við það, og séu þessar tekjur áætlaðar af hliðstæðum launum, sem greidd eru fyrir sams konar störf í atvinnurekstri. Síðan greiði hann útsvar af þessum áætluðu tekjum, auk þess sem hagnaður af atvinnurekstrinum yrði auðvitað skattskyldur almennt. Til þess að koma í veg fyrir, að fyrirtæki freistist til þess að taka fólk á launaskrá til þess að auka gjöld sín og minnka hagnað, án þess að hluti þess vinni raunverulega í þágu fyrirtækisins, er gert ráð fyrir sérstöku eftirliti með því, að þeir, sem eru á launaskrá fyrirtækisins, vinni raunverulega fyrir þeim launum, sem þeim eru talin greidd, og varði það þyngstu refsingu, jafnvel missi atvinnurekstrarleyfis, ef reynt er að sniðganga lögin á þennan hátt.
3. Af öllum atvinnurekstri sé greiddur stighækkandi tekjuskattur, eins og nú á sér stað.
4. Reglum um afskriftir eigna sé beitt á þann veg, að ekki verði framvegis hægt að afskrifa sömu eign í skattaframtali oftar en einu sinni vegna þess að hún skipti um eiganda, en réttur nýs eiganda til fullra afskrifta samkvæmt gildandi lögum hefur verið ein aðalundirrót misréttar milli skattgreiðslu af tekjum atvinnurekanda og launþega.
5. Reglur um heimild til að draga vexti af skuldum frá tekjum af atvinnurekstri verði við það miðaðar, að um sé að ræða nauðsynlega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrar, en gildandi heimildir til vaxtafrádráttar hafa mjög verið misnotaðar og átt verulegan þátt í því misrétti, sem áður hefur verið nefnt.
6. Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga. Það atriði, sem einna vandasamast er að setja skynsamleg, réttlát ákvæði um í lögum um skatta af tekjum, er, hvernig fara skuli með söluhagnað af eignum, ekki síst vegna breytinga á verðgildi peninga. Það er skoðun flutningsmanna, að ekki sé réttmætt að skattleggja söluhagnað, ef hann á eingöngu rót sína að rekja til þess, að verðlag hefur hækkað og peningar þess vegna lækkað að verðgildi. Annan söluhagnað telja þeir hins vegar réttmætt að skattleggja og þá alveg sérstaklega þann hagnað, sem á rót sína að rekja til verðhækkunar eigna, sem orðið hefur vegna opinberra aðgerða og án nokkurs tilverknaðar af hálfu eiganda eignarinnar. Vegna ákvæða gildandi laga hafa háar tekjur af sölu eigna sloppið undan eðlilegu skattgjaldi. Á hinn bóginn er eðlilegt að viðurkenna rétt atvinnurekenda til afskrifta af raunverulegu verðmæti eigna, þegar afskrift fer fram.
7. Hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi án tillits til hjúskaparstéttar. Nú gildir sú aðalregla, að tekjur hjóna eru lagðar saman við álagningu skatta, og er það að sjálfsögðu óeðlilegt. Hins vegar er veittur viss frádráttur vegna þeirra tekna, sem eiginkona aflar utan heimilis. Ef annað hjóna aflar tekna utan heimilis, en hinn aðilinn annast heimilisstörf, á hinn síðar nefndi að eiga rétt til þess að ráðstafa hluta af tekjum heimilisins og greiða þá að sjálfsögðu útsvar af þeim hluta. Þetta sjónarmið eitt er að dómi flutningsmanna í fullu samræmi við nútímahugmyndir um jafnrétti kynjanna. Ef það hjóna, sem annast heimilisstörf, sýnir fram á, að það hafi ekki fengið til ráðstöfunar þann hluta tekna heimilisins, sem hún eða hann er talinn eiga rétt á samkvæmt gildandi reglum hverju sinni, ber þeim, sem tekna heimilisins aflaði, að greiða allt útsvar af þeim.

8. Lagt er til, að gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða, á hvern hátt þau afla sér tekna sinna, án þess þó að veita þeim heimild til þess að innheimta söluskatt, sem eðlilegt er að sé skattstofn ríkisins.

Eins og áður segir mundi afnám alls tekjuskatts til ríkisins af launatekjum skerða tekjur þess um 7 800 millj. kr. Í þessari tillögu er lagt til, að tekjuskattur sé greiddur af mjög háum tekjum, hátekjuskattur. Erfitt er að áætla, hversu hann mundi nema miklu. Sé gert ráð fyrir, að hann nemi 800 millj. kr., mundu tekjur ríkisins lækka um 7 000 millj. kr. vegna framkvæmdar þeirra breytinga á skattkerfinu, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir. Að sjálfsögðu er skylt að benda á leiðir til þess að bæta ríkissjóði þennan tekjumissi. Það telja flutningsmenn tillögunnar unnt að gera á eftirfarandi hátt:

1. Svo sem kunnugt er, nemur söluskattur nú 20%. Tvö af þessum söluskattsstigum voru á sínum tíma á lögð vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og á Norðfirði, og áttu þau að falla niður, þegar greiðslum vegna þeirra væri lokið. Hins vegar hefur ríkissjóður tekið tekjurnar vegna framangreindra lagaákvæða um þessi tvö söluskattsstig til almennra þarfa sinna. Þessu var Alþýðuflokkurinn andvígur á sínum tíma. Í raun og veru ætti að lækka söluskattinn í 18% og draga úr útgjöldum ríkisins sem því svarar. Tekjur af hverju söluskattsstigi munu nú nema um 1 400 millj. kr., svo að hér er um 2 800 millj. kr. upphæð að ræða. Með hliðsjón af því, að ríkisútgjöld eru nú nær 70 milljarðar króna og hafa vaxið í þá upphæð úr 30 milljörðum á árinu 1970, ætti að vera unnt að lækka ríkisútgjöld um 2 800 millj. kr. án þess að skerða nauðsynleg útgjöld vegna þjónustu við almenning og nauðsynlegar framkvæmdir. Slík lækkun útgjalda ríkisins er einnig nauðsynleg af almennum fjárhagsástæðum, sem þáttur í baráttunni gegn aukinni verðbólgu. Það skal fúslega játað, að erfitt kann að reynast að framkvæma slíka lækkun á útgjöldum ríkisins á einu ári. Í stað þess mætti gera tveggja eða jafnvel þriggja ára áætlun um lækkun ríkisútgjaldanna og láta þá framkvæmd afnáms tekjuskattsins á launþegum koma fram í hliðstæðum áföngum.

Lækkun ríkisútgjalda um 2 800 millj. kr. á 2—3 árum ætti ekki að vera vandaverk og raunar nauðsynleg út frá almennum efnahagssjónarmiðum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár eru ríkisútgjöldin áætluð um 83 milljarðar kr. Framlög til trygginga-, heilbrigðis- og menntamála nema um 40 milljörðum kr., en að sjálfsögðu kemur ekki til mála að lækka þessi útgjöld frá sjónarmiði þingflokks Alþýðuflokksins. En bein rekstrarútgjöld nema 8—10 milljörðum. Lækkun þeirra um t. d. 15% mundi spara ríkissjóði 1 200—1 500 millj. kr. Fjárveitingar til opinberra framkvæmda og framlög til fjárfestingarsjóða, sem mjög hafa farið vaxandi á allra síðustu árum og hæpið er, að ríkissjóður eða skattborgarar eigi að leggja fé til með þeim hætti, sem nú á sér stað, nema upp undir 20 milljörðum. 10% lækkun á þessum fjárveitingum mundi spara ríkissjóði um 2 milljarða kr. Með þessum tveim ráðstöfunum mundi ríkissjóður spara meira en svarar til teknanna af tveim söluskattstigum eða 3 200—3 500 millj. kr., samanborið við 2 800 millj. kr. tekjur af söluskattsstigunum. Í þessu sambandi má enn fremur á það minna, að á næsta ári er gert ráð fyrir 2 200 millj. kr. útgjöldum vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Auðvitað verða þessar upphæðir ekki afnumdar í einu vetfangi, en sé hafist handa um gerð áætlunar um lækkun ríkisútgjalda, ætti lækkun útflutningsbóta að sjálfsögðu að vera einn þáttur hennar.

Samkvæmt þessari tillögu yrði söluskattur óbreyttur. Flutningsmenn tillögunnar gera þannig ráð fyrir því, að söluskattur verði áfram 20%, þótt hann ætti í raun og veru aðeins að nema 18%, en tekjur af tveimur söluskattsstigunum gangi til þess að mæta hluta af tekjumissinum vegna afnáms tekjuskattsins af launatekjum.

2. Reglum um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt í atvinnurekstri verði breytt, svo og reglunum um tekjuskatt af söluhagnaði eigna. Mjög miklum erfiðleikum er bundið að áætla, hversu mikið ríkissjóður mundi geta aukið tekjur sínar með breytingum á þessum reglum gildandi skattalaga. Ekki ætti þó að vera fjarri lagi að áætla þá upphæð einhvers staðar milli 500 og 1 000 millj. kr.
3. Sú upphæð, sem þá vantar til þess að ríkissjóði séu bættar þær 7 000 millj. kr., sem hann mundi missa við afnám tekjuskatts af launatekjum, öðrum en hátekjum, nemur þannig 3 200—3 700 millj. kr. Þess var áður getið, að heildarvelta allra atvinnufyrirtækja í landinu hafi í fyrra numið 300 milljörðum króna. 55—60% af þeim aðilum, einstaklingum og félögum, sem stunda atvinnurekstur, greiða tekjuskatt til ríkisins, og hann nemur aðeins 2 900 millj. kr. Augljóst er, að slík tekjuskattsgreiðsla til ríkisins af 300 milljarða veltu er óeðlilega lítil. Slík greiðsla sýnir, að ekki er unnt að láta einstaklinga og fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, greiða réttlátan hlut af skattbyrðinni með því að leggja á hagnað þeirra eða nettótekjur. Þetta hefur löggjafinn viðurkennt að því er snertir greiðslur af tekjum atvinnurekstrar til sveitarfélaga. Þau greiða ekki útsvar af tekjum sínum eins og einstaklingar, heldur aðstöðugjöld, sem miðað er við veltu og er mishátt eftir ýmsum aðstæðum og eftir því, um hvers konar atvinnurekstur er að ræða. Tekjur sveitarfélaga af þessu aðstöðugjaldi er nú í ár áætlað að muni nema rúmlega 2 000 millj. kr. Ef lagður yrði sérstakur veltuskattur á fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, en tekjur af veltuskattinum rynnu í ríkissjóð, þyrfti hann ekki að vera nema 1% af veltunni eins og hún er áætluð á þessu ári, til þess að tekjur af honum næmu þeim 3 200—3 700 milljónum, sem á vantar til þess að ríkissjóði yrði að fullu bættur sá tekjumissir, sem afnám tekjuskatts af venjulegum launatekjum hefði.

Um þá gagngeru skattkerfisbreytingu, sem þessi tillaga fjallar um, og fjárhagshlið hennar, er þetta að segja:

Byrði beinna skatta er orðin óbærilega þung og álagning þeirra er að mörgu leyti mjög ranglát, auk þess sem hún er afar dýr í framkvæmd. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum er orðið svo hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta af tekjum sínum. Samtímis verða þeir vitni þess, að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða jafnvel enga tekjuskatta né útsvör vegna rekstrar síns. Þessi óhóflega skattheimta er í mörgum tilfellum orðin og verður í æ fleirum fjötur á framtakssemi einstaklinga og vinnuvilja og er því beinlínis orðin hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum eru ekki einungis orðin vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum, þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er, að um eða yfir helmingur viðbótartekna venjulegs launþega fer til greiðslu skatta af tekjunum, getur ekki hjá því farið, að það hafi lamandi áhrif á framtakssemi og vinnuvilja, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga.

Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur, hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná tekjujöfnunarmarkmiðinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðis- og skólamála, og enn fremur margs konar niðurgreiðsla á neysluvörum almennings og nú á síðari árum trygging lágmarkstekna og neikvæður tekjuskattur. Er óhætt að fullyrða, að álagning stighækkandi tekjuskatts hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu. Auk þess

er það ranglátt, þar eð reynslan hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laganna til frádráttar með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna.

Þegar óbeinn skattur, eins og söluskattur, er greiddur, ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Enn fremur má nefna, að framkvæmd tekjuskattsheimtu er óhemju dýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts.

Stefnubreyting sú í skattamálum, sem þessi tillaga til þingsályktunar fjallar um, er stórkostlegt réttlætismál frá sjónarmiði launþega og mundi afnema eitt alvarlegasta misréttið, sem nú ríkir í íslensku þjóðfélagi. Og hún er framkvæmanleg. Að því hafa verið leidd rök í þessari greinargerð fyrir tillögunni.

Sþ. 69. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þingsályktunartillögu þessa. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að þáltill. verði samþykkt, en tillaga okkar undirritaðra er sú, að hún verði felld.

Alþingi, 4. nóv. 1976.

Gils Guðmundsson, frsm. Benedikt Gröndal.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Flm.: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Benedikt Gröndal, Sigurlaug Bjarnadóttir, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið um þetta efni eða verið er að undirbúa í nálægum löndum. Nefndin skal hafa lokið störfum áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis og þessi var flutt á Alþingi 1973—74 og 1975—76, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Á síðasta þingi fylgdi henni svofelld greinargerð:

Notkun tölvutækni skapar áður óþekkta yfirsýn við söfnun hvers konar upplýsinga, og þegar þess háttar tækni er beitt til að skrásetja persónulegar skoðanir fólks eða aðrar upplýsingar um einkahagi manna, þá er alvarleg hætta á ferðum. Þetta hefur mönnum orðið ljóst á seinustu árum í flestum nálægum löndum, og þess vegna hafa víða verið gerðar ráðstafanir til að vernda friðhelgi og persónuréttindi einstaklinga gegn undramætti tölvutækninnar.

Nýlega hafa verið lögleidd í Bandaríkjunum ákvæði, sem eiga að tryggja rétt einstaklingsins til einkaleyndar og verja hann gagnvart persónuskrám sambandsríkisins: The Privacy Act of 1974, staðfest 31. des. Í Vestur-Þýskalandi hefur mikill lagabálkur um upplýsingavernd legið fyrir sambandsþinginu um tveggja ára skeið. Í Frakklandi starfar nefnd að samningu lagafrumvarps um tölvunotkun og frelsi. Í Austurríki hefur forsætisráðuneytið samið frumvarp að tölvuskrárlögum og lagt fyrir þingið. Í Bretlandi hefur stjórnskipuð nefnd skilað áliti um persónuvernd við tölvuvinnslu hjá einkaaðilum og önnur nefnd hefur fjallað um ríkisreknar tölvuskrár. Á Norðurlöndunum öllum hefur mikið verið fjallað um þessi mál: Svíar urðu fyrstir til að setja lög um þessi efni og er nú komin nokkur reynsla á framkvæmd þessara laga. Norðmenn leggja fram lagafrumvarp á þessu ári og í Danmörku er frumvarp í undirbúningi. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur gert tvær ályktanir um persónuvernd gagnvart tölvutækni og mannréttindanefnd Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur sent frá sér skýrslu um hagnýtingu tölvutækni og áhrif hennar á almenn mannréttindi og þær takmarkanir, sem setja verði tölvunotkun í lýðræðisþjóðfélagi. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, efndi til sérstakrar ráðstefnu um tölvuvinnslu og persónuleynd og var í niðurstöðum ráðstefnunnar lögð á það þung áhersla, að sem víðast yrðu sett lög um tölvurekstur og persónuskrár, og varði brot viðurlögum að mati dómstóla.

Nefna mætti fleiri dæmi en að framan greinir til að sýna, að í öllum nálægum löndum er nú unnið að undirbúningi löggjafar um þessi efni, og hefur þróunin verið einkar hröð á seinustu tveimur árum. Vegna fámennis þjóðarinnar er sérstaklega auðvelt á Íslandi að nota nýjustu tölvutækni til að koma upp skrám um einkahagi allra landsmanna. Að sjálfsögðu er hér ekki aðeins um að ræða pólitískar tölvuskrár; vitað er, að á vegum einkaaðila er nú unnið að gerð tölvuskrár um gjaldþrot, nauðungaruppboð og önnur fjárhagsleg mistök einstaklinga, og er þá væntanlega ætlunin, að þessar upplýsingar verði til sölu í framtíðinni. Á skal að ósi stemma og er ekki seinna vænna, að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að unnt sé að hagnýta tölvutækni hér á landi í annarlegum tilgangi.

Ed. 71. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum skv. lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur.

Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnbrautir:

Vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda, ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna, sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um tengivegi, sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

Þjóðbrautir:

Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja þjóðbraut að innsta býli.

Heimilt er að taka í tölu þjóðbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Ennfremur er heimilt að taka í tölu þjóðbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

3. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Um það atriði, breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni varðandi gerð þjóðvega í hverjum flokki skal setja reglugerð.

4. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
c. Vegir í þorpum með undir 200 íbúum.
d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, sumarbústöðum, eyðibýlum, fjallskilaréttum, bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum.
e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Sýsluvegir samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

5. gr.

21. gr. laganna orðist þannig:

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

6. gr.

23. gr. laganna orðist þannig:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7.000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald sbr. 21. grein.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Af tekjum vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tveimur og hálfum sinnum heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan viðkomandi fjárlagaári. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt skv. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

8. gr.

69. gr. laganna orðist þannig:

Byggingar, leiðslur eða önur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu stofnbrauta. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð skv. 13. gr.

Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmst við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

9. gr.

72. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrautar og 30 m frá miðlínu stofnbrautar. Nánar

skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð samkvæmt 13. gr. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 66 14. júlí 1975 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi í neðri deild Alþingis 15. maí 1975 tók samgönguráðherra, Halldór E. Sigurðsson, fram, að hann vildi að gefnu tilefni lýsa því yfir, að hann hefði þegar ákveðið, að vegalögin yrðu endurskoðuð, komið hefðu í ljós í lögunum ýmsar veilur, sem gerðu það að verkum, að nauðsyn bæri til að gera þetta.

Samgönguráðherra tók fram, að hann hefði í huga að fá alþm. og embættismenn til að vinna að athugun og endurskoðun laganna og leitast við að gefa öllum þingflokkum kost á að vera með í þeirri endurskoðun.

Hinn 9. júní 1975 skipaði samgönguráðherra sjö manna nefnd til að vinna að endurskoðun gildandi vegalaga.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, að ráðuneytið vilji að athugun nefndarinnar beinist fyrst og fremst að eftirtöldum atriðum:

1. Gildandi ákvæði um flokkun vega, sem nú er skipt í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. M. a. vegna hringvegarins, sem opnaður var á s. l. ári telur ráðuneytið nauðsynlegt að athugað sé, hvort honum skuli skipt í hraðbrautir og þjóðbrautir og enn fremur telur ráðuneytið nauðsyn bera til að athuga samband tengiveganna við hringveginn, eins og vega á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Austfjörðum, svo að dæmi séu nefnd.
2. Þá telur ráðuneytið rétt að nefndin kanni, hvort gera eigi sérstakar svæðaáætlanir eða landshlutaáætlanir, eins og nú á sér stað, eða fella allar vegaframkvæmdir inn í vegáætlun, sem Alþingi afgreiðir þá í heild.
3. Fjárþörf sýsluvegasjóða.
4. Önnur ákvæði laganna, er leiða kunna af breytingum samkv. liðum 1.—3. hér að framan eða nefndin telur ástæðu til að breyta.

Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri, varaformaður, og alþingismennirnir Ásgeir Bjarnason, Helgi Seljan, Lárus Jónsson, Magnús Torfi Ólafsson og Sighvatur Björgvinsson. Ritari nefndarinnar var ráðinn Jón Rögnvaldsson, þá deildarverkfræðingur, síðar yfirverkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins.

Nefndin hefur haldið 17 fundi og samið frumvarp þetta um breytingu á vegalögum nr. 66/1975. Reyndust einkum tafsöm og skiptar skoðanir um þau atriði, sem fjallað er um í 1. lið skipunarbréfs nefndarinnar og lúta að flokkun vega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingum á 1. mgr. er stefnt að því að fella orðalag gr. betur en í gildandi lögum að þeirri starfstilhögun, sem tíðkast hefur allt frá því að vegalög nr. 71/1963 tóku gildi, bæði að því er varðar undirbúning og afgreiðslu vegáætlunar.

Í 2. mgr. er lagt til, að Alþingi fjalli um skiptingu fjármagns, sem aflað er eftir öðrum leiðum en getið er um í vegáætlun á sama hátt og fjármagns, sem aflað er innan ramma vegáætlunarinnar. Er hér einkum átt við lánsfé til sérstakra framkvæmda, landshlutaáætlanir o. þ. h. Á fskj. 1 eru sýndar hlutfallstölur fjárveitinga og lánsfjár til nýbygginga vega og brúa á undanförnum árum.

Um 2. gr.

Ákvæðin um flokkun þjóðvega í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir í 12. grein vegalaga hafa verið óbreytt frá því lögin voru fyrst samþykkt í desember 1963. Eina breytingin sem gerð hefur verið á þessari grein er, að með lögum nr. 27/1975 um breytingu á vegalögum var bætt við heimildarákvæði um að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum og skólastöðum með vissum skilyrðum.

Reglurnar um skiptingu þjóðvega í flokka samkvæmt 12. grein eru miðaðar við æði skýrt afmörkuð svið:

Hraðbrautir: Sumarumferðin sker úr um það hvort vegurinn lendir í þessum flokki eða ekki.

Þjóðbrautir: Þjónustusviðið, þ. e. lágmarksíbúafjöldi sker úr um það, hvort vegur lendir í þessum flokki eða ekki.

Landsbrautir: Til þessa flokks teljast síðan allir þjóðvegir, sem ekki falla í ofangreinda tvo flokka, en neðri mörk eru sett til aðgreiningar frá sýsluvegum, þ. e. að vegurinn skuli vera minnst 2 km að lengd og ná til a. m. k. þriggja býla.

Þegar fyrsta vegáætlunin var samþykkt á Alþingi vorið 1964 voru þeir vegir sem féllu í hraðbrautaflokk aðeins 131 km. Þetta voru aðalvegirnir út frá Reykjavík og hluti af Norðurlandsvegi norðan Akureyrar. Flokkun þjóðvega í vegáætlun 1964 var sem hér segir:

Þjóðvegir í þéttbýli	97,8 km
Hraðbrautir	131,0 km
Þjóðbrautir	2857,3 km
Landsbrautir	6375,7 km
Alls	9361,6 km

Við þessa flokkun er það að athuga, að fjöldi vega í landsbrautaflokki uppfyllti ekki skilyrði 12. greinar, hvorki um vegalengd né býlafjölda, en voru settir í þennan vegaflokk til næstu fimm ára samkvæmt sérstöku ákvæði í vegalögum (fimm ára reglan).

Við þessa flokkun vekur það athygli, að hraðbrautir eru aðeins 1.4% af þjóðvegakerfinu og ekki nema 4.4% af hraðbrautum og þjóðbrautum samanlögðum. Hefði í raun mátt hafa hraðbrautir sem undirflokk í þjóðbrautum eða láta gerð þeirra ráðast af tæknilegum ákvæðum í 13. gr. laganna.

Ástæðan til þess að svo var ekki gert var fyrst og fremst sú, að þörfin fyrir vegi með bundnu slitlagi á fjölförnustu vegköflunum var svo mikil, að menn vildu hafa þessa vega í sérstökum flokki til þess að knýja á um úrbætur í þesssum efnum.

Við gerð bráðabirgðavegáætlunar fyrir árið 1976 var flokkun vega óbreytt frá vegáætlun 1974—1977, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1975. Sú flokkun var byggð á umferðartölum frá 1974, og var eins og hér segir:

Þjóðvegir í þéttbýli	131,3 km
Hraðbrautir	636,5 km
Þjóðbrautir	3100,1 km
Landsbrautir	4748,5 km
Alls	8616,4 km

Þessi flokkun er í fullu samræmi við ákvæði 12. gr. laganna, eins og gleggst má sjá af styttingu landsbrautanna. Þegar þessi flokkun er skoðuð kemur í ljós, að vegir í hraðbrautaflokki hafa nær fimmfaldast frá fyrstu vegáætlun og eru nú 7.4% þjóðvegakerfisins og 17.1% af samanlögðum hraðbrautum og þjóðbrautum. Þessi mikla aukning hraðbrautanna frá fyrstu flokkun í vegáætlun er bein afleiðing af því að á þessu tímabili hefur bifreiðaeign landsmanna aukist um 145% (71 364 bifreiðar 1. janúar 1975).

Í flokkun í vegáætlun 1976 eru hraðbrautir ekki lengur bundnar við aðalvegina út frá höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri, en ná út frá fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum víða um land. Þessir hraðbrautakaflar hafa þó það sameiginlegt, að þeir hafa allir flust úr þjóðbrautaflokki vegna umferðarmagnsins yfir sumarmánuðina.

Fjárframlög til einstakra vegaflokka í vegáætlun og landshlutaáætlanir.

Eftir að byrjað var á gerð vegáætlana til fjögurra ára voru fjárveitingar til nýrra þjóðvega fyrstu árin eingöngu bundnar við ofangreinda þrjá vegaflokka.

Fjárveitinganefnd Alþingis hefur frá upphafi fjallað um vegáætlun á Alþingi. Myndaðist fljótt sú venja, að fjárveitinganefnd sjálf fjallaði um skiptingu fjárveitinga til einstakra verkefna í hraðbrautum og ákvað einnig hve hár hundraðshluti af fjárveitingu til þjóðbrauta og landsbrauta skyldi fara í hvert kjördæmi. Þingmenn í hverju kjördæmi skiptu síðan fjárveitingum þessum niður á einstök verkefni í þjóðbrautum og landsbrautum innan kjördæmisins.

Fyrsta landshlutaáætlunin náði til vegagerðar á Vestfjörðum ásamt fleiri þáttum samgöngumála. Sú áætlun var framkvæmd á árunum 1965—1970 og var eingöngu fjármögnuð með erlendu lánsfé. Kom skipting á fjármagninu aldrei til kasta Alþingis. Næst kom Austurlandsáætlun. Samkvæmt henni átti að verja 300 m. kr. til þess að ljúka skýrt afmörkuðum vegaköflum á Austurlandi á árunum 1971—1975. Áætlun þessi kom aldrei beint til kasta Alþingis, en var felld inn í vegáætlun fyrst árið 1971 og þá með sérstakri lánsfjáröflun. Þá kom Norðurlandsáætlun. Fyrsti áfangi þeirrar áætlunar kom til framkvæmda árið 1972, en áætlunin var hvorki afmörkuð við tiltekið árabil né tiltekna heildarfjárveitingu. Um þessa áætlun var ekki fjallað beint við gerð vegáætlana á Alþingi fyrstu árin.

Sammerkt fyrir allar þrjár ofangreindar landshlutaáætlanir er það, að þær voru gerðar af Efnahagsstofnuninni og síðar Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við fjórðungssamtök í hlutaðeigandi landshlutum og Vegagerð ríkisins. Þessar áætlanir náðu fyrst og framst til vega innan hlutaðeigandi landshluta, en ekki til tengivega milli landshlutanna. Upphaflega var hugmyndin með þessum landshlutaáætlunum að hraða uppbyggingu vegakerfisins í þeim landshlutum, sem taldir voru á eftir öðrum og fjármagnaðar því sérstaklega með lánsfé umfram fjáröflun til vegáætlunar.

Frá og með árinu 1973 var þó hætt sérstakri lánsfjáröflun til einstakra landshlutaáætlana, en markaðar tekjur vegasjóðs hækkaðar nokkuð til þess að mæta þessari fjárþörf, en síðan var tekin upp almenn lánsfjáröflun til vegáætlunar í heild.

Erfiðleikar við gerð vegáætlana vegna flokkunar þjóðvega og landshlutaáætlana.

Eins og vikið er að hér að framan, hefur orðið mjög hröð aukning á lengd þjóðvega í flokki hraðbrauta frá því byrjað var á gerð vegáætlana og flokkun vega í samræmi við 12. grein. Hefur töluvert af þjóðarbrautum flust í hraðbrautaflokk við svo til hverja nýja vegáætlun eða endurskoðun vegáætlunar. Þetta atriði hefur ásamt takmörkunum landshlutaáætlana, sem ekki ná til tengivega milli einstakra landshluta, valdið sívaxandi erfiðleikum við gerð vegáætlana.

Kom þetta mjög greinilega fram í umræðum á Alþingi hjá samgönguráðherra og einstökum þingmönnum vorið 1975 við gerð vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 og nú síðast á síðastliðnu vori við gerð bráðabirgðavegáætlunar fyrir árið 1976. Í þessum umræðum kom fram, að nauðsynlegt sé að skoða hringveginn og þýðingarmestu tengivegi út frá honum sem eina heild, að því er uppbyggingu einstakra kafla varðar, án tillits til þess í hvaða kjördæmi þeir eru eða í hvaða vegflokki.

Tillaga nefndarinnar og valkostir, sem athugaðir voru.

Nefndin ræddi þetta mál ítarlega á mörgum fundum og kannaði marga valkosti í því sambandi, eins og síðar greinir. Var að lokum staðnæmst við þá tillögu að skipa hraðbrautum og þjóðbrautum saman í einn flokk, sem lagt er til að verði nefndur stofnbrautir.

Skilgreining á þessum nýja vegflokki er að meginefni til hin sama og skilgreining á þjóðbrautum í 12. gr. gildandi laga, þ. e. miðað er við að stofnbraut nái til um 1000 íbúa svæðis. En til þess að stofnvegirnir myndi eðlilegt og samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins þótti rétt að rígskorða ekki flokkunina við íbúatölu eina saman. Falla t. d. allir vegir, sem vegna sumarumferðar teljast til hraðbrauta, skv. gildandi lögum, í þennan flokk án tillits til reglunnar um íbúafjölda og munu gera það áfram.

Á fskj. 2 er sýnt, hvaða vegir munu falla í stofnbrautaflokk. Eru það allar þjóðbrautir og hraðbrautir skv. gildandi vegáætlun að viðbættum nokkrum vegum, sem að áliti nefndarinnar myndu eiga heima í stofnbrautaflokki miðað við þá skilgreiningu, sem lögð er til að samþykkt verði á þeim vegflokki.

Bent skal á, að stofnvegir á fskj. 2 eru alls taldir 3.828,7 km og er það um 92 km lengra en samanlagðar hraðbrautir og þjóðbrautir skv. gildandi vegáætlun, sbr. fskj. 3. Sú flokkun er, eins og áður hefur verið vikið að, byggð á umferðartölum og íbúafjölda í árslok 1974. Af breytingum á íbúafjölda leiðir m. a. lítilsháttar lengingu á þjóðbrautum umhverfis Patreksfjörð og Bíldudal og einnig kemst Seyðisfjarðarvegur í tölu þjóðbrauta samkvæmt gildandi reglum um íbúafjölda.

Með tillögu nefndarinnar er þjóðvegakerfinu skipt í tvo flokka og verður meginstofn þjóðvegakerfisins í einum vegflokki. Eiga ekki að þurfa að koma til neinar teljandi tilfærslur á milli vegflokka við gerð — eða endurskoðun — vegáætlana eins og verið hefur. Tæknileg gerð veganna í hvorum flokki um sig fer að sjálfsögðu eftir áætlaðri umferð, þýðingu þeirra og landfræðilegum aðstæðum skv. 3. gr. frumvarps þessa. Ákvörðun um m. a. hvort lagt skuli bundið slitlag á tiltekinn vegarkafla í vegáætlun fer að sjálfsögðu eftir ákvörðun um fjárveitingar í vegáætlun hverju sinni.

Að lokum skal tekið sérstaklega fram, að nefndin hefur með ofangreindri tillögu sinni um breytingu á 12. gr. gengið út frá því, að við meðferð vegáætlunar á Alþingi fjalli fjárveitinganefnd Alþingis í heild um skiptingu fjárveitinga til einstakra stofnbrauta og að ekki verði um þann vegflokk beitt hundraðshlutaskiptingu þeirri milli kjördæma, sem gilt hefur um þjóðbrautir og landsbrautir um nokkurt árabil.

Aðrir valkostir, sem komið hafa til athugunar.

Eins og að framan sagði ræddi nefndin marga aðra valkosti en tillögu þá, sem gerð hefur verið grein fyrir. Efnisatriði fjögurra hinna helstu, sem merktir eru a—d, er að finna á fskj. 4—7.

Helstu atriði valkosta þessara eru eftirfarandi:

Valkostur a) (sbr. fskj. 4):

Flokkun þjóðvega skv. þessum valkosti er mjög á sömu lund og skv. tillögu nefndarinnar. Þó eru ákvæðin um stofnbrautir nokkuð þrengd og nöfn á flokkum önnur. Eru þjóðbrautir, sem skv. þessum valkosti eru samsvarandi stofnbrautum í tillögu nefndarinnar, um 600 km styttri en stofnbrautir.

Valkostur b) (sbr. fskj. 5):

Skv. þessum valkosti er gert ráð fyrir, að flokkar þjóðvega verði þrír. Stofnbrautir séu núverandi hringvegur og vegir, sem tengja þéttbýlisstaði við sameiginlega þjónustumiðstöð viðkomandi svæðis.

Þær af núverandi þjóðbrautum og hraðbrautum, sem ekki yrðu stofnbrautir skv. þessu, yrðu þjóðbrautir, en landsbrautir yrðu svipaðar og skv. núgildandi vegalögum.

Þetta hefði í för með sér, að stofnbrautir yrðu mjög ósamfelldar, og allvíða yrðu stofnbrautir án tengingar við annað stofnbrautakerfi landsins.

Valkostur c) (sbr. fskj. 6):

Hér er gert ráð fyrir mun róttækari breytingu á flokkun vega en tillaga nefndarinnar og aðrir valkostir, sem kannaðir voru, gera ráð fyir.

Gert er ráð fyrir tveimur flokkum þjóðvega og umferðarmörkum í báðum. Skv. þessu yrði allt fíngerðasta veganetið sýsluvegir. Þannig yrðu um 3.600 km núverandi landsbrauta sýsluvegir. Þetta hefði í för með sér að gera yrði mjög miklar breytingar á skiptingu vegafjár. Þá myndi þessi valkostur væntanlega einnig valda því, að verulegar breytingar yrði að gera á gerð sýsluvegaáætlana.

Valkostur d) (sbr. fskj. 7):

Þessi valkostur gengur í sömu átt og valkostur b), þ. e. vegflokkar eru þrír. Hins vegar er skilgreining stofnbrauta allmikið þrengd þannig að stofnbrautir yrðu um 580 km styttri en skv. valkosti b).

Stofnbrautakerfið yrði samhangandi, en ýmsir mikilvægir tengivegir lægju utan þess.

Á fylgiskjali 8 er samanburður á lengd vega í hinum einstöku vegflokkum skv. núgildandi vegalögum, tillögu nefndarinnar og framangreindum valkostum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 12. gr. gildandi vegalaga eru vegir flokkaðir bæði eftir íbúafjölda og umferðarmagni. Svo sem rakið er í aths. við 2. gr., er það meginstefna þessa frv., að vegir skuli flokkaðir eftir íbúafjölda, sem þeir þjóna, en umferðarmagn skuli ráðandi um gerð vegarins, svo sem gerð slitlags og önnur tæknileg atriði.

Grein þessi á almennt við um vegi í öllum flokkum, ef umferðarmagn og umferðarspá nær því marki, sem greinin tiltekur.

Á fskj. 9 er yfirlit um hraðbrautir skv. núgildandi vegalögum.

Um 4. gr.

Bætt er í d-lið greinar þessarar heimild til að taka vegi að sumarbústöðum í tölu sýsluvega. Þetta þykir rétt þar eð ný ákvæði í 6. gr. frv. gera ráð fyrir nokkuð auknum gjöldum sumarbústaðaeigenda til sýsluvegasjóða.

Á fskj. 10 er sýnt yfirlit yfir lengd sýsluvega hinn 1. janúar 1976 og á þá að vera komin fram sú breyting á sýsluvegakerfinu, sem leiðir af breytingu á vegalögum um sýsluvegi nr. 27/1975, þ. e. styttingu heimreiða niður í 50 m.

Um fjárþörf sýsluvegasjóða.

(5.—7. gr.).

Með gildistöku nýrra vegalaga 1. janúar 1964 var talið, að nokkuð vel væri séð fyrir fjárþörf sýsluvegasjóðanna miðað við það sem áður var. Síðan hafa sýsluvegir verið lengdir tvisvar með breytingu á vegalögum, þ. e. nr. 24/1969 og

nr. 27/1975. Hafa þeir á þessu tímabili lengst um nær 64%, en fjárveitingar til þeirra hafa ekki aukist að sama skapi, þó að nokkuð hafi áunnist með breytingu á vegalögum vorið 1975 (nr. 27/1975).

Þessa þróun má glögglega lesa í eftirfarandi yfirliti um lengd sýsluvega og fjárþörf til þeirra.

SÝSLUVEGIR.

Yfirlit um lengd og fjárframlög.

Ár	Lengd sýsluv. í km	Heildartekjur Heima-frl. m. kr.	Heildartekjur Ríkis-frl. m. kr.	Heildartekjur Alls	Vísi-tala	Heildart. á visit. júlí 1976	Tekjur pr. km á verðl. júlí 1976 í þ. kr.	Hlut-falls-tala
1/1 1964.....	1962	5,0	10,0	15,0	464	160,7	82	100
1/1 1969.....	2142	8,7	17,1	25,8	782	164,0	77	94
1/1 1970.....	2572	11,1	17,5	28,6	888	160,1	62	76
1/1 1974.....	2927	23,5	38,0	61,5	2249	136,0	46	56
1/1 1976.....	3208	66,5	112,7	179,2	4972	179,2 áætlað	56	68
Óbr. lög 1977.....		89,4	158,5	247,9		247,9 áætlað	77	94
1978.....		93,7	180,8	274,5		274,5 áætlað	86	105
Skv. frv. 1977.....		143,7	170,8	314,5		314,5 áætlað	98	120
1978.....		150,0	362,4	512,4		512,4 áætlað	160	195

Í ofangreindri töflu er einnig sýnt, hverjar tekjur sýsluvegasjóðanna yrðu að óbreyttum lögum árin 1977 og 1978 og enn fremur, hver aukning yrði á ráðstöfunartekjum ef fram ná að ganga tillögur nefndarinnar í 5., 6. og 7. gr. frumvarps þessa sem nánar verður vikið að hér á eftir. Kemur þar fram, að ríkisframlag mun á árinu 1978 tvöfaldast við breytinguna. Rauntekjur munu þó tæplega aukast jafnmikið og hlutfallstalan í aftasta dálki töflunnar gefur til kynna. Bæði má búast við því, að sýsluvegir lengist nokkuð vegna heimildarákvæðis 4. gr. um að taka vegi að sumarbústöðum í tölu sýsluvega og einnig muni verðhækkanir á komandi árum hafa áhrif í þá átt að lækka hlutfallstöluna á ný.

Komið hafa fram raddir um það á Alþingi, að þar sem framlög úr héraði til sýsluvegasjóðanna eru aðeins um ⅓ af heildartekjunum væri vel athugandi að gera alla sýsluvegi að þjóðvegum.

Nefndin hefur rætt þessa hugmynd, en er sammála um að slíkt væri spor aftur á bak. Sýslunefndarmenn hefðu hver í sínu héraði mun meiri kunnugleika til að bera til þess að skipta sýsluvegafénu á skynsamlegan hátt en ef gera ætti það jafnhliða afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi. Með því væri einnig verið að flytja vald úr héraði til miðstjórnarvalds í Reykjavík og síst væri ástæða til þess að ýta undir þá þróun í þessu máli.

Um 5. gr.

Lagt er til að lágmarksgjald það, sem hver hreppur skal greiða til sýsluvegasjóða, hækki úr andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa í andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa. Þykir þetta nauðsynlegt vegna mjög vaxandi framkvæmdaþarfar í sýsluvegum m. a. vegna aukinna þungaflutninga um þá í sambandi við breytt fyrirkomulag við mjólkurflutninga (tankvæðing).

Heimildarákvæði til handa hreppsfélögum til að hækka gjald sitt er nokkuð þrengt og gert ráð fyrir, að hámarksgjald megi nema andvirði átta dagvinnustunda, en er tvöfalt lágmarksgjald samkv. gildandi lögum.

Nefndin kannaði ýmsar aðrar leiðir til að auka tekjur sýsluvegasjóða. Er gefið nokkurt yfirlit yfir þær athuganir á fskj. 11.

Um 6. gr.

Gjald skv. 23. gr. gildandi laga hefur verið mjög lágt og í mörgum tilfellum heimt af mannvirkjum, löndum og lóðum og það verði innheimt með sama álagi á fasteignamat eins og önnur gjöld sveitarfélaga, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati. Álag þetta er nú 173% sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 482. 14. nóv. 1975.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að sett verði lágmarksákvæði um gjald þetta og við það miðað, að lágmarksgjald skuli vera svipað og gjald fyrir fjögurra manna fjölskyldu samkv. ákvæðum 21. gr. Er gert ráð fyrir, að lágmarksgjald breytist eftir sömu hlutföllum og dagvinnutímakaup samkv. 21. gr.

Nokkur athugun hefur verið gerð á fjölda þeirra fasteigna sem gjald þetta næði til. Telst nefndinni svo til, að fasteignir þessar muni nema um 2500 á öllu landinu sbr. fskj. 12. Samkvæmt því yrðu tekjur sýsluvegasjóða miðað við lágmarksgjaldið um 17,6 m. kr.

Um 7. gr.

Grein þessi er að meginefni hin sama og 28. gr. í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi 28. gr., að ríkisframlag verði 2½ sinnum heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda næsta ár á undan fjárlagaári, í stað tvisvar sinnum samsvarandi upphæð. Um rökstuðning fyrir þessari hækkun vísast til athugasemda um fjárþörf sýsluvegasjóða (5.—7. gr.).

Þá þykir og rétt, að ríkisframlag sé nokkuð aukið til þess að vega nokkuð upp á móti þeirri miklu tekjuskerðingu sýsluvegasjóðanna sem leitt hefur af því, að fjöldi stærri kauptúna hafa á undanförnum árum öðlast kaupstaðaréttindi meðfram til þess að komast hjá því að greiða sýsluvegasjóðsgjald til hlutaðeigandi sýslu.

Nefndin telur, að hér sé um mjög óheppilega þróun að ræða fyrir margra hluta sakir, en hefur eigi séð leið til þess að breyta þessari þróun innan ramma vegalaganna.

Um 8. gr.

Greinin er að efni til hin sama og 69. gr. í gildandi lögum. Aðeins eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna nýrra heita á vegflokkum í III. kafla laganna.

Um 9. gr.

Vísast til skýringa við 8. gr.

Fylgiskjal 1.

Fjárveitingar og lánsfé til nýb. vega og brúa.


HLUTFALLSTÖLUR

Ár	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Hraðbrautir	4,5	6,4	4,7	4,8	17,1	19,1	21,4	23,9	23,9	28,7	45,0	47,0
Þjóðbrautir	10,0	12,5	12,3	22,7	19,7	13,0	11,2	11,9	9,0	7,1	12,1	15,3
Landsbrautir	12,3	16,8	11,7	11,4	13,2	14,7	13,9	12,0	10,5	9,0	10,6	11,5
Brýr	13,8	21,4	28,5	23,9	17,8	12,6	9,1	7,8	7,2	6,1	7,7	9,8
Vestfjarðaáætlun	3,2	4,7	4,4	7,5	13,8	3,0						
Austurlandsáætlun							8,5	7,6	6,6	5,9	7,4	7,7
Norðurlandsáætlun								10,1	13,4	9,6	10,0	7,6
Skeiðarársandur								10,1	20,5	21,9	5,9	
Djúpvegur								2,5	2,3	5,8	1,3	1,1
Þingvallavegur										4,4		
Annað lánsfé:												
Hraðbrautir	49,6	15,9	14,9	22,4	14,1	37,6	30,1	14,1	6,6			
Þjóðbrautir	6,6	21,7	9,8	1,0			3,2					
Landsbrautir		0,6	13,7	6,3	4,4		2,6			1,5		
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Fylgiskjal 2.

Lengd þjóðvega og sýsluvega samkvæmt tillögu að 12. gr. vegalaga.


Kjördæmi	Stofnbr. km	Þjóðbr. km	„Ríkisvegir" alls km	Sýsluvegir km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	504,7	1 080,2	1 584,9	666,7	2 251,6
Reykjaneskjördæmi	179,5	190,3	369,8	83,4	453,2
Vesturlandskjördæmi	543,3	845,7	1 389,0	512,0	1 901,0
Vestfjarðakjördæmi	793,8	514,4	1 308,2	530,9	1 839,1
Norðurlandskjördæmi vestra ..	355,5	771,2	1 126,7	472,7	1 599,4
Norðurlandskjördæmi eystra ..	581,6	671,0	1 252,6	454,0	1 706,6
Austurlandskjördæmi	870,3	583,6	1 453,9	488,5	1 942,4
Samtals	3 828,7	4 656,4	8 485,1	3 208,2	11 693,3


Fskj. 2
blað 2
Stofnbrautir
skv. tillögu að
12. gr. vegalaga.

Fylgiskjal 3.

Lengd þjóðvega og sýsluvega samkvæmt núgildandi vegalögum.

Kjördæmi	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	„Ríkisvegir" alls km	Sýsluvegir km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	157,5	347,2	1 080,2	1 584,9	666,7	2 251,6
Reykjaneskjördæmi	170,9	8,6	190,3	369,8	83,4	453,2
Vesturlandskjördæmi	103,0	440,3	845,7	1 389,0	512,0	1 901,0
Vestfjarðakjördæmi	8,2	720,5	579,5	1 308,2	530,9	1 839,1
Norðurlandskjördæmi vestra ..	130,3	225,2	771,2	1 126,7	472,7	1 599,4
Norðurlandskjördæmi eystra ..	59,2	522,4	671,0	1 252,6	454,0	1 706,6
Austurlandskjördæmi	7,4	835,9	610,6	1 453,9	488,5	1 942,4
Samtals	636,5	3 100,1	4 748,5	8 485,1	3 208,2	11 693,3


Fskj. 3
blað 2
Flokkun vega skv.
núgildandi lögum
" Hraðbrautir "
" Þjóðbrautir "

Fylgiskjal 4.

12. gr.
Valkostur a)

Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

„Þjóðbrautir“:

Hringvegurinn og vegir, sem ná til 2000 íbúa svæða, svo og þeir vegir aðrir, þar sem innan 10 ára má búast við yfir 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina (júní—sept.).


Landsbrautir:

Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má þar sem aðalfjallvegir liggja upp úr byggð telja landsbraut að innsta býli.

Heimilt er að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Enn fremur er heimilt að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Lengd þjóðvega og sýsluvega skv. valkosti a).

Kjördæmi	„Þjóðbr.“ km	„Landsbr.“ km	„Ríkisvegir“ alls km	Sýsluvegir km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	368,5	1 216,4	1 584,9	666,7	2 251,6
Reykjaneskjördæmi	173,2	196,6	369,8	83,4	453,2
Vesturlandskjördæmi	380,8	1 008,2	1 389,0	512,0	1 901,0
Vestfjarðakjördæmi	549,2	759,0	1 308,2	530,9	1 839,1
Norðurlandskjördæmi vestra ..	355,6	771,1	1 126,7	472,7	1 599,4
Norðurlandskjördæmi eystra ..	563,9	688,7	1 252,6	454,0	1 706,6
Austurlandskjördæmi	822,5	631,4	1 453,9	488,5	1 942,4
Samtals	3 213,7	5 271,4	8 485,1	3 208,2	11 693,3


Fskj. 4
blað 3
Valkostur a)
„Þjóðbrautir"

Fylgiskjal 5.

12. gr.
Valkostur b)

Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:


„Stofnbrautir“:
Hringvegurinn og vegir út frá honum, sem ná til 500 íbúa svæðis svo og „Byggðabrautir“, þ. e. a. s. vegir, sem tengja þéttbýlisstaði sameiginlega þjónustumiðstöð á svæðinu.

„Þjóðbrautir“:
Vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis svo og þeir vegir aðrir, þar sem innan 10 ára má búast við yfir 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

Landsbrautir:
Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli. Heimilt er að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Ennfremur er heimilt að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Lengd þjóðvega og sýsluvega skv. valkosti b).

Kjördæmi	„Stofnbr.“ km	„Þjóðbr.“ km	„Landsbr.“ km	„Ríkisvegir“ Alls km	Sýsluvegir km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	325,1	179,6	1 080,2	1 584,9	666,7	2 251,6
Reykjaneskjördæmi	155,1	24,4	190,3	369,8	83,4	453,2
Vesturlandskjördæmi	303,0	240,3	845,7	1 389,0	512,0	1 901,0
Vestfjarðakjördæmi	380,6	400,5	527,1	1 308,2	530,9	1 839,1
Norðurlandskjördæmi vestra ..	313,8	62,4	750,5	1 126,7	472,7	1 599,4
Norðurlandskjördæmi eystra ..	327,1	254,5	671,0	1 252,6	454,0	1 706,6
Austurlandskjördæmi	797,1	72,9	583,9	1 453,9	488,5	1 942,4
Samtals	2 601,8	1 234,6	4 648,7	8 485,1	3 208,2	11 693,3


Fskj. 5
blað 3
Valkostur b)
" Stofnbrautir "
" Þjóðbrautir "

Fylgiskjal 6.

12. gr.
Valkostur c)


Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

„Þjóðvegir“:
Hringvegurinn, mikilvægir tengivegir, sem ná til 3000 íbúa svæða, svo og þeir vegir aðrir, sem eru með 300—500 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

„Landsvegir“:
Mikilvægir tengivegir aðrir en þjóðbrautir svo og vegir með 100—500 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

Lengd þjóðvega og sýsluvega skv. valkosti c).

Kjördæmi	„Þjóðvegir“ km	„Landsvegir“ km	„Ríkisvegir“ Alls km	„Sýsluvegir“ km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	425,1	397,8	822,9	1 428,7	2 251,6
Reykjaneskjördæmi	181,8	57,0	238,8	214,4	453,2
Vesturlandskjördæmi	307,3	415,6	722,9	1 178,1	1 901,0
Vestfjarðakjördæmi	331,5	497,4	828,9	1 010,2	1 839,1
Norðurlandskjördæmi vestra ..	219,0	263,8	482,8	1 116,6	1 599,4
Norðurlandskjördæmi eystra ..	312,7	441,2	753,9	952,7	1 706,6
Austurlandskjördæmi	573,3	405,7	979,0	963,4	1 942,4
Samtals	2 350,7	2 478,5	4 829,2	6 864,1	11 693,3


Fskj. 6
blað 3
Valkostur c)
" Þjóðvegir "
" Landsvegir "

Fylgiskjal 8.

Samanburður á skiptingu vegakerfisins skv. núgildandi vegalögum, tillögu nefndarinnar og valkostum þeim, sem um er rætt í greinargerð.

Núgildandi vegalög:	
Hraðbrautir	636,5 km
Þjóðbrautir	3 100,1 km
Landsbrautir	4 748,5 km
Sýsluvegir	3 208,2 km
	11 693,3 km
Tillaga nefndarinnar:	
„Stofnbrautir“	3 828,7 km
Þjóðbrautir	4 656,4 km
Sýsluvegir	3 208,2 km
	11 693,3 km
Valkostur a):	
„Þjóðbrautir“	3 213,7 km
„Landsbrautir“	5 271,4 km
Sýsluvegir	3 208,2 km
	11 693,3 km
Valkostur b):	
„Stofnbrautir“	2 601,8 km
„Þjóðbrautir“	1 234,6 km
„Landsbrautir“	4 648,7 km
Sýsluvegir	3 208,2 km
	11 693,3 km
Valkostur c):	
„Þjóðvegir“	2 350,7 km
„Landsvegir“	2 478,5 km
„Sýsluvegir“	6 848,1 km
	11 693,3 km
Valkostur d):	
„Stofnbrautir“	2 025,1 km
„Þjóðbrautir“	1 711,5 km
„Landsbrautir“	4 748,5 km
Sýsluvegir	3 208,2 km
	11 693,3 km

Fylgiskjal 9.

Hraðbrautir skv. vegáætlun 1964—1975. — Yfirlit.

Kostnaðartölur skv. verðlagi í júlí 1976 (vísitölur v. 4643, b. 6840).

Kjördæmi	Lengd km	Bundið slitlag km	%	Malarslitlag Fullgert km	%	Malarslitlag Ófullgert km	%	Óakfært km	%	Kostnaður Vegur M.kr.	Brýr M.kr.	Samt. M.kr.
Suðurlandskjördæmi	157,46	37,07	23,5	21,79	13,9	83,90	53,3	14,70	9,3	2933	**	
Reykjaneskjördæmi	170,87	100,99	59,1	8,85	5,2	52,97	31,0	8,06	4,7	2168*	429	2597*
Vesturlandskjördæmi	103,02	0,00	0,0	4,46	4,3	91,19	88,5	7,37	7,2	3260	**	
Vestfjarðakjördæmi	8,16	1,40	17,1	1,50	18,4	5,26	64,5	0,00	0,0	276	**	
Norðurlandskjördæmi vestra	130,35	0,00	0,0	39,94	30,6	90,41	69,4	0,00	0,0	2752	643	3395
Norðurlandskjördæmi eystra	59,23	2,07	3,5	12,69	21,4	44,47	75,1	0,00	0,0	1527	289	1816
Austurlandskjördæmi	7,42	1,60	21,6	0,00	0,0	5,82	78,4	0,00	0,0	176	**	
Samtals	636,51	143,13	22,5	89,23	14,0	374,02	58,8	30,13	4,7	13092*		

*Kostnað við gerð Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar vantar.
**Brúargerðarkostnaður ekki fyrir hendi enn sem komið er.

Fylgiskjal 10.

Sýsluvegir 1. jan. 1976.

Samkv. a—c lið 19. gr.

	Óakfært km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d-e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km	
Vestur—Skaftafellssýsla		42,4	84,9	127,3	0,2	127,5	
Rangárvallasýsla		17,3	227,5	244,8	40,8	285,6	
Árnessýsla			248,2	248,2	5,4	253,6	
							666,7
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6	
Kjósarsýsla		8,6	68,2	76,8		76,8	
							83,4
Borgarfjarðarsýsla		6,0	79,5	85,5	4,0	89,5	
Mýrarsýsla	0,7	28,6	107,5	136,8	28,4	165,2	
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1,7	16,3	115,1	133,1	31,7	164,8	
Dalasýsla	7,2	19,2	53,1	79,5	13,0	92,5	
							512,0
Austur—Barðastrandarsýsla		18,2	16,0	34,2	60,9	95,1	
Vestur—Barðastrandarsýsla		17,5	23,5	41,0	34,8	75,8	
Vestur—Ísafjarðarsýsla		18,6	27,8	46,4	76,7	123,1	
Norður—Ísafjarðarsýsla	0,1	21,0	24,5	45,6	39,7	85,3	
Strandasýsla		17,4	44,1	61,5	90,1	151,6	
							530,9
Vestur—Húnavatnssýsla	2,8	21,8	101,1	125,6	37,4	163,0	
Austur—Húnavatnssýsla	0,8	17,7	84,1	102,6	1,0	103,6	
Skagafjarðarsýsla	11,2	52,1	135,9	199,2	6,9	206,1	
							472,7
Eyjafjarðarsýsla	2,1	19,9	88,1	110,1		110,1	
Suður—Þingeyjarsýsla	12,6	90,0	83,8	186,4	2,0	188,4	
Norður—Þingeyjarsýsla	39,4	73,3	42,8	155,5		155,5	
							454,0
Norður—Múlasýsla	0,2	77,8	130,8	208,8	21,1	229,9	
Suður—Múlasýsla	0,2	47,4	93,0	140,6	25,3	165,9	
Austur—Skaftafellssýsla	0,9	19,2	50,2	70,3	22,4	92,7	
							488,5
Samtals	79,9	652,2	1 934,3	2 666,4	541,8		3 208,2

Fylgiskjal 11.

Athugun á mismunandi leiðum til að auka tekjur sýsluvegasjóða.

Við samanburðinn er reiknað með þeim forsendum, sem lágu til grundvallar áætlun um tekjur sýsluvegasjóða 1975. Tekjum skv. 23. gr. vegalaga er sleppt.

1. Lágmarksákvæði 21. gr. óbreytt. Ríkisframlag skv. 28. gr. þrefalt.
2. Lágmarksákvæði 21. gr. óbreytt. Ríkisframlag skv. 28. gr. fjórfalt.
3. Lágmarksákvæði 21. gr. sex dagvinnustundir. Ríkisframlag skv. 28. gr. óbreytt.
4. Lágmarksákvæði 21. gr. sex dagvinnustundir. Ríkisframlag skv. 28. gr. þrefalt.
5. Lágmarksákvæði skv. 21. gr. sex dagvinnustundir. Ríkisframlag skv. 28. gr. fjórfalt.

6. Lágmarksákvæði skv. 21. gr. átta dagvinnustundir. Ríkisframlag skv. 28. gr. óbreytt.
7. Lágmarksákvæði skv. 21. gr. átta dagvinnustundir. Ríkisframlag skv. 28. gr. þrefalt.
8. Lágmarksákvæði skv. 21. gr. átta dagvinnustundir. Ríkisframlag skv. 28. gr. fjórfalt.

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1975.
Upph. í þús. kr.

	Ríkis-framlag	Samkvæmt 21. og 26. gr. vegal.	Alls
Núgildandi lög .	52 100	32 500	84 600
Breyting 1	78 100	32 500	110 600
Breyting 2	104 200	32 500	136 700
Breyting 3	104 200*	75 000	179 200
Breyting 4	156 300*	75 000	231 300
Breyting 5	208 400*	75 000	283 400
Breyting 6	138 900*	86 700	225 600
Breyting 7	208 300*	86 700	295 000
Breyting 8	277 800*	86 700	364 500

*Ríkisframlag reiknað út eins og breytingin hefði gilt árið áður

Fylgiskjal 12.

Fjöldi fasteigna, sem gjaldskyldar eru samkv. 23. gr. vegalaga.

Gullbringusýsla	30	
Kjósarsýsla	153	
Borgarfjarðarsýsla		
Mýrarsýsla	135	
Snæfellsnessýsla	110	
Dalasýsla	16	
A-Barðastrandarsýsla		
V-Barðastrandarsýsla	65	
V-Ísafjarðarsýsla		
N-Ísafjarðarsýsla	81	
Strandasýsla	101	
V-Húnavatnssýsla	29	
A-Húnavatnssýsla	37	
Skagafjarðarsýsla	65	
Eyjafjarðarsýsla	81	
S-Þingeyjarsýsla	92	
N-Þingeyjarsýsla	48	
N-Múlasýsla	51	
S-Múlasýsla	30	(áætlað)
A-Skaftafellssýsla	20	(áætlað)
V-Skaftafellssýsla	59	
Rangárvallasýsla	48	
Árnessýsla	1271	
Samtals	2522	

Ed. 72. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um opinberar fjársafnanir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. nóv. 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Ingvar Jóhannsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Jón G. Sólnes.	Geir Gunnarsson.	Bragi Sigurjónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 73. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Í 3. málsgr. 7. gr. komi nýr málsliður, er verði 2. málsliður og orðist svo:

Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo, að það nemi 50% hærri hundraðshluta en hundraðshluta sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr., reiknuðum af ¾ hlutum heildarverðmætis búvara á almanaksárinu.

2. gr.

Í 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 5. málsgr. og orðist svo:

Greiða skal barnalífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ef maki sjóðfélaga fellur frá, og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða barnalífeyri, ef makinn missir starfsorku sína að mestu eða öllu leyti. Sé jafnframt um barnalífeyrisrétt að ræða vegna fráfalls eða örorku sjóðfélaga sjálfs, fer þó um greiðslu lífeyris eftir 2. málslið 2. málsgr.

3. gr.

Í 17. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 4. málsgrein og orðist svo:

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. málsgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði laganna um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

4. gr.

3. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. málsgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein

hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

5. gr.

Í stað „18. gr.“ í 19. gr. laganna komi „17. og 18. gr.“.

6. gr.

Ný grein, er verði 24. gr., orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt II. kafla skal árið 1976 miðast við grundvallarlaun 1971—1975 og árið 1977 við grundvallarlaun 1972—1976. Síðan er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1978.

7. gr.

Ný grein, er verði 25. gr., orðist svo:

Nú ávaxtar sjóðurinn hluta af höfuðstóli sínum í verðtryggðum skuldabréfum eða með öðrum þeim hætti, er hefur í för með sér betri ávöxtun en sem nemur hæstu almennum útlánsvöxtum af skuldabréfum, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því, hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. frá því, sem þau voru á því tímabili, er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af hagnaði sjóðsins af þeirri umframávöxtun, sem nefnd er í 1. málsgr., og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á grundvallarlaunum. Lækki grundvallarlaun, skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. málsgr.

8. gr.

Greinatala laganna breytist þannig, að 24. gr. verði 26. gr. og 25. gr. verði 27. gr.

9. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Árin 1976 og 1977 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en síðan hækki þau á ný 1. júlí 1976, 1. janúar 1977 og 1. júlí 1977 í hlutfalli við þá hækkun, er þá verður á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal hækka á sama hátt, þó þannig, að slíka hækkun skal einungis reikna á lífeyri, er svarar til 15 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breytingu á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974 um breyting á þeim lögum.

Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði s. l. gerðu Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða, þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka veittu lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga skv. lögum nr. 63/1971, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar verði betur verðtryggðar en hingað til.

Með lögum nr. 33 20. maí 1976 um breyting á lögum nr. 63/1971 var þessu áformi hrundið í framkvæmd. Jafnframt var gert ráð fyrir, að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Ekki vannst þó tími til þess á s. l. þingi að bera fram slíkt frumvarp, þótt ljós væri þörf slíkrar breytingar þegar á þessu sumri, en lífeyrisfjárhæðir til aldraðra félaga í Lífeyrissjóði bænda hafa ekki hækkað síðan á árinu 1974.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í 3. málsgr. 7. gr. komi nýr málsliður, er verði 2. málsliður og orðist svo:

Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo, að það nemi 50% hærri hundraðshluta en hundraðshluta sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr., reiknuðum af ¾ hlutum heildarverðmætis búvara á almanaksárinu.

2. gr.

Í 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 5. málsgr. og orðist svo:

Greiða skal barnalífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ef maki sjóðfélaga fellur frá, og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða barnalífeyri, ef makinn missir starfsorku sína að mestu eða öllu leyti. Sé jafnframt um barnalífeyrisrétt að ræða vegna fráfalls eða örorku sjóðfélaga sjálfs, fer þó um greiðslu lífeyris eftir 2. málslið 2. málsgr.

3. gr.

Í 17. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 4. málsgrein og orðist svo:

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. málsgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði laganna um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

4. gr.

3. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. málsgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

5. gr.

Í stað „18. gr.“ í 19. gr. laganna komi „17. og 18. gr.“.

6. gr.

Ný grein, er verði 24. gr., orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt II. kafla skal árið 1976 miðast við grundvallarlaun 1971—1975 og árið 1977 við grundvallarlaun 1972—1976. Síðan er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1978.

7. gr.

Ný grein, er verði 25. gr., orðist svo:

Nú ávaxtar sjóðurinn hluta af höfuðstóli sínum í verðtryggðum skuldabréfum eða með öðrum þeim hætti, er hefur í för með sér betri ávöxtun en sem nemur hæstu almennum útlánsvöxtum af skuldabréfum, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því, hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. frá því, sem þau voru á því tímabili, er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af hagnaði sjóðsins af þeirri umframávöxtun, sem nefnd er í 1. málsgr., og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á grundvallarlaunum. Lækki grundvallarlaun, skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. málsgr.

8. gr.

Greinatala laganna breytist þannig, að 24. gr. verði 26. gr. og 25. gr. verði 27. gr.

9. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Árin 1976 og 1977 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en síðan hækki þau á ný 1. júlí 1976, 1. janúar 1977 og 1. júlí 1977 í hlutfalli við þá hækkun, er þá verður á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal hækka á sama hátt, þó þannig, að slíka hækkun skal einungis reikna á lífeyri, er

svarar til 15 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík 24. ágúst 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 74. Fyrirspurnir. [68. mál]

I. Til menntamálaráðherra um kennaraskort á grunnskólastigi.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hefur menntamálaráðuneytið látið framkvæma könnun á því, hverjar orsakir liggja til þess að svo erfiðlega gengur að fá fullmenntaða kennara á grunnskólastiginu?
2. Eru uppi einhverjar áætlanir hjá ráðuneytinu í þá átt að bæta úr því ástandi, er nú ríkir og hlýtur að teljast óviðunandi?

II. Til heilbrigðisráðherra um málefni vangefinna og fjölfatlaðra.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1975 um hjálparstofnanir vegna vangefinna, sem dveljast í heimahúsum, og aukningu hjúkrunarrýma?

III. Til heilbrigðisráðherra um geðdeild Landsspítalans.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Hvað líður byggingu geðdeildar Landsspítalans?
2. Hve mörg sjúkrarúm fyrir geðsjúka skortir og hvenær verður hægt að taka sjúkrarúm væntanlegrar geðdeildar í notkun?
3. Hvenær áætlar ríkisstjórnin að geðdeildarbyggingunni verði lokið?

IV. Til dómsmálaráðherra um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta?

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Sérstaklega skal kannað, hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar þau fimm ár, sem liðin eru frá því að lög nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi.

Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar því Alþingi, er nú situr. Endanlegar niðurstöður skulu lagðar fram, þegar Alþingi kemur saman haustið 1977.

Greinargerð.

Hinn 1. janúar 1972 tóku lög um Framkvæmdastofnun ríkisins gildi. Þessum lögum hefur síðar verið breytt og starfsemi Byggðasjóðs verið efld. Stofnunin hefur gefið út greinagóðar skýrslur um starfsemi sína, en þær skýrslur gefa ekki yfirsýn yfir, hvaða áhrif starfsemi hennar hefur haft á þróun byggðar í landinu, tekjuskiptingu eftir landshlutum og staðsetningu og starfsskilyrði atvinnurekstrar eftir landshlutum og starfsgreinum. Er því nauðsynlegt, að kannað verði hvaða áhrif starfsemi stofnunarinnar og einkum lánveitingar Byggðasjóðs hafa haft á því fimm ára tímabili, sem senn er liðið frá því að hún tók til starfa.

Æskilegt er, að við könnun þá, sem tillaga þessi fjallar um, verði gerður samanburður við þá landshluta og þá atvinnuvegi, sem farið hafa varhluta af fyrirgreiðslu Byggðasjóðs.

Byggðasjóður er mjög öflugur lánveitandi í hagkerfinu og getur því haft víðtæk áhrif með starfsemi sinni til góðs og ills. Er því eðlilegt, að a. m. k. bráðabirgðayfirlit um áhrif hans verði lagt fyrir það Alþingi, sem nú situr, en endanlegar niðurstöður könnunarinnar þyrftu að liggja fyrir, þegar Alþingi 1977 kemur saman.

Nd. 76. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um endurhæfingu.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta reglugerð um Stjórnarráð Íslands þannig að liðurinn C. 3 í 4. gr.: **Félagsmálaráðuneyti:** „Endurhæfingu, læknisfræðilega og starfslega, vegna skertrar starfshæfni, endurhæfingarstöðvar, styrktarsjóði vangefinna, fatlaðra og blindra svo og erfðafjársjóð“ færist til 7. gr.: **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**

Jafnframt skorar Alþingi á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að stofna nefnd, sem skipuð sé sérfræðingum og fulltrúum fatlaðra, til þess að vinna að lagabreytingum og nýjum lögum er felli endurhæfinguna að heilsugæslu- og heilsuverndarkerfinu, þó þannig að starfsgrundvöllur áhugamannafélaga verði í engu skertur.

Nefndinni skulu tryggðir fjármunir til þess að ráða sér starfsmann.

Greinargerð.

Í löndum, þar sem lífskjör eru sæmileg og heilsugæsla vel skipulögð, er fötlun algengasta mannamein. Fötlun getur verið bæði andleg og líkamleg og orsakir hennar margvíslegar; hún getur verið meðfædd, afleiðing slysa og hinna ólíkustu sjúkdóma. En sé fötlun skoðuð í heild tekur hún til ótrúlegs fjölda fólks. Í Svíþjóð og Noregi hafa verið framkvæmdar tölfræðilegar kannanir á tíðni fatlana og leitt í ljós að ekki minna en tíundi hver maður verði fatlaður á lífsleiðinni, mismunandi lengi og mismunandi alvarlega. Í Svíþjóð er talið að 500 000 manna á vinnualdri eigi við líkamlega fötlun að stríða, og fimmti hluti þessa stóra hóps sé svo illa fatlaður að menn eigi erfitt með jafn-óhjákvæmilegar daglegar athafnir og að klæða sig úr og í, matast, fara á salerni og annast líkamlegt hreinlæti. Skýrslur sjúkrasamlaga í Svíþjóð sýna að árlega koma 150 000 langdvalarsjúklingar á sjúkrahús og að um þriðjungur þeirra þurfi á endurhæfingu að halda. Í Svíþjóð eiga menn þess kost að fá ellilaun fyrr en almennar reglur kveða á um. Fjöldi þessa fólks hefur aukist úr 150 000 manns í janúar 1965 í ca. 278 000 í janúar 1974 og meginástæðan er talin skortur á aðstöðu til endurhæfingar.

Í Svíþjóð verða 135 000 manns árlega fyrir vinnuslysum. Um 2 500 verða fyrir varanlegri fötlun af þeim sökum og 400 fyrir fötlun á háu stigi. Þar í landi eru um 15 000 manns árlega lagðir á sjúkrahús vegna afleiðinga af umferðarslysum, og um helmingur þeirra, eða 7 000—8 000 manns, hefur reynst eiga við einhvers konar fötlun að stríða fimm árum síðar. Þar eru oft um mænuskaddanir að ræða. Árlega bætast við í Svíþjóð 150 alvarlega mænuskaddaðir sjúklingar, flestir ungir, og þeir ná nú oft háum aldri.

Þessar tölur eru teknar úr sænska læknablaðinu frá 12. maí í ár. Jafnnákvæmar kannanir munu ekki tiltækar hérlendis, en allt bendir til þess að fötlunarsjúkdómar séu engu fátíðari á Íslandi, þótt hlutfallið milli tegunda þeirra kunni að vera eitthvað á aðra lund. Þar sem fötlun af einhverju tagi verður hlutskipti tíunda hvers manns og vel það, þótt mislengi sé, er ljóst að hér er um að ræða það mannamein sem víðtækast er á sviði heilbrigðismála.

Skipuleg og víðtæk endurhæfingarstarfsemi á sér mjög stuttan aldur í sögu mannkynsins. Að vísu hefur verið unnið alllengi að félagslegum stuðningi við ýmsa fötlunarhópa. Fyrsta stofnunin til þess að annast blinda var sett á laggirnar í París 1260. Það gerði Lúðvík sá sem sæmdur varð öfugnefninu helgi, og stofnunin átti að annast hermenn sem orðið höfðu blindir í fyrstu krossför hans. Þetta var þó framfærslustofnun, en ekki endurhæfingarstofnun, og sama máli gegndi um hliðstæðar stofnanir aðrar um langan aldur. Í rauninni er það ekki fyrr en með heimsstyrjöldinni síðari að endurhæfing er hafin á skipulegan hátt, enda urðu fatlanir þá tíðari en á friðartímum. Þessi endurhæfingarstarfsemi hefur eflst mjög síðan og mótað heilbrigðisþjónustuna í æ ríkara mæli í löndum þar sem heilsugæsla er vel þróuð. Svo að tekið sé dæmi af Svíþjóð hófst skipuleg endurhæfingarstarfsemi á sjúkrahúsum þar á sjötta áratug þessarar aldar og reglugerð um þá starfsemi var gefin út 1954. Ný reglugerð um enn víðtækari endurhæfingarstarfsemi var gefin út 1964, og 1. júlí 1969 var endurhæfingin gerð að sérgrein innan heilbrigðisþjónustunnar. Árið 1973 voru endurhæfingarstöðvar gerðar að þætti í heilbrigðisþjónustunni.

Þegar lögum um Stjórnarráð Íslands var breytt 1969 og m. a. stofnað sérstakt heilbrigðisráðuneyti, var endurhæfing og mál, sem henni voru tengd, látin halda sér innan félagsmálaráðuneytisins. Endurhæfingarfélög, sem fyrst og fremst hafa verið stofnuð að frumkvæði almannasamtaka, eins og Samband íslenskra berklasjúklinga, sem unnið hefur afreksverk, flokkast undir félagsmálaráðuneytið, líkt og litið sé á endurhæfingu sem vandamál vinnumarkaðarins, en ekki þeirra einstaklinga sem beriast við fötlun. Þetta eru leifar af gömlum og úreltum viðhorfum, þar sem heilbrigðisþjónustunni var ætlað það hlutverk eitt að vinna bug á sjúk-

dómum og gera að meinum þeirra sem urðu fyrir slysum, án þess að sinna þeirri fötlun sem oft fylgdi í kjölfarið. Í baráttu gegn fötlun kemur vissulega fleira til en hrein læknavísindi, einnig félagslegir þættir sem m. a. stefna að því að gera fatlað fólk vinnufært, en læknisvísindin eru tvímælalaust grundvöllurinn, og heildarskipulagið verður að vera í samræmi við það. Því er hér lagt til að endurhæfingarstarfsemi af öllu tagi verði flutt frá félagsmálaráðuneytinu til heilbrigðisráðuneytisins, endurhæfingarstofnanir verði tengdar sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum um land allt falið að vinna að endurhæfingu. Hins vegar er lögð áhersla á að þau fjölmörgu samtök áhugamanna, sem hér hafa risið upp og vinna að endurhæfingu, fái sem víðtækastan og jákvæðastan starfsgrundvöll áfram.

Þá gerir tillagan ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra skipi nefnd fatlaðra og sérfræðinga til þess að endurskoða alla löggjöf um endurhæfingu. Þróunin á þessu sviði hefur orðið svo ör að íslenska löggjöfin er orðin úrelt í ýmsum meginatriðum. Það, sem gerst hefur smánarlegast á því sviði, er sú stórfellda lækkun á raungildi örorkulífeyris og örorkubóta sem framkvæmd hefur verið á síðustu tveimur árum og er íslensku þjóðfélagi til vanvirðu. Auk þess er meginatriði að vinna sem skipulegast að því að tryggja fötluðu fólki atvinnu, rjúfa þannig einangrun þess og tryggja því vinnutekjur. Sú stórfellda breyting, sem orðið hefur á atvinnuháttum undanfarna áratugi, m. a. með aukinni vélvæðingu, gerir fötluðum kleift að taka þátt í framleiðslustarfseminni í miklu ríkara mæli en áður var. Þá er ástæða til þess að leggja áherslu á að koma upp vel búnum opnum göngudeildum, þar sem fólk geti fengið þjálfun þó það búi heima hjá sér og njóti sömu kjara, t. d. í sambandi við lyfjakaup, og þeir sem á sjúkrahúsum dveljast. Sem dæmi um það hve víða skórinn kreppir að skulu hér birtar þrjár ályktanir frá síðasta þingi Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra. Þar er aðeins fjallað um þrjá afmarkaða þætti, en heildarviðfangsefnið er mun margbreytilegra.

Samþykkt 18. þings Sjálfsbjargar l. s. f. um: **Tryggingamál.**

1. Örorkulífeyrir einstaklings að viðbættri tekjutryggingu verði ekki lægri en sem svarar 80% af almennu dagvinnukaupi.
2. Örorkulífeyrir einstaklings án tekjutryggingar verði ekki lægri en sem svarar 40% af almennu dagvinnukaupi.
3. Með skírskotun til 78. greinar laga um almannatryggingar krefst þingið þess, að breytingar á upphæðum bóta verði gerðar samtímis breytingum á kaupi í almennri verkamannavinnu.
4. Úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 112/1972 og nr. 62/1974, 1. gr.: 50. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum er sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem vantar. Ef hlutaðeigandi er algjörlega tekjulaus, skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% lágmarksbóta. Heimilt skal Tryggingastofnuninni að hækka bætur þessar í allt að 50% lífeyris, enda telji viðkomandi stofnun það nauðsynlegt miðað við þarfir umsækjanda á stofnuninni. Hafi bótaþegi tekjur, sem þó eru undir 50% lífeyris, skal Tryggingastofnuninni og heimilt að greiða mismun þeirra tekna annars vegar og 50% lífeyris hins vegar, að fenginni tillögu hlutaðeigandi stofnunar.
5. Þingið skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að hlutast til um að sjúkratryggingar greiði að fullu læknishjálp lífeyrisþega, sem dvelja í heimahúsum.
6. Þingið telur fyllilega tímabært, að tryggingakerfið verði gert sveigjanlegra en verið hefur, til dæmis með því, að opnaðir verði möguleikar fyrir lífeyrisþega

til að fá lán hjá Tryggingastofnun ríkisins til lagfæringa eða kaupa á eigin húsnæði.

7. Endurskoðuð verði 12. grein almannatryggingalaganna varðandi örorkumat, þannig að breytt verði tekjuviðmiðun greinarinnar.
8. Þingið telur nauðsynlegt að allir þjóðfélagsþegnar verði slysatryggðir, hvort heldur þeir eru í starfi eða ekki og án tillits til aldurs.
9. Þingið skorar á Alþingi að hraða setningu löggjafar um sérstakan tryggingadómstól samkv. 6. grein almannatryggingalaganna.
10. Þingið skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að hraða könnun framfærslukostnaðar, sem fram átti að fara á þess vegum, samkv. lögum nr. 13 frá 23. maí 1975.
11. Þingið skorar á fjármálaráðuneytið að fella niður tolla og skatt af öllum hjálpartækjum fatlaðra.
12. Þingið bendir á þá herfilegu afturför, að lífeyrisþegar þurfi að greiða sjúkratryggingagjöld, og telur að bráðabirgðalög nr. 95/1976 séu mistök, sem beri að leiðrétta.
13. Þingið lítur svo á, að hjón eigi að fá greiddan lífeyri, sem samsvarar lífeyri tveggja einstaklinga.
14. Þingið telur að eitt aðalverkefni félagsdeildanna sé að afla sér upplýsinga um bótarétt félaga og gæta þess að einstaklingar noti allan rétt sem þeim ber.
15. Þingið beinir því til Tryggingastofnunar ríkisins að rýmkuð verði nú þegar ákvæði um niðurgreiðslu á skóm fyrir fatlaða.
16. Að barnalífeyrir verði greiddur með börnum örorkulífeyrisþega þótt börnin eigi ekki lögheimili hér á landi.

Samþykktir 18. þings Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra um: **Farartækjamál.**

1. Á næsta ári verði úthlutað eftirgjöf aðflutningsgjalda af fimm hundruð bifreiðum til öryrkja.
2. Af hinni árlegu úthlutun verði felld niður að fullu aðflutningsgjöld af bifreiðum til þeirra öryrkja, sem ekki komast ferða sinna án farartækis, og fái þeir jafnframt endurveitingu á þriggja ára fresti. Enn fremur verði hin almenna eftirgjöf ekki lægri en sem svarar aðflutningsgjöldum af bifreiðum í meðalverðflokki, og endurveiting verði á fjögurra ára fresti.
3. Ef fötlun viðkomandi hefur breyst á leyfistímabilinu og bifreiðin þess vegna ekki nothæf að mati Bifreiðaeftirlits ríkisins verður endurveiting aðflutningsgjalda leyfð að nýju.
4. Öryrkjar hafi frjálst val bifreiðategunda.
5. Öll þau hjálpartæki, sem fatlaðir þurfa að nota í bifreiðar sínar, verði greidd eins og önnur nauðsynleg hjálpartæki 70—100%, þar með talin sjálfskipting, vökvastýri, aflhemlar, talstöðvar og fjarstýrður rafknúinn útbúnaður til að opna og loka bílskúrshurðum.
6. Þingið leggur áherslu á að taka í notkun sem allra fyrst talstöðvar í bifreiðar fatlaðra.
7. Að talstöðvum verði úthlutað til mikið fatlaðra ökumanna og afnotagjald verði fellt niður.
8. Tryggingastofnun ríkisins veiti lífeyrisþegum vaxtalaus lán til bifreiðakaupa og vextir af lánum til annarra bótaþega verði lækkaðir verulega frá því sem nú er.

   Lánin verði að minnsta kosti helmingur af andvirði bifreiða í meðalverðflokki, að frádreginni eftirgjöf.
9. Að Endurhæfingarráð ríkisins sjái svo um að þeir öryrkjar, sem þurfa á ökukennslu að halda vegna atvinnu sinnar eða endurhæfingar, fái ókeypis ökukennslu, sbr. 14. gr. b-lið í lögum um endurhæfingu frá 1. júlí 1974.

10. Að Tryggingastofnun ríkisins veiti lífeyrisþegum, sem njóta tekjutryggingar, sérstakan styrk til rekstrar eigin bifreiðar og ábyrgist jafnframt sjálfsábyrgð bifreiðartrygginganna fyrir sömu aðila. Tekjulausir lífeyrisþegar, sem að mati læknis geta ekki ekið bifreið sjálfir, fái sérstakan bifreiðastyrk.
11. Vegna þeirrar nauðsynjar fatlaðs fólks að eiga bifreið, beinir þingið þeirri áskorun til skattayfirvalda að rekstrarkostnaður og afskriftir bifreiðar þeirra verði frádráttarbær við álagningu tekjuútsvars og tekjuskatts og verði þar um settar ákveðnar reglur.
12. Söluskattur verði ekki reiknaður af eftirgefnum aðflutningsgjöldum til öryrkja, heldur leggist hann við eftirgjafaupphæðina og fyrnist á sama tíma og hún.
13. Þungaskattur af dísilbifreiðum örorkulífeyrisþega til einkaafnota verði felldur niður.
14. Samtökin láti framleiða merki fyrir fatlaða bifreiðastjóra til nota í neyðartilvikum og verði þeim úthlutað skv. sömu reglum og P-merkjum fatlaðra.
15. Samtökin vinni að því við samgönguráðuneytið að P-merki fatlaðra bifreiðastjóra gildi yfir allt landið, en ekki eingöngu í lögsagnarumdæmi viðkomandi, eins og nú er, og kynni lögreglustjóraembættum þann rétt sem þau veita fötluðum ökumönnum.

Greinargerð.

Sjálfsbjörg l. s. f. vill vekja sérstaka athygli ríkisvaldsins á því, að þær gífurlegu verðhækkanir á bifreiðum, sem orðið hafa síðan 1971 eða um 400—500%, gera tekjulitlum örorkulífeyrisþegum ókleift að eignast eða endurnýja bifreið.

Þá vilja samtökin einnig vekja sérstaka athygli á, að á hinum Norðurlöndunum er fötluðum gert miklu auðveldara að eignast bifreið, svo sem með hærri vaxtalausum lánum og styrkjum.

Enn fremur vilja samtökin vekja athygli á þeirri miklu hækkun, sem orðið hefur á rekstri bifreiða, sem veldur því að næstum útilokað er að tekjulitlir örorkulífeyrisþegar geti rekið eigin bifreið. Meðf. tillögur 18. þings samtakanna um farartækjamál benda á þau atriði sem samtökin leggja megináherslu á, og munu þau vinna markvisst að því að réttur fatlaðs fólks verði tryggður í þessu hagsmunamáli.

Samþykkt 18. þings Sjálfsbjargar, l. s. f. um: **Atvinnumál.**

1. 1. Þar sem fólki, sem býr við skerta starfsorku, hefur reynst erfitt að fá atvinnu við sitt hæfi, hefur reynslan orðið sú, að það hefur neyðst til að eyða ævi sinni atvinnulaust, heima eða á stofnunum, sem óneitanlega verður þjóðinni dýrara heldur en ef þessum hópi væri gert kleift að komast út í atvinnulífið og leggja sitt af mörkum í uppbyggingu þjóðfélagsins og þjóðarbúsins. Þingið álítur því, að leysa þurfi atvinnumál þessa hóps hið bráðasta, og leggur þessar tillögur til grundvallar.
2. Þingið beinir þeirri áskorun til ríkis og sveitarfélaga, að þau taki upp samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 18/3 1976, um skipulagða, sérhæfða vinnumiðlun fyrir öryrkja, þar sem mikið skortir á, að fólk með skerta vinnugetu eigi kost á störfum við sitt hæfi. Viljum við leggja sérstaka áherslu á, að þeir, sem annast mannaráðningar hjá fyrrgreindum aðilum, sjái jafnan um, að tiltekinn fjöldi öryrkja (fatlaðra) sé í vinnu á vegum þeirra og sjái til þess, að þeir fullnægi á sómasamlegan hátt því ákvæði í lögum um endurhæfingu, að þeir, sem notið hafa endurhæfingar, eigi forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.
3. Að marggefnu tilefni ber að ítreka til Arkitektafélags Íslands, að við hönnun nýbygginga, svo sem atvinnu- og þjónustubygginga, sé gert ráð fyrir að fatlað fólk eigi greiðan aðgang um. Sérstaklega ber að athuga snyrtiherbergi og dyrabreidd.

4. Þingið beinir þeirri áskorun til Endurhæfingarráðs, að það hefji tafarlaust aukna kynningu á atvinnumálum öryrkja (fatlaðra) í samvinnu við Sjálfsbjörg í fjölmiðlum.
5. Einnig komi mjög til greina, að gefinn væri út bæklingur um endurhæfingarlögin í svipuðu formi og kynningarbæklingar Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Þeim hópi fatlaðs fólks, sem ekki getur fengið atvinnu á almennum vinnumarkaði, þarf að skapa skilyrði til vinnu á vernduðum vinnustöðum. Á vegum öryrkjafélaganna í landinu eru reknar nokkrar vinnustofur, sem veita litlum hluta þessa fólks atvinnu. Gera þarf stórt átak til þess að fjölga vernduðum vinnustöðvum. Leggur þingið áherslu á að vinnustofu landssambandsins verði veitt nauðsynleg fjármagnsfyrirgreiðsla til þess að hún geti hafið störf sem fyrst.

Nd. 77. Frumvarp til laga [71. mál]

um ráðstafanir til bættra móttökuskilyrða fyrir sjónvarpssendingar á fiskimiðum úti fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal þegar fela Ríkisútvarpinu að láta reisa endurvarpsstöð fyrir sjónvarp á fjallinu Barða milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 20 milljónum króna til þessara framkvæmda.

3. gr.

Lán það, sem tekið verður samkvæmt 2. gr., og annar kostnaður við verkið skal endurgreiðast smám saman með árlegum fjárlagafjárveitingum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að sjónvarpið tók til starfa hefur það gegnt miklu og mikilvægu hlutverki meðal þjóðarinnar.

Þó vissulega hafi mikið áunnist í dreifingu sjónvarps um landsbyggðina er talsvert sem á skortir að sjónvarpið nái til allra landsmanna, þar á meðal til þeirra mörgu sjómanna sem fiskveiðar stunda mikinn hluta úr árinu.

Flutningsmanni er vissulega ljóst að víða er úrbóta þörf varðandi dreifingu sjónvarps um hinar strjálu byggðir landsins og þörf á því að vinda bráðan bug að verulegu átaki í þeim efnum. Hinu ber ekki að leyna, að sjómenn hafa að verulegu leyti sérstöðu í þessu efni, því auk þess að vera afskekktir þessum nútíma fjölmiðli sem sjónvarp er, þá er starfi þeirra þann veg háttað, að þeir eru langdvölum fjarri heimilum sínum og hafa af þeirri ástæðu enn meiri þörf fyrir þessa sjálfsögðu þjónustu, þó á engan hátt skuli dregið úr nauðsyn þess að aðrir þeir, sem afskekktir eru notkun þessa fjölmiðils, njóti hans sem fyrst.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikill fjöldi skipa stundar veiðar úti fyrir Vestfjörðum mikinn hluta úr árinu. Ekki er þar bara um að ræða vestfirskan skipastól, því með sanni má segja að skip víðast hvar af landinu stundi veiðar á þessum miðum.

Á árinu 1972 var gerð af Póst- og símamálastjórninni athugun á leið til að beina sjónvarpsmerki út á miðin úti fyrir Vestfjörðum. Sú athugun leiddi í ljós að endurvarpsstöð á Barða mundi hvað best ná þeim tilgangi að bæta móttökuskilyrði fyrir sjónvarp á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum og einnig mundi endurvarpsstöð þar þjóna að einhverju leyti byggðinni á Ingjaldssandi, sem ekki nýtur sjónvarps nú.

Kostnaðaráætlun fylgdi þessari athugun og var hún á þessa leið:

1. Tæki, loftnet, mastur og annar búnaður	1 435	þús.	kr.
2. Bygging undirstaða og flutningur	1 350	—	—
3. Rafmagn og sími	1 000	—	—
4. Uppsetning masturs, loftneta og tækja	250	—	—
5. Ófyrirséð 10%	465	—	—
Samtals	4 500	þús.	kr.

Ekki þarf fram að taka að allt verðlag hefur hækkað stórkostlega frá því þessi áætlun var gerð og að sjálfsögðu tillit tekið til þess í frv.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að þegar verði hafist handa um framkvæmd þessa nauðsynjamáls og ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán til framkvæmdanna, sem síðan endurgreiðist með fjárlagafjárveitingum á næstu árum.

Vel má vera að einhverjum finnist hér í mikið ráðist og ekki sé á bætandi lántökur á vegum ríkissjóðs, eins og málum er nú háttað. Flutningsmaður er hins vegar þeirrar skoðunar, að hér sé um óverulega fjárupphæð að ræða þegar tillit er tekið til þeirrar miklu og sjálfsögðu þjónustu sem þessi framkvæmd mundi veita sjómönnum og öðrum þeim sem þessa nytu — þjónustu, sem sjómenn eiga sannarlega skilið, ekki síður en aðrir landsmenn. Með því hugarfari er þetta frv. flutt.

Sþ. 78. Fyrirspurnir. [72. mál]

I. Til fjármálaráðherra um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að framfylgja þingsályktun er samþykkt var 18. mars s. l. um að komið verði á fót stofnlánasjóði vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla?

II. Til forsætisráðherra um aðgerðir vegna langvarandi neyðarástands í atvinnumálum á Bíldudal.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

1. Hvaða aðgerðum hyggst ríkisstjórnin beita til að eðlilegt atvinnuástand geti skapast á Bíldudal?
2. Er ríkisstjórnin reiðubúin til þess, ef Alþingi heimilar, að taka á leigu til eins árs skuttogara, er leysi úr brýnustu hráefnisþörf Bíldudals og e. t. v. fleiri staða, sem búa við afgerandi hráefnisskort?

Ed. 79. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um byggingu og rekstur dagvistunarheimila fyrir börn.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og fengið á sinn fund Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Landsambands íslenskra sveitarfélaga og Svandísi Skúladóttur fulltrúa í menntamálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Steingrímur Hermannsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. nóv. 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Helgi F. Seljan, með fyrirvara.
Jón Helgason.	Axel Jónsson.	Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 80. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um aðild grænlendinga að Norðurlandaráði.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina og fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði að beita sér fyrir því að grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir.

Greinargerð.

Norðurlandaríkin standa mjög framarlega meðal þjóða heims að því er varðar lífskjör, menningarmál og félagsmál. Þó eru til staðir innan Norðurlanda sem bera allt annan svip og mótast enn af þeim tíma þegar sum Norðurlandaríki voru nýlenduveldi. Verst er þetta ástand í Grænlandi. Þegar stöðu Grænlands var breytt 1953, þannig að landið hét ekki lengur nýlenda, heldur „amt í Danmörku“, var ástæðan sú, að þing Sameinuðu þjóðanna hafði samþykkt að gera könnun á ástandinu í nýlendum þeim sem enn væru eftir á hnettinum, og dönsk stjórnarvöld vildu af skiljanlegum ástæðum ekki að sú könnun næði til Grænlands. En afleiðingarnar urðu meira en formlegar. Danir tóku upp þá stefnu að gerbreyta lífsháttum grænlendinga og þar með menningu þeirra. Þeir söfnuðu grænlendingum — að verulegu leyti með valdi — í þorp og smábæi við ströndina og reyndu að koma á atvinnuháttum sem líktust þeim sem t. d. tíðkast í flestum Evrópulöndum. Afleiðingin varð sú að nýlenduáþjánin varð miklu nærgöngulli við hvern einstakan grænlending en áður var. Grænlendingar voru flestir veiðimenn áður, og veiðimenn eru persónulega frjálsir hvernig svo sem yfirstjórn er háttað í landi þeirra. Þegar grænlendingum var smalað í bæi voru rætur þeirra við fortíðina rifnar sundur, og þeir kynntust á degi hverjum hlutskipti ófrjálsra manna. Fullyrða má að nýlenduáþjánin í Grænlandi hafi aldrei orðið verri en eftir að landið varð „amt í Danmörku“. Flutningsmaður þessarar tillögu kynntist því andrúmslofti sjálfur á alllöngu ferðalagi um vesturströnd Grænlands sumarið 1975 ásamt öðrum fulltrúum í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs.

Á síðustu árum hefur eflst í Grænlandi pólitísk vakning, ekki síst meðal ungs fólks sem hlotið hefur menntun og kynnst ástandinu í öðrum Evrópulöndum. Þetta

unga fólk ber fram eðlilegar kröfur um sjálfstjórn. En jafnframt vofa yfir grænlendingum meiri hættur en nokkru sinni fyrr, vegna þess að við landið og í því hafa fundist mikil verðmæti, t. d. bæði olía og úran. Hætta sú, sem vofir yfir grænlendingum, er að alþjóðlegir auðhringir fái aðstöðu til að nýta þessar auðlindir án þess að grænlendingar verði um það spurðir, en með slíkri innrás væri bundinn endir á grænlenska menningu og eðlilegar grænlenskar sjálfstæðishugmyndir.

Danskir ráðamenn segja oft að vandamál grænlendinga séu „danskt innanríkismál", og er vonandi ógeðfellt fyrir alla íslendinga að hlusta á slíkan málflutning. Hitt væri sýnu geðfelldara, að Norðurlandabúar allir litu á það sem hlutverk sitt að styrkja grænlendinga til þess að ná þjóðlegri fótfestu á nýjan leik og ákveða sjálfir framtíðarörlög sín. Tillögu þessari er ætlað að gefa grænlendingum kost á að kynna vandamál sín og túlka viðhorf sín í stofnun þar sem fulltrúar allra Norðurlandaþinga eiga fulltrúa.

Sþ. 81. Þingsályktun [28. mál]

um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara.

(Afgreidd frá Sþ. 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 28.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um sama kjördag fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé æskilegt, að reglulegar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari fram samtímis.

Greinargerð.

Kjörtímabil til Alþingis og sveitarstjórna er venjulegast 4 ár.

Skv. 57. gr. laga nr. 52 frá 14. ágúst 1959, sbr. lög 22/1971, eiga almennar, reglulegar alþingiskosningar að fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Hafi þingrof átt sér stað getur kjördagur þó verið annar.

Skv. 17. gr. laga nr. 58 frá 29. mars 1961 eiga almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, að fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag.

Það er vel þekkt hérlendis að kosningaundirbúningur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar er kostnaðarsamur og tímafrekur. Síðustu vikurnar fyrir kosningarnar eru starfsmenn flokkanna og embættismenn, sem sjá eiga um kosningarnar, algjörlega bundnir kosningastarfinu. Kosningaundirbúningsins gætir og um allt þjóðfélagið.

Venjulegast er ekki kosið sama ár til Alþingis og sveitarstjórna. Rándýr kosningaundirbúningur fer því fram bæði fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar. Frá þjóðfélagslegu sjónarmiði verður að telja þetta óheppilegt og að áliti flm. þessarar tillögu ónauðsynlegt. Réttur kjósandans til að neyta atkvæðisréttar síns ætti á engan hátt að skerðast við þá breyingu, að kjördagur fyrir reglulegar alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar verði sá sami og að þær fari fram samtímis.

Með tillöguflutningi þessum er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að athuga breytingu í þessa áttina.

Flm. er kunnugt um, að árið 1970 var í Svíþjóð tekið í lög það ákvæði að kjósa samtímis til þjóðþings (riksdagen), landsþinga (landsting) og sveitar- og bæjarstjórna (kommun). Þessi skipan gekk í gildi um leið og einnar deildar kerfi var komið á í þjóðþinginu. Kjördagur þar er þriðji sunnudagur í september þriðja hvert ár. Áður höfðu gilt svipuð ákvæði og hér, þ. e. að kjörtímabilið var fjögur ár og kosningar annars vegar til þjóðþingsins og hins vegar til landsþinga og sveitar- og bæjarstjórna voru aðskildar og fóru ekki fram á sama ári.

Það er fullrar athygli vert fyrir íslendinga — frá tæknilegu sjónarmiði séð — að athuga, **hvernig** sænskir kjósendur fara að því að kjósa. Ég nefni nokkur atriði:

1. Þar sem í raun er um þrennar ólíkar kosningar að ræða, eru kjörseðlarnir í mismunandi litum til aðgreiningar, þ. e. gulir (riksdag), bláir (landsting) og hvítir (kommun).
2. Hér er því svo farið, að kjósandinn fær við kosningu afhentan kjörseðil með nöfnum frambjóðenda allra flokka, og honum er síðan ætlað að krossa við bókstaf þess lista, sem hann styður. Í Svíþjóð eru á hinn *bóginn gefnir* út sér kjörseðlar fyrir hvern þeirra flokka, sem í framboði eru, og sjá flokkarnir um að senda þá til kjósenda fyrir kosningar. Hver kjósandi fær því í hendur a. m. k. 15 kjörseðla (5 flokkar × 3 kosningar) og fleiri þar sem fleiri flokkar en núverandi þingflokkar bjóða fram. Auk þess geta þeir kjósendur, sem þess óska, fengið eyðukjörseðla á kjörstað. Hafi kjósandi — einhverra hluta vegna — ekki fengið í hendur kjörseðla þess flokks, sem hann óskar að kjósa, þá er vaninn sá, að fulltrúar flokkanna standa utan við kjörstað allan kosningadaginn og deila út kjörseðlum. Þar að auki liggja kjörseðlar frammi á kjörstað.
3. Á kjörstað fær kjósandinn bara í hendur þrjú umslög (eitt fyrir hvern þeirra kjörseðla, sem hann tekur með sér í kjörklefann). Síðan fer hann inn í sjálfan kjörklefann og stingur niður í umslagið kjörseðli þess flokks, sem hann óskar að kjósa. Að síðustu afhendir hann umslögin þrjú og um leið er merkt við á kjörskrá að viðkomandi hafi kosið. Á umslagahornunum eru smágöt, þannig að hægt er að sjá lit kjörseðlanna og fylgjast með því, að hver kjósandi hafi aðeins kosið einu sinni í hverjum kosningum, svo og að sjá til þess, að hver kjörseðill lendi í réttum kjörkassa, þ. e. gulur í þjóðþingskjörkassanum o. s. frv. Að sjálfsögðu gerir þetta kjósandanum kleift að greiða mismunandi flokkum atkvæði í kosningunum þremur, þannig að hann getur t. d. kosið miðflokkinn til þings, jafnaðarmenn til landsþings og kommúnista til sveitarstjórnarstarfa.

Nánar í framsögu.

Ed. 83. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum um tollskrá o. fl., nr. 6/1974.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Ekki skal beita samtollun við tollafgreiðslu vöru úr tollvörugeymslum, heldur skal farið eftir tollskrárnúmerum, flokkist vara undir sérstakt tollskrárnúmer.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sérstaða tollafgreiðslu úr tollvörugeymslum er öllum ljós, sem til þekkja.

Úr tollvörugeymslu getur innflytjandi tekið tiltölulega lítið magn úr stórum sendingum, eftir því sem markaður og eftirspurn krefst hverju sinni, og er þá óeðlilegt að greiða hærri toll en ákvæði viðkomandi tollskrárnúmers segja til um, eingöngu vegna þess að hlutir í öðrum og hærri tollflokkum voru einnig í hinni sömu vörusendingu frá útlöndum, sem ekki verða notaðir í sambandi við þá vöru, sem út er tekin, þegar sú vara er seld. Við samtollun, sem í eðli sínu veldur verðhækkun, skapast misræmi í verðlagi eftir því, hvernig vörusendingum er háttað, en það er oft ekki á valdi innflytjenda að ráða því. Stór fyrirtæki vilja komast hjá því að setja smásendingar á mörg farmskjöl.

Rétt er að leggja áherslu á að tollvörugeymslum og viðskiptamönnum þeirra er mikið kappsmál að fá gerða á framkvæmd tollafgreiðslu þá breytingu sem frumvarpið felur í sér. Má vísa m. a. til eftirfarandi stjórnarsamþykktar í Tollvörugeymslunni hf. í Reykjavík, sem gerð var á stjórnarfundi 7. nóv. 1974:

„Stjórnarfundur í Tollvörugeymslunni hf., haldinn fimmtudaginn 7. nóv. 1974, telur að brýna nauðsyn beri til að breytt verði framkvæmd á samtollun þess varnings, sem fer í tollvörugeymslur félagsins, vegna sérstöðu tollafgreiðslu þaðan. Sé nauðsyn lagabreytingar í þessu sambandi, samþykkir stjórnin að vinna að því að svo verði gert.“

Tilraunir stjórnar Tollvörugeymslunnar hf. til að fá fram breytingu í framangreinda átt hafa ekki borið árangur og því er frumvarp þetta borið fram.

Sþ. 84. Fyrirspurnir. [76. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um greiðslufyrirkomulag úr Fiskveiðasjóði Íslands vegna nýsmíða, lenginga og yfirbygginga fiskiskipa.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvernig hefur greiðslum verið háttað úr Fiskveiðasjóði Íslands við áfangamat árin 1974, 1975 og það sem af er þessu ári vegna:
   a. Nýsmíða skipa innanlands?
   b. Lenginga og yfirbygginga skipa innanlands?
2. Hefur núverandi framkvæmd þessara mála tafið þau verkefni, sem eru í gangi í íslenskum skipasmíðastöðvum?

II. Til menntamálaráðherra um lausn á vanda landshlutasamtakanna við að fjármagna rekstur fræðsluskrifstofa.

Frá Axel Jónssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að landshlutasamtökin geti að sínu leyti staðið undir rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofa fræðsluumdæmanna skv. grunnskólalögunum — eða eru uppi hugmyndir um aðra lausn þess máls en grunnskólalögin kveða á um?

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um fasteignamiðlun ríkisins.

Flm.: Guðrún Benediktsdóttir, Ingi Tryggvason, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um fasteignamiðlun ríkisins, er stuðla skal að því, að verðlag fasteigna verði sem næst kostnaðarverði á hverjum tíma og á þann hátt komið í veg fyrir óeðlilegan gróða og fasteignabrask, sem er mjög verðbólguhvetjandi.

Greinargerð.

Eins og mörgum er kunnugt hafa fasteignaviðskipti aukist mjög hér á landi á undanförnum árum og fer sú umfangsmikla sölustarfsemi sífellt vaxandi.

Fasteignasalar taka að öllum jafnaði þóknun sína í ákveðnu hundraðsgjaldi (2%) af verði hverrar fasteignar.

Algengt er að sömu fasteignirnar séu auglýstar á vegum margra fasteignasala. Samkeppnin er hörð og má gera ráð fyrir, að þessi samkeppni stuðli beint eða óbeint að hækkun fasteignaverðs og sé þar með verðbólguhvetjandi.

Með þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að löggjöf verði sett um fasteignamiðlun ríkisins. Þjónustu þess fyrirtækis væri eðlilegt að selja á kostnaðarverði. Ef vel væri á haldið og fasteignaviðskipti almennt beindust til slíks fyrirtækis ætti rekstur þess að geta orðið hagkvæmur almenningi, spara kaupendum og seljendum fasteigna umtalsverða fjármuni og sömu aðilum mikinn tíma og fyrirhöfn.

Fyrirkomulag á fasteignamiðlun ríkisins gæti verið með ýmsu móti. T. d. væri hugsanlegt að tengja starfsemi hennar embættum sýslumanna og bæjarfógeta eða Húsnæðismálastofnun ríkisins með einhverjum hætti. Slíkt þarf þó nánari athugunar við.

Hér er ekki gert ráð fyrir að ríkisvaldið fái neina einokunaraðstöðu til fasteignamiðlunar. Einstaklingur hefðu frjálsar hendur með að leita til annarra fasteignaskrifstofa, kysu þeir það heldur.

Mikilsvert væri, ef stofnun slík sem þessi gæti haft áhrif í þá átt að halda verðhækkunum fasteigna í skefjum. Meginhluti þess fólks, sem nú selur fasteignir, kaupir aðrar í staðinn. Ör verðbólga á fasteignamarkaði kemur því fáum til fjárhagslegs ávinnings, en hefur ómæld áhrif til örvunar almennrar þenslu í þjóðfélaginu. Má í framhaldi af þessu benda á að verðhækkanir koma fasteignaeigendum lítið til góða, en það fólk, sem kaupir sínar fyrstu fasteignir, þarf að greiða fyrir þær verð sem er umfram kostnaðarverð.

Eins og að framan greinir er með tillögu þessari gert ráð fyrir að umrædd þjónusta ríkisins verði í té látin fyrir kostnaðarverð.

Að sjálfsögðu yrði fasteignamiðlunin fyrst og fremst bundin við lögsagnarumdæmi þar sem mest er um fasteignaviðskipti, en síðar mætti setja slíkar stofnanir á fót víðar, ef á þyrfti að halda.

Í sambandi við þetta mál koma mörg atriði til greina, sem kanna þarf áður en frá löggjöf um það er gengið. En ef starfsemi slíkrar þjónustu gæti leitt til lækkunar á íbúðaverði og milliliðakostnaði er til mikils að vinna.

Nd. 86. Frumvarp til laga [78. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.
Nafn, aðsetur o. fl.

1.1. Iðntæknistofnun Íslands (ITSÍ) er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið.
1.2. Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík eða nágrenni, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.
Hlutverk.

2.1. Tilgangur ITSÍ er að vinna að tækniþróun íslensks iðnaðar með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans sem og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.
2.2. Stofnuninni er einnig heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa not fyrir þá sérþekkingu, er hún hefur yfir að ráða á hverjum tíma.
2.3. Til þess að gegna hlutverki sínu skal stofnunin m. a. vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun.

3. gr.
Starfsfólk.

3.1. Meðal starfsfólks ITSÍ skulu vera:
1. Sérfræðingar um tækni- og rekstrarfræðileg efni, sem vinna bæði að sjálfstæðum tæknilegum rannsóknum og öðrum þáttum þjónustunnar, sbr. mgr. 2.3. Þeir skulu hafa lokið prófum á háskólastigi. Þó er í undantekningartilvikum heimilt að ráða sérfræðing án slíks prófs, ef stjórn stofnunarinnar metur menntun og reynslu hans jafngilda.
2. Ráðunautar um tækni- og rekstrarfræðileg efni, sem vinna sjálfstæð störf, einkum að ráðgjöf og fræðslu, tilraunum, prófunum og tæknilegu eftirliti.
3. Tæknilegir aðstoðarmenn.
4. Skrifstofufólk.
5. Starfsmenn við stjórnunarstörf.

3.2. Í ákvæðum þessara laga um ákvörðunarrétt almennra starfsmanna teljast til starfsmanna allir þeir, sem vinna við stofnunina á hverjum tíma og hafa starfað við hana a. m. k. hálft ár í senn í fullu starfi eða a. m. k. eitt ár í senn í hálfu starfi eða meira.
3.3. Stofnuninni er heimilt að leita til innlendra og erlendra aðila um sérfræðilega aðstoð við einstök verkefni samkvæmt sérstökum samningum hverju sinni.

4. gr.
Skorir.

4.1. Smæstu stjórneiningar Iðntæknistofnunar nefnast skorir. Skoraskipting fer eftir verkefnaflokkum.

4.2. Heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því, sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja skor. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum skorarinnar við iðnaðinn. Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar skorir skuli hagað.

5. gr.
Skorarfundir.

5.1. Skorarfundur tekur ákvörðun um mál, er varða skorina eina, í samráði við forstöðumann deildar og innan þess ramma, sem ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar marka. Hann gerir m. a. tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun skorarinnar til forstöðumanns deildar og framkvæmdastjóra.

5.2. Á skorarfundum eiga sæti með fullum réttindum starfsmenn skorarinnar og tengimenn við hana, sbr. mgr. 3.2. og 4.2. Einnig er forstöðumanni þeirrar deildar, sem skorin tilheyrir, og framkvæmdastjóra ITSÍ heimilt að sitja skorarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.
Skorarformaður.

6.1. Skorarformaður sér um daglega stjórnun skorarinnar, í samráði við forstöðumann deildar, sbr. 9. grein hér á eftir.

6.2. Stjórn ITSÍ ræður skorarformann til tveggja ára í senn að fengnum tillögum skorarfundar.

6.3. Skorarformaður skal valinn úr hópi sérfræðinga og ráðunauta við skorina, sbr. 3. grein, og skal hann fá sérstaka aukaþóknun fyrir þetta verkefni, enda skulu störf hans að öðru leyti haldast óbreytt að mestu.

7. gr.
Almennt um deildir.

7.1. Skorum Iðntæknistofnunar er skipað saman í a. m. k. fjórar deildir, sbr. 8. grein.

7.2. Heimilt er að breyta deildaskiptingu síðar með reglugerð, ef þróun mála gefur tilefni til þess.

8. gr.
Einstakar deildir.

8.0. Deildir ITSÍ skulu fyrst um sinn vera þessar:

8.1. Iðntæknideild, sem annast tækniþjónustu við framleiðslu- og þjónustuiðnað.

8.2. Byggingatæknideild, sem annast tækniþjónustu við byggingaiðnað.

8.3. Stjórnunarmáladeild, sem annast þjónustu við allan iðnað á sviði stjórnunarmála og framleiðsluhagræðingar. Ennfremur sér deildin um skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.

8.4. Fræðsludeild, sem skipuleggur og hefur umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar. Er þá m. a. meðtalin fræðsla og þjálfun iðnverkafólks og annars faglærðs og ófaglærðs iðnstarfsfólks, almennt námskeiðahald og útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónusta og kynning á starfsemi stofnunarinnar. Fræðsludeild sækir kennslukrafta og sérfræðiþekkingu til annarra deilda og til aðila utan stofnunarinnar eftir ástæðum. Fræðsludeild skal í starfi sínu að fræðslu og þjálfun iðnstarfsfólks hafa náið samstarf við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem kunna að vinna að svipuðum verkefnum. Með reglugerðum skal kveðið nánar á um verkaskiptingu og samstarf á þessu sviði.

9. gr.

Forstöðumaður deildar.

9.1. Forstöðumaður deildar sér um daglega stjórnun hennar í samráði við framkvæmdastjóra og í umboði stjórnar stofnunarinnar, sbr. 10. og 13. grein. Forstöðumaður skal tryggja hagkvæmt samstarf milli skora deildarinnar, m. a. með reglubundnum fundum allra skora deildarinnar. Ennfremur samhæfir forstöðumaður tillögur einstakra skora um starfs- og fjárhagsáætlanir.

9.2. Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann til allt að 4ra ára í senn að fenginni umsögn sameiginlegs fundar starfsmanna deildarinnar, sbr. mgr. 3.2.

10. gr.

Framkvæmdastjóri.

10.1. Framkvæmdastjóri vinnur m. a. að framkvæmd stefnu stjórnar og sér um daglega stjórnun stofnunarinnar sem heildar í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar í heild. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar gagnvart stjórn.

10.2. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar. Skal hann skipaður til allt að 4ra ára í senn.

11. gr.

Framkvæmdanefnd.

11.1. Forstöðumenn deilda mynda framkvæmdanefnd ITSÍ ásamt framkvæmdastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Einnig á fulltrúi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sæti í framkvæmdanefnd.

11.2. Framkvæmdanefnd skal m. a. tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis og við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, t. d. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

12. gr.

Skipun stjórnar.

12.1. Iðnaðarráðherra skipar stjórn Iðntæknistofnunar sem hér segir:

einn fulltrúa án tilnefningar,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna úr hópi meistara í byggingariðnaði,
einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,
einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
einn fulltrúa starfsfólks stofnunarinnar samkvæmt tilnefningu sameiginlegs fundar, sbr. mgr. 3.2.

Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

12.2. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna, sbr. mgr. 12.1.

12.3. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4ra ára í senn. Þó er tilnefningaraðilum heimilt að endurskoða skipun þeirra að 2 árum liðnum, ef sérstakt tilefni er til.

12.4. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

12.5. Fulltrúi starfsfólks í stjórn skal ekki fjalla um kjaramál einstakra starfsmanna.

13. gr.
Hlutverk stjórnar.

13.1. Stjórn stofnunarinnar fer með yfirstjórn hennar og markar henni stefnu. Meðal sérstakra verkefna stjórnar, sem ekki er kveðið á um annars staðar í lögum þessum, má nefna:
1. Að semja áætlanir um starfsemi Iðntæknistofnunar, bæði áætlanir til langs tíma og árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir.
2. Að skipta fjárveitingum milli deilda og skora með hliðsjón af tillögum skorarfunda og meðferð forstöðumanna deilda og framkvæmdastjóra.
3. Að marka stofnuninni stefnu í starfsmannahaldi og kjaramálum.
4. Að ákveða gjaldskrá stofnunarinnar og þóknun fyrir meiriháttar verkefni, þegar það á við.
5. Að sjá um útgáfu árlegrar starfsskýrslu stofnunarinnar.
6. Að ákveða skoraskiptingu og verksvið einstakra skora.
7. Að hafa eftirlit með samstarfi milli deilda og gera ráðstafanir til úrbóta, ef þörf krefur.
8. Að halda fundi með starfsmönnum stofnunarinnar a. m. k. einu sinni á ári.

13.2. Stjórn ITSÍ og framkvæmdastjóri í umboði hennar fara með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið varðandi eigin málefni hennar.

14. gr.
Tekjur.

14.0. Tekjur ITSÍ skulu m. a. vera sem hér segir:

14.1. Beint ríkisframlag á fjárlögum, sem skal nema 0.3—0.6% af áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar (vergum tekjum á tekjuvirði) árið á undan fjárlagaárinu, enda hafi iðnaðarráðuneytið samþykkt starfsáætlun stofnunarinnar.

14.2. Framlög frá sjóðum iðnaðarins, sem hafa m. a. það hlutverk að styrkja slíka starfsemi.

14.3. Eigin tekjur samkvæmt gjaldskrá fyrir þjónustu, sem veitt er t. d. einstökum aðilum. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda, eðlis þjónustunnar o. s. frv. Eigin tekjur hverrar deildar skulu renna til starfsemi hennar.

14.4. Greiðslur frá opinberum aðilum, samtökum o. s. frv. vegna meiri háttar verkefna, samkvæmt sérstökum samningum hverju sinni.

15. gr.
Ráðning starfsfólks.

15.1. Framkvæmdastjóri ræður sérfræðinga og ráðunauta, sbr. 3. grein, í umboði stjórnar og í samráði við forstöðumann viðkomandi deildar, en forstöðumaður deildar ræður annað starfslið hennar í samráði við framkvæmdastjóra.

15.2. Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:
1. Með fastri ráðningu.
2. Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.
3. Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.

15.3. Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

15.4. Störf framkvæmdastjóra og forstöðumanna deilda falla undir ákvæði 2. tl. mgr. 15.2. um tímabundna ráðningu.

16. gr.

Störf starfsmanna utan stofnunarinnar.

16.1. Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

16.2. Starfsmönnum ITSÍ er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

17. gr.

Eignir, réttindi, skyldur o. fl.

17.1. Iðntæknideild ITSÍ tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins.

17.2. Byggingatæknideild ITSÍ tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins.

17.3. Stjórnunarmáladeild og fræðsludeild ITSÍ taka við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Iðnþróunarstofnunar Íslands, samkvæmt skiptingu, sem stjórn ITSÍ ákveður, með hliðsjón af verksviðum deildanna.

17.4. Stjórn Iðntæknistofnunar fer með framkvæmd þessarar greinar af hálfu deilda.

18. gr.

Um þagnarskyldu.

18.1. Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og fyrir greiðslu, ef verkbeiðandi bannar slíkt. Brot gegn þagnarskyldu varða ábyrgð samkvæmt hegningarlögum.

19. gr.

Um reglugerð.

19.1. Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Afnám annarra lagaákvæða.

20.1. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31/1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. og VII. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Gildistaka.

21.1. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Stjórn ITSÍ skal skipuð innan mánaðar frá gildistöku laga þessara, en þá falla niður umboð stjórna Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

II. Gjöld samkvæmt 45. og 53. grein laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skulu innheimt óbreytt til loka ársins 1976 og renna til ITSÍ.

III. Heimilt er að fresta skoraskiptingu í stjórnunarmála- og fræðsludeild, þar til slík skipting þykir eðlileg.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 94. löggjafarþingi af iðnaðarnefnd neðri deildar, samkvæmt beiðni þáverandi iðnaðarráðherra sem nú leggur frumvarpið fram sem þingmaður. Efni frumvarpsins má heita algerlega óbreytt, og sama má segja um athugasemdir þær sem hér fara á eftir. Þó hafa nokkrar breytingar verið gerðar á athugasemdunum, fyrst og fremst þær að notaðar eru tölur sem eiga við ástandið eins og það er nú.

Almennar athugasemdir.

Aðdragandi þess frumvarps, sem hér er lagt fram, er bæði langur og margþættur. Hér verður hann þó ekki rakinn lengra en til fyrri hluta árs 1971, þegar hæstvirt Alþingi hafði til meðferðar frumvarp til laga um Iðnþróunarstofnun Íslands. Með bréfi dagsettu 15. mars 1971 gaf Félag íslenskra iðnrekenda umsögn um frumvarpið, og setti þar m. a. fram þá tillögu,

> „að athugað verði, hvort ekki væri æskilegt að sameina Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins ásamt Iðnaðarmálastofnun Íslands í eina stofnun, er lúti yfirstjórn Iðnþróunarstofnunar Íslands. Eru ýmsir þættir starfsemi þessara stofnana það tengdir, að eðlilegast er að þeir séu unnir hjá einum aðila. Má og benda á góða reynslu af slíku hjá nágrönnum vorum í Noregi og Danmörku, sbr. Teknologisk Institut í Osló og Kaupmannahöfn. Þá eru aðstæður okkar á Íslandi það smáar, að vafasamt er að þær réttlæti slíka verkaskiptingu."

Þær tæknistofnanir (teknologisk institut) á Norðurlöndum, sem hér er vísað til, gegna sérstöku og mjög mikilvægu hlutverki í tækniþróun þessara landa. Stofnanir þessar einbeita sér að fræðslu og ráðgjöf ásamt nauðsynlegum tilraunum og prófunum, en sinna ekki eiginlegum rannsóknum. Þær stefna markvisst að því í starfi sínu að ná sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, ekki síst þau smæstu, sem ættu annars erfitt með að tileinka sér tækniþekkingu og nýjungar.

Annar þáttur í aðdraganda þessa frumvarps snýr að fyrirhugaðri þróun íslensks iðnaðar á næstu árum. Aðildin að EFTA og samningarnir við EBE hafa bæði í för með sér harðnandi samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur á innanlandsmarkaði og aukna möguleika til útflutnings á samkeppnishæfum íslenskum iðnaðarvörum. Þannig eykst fjölbreytni íslensks útflutnings og þjóðarbúskapurinn verður ekki eins háður verðsveiflum í einstökum útflutningsgreinum, en slíkt styrkir efnahagslegt sjálfstæði okkar þegar til lengdar lætur. — Sú iðnþróun, sem hér hefur verið lýst stuttlega, kallar að sjálfsögðu á aukna og breytta tækniþjónustu við iðnaðinn. Megintilgangur þessa frumvarps er einmitt að mæta þeirri þörf.

Með bréfi dags. 8. maí 1972 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra 5 manna nefnd

> „til þess að vinna að því að samhæfa starfsemi þeirra stofnana ríkisins, er vinna að sérfræðilegum rannsóknum og tækniaðstoð við iðnaðinn, í eina allsherjar tæknistofnun.
>
> Þær stofnanir, sem hér um ræðir, eru: Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Er gert ráð fyrir því, að slík stofnun starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf og geti tekist á við óleyst vandamál varðandi tæknihlið framleiðslunnar".

Í þessari nefnd áttu sæti:

Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda;
Pétur Sigurjónsson, forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins;
Haraldur Ásgeirsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins;
Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarstofnunar Íslands;
Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.

Nefndin skilaði áliti í desember 1972, og ber það heitið „Samhæfing tæknistofnana iðnaðarins". Er það að ýmsu leyti meginundirstaða þessa frumvarps. Í nefndarálitinu er lýst opinberri þjónustu við iðnaðinn nú og síðan gerðar tillögur um nýja og breytta starfsemi. Að lokum eru gerðar tillögur um skipulag starfseminnar. Iðnaðarráðuneytið sendi nefndarálitið ýmsum aðilum til umsagnar eða kynningar, og bárust allmargar ýtarlegar umsagnir. Með bréfi dags. 27. júní 1973 ákvað iðnaðarráðuneytið síðan

„að skipa 3ja manna nefnd til þess að semja frumvörp til laga um breytingu á þeim lögum, er nefndarálit um samhæfingu tæknistofnana iðnaðarins frá desember 1972 tekur til.

Gert er ráð fyrir, að nefndin hagi störfum þannig, að unnt verði að leggja fram frumvörp í þessu skyni fyrir næsta reglulegt Alþingi á hausti komanda."

Í þessari nefnd eiga sæti:
Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri;
dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur;
Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.

Nefndin hóf þegar störf og hélt alls 37 fundi. Hún byrjaði starf sitt með því að fara rækilega yfir fyrrnefndar umsagnir um álit samhæfingarnefndar. Þá hafði hún samráð við nokkra aðila vegna tiltekinna mikilvægra atriða, sem ekki voru gerð fullnaðarskil í samhæfingarálitinu. Er þar um að ræða fjármálaráðuneytið vegna fjármála væntanlegrar iðntæknistofnunar, fulltrúa byggingaiðnaðarins vegna stöðu hans innan stofnunarinnar og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins vegna tengsla stofnunarinnar við ráðið og laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Nefndin hófst síðan handa um að semja drög að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Byggði hún í meginatriðum á skipulagstillögum samhæfingarnefndar, svo langt sem þær náðu, en nokkrum atriðum voru gerð rækilegri skil en unnt var á fyrra stigi málsins.

Jafnhliða starfi sínu að frumvarpsdrögunum átti nefndin gott og lærdómsríkt samstarf við tvo danska verkfræðinga, Erik Frost og Mogens Höst, sem dvöldust hér á vegum Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNIDO). Eru þeir nákunnugir skipulagi og framkvæmd iðntækniþjónustu víða um heim, og naut nefndin mjög góðs af reynslu þeirra og þekkingu. Annar þeirra, Mogens Höst, gerði að ósk nefndarinnar skýrslu um þarfir íslensks trjáiðnaðar fyrir tækniþjónustu („Hvad mangler Islands træindustri af teknologisk service," dags. október 1973). Íslenskaður utdráttur úr skýrslu þessari fylgdi frumvarpinu sem fylgiskjal, en er ekki endurprentaður hér. Líta ber á þessa athugun Hösts sem sýnisathugun, sem gefi einnig nokkra vísbendingu um þjónustuþarfir annarra iðngreina en trjáiðnaðar, þótt aðstæður þeirra séu vissulega ekki að öllu leyti þær sömu. Jafnframt gefur skýrsla Hösts mjög góða hugmynd um sjálfa starfsemina, sem höfð er í huga við samningu þessa frumvarps, en nauðsynlegt er einmitt að hafa allskýrar hugmyndir um starfið sjálft áður en farið er að vinna að skipulagi, sem er auðvitað aðeins tæki til að ná þeim markmiðum, sem starfinu er ætlað.

Með bréfi dags. 29. okt. 1973 sendi nefndin iðnaðarráðherra drög að frumvarpi til laga um Iðntæknistofnun Íslands ásamt athugasemdum við einstakar greinar. Lagði nefndin til, að drögin yrðu að lokinni meðferð ráðherra send helstu málsaðilum til skjótrar umfjöllunar. Var það síðan gert með bréfi nefndarinnar dags. 15. nóv. 1973 og aðilum jafnframt send fyrrnefnd skýrsla M. Hösts. Fulltrúar aðila voru boðaðir til fundar með nefndinni hinn 30. nóvember s. l., en sumir skiluðu jafnframt skriflegum umsögnum. Þeir aðilar, sem áttu þannig kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, voru þessir:

Fjármálaráðuneytið,
Menntamálaráðuneytið,

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Stjórn Iðnþróunarstofnunar Íslands,
Stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins,
Stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins
Stjórn Stjórnunarfræðslunnar,
Stjórn Verkstjóranámskeiða,
Framkvæmdastofnun ríkisins,
Iðnþróunarsjóður,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Landssamband iðnaðarmanna,
Meistarasamband byggingamanna
Samband byggingamanna,
Landssamband iðnverkafólks,
Málm- og skipasmíðasamband Íslands,
Samband íslenskra samvinnufélaga,
Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands,
Iðnskólinn í Reykjavík,
Tækniskóli Íslands,
Samband málm- og skipasmiðja.

Auk þess hélt nefndin sérstakan fund með nokkrum starfsmönnum þeirra þriggja stofnana, sem Iðntæknistofnun er ætlað að taka við af.

Þá voru ennfremur haldnir tveir fundir með fulltrúum fjármálaráðuneytisins til rækilegrar umræðu um fjármál og starfsmannahald væntanlegrar Iðntæknistofnunar o. fl. Komu þar fram ýmis mikilsverð atriði.

Á fundum þessum, sem og í nokkrum bréfum, sem nefndinni bárust, komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar. Reyndi nefndin að taka þær til greina eftir því, sem kostur var, án þess að meginmarkmið frumvarpsins færi forgörðum, og reyndist það að mati nefndarinnar gerlegt í langflestum tilvikum. Gekk nefndin þannig frá endanlegum tillögum sínum í mynd þess frumvarps, er liggur hér fyrir.

Hér verða nú rakin helstu efnisatriði frumvarpsins, að nokkru leyti með samanburði við skylda starfsemi í landinu nú.

Sem fyrr segir er það meginstefna frumvarpsins að tengja opinbera tækniþjónustu sem best við einstök iðnfyrirtæki, einstakar iðngreinar og iðnaðinn sem heild. Jafnframt er reynt að tryggja nauðsynlega samvinnu og samhæfingu hinna ýmsu þátta þjónustunnar til þess að fjármunir, starfskraftar og tæknibúnaður nýtist sem best. Þá er reynt að tryggja nokkur áhrif starfsmanna á stjórnun stofnunarinnar og einstakra eininga innan hennar. Reynt er að tryggja Iðntæknistofnun öruggan og sjálfstæðan fjárhag ásamt samsvarandi sveigjanleika í starfsmannahaldi. Hér fer á eftir upptalning á nokkrum einstökum atriðum frumvarpsins, sem eru liðir í ofangreindri stefnu:

A. TENGSL VIÐ IÐNAÐINN.

1. Aukin áhersla á ráðgjöf og fræðslu, upplýsingaþjónustu o. fl., sbr. m. a. mgr. 2.3. um hlutverk Iðntæknistofnunar og 1. tl. mgr. 3.1. um verksvið sérfræðinga.
2. Tilkoma sérstakra ráðunauta, sem starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, sbr. mgr. 3.1., 2. tl.
3. Tilkoma tengimanna frá iðnaðinum eða einstökum iðngreinum, sem fylgjast með starfi einstakra skora og vinna þannig með starfsmönnum stofnunarinnar (mgr. 4.2.).
4. Tilkoma fræðsludeildar, sem hafi það sérstaka hlutverk að skipuleggja og hafa umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar (mgr. 8.4.).

5. Aðild heildarsamtaka iðnaðarins að stjórn Iðntæknistofnunar, sem er raunar með svipuðum hætti og aðild að stjórn núverandi stofnana. Hins ber þó að gæta, að stjórninni er ætlað mun mikilvægara hlutverk en nú tíðkast (mgr. 12.1.).

B. SAMHÆFING.

1. Sameining iðntækniþjónustu undir eina stjórn (13. grein) ásamt framkvæmdastjóra (10. grein).
2. Samhæfing fræðslu- og upplýsingastarfsemi í þágu iðnaðar í einni deild, fræðsludeild (mgr. 8.4.).
3. Tilkoma framkvæmdanefndar, sem tryggi hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar og við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, m. a. með forgöngu um myndun verkefnahópa með starfsmönnum ýmissa deilda og skora (11. grein). Rétt er að leggja áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst ætlað að tryggja samstarf, en hún er ekki sérstakt þrep í formlegum stjórnstiga stofnunarinnar.

C. ÁHRIF STARFSMANNA.

1. Allir starfsmenn skorar eiga sæti á skorarfundum með fullum réttindum og gera m. a. tillögur um val skorarformanna (5.—6. grein).
2. Sameiginlegur fundur starfsmanna gefur umsögn um val forstöðumanns deildar (mgr. 9.2.).
3. Forstöðumaður deildar skal gangast fyrir reglubundnum fundum allra skora deildarinnar (mgr. 9.1.).
4. Starfsfólk kýs einn fulltrúa í stjórn á sameiginlegum fundi (mgr. 12.1.).
5. Stjórn skal halda fundi með starfsmönnum a. m. k. einu sinni á ári (mgr. 13.1., 8. tl.).

D. FJÁRHAGUR OG STARFSMANNAHALD.

1. Stjórn stofnunarinnar skiptir fjárveitingum milli deilda og skora, markar stefnu í starfsmannahaldi og kjaramálum, ákveður gjaldskrá o. s. frv. (mgr. 13.1., 2.—4. tl.).
2. Settur er rammi um ríkisframlag til stofnunarinnar á fjárlögum, er tryggi sæmilegan og stöðugan fjárhag, sem er tengdur framleiðsluverðmæti iðnaðar. Jafnframt veitir ramminn nokkurt svigrúm til sveigjanleika í tekjuöflun stofnunarinnar (mgr. 14.1.).
3. Gert er ráð fyrir að eigin tekjur vegna veittrar þjónustu aukist verulega (mgr. 14.3.).
4. Auk fastráðins starfsfólks verði starfslið ráðið með tímabundinni ráðningu, t. d. til ákveðinna verkefna, eða með lausri ráðningu (mgr. 15.2.).
5. Í öll stjórnunarstörf innan stofnunarinnar verður ráðið með tímabundinni ráðningu (mgr. 6.2., 9.2. og 10.2.).


Eins og minnst er á hér að framan gaf nefndin tengslum byggingaiðnaðarins við Iðntæknistofnun sérstakan gaum, m. a. með sérstöku samráði við fulltrúa hans. Var þetta raunar í framhaldi af fyrirvara, sem samhæfingarnefnd gerði um þetta atriði í álitinu frá desember 1972. Telja verður, að tengsl byggingaiðnaðarins við hina nýju Iðntæknistofnun verði jafnvel betri en tengsl hans við tækniþjónustu á þessu sviði í dag. Þetta álit hefur komið fram í óformlegum viðræðum við fulltrúa byggingaiðnaðarins. Gert er ráð fyrir fulltrúa byggingaiðnaðar í stjórn Iðntæknistofnunar, sem fær allvíðtækt verksvið. Sérstök deild stofnunarinnar verður helguð tæknimálum byggingaiðnaðar, en auk þess er fræðslu- og stjórnunar-


máladeildum ætlað að sinna honum ekki síður en framleiðsluiðnaði. Þyngst á metunum eru þó hin sérstöku tengsl við skorirnar, því að gera verður ráð fyrir að einmitt byggingaiðnaðurinn tilnefni tengimenn við skorir byggingatæknideildar. Slík tengsl geta einmitt orðið miklu virkari og áhrifameiri en þau, sem skapast af tilnefningum einstakra manna í stjórnir og nefndir. Ennfremur má búast við, að sérstaða byggingaiðnaðar gagnvart framleiðsluiðnaði fari minnkandi á næstu árum, ef t. d. fjöldaframleiðsla byggingahluta færist í vöxt. Með slíkri þróun verður vaxandi hætta á skörun eða tvíverknaði í tækniþjónustu við byggingaiðnað annars vegar og við framleiðsluiðnað hins vegar, nema skipulag þjónustunnar tryggi eðlilega samvinnu.

Skipulagsmál rannsókna á Íslandi voru allmjög á dagskrá á árunum 1967—71. Nefndin, sem samdi þetta frumvarp, taldi sig ekki geta tekið afstöðu í þeim deilum, sem þá urðu um þessi mál. Hins vegar tók nefndin upp nokkur atriði, sem komu fram í umræðum, og allir eða flestir aðilar voru sammála um. Má þar til nefna aukna áherslu á starf ráðunauta, nokkurt sjálfstæði í fjármálum og launamálum og nokkur áhrif starfsmanna á stjórn stofnana. Varðandi tengsl þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir, við Rannsóknaráð ríkisins hefur nefndin kosið að gera sem minnstar breytingar. Þannig mundu viðeigandi deildir Iðntæknistofnunar taka við þeirri aðild að Rannsóknaráði, sem Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Iðnþróunarstofnun Íslands hafa nú (sbr. 17. gr. frv.). Það er því ekki fjarri lagi, að eina breytingin á tengslunum við Rannsóknaráð sé fólgin í því formsatriði, að 2 kaflar í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru felldir niður með frv., og í stað þeirra og ýmissa annarra laga (sjá 20. grein) koma lög um Iðntæknistofnun, ef frv. þetta verður að lögum.

Sem fyrr segir gerir frv. ráð fyrir hlutfallslegri aukningu ýmissa annarra tækniþjónustuþátta en eiginlegra rannsókna. Með þessu er þó alls ekki sagt, að rannsóknir verði útundan eða að úr þeim dragi, miðað við núverandi skipulag. Þvert á móti getur það orðið til eflingar rannsóknum, þegar til lengdar lætur, að þær tengist öðrum þáttum tækniþjónustu, sem eru nátengdari sjálfu atvinnulífinu.

Nokkuð hefur borið á því, að mönnum hefur sýnst stjórnstigi innan Iðntæknistofnunar allviðamikill samkvæmt frumvarpinu. Að svo miklu leyti sem þessi gagnrýni beindist að ákveðnum atriðum í upphaflegum drögum, sem hægt var að bæta úr, var hún tekin til greina þegar frv. var samið. Að öðru leyti virðist sem hér sé að nokkru leyti um misskilning að ræða, t. d. á hlutverki framkvæmdanefndar, sbr. lið B.3. hér að framan og aths. við 11. grein hér á eftir. Einnig ráða nýstárleg orð í frumvarpinu sennilega nokkru um þetta, t. d. orðið skorarformaður, sem kemur í stað orðsins deildarstjóri skv. núverandi skipulagi þessarar þjónustu, og táknar því heldur ekki nýtt þrep í stjórnstiganum. Þegar rætt er um þessi mál, er nauðsynlegt að hafa í huga skipulagið eins og það er nú, en það er að ýmsu leyti viðameira en gert er ráð fyrir í Iðntæknistofnun, þótt um mun minni og fábreyttari starfsemi sé að ræða (sbr. skipurit á myndum 1 og 2). Þannig er stjórnum fækkað a. m. k. úr þremur í eina skv. frv. og lögskipaðar ráðgjafanefndir og Iðnþróunarráð lögð niður. Eina atriðið, sem talist getur nýtt í stjórnkerfinu, er hins vegar framkvæmdastjórastarfið. Miðað við fyrirhugaða starfsemi og verksvið Iðntæknistofnunar hefur nefndin, sem samdi frv., hvorki komið auga á frekari ráð til að einfalda stjórnkerfið, né hafa henni borist ákveðnar tillögur um slíkt.


IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
STJÓRN
FRAMKVÆMDASTJÓRI
SAMTÖK IÐNAÐARINS
ÚTFLUTNINGS-MIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS
TENGI-MENN
FORSTÖÐUM.
FORSTÖÐUM.
FORSTÖÐUM.
FORSTÖÐUM.
SKORAFORMENN
SKORAFORMENN
SKORAFORMENN
SKORAFORMENN
SKORIR
SKORIR
SKORIR
SKORIR
BYGGINGA-TÆKNIDEILD
IÐNTÆKNI-DEILD
STJÓRNUNAR-MÁLADEILD
FRÆÐSLU-DEILD
MYND 1: STJÓRNSKIPURIT IÐNTÆKNISTOFNUNAR



MYND 2: STJÓRNSKIPURIT NÚV. IÐNTÆKNIÞJÓNUSTU

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eftir rækilegar umræður um ýmsa valkosti hefur verið horfið að nafninu „Iðntæknistofnun Íslands", sem virðist bæði þjált og hæfilega víðtækt miðað við fyrirhugað verksvið stofnunarinnar, skv. frumvarpinu.

Orðalag mgr. 1.1. skýrist nánar með öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Þar sem mikill hluti íslenskra iðnfyrirtækja er á Reykjavíkursvæðinu, þykir rétt að stofnunin hafi aðalaðsetur þar. Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráð fyrir útibúum úti um land samkvæmt aðstæðum og bolmagni stofnunarinnar á hverjum tíma. M. a. kemur Akureyri mjög fljótlega upp í hugann í þessu sambandi. Einnig er nauðsynlegt og sjálfsagt að stofnunin haldi námskeið úti um land eftir aðstæðum, skipuleggi ferðalög ráðunauta um landið o. s. frv., en óþarft virðist að kveða sérstaklega á um þetta í lögum.

Um 2. gr.

Miðað við núgildandi löggjöf er með þessari grein hlutfallslega aukin áhersla lögð á ýmiss konar beina tækniþjónustu við iðnaðinn, aðra en rannsóknir, svo sem ráðgjöf og fræðslu, upplýsingastarfsemi og prófanir.

Með orðinu „iðnaður" í greininni er átt við allan framleiðsluiðnað ("manufacturing industry") að undanskildum fiskiðnaði, slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði og álvinnslu. Einnig er meðtalinn allur byggingariðnaður, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila, sem og allur þjónustuiðnaður. Það má heita rótgróin hefð að telja fiskiðnað ekki til iðnaðar í íslensku hagkerfi, og má geta þess hér að sérstök stofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sinnir þörfum hans á þessu sviði. Slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaður teljast til landbúnaðar og álvinnsla hefur algera sérstöðu innan iðnaðar á Íslandi.

Nokkru nánari skilgreiningu verksviðs ITSÍ er að finna í 8. grein, sem fjallar um einstakar deildir stofnunarinnar. Annars hefur ekki verið talið rétt að setja mjög ýtarleg ákvæði um verksvið stofnunarinnar í lög, t. d. í formi langrar upptalningar. Reynslan sýnir að slíkt hefur takmarkað gildi í reynd og getur jafnvel orðið til trafala, þegar taka þarf upp ný og eðlileg verkefni, sem voru ekki séð fyrir við samningu laga.

Í heimildarákvæði mgr. 2.2. er t. d. höfð í huga eftirfarandi starfsemi:

— stöðlunarstarfsemi fyrir aðrar atvinnugreinar en iðnað,
— fræðsla og ráðgjöf um stjórnun fyrir sömu aðila,
— tæknileg aðstoð við lánastofnanir vegna lánsumsókna iðnfyrirtækja, en mikil þörf mun vera fyrir ráðgjöf um slík mál,
— tæknileg aðstoð við uppfinningamenn,
— þjónustu við opinberar stofnanir, sem vinna að áætlanagerð og hagrannsóknum,
— þjónusta við opinbera framkvæmdaaðila,
— o. s. frv.

Um 3. gr.

Í 1. tl. mgr. 3.1. er tekið fram, að sérfræðingar ITSÍ skuli ekki aðeins sinna rannsóknum. Í þessu felst nokkur víkkun á verksviði þeirra miðað við núverandi hlutverk rannsóknastofnana, og er það í samræmi við það atriði í meginstefnu frv. að tengja sem best hina ýmsu þætti iðntækniþjónustu og auka hlutfallslega áherslu á aðra þætti en sjálfstæðar rannsóknir.

Samkvæmt málnotkun, sem ryður sér nú til rúms í umræðum um skólamál, hafa orðin „próf á háskólastigi", sem eru notuð í fyrrnefndum 1. tl., nokkru víðtækari merkingu en orðið „háskólapróf". T. d. teljast tæknifræðingar hafa próf á háskólastigi.

Með 2. tl. mgr. 3.1. er sérstaklega bent á hið mikilvæga hlutverk ráðunauta með margs konar sérmenntun eða þjálfun, í væntanlegu starfi ITSÍ. Gert er ráð fyrir, að verulegur hluti ráðunautsstarfsins fari fram utan veggja stofnunarinnar,

t. d. með heimsóknum og starfi í iðnfyrirtækjunum sjálfum. Hér ber að hafa í huga, að fæst íslensk iðnfyrirtæki ráða yfir starfskröftum með verulega sérmenntun. Þess vegna er ekki víst að menn með mikla sérmenntun nýtist alltaf til fulls í þessu starfi. Á hinn bóginn þarf menntun eða reynsla ráðunautanna þó að nægja til þess, að þeir geti miðlað starfsfólki iðnaðarins af þekkingu sinni með árangri. Hæfni til tjáningar og umgengni við aðra skiptir auðvitað miklu í starfi ráðunauta. Ekki er gert ráð fyrir, að ráðunautar verði endilega settir skör lægra en almennir sérfræðingar, t. d. í launum; bæði störfin krefjast sjálfstæðis og frumkvæðis. Hins vegar má búast við, að ráðunautar spanni stærra bil launastigans en sérfræðingar.

Aukin áhersla á starfi ráðunauta er eitt af meginatriðum frumvarpsins, og getur skv. framansögðu orðið til að bæta mjög tengsl opinberrar tækniþjónustu við iðnaðinn, frá því, sem nú er.

Með mgr. 3.2. er skilgreint hvaða starfsmenn skuli njóta þess ákvörðunarréttar, sem frumvarpið kveður á um, svo að ekki komi til eftirmála um slíkt.

Oft kann að reynast hagkvæmt að neyta þeirrar heimildar, sem felst í mgr. 3.3., t. d. þegar stofnunin ræður ekki yfir sérþekkingu á viðkomandi sérsviði og verkefnin eru ekki svo mikil, að rétt sé að ráða sérstakan starfsmann til þeirra.

Um 4. gr.

Orðið skor, sem er til í fornmáli, hefur verið tekið upp í Háskólanum í seinni tíð í merkingunni hluti háskóladeildar ("sektion"). Hér er það notað í svipaðri merkingu, þ. e. um starfshóp eða starfseiningu, sem vinnur að náskyldum verkefnum. Að öðru leyti á frv. lítið skylt við stjórnskipulag Háskólans.

Þegar Iðntæknistofnun hefur vaxið fiskur um hrygg, miðað við núverandi starfsemi á þessu sviði, má hugsa sér m. a. eftirfarandi skorir í einstökum deildum, sbr. 8. grein:

Iðntæknideild:

Tréiðnaðarskor, efnaiðnaðarskor, matvælaiðnaðarskor, vefjar- og fataiðnaðarskor, málmiðnaðarskor, skipasmíðaskor, hráefnaskor (nýting íslenskra hráefna), mengunarskor.

Byggingatæknideild:

Byggingarefnaskor, byggingaraðferðaskor, byggingakostnaðarskor, byggingahlutaskor, jarðtækniskor, verksmiðjuhúsaskor.

Stjórnunarmáladeild:

Bókhaldsskor, fjármálaskor, stjórnunarskor (stjórnun fyrirtækja og verkstjórn), hagræðingarskor, stöðlunarskor.

Fræðsludeild:

Námskeiðaskor, upplýsingaskor, bókasafnsskor, útgáfuskor.

Í mgr. 4.2. og 5.2. er kveðið á um mikilvægan þátt fyrirhugaðra skipulagstengsla iðnaðarins við hina nýju stofnun. Þessi þáttur er með nokkuð nýstárlegum hætti þar sem t. d. fulltrúar einstakra greina iðnaðarins vinna með starfsmönnum viðkomandi skorar að ákvörðunum um einstök verkefni skorarinnar nálægt framkvæmdarstigi. Telja verður, að slík tengsl geti orðið mun nánari og virkari en tíðkast samkvæmt núgildandi löggjöf, sem gerir ráð fyrir stórum ráðgjafarnefndum eða ráðum með fulltrúum ýmissa samtaka iðnaðarins o. fl. aðila, í tengslum við tiltölulega stórar einingar. — Annar þáttur skipulagslegra tengsla felst í ákvæðum 12. greinar um skipun stjórnar, þar sem samtökum iðnaðarins er ætlaður verulegur hlutur. Með þessum ákvæðum samanlögðum verður að telja, að formleg tengsl við iðnaðinn og einstakar greinar hans verði mun betri en nú er.

Annars ber að leggja áherslu á, að formlega skipulögð aðild iðnaðarins að stofnun sem þessari tryggir aðeins lágmarkstengsl í raun. Auk þeirra verða að koma til starfræn tengsl, og er m. a. ætlunin að tryggja þau með starfi ráðunauta, sem vinni í nánu samstarfi við einstök iðnfyrirtæki og starfsmenn þeirra, sjá aths. við 3. grein hér að framan.

Starfsemi sumra skora kann að varða marga aðila eða samtök í landinu, sem óska e. t. v. allir eftir að tilnefna tengimenn við skorina. Slíkt er að ýmsu leyti fagnaðarefni, ef það verður til að mynda virk og raunhæf tengsl við atvinnulífið. Á hinn bóginn kann það að hafa nokkuð óeðlilegar afleiðingar varðandi stjórnun skorarinnar, einkum ef starfsmenn hennar eru fáir. Virðist því koma til greina að setja í reglugerð ákvæði þess efnis, að tengimenn njóti því aðeins fullra réttinda, að þeir sinni tilteknum lágmarksskyldum.

Um 5. gr.

Samkvæmt mgr. 5.1. fá skorir nokkurt ákvörðunarvald um eigin mál. Með þessu skrefi er m. a. ætlunin að draga úr firringu starfsfólks, sem er annars hætt við, ekki síst í allstórri stofnun eins og hér er um að ræða. Með orðinu „samráð" í frv. er átt við, að tilgreindum samráðsaðila gefist kostur á að koma að athugasemdum áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Ekki er talið eðlilegt, að forstöðumaður deildar og framkvæmdastjóri stofnunarinnar hafi atkvæðisrétt á skorarfundum, þar sem þeim gefst kostur á að fjalla um málefni skorarinnar á öðrum stigum.

Um 6. gr.

Hæfilegur ráðningartími skorarformanns er talinn vera 2 ár, bæði með tilliti til hagsmuna skorarinnar, iðnaðarins og viðkomandi starfsmanns. Hafa ber í huga, að ekki er endilega eftirsóknarvert frá sjónarmiði starfsmanns að gegna stjórnunarstarfi eins og skorarformennsku um ótakmarkaðan tíma, auk síns venjulega starfs.

Um 7. gr.

Heimildarákvæði mgr. 7.2. um breytingar á deildaskiptingu er liður í þeirri viðleitni að gera væntanleg lög nokkuð sveigjanleg í framkvæmd.

Um 8. gr.

Í megindráttum má segja, að þrjár deildanna taki við af stofnunum, sem nú eru til. Þannig tekur iðntæknideild við hlutverki Rannsóknastofnunar iðnaðarins, byggingatæknideild tekur við af Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og stjórnunarmáladeild tekur nánast við af Iðnþróunarstofnun Íslands. Síðast nefnda stofnunin hefur þó einnig gegnt væntanlegu hlutverki fræðsludeildar að nokkru leyti, einkum með framkvæmd Verkstjóranámskeiða, sem eru þó sérstakur liður á fjárlögum. Fræðsludeild er ný eining og gegnir nýju hlutverki að öðru leyti en því, að hún tekur við skipulagningu fyrrnefndra námskeiða.

Nafnið „Stjórnunarmáladeild" virðist eiga betur við en „Stjórnunardeild", sem mætti t. d. misskilja svo að þessari deild væri ætlað að stjórna hinum. Auk þess gefur fyrrgreinda nafnið betur til kynna, að deildinni er aðeins að litlu leyti ætlað að sinna stjórnun í þrengsta skilningi þess orðs, þ. e. verkefnum æðstu stjórnenda, heldur á deildin að sinna alls konar verkefnum, sem tengjast stjórnun eða verkstjórn á öllum stigum í fyrirtæki, sbr. upptalningu skora í aths. við 4. grein hér á undan.

Stöðlunarmál varða að sjálfsögðu fleiri atvinnugreinar en iðnað, svo sem sjávarútveg, verslun og ýmsa opinbera þjónustu. Hins vegar hefur iðnaðurinn meiri þörf fyrir stöðlun en aðrar atvinnugreinar, og er það væntanlega ástæðan til þess að stöðlun hefur frá upphafi verið falin Iðnþróunarstofnun (áður Iðnaðarmálastofnun). Þessi starfsemi er sem stendur alls ekki svo öflug að tilefni sé til að fela hana sérstakri stofnun eða deild, en slíkt getur komið til álita síðar, því að veruleg þörf er fyrir aukningu stöðlunarstarfs.

Mörg hagkvæmnisrök hníga að því, að fræðsla og ráðgjöf fyrir iðnað á sviði stjórnunar tengist öðrum þáttum iðnaðarþjónustu. Auk þess gildir hér svipað og

um stöðlun, að þörf iðnaðarins er meiri en annarra atvinnuvega, og einnig nokkurs annars eðlis. Þetta endurspeglast m. a. í því, að Stjórnunarfræðslan hefur frá upphafi verið á vegum iðnaðarráðuneytisins. Nýtur hún fjárveitingar skv. sérstökum lið á fjárlögum og hefur sérstaka 3ja manna stjórn, sem iðnaðarráðherra hefur skipað. Auk þess er sérstakur forstöðumaður fyrir Stjórnunarfræðslunni í hálfu starfi, en um skrifstofuhald og rekstur er höfð samvinna við Stjórnunarfélag Íslands, sem gengst annars fyrir eigin námskeiðum um stjórnunarmál.

Almenn þjónusta og fræðsla á sviði stjórnunarmála er að sjálfsögðu ekki sérmál iðnaðarins. Í ströngum skilningi taka ákvæði frv. aðeins til þjónustu við iðnaðinn, en frv. útilokar alls ekki að aðrir atvinnuvegir notfæri sér þá þjónustu, sem stjórnunarmáladeild býður upp á hverju sinni, og kann að henta þeim, sbr. mgr. 2.2. Þannig getur orðið eðlilegt, að Stjórnunarfélag Íslands tilnefni tengimann við stjórnunarskor stjórnunarmáladeildar. Í þessu sambandi er vakin athygli á því mikilvæga hlutverki frjálsra áhugamannasamtaka eins og Stjórnunarfélagsins að fylgjast með nýjungum á áhugasviði sínu og koma þeim á framfæri og í framkvæmd ef við á.

Iðnskólar hafa að undanförnu ekki haft bolmagn til að sinna þjálfun iðnverkafólks og endurmenntun iðnaðarmanna sem skyldi. Ef Iðntæknistofnun reynist hins vegar þess megnug að bæta hér nokkuð úr, virðist óæskilegt að lagabókstafur verði því til hindrunar. Hér þarf þó að koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja eðlilega samvinnu, og miðar síðasta ákvæði mgr. 8.4. einmitt að því. Til greina kemur, að menntamálaráðuneytið greiði hluta kostnaðar vegna þjálfunar iðnverkafólks. Telja verður eðlilegt, að fræðsludeild gangist fyrir námskeiðum úti um land eftir ástæðum.

Um 9. gr.

Telja verður eðlilegt og í samræmi við nútímahugmyndir um stjórnun, að starfsmannafundir deilda séu haldnir reglulega til umræðna og upplýsinga. Vakin er athygli á, að þessum fundum er ekki ætlað neitt formlegt stjórnunarhlutverk nema að veita umsögn um val forstöðumanna, sbr. mgr. 8.2.

Ekki er talið sjálfsagt að stjórnunarstörf forstöðumanns deildar séu fullt starf, heldur fer það eftir ákvörðun stjórnar með tilliti til aðstæðna. Teljist þessi störf ekki fullt starf er eðlilegt að forstöðumaður vinni að öðru leyti að almennum verkefnum skora í samræmi við menntun sína og reynslu.

Tímabundin ráðning forstöðumanna deilda er í samræmi við ákvæði frv. um skipun skorarformanna, sjá 6. grein hér að framan. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að tryggja deildunum sem hæfasta forstöðumenn á hverjum tíma. Fjögur ár virðast hæfilegur hámarkstími, en styttri tími gæti átt við t. d. ef um tiltölulega óreyndan mann er að ræða.

Um 10 gr.

Ákvæðum mgr. 10.2. er ætlað að stuðla þegar við skipun að hæfilegu sambandi milli framkvæmdastjóra annars vegar og hins vegar stjórnar ITSÍ og iðnaðarráðherra á hverjum tíma.

Um 11. gr.

Starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins tengist á margan hátt væntanlegri starfsemi Iðntæknistofnunar. M. a. getur oft orðið hagkvæmt að sérfróðir menn um markaðsmál taki þátt í verkefnahópum þeim, sem lýst er hér á eftir. Þess vegna er eðlilegt, að fulltrúi Útflutningsmiðstöðvarinnar taki þátt í starfi framkvæmdanefndar ITSÍ. Geta má þess að nú þegar er starfandi sérstök samstarfsnefnd með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins, Iðnþróunarstofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Með orðinu „verkefnahópur“ (project group) í mgr. 11.2. er átt við hóp manna, sem geta komið frá ýmsum skorum og deildum og jafnvel annars staðar að. Slíkir hópar gætu t. d. haft það verkefni að vinna að vandamálum einstakra iðngreina eða fyrirtækja eða að könnun tiltekins hráefnis o. s. frv. Hér er um að ræða mikilvægan þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Leggja ber áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst starfshópur, sem á að vinna að hvers kyns samstarfi innan stofnunarinnar. Hún er því ekki sérstakt þrep í stjórnstiga stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Með ákvæðum mgr. 12.1. um tilnefningar í stjórn er reynt að taka tillit til helstu aðila, sem eiga hagsmuna að gæta í starfsemi stofnunarinnar, og eru líklegir til að leggja gott til mála í stjórn. Jafnframt er reynt að takmarka stærð stjórnarinnar.

Í reglugerð þar að kveða nánar á um hvernig fulltrúi starfsmanna í stjórn skuli valinn.

Ákvæði mgr. 12.3. um hugsanlega endurskoðun tilnefninga á miðju tímabili mun vera nokkur nýlunda. Reynt getur á skilyrði um „sérstakt tilefni“ t. d. ef stjórnarmaður hefur verið óvirkur eða hefur lagst gegn stefnu tilnefningaraðila í mikilvægum málum, eða ef viðhorf tilnefningaraðila hafa gerbreyst síðan tilnefning fór fram, t. d. ef stjórnarskipti hafa orðið í viðkomandi samtökum o. s. frv.

Um 13. gr.

Lögð er áhersla á, að stjórn stofnunarinnar er fyrst og fremst ætlað að vinna að stefnumótun, en ekki að hafa afskipti af daglegum rekstri nema brýna nauðsyn beri til. Í upptalningunni í mgr. 13.1. eru m. a. nefnd ýmis mikilvæg verkefni stjórnar, sem gleymast annars gjarnan skv. reynslu. Fundir með starfsmönnum og stjórn ættu að geta verið báðum aðilum til gagns, sbr. að öðru leyti aths. við 9. grein.

Í mgr. 13.2. felst, að stjórnin ein, ásamt framkvæmdastjóra í umboði hennar, hefur formlegan rétt til að leggja fyrir iðnaðarráðuneytið mál, sem varða starfsemi stofnunarinnar. Þetta á hins vegar ekki við t. d. ef stjórn felur starfsmönnum að vinna tiltekin verkefni beinlínis fyrir iðnaðarráðuneytið.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. greinar eru að ýmsu leyti lykilatriði í frumvarpinu og geta ráðið úrslitum um það hvort Iðntæknistofnun nær sér á strik og þá um leið hvort væntanleg lög ná tilgangi sínum.

Nánari skilgreiningu á orðunum „íslenskur iðnaður“ í mgr. 14.1. er að finna í athugasemdum við 2. grein hér að framan.

Rétt þykir að tiltaka neðri mörk ríkisframlags til þess að tryggja stofnuninni eðlilegt rekstraröryggi. Jafnframt þykir rétt að gera í lögum ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í stærð framlagsins, t. d. með tilliti til breytilegs ástands í efnahagsmálum. Slíkur sveigjanleiki er annars ekki verulegur að því er varðar ríkisstofnanir yfirleitt, því að löggjöf leyfir mjög lítið svigrúm til breytinga á starfsmannahaldi þeirra. Mörk þau, sem frumvarpið gerir ráð fyrir um fjárveitingar hins opinbera, hafa fyrst og fremst stefnumarkandi gildi. Aðhald verður hins vegar áfram í höndum ráðuneytis og auk þess hjá iðnaðinum sjálfum vegna áhrifa hans í stjórn og í skorum. Að öllu athuguðu tekur fjárveitingavaldið því ekki á sig meiri eða ósveigjanlegri skuldbindingar með samþykkt þessa frv. en með hefðbundinni lagasetningu um svipaðar stofnanir.

Þar sem Iðntæknistofnun er ætlað að stuðla að íslenskri iðnþróun, sem birtist m. a. í framleiðslumagni, þykir eðlilegt að miða tekjur stofnunarinnar að einhverju leyti við það. Líklega væri eðlilegast að miða við virðisauka iðnaðarins (value

added, verðmætasköpun). Sá hængur er þó á slíkri viðmiðun, að tölur um verðmætasköpun einstakra atvinnuvega á hverju ári liggja ekki fyrir fyrr en alllöngu eftir á. Þess vegna hefur sá kostur verið valinn að miða við framleiðsluverðmæti iðnaðar, en það er að sjálfsögðu nokkuð tengt verðmætasköpuninni. Nægilega áreiðanlegar tölur um framleiðsluverðmæti eiga að liggja fyrir í lok hvers árs, þ. e. áður en gengið er frá fjárlögum næsta árs, svo að hægt er að framkvæma ákvæði frv. snurðulaust.

Heildarframleiðsluverðmæti það, sem um ræðir í mgr. 14.1., er áætlað u. þ. b. 98 milljarðar króna á árinu 1975. Hundraðstölur málsgreinarinnar samsvara því ríkisframlagi, sem nemur 294—588 milljónum króna á árinu 1976. Til samanburðar má geta þess, að áætlað framleiðsluverðmæti sjávarútvegs og fiskiðnaðar á árinu 1975 er um 36 milljarðar króna, en ríkisframlag til tæknistofnana þessara atvinnuvega (Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) nemur um 460 milljónum króna skv. fjárlögum 1976, eða um 1.3% af framleiðsluverðmæti ársins 1975.

Heildarframlög til núverandi stofnana og starfsemi, sem væntanlega sameinast í ITSÍ, nema um 109 milljónum króna skv. fjárlögum 1976. Eru þá með talin framlög til byggingaframkvæmda, sem eru nú fjármagnaðar sérstaklega, en fé til byggingaframkvæmda ITSÍ gæti hins vegar komið af ofangreindu ríkisframlagi. Þá ber þess að gæta, að starfsemi ITSÍ verður vonandi mun víðtækari en núverandi starfsemi á þessu sviði.

Sem stendur hefur Rannsóknastofnun iðnaðarins markaðan tekjustofn, sem nefnist iðnaðargjald, og er áætlað 21 millj. króna í fjárlögum 1976. Byggingariðnaðarsjóðsgjald rennur til Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og er áætlað 19 millj. kr. á árinu 1976.

Með „raunverulegum heildarkostnaði" í mgr. 14.3. er átt við beinan útlagðan kostnað, launa- og tækjakostnað, kostnað vegna húsnæðis og stjórnunar o. s. frv.

Með mgr. 14.3. er gert ráð fyrir að gjaldskrá fari t. d. eftir stærð og fjárhagsgetu fyrirtækja eða stofnana, sem nota sér þjónustuna. Þannig mundu stór fyrirtæki eða stofnanir, sem gætu e. t. v. sjálf komið á fót hliðstæðri starfsemi á eigin vegum, greiða þjónustuna fullu verði, en smáfyrirtæki mundu greiða minna fyrir hliðstæða þjónustu. Þá mundi t. d. kennsla á námskeiðum og undirstöðukönnun á rekstri fyrirtækja e. t. v. ekki verða greidd að fullu. Sama gæti gilt um nýjar tegundir þjónustu meðan þær eru að ryðja sér til rúms.

Framlagi ríkis skv. mgr. 14.1. og sjóða skv. mgr. 14.2. er m. a. ætlað að standa undir þjónustu, sem viðtakandi greiðir ekki fullu verði skv. framansögðu. Auk þess verður talsverður hluti af starfsemi stofnunarinnar svo almenns eðlis, að erfitt verður að finna tiltekinn viðtakanda, sem hægt er að krefja um greiðslu. Þetta gildir m. a. um hvers konar þjónustu við iðnaðinn sem heild, eða einstakar iðngreinar og um starfsemi, sem miðast við iðnað framtíðarinnar, svo sem könnun íslenskra náttúruauðlinda. Rétt þykir að nefna sérstaklega þær greiðslur, sem um ræðir í mgr. 14.4., því að starfsemin er oft nokkuð sérstaks eðlis og greiðslurnar verða ekki ákveðnar skv. gjaldskrá, m. a. vegna stærðar og sérstöðu verkefnanna. Nauðsynlegt er að undirstrika, að gjaldtakan, sem um ræðir í greininni, er ekki markaður tekjustofn, heldur mjög sveigjanlegur rammi, sem gefur tækifæri til verulegs svigrúms í upphæð tekna.

Um 15. gr.

Með mgr. 15.2. er reynt að gera tilhögun launamála og starfsmannahalds ITSÍ nokkru sveigjanlegri en tíðkast nú í flestum ríkisstofnunum, þ. á m. þeim, sem stofnunin tekur við af. Nokkurt frjálsræði í þessum málum er alger forsenda þess, að stofnunin geti hugsanlega gegnt fyrirhuguðu hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Til að renna stoðum undir þetta nægir að nefna, að þær stofnanir, sem starfa nú á þessu sviði, hafa átt í miklum erfiðleikum í starfsmannahaldi. Þar við bætast áhrif

fyrirhugaðra áherslubreytinga skv. frv., þ. e. t. d. aukinn hlutur hæfra ráðunauta með ýmiss konar menntun eða þjálfun.

Hér er þó ekki hróflað við þeirri hefðbundnu reglu, að launaákvarðanir verði áfram í höndum fjármálaráðuneytisins, þótt eflaust megi gera ráð fyrir meiri sveigjanleika þar vegna ákvæða mgr. 15.2.

Hafa ber í huga, að fyrirhuguð Iðntæknistofnun hefur talsverða sérstöðu meðal ríkisstofnana, svo sem sést meðal annars á lýsingu tekna í 14. grein frv. og á skipan stjórnar skv. 12. grein. Hér er sem sé um að ræða stofnun, sem er ætlað að veita tilteknum aðilum ákveðna þjónustu og verður mjög háð þessum aðilum varðandi tekjur og allan árangur af starfi sínu. Einnig má geta þess að hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndum njóta nokkurs frjálsræðis á þessu sviði.

Til fróðleiks skal þess getið, að starfsmaður, sem ráðinn væri skv. 2. eða 3. tl. mgr. 15.2. til lengri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, mundi eiga kost á aðild að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Ef starfsmaður, sem er fastráðinn við stofnunina, tekur að sér stjórnunarstarf eins og mgr. 15.4. fjallar um, þykir eðlilegt að hann geti við ráðningu áskilið sér rétt til upphaflegs starfs síns eða annars hliðstæðs innan stofnunarinnar, að loknu ráðningartímabili til stjórnunarstarfa. Vegna stærðar stofnunarinnar ætti slíks yfirleitt að vera kostur.

Um 16. gr.

Hliðstæð ákvæði um kennslustörf er að finna í gildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Æskilegt væri að umræddri kennslu yrðu settar heppilegar reglur.

Um 17. gr.

Hér er m. a. um að ræða, að Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Rannsóknastofnun iðnaðarins eiga fulltrúa í Rannsóknaráði ríkisins, senda því fjárhagsáætlanir sínar til umsagnar og hafa önnur sérstök tengsl við þá stofnun.

Iðnþróunarstofnun Íslands, áður Iðnaðarmálastofnun, á einnig fulltrúa í Rannsóknaráði og virðist eðlilegt, að hann færist yfir á stjórnunarmála- eða fræðsludeild ITSÍ, sbr. mgr. 17.3. og 17.5.

Í lögum nr. 49/1961 um verkstjóranámskeið er svo kveðið á, að Iðnaðarmálastofnun Íslands skuli annast framkvæmd verkstjóranámskeiða í umboði námskeiðsstjórnar og hafa á hendi fjárreiður þeirra og varðveita gögn þau og muni, sem tilheyra námskeiðunum. Með lögum nr. 31/1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, færðist þessi starfsemi til þeirrar stofnunar. Ef þetta frumvarp verður að lögum færist starfsemin áfram til stjórnunar- og fræðsludeildar Iðntæknistofnunar, en að öðru leyti verður engin breyting á stjórnskipulegri stöðu verkstjóranámskeiða.

Um 18. gr.

Hér er um flókið og vandasamt mál að ræða, þar sem bæði þarf að gæta hagsmuna viðskiptaaðila stofnunarinnar og tryggja eðlilega starfshætti hennar, t. d. þegar nokkrir aðilar biðja um sömu athuganir hver í sínu lagi. Ótti við upplýsingaleka til samkeppnisaðila hefur ráðið nokkru um að íslensk iðnfyrirtæki hafa ekki leitað til núverandi þjónustustofnana sem skyldi. Nauðsynlegt virðist að setja allrækilegar reglur um þessi mál, og má þá fara í smiðju til tæknistofnana á Norðurlöndum, sem hafa mikla reynslu á þessu sviði.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði I. og II. liðar eru fyrst og fremst til skilgreiningar á hugsanlegum vafaatriðum varðandi stofnun ITSÍ. II. liður miðar auk þess að því að tryggja hagsmuni ríkissjóðs, þannig að tekjustofnar, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum, falli ekki niður e. t. v. á miðju ári.

Með III. lið er tekið tillit til þess, að stjórnunarmála- og fræðsludeild verða e. t. v. í fyrstu svo litlar, að skoraskipting verður óeðlileg. Á rannsóknastofnununum tveim, sem hinar deildirnar taka við af, er hins vegar þegar fyrir hendi deildaskipting, sem mundi svara til skoraskiptingar skv. frv.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um nýsmíði skips til úthafsrækjuveiða.

Flm.: Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita Snorra Snorrasyni skipstjóra, Dalvík, þess háttar aðstoð í formi ábyrgðar, er geri honum kleift að kaupa rækjuveiðaskip það er ráð var fyrir gert með ríkisstjórnarsamþykkt á s. l. sumri samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins þar að lútandi frá 23. júní s. l. enda leggi hann fram eiginfjármagn og tryggingar í hlutfalli við það sem þar var ráð fyrir gert.

Greinargerð.

Í ályktuninni felst að ríkisstjórnin veiti ábyrgð, sem til þess dugi að Snorri Snorrason geti fest kaup á nýju rækjuveiðaskipi af sömu gerð og þeirri sem færeyingar gera nú út með mjög góðum árangri við Grænland, en Snorri Snorrason hafði samið um smíði þess háttar skips við breska skipasmíðastöð, er smíða skyldi skrokk skipsins, og við Slippstöðina á Akureyri, sem tók að sér að fullsmíða það.

Snorri Snorrason hóf rækjuveiðar á djúpslóð norðanlands á 26 lesta bát árið 1972. Er fleytan reyndist of smá til úthafsveiðanna lét hann smíða sér stærri bát, Sæþór, sem er 50 lestir, og byrjaði rækjuveiðar á honum við Kolbeinsey haustið 1974. Óumdeilanlegt er að Snorri er frumkvöðull að djúprækjuveiðum hér við land, hefur sótt veiðar þessar af lofsverðri atorku og aflað sér reynslu við þann veiðiskap umfram aðra hérlenda menn. Árið 1975 veiddi Snorri Snorrason 259 lestir á Sæþór af þeim samtals 414 lestum af rækju, sem öfluðust á úthafsmiðum norðanlands, eða um 61% af heildaraflanum. Þessi afli fékkst á 1600 togtímum, eða að jafnaði 162 kíló á klukkustund.

Í sumar leið samþykkti ríkisstjórnin að taka sérstakt tillit til afreka Snorra Snorrasonar, sérþekkingar hans og áhuga við úthafsrækjuveiðarnar með því að veita honum undanþágu frá gildandi reglum varðandi smíði á nýju skipi erlendis, og greinir frá þeirri ákvörðun í bréfi sjávarútvegsráðuneytisins til Snorra hinn 23. júní 1976. Er þar ráðgert að Snorra verði veitt heimild til lántöku erlendis með ríkisábyrgð er nemi allt að 13% af kostnaði við smíði á skipsbol erlendis og auk þess verði honum veitt heimild til lántöku innanlands eða erlendis fyrir allt að 5% af innlendum kostnaði við smíði skipsins, með ríkisábyrgð ef nauðsyn krefur. Tekið var fram, svo sem sjálfsagt er, að lántaki yrði að sýna fram á, að hann gæti staðið undir greiðslu slíkra lána, áður en ríkisábyrgð yrði veitt. Síðan var til þess vitnað, að Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður yrðu að taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi lánveitingar í þessu skyni, og loks tekið fram að hér væri ekki verið að móta almenna heimild um lánakjör vegna úthafsrækjuskipa, heldur væri hér um að ræða undantekningu er gerð væri í tilraunaskyni.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu afstöðu ríkisstjórnar, sem hefði vissulega átt að nægja til þess að öðru jöfnu að af framkvæmdum yrði, fór svo að málið mætti andstöðu í Fiskveiðasjóði og þar af leiðandi í Útvegsbankanum, og Snorra Snorrasyni voru sett miklu strangari skilyrði varðandi eiginfjármagn og baktryggingar en almennt hafa tíðkast við nýsmíði skipa á liðnum árum, þannig að svo virðist nú sem ekki geti orðið af smíði rækjuveiðaskipsins nema til komi aukin fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera.

Upplýsingar þær, er fyrir liggja um aflaföng færeysku rækjuveiðaskipanna af framangreindri gerð, svo og upplýsingar um djúprækjumiðin fyrir Norðurlandi, benda til þess að skip það, er Snorri Snorrason ætlar að láta smíða, mundi skila andvirði sínu í erlendum gjaldeyri eftir átta mánaða úthald, og rekstraráætlanir sem lagðar hafa verið fram — og viðurkennt er að telja megi mjög varlega gerðar — benda til þess að hér yrði um trausta útgerð að ræða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að Snorri Snorrason veiti allar nauðsynlegar baktryggingar og að hagsmunir hins opinbera verði tryggðir til hins ýtrasta. Það skal tekið fram að rækjuveiðaskip það, er hér um ræðir, mun kosta fullgert um 360 milljónir króna. Þetta yrði rösklega 250 lesta skip af svonefndri Maritimegerð, jafnhæft til almennra togveiða, línu- og netaveiða, búið frystilest.

Líkur benda til þess að gera mætti út mörg togskip á úthafsrækjuna fyrir Norðurlandi með góðum árangri, en slík útgerð gæti haft úrslitaþýðingu meðan halda þarf hlífiskildi yfir botnfiskastofnum okkar vegna rányrkju undangenginna ára. Til úthafsrækjuveiðanna þarf góð skip, og fráleitt er að hefja tilraunaveiðarnar fyrir alvöru með úreltum skipum, sem ekki duga fyllilega til úthalds árið um kring á svo grimmum sjó.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt í Ed. í fyrra, en varð þá eigi útrædd.

Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggjast flutningsmenn koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana, að kjarabætur til handa verkamönnum verði að beinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastri aðstöðu til að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramálum landsmanna. Svo dæmi sé tekið, þá yrði það óframkvæmanlegt eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa að öllu meðtöldu sexföld

laun verkamanns, að veita sjálfum sér kauphækkun samtímis því sem þeir úrskurðuðu að ekki væru efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun verkafólks.

Nú hafa verið gerðir kjarasamningar þar sem verkamönnum eru ætluð laun sem nema u. þ. b. helmingi framfærslukostnaðar vísitölufjölskyldunnar ef miðað er við 40 stunda vinnuviku. Má því ætla að þeir landsmennn, sem hafa tvöföld verkamannslaun fyrir eðlilegan vinnutíma, hafi til hnífs og skeiðar. Þegar svo er ástatt hlýtur það að teljast með öllu ósæmilegt að greidd séu hærri laun. Óþarft er að dómi flutningsmanna að kveða sérstaklega á í greinargerð um sérstöðu hlutasjómanna í launakerfinu, en vafalaust er að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast til óhæfilega lágra launa miðað við vinnutíma.

Að frátöldum þeim rösku þrem árum, sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, má heita að stefnt hafi verið að því markvisst síðustu 17 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þróun þessi hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum

Ed. 89. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Í stað síðara hluta 2. tl. 23. gr. laganna, er hefst á „svo og arfur, enda þótt skylduarfur sé ....“ komi:

3. Arfur, hvort heldur er skylduarfur eða ekki.

3. tl. verði 4. töluliður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Fyrir þá sök, að þörfin fyrir þessar breytingar hefur ekki breyst, nema síður sé, er frumvarpið nú endurflutt.

Samkvæmt gildandi lögum er arfur hjúskapareign þess hjóna, er erfir. Slíti hjón samvistir, kemur arfur því til skipta. Sú regla hefur oft valdið sársauka og óréttmætum eignatilfærslum að almenningsáliti. Nýverið hefur Alþingi rýmkað heimildir til hjónaskilnaðar og fer þeim mjög fjölgandi.

Það er að vísu svo, að heimilt er með erfðaskrá að gera arf að séreign, þótt skylduarfur sé. Eins er heimilt að setja ákvæði þar um í kaupmála. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að mönnum getur verið það mikið tilfinningamál, hvort slíkir gerningar séu gerðir eða ekki, og eru þeir af sumum túlkaðir á þann veg, að um tortryggni sé að ræða um endingu viðkomandi hjónabands.

Sþ. 90. Fyrirspurn [82. mál]

til iðnaðarráðherra um viðgerðir fiskiskipa.

Frá Pétri Péturssyni.

1. Hve miklum fjárhæðum var varið árið 1975 til viðhalds, viðgerða og breytinga erlendis á:
   a. íslenskum fiskiskipum,
   b. íslenskum farskipum,
   c. íslenskum varðskipum?
2. Hvaða aðgerðir telur ráðherra nauðsynlegar til að flytja þennan iðnað inn í landið?

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um dreifikerfi sjónvarps.

Flm.: Páll Pétursson, Þorleifur K. Kristmundsson, Guðrún Benediktsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það, að 10% af afnotagjöldum sjónvarps verði varið til uppbyggingar á dreifikerfi sjónvarpsins þannig að skilyrði verði sköpuð til viðtöku sjónvarpsefnis á sem allra flestum heimilum á landinu og einnig á þeim fiskimiðum þar sem það er unnt með viðráðanlegum kostnaði.

Greinargerð.

Þegar sjónvarpsrekstur íslendinga hófst var hafist handa um myndarlega uppbyggingu dreifikerfis um landið. Framkvæmdir þessar voru fjármagnaðar þannig að til þeirra var varið innflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum. Þetta gaf góða raun og framkvæmdahraðinn var mjög góður. Þegar sjónvarpstæki voru komin á allan þorra heimila í landinu hvarf að mestu leyti sá tekjustofn, er staðið hafði undir uppbyggingunni.

Þegar uppbygging dreifikerfisins stöðvaðist höfðu þó ekki verið sköpuð skilyrði til viðtöku sjónvarpsefnis í nokkrum byggðarlögum. Samkvæmt áætlun, sem póst- og símamálastjórnin lét gera haustið 1974, dagsettri 15. nóv., vantaði 14 nýjar endurvarpsstöðvar sem þjóna ættu 50 eða fleiri notendum hver, og var þá áætlaður kostnaður við byggingu þeirra tæplega 50 milljónir. Þá þurfti skv. áætluninni nauðsynlega að endurbæta 15 bráðabirgðastöðvar. Áætlaður kostnaður við það var þá 35 millj. kr. Auk þess var gerð áætlun um endurbætur nokkurra endurvarpsstöðva á 23 millj. kr. Enn fremur var gerð áætlun um endurvarpsstöðvar vegna nokkurra fiskimiða. Það er að sjálfsögðu geysimikið og kostnaðarsamt verkefni og gerði áætlunin ráð fyrir 600 millj. kr.

Ekki þarf að fjölyrða um hvílíkt réttlætismál það er að skapa landsmönnum sem jafnasta möguleika til nota þessa fjölmiðils sem er í ýmsum tilfellum veigamikið menningartæki. Það er skylda ríkis og ríkisfyrirtækja að skapa þegnunum öllum sem jafnasta lífsaðstöðu í hvívetna. Þetta er einn þáttur þess máls.

Að sjálfsögðu er hér um nokkuð kostnaðarsamt verkefni að ræða og nauðsynlegt að tryggja til verksins traustan tekjustofn. Innheimt afnotagjöld sjónvarps árið 1974 voru 259.6 millj. kr. og árið 1975 tæpar 400 millj., þannig að 10% af þeirri upphæð virtist eðlilegt að verja til uppbyggingar dreifikerfisins.

Það er skoðun flm. að sjónvarpsgjöld þyrftu ekki að hækka verulega þó sú leið verði farin sem hér er lagt til, heldur mætti að skaðlausu spara nokkuð á sumum liðum í sjónvarpsrekstrinum.

Á undanförnum þingum hafa verið fluttar nokkrar tillögur um hvernig ljúka megi þessu verkefni, en þær hafa ekki náð fram að ganga þrátt fyrir það að alþingismönnum hafi yfirleitt verið ljós nauðsynin á framkvæmd verksins. Nú hafa liðið 3 ár án þess að nokkuð hafi verið framkvæmt til þess að koma sjónvarpsefni til þeirra landsmanna sem hafa ekki aðstöðu til þess að veita því viðtöku, og er það ekki vansalaust. Flm. telja að sú leið, sem hér er lagt til að farin verði, sé eðlilegri heldur en sú að sóa gjaldeyri með því að heimila innflutning litsjónvarpstækja í því trausti að tolltekjur af þeim gætu staðið undir því að koma dreifikerfi um land allt.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um 18 ára kosningaaldur.

Flm.: Eyjólfur Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson, Bragi Sigurjónsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar, að gerð sé athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi, og að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis við það aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum ungs fólks.

Athuganir þessar skal gera 9 manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Greinargerð.

Allt frá því að Alþýðuflokksmenn voru fyrst kosnir til Alþingis fyrir tæpum sex tugum ára hafa þingmenn Alþýðuflokksins haft forustu um breytingar í lýðræðis- og jafnréttisátt á lögum um kosningarrétt og kjördæmaskipan. Á fyrstu árum Alþýðuflokksins sem stjórnmálaflokks með fulltrúa á Alþingi höfðu þannig þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru orðnir 25 ára að aldri og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Við landskjör giltu sömu skilyrði varðandi þá, sem þegið höfðu af sveit, en kosningarréttur í þeim kosningum var miðaður við 35 ár.

Rýmkun kosningarréttarins var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþýðuflokksins. Alþýðuflokkurinn barðist fyrir því, að numið yrði úr lögum það ákvæði, að fólk, sem vegna fátæktar og/eða sjúkdóma hafði neyðst til þess að þiggja sveitarstyrk og ekki getað endurgreitt hann, yrði svipt kosningarrétti, og flokkurinn barðist fyrir því, að kosningarréttur yrði miðaður við 21 árs aldur.

Framan af mætti þessi barátta Alþýðuflokksins mikilli andstöðu, en þó tókst að lokum að fá stuðning víðsýnna manna úr öllum flokkum við þessi baráttumál Alþýðuflokksins. Árið 1929 var svo 21 árs kosningaaldur lögfestur og sveitarstyrksákvæðið afnumið hvað varðar kosningar til sveitarstjórna. Með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Næsti áfangi í baráttu Alþýðuflokksins fyrir rýmkun ákvæða laga um kosningarrétt og kjörgengi hófst árið 1963, en snemma á því ári hélt Alþýðuflokkurinn aukaþing, þar sem afgreidd var ný og endurskoðuð stefnuskrá flokksins. Eitt þeirra nýmæla, sem í stefnuskránni fólust, var að Alþýðuflokkurinn tók upp baráttu fyrir 18 ára kosningaaldri.

Í framhaldi af stefnuskrársamþykktinni um 18 ára kosningaaldur á þingi Alþýðuflokksins hafa þingmenn flokksins tvívegis flutt tillögu til þingsályktunar um 18 ára kosningaaldur, fyrst árið 1965 og síðan árið 1974.

Framangreind þingsályktunartillaga þingmanna Alþýðuflokksins frá 1965 var tekin til umræðu og afgreiðslu á því þingi. Var henni vísað til athugunar hjá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis og leitaði nefndin m. a. álits eftirtalinna aðila: Sambands ungra sjálfstæðismanna, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna, Æskulýðsfylkingarinnar, Íslenskra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum. Tveir þeirra síðasttöldu voru tillögunni andvígir, en hinir umsagnaraðilarnir — öll stjórnmálasamtök ungs fólks í landinu — lýstu sig fylgjandi henni.

Í áliti allsherjarnefndar kom fram, að nefndinni þótti rétt og eðlilegt að láta fram fara sérstaka athugun á því, hvort ekki væri tímabært að lækka kosningaaldurinn frá því, sem þá var, en ekki náðist í nefndinni samkomulag um að tiltaka sérstaklega 18 ár í því sambandi. Þá taldi nefndin rétt, að jafnframt yrðu endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, svo sem fjárræðisaldur og hjúskaparaldur. Gerði nefndin nokkrar breytingar á tillögu þingmanna Alþýðuflokksins og lagði til, að hún yrði samþykkt með svo hljóðandi breytingum:

„1. Tillögugr. orðist svo:

Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin skal skila áliti svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um lækkun kosningaaldurs.“

Þannig breytt var tillagan svo samþykkt á fundi sameinaðs Alþingis 22. apríl árið 1965.

Framhald málsins varð svo það, að á næsta reglulegu Alþingi, 87. löggjafarþingi, sem var síðasta þing á kjörtímabili, var samþykkt sú breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, að kosningarrétt skyldi miða við 20 ár í stað 21 árs. Þessi stjórnarskrárbreyting var tekin fyrir aftur á Alþingi á 88. löggjafarþinginu, strax á fyrsta þingi að þingkosningum loknum, og samþykkt þar endanlega 29. mars 1968. Jafnframt voru á því þingi samþykkt lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, þar sem kosningarréttur til sveitarstjórna var færður úr 21 ári í 20 ár, og lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, til samræmis við stjórnarskrárbreytinguna. Virðist full samstaða hafa ríkt meðal allra þingflokka um þessar breytingar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að í ljósi reynslunnar, sem fengist hefur af lækkun kosningarréttar úr 21 í 20 ár, þeirrar þróunar, sem þegar hefur orðið og fyrirsjáanleg er í þeim málum meðal nálægra þjóða, svo og þeirrar staðreyndar, að íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast meðal ýmissa annarra þjóða, þá sé nú fyllilega tímabært að stíga sporið til fulls og miða kosningarrétt og kjörgengi til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga á Íslandi við 18 ára aldur. Jafnframt telja flutningsmenn eðlilegt og sjálfsagt að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Rétt er, að sami háttur verði hafður á þessum athugunum og áður — þ. e. að Alþingi kjósi til þess sérstaka nefnd og verði við það miðað, að í henni eigi sæti fulltrúar frá þingflokkunum öllum. Með því móti væri auðveldað að samstaða gæti tekist á Alþingi um þær breytingar, sem gerðar yrðu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar, að rétt sé og skylt að gefa nefndinni rúman tíma til þess að ljúka athugunum á þessu máli og samningu þeirra lagafrumvarpa, sem því fylgja. Jafnframt telja flutningsmenn sjálfsagt, að Alþingi og aðrir þeir, sem málið kann að varða, fái þann tíma, sem til þarf, til þess að kynna sér væntanlegar niðurstöður athugananna. Því væri eðlilegt, að nefndin fengi tíma til athugunar á málinu þar til á öðru reglulegu Alþingi hér frá. Þá yrðu niðurstöður hennar kynntar opinberlega, en síðan teknar til umræðna og afgreiðslu á næsta þingi þar á eftir — síðasta reglulegu þingi á yfirstandandi kjörtímabili — þannig að stjórnarskrárbreytingin, sem gera verður varðandi lækkun kosningaaldursins, þurfi ekki að valda þingrofi og nýjum kosningum fyrr en þær á að bera að með réttum og eðlilegum hætti.

Ed. 93. Frumvarp til laga [85. mál]

um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum (sbr. 3. gr. og 11. gr.).

2. gr.

Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.

3. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum, sbr. 5. gr.

4. gr.

Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs.

5. gr.

Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar, svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota, ef það brýtur ekki í bága við almannaþarfir.

Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram af hverri veiðijörð s. l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur samkvæmt því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðhluta fer fram, ef fyrr verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um 1/20 við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár.

6. gr.

Alþingi getur falið viðkomandi sveitarfélögum eftir nánar settum reglum umráðarétt veiði og fiskræktar í ám og vötnum gegn sérstöku gjaldi, er gangi til aukinnar fiskræktar, sömuleiðis samtökum ábúenda aðliggjandi jarða áa og vatna, einnig sérstökum fiskræktarfélögum. Sama rétt má veita einstaklingum, sem einstæðan áhuga og árangur hafa sýnt í fiskræktarmálum.

Skylt skal ábúendum jarða að veiðiám og veiðivötnum að leyfa veiðileyfishöfum nauðsynlegan aðgang að veiðistöðum og umferð milli veiðisvæða, enda sýni veiðileyfishafar fyllstu nærfærni í umgengni sinni, svo að hvergi valdi spjöllum.

7. gr.

Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heimalanda nema ríkið sjálft. Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign, en gjalda ber eiganda þess verð fyrir samkvæmt gildi þeirra nota, sem hann hefur af því talið fram s. l. 20 ár.

Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afréttarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka.

8. gr.

Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði og láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumarbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar samkvæmt mati með hliðsjón af þeim búnotum, sem af eignarnámslandinu hafa verið.

9. gr.

Allur jarðhiti er eign ríkisins, nema á eignarjörð sé, þá er sá jarðhiti, sem er ofan 200 m dýpis, eign viðkomandi jarðeiganda. Megi ætla, að borun ríkisins eftir jarðvarma og virkjun hans valdi notatjóni á viðkomandi bújörð eða aðliggjandi bújörðum, svo sem á matjurtarækt eða upphitun húsa, ber ríkinu að bæta slíkt samkvæmt mati.

10. gr.

Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins og leyfis þess þarf til að leita eftir og vinna, eru eign ríkisins og háð valdi Alþingis.

11. gr.

Allar lóðir og lendur undir húsum og öðrum mannvirkjum skulu eign viðkomandi sveitarfélags, nema ríkisins sé áður, en þá skal Alþingi fela sveitarfélaginu umráðarétt slíkra eigna. Sveitarfélög skulu bótaskyld til eigenda lóða og lendna þeirra, sem í einkaeign eru, þegar lög þessi öðlast gildi, en við ákvörðun bóta skal draga frá að 3/4 hlutum þá verðmætaaukningu, sem dómkvaddir matsmenn ætla að viðkomandi þéttbýlissköpun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið.

Ekki er sveitarfélagi skylt að inna slíkar bætur af hendi til eigenda nema við missi vinnu vegna aldurs eða örorku, dauðsfall eða burtflutning, og þá eigi fyrr en 2 árum síðar.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um lóðir og lendur undir hús og mannvirki í sveitum, önnur en lúta að búrekstri, þar með taldar lóðir undir sumarbústaði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Nokkur þing undanfarið hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt þingsályktunartillögu um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Aðalinntak þeirrar tillögu hefur verið, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið væru í raun sameign þjóðarinnar allrar og ríkisstjórnin ætti að láta sérfróða menn semja frumvarp til laga um þessa eign og þessi eignarráð til samræmis við breytta tíma, breyttan skilning þjóðarinnar á eignarráðum og ýmis ný viðhorf, m. a. vegna algerrar byltingar á sumum sviðum um gildi gagna og gæða landsins.

Þessi tillöguflutningur þingmanna Alþýðuflokksins hefur vakið mikla athygli og sívaxandi umræðu manna á meðal, svo að alþjóð er farin að velta þessu máli fyrir sér af allt öðrum sjónarhóli en áður.

Hér er gerð tilraun til að búa sjónarmiðum Alþýðuflokksins og annarra, er líkar skoðanir hafa og hann á þessum málum, stakk í frumvarpsformi að lögum og þoka þannig málinu til ákveðnari umræðu.

Á síðastliðnu vori var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna fjölmenn ráðstefna um búsetu mannsins á jörðinni. Nefndist hún HABITAT og fór fram í Vancouver í Kanada. Sóttu ráðstefnu þessa fulltrúar rúmlega 120 þjóða, en ekki sá íslenska ríkisstjórnin ástæðu til að senda fulltrúa og ber að harma það. Á ráðstefnu þessari voru gerðar víðtækar samþykktir, sem yfir 120 þjóðir stóðu að einum rómi. Meðal annars er þar kafli um landið, og er athyglisvert fyrir íslenska þjóð að kynnast efni hans. Er þar skemmst af að segja, að ráðstefnan varð einróma sammála um stefnu varðandi landið, sem er mjög í sama anda og tillögur Alþfl. um eignarrétt á landi, gögnum þess og gæðum, svo sem hér skal sýnt í þýðingu nokkurra atriða úr samþykktinni:

Inngangsorð: „Félagslegt réttlæti, endurnýjun byggðar (borga) og framþróun, sem eru skilyrði fyrir mannsæmandi húsnæði og heilsusamlegu umhverfi fólksins, nást því aðeins að landið sé notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar."

Samþykktir:

1) „Landið er takmörkuð auðlind og meðferð þess á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar."
2) „Breytingar á landnotum, sérstaklega frá landbúnaði til þéttbýlis, eiga að vera háðar opinberu eftirliti og reglum."
3) „Óverðugan hagnað, sem myndast af því að land hækkar í verði vegna breyttra landnota, vegna opinberra framkvæmda eða ákvarðana eða vegna almenns vaxtar samfélagsins, skulu opinberir aðilar (þjóðfélagið) geta endurheimt, nema aðstæður kalli á aðrar frekari aðgerðir, svo sem breytta eignaraðild eða upptöku lands."
4) „Tímabundinni eða varanlegri þjóðareign skal beita, þegar nauðsynlegt er til að tryggja, stjórna og vernda land, sem þarf fyrir vöxt þéttbýlissvæða, einnig til framkvæmdar á almennum umbótum í borgum og sveitum til að tryggja almenna þróun hagkvæma þjóðfélaginu."
5) „Eignarréttarformi liðins tíma ber að breyta til samræmis við síbreytilegar þarfir þjóðfélagsins, svo að það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni."

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera, að þær skoðanir ryðja sér nú mjög til rúms, að taka þurfi eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, til ítarlegrar endurskoðunar og umbreytinga.

Það er ekki viðfelldin staðreynd, að fósturjörðin sé á braskhrakningi. Svo er þó raunin í dag: Hitaveituréttindi, veiðiréttur, sumarbústaðalönd, lóðir og lendur í og við þéttbýli eru eftirsótt verðmæti, svo að engu hófi sætir í kaupum og sölum. Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til, að þessi brask- og verðbólguhvati sé frá einstaklingum tekinn alfarið með því að þessi verðmæti séu gerð að sameign þjóðarinnar, þannig að ekki verði framar okrað á hitaveituréttindum, góðar bújarðir fari ekki úr búskaparnotum vegna gífurverðs, sumarbústaðalönd fáist á

sanngjörnum kjörum fyrir þéttbýlisbúa, er þess óska, og sveitarfélög þurfi ekki framar að kaupa sér „lífsrúm“ á okurverði né lax- og silungsveiðimenn að sæta afarkostum til slíkra veiða.

Hér er um sanngirnis- og skynsemismál að ræða, sem hlýtur að vinna sér land.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er því slegið föstu sem aðalreglu, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar allrar.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint, að umráðaréttur þessarar sameignar sé í höndum Alþingis, en það geti með sérstökum lögum, ef henta þykir, falið öðrum aðilum umráða- og notarétt tiltekinna hluta af sameigninni, svo sem sveitarfélögum og öðrum félagssamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Er hér m. a. átt við umráð lóða og lendna í þéttbýli eða þar sem vinnsla jarðefna fer fram eða verksmiðjur eru reknar, svo og búrekstur fer fram á erfðafestulandi, svo dæmi séu tekin. Sjá um veiðirétt síðar.

Um 3. gr.

Þótt það sé skoðun flutningsmanna, að bændum sé í raun hagkvæmara að hafa búlönd sín í t. d. erfðafestu fremur en eigu, þykir þeim rétt, að bændum sé frjálst að velja á milli, meðan þeir svo kjósa, enda sé einvörðungu um jarðnæði til eigin búrekstrar að ræða og hver verði að afsala sér eignarráðum á bújörð, sem hann býr ekki á.

Um 4. gr.

Hér er ríkinu lögð tvenns konar kvöð á herðar bændum til efnalegs öryggis: að þeir geti hvenær sem þeim býður svo við að horfa selt ríkinu jarðir sínar á gildandi gangverði bújarða bænda í milli hverju sinni, og að þeir þurfi aldrei að ganga slyppir og snauðir frá jörð, húsum og ræktun, fari bújörð úr byggð vegna úrleiðis, óbyggis eða einhverra annarra hluta, svo að ekki fáist búandi kaupandi að.

Rétt þykir, að um verðlagningu slíkra eigna sé sett ítarleg reglugerð af hálfu ríkisvaldsins, enda má ætla, að á þennan lið þessarar lagagreinar reyni allverulega um næstu ár.

Um 5. gr.

Hér er kveðið afdráttarlaust á um það, að ár og vötn séu sameign þjóðarinnar allrar, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. En þar sem veiðiréttur hefur til þessa í megindráttum verið bundinn bújörðum eða jarðahlutum sem hlunnindi, en hefur á seinni árum í vaxandi mæli verið verðhækkunarhvati og leitt til brasks með bújarðir, stundum leitt til auðnar góðra bújarða í annars blómlegri sveit, þykir hvort tveggja rétt: að bæta eigendum veiðijarða upptöku veiðiréttarins eftir ákveðnu bótamati og framkvæmdarreglum, þar sem m. a. er veittur verulegur umþóttunartími eða skilafrestur á veiðirétti, ef fremur er kosið en beinar bætur, og á hinn bóginn að létta af bændum einum aðaldýrtíðarvaldi fjölmargra bújarða.

Um 6. gr.

Rétt þykir og raunar sjálfgert, að ríkisvaldið, í þessu tilfelli Alþingi, framselji umráð veiðiréttar til viðkomandi sveitarfélaga, þar sem veiðiár renna og veiðivötn liggja. Hitt kann og að verða, að ábúendur jarða, sem liggja að veiðiám og vötnum, vilji mynda með sér félög um fiskrækt og veiðinot, eða sérstök fiskræktarfélög séu stofnuð, og þykir rétt að halda opnum dyrum fyrir öllum þessum möguleikum og einnig áhuga- og athafnasömum einstaklingum í fiskræktarmálum.

Tekið er sérstaklega fram, að gjald til ríkisins fyrir umráð yfir veiðirétti skuli ganga til aukinnar fiskræktar.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á, að óbyggðir og afréttir utan heimalanda séu eign ríkisins. Er það til að taka öll tvímæli af um það, að sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög hafi einungis notarétt af afréttum til beitar búfjár, en eigi eignarráð. Ætti þetta ákvæði að koma í veg fyrir kostnaðarsöm og óviðfelldin málaferli um eignarráð yfir óbyggðum og afréttum landsins, en í engu er því á annan hátt ætlað að raska notum né skyldum sveitar- og upprekstrarfélaga varðandi afréttarlönd.

Um 8. gr.

Hér er sú skylda lögð á ríkið sem umráðaréttarhafa landsins alls, sameignar þjóðarinnar, að það sjái um að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir lóðum undir sumarbústaði. Það skulu vera **leigulóðir**, enda markmiðið að hindra sölubrask á landi undir slíka bústaði. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um, að allur jarðhiti undir 200 m dýpi skuli vera sameign almennings, ríkisins. Er hér nokkru lengra gengið en í frumvarpi því um breytingar á orkulögum, sem nú liggur fyrir Alþingi (50. mál), og er þá haft í huga, að nú er farið að bora með ærnum kostnaði, þ. e. með almannafé, eftir heitu vatni á lághitasvæðum, og er brýn nauðsyn að kveða þar einnig á um eignarráð.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, en rétt þykir að taka fram, að henni er m. a. ætlað að ná yfir t. d. olíuvinnslu á landgrunninu ef til kæmi.

Um 11. gr.

Enda þótt meginreglan verði með samþykkt þessa frumvarps, að þjóðin, ríkið, eigi landið allt, eru þar tvö frávik: Bónda er frjálst, ef vill, að eiga bújörð sína, meðan hann býr á henni, þéttbýlis- og sveitarfélög skulu samkv. þessari grein vera eigendur lóða og lendna þeirra, er þau ná yfir. Er þá enda um slíka sameign að ræða, að ekki ætti að þurfa að óttast brask með fósturjörðina.

Ekki er hér lögð til eignarupptaka á lóðum og lendum, sem í einkaeign kunna að vera, þegar frumvarp þetta öðlast lagagildi, en undir þann leka sett með bótareglum, að um braskágóða verði að ræða, og sveitarfélögum markaður ákveðinn frestur til lóðakaupa, svo að þeim byndist enginn háskagreiðslubaggi þar af.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um kosningarétt.

Flm.: Ellert B. Schram, Jón Skaftason, Magnús Kjartansson, Jón Árm. Héðinsson, Albert Guðmundsson, Axel Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Eyjólfur Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Hafstein, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram tillögur til breytinga á stjórnarskránni, sem miði að jöfnun kosningaréttar.

Greinargerð.

Allt frá því að íslendingar fengu eigin stjórnarskrá, 1874, og kjördæmaskipan var ákveðin hafa menn ekki verið á eitt sáttir um skipan þeirra mála. Hafa deilur

risið það hátt að örlög ríkisstjórna og kjörtímabil hafa ráðist af afstöðunni til kjördæmaskipanar. Allar hafa þessar umræður átt það sammerkt að orsakir þeirra hafa verið kröfur flokka, landshluta eða einstaklinga um að jafna atkvæðisrétt kjósenda með einum eða öðrum hætti. Sú tillaga, sem hér er fram borin, á sér sömu forsendu.

Kjördæmaskipan og kosningalögum var alloft breytt á tímabilinu frá 1874 til 1959, en að meginstofni til byggðist kjördæmaskipanin á einmennings- og tvímenningskjördæmum. Mikilvægasta breytingin á þessu tímabili var tvímælalaust árið 1934, þegar uppbótarsæti voru tekin upp til jöfnunar milli þingflokka.

Árið 1959 var gerð sú breyting á kjördæmaskipaninni sem enn er í gildi. Var þá horfið frá einmenningskjördæmum, en þess í stað var landinu skipt í átta stór kjördæmi og kosið hlutfallskosningu í þeim öllum. Óþarfi er að lýsa því fyrirkomulagi, en minnt á að þá sem áður voru breytingarnar gerðar til að skapa meiri jöfnuð milli kjósenda en verið hafði. Röksemdir þeirra, sem fylgdu breytingunni, voru þær að greiða þyrfti fyrir eðlilegri lýðræðisþróun og að Alþingi yrði skipað í sem bestu samræmi við þjóðarvilja. Þingmönnum dreifbýlis var ekki fækkað, en leitast var við að hafa sem jafnasta atkvæðatölu að baki hvers þingmanns í strjálbýli.

Enda þótt hart hafi verið deilt um þetta fyrirkomulag má fullyrða að flestir hafi þá og séu enn sammála um það meginmarkmið að atkvæðisréttur landsmanna eigi að vera sem jafnastur.

Þegar kjördæmabreytingin var gerð, árið 1959, var gengið verulega til móts við þetta grundvallarsjónarmið, enda þótt þá væri enn gert ráð fyrir nokkrum mun á atkvæðamagni bak við hvern þingmann hinna ýmsu kjördæma. Virðist og vera skilningur á því að kjósendur í strjálbýli hafi í þeim efnum nokkur forréttindi. Hér á eftir er birt tafla yfir íbúa kjördæmanna á árinu 1960 og fjölda íbúa á bak við hvern þingmann sem kosinn er í viðkomandi kjördæmi. Jafnframt er birt tafla yfir sömu tölur á árinu 1974:

Fjöldi íbúa eftir kjördæmum 1960 og 1974.

	1960	1974	Aukning
Reykjavík	72 407	84 772	12 365
Reykjanes	26 010	43 944	17 934
Vesturland	11 973	13 862	1 889
Vestfirðir	10 507	9 940	÷ 567
Norðurland vestra	10 241	10 090	÷ 151
Norðurland eystra	19 769	23 572	3 803
Austurland	10 367	11 919	1 552
Suðurland	16 018	18 529	2 511

Íbúar að baki hvers þingmanns 1960 og 1974.

	1960	1974
Reykjavík (12)	6 034	7 064
Reykjanes (5)	5 205	8 789
Vesturland (5)	2 395	2 772
Vestfirðir (5)	2 101	1 988
Norðurl. vestra (5)	2 048	2 018
Norðurl. eystra (6)	3 295	3 928
Austurland (5)	2 073	2 384
Suðurland (6)	2 670	3 088

Þessar tölur leiða það í ljós að gífurlegur munur er á vægi atkvæða eftir kjördæmum. Þannig eru Reykjavík og Reykjanes í algjörum sérflokki, þar sem miklu fleiri atkvæði eru þar að baki hvers þingmanns en í hinum kjördæmunum. Hefur þessi munur vaxið mjög verulega frá því á árinu 1960.

Í Reykjavík og á Reykjanesi voru á kjörskrá 1974 samtals 77 004 kjósendur, en í öðrum kjördæmum voru á sama tíma á kjörskrá samtals 50 497. Af þessu má sjá að rétt rúmlega 60% kjóseda eru í Reykjavík og á Reykjanesi, en tæplega 40% kjósenda í öðrum kjördæmum. 77 004 kjósendur kjósa 17 þingmenn, en 50 497 kjósa 32 þingmenn. Ef litið er á þessar staðreyndir verður því ekki neitað að þarna er um mjög óeðlilegt misræmi að ræða á milli atkvæðisréttar borgaranna eftir búsetu.

Mjög er orðið tímabært að taka tillit til þessarar þróunar og laga kjördæmaskipan að þeim aðstæðum sem ríkja í landinu. Kjósendur, sem búa í þéttbýlinu í Reykjavík og á Reykjanesi, geta ekki unað við það til frambúðar að hafa þrefalt og allt að fimmfalt minna vægi í atkvæði sínu heldur en kjósendur annars staðar á landinu.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa tekið þann kostinn að benda á meginstefnuna, sem þeir vilja að höfð verði að leiðarljósi, þegar ákvæðum stjórnarskrár um kjördæmaskipan og kosningarétt er breytt. Samþykkt tillögunnar verður almenn viljayfirlýsing þingsins og leiðbeinandi fyrir stjórnarskrárnefnd í endurskoðun sinni.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um að reist verði fiskimjölsverksmiðja í Grindavík, er vinni loðnu og annan fisk ásamt fiskúrgangi.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Oddur Ólafsson, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir að stór fiskimjölsverksmiðja (helst með um 1000 tonna bræðsluafköst á sólarhring) verði reist á árinu 1977 í Grindavík og verksmiðjan geti hafið vinnslu á loðnuvertíðinni 1978.

Greinargerð.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning og veiðast þá um 125 þús. tonn. Næstu tvö árin er aflinn heldur minni, rétt innan við 100 þús. tonn. En á árunum 1969—1971 er aflinn 170—190 þús. tonn. Árið 1972 aflast um 277 þús. tonn. Síðan hefur aflinn verið um eða yfir 450 þús. tonn. Þessi athyglisverða aukning á afla á loðnu verður vegna stóraukins fjölda skipa, er taka þátt í veiðunum, og jafnframt mikilla og árangursríkra rannsókna fiskifræðinga á göngum og hegðun loðnunnar. Veiðar og vinnsla á loðnu eru því nú orðnar snar þáttur í þjóðarbúskap okkar og alls ekki fyrirsjáanlegt annað en svo muni verða um óákveðinn tíma.

Þessi mikli afli hefur komið á land alls staðar þar sem verksmiðjur eru, er bræða loðnu, og auk þess hefur norska skipið Norglobal tekið á móti verulegu magni af loðnu eða allt að 74 þús. tonnum 1975 og 1976 um 60 þús. tonn. Skipið hefur komið að ómetanlegu gagni fyrir veiðiflotann. Ekki er vitað nú hvort skipið fæst áfram til móttöku og vinnslu fyrir okkur, en fari svo að það hætti móttöku munu veruleg vandræði skapast fyrir loðnuskipin og fyrirsjáanlegur minni afli þess vegna. Ekki er viðunandi að eiga það nú lengur undir mati erlendra aðila, hvort svo mikill afli komi á land eða ekki. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Raunar má segja, að þetta sé í þriðja sinn, þar sem fyrsti flutningsmaður flutti á árunum 1973 og 1974 tillögu um að Síldarverksmiðjur ríkisins reistu verksmiðju í Grindavík vegna loðnuveiðanna.

Auk ofannefnds um Norglobal má benda á þá staðreynd, að vegna breytinga hefur burðargeta loðnuskipanna aukist á þessu ári um 2000 rúmlestir.

Jafnframt þessari þróun hefur afli á loðnu veiddri að sumrinu til og fram á haust nú á þessu ári numið um 85 000 tonnum. Fiskifræðingar okkar gera ráð fyrir

að veiðar á loðnu yfir sumartímann og fram á haust verði varanlegar. Þessi nýju og gerbreyttu viðhorf knýja á að reistar verði verksmiðjur til þess að bjarga afla á land og um leið mundi vera minni ástæða fyrir loðnuveiðiskipin að sækja í þorskstofninn. Betri móttaka á loðnu er því verulegt og þýðingarmikið atriði fyrir þjóðarbúskap okkar.

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um könnun á efnahagslegri og félagslegri stöðu ellilífeyrisþega.

Flm.: Eyjólfur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna efnahagslega og félagslega stöðu ellilífeyrisþega á Íslandi. Aðalverkefni nefndarinnar verði:

1. Að kanna lífskjör ellilífeyrisþega.
2. Að kanna félagslega stöðu ellilífeyrisþega.
3. Að kanna hver sé munur á aðstöðu ellilífeyrisþega, er dvelja á elliheimilum og öðrum líkum stofnunum, og þeirra, er dvelja utan þeirra.
4. Að kanna hvaða munur sé á aðstöðu ellilífeyrisþega, er búa í þéttbýli, og þeirra, er búa í dreifbýli.
5. Að kanna hvernig ástatt sé um heilbrigðisþjónustu við aldraða.
6. Að leggja fram tillögur til úrbóta í framhaldi af niðurstöðu könnunarinnar.

Greinargerð.

Staða ellilífeyrisþega innan þess þjóðfélagskerfis, er við búum við á Íslandi, er þannig að öllum, sem til þekkja, hefur verið fyrir löngu ljóst að eigi verður við unað lengur.

Skilningsleysi yfirvalda og áhugaleysi almennings hefur orðið til þess, að stöðugt hefur á undanförnum árum orðið erfiðara fyrir gamla fólkið að hafa í sig og á.

Barátta fyrir bættum kjörum þessa fólks hefur orðið út undan vegna stöðugrar kröfugerðar svokallaðra þrýstihópa þar sem aðeins ríkir áhugi á framgangi takmarkaðra hópa og eiginhagsmunir speglast í öllum kröfum.

Eldri kynslóðin á Íslandi er ekki kröfuhörð og hefur aldrei verið. Engu að síður lagði hún grunninn að þeim lífskjörum er við nú njótum góðs af. Áratugabarátta þessa fólks fyrir réttlátara þjóðfélagi hefur ekki verið þökkuð af þeirri kynslóð sem á eftir kom. Það er okkar hlutverk að sjá svo um að hún og allir, er síðar koma, megi búa áhyggjulaus í ellinni.

Þjóð, sem ekki býr vel að þeim sem skilað hafa henni ævistarfi, getur ekki haldið því fram að hún hafi skapað velferðarþjóðfélag.

Það er staðreynd að allt of margir ellilífeyrisþegar á Íslandi búa við vægast sagt kröpp kjör, öryggisleysi og takmarkaða heilsugæslu. Slíkt getur ekki haldið áfram. Við verðum að snúa við blaðinu, gera úttekt á stöðu ellilífeyrisþega og í framhaldi af því leggja fram tillögur til varanlegrar lausnar á þessum vandamálum.

Ed. 97. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og athugað umsagnir frá fyrra ári. Ármann Snævarr hæstaréttardómari kom á fundi nefndarinnar og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna um einstök efnisatriði frumvarpsins.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. nóv. 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Geir Gunnarsson.	Halldór Blöndal.	Bragi Sigurjónsson.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 98. Breytingartillaga [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Frá allsherjarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

50. gr. orðist svo:
Eigi má beita hærri fésekt en 5 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Helgi F. Seljan, Ingvar Gíslason, Oddur Ólafsson, Bragi Sigurjónsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsókna ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.
2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í þessu skyni. Þannig verði reglulega teknir upp í dagskrá sjónvarpsins fræðslu- og skemmtiþættir í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er borin fram í framhaldi af störfum nefndar þeirrar er kjörin var á Alþingi 1975 af öllum þingflokkum til að kanna ástand í áfengismálum okkar og leggja að starfi loknu fram ábendingar og tillögur er að gagni mættu koma til að ráða nokkra bót á þessu mikla þjóðfélagsvandamáli.

Nefnd þessi vann mikið og gott starf milli þinga og fram eftir vetri 1975—76, safnaði miklum upplýsingum og leitaði álits og umsagnar fjölmargra aðila. Gaf hún jafnframt fulltrúum þingflokka kost á að fylgjast með starfinu og lagði að lokum fram drög að frumvarpi til laga um ýmsar breytingar á gildandi áfengislögum og þingsályktunartillögu er varðar sérstaklega fræðslu- og upplýsingahlið áfengismála. Frumvarpið og þingsályktunartillagan voru síðan lögð fram á síðasta

þingi, en hvorugt málið fékk þá afgreiðslu og er því tillagan endurflutt nú óbreytt, greinargerð hins vegar með lítils háttar breytingum. Frumvarpið mun og endurflutt innan tíðar.

Í gildandi áfengislögum, 31. gr., eru skýr ákvæði um áfengisfræðslu í öllum íslenskum skólum, er opinbers styrks njóta. Væri þeim ákvæðum framfylgt í raun, þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af þessari hlið málsins. En því miður hefur framkvæmdin á þessari lagagrein, eins og á við um mörg önnur ágæt lagaákvæði, orðið margfalt ófullkomnari en skyldi, þrátt fyrir góðan vilja og skilning margra skólamanna á mikilvægi þessa máls. Áfengisfræðsla er viðkvæm og vandmeðfarin og getur gert meiri skaða en gagn, sé ekki rétt á haldið.

Undanfarin ár hefur farið fram á vegum Skólarannsókna ríkisins undirbúningur að skipulegri fræðslu um áfengismál í skólum landsins. Er ætlunin að fella þá fræðslu inn í námsefni í samfélagsfræði annars vegar og líffræði hins vegar. Ný handbók í áfengisfræðslu, ætluð kennurum, mun nú um það bil fullbúin til útgáfu, en margt er enn ógert varðandi þennan undirbúning, svo að full ástæða er til að knýja á um að honum verði hraðað eftir föngum. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða núgildandi reglugerð um bindindisfræðslu með tilliti til nýrra upplýsinga um þessi mál, nýrra kennsluhátta og nýrrar kennslutækni. Frá þeim tíma, er þessi reglugerð var samin — árið 1956, hafa orðið ýmsar gerbreytingar í þjóðfélagi okkar, sem nauðsynlegt er að taka mið af. Þá varðar og miklu, að sérstaklega sé hugað að þessum fræðsluþætti í menntun kennaraefna í Kennaraháskóla Íslands.

Í öðrum þætti tillögunnar er farið fram á aukið liðsinni fjölmiðla í baráttunni gegn áfengisbölinu. Er þar sérstaklega bent á sjónvarpið, sem vafalaust er hvað áhrifamesta tækið, sem við höfum yfir að ráða til að ná athygli fólks á öllum aldri. Hljóðvarpið hefur þegar um alllangt skeið haldið uppi ágætum þáttum um áfengismál, og ber að virða þá góðu viðleitni, sem líklega er þó fremur að þakka áhuga einstakra starfsmanna útvarpsins heldur en stefnumótandi ákvörðun stofnunarinnar sem slíkrar. Nefndin, sem áður var getið, bendir réttilega á, að mikið væri unnið ef hægt væri að svipta hinum falska dýrðarljóma af áfenginu með markvissri fræðslu og áróðri í fjölmiðlum — dagblöðum og útvarpi.

Athyglisverðar fréttir um áfengismál af innlendum og erlendum vettvangi í fréttatímum sjónvarps, auk sérstakra umræðuþátta, t. d. í Kastljósi, sem vel væri vandað til, gætu tvímælalaust orðið hér að liði. Þá væri og eðlilegt og sjálfsagt, að um þessi efni væri fjallað í íþróttaþáttum fjölmiðla og áhersla lögð á, að áfengi og íþróttir fara ekki saman.

Ríkisfjölmiðlum ber tvímælalaus siðferðileg skylda til að sinna þessum málum af meiri alvöru en hingað til, svo drjúg tekjulind sem ágóði af áfengissölu er íslenska ríkinu. Sá ágóði er þó að stórum hluta blekking ein, og enginn vafi er á, að aukin bindindissemi þjóðarinnar og minnkandi áfengisneysla mundi skila margföldum arði í betra og heilbrigðara þjóðlífi.

Að sjálfsögðu þyrfti fræðsla sú og upplýsingar, sem tillaga þessi fer fram á, einnig að ná til annarra skaðlegra fíkniefna en áfengis, þótt það sé hér sérstaklega tekið fyrir. Verkefnið yrði þar með enn umfangsmeira, en þeim mun meiri ástæða til að öll ábyrg þjóðfélagsöfl — heimili, skóli og fjölmiðlar — leggist á eitt í baráttunni gegn þessum bölvaldi, ekki hvað síst með tilliti til hinnar upprennandi kynslóðar sem hvað helst þarf verndar og leiðbeininga við.

Sþ. 100. Fyrirspurnir. [90. mál]

I. Til samgönguráðherra um tryggingamál sjómanna.

Frá Eyjólfi Sigurðssyni.

Hvað hefur samgönguráðuneytið gert til þess að tryggja sjómönnum og fjölskyldum þeirra raunhæfar tryggingabætur vegna örorku eða dauðsfalls sjómanna við störf sín, í framhaldi af frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 66 1963, er vísað var til ríkisstjórnarinnar 15. maí 1975?

II. Til viðskiptaráðherra um samanburð á vöruverði.

Frá Eyjólfi Sigurðssyni.

Í framhaldi af könnun verðlagsstjóra á vöruverði í smásölu í London annars vegar og í Reykjavík hins vegar:

1. Í hvaða tilgangi var könnunin gerð?
2. Telur ráðherra nauðsynlegt að kanna nánar hvers vegna innkaupsverð á vörum til Íslands virðist vera svo miklu hærra en til annarra aðila?
3. Er fyrirhugaður frekari samanburður á vöruverði í viðskiptalöndum íslendinga?

Ed. 101. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [91. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 67. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar.

Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða, að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra, sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

Greinargerð.

Brýnt er orðið að taka af öll tvímæli um eignarrétt á náttúruauðæfum og landi og marka skýra stefnu í því máli. Hér er miðað við þá grundvallarreglu:

að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu og eru þess eðlis, að þær þurfa að nýtast af þjóðarheildinni, verði í stjórnarskrá lýðveldisins lýst sameign þjóðarinnar allrar;

að mörkin milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar verði ákveðin með löggjöf, þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt, og þeim sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og til lands undir húsbyggingar á sanngjörnu verði;

að staða bænda sé ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum, sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

I. **Verðmæti í sjó og á sjávarbotni** meðfram ströndum landsins gætu orðið bitbein einstakra manna síðar meir, ef séreignarstefnan verður enn frekar ofan á í íslenskri löggjöf og ekki er tekinn af allur vafi með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði.

II. Eignarréttur að **afréttum og almenningum** er þegar orðinn bitbein manna á milli, en þó hefur það verið almennt álit íslenskra lögfræðinga, að einstakir menn ættu ekki beinan eignarrétt að landi í óbyggðum.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955, bls. 108, er fjallað um eignarhald á landi á Landmannaafrétti. Undirréttur komst að þeirri niðurstöðu, að Landmannaafréttur væri háður eignarrétti Landmannahrepps og væri ekki almenningur, en Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því, að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afrétti þessum.

Í dómi Hæstréttar frá árinu 1969, bls. 510, var fjallað um deilur skagfirðinga og eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464, en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landssvæði því, sem um er að tefla í máli þessu". „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til Öræfalandssvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina."

Í greinargerð fyrir frumvarpi til námulaga, sem samþykkt var á Alþingi árið 1973, segir m. a., að ákvæði 1. gr. námulaga nr. 50/1909 séu á þeim sjónarmiðum reist, „að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign".

III. Um **námur í jörðu** gildir nú sú stefna hér á landi, að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir sú regla í öðrum löndum, að finnandi námunnar telst eigandi. En miðg víða og m. a. í mörgum kapítalískum ríkjum er talið sjálfsagt, að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi, og hefur þá ríkið umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum levfi til námugraftar. Sjálfsagt er að bæta landeigendum tjón af námugrefti eða annarri efnistöku, en að öðru leyti virðist eðlilegast, að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti.

IV. Eignarréttur að **orku í rennandi vatni** hefur lengi verið deiluefni á Íslandi. Það er óumdeilt, að land, sem til þarf undir orkuver, ber að þjóðnýta og taka eignarnámi. Það er einnig óumdeilt, að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga rétt á bótum, t. d. vegna lands, sem þeir missa undir byggingu orkuvers og önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar og háspennulínur. Þeir eiga einnig rétt til bóta, ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. Hitt er fráleitt, að einstaklingar geti átt orkuna í rennandi vatni og selt hana öðrum.

Þegar orkumálin voru sem mest á dagskrá fyrir tæpum 60 árum, var það álit meiri hluta svonefndrar fossanefndar og ráðgjafa hennar, Einars Arnórssonar, þáverandi lagaprófessors og síðar hæstaréttardómara, að orka vatnsins væri ekki undirorpin eignarrétti landeiganda, en talsmenn séreignarstefnunnar stóðu fast á móti, svo að ekki tókst að lögfesta þetta sjónarmið. Nú er tími til kominn, að því verði slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá.

V. Eignarréttur landeigenda á jarðhita djúpt í jörðu er ekki síður fráleitur en eignarréttur á orku vatnsins. Með stjórnarskrárákvæði þarf að tryggja rétt samfélagsins til orkunnar í iðrum jarðar og taka af öll tvímæli um það, að eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar verndi ekki rétt landeigandans til jarðhita á ótakmörkuðu dýpi.

Það er margyfirlýst skoðun fræðimanna, sem um þetta hafa fjallað, m. a. skoðun prófessoranna Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, að landeigandi eigi ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem er og því megi með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, t. d. 50—100 metra dýpi, en séreignaröflin munu vafalaust spyrna á móti, eins lengi og þau geta, og vísa til 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna þarf að ákveða það í stjórnarskrá, að allur jarðhiti, a. m. k. neðan við 100 metra dýpi, sé sameign þjóðarinnar.

Ed. 102. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. nóv. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds.	Axel Jónsson.	Halldór Blöndal.
	Albert Guðmundsson.	

Sþ. 103. Fyrirspurn [92. mál]

til dómsmálaráðherra um útgáfu lagasafns í lausblaðabroti.

Frá Ragnari Arnalds.

Er þess ekki að vænta, að senn verði gefið út nýtt lagasafn, er verði í lausblaðabroti og bundið með þeim hætti, að áskrifendur lagasafnsins geti framvegis fengið ný lög og lagabreytingar, sem felldar hafa verið inn í viðkomandi lög, sérprentaðar á lausum blöðum, eins og Alþingi samþykkti með ályktun sinni um þetta efni hinn 30. mars 1973?

Nd. 104 Frumvarp til laga [93. mál]

um Iðnþróunarstofnun Austurlands.

Flm.: Lúðvík Jósepsson.

1. gr.

Setja skal á fót Iðnþróunarstofnun Austurlands sem vinni að eflingu iðnaðar á Austurlandi.

2. gr.

Verkefni Iðnþróunarstofnunar Austurlands skulu m. a. vera þessi:

1. Að hafa forgöngu um að koma á fót nýjum iðnfyrirtækjum á Austurlandi og efla þau, sem fyrir eru.

2. Að koma á sem hagkvæmustu sölufyrirkomulagi á iðnaðarframleiðslu fjórðungsins.
3. Að veita fjárhagslegan stuðning og fyrirgreiðslu til stofnunar nýrra iðnfyrirtækja þar sem sérstaklega verði leitast við að koma upp samrekstri nokkurra byggðarlaga um iðnaðarframleiðslu.

3. gr.

Stjórn Iðnþróunarstofnunar Austurlands skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Ríkisstjórnin skipar 2 án tilnefningar og 2 til vara, en Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi velur 3 og 3 til vara. Stjórnin skal skipuð til 3 ára.

4. gr.

Ríkissjóður skal leggja Iðnþróunarstofnun Austurlands til 20 milljónir króna á ári í 3 ár, 1977—79, enda leggi sveitarfélög á Austurlandi hálft framlag á móti ríkinu. Framlög þessi skulu vera óafturkræf sem stofnframlög.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð ákveða nánar um störf stofnunarinnar þar með talið reikningshald og endurskoðun.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú er rætt mikið um eflingu iðnaðar í landinu. Iðnkynning fer fram í ýmsum byggðarlögum og mikill áróður er rekinn fyrir stuðningi við iðnað og fyrir því að landsmenn kaupi og noti íslenskan iðnvarning.

Enginn vafi er á því, að enn eiga íslendingar mikið ógert á sviði iðnaðar. Flest iðnfyrirtæki í landinu eru lítil og standa oft höllum fæti í samkeppni við erlendan stórrekstur.

Sérstaklega á þetta við um vöruframleiðsluiðnað. Hann er að mestu leyti rekinn fyrir lítinn innanlandsmarkað og oft eru framleiðslufyrirtækin þó mörg í sömu grein.

Vegna smæðar hins íslenska markaðar hefur þróunin orðið sú, að mestur hluti vöruframleiðsluiðnaðarins hefur vaxið upp í aðalfjölbýli landsins, þ. e. a. s. á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Hlutur landsbyggðarinnar á þessu sviði hefur orðið harla lítill. Það hefur því orðið hlutskipti fólksins á landsbyggðinni að vinna fyrst og fremst við undirstöðuatvinnuvegina, sjávarútveg og landbúnað, og við fiskiðnað og að nokkru leyti við iðnaðarframleiðslu úr landbúnaðarvörum. Það hlutskipti hefur vissulega verið þýðingarmikið fyrir þjóðarheildina og það hefur ekki heldur verið neitt vandræðahlutskipti fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Það er skoðun flm., að þessi undirstöðustörf, sem flest fólk úti á landi vinnur við, verði áfram megingrundvöllur atvinnulífsins þar. Hitt er líka skoðun flm., að til viðbótar við sjávarútvegsstörf og landbúnaðarstörf þurfi að koma fjölbreyttari starfsmöguleikar úti á landi, m. a. í sambandi við iðnrekstur og þjónustustörf at ýmsu tagi.

Stofnun iðnfyrirtækja úti á landi og öruggur rekstur þeirra er hins vegar ekkert auðvelt mál í fámennum byggðarlögum.

Þar er víðast hvar lítill markaður á staðnum, en langt að senda framleiðsluvörur til aðalmarkaðssvæðanna, og um vöruframleiðslu til útflutnings er ekki mikið að ræða, nema í sambandi við úrvinnslu sjávarafla eða landbúnaðarafurða.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir, að komið verði á fót sérstakri iðnþróunarstofnun fyrir Austurland, með stuðningi ríkisins og í samstarfi við sveitarstjórnarsamtök í fjórðungnum.

Það er skoðun flutningsmanns að helst verði tekist á við það vandamál að efla iðnað á Austurlandi, þannig að umtalsvert verði, á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. með sameiginlegu átaki heimamanna og stuðningi ríkisins.

Sérstaklega er lögð áhersla á að ná samvinnu nokkurra byggðarlaga um tiltekna framleiðslugrein.

Þá er gert ráð fyrir að hluti framleiðslunnar fari fram á einum stað og annar hluti á öðrum og ef til vill samsetning síðan á þeim þriðja. Slík framleiðslusamvinna er þekkt víða erlendis og hún á auðvitað sérstaklega við í fámennum byggðarlögum.

Til þess að koma á slíkri framleiðslu þarf sameiginlega forustu eða miðstöð, og að sjálfsögðu þarf nokkurt byrjunarfjármagn. Þá skiptir líka miklu máli að til staðar sé kunnátta í iðnrekstri, þekking á markaðsaðstæðum og gott söluskipulag.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekist verði á við það vandamál að koma upp iðnaðarfyrirtækjum úti á landi með því að setja á fót Iðnþróunarstofnun Austurlands. Þar yrði þá fyrst hafist handa á þessum grundvelli, en síðan væri sjálfsagt að taka málið upp annars staðar, ef þetta form reyndist vel.

Nd. 105. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Lúðvík Jósepsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum í 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að rannsaka hvort innkaup á vörum til landsins séu með eðlilegum hætti og í samræmi við þjóðarhagsmuni eða hvort brögð séu að því, að vörur séu keyptar til landsins á óhagkvæmu verði, sem leiði til hærra vöruverðs í landinu en ætti að vera.
2. Að rannsaka sérstaklega áhrif umboðslauna í vöruverði, gjaldeyrisskil á umboðslaunum og hversu öruggt eftirlit sé nú með gjaldeyrisnotkun til vörukaupa.

Nefndin rannsaki aðra þætti þeirra mála, sem hér um ræðir, eftir því sem henni þykir ástæða til.

Hún skal í störfum sínum hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, einstaklingum og fyrirtækjum eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Nefndin skili skýrslu til Alþingis um rannsóknir sínar, eigi síðar en 2 mánuðum eftir að ályktun þessi er gerð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Nýlega komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar um samanburð á vöruverði hér á landi og í London. Hér er átt við upplýsingar, sem fram komu í sjónvarpsþætti og byggðar voru á athugunum sem Verðlagsskrifstofan hefur gert.

Ljóst var af ummælum verðlagsstjóra í nefndum þætti, að verðmunur á ýmsum algengum neysluvörum er gífurlega mikill hér og í London. Þannig er verð á ýmsum vörum hér þrisvar til fjórum sinnum hærra en í London.

Sú skýring hefur einkum verið gefin á þessum mikla verðmun, að tollar, vörugjald og söluskattur ásamt öðrum álögum opinberra aðila séu hér miklu hærri en í Bretlandi.

Enginn vafi leikur á, að gjöld ríkisins eru hér gífurlega há á flestum vörum og ráða þau því miklu um hátt verðlag hér á landi. En margt bendir til að hér komi fleira til.

Í sjónvarpsþætti þeim, sem hér er vitnað til, var á það bent að innkaupsverð það, sem íslenskir heildsalar gefa upp, sé í mörgum tilfellum eins hátt og jafnvel hærra en útsöluverð í smásölu í London.

Í því sambandi kom fram að áhugi innflytjenda hér á landi kynni að vera lítill til að kaupa vörur á lágu verði, þar sem tekjur þeirra eru ákveðnar sem hundraðshluti af innflutningsverði.

Hér var komið að mjög alvarlegu máli varðandi innkaup á vörum til landsins. Að því er sem sagt látið liggja, að innflytjendur kaupi vörur á hærra verði en þörf er á í þeim tilgangi að ná fram hærri álagningu í krónum og þar með auknum tekjum í sinn sjóð.

Sú tortryggni, sem upp kom í sambandi við þennan þátt málsins, magnaðist enn um helming þegar ýmsir af forsvarsmönnum heildsala margendurtóku í málflutningi sínum, að þeir hefðu lengi bent á þá galla í gildandi álagningarkerfi að miða þóknun heildsala og smásala við prósentuálagningu á innflutningsverð. Þeir sögðu beinum orðum, að skiljanlega hefðu innflytjendur lítinn áhuga á að kaupa vörur á lágu verði þar sem af því leiddi lægri þóknun þeim til handa.

Ekki er hægt að skilja þennan málflutning á annan hátt en þann, að gefið sé í skyn að innflytjendur kaupi fremur dýrt en ódýrt í þeim tilgangi að hækka þannig þá álagningu, sem þeim er skömmtuð af verðlagsyfirvöldum og innflytjendur telja yfirleitt of lága.

Augljóst er, að brýn þörf er á að rannsakað sé hvort veruleg brögð séu á slíkum innkaupum á vörum til landsins.

Þá hefur einnig komið í ljós í þeim umræðum, sem orðið hafa í tilefni af umræddum sjónvarpsþætti, að nokkuð misjafnar reglur muni gilda um meðferð umboðslauna í sambandi við vörukaup til landsins. Ástæða er því til að rannsakað verði hvaða áhrif umboðslaun hafi á uppgefið innflutningsverð og hvernig er um gjaldeyrisskil á umboðslaunum.

Með tillögu þeirri, sem hér er lögð fram, er lagt til að hafin verði sérstök rannsókn á því hvernig staðið er að innflutningi vara til landsins, með sérstöku tilliti til þess, hvort gætt muni vera hagsmuna almennings í vöruinnkaupum eða hvort brögð séu að því að vörur séu keyptar inn á of háu verði eða hvort uppgefið innflutningsverð sé ekki sannleikanum samkvæmt.

Vegna þeirra umræðna, sem orðið hafa um þessi mál, og mikillar tortryggni varðandi gjaldeyrisskil og uppgefið innkaupsverð á vörum, þykir rétt að málið allt verði rannsakað af nefnd þingmanna, sem hafi fullt vald til að taka skýrslur af opinberum aðilum og öðrum sem málið geta upplýst.

Hér er um mál að ræða, sem almenningur í landinu krefst að verði upplýst til fulls. Nægilega er dýrtíðin í landinu mikil þó að ekki bætist við verðhækkanir sem stafa af óheiðarlegum viðskiptum og of háu innkaupsverði á vörum til landsins.

Ed. **106. Frumvarp til laga** [95. mál]

um viðauka við lög nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samningsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í samkomulagi um lausn á fiskveiðideilu Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976 sé ákveðið, að veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem heimild hafa til veiða á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar þann tíma, sem samkomulagið gildir, er fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varði þeim viðurlögum, að viðkomandi skip missi rétt til veiða samkvæmt samkomulaginu.

Beri brýna nauðsyn til að marka framkvæmd á sviptingu leyfis í lögum um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samningsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. júní 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nd. 107. Frumvarp til ættleiðingarlaga. [96. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

I. KAFLI
Veiting ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim.

1. gr.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra, er óska ættleiðingar, að ættleiðing sé barninu til gagns, enda sé það ætlun ættleiðenda að ala upp barnið eða barn hafi verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður liggi til ættleiðingar.

3. gr.

Eigi er manni heimilt að ættleiða barn sitt.

4. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem er 25 ára að aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

5. gr.

Hjón skulu bæði standa að ættleiðingu, sbr. þó 2. málsgr., enda er hjónum einum heimilt að ættleiða saman.

Öðru hjóna má þó veita leyfi til ættleiðingar, ef hitt er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Öðru hjóna má og með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

6. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem orðinn er tólf ára, án samþykkis hans. Samþykki skal gefa skriflega, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr.

7. gr.

Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns undir 18 ára aldri.

Nú hefir annað foreldra eigi forræði barns eða er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess er að öðru leyti svo háttað, að það má eigi láta uppi marktæka yfirlýsingu, og er þá samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

8. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um umsókn um ættleiðingarleyfi, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 7. gr., enda sé geðrænum högum hans eigi svo háttað, að girði fyrir, að hann geti látið uppi yfirlýsingu, sem mark sé takandi á. Nú er sérstakur lögráðamaður skipaður, og skal þá leita umsagnar hans. Ennfremur skal leita umsagnar barnaverndarnefndar, sem í hlut á.

Nú er sá, sem ættleiða á, í hjúskap, og skal þá leita umsagnar maka hans.

9. gr.

Nú er sá lögræðissviptur, sem ættleiða á, og skal þá leita umsagnar lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni.

10. gr.

Samþykki til ættleiðingar skal gefa skriflega, og skal viðkomandi staðfesta yfirlýsingu fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa.

Samþykki er eigi gilt, nema staðfest sé hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Rita skal á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytisins eða annars opinbers starfsmanns eða starfsmanns stofnunar, sbr. 1. málsgr., þess efnis, að viðkomandi hafi fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar.

Samþykki er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingar. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar erlendis, jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni, eða starfsmanni stofnunar hér á landi, sbr. 1. málsgr. 10. gr., og má að því leyti heimila frávik frá reglum 1.—3. málsgr. 10. gr.

12. gr.

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki, aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefir verið

í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda, eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.

Nú hefir barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsgr.

Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1.—3. málsgr., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

13. gr.

Nú er veitt leyfi til ættleiðingar samkv. 12. gr. án þess að samþykki samkvæmt 7., sbr. 10. gr., liggi fyrir, og skal ráðuneytið þá án tafar skýra þeim aðiljum, sem bærir voru til að samþykkja ættleiðingu, frá leyfi og benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstól.

Réttur aðili getur borið framangreinda ákvörðun dómsmálaráðuneytis undir dómstól, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því að dómsmálaráðuneyti sendi aðilja tilkynningu samkv. 1. málsgr. Stefnandi skal njóta gjafsóknarkjara.

14. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal leiða í ljós, hvort innt hafi verið gjald eða ætlun sé að greiða af hendi gjald í sambandi við ættleiðingu af hálfu annars hvors aðiljans, og ef svo er, þá hversu hátt gjaldið sé. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta.

Ef ættleiðendum er greitt gjald samkv. 1. málsgr., má binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

II. KAFLI

Lagaáhrif ættleiðingar.

15. gr.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.

Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.

Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldrar óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðatengsl kjörbarns og kjörforeldris fer að erfðalögum.

III. KAFLI
Niðurfelling ættleiðingar.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef aðili er sviptur lögræði, þarf einnig samþykki lögráðamanns.

Nú er kjörbarn ólögráða, og verður ættleiðing þá eigi niður felld samkvæmt 1. málsgr., nema kjörforeldrar og kynforeldrar séu sammála um það, og niðurfelling ættleiðingar verði talin henta best þörfum barns. Ef kjörbarn hefir náð 12 ára aldri, þarf einnig samþykki þess. Samþykkið skal vera skriflegt, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, sbr. 10. gr.

Nú hafa kjörforeldrar látist, og getur dómsmálaráðherra þá samkvæmt ósk kynforeldra fellt niður ættleiðingu, ef þarfir barnsins mæla með því. Nú hefir kjörbarn náð 12 ára aldri, og þarf þá samþykki þess. Um samþykki fer svo sem segir í 3. málslið 2. mgr.

18. gr.

Unnt er að fella ættleiðingu niður með dómi, sbr. 2. málsgr., ef kjörforeldri brýtur mjög af sér gagnvart barni eða vanrækir stórlega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, svo og ef telja verður að öðru leyti að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.

Mál til niðurfellingar ættleiðingar samkv. 1. málsgr. höfðar kjörbarn. Nú er það ólögráða, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það getur ekki staðið að málssókn, og höfðar lögráðamaður þá málið eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur það. Stefnandi nýtur gjafsóknarkjara.

19. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda sé hjúskap þeirra eigi lokið.

Unnt er að fella niður ættleiðingu samkvæmt 18. gr. 1. málsgr., þótt aðeins annað kjörforeldra hafi sýnt af sér atferli, sem þar greinir.

20. gr.

Nú er barn ættleitt öðru sinni, og fellur þá fyrri ættleiðing niður, sbr. þó 15. gr. 2. málsgr.

21. gr.

Nú er ættleiðing felld niður, og falla þá úr gildi lagaáhrif ættleiðingar milli kjörbarns og kjörforeldris og ættmenna kjörforeldris. Þegar sérstaklega stendur á, getur dómstóll, sbr. 18. gr., kveðið svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barnsins.

Nú er ættleiðing felld úr gildi samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 17. gr., og takast þá að nýju lagatengsl milli barnsins og kynforeldra þess. Ef ættleiðing er felld niður samkvæmt 18. gr., getur dómstóll ákveðið, með hliðsjón af aðdraganda að niðurfellingu ættleiðingar, aldri barns og atvikum að öðru leyti, að lagatengsl barns við kynforeldra og ættmenni þess skuli rakna við.

Kjörbarni er heimilt þrátt fyrir niðurfellinguna að halda kenningarnafni sínu, er það fékk við ættleiðingu, en getur einnig tekið upp fyrra kenningarnafn sitt.

Að öðru leyti veldur niðurfelling ættleiðingar því eigi, að lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakni við.

22. gr.

Dómstóll leitar, ef hægt er, eftir áliti þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Dómstóll getur þó, ef sérstök rök mæla með, ákveðið, að umsagnar skuli ekki leitað, einkum ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakna við.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um ættleiðingarumsóknir og getur mælt fyrir um sérstök eyðublöð undir þær og um gögn, er þeim skuli fylgja, og um form og efni samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

24. gr.

Heimilt er að ákveða, með samningum við önnur ríki, að ríkisborgurum þeirra ríkja megi eigi veita leyfi til ættleiðingar hér á landi og að ríkisborgarar þeirra verði eigi ættleiddir hér á landi, nema með skilyrðum, sem greind séu í samningi. Slík samningsákvæði geta einnig tekið til niðurfellingar ættleiðingar, ef ríkisborgari frá ríki því, sem samningur er gerður við, á í hlut.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að íslenskir ríkisborgarar verði eigi ættleiddir, nema með nánar tilteknum skilyrðum í ríkjum, sem til eru greind í reglugerð, svo og að íslenskir ríkisborgarar megi því aðeins ættleiða barn í ríkjum þessum, að nánar tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Með hliðstæðum hætti getur dómsmálaráðherra ákveðið, að ættleiðing verði eigi felld niður í tilteknum erlendum ríkjum, svo að réttaráhrif hafi hér á landi, ef ættleiðandi er íslenskur ríkisborgari.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o. fl.

26. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953 um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975 um breytingu á þeim.

27. gr.

Ákvæði 10. gr. á ekki við um samþykki, sem látið er uppi fyrir gildistöku laganna.

Ákvæði III. kafla laganna eiga einnig við um ættleiðingu, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi vorið 1976, en kom ekki til umræðu.

Frumvarpið er samið af sifjalaganefnd að tilhlutun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fylgdi frumvarpinu frá nefndinni svo hljóðandi:

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir sifjalaganefnd samið, og er það þáttur í allsherjarendurskoðun nefndarinnar á íslenskri barnalöggjöf. Í nefndinni eiga sæti: Dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, fyrrv. alþingismaður og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri. Ritari nefndarinnar er frú Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður, adjúnkt í sifjarétti.

I.

Upp úr 1920 voru lögfest hér á landi öll frv. norrænu samvinnunefndanna um sifjamálefni, nema frv. um ættleiðingu. Var það ekki, fyrr en 1953, að lög voru sett um það efni, og gilda þau enn, þ. e. lög nr. 19/1953. Fram til þess tíma giltu dreifð ákvæði er fest höfðu verið í lögum, auk þess sem beitt var í reynd reglum þeim, sem lögmæltar höfðu verið á Norðurlöndum á þriðja áratug aldarinnar. Á lögunum nr. 19/1953 hafa verið gerðar tvennar breytingar. Með lögum nr. 33/1969 var ákvæðinu um aldursstig í sambandi við þörf á samþykki forráðamanna breytt svo, að það var lækkað úr 21 ári í 20 ár og með lögum nr. 58/1975 var heimilað að veita ættleiðingarleyfi, þegar hjón ættleiða saman, ef annað þeirra hefur náð 20 ára aldri, enda séu „sérstakar ástæður" fyrir hendi.

Ættleiðingarlöggjöf á hinum Norðurlöndunum hefur tekið nokkrum stakkaskiptum síðustu ár. Stafa þær breytingar m. a. af tillögum norrænna samvinnunefnda, er skiluðu sameiginlegu áliti 1954. Stefndu þær tillögur og síðar lagabreytingar að því að gera ættleiðingu áhrifaríkari að lögum en áður var, einkum í sambandi við erfðatengsl, þ. e. að lögfesta í ríkara mæli en áður hina svonefndu „sterku ættleiðingu". Þessi viðhorf hafa að nokkru leyti náð fótfestu hér á landi, sbr. 5. gr. erfðalaga og að sínu leyti 7. gr. hjúskaparlaganna frá 1972.

Nýverið hefir ættleiðingarlögum enn verið breytt, sbr. einkum sænsk ættleiðingarlög frá 17. desember 1970, er afnámu m. a. heimild til að fella niður ættleiðingu, nema þegar ný ættleiðing á að fara fram eða þegar hjúskaparstofnun er ráðin milli kjörbarns og kjörforeldris. Dönsk heildarlög um ættleiðingu voru sett 1972 (nr.279). Þau ganga ekki jafn langt í að þrengja kosti til að fella niður ættleiðingu sem hin sænsku lögin. Í dönsku lögunum er það markverða nýmæli, að heimiluð er ættleiðing, þótt ekki njóti við samþykkis kynforeldris, þegar alveg sérstaklega stendur á, einkum þegar barn elst upp á stofnun og foreldri skiptir sér eigi af því („gleymd börn"). Þá er betur vandað til formreglna um samþykki í nýju lögunum en hinum eldri og ýmsum atriðum varðandi samþykki hefir verið skipað að nýju með þeirri löggjöf. Í þessu sambandi má benda á áhugaverða breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögunum á árinu 1972. sem felur í sér, að faðir óskilgetins barns geti, ef móðir þess vill veita samþykki til ættleiðingar, óskað þess, að honum verði fengin forráð barns. Metur stjórnvald þá hvor kosturinn sé barni fyrir bestu — að ættleiðing fari fram eða forráð barns séu falin föður. — Er lagt til í 35. gr. frv. til barnalaga, að slíkt ákvæði verði lögfest hér á landi.

Breytingar hafa enn fremur átt sér stað á ættleiðingarlöggjöf utan Norðurlanda á síðustu árum, þ. á m. í Englandi, Hollandi og Frakklandi. Stefnir þróunin í Evrópu að hinni svonefndu „sterku" eða áhrifaríku ættleiðingu, þ. e. með algerum fjölskylduskiptum, og er þróun víst lengst komin í því efni í Englandi, þar sem ættleiðing hefir m. a. í för með sér, að ríkisfang barns breytist sjálfkrafa við ættleiðingu.

Í stórum dráttum má segja, að svipuð löggjöf gildi hvarvetna á Norðurlöndum um ættleiðingu, en helst skilur á milli, þar sem eru ákvæðin um niðurfellingu ættleiðingar, sem raunar hefir hvarvetna lítið reynt á. Samningar milli Norðurlandaríkja um ættleiðingarmál, sbr. hér á landi lög nr. 29/1931 og viðaukalög nr. 62/1954, stuðla m. a. að samræmdri framkvæmd þessara mála í þeim löndum.

Hinn 24. apríl 1967 var gengið frá sáttmála um ættleiðingu á vegum Evrópuráðs. Í sáttmálanum skuldbinda samningsríkin sig til þess að skipa ættleiðingar-

málum með tilteknum nánar lýstum hætti og haga framkvæmd á vissan veg, en hvorttveggja horfir að því að tryggja hag og rétt barns. Enn fremur eru önnur ákvæði, sem ríkin heita að kanna, hvort unnt sé að lögfesta. Sáttmálinn tekur aðeins til ættleiðingar barns, sem er yngra en 18 ára, er ættleiðing fer fram, eða er ógift og ólögráða. Er æskilegt að Ísland fullgildi sáttmála þennan. Er ekki annað sýnilegt en að íslensk löggjöf og lagaframkvæmd fullnægji áskilnaði sáttmála þessa, en við samningu frv. þessa hefir verið tekið tillit til sáttmálans, svo sem síðar verður greint.

II.

Hér á eftir fer skrá um fjölda ættleiðingarleyfa 1904—1974.

Ár	Ættleiðingarleyfi: Meðaltöl á ári	Ættleiðingarleyfi: Heildarfjöldi á tímabili	Barnsfæðingar	Hundraðshluti leyfa miðað við fæðingar
1904—1908	um 1	6	11 484	
1909—1913	3	15	11 109	
1914—1918	áætl. 5	25	12 029	
1919—1931	10	120	33 923	0.35%
1932—1941	um 15	146	25 200	0.58%
1942—1946	33	165	16 259	1.01%
1947—1951	55	274	19 503	1.60%
1952—1956	um 80	um 400	21 718	1.84%
1957—1961	um 98	489	23 682	2.06%
1962—1966	um 70	353	23 714	1.48%
1967—1971	um 72	359	21 149	1.69%
1972		81	4 584	1.76%
1973		69	4 574	1.50%
1974		77		
1975		91		
		Alls 2 670		

Sýnt er af þesari skrá, að ættleiðingar fóru mjög í vöxt eftir lok síðar heimstyrjaldar og allt til 1960. Eftir það hefir fjöldi ættleiðinga, miðað við heildartölu fæddra barna, staðið í stað, og raunar farið lækkandi. Mestur var fjöldinn bæði að heildartölu og hundraðstölu á árunum 1957—1961. Eftir 1966 hefir ættleiðingarleyfum aftur heldur farið fjölgandi hlutfallslega, en með hundraðstölum er átt við, að fjöldi leyfa er settur í tengsl við árlegan fjölda fæddra barna. Fram undir helmingur af öllum leyfum er veittur á árabilinu 1959—1974. Þegar mest kvað að ættleiðingum hér á landi var rösklega 2% lifandi fæddra barna ráðstafað til ættleiðingar, en hlutfallsleg lækkun hefir orðið síðar, sbr. skrána. Mun láta nærri, að ættleiðingar séu ámóta tíðar hér á landi og í Svíþjóð hlutfallslega, en nokkru tíðari en í Noregi og nokkru fátíðari en í Danmörku.

Bent skal á, að nokkrar félagslegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar í sambandi við ættleiðingarlevfi hér á landi, sbr. grein Ármanns Snævarr prófessors í Tímariti lögfræðinga 1959 einkum bls. 73—79 og rit próf. Símonar Jóh. Ágústssonar Um ættleiðingu, 1964. Má m. a. benda á, að rannsóknir þessar leiða í ljós, að fjölskylduættleiðingar, einkum af hálfu stjúpforeldra, eru miklum mun tíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

III.

Helstu breytingar, sem felast í frv.

Hér skal gefið stutt yfirlit yfir helstu breytingar, sem felast í frv., en í IV. kafla verða settar fram athugasemdir við einstakar greinar þess.

1. Í 1. gr. frv. er lagt til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi sé gefið út af dómsmálaráðuneyti í umboði forseta Íslands, og mælir 1. gr. svo, að dómsmálaráðherra veiti leyfi þetta.

2. Rétt þykir, að kveðið sé á um það þegar í 2. gr. hverju greinimarki verði beitt, þegar meta skal, hvort ættleiðingarleyfi verði veitt, en nú er ákvæði um þetta í 8. gr. laga nr. 19/1953.

3. Í 3. gr. er lagt til, að lögfest verði sú regla, sem nú er talin gild, að manni sé eigi heimilt að ættleiða barn sitt.

4. Leyfi til ættleiðingar verður nú aðeins veitt þeim, sem er 25 ára að aldri hið minnsta. Hjónum má veita leyfi til að ættleiða barn, þótt yngri séu en 25 ára. ef sérstaklega stendur á, þó svo að þau skulu vera 20 ára að aldri, sbr. lög nr. 58/1975. Er frumvarpsgreinin svipuð, að efnisinntaki. Tekið skal fram, að ákvæði frv. ganga ekki í berhögg við 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

5. Í 7. gr. 1. málsgr. frv. er mælt fyrir um þörf á samþykki til ættleiðingar, ef barn er undir 18 ára aldri. Aldursstig þetta var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 breyttu því í 20 ár. Hér er valið aldursstigið 18 ár bæði í samræmi við norrænu ættleiðingarlögin nýju og lagaþróun almennt í sifjarétti. Vegna Norðurlandasamnings um ættleiðingu er mikilvægt, að þessu atriði sé skipað á sama veg í norrænu lögunum. 18 ára aldursstig er að vísu lítið tíðkað í ísl. lögum, en hér stendur sérstaklega á, sbr. t. d. og lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

6. Í 1. málsgr. 8. gr. frv. er eigi mælt fyrir um, að leita skuli umsagnar sóknarprests. Byggt er á, að ráðuneyti leiti oft umsagnar prests eða forstöðumanns safnaðar, en einnig þarf oft á umsögn annarra aðilja að halda, og er lagt til, að ráðuneyti meti þetta atriði hverju sinni, sbr. og 23. gr. frv. Í 2. málsgr. 8. gr. er boðið, að leita skuli umsagnar annars hjóna, ef ættleiða á hitt, en í lokamálslið 6. gr. núgildandi laga er áskilið, að samþykki síðarnefnda makans komi til.

7. Í 9. gr. frv. er boðið að leita umsagnar lögráðamanns, ef ættleiða á lögræðissviptan mann, en í 7. gr. ættleiðingarlaga segir, að ættleiðing geti eigi farið fram, þegar svo stendur á, nema samþykki lögráðamanns komi til.

8. Ein af höfuðbreytingum frv. frá gildandi lögum varðar samþykki til ættleiðingar. Í 1. málsgr. 10. gr. frv. er áskilið, að það sé skriflegt, sbr. og 6. gr. frv. og staðfesti samþykkjandi yfirlýsingu sína fyrir starfsmanni dómsmálaráðunevtis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneyti löggildir til þessa. Í 2. málsgr. 10. gr. er kveðið svo á, að samþykki sé eigi gilt, nema staðfest sé í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega standi á. Með þessu ákvæði er lagt til, að samþykki fyrir fæðingu barns sé eigi gilt að höfuðstefnu til. Í 3. málsgr. 10. gr. felst, að samþykkjandi hafi hlotið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar, og er boðið að rita skuli á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðunevtis eða annars opinbers starfsmanns eða stofnunar um, að slík fræðsla hafi verið látin í té. Er vissulega mikilvægt að tryggja, að fræðsla um þetta efni sé veitt, þar eð lagaáhrif ættleiðingar eru mjög rík. Í 4. málsgr. 10. gr. er tekin afstaða til þess, hvort samþykkisyfirlýsing, er greinir eigi nafn væntanlegra kjörforeldra („in blanco“ — samþykki) sé gilt. Er það því aðeins gilt samkv. frv., að samþykki lúti að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðunevtið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir. Í tengslum við þetta eru svo ákvæði 11. gr. frv., þar sem tekin er afstaða til gildis samþykkisyfirlýsingar, sem gefin er erlendis. Orkar ekki tvímælis, að reglur frv. eru tryggilegri um samþykkisyfirlýsingu en reglur þær, sem nú gilda.

9. Í 12. gr. 1. málsgr. frv. er mælt fyrir um áhrif þess, að samþykki sé tekið aftur, en um það efni eru eigi ákvæði í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Veldur afturköllun á samþykki, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi því almennt, að eigi er hægt að

gefa út leyfið. Undantekning er þó gerð, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla eindregið með því, að það verði ættleitt að öðru leyti og afturköllun þykir eigi styðjast við skynsamleg rök. Þessi síðasti fyrirvari tekur til beggja þeirra tilvika, sem í undantekningarreglunni felast.

10. Í 2. málsgr. 12. gr. er nýmæli, sem orðað er á grundvelli nýju ættleiðingarlaganna dönsku. Er þar heimilað ef alveg sérstaklega stendur á, að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, **þótt samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. gr., sbr. 10. gr. liggi ekki fyrir**, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála. Í 3. málsgr. er einnig heimiluð ættleiðing, þótt samþykki rétts aðila sé ekki fengið, ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni, nefndin mælir með þessari skipan og barnaverndarráð fellst á hana. Boðið er í 4. málsgr. að leita umsagnar foreldris barns o. fl. Hér eru einkum höfð í huga börn, sem foreldrar vanrækja eða hugsa ekkert um. Oft eru slík börn á stofnunum á vegum barnaverndarnefnda árum saman og sýnast næstum „gleymd". Ljóst er, að fara verður varlega í að veita ættleiðingarleyfi, þegar samþykki er eigi fengið, og jafnframt að búa þarf svo um hnúta, að aðila, sem bær var að samþykkja ættleiðingu, sé veittur kostur á að bera mál undir dómstóla, ef því er að skipta. Eru ákvæði um það efni í 13. gr. frv. Nýtur stefnandi máls gjafsóknarkjara.

Hér vaknar það vandamál, hverju greinimarki eigi að beita um það, hvort karl og kona séu í „sambúð". Er lagt til, að það ráði úrslitum að meginstefnu til, hvort þau séu greind á þjóðskrá sem sambúðarfólk á þessum tíma, en einnig geti önnur „ótvíræð gögn" komið að haldi, svo sem vottorð opinbers starfsmanns eða stofnunar eða vætti nákunnugra manna. Skráning á þjóðskrá er ekki óhrekjanlegt sönnunargagn um sambúð, en það felst í ákvæðinu, að sú skráning skeri úr, uns réttþermi hennar sé hnekkt. Ef annar en sambúðarmaður hefur gengist við faðerni barns eða verið dæmdur faðir þess, á skilgetnaðarregla 4. og 5. málsgr. ekki við. Sá er munur á ákvæðunum, að samkvæmt 3. málsgr. verður barn skilgetið þegar við fæðingu barns, en samkv. 4. og 5. málsgr. öðlast barn eigi réttarstöðu skilgetins barns, fyrr en foreldrar barns hafa verið í sambúð í 2 eða 3 ár eftir fæðingu þess. Í því tilviki, svo og ef 2. málsgr. á við, ætti að gera reka að því að skrá í viðeigandi opinberar skrár, að barn sé skilgetið, en þessa mun yfirleitt ekki gætt. Mun það tíðkast að barn, sem óskilgetið er við fæðingu samkv. kirkjubókum, er talið óskilgetið til frambúðar í þeim bókum, þótt atvik hafi gerst, er valda því, að barn telst skilgetið. Er það miður.

Í 6. málsgr. er ákvæði nánast til varúðar og til þess að taka af hugsanleg tvímæli sbr. nú 9. gr. laga nr. 57/1921, sem er þó ekki sama efnis út í hörgul. Segir hér, að ógilding hjúskapar raski eigi réttarstöðu barns, sem skilgetins, frekar en lögskilnaður foreldra, sbr. og 26. gr. laga nr. 60/1972.

Um 3. gr.

Hér greinir faðernisregluna almennu og inntak hennar um skilgetin börn, svo sem það hugtak er skýrgreint í 2. gr. Faðernisreglan (pater est reglan) hvílir á því, að líkur séu fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi samfarir (samfaralíkur) og að barn, er fæðist í hjúskap (sambúð) þeirra sé ávöxtur af samförum þeirra, en barn sé ekki getið af þriðja manni (getnaðarlíkur). Er það verkefni sifjaréttar að gera þessu efni fræðileg skil. Lög búa barni með þessum hætti réttarstöðu yfirleitt að fyrra bragði, þ. e. þegar við fæðingu, en stundum geta atvik, er síðar gerast, þó valdið því, að barn hljóti réttarstöðu skilgetins barns, og á 3. gr. þá almennt einnig við, sbr. vísun hennar til 2. gr. í heild sinni, sbr. þó nánar athugasemdir við 5. gr.

Greinimark 2. gr. um skilgetin börn er ekki hnitmiðað að því leyti, að við getur borið, að 2. gr. í heild sinni helgi barni tvo feður. K fékk t. d. lögskilnað frá manni sínum, M 1, 1. des. 1972. Hún gekk að eiga M 2 1. júní 1973 og ól barn 1. júlí s. á. Sýnilegt er, að barn er getið áður en hjúskap þeirra K og M 1 lauk, og veitir það vísbendingu um, að M 1 sé faðir barns, en jafnframt er barn alið í hjúskap þeirra K og M 2, og bendir það til faðernis M 2. Í norrænum sifjarétti hefur á síðustu árum verið talið, að rétt væri að skrá M 2 í dæminu hér að framan föður barns. Finnsku

lögin um réttarstöðu skilgetinna barna hafa brýnt ákvæði, sem tekur af tvímæli um þetta efni, og skal síðari eiginmaður konu teljast faðir barns, þegar svo stendur á, í krafti pater est reglunnar, sbr. 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 409/1957. Er frv. það, sem hér er flutt, reist á þessum skilningi, þótt ekki þyki þörf á brýnu ákvæði í lagatexta um þetta efni, enda virðist lagaframkvæmd helga þessa skýringu.

Réttarstöðu barns, sem öðlast hefur stöðu skilgetins barns verður aðeins breytt með vefengingardómi samkv. 4.—6. gr., svo og með ættleiðingu, en þá fær barn almennt stöðu sem væri það skilgetið barn ættleiðanda.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um sóknaraðild vefengingarmáls og málshöfðunarfresti. Er ákvæði þessu ætlað að leysa af hólmi 2.—5. gr. laga nr. 57/1921.

4. gr. er ætlað að skipa því á tæmandi veg, hverjir geti verið sóknaraðiljar að vefengingarmáli, sbr. þó síðar um rétt erfingja eiginmanns móður barns til að ganga inn í mál, sem hann hefur höfðað. Greinin er sniðin eftir dönsku barnalögunum, en norsku barnalögin hafa nokkuð rýmri aðild en hér er gert ráð fyrir.

Samkvæmt 4. gr. er sóknaraðild í höndum 1. eiginmanns (sambúðarmanns) móður barns, 2. móður þess, 3. barnsins sjálfs og lögráðamanns þess, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta.

Samanburður við 2.—4. gr. laga nr. 57/1921 leiðir í ljós, að sóknaraðild samkv. 4. gr. er rýmri að því leyti, að hér er lagt til, að móður verði veittur réttur til málshöfðunar, en hún hefur ekki slíkan rétt a. m. k. samkv. orðanna hljóðan í I. kafla laga nr. 57/1921. Þykja öll rök mæla með því, að hún geti átt aðild máls, enda eru hagsmunir hennar ríkir og auðsæir. Sóknaraðild er að því leyti þrengri samkv. 4. gr., að hér er ekki getið erfingja eiginmanns barnsmóður. Er þetta gert að fyrirmynd dönsku barnalaganna, en norsku og sænsku lögin halda fyrri tilhögun, sem er hin sama og nú greinir í 4. gr. laga nr. 57/1921. 4. gr. frv. er að þessu leyti reist á þeim rökum, að það sé ekki viðfelldið að láta öðrum eftir að ákveða, hvort faðerni verði vefengt en þeim, sem mál þetta varðar beinlínis, þ. e. eiginmanni, móður og barni. Erfingjar hafa fyrst og fremst fjárhagslegra hagsmuna að gæta, en láta sig minna varða stöðu barnsins eða ákvörðun á ætterni þess sem slíku. Um skipan þessa atriðis geta vitaskuld verið skiptar skoðanir og eru meðal fræðimanna. Á því er byggt, þótt ekki sé það greint berum orðum í frumvarpinu, að erfingjar eiginmanns barnsmóður geti gengið inn í vefengingarmál, sem hann hefur höfðað, sbr. 53. gr. laga nr. 85/1936, og hefur hliðstætt ákvæði í dönsku barnalögunum verið skilið á þá leið.

Í 3. gr. laga nr. 57/1921 er sá varnagli sleginn við um málshöfðun eiginmanns, að hann hafi ekki viðurkennt faðerni barnsins eftir fæðingu þess, sbr. og 4. gr. um kosti erfingja til að höfða vefengingarmál. Þessi fyrirvari er ekki í 4. gr. frv. Bæði er, að óljóst er oft, hvort slík viðurkenning hafi átt sér stað, og hitt, að viðurkenning er oft látin uppi, áður en eiginmanni er kunnugt „um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barnsins“. Þykir ekki eðlilegt, að láta viðurkenningu standa því í vegi, að mál sé höfðað. Hitt er það, að það kann að veikja málstað vefengjanda í málssókn hans, og fer það þó eftir atvikum. Tekið skal fram, að þegar rætt er hér um eiginmann (sambúðarmann) móður barnsins, þá er að sjálfsögðu átt við þann eiginmann hennar eða sambúðarmann, sem talinn er faðir barns samkv. 3. gr., en ekki fyrri eða síðari eiginmenn hennar eða sambúðarmenn. Þó ber að hafa hugfast, að við getur borið, að barn sé hugsanlega getið í hjúskap móðurinnar við M 1, en það sé jafnframt alið eftir að hún stofnar til hjúskapar við M 2. Geta M 1 og M 2 þá báðir haft sjálfstæðan málshöfðunarrétt eftir því hvernig háttað er skráningu á faðerni barns.

Eiginmanni (sambúðarmanni) barnsmóður er settur sérstakur málshöfðunarfrestur, svo sem einnig er í lögum nr. 57/1921. Skal hann höfða mál innan árs frá því, að hann fékk vitneskju um atvik, sem geti verið efni til að vefengja faðerni barns, en hvað sem öðru líður skal hann hafa höfðað mál innan 5 ára frá fæðingu barns. Er það fortakslaus frestur án tillits til þess, hvenær eiginmaður öðlaðist vitneskju

um atvik, er vakið geti grunsemd um faðernið. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað að mál verði höfðað eftir að frestum þessum lýkur, ef alveg sérstaklega stendur á, og er þar m. a. átt við það, að aðili hafi verið erlendis og ókunnugt um fæðingu barns eða högum hans hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki getað höfðað mál, svo sem vegna veikinda eða vistar í fangelsi o. fl. Einnig er eðlilegt, að tekið sé tillit til annarra atvika, svo sem þess, hvort barni sé verulegt óhagræði búið af málssókn, eins og högum þess er farið. Ef barn hefur hafið skólagöngu getur því orðið mein að því að breyta skyndilega um nafn. Tillit verður einnig tekið til þess, hvort horfur eru á, að barn hljóti þegar í stað aðra ákveðna feðrun, t. d. verði talið barn síðari eiginmanns móður þess. Leyfi þetta verður aðeins veitt í undantekningartilvikum, og er á því byggt hér, að dómsmálaráðuneyti meti það til hlítar, hvort leyfið verði veitt.

Samkv. 4. gr. er það aðeins eiginmanni (sambúðarmanni) móður, sem settur er málshöfðunarfrestur, og hvorki barn né móðir þarf að hlíta slíkum frestum. Er þetta í samræmi við viðhorf í norrænum barnalögum.

Faðir barns samkv. 3. gr. er oft lögráðamaður barns. Þarf þá að skipa barni sérstakan lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þess eða reka mál vegna þess, og miðast orðalag 4. gr. 1. málsgr. við það, sbr. og 26. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

4. gr. hefur ekki að geyma ákvæði um varnaraðild vefengingarmáls. Ef eiginmaður stefnir, þá er barn til varnaraðildar og ber að stefna lögráðamanni þess, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1921. Þá ber einnig að stefna móður barns til aðildar í máli. Ef ætlunin er að fá dóm fyrir faðerni þriðja manns, ber að stefna honum til að þola dóm, sbr. hrd. XXIII, bls. 177. Má gera þessar tvenns konar kröfur í sama máli, bæði að hafa uppi vefengingu og að dómur verði veittur um faðerni þriðja manns. Ef barn er sóknaraðili máls, stefnir það (eða lögráðamaður þess) eiginmanni (sambúðarmanni) móður þess, en ef hann er látinn, þá erfingjum hans, er ganga jafnhliða barninu eða næst að erfðum eftir hann, sbr. 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er sett fram efnislega greinimarkið um það, hvenær krafa um vefengingu geti náð fram að ganga. Svo sem að framan greinir, hafa reglur barnalaganna frá þriðja áratugnum hér á Norðurlöndum, þ. á m. lög nr. 57/1921 lengi sætt nokkurri gagnrýni, með því að þær reglur feli í sér of harðar kröfur um sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að eiginmaður barnsmóður sé ekki faðir barns. Viðurkennt er, að faðernisreglan almenna um skilgetin börn sé veigamikil og yfirleitt mjög í hag barni. Hins vegar hefur verið talið, að svo einstrengingsleg sönnunarregla, sem í faðernisreglunni felist, geti stundum leitt beinlínis til rangrar feðrunar, en þjóðfélaginu hljóti að vera keppikefli, að börn séu rétt feðruð.

Ljóst er, að barnalögin eldri, þ. á m. lög nr. 57/1921, eru samin, áður en blóðflokkagreining og það ríka sönnunargagn, sem í henni felst, kom til skjalanna. Hefur það sönnunargagn breytt miklu um úrslit í barnsfaðernismálum, þar sem í hlut eiga óskilgetin börn. Er vissulega brýn þörf á að endurskoða reglur I. kafla laga nr. 57/1921, einkum 7. gr., út frá þessum nýju sönnunarviðhorfum og með tilliti til endurskoðunar þeirrar, sem þegar hefur farið fram á Norðurlöndum.

Í 7. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921 segir, að dómkrafa stefnanda verði því aðeins tekin til greina, „að telja megi víst að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess“, sbr. þó undantekningar 2. málsgr. 7. gr. Ákvæði 5. gr. 1. málsgr. frv. víkja frá 7. gr. 1. málsgr. m. a. að því leyti, að þar er greint sérstaklega það mikilvæga atriði, að þriðji maður sé tilnefndur, sem talinn er hafa haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess, enda séu líkur til, að barn sé ávöxtur þeirra samfara. Við þessar aðstæður er yfirleitt unnt að gera hvort tveggja að hindra fyrri feðrun barns og jafnframt að kveða á um nýja feðrun þess. Við þessar aðstæður er viðurhlutaminna að fallast á vefengingarkröfu en ella. Gert er hér ráð fyrir þeim möguleika, að t. d. blóðrannsókn girði fyrir faðerni eiginmanns (sambúðarmanns) eða kannanir á feðrunarlíkum, miðað við blóðflokkagreiningu aðilja og sérfræðilega úrvinnslu hennar, og eftir atvikum könnun á mannerfða-

fræðilegum gögnum veiti vísbendingu um, að langtum líklegra sé, að hinn nafngreindi þriðji maður sé faðir barns en stefnandi vefengingarmálsins. Þótt ekki sé unnt að benda á tiltekinn þriðja mann veitir 5. gr. 1. málsgr. svigrúm til að fallast á vefengingarkröfu, „ef telja verður öruggt vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns“. Hér getur komið sitthvað til, sem vefengingarkrafa er reist á. Í fyrsta lagi getur hún átt rót að rekja til þess, að hjón (sambúðarfólk) hafi ekki haft samfarir á getnaðartíma barns (reynt er þá að hnekkja samfaralíkum þeim, sem er fyrri þáttur faðernisreglunnar almennu um skilgetin börn). Um þetta atriði horfir 5. gr. frv. sama veg við og ákvæði I. kafla laga nr. 57/1921. Dómstólar hafa verið kröfuharðir um sönnun fyrir slíkri staðhæfingu, ef aðilar hafa verið samvistum. En hér gæti einnig m. a. komið til greina sönnun fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi verið fjarvistum á getnaðartíma barns. Í öðru lagi getur vefengingarkrafa verið á því reist, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess og að barn sé ávöxtur þeirra samfara, en ekki samfara, sem eiginmaður hafi haft við móður (reynt er þá að hnekkja getnaðarlíkum, sem er annar þáttur í pater est reglunni). Staðhæfingin um, að þriðji maður hafi haft samneyti við konu, er til barnsgetnaðar megi leiða, er háð almennu sönnunarmati, og felur 5. gr. eigi í sér neina sérstaka breytingu á því atriði. Viðurkenning móður á, að hún hafi haft samfarir við annan en eiginmanninn, er út af fyrir sig ekki nægileg í þessu efni.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er svipaðs efnis og 7. gr. 2. málsgr. Er það reist á því, að eigi séu rök til þess að láta sönnunarreglu 1. málsgr. 5. gr. gilda. fullum fetum, þegar barn er getið eftir að móðir barns og eiginmaður hennar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða dvöldust fjarvistum vegna ósamlyndis, svo og þegar barn er getið, áður en móðir þess giftist, sbr. 2. gr. 2. málsgr. Hér er eigi jafn ríkum líkum til að dreifa fyrir því, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess samkv. 2. gr., hafi haft samfarir saman, eins og er endranær. Þ. e. sá þáttur í faðernisreglunni, er lýtur að samfaralíkum, er ekki jafn ríkur og ella, þótt þess sé m. a. að gæta, að fólk kunni að hafa búið saman í óvígðri sambúð. Það er inntak 2. málsgr. 5. gr., að þegar svona stendur á, dugar, að sá, sem hefur uppi vefengingarkröfu. staðhæfi, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess, hafi eigi haft samfarir á getnaðartíma barns. Varnaraðili. er andmælir kröfu, verður þá að gera það sennilegt, að slíkar samfarir hafi átt sér stað. Ef sú sönnun tekst, grípur almenna faðernisreglan inn í málið, þ. e. að líkur eru taldar til þess, að þær samfarir hafi leitt til barnsgetnaðar, en aðrar ekki. Að þessu leyti dregur 2. málsgr. verulega úr því sönnunarmagni, sem krafist er.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er lítið eitt á annan veg að efnisinntaki en ákvæði 7. gr. 2. málsgr. Í fyrsta lagi á hún við, án tillits til þess hver er sóknaraðili máls, en 7. gr. 2. málsgr. er einskorðuð við, að eiginmaður sé sækjandi máls. Í öðru lagi er því atriði bætt við í ákvæðinu, að það eigi við, er eiginmaður (sambúðarmaður) og móðir barns voru eigi þegar barn var getið, samvistum **sakir ósamlyndis.** Er þar nánast lagt til, að lögfest verði fræðileg skýring.

Um 6. gr.

Ákvæðið varðar nokkur atriði varðandi vefengingarmál. en um rekstur þeirra er annars aðalregla sett í 51. gr. frv. Samkv. 51. gr. er boðið, að þeitt skuli um þessi mál almennum reglum um einkamál, nema annars sé getið, og felst m. a. í því, að horfið er frá þeirri tilhögun, að dómari leiti af sjálfsdáðum sönnunargagna um málið. Í 51. gr. eru þó greind ýmis frávik frá þessari meginreglu, sbr. og 4. og 6. gr. frv.

Rétt þykir að þeir dómendur dæmi vefengingarmál, sem fjalla um almenn einkamál, og segir um þetta í upphafi 6. gr.

Í 6. gr. segir, að aðildareiður sé óheimill, og játning kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og eru þessi atriði óbreytt frá 6. gr. laga nr. 57/1921.

Benda má á, að í 51. gr. frv. felst m. a., að dómari getur með vissum skilyrðum

mælt fyrir um blóðrannsóknir á þeim, sem koma við mál þetta, og jafnframt um mannerfðafræðilegar rannsóknir. Er skylt að hlíta því, svo sem greinir í 214. gr. laga nr. 85/1936 um blóðrannsóknir. Eru hér tekin af tvímæli, því að þetta atriði er ekki fullljóst samkv. I. kafla laga nr. 57/1921.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um faðerni óskilgetinna barna, þ. e. efnisreglur í því sambandi, því að flestar réttarfarsreglur eru annars staðar greindar, sbr. IX. kafla. Eru hér reglur um skýrgreiningu hugtaksins óskilgetið barn, sbr. 7. gr., svo og um viðurkenningu á faðerni barns, sbr. 8.—11. gr., en í 12. gr. eru reglur, er varða úrslit faðernismála. Í 13. gr. er vísað til réttarfarsreglna um faðerni barna annarra en þeirra, sem greinir í þessum kafla. Hér eru nokkur nýmæli og sum þeirra veigamikil.

Um 7. gr.

Skýrgreiningin á hugtakinu óskilgetið barn markast af því, með hverjum hætti hugtakið skilgetið barn er skýrgreint, sbr. 2. gr. Ákvæði 7. gr. gegnir í raun réttri aðeins leiðsöguhlutverki, en hefur ekki sjálfstætt efnislegt gildi.

Um 8. gr.

Hér er meginreglan um viðurkenningu á faðerni barns. Er hún sama efnis og 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 87/1947, en því er bætt við, að sé barnsfaðir yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er látin uppi, skuli hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Er þessi regla einnig í dönsku barnalögunum. Þar er valdsmanni, sem tekur við barnsfaðernisyfirlýsingu, boðið að greina glögglega fyrir aðilja, hver réttaráhrif séu tengd við barnsfaðernisyfirlýsingu. Er mikilvægt, að slíkur háttur sé á hafður einnig hér á landi, þótt ekki þyki ástæða til að greina það í lagatexta.

Tekið skal fram, að viðurkenning á barnsfaðerni fær ekki staðist, nema barnsmóðir fallist á hana, ef hennar nýtur við. Þessa atriðis er sérstaklega getið í 3. kap. 2. gr. í sænska foreldrabálkinum. Byggir 8. gr. einnig á þessu, sbr. orðin „sem kona kennir óskilgetið barn sitt".

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þykir ástæða til þess að greina það hér, að barnsfaðernisviðurkenning sé ekki tæk, ef barnsfaðir er geðveikur eða hálfviti eða geðrænum högum hans að öðru leyti er þannig farið, að ekki er mark takandi á yfirlýsingu hans. Hér er lagt til, að fræðileg skýring verði lögfest.

Ef fleiri en hinn lýsti faðir hefur haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, þykir yfirleitt ekki rétt að taka mark á barnsfaðernisviðurkenningu, heldur á þá dómur að ganga á málið. Þetta þarf þó ekki, ef talið verður að fyrra bragði, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað, einkum með blóðgreiningu.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um atvik, sem geta valdið því, að unnt er að ónýta með dómi faðernisviðurkenningu að kröfu þess, sem gengist hefur við barni eða lögráðamanns hans. Slíka viðurkenningu er og hægt að ónýta, ef gögn koma fram, er sýna, að viðkomandi maður geti eigi verið faðir barns, sbr. t. d. að blóðrannsókn girði fyrir, að hann geti verið faðir.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Getur verið veigamikið, að viðurkenning á faðerni, sem erlendis er fengin, hafi fullt gildi hér á landi. Er vafasamt, að slíkt verði lagt til grundvallar, nema sérstök heimild komi til. Þykir rétt að heimila dómsmálaráðherra að mæla fyrir um þetta efni, enda er ekki sagt, að hinu sama gegni um öll lönd í þessu efni, með því að réttarreglur eru mjög mismunandi á þessu sviði.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um úrslit í barnsfaðernismáli. Gætir hér mjög nýmæla.

Í fyrsta lagi er það nýmæli, að tekið er fyrir það í 3. málsgr., að úrslit verði látin velta á aðildareiði, svo sem nú er heimilt, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Aðildareiður er að vísu heimill í einkamálum almennt, sbr. 160. gr. laga nr. 85/1936. Þessu ákvæði er þó mjög sjaldan beitt og nánast aldrei. Gegn aðildareiði í barnsfaðernismálum er hægt að tefla mörgum hinum sömu rökum og þeim, sem almennt gera slíkan eið varhugaverðan. Aðiljar eiga hér mjög fjárhagsmuna að gæta, en að auki skiptir þá máli siðferðislega og félagslega, hver úrslit máls verði. Freistingin er því mikil til að vinna eið, hversu sem málaefni eru. Hér kemur til að auki, að minni manna um þau atvik, sem hér koma til, er oft ótraust. Alllangur tími líður oft frá því, að talið er, að kynmök hafi átt sér stað, uns málsúrslit liggja fyrir, og dregur það úr traustleika minnisins. Því er og oft haldið fram, að virðing manna fyrir eiðinum sé ekki jafn rík og áður var. Benda má á, að aðildareiður er mjög fátíður sem úrslitagagn á Norðurlöndum, og var t. d. fyrir nokkrum árum með öllu útrýmt í dönskum rétti.

Vissulega má segja, að sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu oft ótraust, og sé því vel skiljanlegt, að dómstólar grípi títt til þess fangaráðs að láta úrslit máls velta á eiði annars hvors aðilja. Hér er þess þó að gæta, að blóðflokkarannsóknir og blóðflokkafræði hafa náð meiri þroska en áður var, og auk þess er unnt að beita mannerfðafræðilegum rannsóknum meir en áður var, en þessi fræðilegu gögn geta síðan verið grundvöllur undir tölfræðilegum samanburði á faðernislíkum, t. d. tveggja manna, sem til greina eru taldir koma um faðernið. Eftir tilhögun norrænu laganna, sem lögfest voru síðast á sjötta áratugnum, verður að kosta kapps um að afla rækilegra sérfræðilegra gagna í faðernismálum, og dómstólar verða síðan á grundvelli þeirra gagna að taka afstöðu til krafna í faðernismáli, annað tveggja á þann veg að dæma varnaraðilja — eða einhvern þeirra — föður að barni eða sýkna hann eða þá. Ekki er unnt samkvæmt þessari tilhögun að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan með barni án þess að dæma hann jafnframt föður barns.

Í 12. gr. er lagt til, að þessi tilhögun verði lögfest. Er það **annað nýmæli** 12. gr., að ekki sé unnt að dæma mann meðlagsskyldan með barni, nema hann sé dæmdur faðir þess, sbr. 4. málsgr. Telja verður það óskapfellt fyrir barn, að tiltekinn maður sé dæmdur meðlagsskyldur með því, án þess að kveðið verði á um faðerni. Sérstaklega hlýtur það að vera óþægilegt fyrir barn að vita til þess, að fleiri en einn maður hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með því, svo sem nú er heimilt samkv. 212. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir kemur, að gert er í lagaframkvæmd. Staða hins „meðlagsskylda“ er og mjög óljós að lögum. M. a. verður það einatt álitamál, hvort hann teljist hafa afstöðu „föður“ gagnvart barninu vegna feðrunarlíkna, svo sem ef hann vill ganga að eiga stúlku, sem hann hefur verið dæmdur meðlagsskyldur með, eða spurning verður um vanhæfi hans til að fara með málefni, er varðar dótturina, svo að dæminu sé haldið áfram, við dómsýslu, stjórnsýslu eða vegna reglna um votthæfi o. s. frv. Hér kemur að vísu það á móti, að móðir fær yfirleitt eigi samkv. 72. gr. laga nr. 67/1971 greitt meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins, nema úrskurður yfirvalds um meðlag liggi fyrir, en Tryggingaráð getur þó fallist á umsókn um greiðslu barnalífeyris, þótt barn sé ófeðrað, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971. Þess ber að gæta, að þau tilvik eru mjög fá ár hvert á landinu öllu, að dæmd sé meðlagsskylda án þess að leyst sé úr faðerni.

1. og 2. málsgr. 12. gr. er ætlað að koma í stað 212. gr. laga nr. 85/1936. Hér er gerður að formi til greinimunur á því, hvort fleiri mönnum sé dreift við móður (2. málsgr.) eða ekki (1. málsgr.), en báðar málsgreinar verður að túlka samfellt, og á grunnregla 1. málsgr. við, þótt varnaraðiljar séu fleiri en einn. Í 1. málsgr. er notað það orðalag í samræmi við hin norrænu lögin, að sá, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns verði dæmdur faðir barns, „nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins“. Hér er varfærnislegra orðalag en í 212. gr. laga nr. 85/1936 og meir í samræmi við það, sem

læknar og líffræðingar telja sig geta staðhæft á grundvelli rannsókna sinna. Gögn, sem til er vísað, lúta fyrst og fremst að blóðrannsóknum og ályktunum af þeim, og svo mannfræðilegum könnunum og úrvinnslu þeirra. Þau taka einnig til þess, að upp komi, að maður sé ófær eða lítt fær til barnsgetnaðar, og einnig veitir orðalagið dómstólum svigrúm til að meta atriði eins og það, hvenær á getnaðartíma (ferlinum) samfarir hafi átt sér stað, upplýsingar um það, hvenær kona hafði síðast á klæðum fyrir barnsburð, svo og atriði eins og notkun getnaðarvarna og hvers kyns þau kynmök eru, sem talin eru hafa átt sér stað, þ. e. hvort þau hafi getað leitt til getnaðar barns. Ástæða er til að taka fram, að sönnunarmat í þessu efni er hjá dómstólum, og gildir hér reglan um hið svonefnda frjálsa sönnunarmat, jafnvel þótt t. d. blóðflokkagreining sé talin girða fyrir, að varnaraðili geti verið faðir barns. Verður dómari og að kosta kapps um að leiða öll atvik að getnaði barns í ljós, eftir því sem fært er, þótt slíkt gagn um blóðflokka liggi fyrir. Þá er það á valdi dómstóla að meta, hvort hinar raunhæfu forsendur, sem sérfræðileg álitsgerð er reist á, séu réttar, t. d. hvort blóðsýni sé viðhlítandi vegna ótryggrar vörslu eða hvort byggjandi sé á upplýsingum um tíðir konu, ef því er að skipta.

Blóðflokkagreining og ályktanir sérkunnáttumanna samkv. þeim tóku að tíðkast sem sönnunargagn í norrænum dómum rétt fyrir og upp úr 1930 (1928 í Danmörku og Svíþjóð, í Noregi 1933). Fyrsti dómur Hæstaréttar Íslands, þar sem blóðflokkagreining var lögð til grundvallar dómi, gekk árið 1934 (hrd. V, bls. 465). Hefur síðan margsinnis verið byggt á þessu gagni sem úrslitagagni. Í Hæstarétti hefur þó enn ekki gengið dómur í vefengingarmáli, þar sem gagn þetta hafi ráðið úrslitum. Með 214. gr. laga nr. 85/1936 er boðið, að aðiljar leggi sig undir slík blóðflokkapróf, svo og barn, sem í hlut á, og má dómari leita aðstoðar lögreglumanna við framkvæmd mála. Hæstiréttur hefur stundum orðið við kröfu um, að aðiljar legðu sig undir blóðrannsókn eða mælt fyrir um nánari úrvinnslu gagna eða ítrekaða blóðtöku og sérfræðilega könnun, þ. á m. að leitað væri til fleiri sérfræðings en eins, eftir atvikum erlendra sérfræðinga (í einu mála tjáðu þrír sérfræðingar sig um sakarefni, sbr. hrd. XXXVIII, bls. 787). Þá hefur og borið við, að blóðrannsókn hafi farið fram á foreldrum lýsts barnsföður í því skyni að kanna nánar, hvernig tilteknum blóðflokki hans sé háttað. Blóðrannsóknir eru oftast framkvæmdar af Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði, og eru þar nú tök á að beita flestum þeim blóðflokkagreiningum, sem tíðkanlegar eru á Norðurlöndum, en á það getur þó reynt, að þörf sé á að senda blóðsýni til útlanda.

Reglna þarf við um sitthvað, sem varðar framkvæmd blóðrannsókna þ. á m. ákvæði, er stuðli að samræmdri framkvæmd, svo og um það, hvenær barni verði fyrst tekið blóð, hve oft sé rétt að endurtaka blóðraun, um vörslu blóðsýna o. fl. Er vikið að slíkri reglugerð í lokamálsgr. 12. gr., sbr. og 46. og 52. gr. frv.

Mannerfðafræðilegar rannsóknir hafa talsvert farið í vöxt síðustu árin í nágrannalöndunum. Taka þær mið af arfgengum atriðum, eins og augnalit, eyrnalagi og afstöðu eyrna til annarra líkamshluta, vissra þátta í fingra- og táaförum, andlitslagi og höfuðlagi, fæðingarblettum og líkamlegum ágöllum sumum. Þessara rannsókna hefur lítt gætt hér á landi í faðernismálum, en tök munu vera á að framkvæma þær hér. Geta rannsóknir þessar skipt máli við könnun mála, oft sem viðbótargagn við blóðrannsóknir og við tölfræðilegan líkindareikning um faðerni, byggðan á almennri blóðflokkaskipan.

Í 2. málsgr. 12. gr. er fjallað um það meginvandamál, er varnaraðiljar í barnsfaðernismáli eru fleiri en einn. Þegar fleiri en einn maður þykja sannir að kynmökum við konu á getnaðartíma barns, verður samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936 ekki kveðinn upp faðernisdómur í málinu, nema blóðrannsókn eða svipað úrslitagagn girði fyrir, að t. d. annar varnaraðilja geti verið faðir barns. Endranær verður enginn (hvorugur) dæmdur faðir barns, en unnt er að dæma þá meðlagsskylda, þ. á m. að dæma þá skylda til að greiða óskipt meðlag með barni. Í 2. málsgr. 12. gr. er horfið frá þeirri tilhögun, að unnt sé eingöngu að dæma um meðlagsskyldu án þess að dæmt

sé um faðerni, og er það reifað hér á undan. Samkvæmt greininni á dómstóll að meta, þegar svona hagar til, í fyrsta lagi, hvort tiltekinn varnaraðili sé útilokaður frá faðerni samkv. úrslitagögnum í máli, sbr. 1. málsgr., en í öðru lagi verður varnaraðili því aðeins dæmdur faðir barns, „að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið". Það er verkefni dómstóla að framkvæma þetta sönnunar- og líkindamat, en gert er ráð fyrir, að við njóti sérfræðilegra álitsgerða, þ. á m. ef kleift reynist, álit sérkunnáttumanna um samanburð á líkindum fyrir því, að tilteknir varnaraðiljar séu feður barns (m. a. blóð-„statistiskar" kannanir).

Samkvæmt álitsgerð varðandi lagalegt mat á blóðflokkarannsóknum í barnsfaðernismálum, sem samin var fyrir nokkrum árum af sérfræðingum frá Norðurlöndum, er m. a. gerð grein fyrir því, að tiltekin blóðflokkakerfi séu 99.9% örugg. (A1-, A2-, BO-kerfi, MN-kerfi, Rh-kerfi, Hp-kerfi, Gc-kerfi), en við önnur tiltekin kerfi sé öryggið frá 99,0—99,9% (Kell-, P-Duffy-, Ge-, Gm-kerfi), en svo er bent á, að önnur kerfi séu til, sem við þurfi kannana og álitsgerða um traustleika í hvert einstakt skipti (t. d. Lewis-, Lutheran- og Kidd-kerfi). Vakin er athygli á, að þessi álitsgerð er nokkurra ára gömul og í nýrri finnskri álitsgerð er t. d. ABO- og MN-kerfi talin 99,99% örugg. Er þar getið fleiri kerfa með u. þ. b. 99% öryggi. Um tölfræðilegt mat á grundvelli blóðflokka aðilja, samanborið við almenna blóðflokkaskipan manna í því þjóðfélagi, sem um er að ræða, segir svo í álitsgerðinni, að „yfirgnæfandi líkur" merki í þessu sambandi, að líkur á faðernis manns sé ekki minna en 19:1. Virðast norrænir dómstólar hafa tekið mjög mið af þessari álitsgerð í dómum sínum. Ljóst er, að dómstólar meta öll gögn málsins, og láta sér ekki lynda sérfræðilegar kannanir einar sér. Í síðustu álitsgerðum er talið, að hægt sé að útiloka faðerni í a. m. k. 83% tilvika, og ef öllum kerfunum er beitt, nálgast þessi hundraðstala 90.

Vera má, að 12. gr. 2. málsgr. leiði til þess, að þegar varnaraðiljar eru tveir eða fleiri, verði málsúrslit oftar þau en nú er, að sýkna verði dæmd. En ávinningurinn er sá m. a. að losna við meðlagsskyldu-kerfið, sem mun eiga sér fáa formælendur. Vakin er í þessu sambandi aftur athygli á 3. gr. 4. málsgr. laga nr. 96/1971, er orðar 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 að nýju. Þar er heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, en tryggingaráð metur hverju sinni umsókn, er að þessu lýtur.

Um 13. gr.

Hér er vísað almennt til réttarfarsákvæða um faðernismál, með svipuðum hætti og í 4. gr. laga nr. 87/1947, sbr. IX. kafla frv.

Um IV. kafla.

Hér eru sameinuð í einn kafla ákvæði um framfærslu barna, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, en auk þess er vikið að stjúpbörnum og fósturbörnum í 15. gr. Kemur þessi kafli í stað ýmissa ákvæða í lögum nr. 87/1947, t. d. 6., 7. og 8. gr., og II. kap. í lögum nr. 57/1921. Framfærsluákvæðin í I. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna raskast ekki af ákvæðum frv., en ljóst er t. d., að þegar maka er gert með 2. gr. þeirra laga að „framfæra fjölskylduna", þá er m. a. lögð á hann skylda til að framfleyta börnum, þ. á m. stjúpbörnum og fósturbörnum. Rétt þykir, að það bíði heildarendurskoðunar á lögum nr. 20/1923 að skipa ákvæðum I. kafla um framfærslumálin að nýju. Vakin er athygli á, að samkv. 1. gr. 3. málsgr. frv. er sá almenni fyrirvari gerður, að ákvæði um framfærslu lúti eingöngu að einkaréttarskyldum foreldris, en ekki skyldum að opinberum rétti, þ. á m. samkv. framfærslulögum. Víða er þó tekin afstaða til aðgangs manna að Tryggingastofnun ríkisins um einstakar greiðslur.

Í þessum kafla er það helst nýmæli, að foreldrum er gert að skyldu að einkarétti að framfæra börn sín lengur en nú er, þ. e. aldur er hækkaður úr 17 í 18 ár, og getur framfærsluskylda staðið til 24 ára, ef þörf krefur vegna menntunar barns, sbr. 17. gr.

Eru þessi nýmæli samin mjög með hliðsjón af nýju barnalögunum á Norðurlöndum. Þá eru ný ákvæði, er heimila að úrskurða framfærsluskyldan aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, eða vegna sjúkdóms, greftrunar, „eða af öðru sérstöku tilefni", sbr. 19. gr.

Um 14. gr.

Ákvæðið kemur í stað 10.—12. gr. laga nr. 57/1921, sbr. 11. gr. laga nr. 19/1953, og 5. og 6. gr. laga nr. 87/1947. Tekið er sérstaklega fram, að um framfærsluskyldu kjörbarns fari sem um framfærsluskyldu annarra barna, sbr. og 5. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Sama er um stjúpbörn, sbr. ákvæði 12. gr. laga nr. 57/1921, sjá og framfærslulög nr. 80/1947, 4. gr. Tekið er sérstaklega fram í 3. málsgr., að fósturforeldri, sem hefur barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, sé skylt að ala það upp með sama hætti sem það væri skilgetið barn þess.

Greinimarkið um framlög til framfærslu barns, uppeldi þess og menntun er það, að þeim skuli haga „með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna" þ. á m. hæfi og getu til tekjuöflunar. Vakin er athygli á, að þessu ákvæði, er ætlað að fjalla um alla flokka barna, óskilgetin börn eigi síður en önnur börn.

Um 15. og 16. gr.

Ákvæði 15. og 16. gr koma að nokkru leyti í stað 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 og 8. gr. laga nr. 87/1947, svo og laga nr. 91/1971, er hafa viðbótaákvæði að geyma við lög nr. 57/1921, og laga nr. 92/1971, en beggja laganna frá 1971 var getið í upphafskafla þessarar greinargerðar. 3. málsgr. 15. gr. kemur í stað 3. málsgr. 14. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við gildandi lög. Í lokamálsgr. 16. gr. er þó sett það nýmæli, að heimilt er að skjóta úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því að úrskurður gekk, en úrskurður ráðuneytis er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags. Slíkur málskotsréttur hefur verið játaður, þegar um er að ræða framfærslueyri með maka, sem skilinn var, sbr. hrd. XXV, bls. 17. Hér er lagt til, að almennt ákvæði verði lögfest um málskot, og skiptir þá ekki máli með hverjum flokki barna meðlag er ákveðið. Þykir ástæða til þess, að slíkt grundvallaratriði sem málskot á úrskurði valdsmanns sé fest í lögum.

Ákvæði 16. gr. eru í samræmi við lög nr. 91/ og 92/1971, þ. á m. þykir rétt að nefna til tímamarkið 1. janúar 1972, sbr. 2. málsgr. 16. gr.

Um 17. gr.

Í 10. gr. laga nr. 57/1921 eru foreldrar skyldaðir til að framfæra skilgetin börn sín „þangað til þau eru 16 ára gömul", en í 19. gr. sömu laga segir, að foreldrar séu skyldir, svo sem þeir eru færir um, að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, „og mega börn ekki verða sveitarþurfar, meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau". Síðan segir: „Söm er skylda barna gagnvart foreldri".

Í 5. gr. laga nr. 87/1947 segir, að afstaða móður óskilgetins barns til barnsins sé söm og til skilgetinna barna, þ. á m. um framfærsluskyldu. Meðlagsskylda föður óskilgetins barns er nú miðuð við 17 ára aldur, sbr. lög nr. 92/1971. 1. gr., er breyta 8. gr. laga nr. 87/1947 og vísa um aldur til laga, „sem á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum". Er það ákvæði, sem nú á við, 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. almannatryggingalaganna nr. 67/1971. Segir í upphafi greindrar 3. gr. laga nr. 96/1971. „Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ....", sbr. 72. gr. laga nr. 67/1971, er veitir mæðrum aðgang að Tryggingastofnun ríkisins með meðlagskröfur samkv. úrskurði valdsmanns, „þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur". Bent er á, að í 1. gr. laga nr. 91/1971 (er mælir fyrir um nýja grein, 29. gr., í lögum nr. 57/1921) segir, að ekki megi ákveða

lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni en óskilgetnu né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

Reynt var að afla gagna um, hve mikill hluti þess árgangs unglinga, sem 17 ára er við lok skólaárs, stundi nám í skólum það ár. Eigi er við yngri tölur að styðjast en frá skólaárinu 1967—1968, og reyndist þá 65.1% af árganginum vera við nám, en hliðstæð tala var 31.8% um þá, sem voru 18 ára við lok skólaárs 27.9% og 23.7% um 19 og 20 ára árganga. Líkur eru á, að þessar hundraðstölur hafi hækkað til nokkurra muna allra síðustu árin.

Í reyndinni nýtur allur þorri unglinga, sem eru í skólum, 17 ára að aldri, framlaga frá foreldrum sínum, beint og óbeint, að svo miklu leyti sem tekjur unglinga hrökkva ekki til. Þegar þessi staðreynd er höfð í huga og svo hitt, hve geysimikill hluti 17 ára unglinga er á skólabraut, þykir réttmætt, að leggja til, að frumframfærsluskyldu foreldra ljúki ekki, fyrr en barn hefur náð 18 ára aldri. Jafnframt er lagt til í 17. gr., að framlög til menntunar eða starfsþjálfunar unglings sé heimilt að ákveða allt til þess, er hann nær 24 ára aldri. Er þetta ákvæði að fyrirmynd dönsku barnalaganna frá 1960.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. málsgr. kemur í stað 10. gr. laga nr. 87/1947 og að nokkru í stað 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 57/1921. Í síðargreinda ákvæðinu er mælt fyrir um, að meðlagsupphæð greiðist fyrirfram fyrir ½ ár í senn, en í 10. gr. laga nr. 87/1947 segir, að meðlag með óskilgetnu barni skuli greiðast mánaðarlega fyrirfram. Í 56. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 segir, að bætur skuli greiddar mánaðarlega eftir á. Þykir rétt að leggja til, að reglu 10. gr. laga nr. 87/1947 verði hér haldið, þótt að vísu komi fram munur á reglu barnalaga um þetta efni og reglu almannatryggingalaga.

Ákvæði 2. málsgr. horfir til skýringar og er ætlað að taka af tvímæli.

Í 18. gr. eru ekki ákvæði um það, hver áhrif andlát framfærsluskylds aðilja hafi á skyldu til greiðslu meðlags. Ljóst er, að unnt er að skylda bú hins látna til að greiða meðlag fram til dánardægurs hans. Ef ekkja hans situr í óskiptu búi, hefur a. m. k. í dönskum rétti verið talið, að unnt sé að gera henni að svara til meðlagsgreiðslna. Þá mæla lagarök með því, að bú manns, sem dæmdur hefur verið meðlagsskyldur, en sýknaður af faðerniskröfu, hljóti að svara til meðlagsgreiðslna allt til þess að barn nær 17 ára aldri (18 ára samkv. 17. gr. frv.), enda nýtur barn þá ekki lögerfðaréttar eftir hinn látna.

Um 19. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, svo sem áður er greint. Af skírn, fermingu og sjúkleika barns stafa oftast sérstök útgjöld. Er eðlilegt, að framfærsluskyldur aðili, sem ekki hefur barn hjá sér, standi að nokkru straum af þeim. Sama er um útgjöld til greftrunar barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem útgjöld vegna tannviðgerða eða t. d. skólaferðalaga, sem eðlilegt þykir að barn taki þátt í. Yfirvald ákveður greiðslur samkv. þessu ákvæði. Fermingarframlag ákvarðast m. a. af útgjöldum vegna fatnaðar barns í tilefni af fermingu.

Skammur frestur er settur í 2. málsgr. til að hafa uppi kröfu um greiðslur samkv. 1. málsgr., enda öllum fyrir bestu, að slíkum kröfum sé lokið sem fyrst. Regla 2. málsgr. á aðeins við um þær sérstöku greiðslur, sem greinir í 1. málsgr. Um almennar framfærslukröfur að þessu leyti vísast til 20. gr.

Um 20. gr.

1. málsgr. 20. gr. er ætlað að leysa af hólmi 4. málsgr. 14. gr. laga nr. 57/1921, þar sem segir að meðlagsúrskurði megi breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun. Ekki er brýnt ákvæði um þetta efni í l. nr. 87/1947, sbr. hins vegar 24. gr. 2. málsgr. laga nr. 46/1921. Telja verður þó, að úrskurði um meðlög vegna óskilgetinna barna megi breyta, ef hagir foreldra eða barna breytist að mun, sbr. meginreglu þá, er greinir í 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921, sbr. og áður 58.

og 78. gr. laga nr. 39/1921, og enn 9. gr. laga nr. 20/1923. Tekið skal fram, að samkv. þessari meginreglu er unnt að breyta úrskurði valdsmanns um meðlög með börnum skilinna foreldra, ef hagur þeirra eða barns breytist, en um það efni eru ekki ákvæði í lögum nr. 60/1972. Er 20. gr. l. og 2. málsgr. ætlað að taka til meðlagsgreiðslna með börnum, sem yfirvald hefir ákveðið í tilefni af skilnaði foreldra sbr. 24. gr. frv. Enn fremur ber að gæta þess, að ákvæði m. a. 9. gr. laga nr. 20/1923 standa óröskuð, þótt frv. þetta verði lögfest.

Samkv. 2. málsgr. er yfirleitt ekki unnt að hagga við framfærsluframlögum, sem eindöguð voru, áður en beiðni er látin uppi við valdsmann, og gæti það helst orðið, ef sýnt væri fram á, að úrskurður hefði verið reistur á röngum upplýsingum um atriði, sem máli skiptir. Kröfur lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram verða yfirleitt ekki teknar til greina. Eru auðsæ rök fyrir því, að vafasamt er að láta breyttan úrskurð verka aftur fyrir sig, svo að nokkru verulegu nemi. Rétt er að benda á, að samkv. 72. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 er Tryggingastofnun ríkisins ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, „nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann“. Við þessu ákvæði verður ekki raskað, þótt frv. þetta nái lögfestingu, og verður hér nokkur munur á, sem veldur því, að sá, er úrskurð fær samkv. 20. gr., kann að verða að sæta því, að eiga ekki aðgang að Tryggingastofnun fyrir kröfu sinni allri. Er æskilegt að breyta greindu ákvæði almannatryggingalaga, ef ákvæði 20. gr. frv. verður lögfest.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta heimilar, að samningar fari fram um framfærslueyri handa börnum, en áskilur, að valdsmaður staðfesti þá. Ella eru þeir ógildir. Ákvæðið setur ennfremur skorður við efni slíks samnings, með því að eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkv. lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur en þar greinir. Eru þetta hliðstæðar efnisskorður og greinir í 17. gr. 4. málsgr., að því er varðar efni úrskurðar um meðlag af hálfu yfirvalds. Ákvæði þetta kemur í stað 7. gr. laga nr. 87/1947 og er svipaðs efnis og sú grein, eins og hún hefir verið túlkuð fræðilega. Hér er eigi kveðið á um, frekar en endranær, hvaða valdsmaður það er, sem veita eigi atbeina sinn til máls, en ljóst er, að það er yfirvald, þar sem barnsmóðir á heimili og þar er barn einnig heimilisfast að jafnaði.

Ákvæði þetta gildir einnig, þegar samið er um meðlög með skilgetnum börnum, en í reynd er þar boðin sérstök umleitun yfirvalds í sambandi við skilnaðarkjör, sbr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið í 10. gr. laga 20/1923 er látið halda sér.

Um 22. gr.

Í 21. gr. frv. er áskilið, að samningur um framfærsluframlög barna sé háður staðfestingu valdsmanns. Hér segir, að valdsmaður geti skipað máli annan veg en samningur kveður á um, „enda telji hann, að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns“. Svipar ákvæði þessu til 10. gr. laga nr. 20/1923. Sbr. og í þessu sambandi 51. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæði 22. gr. eru ekki tæmandi um þau atvik, er leitt geti til ógildis samnings, og er unnt að beita um þann samning að auki almennum reglum um ógildi samninga, er lúta sifjarétti, svo sem um nauðung, svik, misneytingu o. fl.

Um 23. gr.

Samkvæmt upphafsákvæði greinarinnar tilheyrir framfærslueyrir barninu, sbr. og ummæli í dómi Hæstaréttar í XXV. bindi, bls. 31. Sjá og að sínu leyti 27. gr 2. málsgr. Foreldri er því óheimilt að ráðstafa kröfu til framfærslueyris, svo og gera

samninga um framfærslueyri, sem eindagaður er. Þá er fyrir það girt, að skuldheimtumenn t. d. móður geti gert fjárnám í fé þessu, og sama er talið í dönskum rétti um skuldheimtumenn barnsins. Ekki er unnt að beita skuldajöfnuði gegn kröfu þessari af hendi þeirra, sem til krafna eiga að telja á hendur móður barns og almennt verður að telja, að skuldajöfnuði verði ekki komið við af hálfu þeirra, sem kröfur eiga á hendur barni. Undir upphaf 23. gr. kemur m. a. framfærslufé, sem greitt er í eitt skipti fyrir öll, þ. e. kapítaliseruð framfærslufjárhæð. Bætur fyrir missi fyrirvinnu hefir einnig að þessu leyti verið sett á borð með fé samkv. upphafi 23. gr. í danskri lagaframkvæmd.

Í 2. málslið 1. málsgr. 23. gr. er mælt fyrir um, að þegar greidd sé af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, eigi að varðveita það fé með þeim hætti, sem fyrir er mælt um fé ófjárráða, sbr. 39. gr. laga 95/1947. Er þetta ákvæði nánast sett til varúðar, sbr. nú 7. gr. laga nr. 87/1947.

Í 2. málsgr. segir um þá, sem krafist geta þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, sbr. nú 13. gr. laga nr. 87/1947. Er það í fyrsta lagi sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, enda hafi viðkomandi foreldravald yfir barni eða hafi haft það, er foreldravaldi lauk, eða hafi barnið í fóstri samkv. lögmætri skipan. Ef fé er innt af hendi af hálfu almannavalds, getur viðkomandi stjórnvald eða stofnun haft uppi kröfu þessa. Kröfu getur sá gert samkv. þessu, sem foreldravald hefir, þ. á m. móðir óskilgetins barns, þótt hún sé ófjárráða. Þá getur annað foreldra haft uppi kröfu, þótt það sé ekki lengur samvistum við barn, ef forráðum er enn ekki skipað yfir barni. Þegar rætt er um, að barni sé komið í fóstur samkvæmt löglegri skipan, er átt við, að ákvörðun lögmæts handhafa foreldravalds hafi komið hér til, þótt enn hafi ekki verið gengið frá leyfi til fósturs af hendi barnaverndarnefndar, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966. Ef barn er á ríkisframfæri, svo sem örvitahæli, getur sú stofnun haft uppi kröfu um meðlög úr hendi hins meðlagsskylda, en það foreldri, sem ekki er meðlagsskylt, á þá ekki rétt á meðlagi (barnalífeyri). Vakin er hér athygli á niðurlagsákvæði 14. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971: „Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, sem njóta örorkulífeyris“, sbr. og sama ákvæði er segir, að barnalífeyrir greiðist foreldrum barna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Um 24. gr.

Hér segir, að ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlíti ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri. Slíkum ákvæðum var til að dreifa að nokkru leyti, þar sem voru 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, en þau voru ekki sett í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, með því að talið var, að þau ættu betur heima í barnalöggjöf. Slík heimild til breytingar styðst við almennar reglur, en fengur er þó að því, að slíkar reglur séu í settum lögum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um útgjöld vegna fæðingar barns o. fl. Þessar greiðslur eru nokkuð annars eðlis en framfærslueyrir, og þykir því eðlilegt að skipa þeim ákvæðum, er að þessu lúta, í sérstakan kafla. Í þeim gætir ekki verulegra nýmæla.

Um 25. gr.

Í 1. málsgr. segir, að valdsmaður geti úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í 3 mánuði, fyrir og eftir fæðingu barns. Fæðingarstyrkur samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971 er greiddur hverri konu, sem barn elur, og þarf ekki úrskurðar við um hann. Öðru máli gegnir um barnsfararkostnað að öðru leyti, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 og þá umfram fæð-

ingarstyrk samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971. Ákvæði 1. málsgr. tekur einnig til skilgetinna barna, þótt miklu tíðara sé, að á það reyni um óskilgetin börn.

Ákvæði 2. málsgr. svarar til 14. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, en getur þó einnig tekið til móður, er elur skilgetið barn. Ákvæðið er nokkru rýmra en 2. málsgr. 14. gr. og því móður til hagsbóta.

Tekið er fram í 3. málsgr. fyrir varúðar sakir, að skylda megi menn til greiðslu framlaga samkv. þessari málsgr., þótt barn sé andvana fætt.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er í samræmi við 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 87/1947. Hér er valdsmanni gert að skyldu að úrskurða framlög þessi.

Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli, er heimilar valdsmanni að úrskurða þann, sem þungað hefir konu, til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar. Samsvarandi ákvæði hefir verið í dönskum lögum allt frá 1937, að því er varðar mæður óskilgetinna barna. Ákvæði 2. málsgr. tekur einnig til mæðra skilgetinna barna. Það er háð sönnunarmati hverju sinni, hvort því skilyrði sé fullnægt, að maður sé valdur að þunga konu, og nægir í því sambandi viðurkenning manns sjálfs.

Um 27. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæði, er segja skil á því, hvenær einstakar greiðslur, sem greinir í 25. og 26. gr. séu gjaldkræfar.

Í 2. málsgr. segir, að framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyri móður barns eða þeirri stofnun, sem staðið hefir straum af útgjöldum sbr. til hliðsjónar 23. gr. 1. málsgr. Stofnun getur samkv. þessu krafið greiðslna beint og án framsals á kröfu, sbr. og athugasemdir við 23. gr.

Í 3. málsgr. er ákvæði, sem er að sínu leyti hliðstætt 20. gr. 2. málsgr. um það, hversu langt aftur í tímann framlög verði ákvörðuð.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um innheimtuúrræði í sambandi við framfærslueyri og aðrar greiðslur, sem um er rætt í frv. þessu, svo og um aðgang þess, er greiðslu á að fá, að Tryggingastofnun ríkisins. Í þessum kafla er safnað ákvæðum, sem nú eru í ýmsum lögum og þeim skipað hér samfellt, oft án efnisbreytinga. Er þetta gert til þess, að barnalög veiti heillegt yfirlit yfir þau innheimtuúrræði, sem tækileg eru, o. fl. því skylt.

Um 28. gr.

Í 1. málsgr. er ákvæði um, að framfærslueyri megi heimta með lögtaki, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885, og samkv. því, er nánar segir í þeim greinum lögtakslaga. Þá segir í 1. málsgr., að sama gegni um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr. Í sumum tilvikum á aðili aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, en bæði er, að það er ekki ávallt, og svo hitt, að ekki er víst, að aðili eigi aðgang að Tryggingastofnun um kröfu sína að fullu.

Í 2. málsgr. segir, að greiðslur samkv. 1. málsgr., sem ákveðnar séu með samningi aðilja, staðfestum af valdsmanni, séu einnig lögtakskræfar. Í þessu felst, að unnt er að semja um framlög samkv. 25. gr. og 26. gr., en valdsmaður verður að staðfesta slíka samninga með sama hætti og segir í 21. gr.

Um 29. gr.

Hér er mælt fyrir um aðgang aðilja, sem á til greiðslna að telja samkv. greinunum hér á undan, að Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta efni eru ákvæði í lögum nr. 67/1971, en rétt þykir að taka þetta mál upp hér til samfelldrar endurskoðunar.

Ákvæði 1. málsgr. svarar til 11. gr. laga nr. 87/1947, sumpart sbr. 2. gr. laga nr. 27/1971, en því atriði, er varðar barnsfararkostnað o. fl. því skylt, er skipað

með 30. gr. frv. Í 11. gr. laga nr. 87/1947 er talað um, að Tryggingastofnun sé skylt að greiða móður barns tilteknar greiðslur. Hér er lagt til, að í stað móður verði notað orðið foreldri, því að ástæðulaust er að mismuna föður og móður í þessu sambandi. Samskonar breytingar koma fram í 2. og 4. málsgr. greinarinnar, svo og í 31. gr. frv.

Í 2. málsgr. er eigi getið lífsvottorðs barns, enda ætti þess naumast að vera þörf.

Í 3. málsgr. er sérstaklega vísað til 72. gr. almannatryggingalaga um aðgangskröfu þess, sem greiðslu á að fá, á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Samkv. 31. gr. hafa aðrir en foreldri samskonar rétt, ef þeir annast framfærslu barns, þ. á m. sveitarstjórn í framfærslusveit barns.

4. málsgr. er sama efnis og lokamálsliður 11. gr. laga nr. 87/1947, sbr. lög nr. 27/1971, gr., með þeirri breytingu þó, sem áður er greind.

Um 30. gr.

Hér er viðbótarákvæði við 29. gr. um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins um tilteknar greiðslur. Er nauðsynlegt, að það sé skýrlega afmarkað, við hverjar kröfur þessi aðgangur sé bundinn og hverjar kröfur séu eigi kræfar úr hendi Tryggingastofnunar.

Greiðslur þær sem greinir í 1. málsgr. 25. gr. eru kræfar úr hendi Tryggingastofnunar í þeim mæli, sem greint er í 73. gr. laga nr. 67/1971, samkv. því er segir í 1. málsgr. 30. gr. Æskilegt er, að ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971 verði rýmkað. Að svo miklu leyti sem barnsmóðir á rýmri rétt á hendur barnsföður en þann, sem rúmast innan 73. gr. laga nr. 67/1971, verður hún að sækja rétt sinn í hendur barnsföður, og er greiðsla lögtakskræf samkv. 28. gr. 1. málsgr. Minna má í þessu sambandi á lög nr. 54/1971, 3. gr. 3. málsgr.

Í 2. málsgr. er barnsmóður veittur aðgangsréttur á hendur Tryggingastofnunar ríkisins um þær greiðslur, er greinir í 19. gr., 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. Endurkröfurétt á Tryggingastofnun með sama hætti og segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, þ. e. á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Framlög þau, sem úrskurðuð kunna að vera samkv. 26. gr. 2. málsgr. vegna fóstureyðingar, eru ekki kræf úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins, samkv. ákvæðum frv.

Í 3. málsgr. er heimilað að setja því skorður með reglugerð, hve háar greiðslur Tryggingastofnun sé skylt að inna af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

Um 31. gr.

Þetta ákvæði er sama efnis að meginstefnu til og 13. gr. laga nr. 87/1947, en á þó einnig við um skilgetin börn.

Um 32. gr.

Þetta ákvæði tekur saman til yfirlits þann feril, sem um er að ræða eftir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir kröfu, oftast til barnsmóður. Á Tryggingastofnun að jafnaði aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga, þó ekki í þeim tilvikum, er ríkissjóður svarar til aðgangskröfu Tryggingastofnunar, samkv. því er nánar segir í lögum nr. 54/1971. Innheimtustofnun annast síðan um innheimtu krafna úr hendi framfærsluskylds aðilja, að jafnaði úr hendi barnsföður, þótt það nafn sé væntanlega notað sem denominatio a potiori í greindum lögum. Býr Innheimtustofnunin yfir ýmsum innheimtuúrræðum, svo sem nánar greinir í 5. gr. laga nr. 54/1971. Minnt er og á skyldu hins framfærsluskylda gagnvart Innheimtustofnuninni samkvæmt lögum þessum.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til, að ákvæði verði sett um lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum og svo um barnsfaðernismál, þar sem í hlut eiga fjarstaddir varnaraðiljar.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er orðað með hliðsjón af 456. gr. b í réttarfarslögunum dönsku. Hér er það markverða nýmæli, að íslenskir dómstólar hafi lögsögu um faðernismál, ef móðir barns eða barn hefir lögheimili hér á landi. Veitir þetta ákvæði, ef lögfest verður, íslenskum dómstólum heimild til að fjalla um mál, þótt lýstur faðir sé staddur erlendis. Þá er einnig heimilt að fjalla um mál hér á landi, er lýstur faðir er látinn, ef bú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér. Lagt er til í 38. gr. frv., að varnarþingsreglu 211. gr. laga nr. 85/1936 verði breytt svo, að heimilt sé að höfða barnsfaðernismál á heimilisvarnarþingi móður og barns. Leysir það mikinn vanda, sem nú er illgerlegt að eiga við, þar sem 211. gr. laga nr. 85/1936 býður, að höfða skuli barnsfaðernismál á varnarþingi stefnds, þ. e. lýsts barnsföður.

Um 34. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að koma í stað 12. gr. laga nr. 87/1947 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum, svo sem það er orðið með lögum nr. 32/1954. Aðstaða mæðra, sem eiga börn með erlendum mönnum utan Norðurlanda er oft örðug, með því að ekki er heiglum hent að fá úrskurð valdsmanns um meðlög og barnsfararkostnað, en lengstum hefir það verið forsenda fyrir aðgangi barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins, að slíkur úrskurður sé lagður fram. Með lögum nr. 96/1971, 3. gr., er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971 er að vísu svofellt ákvæði: „Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl séu fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð". Bætir þetta ákvæði hlut mæðra, en ástæða er þó til að lögfesta önnur úrræði til viðbótar því, sem felst í þessu ákvæði.

1. málsgr. kemur í stað bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 87/1947, sbr. lög nr. 32/1954. Það er þó viðtækara, með því að bráðabirgðaákvæðið er einskorðað við það, er lýstur barnsfaðir er varnarliðsmaður eða hefir verið það eða er úr starfsmannaliði þess. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að dómari kveði á um, hvort leyfa skuli barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, en málsúrslit velta ekki á þeim eiði eða drengskaparheiti, heldur tekur dómari til meðferðar gögn málsins í heild sinni, þ. á m. hinn heitfesta framburð, og metur mál á þeim grundvelli. Hinn heitfesti framburður er því metinn sem sönnunargagn, en ræður ekki úrslitum máls. Ef varnaraðili er dæmdur faðir, er unnt að kveða upp meðlagsúrskurð, að tíðkuðum reglum gættum. Á barnsmóðir þá aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, sem aftur á endurgreiðslukröfu á hendur ríkissjóði.

2. málsgr. er að mestu í samræmi við 12. gr. laga nr. 87/1947, og er einskorðuð við þau tilvik, er barnsmóðir færir sönnur á samkv. 2. gr. og 8. gr. og 11. gr., að barn sé feðrað, en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans. Er þá unnt að gefa út meðlagsúrskurð, ef valdsmaður metur sönnur þessar fullnægjandi. Skjóta má úrskurði valdsmanns til dómsmálaráðuneytis eftir almennum reglum um málskot. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo sem nú er, en boðið er, að Innheimtustofnun sveitarfélaga skuli innheimta þetta fé eftir því sem fært reynist. Í 2. málsgr. er um að ræða stjórnvaldsúrlausn, en ekki dómsúrlausn.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forsjá (foreldravald) barna og umgengnisrétt að nokkru leyti. Ákvæði um foreldravald eru nú í lögræðislögum nr. 95/1947, 22. gr. Þau voru áður í III. kap. laga nr. 57/1921. Nauðsynlegt þykir að endurskoða ákvæði þessi, og þykja þau eiga heima í barnalögum. Vakin er athygli á, að um skipan forræðis (forsjá) fyrir barni við skilnað er mælt í 47. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, svo og um umgengnisrétt við barn, sem annað foreldri hefir eigi fengið forræði fyrir við skilnað. Þykir eigi ástæða til að raska

við þeim ákvæðum efnislega og ekki heldur að flytja þau frá hjúskaparlögum í barnalög. Bent er á, að eigi er lagt til, að ákvæði 23. gr. laga nr. 95/1947 verði flutt að svo stöddu í barnalög.

Hér er notað hugtakið forsjá í stað foreldravalds, en það heiti tekur um of mið af eldra réttarástandi, þegar foreldrar höfðu takmarkalítið vald að lögum yfir börnum sínum. Réttur og skylda til forsjár fyrir barni viðist hæfa betur í mark, eins og nú er komið lagaþróun.

Endurskoðun ákvæða um forsjá barna hefir einkum beinst að því að gera hlut foreldra, sem búa í óvígðri sambúð sem líkastan stöðu giftra foreldra. Er mikilvægt bæði fyrir foreldri og börn, að óvissu í þessu efni sé eytt með lagasetningu.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er að verulegu leyti í samræmi við gildandi lög, sbr. einkum 22. gr. 2. málsgr. laga nr. 95/1947, en hér er það þó lagt að líku, að fólk búi í óvígðri sambúð, sbr. 3. málsgr., og að hjúskapur hafi stofnast, að því er varðar réttarstöðu sambúðarmanns eða -konu. Verður að ætla, að það sé í samræmi við það, sem oftast gerist í lífinu sjálfu.

2. málsgr. fjallar um sama efni og 3. málsgr. 22. gr. laga 95/1947. Hér er enn lagt til, að hlutur sambúðarmanns verði hinn sami og stjúpföður, enda sé sambúð skráð á þjóðskrá. Í 5. málsgr. er þess sérstaklega getið, að stjúpfaðir (sambúðarmaður) hafi forsjá barns, ef móðir þess andast, en það er raunar fólgið í þeirri skipan, sem fyrir er mælt um í málsgreininni.

Í 3. málsgr. er greind sú skipan, að foreldrar ósjálfráða, óskilgetins barns, sem búa saman samkvæmt því, er skráð er á þjóðskrá, hafi bæði sama rétt og skyldu til forsjár fyrir barni. Bent skal á, að alloft verða þessi börn skilgetin í lagaskilningi, ef 2. gr. frv. verður lögfest, og í þeim tilvikum þarf ekki á slíkri reglu að halda sem þeirri, er hér er greind. Hins vegar fá þessi börn eigi ávallt réttarstöðu skilgetinna barna samkv. 2. gr. frv., þótt lögfest verði.

Í 4. málsgr. eru mikilvæg nýmæli. Samkv. því getur faðir óskilgetins, ósjálfráða barns óskað þess, að dómsmálaráðuneyti kveði svo á, að honum sé falin forsjá þess, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, og myndi þá mat á því yfirleitt velta á úrlausn barnaverndaryfirvalda. Sama er, ef móðir barns hefir samþykkt, að barn verði ættleitt af öðrum en föður barnsins. Er sú tilhögun í samræmi við breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögunum 1972. Ef móðir hefir veitt samþykki til ættleiðingar og faðir óskar af því tilefni forsjár barns, er til þess stofnað samkvæmt þessu, að ráðuneytið geti valið milli tveggja kosta, miðað við það, sem telja verður barni fyrir bestu. Er fyllilega eðlilegt, að veitt sé heimild til að fá föður forsjá barns, þegar móðir hefir sýnt með samþykki til ættleiðingar, að hún er orðin afhuga því að hafa forsjá barnsins. Bent er á í 4. málsgr., að ráðuneyti skuli m. a. taka tillit til tengsla föður við barn að undanförnu.

5. málsgr. kveður á um, að stjúpfaðir (sambúðarmaður móður) hafi forsjá barns, að móður barns látinni, en ella faðir barns. Gert er þó ráð fyrir, að aðra skipan megi gera af hálfu almannavalds.

Um 36. gr.

Hér er lagt til, að lögfestur verði umgengnisréttur föður óskilgetins barns, „nema sérstök atvik mæli gegn því, að mati dómsmálaráðuneytis.“ Meginreglan er sú, að umgengnisrétti sé til að dreifa, en ýmis atvik geta þó gert hann varhugaverðan. Getur þar bæði komið til, að faðir sé annmarkamaður, t. d. sálsjúkur, eiturlyfjaneytandi eða óreglumaður eða sérstök ástæða er til að óttast, að hann hafi óheppileg uppeldisáhrif á barnið. Önnur sérstök ástæða kann og að vera til að ugga, að umgengnin valdi erfiðleikum, svo sem stundum er, þegar móðir hefir giftst eða býr í óvígðri sambúð. Vera má ennfremur, að faðir hafi brotið þær umgengnis-

reglur, er honum voru settar. Umgengnisréttur á ekki við, ef barn er ættleitt. Tekið er fram, að í umgengnistilhögun felist bæði réttur og skylda til umgengni, ef faðir hefir óskað hennar, svo og skylda til að hlíta nánari skilmálum, er að henni lúta. Í 3. málsgr. er þess sérstaklega getið, að móðir eigi hliðstæðan umgengnisrétt, ef faðir hafi forsjá barnsins.

Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar sniðin eftir ákvæði 47. gr. laga nr. 60/1972 varðandi umgengni skilins foreldris, sem eigi hefir fengið forræði barns, við barnið.

Svo sem fyrr er getið, munu öll Norðurlandaríkin nú hafa ákvæði um umgengnisrétt föður við óskilgetið, ósjálfráða barn, þótt efni reglnanna sé eigi fyllilega hið sama. Hér er lagt til, að varfærnislega sé farið í sakir og mat á þessu máli lagt í allríkum mæli í hendur dómsmálaráðuneytis.

Um 37. gr.

Hér er lagt til, að lögfestar verði reglur um skipan forsjár fyrir barni foreldra, sem búa í óvígðri sambúð samkv. því, sem skráð er á þjóðskrá, ef foreldrar slíta samvistir. Eiga ákvæðin við, hvort sem barn öðlast réttarstöðu skilgetins barns við sambúðina, sbr. 2. gr. frv., eða ekki. Þá er einnig ákvæði um umgengnisrétt þess foreldris, sem eigi fær forsjá barnsins, sbr. 36. gr. og meginreglu 47. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

1. málsgr. er sniðin með hliðsjón af 47. gr. 2. málsgr. laga nr. 60/1972, en 2. málsgr. með hliðsjón af 48. gr. sömu laga.

Í 3. málsgr. er tekið sérstaklega fram, að ákveða skuli barni framfærslueyri (meðlag) samkv. ákvæðum IV. kafla, er svo hagar til sem segir í 1. málsgr.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttarfar í málum út af faðerni óskilgetinna barna, sbr. 38.—50. gr., og út af vefengingarmálum um faðerni skilgetinna barna, sbr. 51. gr. Svo sem fyrr greinir, var horfið að því ráði að skipa réttarfarsákvæðum í frv. þessu til barnalaga, og leysa þessi ákvæði af hólmi ákvæði I. kap. laga nr. 57/1921 (vefengingarmál) og XVIII. kafla laga nr. 85/1936 (um faðerni óskilgetinna barna). Jafnframt er þess að geta, að í 4. og 6. gr. frv. eru efnisákvæði um vefengingarmálin og í 12. gr. um faðerni óskilgetinna barna.

Í ákvæðunum um faðernismál út af óskilgetnum börnum gætir ýmissa nýmæla, þótt hin markverðustu þeirra séu í 12. gr., svo sem rakið hefir verið. Með því að lagt er til, að aðildareiður verði afnuminn, þarf á rannsókn að halda á ýmsum frekari atriðum en þeim, sem nú er fengist við, og ber að gæta þess einnig í því sambandi, að lagt er til, að sá úrkostur verði úr lögum numinn að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan, en sýkna hann af faðerniskröfu. Mun reynslan af þessu nýja fyrirkomulagi hafa verið sú m. a. í Danmörku, að í ýmsum þeim tilvikum, þar sem dæmt var aðeins um meðlagsskyldu eftir eldri tíðar lögum, sé varnaraðili nú dæmdur faðir barns, þótt einnig komi til greina, að sýknað sé, þar sem áður var dæmd meðlagsskylda.

Um 38. gr.

Hér er gerð sú veigamikla breytingartillaga frá núgildandi lögum, að mál megi höfða á varnarþingi móður, sbr. hins vegar 211. gr. laga nr. 85/1936, sem miðar hér yfirleitt við varnarþing föður. Er þessa atriðis áður getið. Vitaskuld má höfða mál á varnarþingi ætlaðs föður, og verður oftast gert. Ef móðir á ekki varnarþing á Íslandi, má höfða mál hér, ef varnaraðili á varnarþing hér eða á því varnarþingi, sem hann átti hér síðast eða þar sem með bú hans er farið, sbr. 2. málsgr. Þá má höfða mál á varnarþingi barns, sbr. 3. málsgr.

Í 4. málsgr. er tekið fram, að vísa megi máli milli dómaumdæma, ef aðiljaskýslur hafa eigi verið teknar að neinu leyti, en í ákvæðinu felst, að ella breyti það ekki neinu um dómstól, þótt aðili flytji milli umdæma.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er mælt fyrir um sóknaraðild og varnaraðild að barnsfaðernismáli.

Í þessari grein er það nýmæli, að barn geti verið sóknaraðili að barnsfaðernismáli. Hefir Hæstiréttur og skýrt réttarreglur svo, sbr. hrd. XLIII, bls. 696, en 211. gr. laga nr. 85/1936 víkur þó ekki að slíkri aðild. Þykir rétt að lögfesta þessa reglu hér, enda getur það staðið barni á miklu að fá úrlausn um faðerni sitt. Þá segir í 4. málsgr. að sé málsaðili yngri en 18 ára skuli lögráðamaður koma fram f. h. skjólstæðings síns í málinu, svo og skuli njóta atbeina lögráðamanns, ef aðili sé sviptur lögræði. Er aldursstigið 18 ár valið hér vegna þess hve örlagaríkt þetta málefni er, þótt sjálfræði sé bundið við 16 ára aldur. Að öðru leyti er ákvæði þetta í samræmi við 211. gr. laga nr. 85/1936 að meginstefnu til. Sóknaraðild framfæranda, annarra en móður, er þó bundinn við, að móðir hafi gert reka að höfðun máls.

Um 40. gr.

Hér er lagt til í 1. málsgr. að sett verði sérregla um það, hvenær barnsfaðernismál teljist höfðað. Þá er ákvæði í 2. málsgr. um liðsinni barnaverndarnefndar til handa barnsmóður, sem á í barnsfaðernismáli, sbr. nú 214. gr. laga nr. 85/1936, svo og barni, ef því er að skipta, sbr. og 48. gr. 1. málsgr.

Í lokamálsgr. 40. gr. segir, að sóknaraðili skuli hafa gjafsókn bæði í héraði og fyrir hæstarétti (þ. e. sóknaraðili í héraði), og er hér um nokkra efnisbreytingu að ræða, miðað við 215. gr. laga nr. 85/1936.

Um 41. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hverjir séu dómendur í barnsfaðernismálum, þ. á m. yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Þá segir, að mál þessi sæti almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögunum, og eru þau frávik mörg og mikilvæg (sbr. nú 215. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936).

Um 42. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að dómari gefi út stefnu í máli, einnig ef nýr varnaraðili er dreginn inn í mál, þó svo að ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara, þurfi ekki á stefnu að halda, enda lýsir dómari þá kröfum fyrir varnaraðilja og færir til bókar.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um birtingu á stefnu í Lögbirtingarblaði, ef ekki næst til aðilja, svo sem í greininni segir.

Þá eru í 3. málsgr. fyrirmæli um liðsinni lögreglumanna við dómara um að leita uppi lýstan barnsföður- eða annan varnaraðilja- færa hann fyrir dómara og að framkvæma eða liðsinna við framkvæmd á blóðtöku og öðrum sérfræðilegum rannsóknum sbr. nú 2. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sjá hér og 3. málsgr. 44. gr.

Um 43. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar er svipaðs efnis og 1. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Í síðara hluta greinarinnar er boðið að gæta varfærni við skráningu á faðerni í kirkjubókum. Ef ekki er við önnur gögn að styðjast en einhliða skýrslu barnsmóður ber að skrá, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en ekki að hann sé faðir barns. Hefir verið fundið að því í dómum Hæstaréttar, ef þessa er ekki gætt, sbr. t. d. hrd. XLI, bls. 787, enda getur slík skráning verið meinleg og er villandi.

Um 44. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rannsóknarskyldu dómara í málum þessum, svo sem nú er samkv. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sérstaklega er tekið fram, að ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist aðilja eða áhrif þess á gang máls gildi eigi um mál þessi, svo og ákvæði sömu laga um áhrif þess, að eigi sé hreyft andmælum við staðhæfingum.

Heimilt er samkvæmt 4. málsgr. að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en aðiljum á þá að tilkynna, hvenær dómþing fari fram, þau sem vitni koma fyrir dóm.

Ekki munu mikil nýmæli fólgin í ákvæði þessu, miðað við lagaframkvæmd.

Um 45. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á málsaðilja og vitni að skýra frá því, hvort þeir hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Barnsmóðir er og gert að skyldu að skýra frá því, hverjir hafi haft samfarir við hana á þessum tíma.

Í 3. málsgr. er dómara heimilað, svo sem nú er, að láta sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu í dómi, sbr. og 42. gr. lokamálsgr., sbr. hér 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og um frávísun máls, ef móðir víkst undan að gefa skýrslur eða leggja sig eða barnið undir blóðraun eða aðra þá sérfræðilega rannsókn, er dómari mælir fyrir um, sbr. 46. gr.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er nokkru viðtækara en 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og er dómara heimilt að mæla samkv. því fyrir um blóðrannsókn á móður barns og barni, svo og varnaraðiljum, og enn fremur um aðra sérfræðilega rannsókn á þeim til könnunar á öðrum mannerfðafræðilegum atriðum, sbr. hér áður. Heimilt er að kveða svo á, að rannsóknir þessar taki til foreldra og systkina barnsmóður og varnaraðilja, og ætti hér einnig að vera unnt að mæla fyrir um rannsóknir á systkinum barns.

Við dómsmál samkv. 10. gr. er heimilt að beita reglum 46. gr. um vefengingarmál sjá 51. gr.

Um 47. gr.

Hér eru þau mikilvægu frávik frá almennum reglum um einkamál, að dómari er ekki bundinn við kröfur málsaðilja, og mál er ekki háð forræði aðilja, þótt þeir vilji hefja mál, sbr. 2. málsgr. (mál er „indispósitívt"). Lyktir máls geta orðið þær, sem um segir í 12. gr., þ. e. efnislega annaðtveggja að fallist sé á kröfu um faðerni eða sýknað sé, því að lagt er til í frv. þessu, að reglur um aðildareið, svo og um meðlagsskyldu eina, séu afnumdar.

Um 48. gr.

Í 1. málsgr. segir, að dómþing í barnsfaðernismálum skuli háð fyrir luktum dyrum og að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður eða barni, sbr. 40. gr. Oft myndi og lögmaður sækja þing með aðilja.

Í 2. málsgr. er kveðið á um nafnleynd í málum þessum, ef dómar eru prentaðir eða birtir opinberlega. Hefir það tíðkast rösklega 20 ár í útgáfu hæstréttardóma, að slíkrar nafnleyndar sé gætt, enda er hún mikilvæg í málum þessum.

Um 49. gr.

Hér er mælt fyrir að dómari annist birtingu barnsfaðernisdóma.

Um 50. gr.

Rétt þykir að mæla hér fyrir um endurupptöku barnsfaðernismála, sem dæmd hafa verið í héraði, en ekki sætt úrlausn Hæstaréttar. Er lagt til, að unnt sé að endurupptaka þau samkv. meginreglum 59. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, en ákvörðun héraðsdómara sæti kæru samkv. 21. gr. sömu laga. Í 2. málsgr. er vísað til 59. gr. framangreindra laga að því er varðar endurupptöku máls, sem dæmt hefir verið í Hæstarétti.

Tímafrestir eru settir í sambandi við endurupptökukröfu í 1. málsgr. og 2. málsgr.

Í efnisdómi er heimilt að kveða á um endurgreiðslu meðlaga o. fl.

Um 51. gr.

Hér eru réttarfarsákvæði um vefengingarmál, þ. e. út af faðerni skilgetinna barna. Í 6. gr. laga nr. 57/1921 segir, að dómari annist af sjálfs dáðum um öflun sönnunargagna í þess konar máli. Í 1. málsgr. er lagt til m. a. að danskri fyrirmynd, að um mál þessi gildi almennar reglur um einkamál, nema öðru vísi sé mælt. M. a. eiga ákvæði 44. gr. 1. og 2. málsgr. eigi við í málum þessum. Hins vegar gilda ýmsar reglur um barnsfaðernismál einnig í vefengingarmálum, eða geta átt við svo sem segir í greininni, og sæta þau því afbrigðilegri meðferð einkamála. Við þessi mál ber að gæta efnisákvæða 4. og 6. gr. í frv. þessu. Dómarar einkamála dæma mál þessi, en eigi dómarar þeir, er greinir í 41. gr.

Um X. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og hvernig beita beri ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, um einstök atriði. Ýmis ákvæði eiga aðeins við um börn, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, en öðrum verður beitt einnig um börn, sem fædd eru fyrir gildistöku laganna, og er þetta afmarkað í 53. gr. Ákvæðin um framfærslueyri og önnur framlög í IV., V. og VI. kafla eiga við um tímabilið eftir að lög þessi taka gildi, nema annars sé getið.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómar út af meðlagsskyldu einni, þar sem ekki er jafnframt dæmt um faðerni, hafi réttaráhrif til frambúðar í samræmi við þau lög, sem giltu fyrir gildistöku ákvæða frv. þessa, ef lögfest verða.

Í 3. málsgr. er lagt til, að sett verði sérregla um höfðun vefengingarmáls, sbr. 4. gr. frv., og verði við það miðað, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður geti höfðað mál samkv. því ákvæði, uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laganna, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns. Styðst það ákvæði við sanngirnisrök.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til fyrri úrlausna eða ákvarðana um faðerni eða meðlagsskyldu.

Tekið skal fram, að þótt lagt sé til í 1. málsgr. að ýmis lög og lagaákvæði séu felld úr gildi, þá kunna þau að gilda áfram um einstök atriði vegna fyrirvara 2. málsgr. um, að lög þessi taki ekki til allra atriða, varðandi börn, sem fædd eru fyrir gildistöku þeirra. Fer um það efni samkv. almennum lögskýringareglum.

Ed. 109. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 25 með þessari breytingu:
5. gr. hljóðar svo:
50. gr. orðist svo:
Eigi má beita hærri fésekt en 5 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

Sþ. 110. Fyrirspurn [98. mál]

til samgönguráðherra um flugsamgöngur við Vestfirði.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Eru einhver áform á döfinni um það, hvernig stuðlað verði að tryggari flugsamgöngum við Vestfirði?
2. Hafa verið athugaðir möguleikar á lengingu og endurbótum flugbrauta við Holt í Önundarfirði og í Bolungarvík með tilliti til hinna sérstöku aðflugserfiðleika við Ísafjarðarflugvöll?

Nd. 111. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 77 23. desember 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 20/1976) orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1977 og greiðast af eftirgreindum vöruflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakt tímabundið vörugjald var upphaflega lagt á með bráðabirgðalögum nr. 65 16. júlí 1975. Var það 12% frá 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% frá 1. janúar 1976 til 4. maí 1976 en hefur verið 18% frá þeim tíma. Samkvæmt 1. gr. l. nr. 20/1976 skal vörugjaldið innheimt til 31. desember 1976. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið verði framlengt til 31. desember 1977 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1977.

Ekki er gerð tillaga um breytingu á vöruflokkum, sem gjaldskyldir eru, en verði hið nýja frumvarp um tollskrá, sem innan skamms verður lagt fyrir þingið, samþykkt, hefur það í för með sér að breyta þarf upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. laganna um sérstakt tímabundið vörugjald.

Nd. 112. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 76/1975) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að söluskattsauki samkvæmt söluskattslögum verði hækkaður um 1%. Jafnhliða verður lagt til með öðru frumvarpi að felld verði úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Fellur þá niður hið svonefnda olíugjald sem nemur nú 1% á söluskattsstofn.

Breyting sú sem í frumvarpinu felst hefur því hvorki áhrif til hækkunar eða lækkunar á skattlagningu vöru og þjónustu.

Breytingin er gerð til einföldunar og hagræðis, en þeim tekjum sem komu af olíugjaldinu og gengu til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða bæði beint og óbeint er ætlað að ráðstafa í framtíðinni á fjárlögum hverju sinni.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 er lagt til að 600 milljónum króna verði varið til beinna styrkja til þeirra aðila sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Þar er einnig lagt til að 1000 milljónir króna renni í Orkusjóð til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða og til að standa undir skuldbindingum sjóðsins að öðru leyti.

Ed. 113. Frumvarp til laga [101. mál]

um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW. afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2 200 millj. króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.

Setja skal Andakílsárvirkjun reglugerð, sem stjórn virkjunarinnar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undirbúningur að virkjun Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði var fyrst gerður á árunum 1963 og 1964. Virkjunarmat, sem þá var gefið út, var unnið af þeim Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi og Ásgeir Sæmundssyni tæknifræðingi. Umræddar virkjunarrannsóknir, svo og allar þær rannsóknir, sem síðan hafa átt sér stað varðandi virkjunina, hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað.

Virkjunarmat það, sem út var gefið í aprílmánuði 1964, bar það með sér, að virkjun Hvítár við Kljáfoss væri hagstæð virkjun, borið saman við aðra valkosti og með tilliti til þess öryggis sem orkuverið mundi veita Vesturlandi.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að vatnsaflsstöðin verði með allt að 13.5 MW. afli, og er sú stærð ákveðin með tilliti til þess, að þá fer minna landssvæði undir vatn vegna stíflugerðar en ella, ef orkuverið væri miðað við allt að 15 MW. eins og möguleikar eru fyrir hendi með aukinni stíflugerð.

Einn af aðalkostum Hvítár til orkuframleiðslu er talinn vera sá, hvað vatnsstreymið í ánni er jafnt. Eftir 24 ára rannsókn og vatnsmælingar er orkuvinnslugetan talin vera 88 GWst. í meðalári. Lægsta framrennsli á þessu tímabili var árið 1963 og hefði orkuvinnslan það ár verið um 72 GWst. mælt við stöðvarvegg. Forgangsorka er talin vera 75 GWst.

Nýtt virkjunarmat hefur nú verið gert um þessa virkjun og er virkjunarkostnaður nú áætlaður 1 722 millj. króna. Er þá byggt á virkjunarmati frá því í marsmánuði 1975, umreiknað í verðlag gengisskráningar, eins og það var í októbermánuði 1976. Er þar ekki meðtalinn kostnaður við tengingu orkuversins við orkuflutningakerfið í Borgarfirði, ekki greiðslur fyrir land og vatnsréttindi og vexti á byggingartíma. Að þessu meðtöldu verður stofnkostnaður virkjunarinnar alls talinn 2 172 millj. króna miðað við núverandi verðlag.

Með tilliti til þessa verður kostnaðarverð forgangsorkunnar, miðað við að orkuverðið verði greitt niður á 40 árum með jöfnum greiðslum og 8% vöxtum, ásamt 0.75% stofnkostnaðar í rekstri, kr. 2.65 á KWst.

Svo sem kunnugt er hefur nú átt sér stað samtenging með raflínum um allt svæðið á Vesturlandi, frá Hvalfirði til Gilsfjarðar. Á þessu svæði eru nú á milli 14 og 15 þús. manns.

Heildarorkuöflunin fyrir þetta svæði var á árinu 1974 80.5 GWst., en á árinu 1976 var orkuöflunin 92.4 GWst. Aukning á milli ára hefur því verið um 14.78%. Afl vatnsorkuvera á Vesturlandi var í árslok 1974 sem hér segir:

Andakílsárvirkjun	7 920 KW.
Rjúkandavirkjun	950 KW.

Til viðbótar þessu átti orkuöflunin sér stað með dísilorkuframleiðslu á ýmsum stöðum á svæðinu, samtals 3 895 KW. Til viðbótar var svo keypt raforka frá Landsvirkjun.

Þrátt fyrir þær athuganir og áætlanir, sem nú eiga sér stað á Vesturlandi um hagnýtingu jarðvarma til húsahitunar, má fullvíst telja að um verulega aukna eftirspurn á raforku verði að ræða í framtíðinni, svo sem verið hefur hingað til. Talar þar skýru máli aukningin á milli áranna 1974 og 1975, 14.78%.

Nú þegar Sigölduvirkjun er að ljúka er það álit margra, að virkjun Hvítár í Borgarfirði, þó ekki verði talin stórvirkjun, sé heppilegur áfangi á milli annarra stærri framkvæmda, sem við taka í framtíðinni, svo sem Hrauneyjarfossvirkjunar, Blönduvirkjunar eða annarra slíkra stórvirkjana, sem sennilega verða þá tengdar einhverri stóriðju, sem nú liggur ekki fyrir. Þá ber einnig að hafa í huga, að slík orkuver sem hér um ræðir, eru þýðingarmikill þáttur í heildarkerfinu og skapa nauðsynlegt öryggi fyrir hin einstöku byggðarlög.

Svo sem kunnugt er, þá eru eigendur Andakílsárvirkjunar Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Er þetta frumvarp flutt að beiðni stjórnar Andakílsárvirkjunar og fyrrnefndra eignaraðila. Þess skal og getið, að fyrir hendi er algjör samstaða eigenda Andakílsárvirkjunar um að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kljáfoss verði aukin þannig, að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, ásamt Dalasýslu, verði meðeigendur orkuversins og þannig stefnt að því, að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita.

Þá er þess að geta, að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og fleiri aðilar, sem mál þetta snertir, hafa rætt málið á fundum sínum og gert einróma samþykktir um að skora á Alþingi og ríkisstjórn að greiða fyrir því að Kljáfoss verði virkjaður og enn fremur áskorun til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að þeir myndi sameign um orkuverðið.

Stjórn Andakílsárvirkjunar og bændur, sem land eiga að Hvítá, þar sem landspjöll verða vegna fyrirhugaðrar virkjunar, hafa átt með sér fund, þar sem rætt var um bætur fyrir umrædd landsvæði. Á þeim fundi var algjör samstaða um málið og samkomulag um málsmeðferð, ef til þess kemur að ekki náist samkomulag milli aðila án matsákvörðunar. Fylgir fundargerð þess fundar hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.

Sameiginlegur fundur landeigenda við Hvítá ofan Kljáfoss og framkvæmdastjórnar Andakílsárvirkjunar, haldinn í Borgarnesi 21. febrúar 1975, samþykkir að halda áfram undirbúningi að virkjun Kljáfoss í Hvítá. Í því efni taka báðir aðilar fram, að þeir telja eðlilegt að komið verði á laggirnar 6 manna nefnd, þannig að landeigendur tilnefni úr sínum hópi 3 fulltrúa og virkjunarstjórnin einnig 3 fulltrúa,

sem sameiginlega leitast við að ná samkomulagi um greiðslu fyrir vatnsréttindi og bætur vegna landspjalla.

Náist samkomulag ekki eftir þeirri leið fallast aðilar á, að skipuð skuli sérstök matsnefnd 3ja manna, sem þannig verði valin: 1 fulltrúi tilnefndur af landeigendum, annar af virkjunarstjórn og sá þriðji af Hæstarétti Íslands.

Náist samkomulag milli aðila verði helmingi matskostnaðar bætt við bætur til landeigenda. Aðilar eru sammála um að hraða samkomulagsumleitunum eftir mætti.

Virkjunarstjórnin greiðir sérfræðilegan kostnað sem leiðir af samningsgerðinni.

Borgarnesi, 21. febr. 1975.

Daníel Brandsson.	Jón Þórisson.	Magnús Bjarnason.
Þorv. Hjálmarsson.	Ketill Jómundsson.	Marinó Jakobsson.
Snæbjörn Stefánsson.	Þórður Stefánsson.	Bjarni Þorsteinsson.
Magnús Guðmundsson.	Ásgeir Pétursson.	Ingimundur Ásgeirsson.
	Óskar Eggertsson.	

Fylgiskjal II.


Kostnaðaráætlun, endurskoðuð í október 1976.

Eftirfarandi kostnaðartölur eru byggðar á áætlun sem gerð var í marsmánuði 1975, umreiknað eftir verðbreytingum sem síðan hafa átt sér stað og miðað við skráð gengi ísl. krónunnar í október 1976.


Greiðsla fyrir vatnsréttindi og landspjöll er ekki meðtalin.

Byggingarmannvirki:		
Jarðstífla	150 m.kr.	
Flóðgáttir	210 —	
Stöðvarhús	205 —	
Fisklyfta	10 —	
Íbúð stöðvarvarðar	15 —	
Vegir og ræktun	10 —	
	600 m.kr.	
Ófyrirséð	90 —	
		1 690 m.kr.
Vélar og rafbúnaður:		
Túrbína með hjálpartækjum	270 m.kr.	
Rafali og rafbúnaður	300 —	
Stöðvarhússkrani, lokur, ristar	45 —	
Flóðgáttalokur	110 —	
	725 m.kr.	
Ófyrirséð	40 —	
		765 m.kr.
Uppsetning á vélum og lokum	75 m.kr.	
Innréttingar á vinnustað	35 —	
	110 m.kr.	
Ófyrirséð	15 —	
		125 m.kr.
Undirbúningur og umsjón, 9% af 1580		142 —
Heildarkostnaður		1 722 m.kr.


Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.



Nd. 114. Frumvarp til laga [102. mál]

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Öll íslensk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, skulu tilkynna:

a) brottför skipsins úr höfn;
b) staðsetningu skipsins a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkvæmt ákvörðun eftirlitsmiðstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum;
c) komu skipsins í höfn.

2. gr.

Texti tilkynningarinnar skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður og tími.

Á sjó: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími.

Við komu í höfn: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

3. gr.

Öllu hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í tilkynningarreiti. Við tilkynningum af reitum þessum taki síðan strandstöðvar, beint eða um aðrar stöðvar ef beint samband næst ekki. Tilkynningarnar skal senda strax til eftirlitsmiðstöðvar, sem fylgist með að engar skyldutilkynningar vanti. Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

4. gr.

Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna með aðstoð eftirlitsskips, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

5. gr.

Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu.

6. gr.

Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsmiðstöð í Reykjavík og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

7. gr.

Landssími Íslands skal sjá um að strandstöðvar séu til staðar til móttöku þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar.

Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.

8. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn Tilkynningaskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

9. gr.

Fyrir þjónustu Tilkynningaskyldunnar greiða eigendur skipanna til Landssíma Íslands ákveðið gjald. Skal það miðast við stærð skips og fara minnkandi eftir því sem skipin eru stærri.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum sem fari hækkandi við ítrekuð brot. Sektarfé skal renna til Tilkynningaskyldunnar.

11. gr.

Allur kostnaður við Tilkynningaskylduna, þar með talinn síma- og húsnæðiskostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð greiðslu útgerðanna til Landssíma Íslands svo og um nánari framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1961 flutti flm. þessa frumvarps þingsályktunartillögu ásamt nokkrum öðrum þingmönnum „um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenskra fiskiskipa".

Tillagan, sem síðar var samþykkt á 83. löggjafarþinginu 1962, hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga og gera tillögur um, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, til þess að samband megi hafa við íslensk fiskveiðiskip á ákveðnum tímum sólarhringsins, og þannig verði fylgst með, hvar þau eru stödd hverju sinni, svo að hjálp megi berast hið fyrsta, ef slys ber að höndum eða skipi hlekkist á.

Athugun þessa skal gera í samráði við Slysavarnafélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna."

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni:

„Hin miklu sjóslys, sem orðið hafa hér við land á þessum vetri, hafa höggvið stórt skarð í sveit íslenskra sjómanna. Við þessi slys eru mörg heimili harmi slegin. Það þekkir íslenska þjóðin, sem svo oft hefur orðið að færa þungar fórnir á altari Ægis í sinni hörðu lífsbaráttu. Nú á aðeins tæpum mánuði hafa mörg heimili misst fyrirvinnu sína og þrjátíu börn orðið föðurlaus. Fyrir mannfáa þjóð er þetta mikil blóðtaka, sem aldrei verður bætt.

Þegar á þetta er horft, hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé hægt enn frekar en gert hefur verið að draga úr eða fyrirbyggja alveg sum þeirra slysa, sem orðið hafa að undanförnu.

Við hamfarir náttúrunnar ræður enginn, en nútímatækni þekkir margar leiðir, sem skapa aukið öryggi, ekki aðeins fyrir sjófarendur, sem lenda í kasti við náttúruöflin, heldur og þá, sem önnur slys hendir.

Engri þjóð er mannslífið jafnmikils virði og íslendingum. Því má ekkert til spara, er verða mætti til að auka öryggi sjómanna okkar og annarra landsmanna, sem hættustörf vinna. Þegar vélskipið Stuðlaberg frá Seyðisfirði fórst með allri áhöfn, ellefu manns, undan Stafnesi nú fyrir skömmu, brá mörgum ónotalega við, fyrst og fremst vegna hins hörmulega mannskaða, en einnig vegna þess, að skip þetta ferst svo að segja við bæjardyr fjölbýlasta landshlutans, við fjölfarna sigl-

ingaleið, í veðri, sem sjómenn hafa sagt að ekki hafi verið tiltakanlega slæmt, og að margir dagar líða, uns sú staðreynd er ljós, að nýtt og glæsilegt skip, sem er á leið til hafnar, hefur farist með allri áhöfn.

Hvað gerst hefur, eftir að skipið verður fyrir því áfalli, er reið því að fullu, verður aldrei upplýst. En sú spurning hlýtur að vakna í hugum þeirra, er til sjómennskunnar þekkja, hvort einhverjum hefði mátt bjarga, ef fyrr hefði verið vitað um, að skipinu hefði hlekkst á.

Komust einhverjir í gúmmíbát, á brak úr skipinu eða jafnvel til lands?

Við þessum spurningum fæst aldrei svar.

Flm. þessarar þáltill. er kunnugt um, að sjómenn og útvegsmenn hafa rætt um það í sínum röðum, hvort ekki mætti fylgjast betur með ferðum fiskiskipa okkar en raun ber vitni um, þannig að hjálp mætti berast sem fyrst, ef slys bæri að höndum eða skipi hlekktist á.

Till. er borin fram til þess að sameina þá krafta, sem besta þekkingu hafa á þessum málum, í samráði við þann félagsskap, sem alla tíð hefur með ráðum og dáð stuðlað að auknu öryggi sjófarenda, Slysavarnafélag Íslands.

Í a.m.k. einni af stærri verstöðvum landsins er svokölluð „tilkynningarskylda“ bátaformanna við stöðvar í landi, sem þeir eru skyldugir að hafa samband við á ákveðnum tímum sólarhringsins. Sjálfsagt virðist, að athugun fari fram á því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess að þessi venja verði ekki aðeins bundin við eina verstöð, heldur landið allt.“

Eftir að tillagan var samþykkt skipaði þáverandi sjávarútvegsráðherra 7 manna nefnd til að vinna að áætlan tillögunnar. Má vera að slaklegar hafi verið unnið en ella, því undirstrikað var í skipunarbréfum að nefnd þessi væri ólaunuð.

Margt upplýstist þó á þeim fundum sem nefndin hélt. Skýrt var frá einstaka verstöðvum sem höfðu haft slíka öryggisþjónustu árum saman fyrir báta sína.

Tillögur og hugmyndir komu strax fram á fyrstu fundum frá tveim nefndarmönnum um framkvæmd þessa eftirlits. Vildi Pétur Sigurðsson, fulltrúi Sjómannasambands Íslands, að mið væri tekið af framkvæmd flugumferðareftirlitsins. Henry Hálfdánarson, fulltrúi Slysavarnafélags Íslands, lagði fram tillögur, sem segja má að séu undanfari þess sem fyrst var unnið eftir, þó með breytingum sem tóku til hvorra tveggja hugmyndanna.

Þótti mörgum, sem með fylgdust, að lítið jákvætt kæmi frá nefnd þessari, þótt margir fundir væru haldnir, en alla vega skilaði hún tillögum til viðkomandi ráðuneytis.

Ekki er flutningsmaður með þessum orðum að áfellast formann þessarar nefndar á einn eða annan hátt. Hitt er þó skoðun flm., að nefndin hafi verið of fjölmenn til að jákvæður árangur næðist fljótlega. Margar skoðanir voru á lofti og þeim fylgt eftir með harðfylgni. Einnig var lítil trú sumra að nokkurt gæfuspor væri stigið með slíkri framkvæmd. Enn fremur mun inn í þetta hafa blandast ótti opinberra stjórnenda við mikinn kostnað af slíku fyrirtæki, auk mjög versnandi ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar, bæði innanlands og utan.

Þeir, sem vit höfðu á, viðurkenndu þó að málið væri viðamikið og vandasamt úrlausnar og ekki við öðru að búast en undirbúningur þess tæki alllangan tíma, ekki síst með hliðsjón af framansögðu.

Nefndin skilaði áliti og í því var lagt til að öllum íslenskum skipum yrði gert að skyldu að tilkynna um ferðir sínar á vissum tímum eftir vissum reglum. Ennfremur skilaði nefndin tillögum um framkvæmd og skipan tilkynningaskyldunnar. Þeir, sem sóttu tíðast að viðkomandi ráðherra um frekari aðgerðir, voru fyrst og fremst framámenn Slysavarnafélags Íslands og fulltrúar frá skipstjórnarmönnum, sérstaklega frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni í Reykjavík.

Sú kveikja, er olli tímamótaskiptum til hins betra í umræðum þessara þýðingarmiklu mála, þurfti að sjálfsögðu að vera annað sjóslys.

Í þetta sinn vildi þó svo hamingjusamlega til, að mannbjörg varð. Er hér átt við svokallað Stígandaslys 24. ágúst 1967, en þá fórst skip þetta, en 12 manna áhöfn komst í gúmmíbáta, og höfðu verið í þeim nær fimm sólarhringa er þeir fundust. Eftir að staðreyndir þessar lágu fyrir voru það samtök þeirra síldarskipstjóra, sem veiðar stunduðu norðaustur í íshafi og djúpt út af austurströnd Íslands, sem bundust samtökum sín á milli og nutu fullrar aðstoðar svokallaðra „síldarradíóa“ við að halda daglegum tilkynningum við land. Og áfram hélt hið daglega eftirlit í einstökum verstöðvum.

Skal nú langt mál gert stutt, en sá þrýstingur, sem við þetta skapaðist, olli því m. a. að þáverandi sjávarútvegsráðherra, Eggert G. Þorsteinsson, sem alltaf hafði sýnt máli þessu áhuga, beitti sér fyrir framgangi þess, gaf út reglugerð 24. maí 1968 um tilkynningaskylduna.

Vil ég leyfa mér að vitna orðrétt í skýrslu forseta Slysavarnafélags Íslands á 17. landsþingi þess í Reykjavík 1976, en þá sagði hann eftirfarandi orð um tilkynningaskylduna, og lýsir fátt betur því þýðingarmikla starfi sem unnið er að á þessu sviði:

„Frá upphafi Tilkynningaskyldunnar hefur SVFÍ haft allan veg og vanda af framkvæmd hennar, og hefur hún orðið æ veigameiri þáttur í störfum félagsins með hverju árinu sem hefur liðið. Frá 16. landsþingi SVFÍ, sem haldið var vorið 1973, hafa helstu breytingar á starfsemi hennar orðið þær, sem hér skulu taldar:

1. Þá um veturinn hafði varðstaða verið aukin í 24 tíma vegna þeirra tíðu slysfara, sem þá urðu. Samþykkti 16. landsþingið að slíkur háttur skyldi á hafður í framtíðinni á tímabilinu frá október til apríl, og skyldu þá vera í gildi tveir skyldutímar, að deginum og á kvöldin.
2. Vorið 1975 ákvað stjórn SVFÍ að lengja varðstöðuna á tímabilinu frá maí til september úr 10 tímum í 16 á sólarhring eða frá kl. 8 á morgnana til miðnættis dag hvern, en þó var einn skyldutími í gildi að deginum. Var þessi ákvörðun tekin að ábendingu starfsmanna skyldunnar vegna allra þeirra minni fiskibáta sem stunda sjóróðra á þeim árstíma. Þessi ráðstöfun var tímabær.
3. Þegar SVFÍ var falin framkvæmd þessa máls í maí 1968, var þegar haft samráð við Landssíma Íslands um bætt móttökuskilyrði strandstöðva. Á þeim árum, sem liðin eru, hafa framfarir orðið miklar á þessu sviði, þótt hinu sé ekki heldur að neita, að enn skortir nokkuð á að viðunandi sé.

   Á þeim fundum, sem fulltrúar stjórnar SVFÍ og starfsmenn Tilkynningaskyldunnar hafa átt við ráðamenn póst- og símamálastjórnarinnar, hefur verið bent á nauðsyn betri móttökuskilyrða á NA-svæðinu (við Langanes), svo og við sunnanverða Vestfirði og loks á Breiðafirði. Í nóvember síðastliðnum voru þessi sjónarmið SVFÍ um aðbúnaðinn í þessum efnum á hinum nefndu svæðum ítrekuð enn við póst og síma og jafnframt beðið um ákveðnar tillögur til úrbóta. Í svari símamálastjórnar er bent á ýmis úrræði, en gera má ráð fyrir einhverjum drætti á framkvæmdum í þessu efni, því að þegar úttekt er gerð á úrbótunum, sem bent er á, koma í ljós alvarlegir þröskuldar á veginum.

   Í fyrsta lagi vantar fjárveitingu til strandstöðva Landssímans í þessum tilgangi, og í öðru lagi er skortur á línum til fjarhlustunar og fjarstýringar.

   Á meðan svo háttar sem horfir að þessu leyti, að litlar endurbætur verði gerðar á móttökuskilyrðum frá fyrrnefndum svæðum, hefur það veruleg áhrif á þessa starfsemi og notagildi hennar. Í því sambandi hafa starfsmenn hennar bent sérstaklega á, að það er fyrst nú í ár (1976), að næturvarsla hefur verið tekin upp á Patreksfirði. Til þess tíma hafði engin strandstöð verið starfandi með 24ra tíma þjónustu á öllu svæðinu Reykjavík—Ísafjörður. Ef ætti að nýta Patreksfjarðarradíó í dag með fjarstýringu frá Ísafirði, krefst það endurnýjunar á öllum tækjakosti þar. Starfsmenn okkar eru því miður ekki bjartsýnir á framkvæmdir af hálfu símamálastjórnarinnar, hvað snertir úrlausn þessara verkefna, sem hljóta þó að teljast mjög aðkallandi, þegar litið er á alla málavexti.

4. Með tilkomu örbylgjustöðvanna hafa radíóviðskipti gjörbreyst hér við land. Sífellt fleiri bátar taka upp viðskipti á örbylgju í stað millibylgju, og er það jákvæð og skynsamleg þróun. Þessa sjónarmiðs hefur gætt í viðræðum við forráðamenn, og jafnframt að stefna beri að því að bátar, sem stunda miðin við landið eingöngu, ættu að nota örbylgju í stað millibylgju.

   Það var ekki fyrr en seint á s. l. ári, að Siglufjarðarradíó tók upp örbylgjuþjónustu, en það þarf að hraða uppbyggingu nets örbylgjustöðva kringum landið, til þess að auka öryggi sjófarenda sem mest og best.

   Þegar aðstaða Tilkynningaskyldunnar var bætt til mikilla muna í húsi SVFÍ árið 1973, var þar sett upp miðbylgjustöð. Enn hefur þó ekki fengist leyfi til að nota þessa stöð nema til hlustunar. Sendingar eru ekki heimilar.
5. Af því, sem hér hefur verið rakið, má ljóst vera, að ýmsir erfiðleikar eru á að hrinda í framkvæmd ýmsum þeim bráðnauðsynlegu umbótum, sem SVFÍ hefur bent á. Virðist því ærin þörf á, að mál þessi séu rædd nánar við viðkomandi ráðherra og fjárveitingavaldið, enda munu til dæmis þær stórfelldu hækkanir á gjaldskrá pósts og síma, sem leyfðar voru í lok marsmánaðar, koma mjög hart niður á SVFÍ í sambandi við rekstur þessarar öryggisþjónustu.
6. Það fer ekki fram hjá neinum, hve oft skipstjórnarmenn eru hvattir til að sinna skyldunni og svara næstu strandstöð Landssímans. Þetta má heyra í síendurteknum orðsendingum á morgnana, um miðjan dag og á kvöldin. Eftirgrennslanir frá einni höfn til annarrar stórseinka allri úrvinnslu og rýra það öryggisgildi, sem þetta hefur fyrir alla sjófarendur. Því er óafsakanlegt það kæruleysi og tómlæti, sem allt of margir skipstjórnarmenn hafa sýnt í þessu efni.
7. Eins og Tilkynningaskyldan er starfrækt í dag, mótast hún af þrem meginþáttum:
   A) Hún er starfrækt til öryggis fyrir sjómennina.
   B) Hún er upplýsingaþjónusta fyrir aðstandendur sjómanna og útvegsmenn.
   C) Hún er miðstöð, sem varðveitir óyggjandi heimildir um úthaldsdaga skipa og sem slík hefur hún oft komið að góðu gagni fyrir sjómenn og útvegsmenn. Opinberar stofnanir, eins og Fiskifélag Íslands og Fiskmat ríkisins, leita í æ ríkara mæli upplýsinga í spjaldskrár okkar í þessu efni.
8. Tilkynningaskyldan er ekki eins auðveld í framkvæmd og margir ætla. Það er ekki síst að þakka hinum skylduræknu starfsmönnum hennar, hvað vel hefur til tekist. Það hefur verið SVFÍ mikið lán, hversu góðir starfskraftar hafa valist þar til starfa frá öndverðu.

   Þessi sérstaka þjónusta við sjómenn hefur vakið verðskuldaða athygli víða um lönd, og má segja, að við Íslendingar séum brautryðjendur á þessu sviði. Fer líka vel á því, þar sem fáar þjóðir eru eins háðar fiskveiðum og við og fáar verða að sækja á eins viðsjál mið á öllum tímum árs."

Flm. þessa frumvarps telur að starfsemi Tilkynningaskyldunnar undir stjórn SVFÍ hafi þegar margsannað gildi sitt, og reynslu- og þróunartími sé liðinn, þótt vonandi verði engin stöðvun á hinu síðarnefnda á tæknisviði. Hins vegar telur hann að tímabært sé að setja í lög ákvæði sem segja til um starfsemi þessa.

Um einstakar greinar frv. er óþarft að fara mörgum orðum, enda skýra þær sig sjálfar að mestu.

1. til og með 6. grein frv. eru að mestu sniðnar eftir þeirri reglugerð sem þáverandi sjávarútvegsráðherra setti á sínum tíma.

7. gr. er til að staðfesta skyldu Landssíma Íslands um fullkomna þjónustu á því sviði sem þessu ríkisfyrirtæki er ætlað í þessari öryggisþjónustu. Síðari málsgreinin er meðal annars fram komin vegna ályktunar á síðasta Sjómannasambandsþingi, en þar kom fram, auk áskorunar um lagasetningu um Tilkynningaskylduna, að mikið skorti á hlustunar- og sendiaðstöðu við Norðausturland, sunnanverða Vestfirði og Breiðafjörð.

8. gr. er til að staðfesta hinn stjórnunarlega rétt SVFÍ, en á þennan félagsskap var ekki minnst í reglugerðinni frá 1968, þótt félagið hafi alltaf síðan haft með stjórnun þessa að gera.

Með samþykkt 9. gr. er ákveðið að lögbinda ákveðið gjald til Landssíma Íslands, sem nú er þegar ákveðið með samkomulagi. Sjávarútvegsráðherra er skv. 12. gr. falið að ákveða greiðslur þessar, m. a. til þess að ekki verði um ofborganir að ræða, og því er þeim, sem gott vit á að hafa um hag útgerðarinnar, sett þessi ákvörðun í hendur. Enda verður að telja að ekki ætti að telja eftir framlag af almannafé til öryggismála þeirrar stéttar, sem á langhæsta slysa- og dauðatíðni í starfi hér á landi.

Í 10. gr. er minnst á sektarákvæði vegna vanrækslu við tilkynningaskylduna. Því miður er nauðsyn á þessum ákvæðum vegna trassaháttar og kæruleysis nokkurra skipstjórnarmanna. Verða þeir að gera sér grein fyrir að því fylgir mikill kostnaður að hefja leit að skipi, sem álíta verður að hafi hlekkst á þegar þeir láta hjá líða að tilkynna staðsetningu skips síns.

Um 11. gr. þarf ekki að fjölyrða. Til þessa hefur SVFÍ staðið undir húsaleigu-, ljósa-, hita-, ræstingar-, skrifstofuvinnu- og símakostnaði af öðrum tekjum en framlagi fjárveitingavaldsins til Tilkynningaskyldunnar. Með þessari gr. frv. er til þess ætlast, að nokkuð sé komið á móti þessum kostnaði.

Sþ. 115. Fyrirspurnir. [103. mál]

I. Til samgönguráðherra um hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu frá 18. maí 1976 um athugun á hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará nálægt Laugalandi?

II. Til menntamálaráðherra um sparnað í rekstri Ríkisútvarpsins.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvert er aðalefni tillagna fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar um sparnað í rekstri Ríkisútvarpsins, sem nú liggja fyrir?
2. Hvað hyggst ráðuneytið gera til þess að framkvæma meginatriði þessara sparnaðartillagna?

III. Til fjármálaráðherra um innflutning á frosnu kjöti.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvaða reglur gilda um innflutning ferðamanna, flugmanna og sjómanna á frosnu kjöti, svo sem alifuglakjöti (kjúklingum og kalkúnum), og hver hefur sett þessar reglur?
2. Hvaða ástæður liggja til grundvallar setningu gildandi reglna?
3. Er þeim reglum framfylgt eins gagnvart öllum innflytjendum þessarar vöru?
4. Hvernig hyggst ráðherra ráðstafa þeim tonnum slíks kjöts, sem nú hefur verið til geymslu á kostnað ríkisins í tæpt ár? Er ætlun ráðherra að láta undan kröfunni um að þessi matvara verði brennd eða henni sökkt í sæ?

Nd. 116. Frumvarp til laga [104. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heldur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga, eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, ennfremur að leggja til nægilegt vinnuafl til verksins og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

2. gr.

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 31. marz, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslunefnda, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum, þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því, að undanþága sé veitt. Umsóknum sýslunefnda skulu fylgja vottorð héraðsaðsráðunauta í sauðfjárrækt og garnaveikisbólusetningarmanna, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um, að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin 3 ár eða lengur.

Verði vart óþrifa í fé á svæði, þar sem undanþágan gildir, fellur hún þegar niður. Landbúnaðarráðherra er heimilt ef þurfa þykir að fyrirskipa kláðaskoðun á kostnað sauðfjáreigenda til þess að kanna hvort óþrif eða kláði leynast í sauðfé á svæðinu.

Ráðherra getur ennfremur veitt frest eða undanþágu frá böðun á einstökum búum, ef héraðsdýralæknir telur, að heilbrigði fjárins sé svo háttað, að því stafi hætta af böðun um sinn, eða böðun geti valdið útbreiðslu smitsjúkdóma.

4. gr.

Fjáreigendum og öðrum, sem við hirðingu og gæslu sauðfjár starfa, er skylt að hafa vakandi auga á því, hvort sauðfé sé haldið fjárkláða, lús eða öðrum óþrifum.

Allir þeir, sem hafa með höndum heilbrigðisskoðun á sláturhúsum, skulu fylgjast vel með því, hvort óþrif leynast á sláturfé og hvaðan slíkt fé er upprunið. Skulu þeir halda skýrslur um það efni og tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni strax að lokinni sláturtíð.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eiganda, unz dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara

sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis, sérstaka útrýmingarböðun þ. e. tvíböðun í hólfinu eða á svo stóru svæði, sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ítarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varast samgang fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hverrar einstakrar skepnu. Yfirdýralæknir getur hlutast til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði. Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í ríkisútvarpinu.

6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti, sem þeir geta annast það eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverju sýslufélagi eða hluta úr sýslufélagi eða bæjarfélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefnda eða bæjarstjórna.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu og undirbúning sauðfjárbaðana, hver í sínu umdæmi. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi, og hætta er á samgangi fjár á milli eftirlitssvæða skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana. Þeir skulu hlutast til um, að verslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórum reglur um framkvæmd sauðfjárbaðana, upplýsa þá um verkanir baðlyfja og annað, er máli skiptir í því sambandi.

Þeir ákveða í samráði við sveitarstjórn og baðstjóra hvenær innan þeirra tímamarka, er kveðið er á um í 2. gr., skuli baðað í hverjum hreppi. Skylt er að skipuleggja böðun þannig í hverjum hreppi, að henni verði alls staðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs. Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið, og skal þá sá, er finnur ,einangra kindurnar og tilkynna hreppstjóra, er hlutast til um í samráði við eftirlitsmann, að féð sé baðað án tafar.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir. Skal sú útnefning fullbúin og tilkynnt baðstjórum eigi síðar en 20. október það ár, sem baða skal. Skal einn eða fleiri baðstjórar starfa í hverjum hreppi eftir því, sem þörf krefur, svo hægt sé að framkvæma böðun í hreppnum á skömmum tíma. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því, að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu. Skulu baðstjórar leita fulltingis sýslumanns og hreppstjóra, vilji sauðfjáreigendur ekki fylgja settum reglum um böðun.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra fyrirskipar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra aukaböðun vegna þess að fjárkláða hefur orðið vart, sbr. 5. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins, eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Í slíkri reglugerð er heimilt að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigandi hefur eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda þess.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að jafnvirði 300 kg af 1. fl. dilkakjöti í næstliðinni sláturtíð, og renna þær í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 23/1959 um sauðfjárbaðanir og lög um breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 102/1970.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir var lagt fram á Alþingi s. l. vetur (97. löggjafarþingi). Málið var ekki útrætt. Frumvarpið er því endurflutt nú með nokkrum viðaukum.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er að meginefni samið af milliþinganefnd Búnaðarþings vegna margra og ítrekaðra áskorana um breytingu á löggjöfinni um baðanir í þá átt að létta böðunarskylduna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að þetta verði gert á þann hátt, að ráðherra verði heimilt að veita undanþágu í tilteknum hólfum, þar sem óþrif hafa ekki sést á fé um árabil.

Til þess að auka öryggi á að böðunarundanþágur verði ekki til þess að stuðla að óþrifum á sauðfé, er sett í frumvarpið ákvæði um vottorðagjafir frá tilteknum opinberum og hálfopinberum starfsmönnum, er mæli með undanþáguheimild.

Það ákvæði í frumvarpinu að ekki skuli, að öllu jöfnu, baðað fyrr en fé er komið á hús, á að sporna við að óbaðað og baðað fé renni saman og um leið minnka líkur á dreifingu óþrifa í sauðfé frá einum bæ til annars. Ákvæðið í núgildandi lögum um sérsmölun vegna baðana er því felt niður.

Meginbreytingin, sem í frumvarpinu felst, — undanþáguheimildin —, verður að teljast réttmæt, því hún á að geta sparað fjáreigendum fé og fyrirhöfn og þess má vænta að hún verði fjáreigendum ríkt hvatning á landssvæðum, sem ekki fá undanþágu frá böðunarskyldu, til að herða sóknina og útrýma óþrifum í fé sínu með öllu. Væri vel ef svo tiltækist.

Nd. 117. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, frv. til l. um breyt á l. um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, og frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., komu til meðferðar allsherjarnefndar neðri deildar á síðasta þingi og fékk nefndin umsagnir frá eftirtöldum aðilum: lagadeild Háskóla Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, sakadómi Reykjavíkur, Félagi rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík, Landssambandi lögreglumanna.

Þegar allsherjarnefnd fékk ofangreind frumvörp til meðferðar að nýju í október s. l. hafði réttarfarsnefnd, sem samdi frumvarpið, haft umsagnirnar til athugunar og gert allverulegar breytingar á frumvarpi til laga um breyt. á lögum um meðferð

opinberra mála, en hin tvö frumvörpin eru að mestu óbreytt. Allsherjarnefnd sá því ekki ástæðu til að leita skriflegra umsagna um frumvörpin á nýjan leik, en í þess stað heimsótti hún embætti ríkissaksóknara, sakadóms Reykjavíkur og embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Nefndin kynnti sér starfsemi þessara embætta og ræddi við yfirmenn þeirra um frumvörpin og einstök ákvæði þeirra. Þá hefur nefndin kallað á sinn fund fulltrúa lagadeildar Háskóla Íslands, réttarfarsnefnd, ráðuneytisstjóra og deildarstjóra dómsmálaráðuneytisins.

Einstakir nefndarmenn hafa kynnt sér skrif og greinar fræðimanna, fyrri frumvörp sama efnis og samtals hefur allsherjarnefnd haldið 10 fundi um þessi þrjú frumvörp. Sá kostur er valinn að fjalla í einu nefndaráliti um öll frumvörpin, enda eru þau öll flutt af sama tilefni og nátengd hvert öðru.

Í lögum hefur verið rætt um tvenns konar skipan á meðferð sakamála: rannsóknarréttarfar og ákæruréttarfar. Hér á landi hefur rannsóknarréttarfar verið ríkjandi að stofni til, þ. e. dómari hefur átt frumkvæði að rannsókn brotamála, haft rannsóknina í sínum höndum, tekið ákvörðun um málshöfðun og að lokum dæmt sjálfur í málinu. Með lögum um ríkissaksóknara frá 1961 var þó gerð sú breyting að ákæruvaldið var falið saksóknara ríkisins.

Í nútíma réttarríki hefur það ekki þótt til fyrirmyndar að hafa stjórn lögreglu og dómsvalds á einni hendi. Þetta hefur mönnum verið ljóst hér á landi og lengi verið áhugi á að breyta ríkjandi tilhögun og skilja að lögreglustjórn og dómsvald.

Í frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem lagt var fyrir Alþingi 1948, var gert ráð fyrir að sérstakur rannsóknarstjóri skyldi stýra rannsóknarlögreglu. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, og hélst stjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík í höndum sakadómara, eins og kveðið var á í lögum nr. 67/1939.

Með lögum nr. 57/1961 var ákæruvaldið falið saksóknara ríkisins, en þau lög höfðu ekki að geyma nein ákvæði um rannsóknarstjóra.

Hinn 17. apríl 1968 samþykkti Alþingi „að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir lögreglustjóra". Samkvæmt þessari þingsályktun var lagt fram stjórnarfrumvarp á Alþingi 1969—1970 sem gerði ráð fyrir rannsóknarstjóra sem lyti stjórn lögreglustjórans í Reykjavík og stýrði lögreglurannsókn brotamála í Reykjavík. Dómsmálaráðherra gat jafnframt falið rannsóknarstjóra yfirstjórn og framkvæmd sérstakra þátta löggæslu og rannsókna brotamála utan Reykjavíkur ótímabundið eða um stundarsakir.

Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga.

Nú hefur enn verið lagt fram frumvarp um stofnun embættis rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, og er nú horfið frá þeirri stefnu, sem Alþingi markaði með samþykkt þingsályktunartillögunnar 1968, að rannsóknarlögreglan heyrði undir lögreglustjórann í Reykjavík.

Í greinargerð með frumvarpinu segir svo:

„Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, rannsóknarlögreglu ríkisins. Yfirmaður þessarar stofnunar nefnist rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, sem þykir heppilegra orð en rannsóknarstjóri. Ljóst er, að embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verður mjög þýðingarmikið. Er eðlilegt, að það heyri beint undir dómsmálaráðherra, enda þarf rannsóknarlögreglustjóri að hafa jafna aðstöðu gagnvart öllum lögreglustjórum á landinu stöðu sinnar vegna."

Eins og sjá má, þegar þessi atburðarás er rakin, hafa margsinnis verið gerðar tilraunir til að skilja að lögreglustjórn og dómsvald og stíga þar með að nokkru það skref, sem færir okkur nær ákæruréttarfari. Hins vegar hefur ágreiningur um leiðina að því marki valdið því, að frumvörp þar að lútandi hafa ekki náð fram að ganga. Hafa þó verið gerðar tillögur um fleiri en eina leið. Annars vegar hefur verið lagt til að skipa sérstakan rannsóknarstjóra, sem lyti yfirstjórn saksóknara. Hins vegar að breyta um skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyrði undir lögreglustjórann í Reykjavík.

Af fræðigreinum, umsögnum um frumvörp um þessi efni, bæði fyrr og síðar, er ljóst að hér er um viðkvæmt og vandasamt úrlausnarefni að ræða. Flestir geta verið sammála um að ófært er að draga það lengur að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn. Að vísu fela frumvörpin ekki í sér að það spor sé stigið til fulls nú, en með breytingunni um, að yfirsakadómarinn í Reykjavík verði ekki lengur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar, er stærsta og jafnframt veigamesta sporið stigið. Bæði af réttarfarsástæðum og knýjandi þörf á úrbótum varðandi rannsókn brotamála verður Alþingi að leiða þessi frumvörp til lykta á yfirstandandi þingi.

Allsherjarnefnd fellst á það sjónarmið, að ekki sé eðlilegt að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins heyri undir einn tiltekinn lögreglustjóra. Á það ekki síst við ef verksvið rannsóknarlögreglustjóra spannar yfir mörg umdæmi. Frumvarpið um rannsóknarlögreglu ríkisins gerir hins vegar ráð fyrir því, að rannsóknarlögreglustjórinn hafi aðeins með höndum rannsókn brotamála í Reykjavík. Það sjónarmið, sem fram kemur m. a. í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík, er því rökrétt og skiljanlegt, að eðlilegt sé að rannsókn brotamála verði sett undir yfirstjórn viðkomandi lögreglustjóra, eins og lagt er til um önnur lögregluumdæmi, ef starfssvið rannsóknarlögreglunnar skal aðeins ná til Reykjavíkur.

Á það er hins vegar að líta, að skv. 4. gr. frv. skal rannsóknarlögregla ríkisins veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, og ríkissaksóknari getur falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála, hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Þetta ákvæði er mjög veigamikið og verður að ætla, að í raun muni rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsókn allra meiri háttar brotamála sem upp koma, hvar sem er á landinu. Með sérhæfðu starfsliði og tæknibúnaði nýs embættis á sú þróun að verða sjálfsögð. Með hliðsjón af þessu telur allsherjarnefnd eðlilegt, að embætti rannsóknarlögreglustjóra heyri ekki undir neinn tiltekinn lögreglustjóra, og fellst að því leyti á það meginsjónarmið, sem fram kemur í frumvarpinu og greinargerð þess, þar sem gert er ráð fyrir að rannsóknarlögreglustjóri lúti stjórnsýslulegri yfirstjórn dómsmálaráðherra og réttarfarslegri yfirstjórn sakadómara. Þessi skipan mála verður enn augljósari og sjálfsagðari ef þær breytingar verða gerðar á frumvarpinu, sem nefndin leggur til, þess efnis, að rannsóknarlögregla ríkisins annist rannsókn brotamála á öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu og væntanlega í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli.

Engin réttarfarsleg rök mæla með því, að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafi sérstaklega með höndum rannsókn brotamála í Reykjavík einni, sbr. 3. gr. Rannsóknarlögreglan í Reykjavík varð til sem sérstök deild, þegar embætti sakadómara í Reykjavík var stofnað með lögum nr. 67/1939, og átti sér skýringu í verkaskiptingu á lögreglustörfum í höfuðborginni. Byggð í nágrenni Reykjavíkur var þá óveruleg og krafðist ekki neinnar starfsskiptingar hjá embættum viðkomandi yfirvalda.

Nú er hins vegar svo komið, að byggð er mikil og samfelld í Reykjavík og næstu byggðarlögum, þ. e. Mosfellssveit, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðakaupstað og Hafnarfirði. Sýnast engin rök hníga að því, að yfirstjórn rannsóknarmála verði áfram í höndum viðkomandi lögreglustjóra í þessum byggðarlögum, ef og þegar nýtt embætti er stofnað til að hafa rannsókn brotamála með höndum og hefur aðsetur á þessu þéttbýlissvæði.

Er því lagt til af hálfu allsherjarnefndar að 3. gr. frv. verði breytt í samræmi við þetta sjónarmið.

Nefndin telur ekkert því til fyrirstöðu, að starfsvettvangur rannsóknarlögreglunnar, sbr. 3. gr., nái einnig til Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar, en leggur það í vald dómsmálaráðherra hvenær það skuli gert.

Einn nefndarmanna, Svava Jakobsdóttir, er þeirrar skoðunar, að rannsóknarlögregla ríkisins skuli strax frá upphafi hafa rannsóknir í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli með höndum, og mun hún flytja breytingartillögu þess efnis.

Nokkur skoðanamunur er á meðal fræðimanna varðandi orðalag 1. gr. um yfirstjórn rannsóknarlögreglu ríkisins. Nokkrir málsmetandi lögfræðingar og lagadeild Háskóla Íslands telja óeðlilegt að embættið lúti yfirstjórn dómsmálaráðherra. Rannsóknarlögreglan eigi að starfa sjálfstætt án afskipta eða fyrirmæla frá pólitískum ráðherra.

Þetta sjónarmið á sér hljómgrunn meðal sumra nefndarmanna, en af hálfu höfunda frumvarpsins er tekið fram, að þegar sagt er, að rannsóknarlögregla ríkisins lúti yfirstjórn dómsmálaráðherra, þá sé eingöngu átt við hina stjórnsýslulegu hlið málsins. Er það í samræmi við hliðstæð ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála og túlkun á þeim. Með þennan skilning í huga gerir allsherjarnefnd ekki tillögu til breytinga á 1. gr.

Eins og að framan er rakið og fram kemur í 3. gr. frv., skal rannsóknarlögreglustjóri hafa með höndum lögregluranns óknir brotamála, að því leyti sem þær eru ekki í höndum viðkomandi lögreglustjóra, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eða annarra réttarreglna.

Undantekningar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru taldar upp í 6. gr. frumvarpsins. Að undanskildum rannsóknum á umferðarslysum og brotum á umferðarlögum eru þær undantekningar smávægilegar. Í greinargerð með frv. er tekið fram, að „rannsóknarlögreglu sé ætlað að rannsaka meiri háttar afbrot, svo sem brot á hegningarlögum".

Nú má deila um hvað teljist til meiri háttar brota, en það er eindregin skoðun allsherjarnefndar, að þeirri stefnu verði fylgt í framkvæmd, að sú verkaskipting komist á milli viðkomandi lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu, að þeir fyrrnefndu annist minni háttar afbrotamál og þá málaflokka, sem ekki gefa tilefni til ítarlegra rannsókna vegna smæðar þeirra eða einfaldleika.

Þannig er allsherjarnefnd þeirrar skoðunar, að sum brot, er varða hegningarlög, geti talist minni háttar og skuli falin lögreglustjóra til meðferðar.

Nefndin hefði kosið að skýrar væri kveðið á um slíka verkaskiptingu í frumvarpinu. En þar sem erfitt getur reynst að gera á því tæmandi upptalningu eða ákveðna skilgreiningu eru ekki gerðar beinar breytingartillögur við frv. að þessu leyti. Hins vegar er á það bent, að skv. 5. tölulið 6. gr. getur dómsmálaráðherra falið lögreglustjórum í þar til greindum umdæmum að annast aðra málaflokka en þá sem í fyrri töluliðum eru taldir upp. Leggur allsherjarnefnd ríka áherslu á þann skilning sinn og vilja, að rannsóknarlögregla ríkisins geti þegar frá upphafi einbeitt sér að **raunverulegum rannsóknarmálum** og því verði öllum minni háttar brotamálum beint til almennra lögreglustjóra með reglugerð þeirri sem dómsmálaráðherra setur. Þetta er því mikilvægara þar sem augljóst virðist, að ein af helstu orsökum seinagangs í rannsókn og meðferð brotamála sé annríki fámennrar rannsóknarlögreglu vegna hins mikla fjölda minni háttar mála.

Allsherjarnefnd telur æskilegt að lögin taki gildi nú þegar, en þar sem nokkurn aðlögunartíma þarf áður en lögin komast til fullra framkvæmda er miðað við 1. júlí 1977.

Aðrar breytingartillögur nefndarinnar skýra sig að mestu sjálfar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu með þessu nefndaráliti, eftir því sem tilefni gefst til.

Að öðru leyti mælir allsherjarnefnd með samþykkt frumvarpanna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Með nefndarálitinu eru birtar þær umsagnir, sem nefndinni hafa borist.

Alþingi, 30. nóv. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Svava Jakobsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Páll Pétursson.
	Friðjón Þórðarson.	

Fylgiskjal I.

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 1976.

Jafnframt því að vísa til erindis háttvirtrar neðri deildar Alþingis, dags. 9. f.m., þar sem óskað er umsagnar minnar um þrjú frumvörp, frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins, frv. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 1974 og frv. um breytingu á lögum nr. 74 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., skal hér með eftirfarandi tekið fram:

Í greinargerð með tveimur síðarnefndu frumvörpunum er þess getið að nauðsynlegt sé að breyting verði gerð á l. nr. 74 1972 og l. nr. 74 1974 með hliðsjón af frumvarpi til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Samkvæmt l. nr. 74 1972 og l. nr. 74 1974 heyrir stjórn rannsóknarlögreglu og meðferð opinberra mála í Reykjavík undir sakadómaraembættið en lögreglustjórinn í Reykjavík fer með aðra lögreglustjórn.

Með frumvarpinu um rannsóknarlögreglu ríkisins er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á skipan rannsóknar sakamála í landinu, m. a. að komið verði á fót nýrri stofnun, rannsóknarlöreglu ríkisins, sem hafi aðsetur í Reykjavík og fái sérstakan yfirmann sem nefnist rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Lögregluranns6kn í sakamálum verði með þessu færð frá sakadómaraembættinu til sérstaks embættis sem hafi með höndum lögregluranns6kn í sakamálum í Reykjavík að því leyti sem hún er ekki í höndum lögreglustjóra þar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eða annarra réttarreglna.

Samkvæmt frumvarpinu skal rannsóknarlögregla ríkisins veita lögreglustjórum og sakadómurum hvar sem er í landinu aðstoð við rannsókn brotamála þegar þeir óska. Einnig getur ríkissaksóknari falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er í landinu þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn mála utan Reykjavíkur, en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari skal skera úr ágreiningi sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögregluranns6kn.

Helstu breytingar að því er varðar rannsókn sakamála hér í Reykjavík yrðu þær að stjórn rannsóknarlögreglu færðist úr höndum yfirsakadómara til rannsóknarlögreglustjóra auk þess sem tiltekin minni háttar rannsóknarverkefni yrðu falin lögreglustjóranum í Reykjavík.

Embætti lögreglustjóra í Reykjavík var með lögum nr. 67 1939 skipt í lögreglustjóraembætti og sakadómaraembætti. Þar með fluttist rannsóknarvald í opinberum málum í hendur sakadómara sem jafnframt var falin stjórn rannsóknarlögreglu. Allar götur síðan, eða í rúmlega 35 ár, hefur almenn lögreglustjórn og stjórn rannsóknarlögreglu verið aðskilin hér í Reykjavík. Á þessu tímabili hafa komið fram frumvörp á Alþingi til breytingar á lögreglustjórn í Reykjavík, m. a. um það að stofnað yrði sérstakt embætti rannsóknarstjóra sem stýra skyldi rannsóknum í Reykjavík og fara þar með stjórn rannsóknarlögreglu, en einnig stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar í landinu þegar ríkissaksóknari teldi þess þörf. Einnig hefur komið fram frumvarp um það að lögreglustjóranum í Reykjavík yrði falin stjórn bæði hinnar almennu lögreglu og rannsóknarlögreglu. Sem kunnugt er hafa frumvörp um þessi efni ekki náð fram að ganga.

Þegar virt er, hvaða sjónarmið þarf að hafa í huga varðandi skipan lögregluranns6knar í landinu, verður fyrst fyrir að athuga hvort rétt þyki að stefna að því að skilja að dómsvald í opinberum málum og lögregluranns6kn, í öðru lagi hvort rétt þyki að sameina að einhverju eða öllu leyti stjórn rannsóknarlögreglu

í landinu undir eina stjórn og í þriðja lagi hvort heppilegt þyki að almenn lögreglustjórn í Reykjavík og stjórn rannsóknarlögreglu sé aðskilin.

Ég tel tvímælalaust rétt að stefna að því að skilja að dómsvald og lögreglustjórn í landinu. Er það í samræmi við það sem annars staðar tíðkast um verkaskiptingu dómstóla og rannsóknarvalds og í besta samræmi við þrískiptingu valdsins sem stjórnarskrá Íslands byggir á. Sú spurning vaknar þegar fyrir liggja tillögur til breytinga á skipulagi lögreglunnar hvort ekki væri um leið rétt að kanna leiðir til skjótrar úrlausnar mála fyrir dómstólum án þess þó að til kæmi skerðing á réttaröryggginu. Er þá átt við ýmsa flokka minni háttar sakamála sem lokið er með dómsátt eða dómi.

Nauðsynlegt er að lögreglustjórar eigi þess kost, ef þeir óska, að fá aðstoð við rannsókn meiri háttar sakamála, einkum þegar þörf er sérfræðilegrar rannsóknar eða tæknilegrar úrlausnar. Einnig þarf að koma á sérstakri skipan rannsóknar í málum sem spanna yfir fleiri en eitt lögsagnarumdæmi.

Æskilegt er að fleiri valkostir verði teknir til athugunar en sá sem frumvarpið um rannsóknarlögreglu ríkisins gerir ráð fyrir. Hugsanlega er hagkvæmara að stofna sérstaka deild rannsóknarmanna við embætti ríkissaksóknara og yrðu þeir lögreglustjórum til aðstoðar við rannsókn mála samkvæmt beiðni lögreglustjóranna eða að fyrirlagi ríkissaksóknara. Tæknideild mætti koma fyrir hjá lögreglunni í Reykjavík, en hún veitti rannsóknardeildinni og lögreglustjórum landsins aðstoð eftir þörfum. Einnig væri hugsanleg sú leið að lögreglan í Reykjavík og á Akureyri hefði á að skipa sérhæfðum rannsóknarlögreglumönnum sem auk þess að sinna staðarlegri rannsókn sakamála veittu lögreglustjórum í öðrum umdæmum aðstoð við rannsókn mála eftir þeirra ósk eða að fyrirlagi ríkissaksóknara. Enda þótt forstöðumenn rannsóknardeilda þurfi að vera sjálfstæðir, forsetaskipaðir og vel launaðir embættismenn má ætla að til verulegs sparnaðar geti orðið að tengja deildirnar embættum sem fyrir eru, fremur en að stofna nýtt embætti sem óhjákvæmilega hefði mikinn aukakostnað í för með sér.

Hvað snertir rannsókn sakamála í Reykjavík er það einróma álit mitt og annarra yfirmanna hér við embættið að vinna beri að þeim af samhæfðu, vel þjálfuðu lögregluliði sem hafi sérþekkingu á hinum ýmsu rannsóknarþáttum, ráði yfir fullkominni tæknideild og starfi í húsakynnum sem henta lögreglu og eru nú þegar tilbúin til notkunar.

Þessu teljum við best náð með því að lögreglan í Reykjavík lúti öll sömu yfirstjórn og verði skipulögð sem ein heild. Leiðir það tvímælalaust til aukinnar hagræðingar, sparnaðar og stuðlar að fljótari afgreiðslu mála. Er þessi skoðun og í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, en þar er með öllu óþekkt að lögreglustjóri umdæmis fari ekki með yfirstjórn rannsóknarlögreglu sem og annarra lögregludeilda.

Lögregluranns6kn sakamála í Reykjavík má í ýmsu bæta. Allt of fáir lögfræðingar og sérmenntaðir lögreglumenn vinna þar að rannsókn mála og þess er ekki gætt nægilega vel að greina mál, sem minni rannsókn þurfa, frá flóknari málum. Meiri hluti sakamála í Reykjavík þarf hvorki tímafreka né viðamikla lögregluranns6kn, en meðferð þeirra tefur oft rannsókn umfangsmeiri og alvarlegri brota. Rannsókn meiri háttar mála verður raunar stundum einnig til þess að rannsókn minni mála situr á hakanum.

Það er því nauðsynlegt að kanna leiðir til úrbóta varðandi lögregluranns6kn í borginni, og eru ýmis atriði sem kanna þarf þegar skipulag lögreglunnar er tekið til endurskoðunar. Skal vikið að nokkrum þessara atriða.

Nauðsyn á samhæfðri lögreglu.

Löggæsluverkefni í Reykjavík sem annars staðar verða sífellt fjölþættari og flóknari. Er þörf á sérhæfingu og verkaskiptingu í störfum lögreglu meiri en áður, en hver og einn lögreglumaður verður að hafa fengið sem besta alhliða þjálfun

í lögreglustörfum þótt ekki verði hjá því komist að ákveðnum mönnum séu falin sérstök verkefni sökum hæfni og sérþekkingar. Réttur maður verður að sinna störfum á réttum stað og tíma. Við upphaf rannsóknar þarf, eftir því sem unnt er, að meta hvort lögregluþjónn, sem að rannsókn vinnur, er fullfær um það á eigin spýtur og eftir atvikum að ljúka rannsókn eða hvort kveðja þarf til sérhæfðan rannsóknarmann sem taki við rannsókninni eða stjórni henni. Þurfi mjög aukinn mannafla verður hann að vera fyrir hendi.

Verkaskiptingu verður þeim mun betur við komið sem lögregluliðið er fjölmennara. Í landinu eru nú um 450 lögreglumenn, þar af í Reykjavík 250 (218 í almennu lögreglunni og 32 í rannsóknarlögreglunni). Vegna fámennis lögregluliða utan Reykjavíkur verður ekki komið við skipulagðri verkaskiptingu nema að litlu leyti þar. Öðru máli gegnir hjá lögreglunni í Reykjavík. Þar er lögreglunni skipt í deildir, almenna deild, umferðardeild, slysarannsóknardeild, rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum o. s. frv. Almenna deildin og slysarannsóknardeildin starfa allan sólarhringinn, svo og fjarskiptastöð og fangageymsla.

Því aðeins má vænta góðs árangurs af starfi lögreglu að náið samstarf sé ávallt á milli allra deilda hennar og fullkomin samræming í starfsemi þeirra. Ef samræmingu skortir getur t. d. komið fyrir að tvær deildir vinni að sama verkefni án þess að önnur viti um störf hinnar eða einhver vitneskja sé fyrir hendi hjá einni deild sem önnur þarf mjög á að halda, en veit ekki að fyrir hendi er. Nauðsyn á nánu samstarfi allra lögregludeilda er því mjög rík. Er mikils vert að geta teflt fram sameinuðu lögregluliði allra deilda þegar vinna þarf að löggæsluverkefnum sem mikils mannafla krefjast og ekki þola bið, t. d. í meiri háttar afbrotamálum. Góð samvinna lögregludeilda, sem best verður tryggð með sameiginlegri yfirstjórn, gæti ráðið úrslitum um lausn slíkra mála. Stjórnendur nútíma lögreglu vinna hvarvetna að samræmdum lögregluaðgerðum á skipulagsbundinn hátt, og er lögð megináhersla á nauðsyn þess að allir starfskraftar lögreglunnar séu sem best samhæfðir og nýttir til þess að sinna því hlutverki sem lögreglunni er ætlað í lögum.

Í grannlöndum okkar sem annars staðar er mikil áhersla lögð á gott samstarf lögregludeilda og samræmingu á störfum þeirra. Til þess að auðvelda skipulagningu og tryggja samræmingu eru allar lögregludeildir í sama umdæmi látnar lúta yfirstjórn lögreglustjóra, svo sem er hér á land utan Reykjavíkur og var þar einnig til 1. janúar 1940 þegar embætti sakadómara var stofnað og ein deild lögreglunnar færð undir stjórn þess, svo sem áður er að vikið. Hefur reynslan leitt í ljós ýmsa agnúa á því fyrirkomulagi og erfiðleika í framkvæmd þrátt fyrir góðan samstarfsvilja allra aðila. Verða raunar ekki séð nein rök til þess að skipulag lögreglunnar í Reykjavík sé með öðrum hætti en í öðrum lögsagnarumdæmum landsins.

Löggæsla í Reykjavík hefur að vísu sérstöðu varðandi önnur lögsagnarumdæmi vegna fjölda íbúa, nágrennis við fjölmenn sveitarfélög og þeirra umsvifa sem í höfuðborginni eru vegna landsins alls. Á undanförnum árum hafa löggæsluverkefni farið ört vaxandi og sú þróun mun halda áfram með hækkandi íbúatölu og auknu og margbreyttara athafnalífi. Ný viðfangsefni á sviði löggæslu munu koma fram til viðbótar þeim sem fyrir eru og verður að sjálfsögðu ekki komist hjá því að fjölga starfsliði lögreglunnar á komandi árum. Þetta þýðir þó ekki að löggæsla í Reykjavík sé svo umfangsmikil að koma þurfi á fót nýrri stofnun til þess að annast staðarlega löggæslu og rannsókn sakamála í borginni við hlið embættis sem fyrir er.

Almenn löggæsla og rannsókn sakamála.

Þó svo hafi verið undanfarin ár sem lög mæla fyrir um, að rannsóknarlögreglan undir stjórn sakadómara hafi annast lögregluarannsókn í opinberum málum, hefur það einnig komið í hlut annarra lögreglumanna í borginni að vinna að uppljóstran brota. Upphaf rannsókna í sakamálum ber að með ýmsum hætti. Almennu lögreglunni berast kærur á öllum tímum sólarhrings, skriflega, símleiðis eða þá að menn koma á lögreglustöð. Tilkynnt er um margvísleg brot, þjófnaði, innbrot, of-

beldisverk o. s. frv., lögreglan er kvödd til aðstoðar eða lögreglumenn verða vitni að refsiverðri háttsemi á eftirlitsferðum sínum. Hin almenna lögregla hefur því rannsókn fjölda mála með því að koma fyrst á vettvang, handtaka brotamenn og gera aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar og heppilegar í þágu rannsóknar málsins. Rannsóknarlögreglumenn taka við rannsókninni og ber almennu lögreglunni reyndar skylda til að kveðja þá strax til starfa í meiri háttar málum. Rannsóknarlögreglunni berast einnig kærur og upplýsingar úr ýmsum áttum um sakamál sem tekin eru til rannsóknar.

Nú eru málavextir oft þannig í minni háttar málum, ekki síst þegar rannsókn hefst að næturlagi, að ekki þykir bráðnauðsynlegt að kalla til rannsóknarlögreglu, heldur er látið nægja að gera skýrslu um málið, leggja hald á sönnunargögn og gera aðrar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar og heppilegar í þágu rannsóknar daginn eftir. Er þá undir hælinn lagt, svo sem eðlilegt er, hvort rannsóknarlögreglumaður sá, sem falin er rannsókn málsins, hefur ekki öðrum störfum að sinna þannig að málið bíði rannsóknar enn um sinn. Rannsókn málsins hefur verið slitin sundur, tími farið til spillis, upplýsingar um málið glatast. Þetta fyrirkomulag hefur oft torveldað rannsókn mála. Það væri hagkvæmara að haga rannsókn málsins frá upphafi eftir því sem tilefni er til. Lögregluþjónn, sem hefur rannsókn, getur þá annaðhvort lokið henni eða aðrir rannsóknarmenn komið til.

Ljóst er af framansögðu að bæði almenna lögreglan og rannsóknarlögreglan í Reykjavík hefja frumrannsókn í sakamálum í borginni. Verður ekki séð að breyting verði hér á þótt stjórn rannsóknarlögreglunnar verði falin sérstökum rannsóknarlögreglustjóra, enda segir í frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála að rannsóknarlögregla ríkisins annist frumrannsókn brota í Reykjavík að því leyti sem slík rannsókn er ekki falin lögreglustjóranum í Reykjavík með lögum og reglugerðum.

Sem dæmi um hagræðingu í rannsóknarháttum má nefna starfsemi slysarannsóknardeildar lögreglunnar. Þar til á þessu ári var lögregluarannsókn í umferðarslysamálum hagað þannig að lögreglan í Reykjavík gerði frumskýrslur um umferðarslys og árekstra, þ. e. fór á vettvang, hafði tal af ökumönnum og vitnum og gerði vettvangsuppdrátt. Skýrsla og vettvangsuppdráttur voru síðan send sakadómi til meðferðar og kvaddi rannsóknarlögreglan ökumenn og vitni til yfirheyrslu og tók af þeim skýrslur. Ef slys urðu á fólki komu jafnframt á staðinn tveir rannsóknarlögreglumenn, annar tæknimaður sem tók ljósmyndir, en hinn gerði ýmsar athuganir á staðnum og tók við rannsókn málsins.

Frá því í byrjun þessa árs hefur lögreglan í Reykjavík annast alla umferðarslysarannsókn í Reykjavík og hafði reyndar á síðasta ári tekið að mestu við rannsókn þessara mála. Áður starfaði slysarannsóknardeild lögreglunnar hálfan sólarhringinn, en eftir þessa breytingu allan sólarhringinn. Deildin hefur á að skipa sérþjálfuðum rannsóknarmönnum, en einnig starfa þar lögreglumenn úr öðrum deildum tiltekinn tíma í senn til aðstoðar og til þess að fá þjálfun í slysarannsóknum. Með þessum breytingum á rannsóknarháttum í umferðarslysamálum hefur margt unnist. Rannsókn mála tekur mun skemmri tíma og krefst minni vinnu en áður.

Hvert mál er rannsakað strax eftir því sem þörf er á og náin tengsl eru milli allra þátta rannsóknarinnar þar sem þeir lögregluþjónar, sem vinna að síðari þáttum rannsóknar, starfa við hlið þeirra, sem vinna að frumrannsókninni, og geta fengið hjá þeim upplýsingar og bent á atriði sem betur máttu fara í frumrannsókninni. Hefur breyting á starfsemi slysarannsóknardeildar m. a. haft í för með sér að í 60% tilvika lýkur rannsókn nú með frumskýrslu og vettvangsuppdrætti án þess að ökumenn séu boðaðir síðar. Áður voru ökumenn ætíð boðaðir til rannsóknarlögreglu vegna framhaldsrannsóknar málsins sem í nær öllum tilvikum fólst aðeins í því að láta þá staðfesta framburð sinn í frumskýrslu. Með þessu breytta skipulagi má reikna með að árlega þurfi um 4200 ökumenn ekki lengur að mæta til yfirheyrslu. (Er þá reiknað með 3500 umferðarslysamálum á ári, báðir ökumenn komi til yfirheyrslu, en í 60% mála þurfi ekki að yfirheyra).

Starfsþjálfun lögreglumanna.

Það verður að telja að almenna lögreglan sé heppilegri starfsvettvangur fyrir nýliða í lögreglunni en rannsóknarlögreglan. Nauðsynlegt er fyrir þá, sem hefja lögreglustörf, að fá sem fjölbreyttasta starfsþjálfun á hinum ýmsu sviðum löggæslunnar, en sá háttur hefur verið hafður á í Reykjavíkurlögreglunni að færa nýliða milli deilda til þess að þeir fái alhliða starfsreynslu. Auk þess sem flutningur milli starfsdeilda er þannig liður í þjálfun lögreglumanna fá þeir með þessu tilbreytingu og góða yfirsýn yfir störf sín. Gerir það starfið meira lifandi og eftirsóknarverðara og veitir lögreglunni betri möguleika á að halda góðum starfskröftum en ella. Alhliða þjálfun lögreglumanna er nauðsynleg til þess að gera þá færa um að sinna starfsskyldum sínum. Lögreglumaður, sem gegnir störfum við eftirlit á götum borgarinnar, er mun hæfari til þess að bregðast rétt við, t. d. við frumrannsókn á innbrotsstað, ef hann hefur áður fengið starfsþjálfun í þeim rannsóknarþáttum sem vinna þarf að á síðara stigi lögregluarannsóknar. Erfiðara er að haga þjálfun lögreglumanna með þessum hætti ef skipting lögreglunnar er eins og nú í Reykjavík og gert er ráð fyrir að áfram verði í frumvarpinu um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Starfsaðstaða lögreglunnar og húsakynni.

Aðallögreglustöðin við Hverfisgötu er byggð með þarfir lögreglu í huga. Þar eru næg húsakynni fyrir mun umfangsmeiri starfsemi en nú er, m. a. húsnæði sem sérstaklega er skipulagt fyrir rannsóknarlögreglu. Í lögreglustöðinni er fullkomin fjarskiptastöð og vel búin fangageymsla sem ætluð er til gæslu manna um stundasakir. Hverfisstöðvar eru í miðborginni og í Árbæjarhverfi og hafinn er undirbúningur að byggingu þriðju stöðvarinnar sem verður í Breiðholtshverfi.

Hér að framan hefur verið drepið á nokkur atriði sem hafa þarf í huga við endurskoðun á skipulagi lögreglunnar. Mörg atriði eru ónefnd, en hér verður látið staðar numið.

Á það skal lögð áhersla að ég tel rétt að stíga það spor sem frv. um rannsóknarlögreglu gerir ráð fyrir í þá átt að aðskilja lögreglustjórn og dómsvald. Einnig er nauðsynlegt að sjá betur en nú er gert fyrir rannsókn meiri háttar sakamála og mála sem spanna yfir fleiri en eitt lögsagnarumdæmi. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt að starfskröftum hinnar fámennu íslensku lögreglu verði ekki sundrað, heldur þvert á móti nýttir til hins ýtrasta í samhæfðu löggæslustarfi.

Sigurjón Sigurðsson.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

RÍKISSAKSÓKNARI

Reykjavík, 31. mars 1976.

Með bréfi 9. þ. m. hefur heiðruð allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis óskað eftir umsögn minni um frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins og frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 74 1972 og lögum nr. 74 1974, sem lögð hafa verið fram á yfirstandandi þingi (172.—174. mál).

Af því tilefni leyfi ég mér að taka fram eftirfarandi:

I.

Alllangt er síðan sérhæfð starfsskipting hófst innan lögreglunnar í Reykjavík. Árið 1938 var mynduð þar deild lögreglumanna, sem vinna skyldi sérstaklega að upplýstrun og rannsókn afbrota. Var deildin nefnd rannsóknarlögregla. Verkefni hennar hafa síðan aukist jafnt og þétt með stækkun borgarinnar og fjölgun íbúanna. Jafnframt hefur verið leitast við að efla rannsóknarlögregluna í því skyni að gera henni kleift að takast á við síaukin verkefni og erfiðari viðfangsefni. Þá hafa valdsmenn utan Reykjavíkur leitað í sívaxandi mæli aðstoðar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík við rannsókn afbrota, ekki síst í tæknilegum efnum. Þegar svo öll lögregla í landinu komst undir beina yfirstjórn ríkisins með lögum nr. 56 1972, um lögreglumenn, var fyrirsjáanlegt að starfsvettvangur rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík mundi í enn ríkara mæli en áður verða landið allt. Fyrrgreint frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins lögfestir þá skipan mála.

Ég er sannfærður um að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni efla eftirgrennslan, upplýstrun og rannsókn afbrota í landinu, ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. Ég mæli eindregið með samþykkt frumvarpsins.

II.

A. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála, eru gerðar breytingar á réttarfari í opinberum málum. Í greinargerð frumvarpsins segir að þar „er gert ráð fyrir þeim breytingum, sem telja má óhjákvæmilega afleiðingu af lögfestingu frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, ef af verður, svo og nokkrum smávægilegum breytingum, sem rétt þótti að taka með, þó að ekki megi telja þær beint óhjákvæmilegar". Þetta er rangt.

Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að lögreglan fari með frumrannsókn opinberra mála og í 1. mgr. 11. gr. að telji ríkissaksóknari að lokinni frumrannsókn ekki fært að taka ákvörðun um það, hvort höfða skuli opinbert mál eða ekki, eða hvernig máli skuli ljúka, geti hann beiðst rannsóknar fyrir dómi, til þess að nauðsynleg atriði verði í ljós leidd í þessu skyni. Í beiðni um dómsrannsókn skuli greina: 1. Nafn og heimili sökunautar og önnur deili á honum. 2. Það eða þau brot, sem honum eru gefin að sök og rannsókninni er ætlað að beinast að. 3. Skrá um þau gögn, sem ætlast er til, að fram verði færð við rannsóknina.

Þessar breytingartillögur við gildandi réttarfarsreglur eru hvorki „óhjákvæmileg afleiðing" af stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins né „smávægilegar breytingar" á lögum um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessum tillögum verður óheimilt að hefja frumrannsókn opinbers máls í sakadómi Reykjavíkur, sbr. hins vegar heimildarákvæði í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins um lögreglustjóra, sem jafnframt er sakadómari, utan Reykjavíkur.

Margar ástæður geta verið til þess að rétt sé að frumrannsókn opinbers máls fari fram í sakadómi og nefni ég eftirfarandi:

1. Sakarefni getur verið þannig, að þjóðfélagshagsmunir eða almannahagsmunir krefjist dómsrannsóknar þegar í upphafi.
2. Sakarefni getur verið svo sérstakt eða sérhæft að eðlilegt sé, að öll rannsókn fari fram í dómi.
3. Sakarefni getur verið svo margþætt og flókið að eðlilegt sé, að fjölskipaður dómur — löglærður dómari og tveir sérfróðir menn — fari þegar frá upphafi með rannsókn máls.
4. Sakarefni getur verið fólgið í háttsemi lögreglumanna og rannsóknar.
5. Sakarefni og atvik sakar geta verið þau, að telja megi líklegt að frumrannsókn í sakadómi verði áhrifameiri og árangursríkari en lögregluannsókn. Hér verður að hafa í huga heimild dóms til heitfestingar vitna og hin þungu viðurlög við röngum framburði vitna fyrir dómi.

Þörfin á því að frumrannsókn opinbers máls fari fram fyrir sakadómi getur því sannarlega verið fyrir hendi þó að eigi sé unnt þegar í upphafi að nafngreina sökunaut, skýrgreina brot hans og gera skrá um öll rannsóknargögn málsins.

Samkvæmt framansögðu tel ég að breyta þurfi 4. og 11. gr. — og ef til vill einnig 10. gr. — frumvarpsins á þann veg, að frumrannsókn opinbers máls geti fram farið í sakadómi þegar sérstaklega stendur á.

B. Í 17. gr. frumvarpsins um breyting á lögum nr. 74 1974 er lagt til að í ákæru skuli greina „dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir".

Ákvæði þetta bindur málsmeðferð og dómsuppsögn við ákveðið umdæmi. Breytingar á búsetu og dvalarstað fólks eru mjög algengar hér á landi vegna árstíðabundinna atvinnuhátta, skólabygginga og sjúkrahúsa á fáeinum tilteknum stöðum á landinu og margra annarra ástæðna vegna. Það gæti því oft leitt til verulegs og óþarfs dráttar á máli að greina í ákæru einn tiltekinn sakadómstól, sem mál væri höfðað fyrir.

Af þessum ástæðum er ég mótfallinn því að tiltekinn dómstóll verði greindur í ákæru. Nægja ætti að ríkissaksóknari sendi ákæruna með sérstöku bréfi tilteknum dómstóli til meðferðar eins og verið hefur hingað til.

Aðrar breytingartillögur við fyrrgreind þrjú lagafrumvörp hef ég eigi uppi í umsögn þessari.

Með virðingu

Þórður Björnsson.

Til
allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 30. mars 1976.

Í tilefni af bréfi heiðraðrar allsherjarnefndar, dags. 9. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um þrjú frumvörp til laga um breytingar á réttarfarslöggjöfinni (172.—174. mál), vil ég taka þetta fram:

I. **Inngangur.** Íslensk dómstóla- og réttarfarsskipun er orðin mjög úrelt. Þær stórbreytingar, sem orðið hafa í þessum efnum í öðrum löndum á síðastliðinni öld, hafa að verulegu leyti farið fram hjá okkur. Enn þá helst sú skipun, að dómsvald í opinberum málum og stjórn lögreglu er á sömu höndum og að dómarar skuli að eigin frumkvæði byrja rannsókn út af afbrotum hvenær sem þeim þykir ástæða til. Enda þótt sérstakur opinber ákærandi hafi verið skipaður, er ákæruvaldið þannig enn þá að ýmsu leyti í höndum dómara.

Telja verður óhikað, að stefna eigi að þeirri breytingu, að dómsvaldið verði í höndum dómstóla, sem ekki hafi neins konar lögreglustjórn með höndum og eigi ekki frumkvæði að rannsókn brota. Í því sambandi kemur til greina að taka umdæmaskiptingu landsins til gagngerðrar endurskoðunar, þannig að landinu verði skipt í nokkur lögdæmi (auðvitað miklu færri en núverandi lögsagnarumdæmi) með einum héraðsdómi í hverju. Einnig hefur komið fram sú hugmynd að stofna miðdómstig (lögréttur) sem einnig fari með meiri háttar mál á fyrsta dómstigi, en smærri mál verði áfram í höndum sýslumanna og bæjarfógeta.

Grundvallarbreytingar af þessu tagi eru mjög vandgerðar og þarfnast mikils og sennilega langvarandi undirbúnings. Þær mundu ef til vill tengjast endurskoðun

á umdæmaskiptingu landsins að því er varðar stjórnsýslu. Kostnaður af þess konar breytingum mundi óhjákvæmilega verða mikill. Kemur til greina, hvort ekki sé hægt að nálgast nútímalega réttarfarsskipun í áföngum. Þær lagabreytingar, sem hér er um að ræða, eru einmitt drjúgt spor í þá átt.

II. **Aths. um hvert frv. um sig.**

a) Frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála (173. mál). Þetta frv. geymir raunverulega aðalatriði breytingar þeirrar, sem að er stefnt, þótt kallað sé fylgifrumvarp. Í því er lagt til, að niður falli núgildandi ákvæði 73. gr. um frumkvæðisskyldu dómara að rannsókn mála, en í stað þess mælt fyrir um skyldu lögreglustjóra að þessu leyti (4. gr. frv.). Hér er undirstaðan lögð að öðrum breytingum, þar á meðal stofnun sjálfstæðrar rannsóknarlögreglu.

Við samanburð á frv. og l. 74/1974 virðist sem gert sé ráð fyrir hinum helstu lagfæringum á ákvæðum laganna, sem nauðsynlegar eru vegna meginbreytinganna. Hitt er þó ljóst, að lögin hafa ekki verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar og endursamin frá grunni. Segja má að full ástæða sé til þess, en hins vegar ekki víst hvort það er að öllu leyti tímabært nú. Án efa munu við framkvæmd laganna, ef til kemur, koma í ljós margs konar vandamál og vafaatriði. Þess er að vænta, að mörg þessara vafaatriða megi leysa í framkvæmd, en ekki er þó ólíklegt, að nauðsynlegt verði að taka lögin til nýrrar endurskoðunar með hliðsjón af fenginni reynslu eftir svo sem tvö ár.

Af atriðum frumvarpsins, sem orka kunna tvímælis, má nefna ákvæði 8. gr. (um breyt. á 40. gr. l. 74/1974), en þar er lögreglustjórum fengið eins konar saksóknarvald. Ákvæði þessi eru ekki alls kostar skýr. Reynir hér á hvernig til tekst um framkvæmd ákvæðisins, og þykir mér ekki ástæða til þess nú að óska eftir breytingartillögu um þetta efni.

Vafamál kunna að koma í ljós í sambandi við sakarkostnað. Framvegis hlýtur rannsóknarlögregla að leggja út margs konar kostnað við rannsókn máls, en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að dómari leggi út allan kostnað sem af rannsókn og rekstri máls leiðir. Þessi vandamál ætti að vera hægt að leysa í framkvæmd án þess að breyta þurfi ákvæðum XVI. kafla.

Segja má, að æskilegt hefði verið í sambandi við þessa lagabreytingu að nota tækifærið til að lagfæra nokkur ákvæði laganna, sem þó ekki standa í sambandi við meginatriði frumvarpanna, þ. e. aðskilnað rannsóknarvalds og dómsvalds. Einkum hefði ég talið æskilegt að setja skýrari reglur um það, hvenær mál megi dæma, þótt sökunautur komi ekki fyrir dóm, þ. e. um efni þau sem um ræðir nú í 113., 127. og 129. gr. laganna. Þá má nefna 12. tl. 2. gr. laganna, og enn fremur ákvæði þeirra um umboðsdómara (2. mgr. 5. gr.). En ekki er ástæða til þess, úr því sem komið er, að athugun á þessum efnum verði til þess að tefja framgang frv., sem eins og áður segir fjalla að meginefni um önnur atriði.

b) Frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins (172. mál). Með frumvarpi þessu er lagt til að rannsóknarvald og dómsvald verði að miklu leyti aðskilið í framkvæmd, svo sem undirbúið er í 4. gr., sbr. 10. gr. frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála. Í meiri háttar málum verður það þannig önnur stofnun, sem sér um rannsókn málsins, en sú sem leggur dóm á málið. Í minni háttar málum er þessum aðskilnaði einnig komið á í Reykjavík, þar sem lögreglustjóri annast rannsókn þeirra, en sakadómur dæmir. Utan Reykjavíkur verða rannsókn þessara mála og dómsmeðferð þeirra hins vegar enn um sinn í höndum sömu stofnana, þ. e. sýslumanna og bæjarfógeta.

Frv. miðar að mjög stórfelldri og tímabærri nýskipun. Það er öllum kunnugt, sem að málefnum þessum vinna, hve algengt er að rannsókn tefjist og verði fyrir spjöllum við sendingar fram og aftur milli umdæma. Skv. frv. mundi rannsóknarlögregla ríkisins fara með rannsókn án þess að vera bundin við nein umdæmamörk. Þetta mundi sérstaklega skipta máli hér á þéttbýlissvæðum Suðvesturlands (Reykjavík og nágrannahéruðum), en afbrotafjöldi er mestur á þessu

svæði. Tel ég öruggt að nýskipan sú, sem lögð er til, mundi leiða til skipulegri, samræmdari og virkari rannsóknar brotamála en nú er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera neinar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Hér á það við sem sagt var í sambandi við a) hér að framan, að sjálfsagt koma upp einhver vafaatriði í sambandi við framkvæmd laganna, en ég kem ekki auga á nein atriði, sem sérstök ástæða sé til að gera athugasemdir við.

c) Frv. til l. um breyt. á l. 74/1972 (174. mál). Hér eru lagðar til breytingar, sem leiðir af áðurgreindum frv. Er ekki ástæða til athugasemda um önnur atriði en það, að framkvæmd refsidóma er falin lögreglustjóra. Þessi skipun kann að vera eðlileg, en þó öldungis óhjákvæmilegt að refsivist verði framkvæmd í í nánum tengslum við starf rannsóknarlögreglu. Ef til vill má skipa málefnum þessum í framkvæmd þannig að vel takist.

Í frv. virðist mér vanta gildistökuákvæði í samræmi við gildistökuákvæði hinna frv.

III. **Niðurstöður.** Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ég eindregið fylgjandi því, að frumvörpin nái fram að ganga, og tel ekki fyrir mitt leyti nauðsynlegt, að þeim verði breytt í meðförum Alþingis, sbr. þó II. c. hér að ofan.

Ef frv. ná fram að ganga á þessu þingi má telja að hæfilegur tími sé til stefnu að undirbúa breytingarnar, miðað við að lögin taki gildi um næstu áramót.

Halldór Þorbjörnsson.

Allsherjarnefnd
neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

FÉLAG RANNSÓKNARLÖGREGLUMANNA Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 29.03.76

Allsherjarnefnd
neðri deildar Alþingis
c/o hr. form. Ellert B. Schram
Reykjavík.

Félagi rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík hefur borist bréf allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, þar sem beiðst er umsagnar félagsins um þrjú frumvörp, sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Það eru:

1. Frumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins, mál nr. 172
2. Frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, mál nr. 173.
3. Frumvarp um breytingu á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., mál nr. 174.

Málið var rætt á fundi félagsins 23. mars s. l. Þar voru ekki gerðar ályktanir, en formanni félagsins ásamt nefnd félagsmanna falið að svara bréfi allsherjarnefndar með hliðsjón af þeim skoðunum, sem fram komu á umræddum fundi.

Í fyrstu skal tekið fram, að hér er um að ræða mál, sem að sjálfsögðu skiptir rannsóknarlögreglumenn í Reykjavík mjög miklu, þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin, sem þeir vinna við, verði lögð niður og starfsliðinu, sem nú er 31 maður, verði skipt milli þriggja stofnana, rannsóknarlögreglu ríkisins, lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og sakadóms Reykjavíkur.

Það kom greinilega fram á fundinum, að rannsóknarlögreglumenn leggja mikla áherslu á, að þeir fái sjálfir að ráða nokkru um við hverja af þessum þrem stofnunum þeir starfa í framtíðinni.

Fundarmenn töldu rétt, að upphaf 4. gr. í frumvarpi um rannsóknarlögreglu ríkisins verði þannig:**Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum hvar sem er á landinu aðstoð við rannsókn brotamála þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt.**

Mat lögreglustjóra og sakadómara á því, hvenær þeir þurfi á aðstoð að halda frá rannsóknarlögreglu ríkisins, mun áreiðanlega verða mjög mismunandi og varla ástæða til að þeir geti fengið aðstoð vegna rannsóknar hvaða smáafbrots sem er.

Rannsóknarlögreglumenn telja, að miklu skipti hvernig reglur þær verða, sem skv. 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji um nánari framkvæmd þessara laga, og leggja áherslu á, að félag rannsóknarlögreglumanna fái að fylgjast með samningu þeirra og koma á framfæri sínum sjónarmiðum.

Að öllu athuguðu telur félagið, að með lagasetningu þeirri, sem hér um ræðir, sé stigið spor í rétta átt og fagnar þeirri eflingu og sérhæfingu rannsóknarlögreglunnar, sem stefnt er að.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags rannsóknarlögreglumanna í Rvík

Helgi Daníelsson, form.

Fylgiskjal V.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík, 22. apríl 1976.

Sem svar við bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, dagsettu 9. mars s. l., þar sem óskað er umsagnar um hjálögð frumvörp, sem merkt eru sem 172., 173. og 174. mál, vill stjórn Landssambands lögreglumanna taka eftirfarandi fram:

Stjórn LL telur ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um tvö síðarnefndu frumvörpin, þar sem hún lítur á þau sem beina afleiðingu af frumvarpinu til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins. Stjórn LL telur að með þeirri skiptingu löggæslu, sem finna má í dag, skorti á nægjanlegt samstarf milli almennrar löggæslu og rannsóknarlögreglu. Teljum við áframhaldandi skiptingu lögreglu í tvo aðskilda starfshópa, hvorn undir sinni yfirstjórn, síst til þess fallna að auka samstarfið innan löggæslunnar.

Stjórn LL lítur svo á, að vafasamt sé að flokka lögreglumenn eftir starfssviði, en almennir lögreglumenn í Reykjavík telja að með þessu frumvarpi verði þeir skör lægra settir en starfsbræður þeirra við önnur lögregluembætti.

Stjórn LL telur nauðsynlegt að í frumavrpið verði sett ákvæði sem geri ráð fyrir setningu reglugerðar um menntun lögreglumanna, svo og nýrrar reglugerðar um lögregluskóla ríkisins.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands lögreglumanna,

Jónas Jónasson, formaður.

Til allsherjarnefndar
neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal VI.

TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

1976-10-18

Til allsherjarnefndar neðri deildar
Alþingis,
hr. formaður Ellert B. Schram,
Reykjavík.

Ég leyfi mér hér með að senda allsherjarnefnd ljósrit af bréfi mínu, dags. 14. þ. m., til dómsmálaráðherra, þar sem vikið er að þeirri starfsemi, sem fram fer hér við embættið við rannsókn á ólöglegum innflutningi.

Svo sem fram kemur í erindinu, telur embættið mikils um vert, að þessari starfsemi verði unnt að halda áfram við embættið, þó að frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins verði lögfest.

Virðingarfyllst,

Björn Hermannsson.

Hr. dómsmálaráðherra
Ólafur Jóhannesson,
Arnarhvoli.

1976-10-14

Ég minni á samtal mitt við yður, herra dómsmálaráðherra, þann 12. þessa mánaðar, þar sem ég lét í ljós áhyggur yfir því, að leggja mætti þann skilning í 3. gr., sbr. 6. gr. frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, að eftir að frv. hefði öðlast lagagildi, væri þar með lögð niður sú starfsemi við þetta embætti, sem fjallar um rannsókn á ólöglegum innflutningi.

Sérstök rannsóknardeild hefur starfað við embættið frá 1. júní 1975 með tveim starfsmönnum í fullu starfi. Árið 1975 tók deildin til rannsóknar 294 mál. Það sem af er þessu ári hefur deildin tekið 346 mál til umfjöllunar, sem skiptast þannig í grófum dráttum eftir málaflokkum:

253 mál vegna rangrar tollflokkunar innflytjenda, sem valdið hefur hækkun aðflutningsgjalda um 17,9 millj. kr.;

51 mál vegna ætlaðs smygls;

3 mál vegna innsiglisrofs;

8 mál þar sem vörur hafa ranglega verið teknar úr tollvörugeymslu;

9 mál þar sem hluta vörureiknings vantaði með innflutningsskjölum og valdið hefur hækkun gjalda um 2,1 millj. kr.;

22 mál ýmiss konar.

Mörg þessara mála hefur deildin upplýst til fullnustu. Sum þessara brota hafa verið framin utan Reykjavíkur og rannsökuð af deildinni undir umsjón tollgæslustjóra.

Af framansögðu má ljóst vera, að embættinu er mikið í mun að geta haldið þessari starfsemi áfram, enda eru rannsóknir þessar best komnar í höndum reyndra tollgæslumanna, auk þess sem það er embættinu mikils virði, að sú vitneskja, sem af þeim fæst, verði eftir innan stofnunarinnar svo draga megi af þeim lærdóm um frekari aðgerðir til varnar hvers konar ólöglegum innflutningi.

Ég ítreka því tilmæli mín til yðar, herra dómsmálaráðherra, að að þessari starfsemi verði vikið í frumvarpinu eða í tengslum við það, t. d. í framsögu, ef ekki er ætlunin að leggja starfsemina niður.

Ég leyfi mér að senda fjármálaráðherra afrit af bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

Björn Hermannsson.

Fylgiskjal VII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 2. apríl 1976.

Hér með sendist allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis umsögn lagadeildar um frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, um breyting á lögum nr. 74/1974 og lögum nr. 74/1972.

Umsögnina hafa samið Stefán Már Stefánsson settur prófessor og aðjúnktarnir Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari og Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari.

Var álitsgerðin samþykkt á fundi lagadeildar 31. mars 1976.

Auk þess fylgja „nokkrar athugasemdir ...“ frá Steingrími Gaut Kristjánssyni.

Virðingarfyllst,

Sigurður Líndal
forseti lagadeildar.

Allsherjarnefnd
neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

UMSÖGN LAGADEILDAR

um frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, um breyting á lögum nr. 74/1974 og lögum nr. 74/1972.

Með bréfi, dags. 9. mars 1976, óskaði allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis eftir umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um eftirtalin lagafrumvörp:

1. Frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála og
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frumvörp þessi eru öll nátengd efnislega. Að verulegu leyti má um efni þeirra vísa til ýtarlegrar álitsgerðar lagadeildar um frumvörp, sem lögð voru fram á Alþingi 13. janúar 1970 og fjölluðu um breytingu á l. nr. 82/1961 og l. nr. 98/1961, en álitsgerð þessi fylgdi bréfi lagadeildar til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 14. apríl 1970.

Telja má að meginatriði frumvarpa þessara felist í þrem höfuðbreytingum á gildandi löggjöf:

1. Frumkvæði í opinberum málum og frumrannsókn flyst frá dómstólum til sérstaks embættismanns, rannsóknarlögreglustjóra.
2. Lögregluranns6kn nægir að jafnaði til málshöfðunar.
3. Dómsrannsókn fer að jafnaði ekki fram fyrr en eftir að opinbert mál hefur verið höfðað.

Lagadeild er fylgjandi þeirri meginstefnu, sem kemur fram í frumvörpunum að þessu leyti.

Að vísu má skipa þessum málum með öðrum hætti og meir til samræmis við það, sem gerist með þeim þjóðum sem okkur eru skyldastar, einkum með því að aðskilja í ríkara mæli ákæruvald og dómsvald og sveigja lagareglur að öðru leyti

meir í átt til ákæruréttarfars. Enn fremur virðist ljóst, að ýmis önnur ákvæði laganna um meðferð opinberra mála, sem ekki snerta beint umrædd frumvörp, þurfa breytinga við. Lagadeild eru þó ljós vandkvæði, sem á þessu eru við núverandi aðstæður, og þar sem hún telur að heppilegt sé að fyrirliggjandi frumvörp verði að lögum í meginatriðum, leggur deildin aðeins til að gerðar verði á þeim minni háttar breytingar, sem ótvírætt munu stuðla að réttlátari málsmeðferð og meira réttaröryggi.

Breytingartillögur deildarinnar eru þær sem hér greinir:

1. gr. frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur stjórn rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með starfsemi rannsóknarlögreglunnar og getur krafið yfirmann hennar skýrslna um einstök mál.

2. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Dómsmálaráðherra getur skipað honum fulltrúa með lögfræðipróf.

Dómsmálaráðherra skipar, að fenginni umsögn rannsóknarlögreglustjóra, rannsóknarlögreglumenn, er skulu vera sérhæfðir til að rannsaka afbrot sem framin eru, svo og annað starfslið eftir þörfum.

4. mgr. 4. gr. frv. um breytingu á l. nr. 74/1974 (sbr. 32. gr. l. nr. 74/1974) orðist þannig:

Lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) fer með frumrannsókn opinberra mála. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða, að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og að afla gagna til undirbúnings dómsrannsóknar, sbr. þó 73. gr.

Á eftir 3. mgr. 80. gr. l. nr. 74/1974 (verður 13. gr. frumvarps) bætist við eftirfarandi málsgrein sem verður 4. mgr.:

Heimilt er dómara að skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við.

Á eftir 1. mgr. 86. gr. l. nr. 74/1974 (verður 14. gr. frumvarps) komi ný málsgrein, sem verður 2. mgr.:

Grunaður maður, sem fengið hefur skipaðan réttargæslumann, á rétt á því, að réttargæslumaður sé viðstaddur yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, enda þyki það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Dómari á úrskurð um þetta atriði ef ágreiningur verður.

Um 1. gr. frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Það vald, sem fengið er rannsóknarlögreglu ríkisins, er í eðli sínu þáttur ákæruvalds. Úr því að dómsmálaráðherra getur ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um meðferð einstakra mála, sbr. 21. gr. l. nr. 74/1974, er í sjálfu sér óeðlilegt og órökrétt að dómsmálaráðherra hafi slíkt vald gagnvart rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ekki er tvímælalaust hvernig skilja ber 1. gr. frumvarpsins að þessu leyti og því er lagt til, að 2. mgr. 1. gr. verði orðuð í samræmi við 4. mgr. 21. gr. l. nr. 74/1974.

Um 2. gr. Hún þarfnast ekki skýringa.

Um 4. mgr. 4. gr. frv. um breytingu á l. nr. 74/1974 (sbr. 32. gr. l. nr. 74/1974).

Þessi tillaga um orðalagsbreytingu er sniðin eftir ákv. 231. gr. norsku laganna um meðferð opinberra mála til samræmis við 12. og 32. gr. frumvarpsins.

Um 4. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 86. gr. l. 74/1974 (13. og 14. gr. frumvarpsins).

Þegar frumrannsókn færist úr hendi dómara yfir til rannsóknarlögreglu getur hlutlaus dómari ekki haft sama eftirlit með henni og áður. Hætta er á því að staða sakbornings kunni við breytinguna að versna frá því sem nú er.

Breytingartillögum þeim, sem hér eru settar fram, er ætlað að rétta hlut sakbornings nokkuð að þessu leyti. Áþekk réttarvernd til handa sakborningi er fyrir hendi í nágrannalöndunum.

30. mars 1976.

Stefán M. Stefánsson, Steingrímur Gautur Kristjánsson, Hallvarður Einvarðsson.

STEINGRÍMUR GAUTUR KRISTJÁNSSON:

Nokkrar athugasemdir í tilefni af frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála (lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975—1976).

Löngum hefur verið rætt um tvenns konar skipan á meðferð sakamála, rannsóknarrétarfar og ákæruréttarfar.

Á síðari tímum hefur verið talið felast í þessum hugtökum það, sem hér greinir:

Rannsóknarréttarfar:

1. Dómari, sem er löglærður, hefur réttarrannsókn af sjálfsdáðum, ef fyrir liggur sterkur grunur um að refsivert brot hafi verið framið.
2. Yfirheyrsla sökunauts er þungamiðja rannsóknar. Markmið rannsóknar er að fá fram játningu, sem sé studd öðrum gögnum málsins.
3. Sakaðir menn eru skyldugir að vinna að uppljóstrun brota, að viðlagðri refsingu, og knýja má sökunaut til játningar, m. a. með beitingu gæsluvarðhalds.
4. Réttarhöld fara fram fyrir luktum dyrum, og verjandi sökunauts fær ekki að vera viðstaddur.
5. Sökunautur á ekki kost á að kynna sér sakargögn á rannsóknarstigi eða að fá að vita hvaða sökum hann verður borinn.

Ákæruréttarfar:

1. Sakamál verður ekki höfðað án atbeina ákæruvaldsins. Sérstakir embættismenn fara með opinbert ákæruvald.
2. Ákæruvaldið kemur fram sem sóknaraðili, en sökunautur með verjanda sér við hlið sem varnaraðili. Litið er á aðila málsins sem jafnréttháa.
3. Vegna yfirburðaaðstöðu ákæruvaldsins eru sökunaut veittar ýmsar réttarfarsheimildir, sem ætlað er að bæta stöðu hans sem aðila.
4. Sökunaut ber ekki skylda til að vinna að uppljóstrun málsins.
5. Sökunautur á rétt á að kynna sér gögn málsins og vera viðstaddur réttarhöld.

Í tengslum við ákæruréttarfarið eru reglurnar um að málsmeðferð skuli fara fram opinberlega og munnlega eftir ákæru frammi fyrir þeim dómara, sem dæma á mál, og leikmönnum, kviðdómendum eða meðdómendum, sem taka þátt í dómsstörfum.

Rannsóknarréttarfar á rót sína að rekja til baráttu kirkjunnar gegn villutrú á miðöldum.

Ákæruréttarfar þróaðist í Englandi um aldir og hefur víða fest rætur þar sem Bretar hafa ráðið ríkjum, m. a. í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Á síðari hluta 18. aldar hófst á meginlandi Evrópu barátta fyrir breytingum á réttarfari í anda ákæruréttarfars að enskri fyrirmynd sem liður í baráttu frjáls-

hyggjumanna fyrir bættum stjórnarháttum. Var ákæruréttarfar tekið upp í Frakklandi í stjórnarbyltingunni miklu, en afnumið aftur að fáeinum árum liðnum. Árið 1808 tóku gildi í Frakklandi lög um réttarfar í sakamálum, sem urðu fyrirmynd réttarfarslöggjafar flestra ríkja á meginlandi Evrópu. Þessi löggjöf er í meginatriðum enn við lýði í flestum ríkjum álfunnar. Megineinkenni þessa réttarfars er að meðferð mála skiptist í tvö stig, rannsóknarstig og ákærustig. Á rannsóknarstigi rannsaka lögregla og rannsóknardómari mál mjög í anda rannsóknarreglunnar, en á ákærustigi fer fram fullkomin sönnunarfærsla fyrir dómi, sem síðan dæmir mál að hætti ákærureglunnar með þátttöku leikmanna, kviðdóms eða meðdómenda.

Í sumum ríkjum hefur skrefið verið stigið lengra í átt til ákæruréttarfars, m. a. í Noregi og Danmörku.

Í Danmörku var reglan um milliliðalausa málsmeðferð að fullu leidd í lög árið 1936. Felur það í sér, að nú fer rannsókn yfirleitt aðeins fram hjá lögreglu, og er markmið hennar að afla ákæruvaldinu gagna til að ákvörðun verði tekin um málshöfðun og að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi. Hin eiginlega sönnunarfærsla fer síðan fram fyrir þeim dómi, sem dæmir mál. Málsmeðferð er opinber, munnleg, milliliðalaus og samfelld. Opinber ákærandi og verjandi spyrja og gagnspyrja sakaða menn og vitni.

Þannig fer hin eiginlega sönnunarfærsla hvarvetna í ríkjum, sem eru skyld okkur að menningu, fram á ákærustigi, þótt sums staðar sé um nokkra endurteknингu frumrannsóknar að ræða.

Þróunin á þessu réttarsviði hefur verið mun hægari hér á landi en í nágrannalöndunum.

Rannsóknarréttarfari var komið hér á um 1800 og héldust réttarfarsreglurnar óbreyttar í aðalatriðum fram um miðja þessa öld.

Umtalsverðar breytingar í átt til ákæruréttarfars urðu með gildistöku laga um meðferð opinberra mála 1951 og 1961. Frumvörp þau, sem nú liggja fyrir, virðast rétt skilin vera liður í sömu þróun.

Ég tel að skilja beri ákvæði 4., 12. og 22. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þannig, að frumrannsókn eigi aðeins að miðast við að afla ákæruvaldinu gagna til að ráðið verði, hvort höfða beri sakamál, og að afla gagna til undirbúnings sönnunarfærslu, sem fari fram fyrir dómi eftir ákæru samkvæmt reglunni um munnlega og milliliðalausa málsmeðferð.

Ég tel þannig, að sú skoðun fái ekki staðist að frumrannsókn eigi að vera fullnaðarrannsókn og að ummæli í þá átt í greinargerð séu ekki í samræmi við skýr ákvæði frumvarpsins.

Hins vegar tel ég að kveða hefði mátt á um óbrotna meðferð minni háttar mála, þannig að í þeim málum væri heimilað að styðjast við lögregluskýrslur í ríkara mæli en ella.

30. mars 1976.

Steingrímur Gautur Kristjánsson.

Nd. 118. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli þegar dómsmálaráðherra ákveður.

2. Við 4. gr. Í stað orðanna „utan Reykjavíkur“ komi: utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr.
3. Við 10. gr. Greinin hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 1977.

Nd. 119. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingartillögum, sem útbýtt er á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti vísast til álits nefndarinnar um frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Alþingi, 30. nóv. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Svava Jakobsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Páll Pétursson.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 120. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá allsherjarnefnd.

1. 10. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „sakadómari eða lögreglustjóri“ í 1. mgr. 42. gr. laganna komi: lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), og í stað orðanna „sakadómara eða lögreglustjóra“ í 3. mgr. komi: lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins).
2. Við 12. gr.
   a) 1. töluliður 2. mgr. hljóði svo:
      Nafn og heimili sökunauts og önnur deili á honum.
   b) Upphaf 6. efnismálsgr. verði:
      Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal hann framkvæma . . .
3. Við 14. gr. Orðið „ríkisins“ falli niður.
4. Við 17. gr. Greinin falli niður.
5. Við 20. gr.
   a) Í stað „2. tl. 112. gr.“ í c-lið 1. efnismgr. komi: 2. töluliður 1. mgr. 112. gr.
   b) 2. töluliður 2. efnismgr. hljóði svo:
      Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.
   c) Í stað orðanna „er það var framið“ í 3. tölulið 2. efnismálsgr. komi: er það er talið framið.
6. Við 31. gr. Greinin hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Nd. 121. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með einni breytingartillögu um gildistöku laganna.

Að öðru leyti vísast til álits nefndarinnar um frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Alþingi, 30. nóv. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Svava Jakobsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Páll Pétursson.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 122. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr. Greinin hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Jafnframt er felld úr gildi lokasetning 3. mgr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973.

Sþ. 123. Fyrirspurn [105. mál]

til iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Frá Braga Sigurjónssyni.

1. Hvað er borunarkostnaður orðinn hár á Kröflusvæðinu miðað við 30. nóv. 1976?
2. Hve mikla raforku geta þegar boraðar holur við Kröflu framleitt að mati Orkustofnunar?
3. Hver er allur virkjunarkostnaður Kröfluvirkjunar orðinn miðað við 30. nóv. 1976:
   a) Stöðvarhús og vélbúnaður?
   b) Borkostnaður og aðveita gufu?
   c) Kröflulína — og hvar er henni komið?
4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að fá rekstraraðila að Kröfluvirkjun og þá upp á hvaða býti?
5. Hefur verið reynt að selja hugsanlegt rafmagn frá Kröflu og þá hverjum og á hvaða verði?
6. Hvað má ætla að raunverulegt framleiðsluverð Kröflurafmagns verði miðað við horfur í dag?

Svar óskast skriflegt.

Nd. 124. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði, Kjósarsýslu, Keflavík og Keflavíkurflugvelli, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

Nd. 125. Frumvarp til laga [106. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1974 gerði Olíumöl hf. í Hafnarfirði samning við norskt fyrirtæki um byggingu olíustöðvar í Hafnarfirði fyrir móttöku og geymslu á vegolíu og asfalti. Var stöð þessi reist eins og samningar stóðu til og hefur Olíumöl hf. starfrækt stöðina til framleiðslu á olíumöl.

Eftir að olíustöðin var tekin í notkun hefur Olíumöl hf. tekið að sér umfangsmikil verkefni, bæði á Vestfjörðum og víðar, við malbikunarframkvæmdir. Í sambandi við þessi verk varð að flytja asfaltið frá stöð félagsins í Hafnarfirði á viðkomandi staði úti um land. Efnið þurfti að flytja í heitu ástandi, og var það fyrst sett 160 stiga heitt á einangraða geyma, sem voru fluttir með bílum. Þessir flutningar reyndust næstum ógerlegir í framkvæmd.

Á s. l. ári bauðst félaginu til kaups í Noregi asfaltprammi, sérstaklega byggður til flutninga á heitri olíumöl. Getur hann flutt 220 tonn af efninu í ferð.

Þar sem prammi þessi er langtum eldri en tilskilið er í 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, hefur ekki verið hægt að kaupa hann, heldur hefur hann verið leigður Olíumöl hf. Fleyta þessi er byggð 1860, en samkvæmt upplýsingum frá sænskum yfirvöldum kaupir Nynäs Petroleum skipið og endurbyggir það sem tankpramma fyrir asfalt árið 1948. Árið 1955 er pramminn styrktur til siglinga á Eystrasalti. Var hann síðan notaður til olíu- og olíumalarflutninga til ársins 1973, að núverandi eigandi, Norske Fina A/S, kaupir pramman og endurbyggir hann til frekari asfaltflutninga við strendur Noregs.

Umrætt skip hefur reynst mjög vel hér á landi, enda er það að mestu leyti endurbyggt, þannig, að þó að frumsmíði skipsins sé gömul, þá er flest nýtt í því, þ. e. allar vélar og tæki og bolurinn endurnýjaður eftir því sem þörf hefur verið.

Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Guðmundur H. Garðarsson, Eðvarð Sigurðsson, Sighvatur Björgvinsson, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að efla eins og fært þykir þá söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða, sem fer fram á vegum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að heimildir um daglegt líf manna, venjur þeirra, listiðkun og vinnubrögð, hverfa og gleymast óðfluga með hverri kynslóð. Astæðan er sú, að þessi sjálfsögðu atriði geymast einna síst í opinberum gögnum, öfugt við t. d. almenna stjórnmála-, verslunar- eða hagsögu. Síðar meir verður mönnum hins vegar einatt mikil eftirsjá að því, að þessum heimildum skuli ekki hafa verið haldið til haga.

Eina íslenska stórvirkið á þessu sviði, sem enn hefur séð dagsins ljós, er bókin Íslenskir þjóðhættir eftir sr. Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Hún er þó ekki annað en ófullgert yfirlitsrit, enda unnið á síðustu 10 æviárum þess mæta manns og var hvergi nærri frágengið, þegar höfundur féll frá. Dr. Einar Ól. Sveinsson bjó þann efnivið til prentunar árið 1934, 16 árum eftir dauða sr. Jónasar.

Skipuleg þjóðháttasöfnun lá síðan að mestu leyti niðri í rúm 40 ár eftir dauða sr. Jónasar eða þar til Alþingi veitti Þjóðminjasafninu nokkurn styrk til þessarar starfsemi árið 1959 og sérstök þjóðháttadeild var stofnuð við safnið á 100 ára afmæli þess árið 1963.

Þótt síðan hafi kappsamlega verið unnið að þess konar söfnun, kom brátt í ljós, að hin öra þróun og breytingar með búsetu- og tæknibyltingu á fyrrnefndum fjórum áratugum hefur sópað burt svo mörgum menningarsögulegum þáttum, að ekki er gerlegt að halda í við og brúa bilið, nema fleiri starfskraftar komi til. Er hér einkum um að ræða árabilið frá síðustu aldamótum og fram um 1930, því að Jónas frá Hrafnagili heldur sig eðlilega mest við 19. öldina og þaðan af eldri tíð.

Nú munu ekki vera eftir nema um 900 manns á landinu 85 ára og eldri, fólk sem ætti aldurs vegna að geta munað eftir sér frá því um og fyrir aldamót. Einungis hluti þeirra mun þó fær um að veita upplýsingar af heilsufarsástæðum. Ástandið er vitaskuld skárra í yngri aldursflokkum, en þar strjálast þó jafnt og þétt. Sú vitneskja, sem einvörðungu býr í minni aldraðs fólks, verður ekki grafin úr jörðu síðar meir eins og sumar aðrar minjar.

Svipaða sögu er að segja af öðrum greinum þjóðlegra fræða: sögnum, kvæðum, þulum, þjóðlögum og dönsum. Að söfnun þess háttar efnis hefur einkum verið unnið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar hin síðari ár, en margir einstaklingar hafa þar að auki lengi lagt hönd á plóginn.

Enn hefur mjög lítið verið unnið úr því margháttaða efni, sem þegar hefur safnast, til að koma því fyrir almennings sjónir og heyrn. Að vísu má segja, að það glatist ekki, sem þegar hefur verið safnað, ef menn vilja endilega láta framtíðina um úrvinnsluna. En bæði er farið mikils á mis að fá ekki að líta augum sem fyrst niðurstöður af söfnunarstarfinu, og í öðru lagi er miklum mun heppilegra, að sömu menn og safna vinni úr því efni, heldur en óþekktir fræðimenn í framtíðinni, sem eðlilega verða enn fjarlægari vettvangi en þeir, sem enn eru á dögum. Samhliða úrvinnsla getur komið í veg fyrir margs konar misskilning seinna meir.

Af þessum sökum er ljóst, að mjög brýnt er að efla þessa starfsemi nú þegar, þótt seint sé, ef menn telja varðveislu slíkra heimilda um daglegt líf og listiðkun yfirleitt nokkurs virði.

Sþ. 127. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr.	
	a. Við 108 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
	Fyrir „20 181 500“ kemur	22 188 900
	b. Við 108 371 Landspítalinn 80 gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Liðurinn orðist svo:	
	Gjaldfærður stofnkostnaður	547 000
	þar af til byggingar geðdeildar	380 000
2.	Við 5. gr. 208 271 Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar.	
	a. Við 95 Framlög ríkissjóðs.	
	Fyrir „10 037 000“ kemur	12 044 400
	b. Iðgjöld atvinnurekenda.	
	Fyrir 1 634 000 kemur	1 960 800

Nd. 128. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 68 31. maí 1976, um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Magnús T. Ólafsson.

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó er Mjólkursamsölunni skylt að reka áfram a. m. k. 10 mjólkurbúðir í Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum, þar sem þörfin er mest, næstu 5 ár eða til 1. febr. 1982, svo fremi nægilega margar afgreiðslustúlkur, sem nú eru ráðnar, óska að starfa áfram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á s. l. vori var einkaréttur Mjólkursamsölu og mjólkurbúa til smásölu afnuminn með breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins. Með þeirri lagabreytingu var Mjólkursamsölunni þó engan veginn meinað að reka búðir sínar áfram, en Mjólkursamsalan í Reykjavík og Kaupmannasamtökin gerðu með sér sérstakan samning um að kaupmenn keyptu verslanir Samsölunnar. Vegna þessara gerbreytinga á mjólkursölumálum var lögbundinn umþóttunartími frá gildistöku laganna til 1. febrúar 1977. Skyldi sá tími notaður til að ganga frá ýmsum framkvæmdaatriðum sem af breytingunni hlaut að leiða, m. a. ráðningu starfsfólks, þar eð fyrirsjáanlegt var að 160—170 starfskonur Mjólkursamsölunnar mundu missa

atvinnu sína. Fyrir lá yfirlýsing frá Kaupmannasamtökunum um að afgreiðslustúlkur mjólkurbúða Samsölunnar skyldu hafa forgang til vinnu við þau störf sem þær gætu tekið við í verslunum þeirra, ef þær kærðu sig um.

Nú er komið í ljós að til stórvandræða horfir með atvinnuöryggi fjölmargra þessara kvenna. Öllum hefur þeim verið sagt upp störfum hjá Mjólkursamsölunni, en um 120 þeirra eru óráðnar enn í önnur störf. Líðlega þriðjungur þessara kvenna munu vera rosknar, og þarf ekki að tíunda hér hversu erfitt er fyrir fullorðnar konur að fá vinnu eða ganga að nýjum störfum. Þá þarf vart að minna á, að í hópi þessara kvenna eru sumar einar fyrirvinnur síns heimilis.

Mjólkursamsalan leggur nú allt kapp á að losna við búðir sínar hið fyrsta. Ákvörðun sína um að leggja starfsemi sína niður tók Mjólkursamsalan án nokkurs samráðs við starfsfólk sitt, sem hlýtur að teljast fordæmanleg framkoma í sjálfu sér. Mjólkursamsalan á að dómi flutningsmanna siðferðilegum skyldum að gegna við það starfsfólk, sem unnið hefur á hennar vegum árum saman, og á því að taka þátt í því að leysa þann vanda sem nú steðjar að. Flm. telja rétt og sanngjarnt að lengja umþóttunartímann vegna ráðningar starfsfólks og skylda Mjólkursamsöluna til að reka a. m. k. 10 mjólkurbúðir áfram næstu 5 árin meðan nægilega margar starfsstúlkur, sem nú eru ráðnar, óska eftir að vinna áfram. Þetta mundi að vísu ekki leysa vanda allra þeirra kvenna sem í hlut eiga, en væntanlega þeirra sem breytingin bitnar harðast á.

Flm. leggja áherslu á að þeir líta ekki á þessa tillögu sína sem tillögu um atvinnubótavinnu, heldur sem kröfu um sæmilegt siðferði á vinnumarkaði. Auk þessa yrði lengri umþóttunartími til hagræðis fyrir neytendur, sem sjá nú sumir hverjir fram á mikla óvissu í mjólkursölumálum.

Nd. 129. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

14. gr. orðist svo:

Aftan við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eftir ósk sökunauts skal dómari skipa honum réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu, samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr., eftir því sem þau eiga við.

Sþ. 130. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um skipan raforkumála.

Flm.: Magnús Kjartansson, Halldór Ásgrímsson, Benedikt Gröndal, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar eftirfarandi:

Í þeim tilgangi að tryggð verði sem best fullkomin nýting orkulinda landsins með hag þjóðarinnar í heild fyrir augum og um leið til hagnaðar fyrir íbúa hvers einstaks landshluta, skal stefnt að því er hér segir:

1. Að raforkuver landsins verði öll tengd saman í eitt raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningskerfi, er lúti yfirstjórn sameiginlegs fyrirtækis, sem annast vinnsluna og aðalorkuflutninginn; að skipulagslega séu í senn tryggð eðlileg áhrif íbúa einstakra landshluta á raforkuvinnslu í landinu og sem öruggust sam-

vinna um hagkvæmustu nýtingu orkulinda landsins, og að því að heildsöluverð á rafmagni til almenningsþarfa verði sem næst hið sama um land allt. Til þess að ná þessum markmiðum skal hið fyrsta setja lög um þessi efni þar sem eftirfarandi sé ákveðið:

a. Stofnað verði raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsfyrirtæki, Íslandsvirkjun, sem sé eign ríkissjóðs og sveitarfélaga landsins. Eignaraðild ríkisins sé eigi lægri en 50%, en eignaraðild sveitarfélaganna skiptist þeirra á milli sem næst eftir íbúahlutfalli umdæma þeirra. Stofnfé Íslandsvirkjunar skal vera framlög stofnenda þess og séu stofnfjárframlög þeirra í hinu sama hlutfalli sem eignaraðild er ætlað að vera. Stefnt skal að því, að allar byggðir landsins verði meðeigendur og stofnfjárframlög höfð ekki hærri en svo, að sveitarfélögum séu þau vel viðráðanleg.
b. Íslandsvirkjun fái einkarétt til að reisa og reka ný raforkuver og aðalorkuflutningslínur og til sölu á raforku í heildsölu. Þó skal eigendum slíkra mannvirkja, sem nú eru í rekstri, heimilt að reka þau áfram og selja raforku í heildsölu og til stóriðju samkvæmt sérsamningum allt að fullri vinnslugetu þessara orkuvinnslumannvirkja. Heimilt skal fyrirtækinu að kaupa eldri raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirki eða að taka að sér rekstur þeirra ef eigendur þeirra æskja þess og samningar takast um það.
c. Íslandsvirkjun skal rekin í deildum með landfræðilegum mörkum. Hver deild skal hafa sérstaka stjórn í héraði, sem hafi m. a. á hendi stjórn á rekstri orkuvinnslu og aðalorkuflutningsmannvirkja í umdæmi sínu og stjórn þjónustumiðstöðvar með tæknimenntuðu starfsliði. Í yfirstjórn fyrirtækisins séu fulltrúar búsettir í öllum landshlutum.

Ríkisstjórnin undirbúi og leggi tillögur til löggjafar um þessi efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

2. Að dreifing raforku og sala til almennrar neyslu verði í stærri rekstrareiningum en þorri dreifiveitna er nú, en samtímis haft í huga að eðlileg áhrif íbúa hvers landshluta á dreifingu og sölu rafmagns á svæðinu sé þeim tryggð. Skal að þessum markmiðum unnið í áföngum þannig:
   a. Sá hluti starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, sem tekur til dreifingar raforku til neytenda, verði skipulagslega aðgreindur frá orkuvinnslu og aðalorkuflutningi og dreifingunni skipt niður á landshlutadreifiveitur með landfræðilegum mörkum undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins, en hver um sig rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi og stjórn og framkvæmdastjóra í héraði.
   b. Sveitarfélög, sem þess óska og verðmæti leggja fram, skulu eiga þess kost að gerast meðeigendur að landshlutadreifiveitum, sbr. tl. 2. a.
   c. Ríkisstjórnin skal taka upp viðræður við þau sveitarfélög, sem eiga rafmagnsdreifiveitur, í þeim tilgangi að stuðla að sameiningu dreifingar raforku í hverjum landshluta í eitt fyrirtæki. Skal um þetta leitað samninga og sé ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem stofnframlag af hálfu ríkisins til slíks landshlutadreififyrirtækis þær eignir Rafmagnsveitna ríkisins, sem til raforkudreifingar eru notaðar. Rafveitur þeirra sveitarfélaga, sem ekki óska slíkrar sameiningar, skulu þó hafa rétt til að starfa áfram með óbreyttu skipulagi eða sameinast öðrum sveitarfélagadreifiveitum, þar sem henta þykir og um semst.

Greinargerð.

Á 92. löggjafarþingi, 1971—72, lagði þáverandi ríkisstjórn fram þingsályktunartillögu um skipulag raforkumála. Tillaga þessi var í raun stefnuyfirlýsing þáverandi ríkisstjórnar, en var lögð fyrir þing í tillöguformi í því skyni að gefa stjórnar-

andstöðunni kost á að bera fram breytingartillögur og freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um stefnuna. Breytingartillögur komu hins vegar engar fram og því var unnið að því á næstu árum að framkvæma tillöguna. Í því starfi komu fram ýmsir agnúar sem æskilegt var að nema brott, nauðsyn þess að gera skipulagið einfaldara og nokkur önnur álitamál. Því fékk fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu til samvinnu við sig ýmsa traustustu sérfræðinga landsins í raforkumálum og reynda lögfræðinga til þess að endurskoða fyrri stefnu í ljósi reynslunnar, þótt meginstefnumörkunin héldist óbreytt. Forustumaður í þessu starfi var Jakob Gíslason, fyrrverandi orkumálastjóri, og hefur hann einnig komið niðurstöðum þessara umræðna í bönd, svo sem þær birtast í þessu þingskjali.

Við störf að framkvæmd orkumálastefnu hefur greinilega komið í ljós að skoðanir manna og hugmyndir um skipan þessara mála eru mjög á reiki, og er það ef til vill ekki undrunarefni vegna þess hversu sérstaks eðlis raforkuiðnaðurinn er og raforkan frábrugðin flestri annarri „vöru“ sem við framleiðum.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja orðið tímabært að Alþingi taki skipan raforkumálanna rækilega til athugunar og láti ekki dragast á langinn að koma fram umbótum á henni, sem brýn þörf er á. Með tillögunni er stefnt að því að tryggja sem best fullkomna nýtingu orkulinda landsins með hvort tveggja fyrir augum: þjóðarhag í heild og hagnað íbúa hvers einstaks landshluta. Að dómi flutningsmanna liggur það í eðli raforkuiðnaðarins, að hann hlýtur að greinast skipulagslega í tvo meginþætti: orkuvinnsluna og aðalorkuflutning annars vegar og dreifingu raforkunnar og sölu til notendanna hins vegar. Þetta má einnig telja almennt viðurkennt víðast hvar erlendis. Innan orkuvinnsluþáttarins þar eru af hagkvæmni- og öryggisástæðum öll raforkuver hvers lands (og raunar víða fleiri landa saman) tengd saman í eitt aðalorkuflutningskerfi og rekin í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mest rekstraröryggi og lægstan vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum.

Dreifing raforku og smásala til notenda lýtur hins vegar á margan hátt öðrum lögmálum en vinnslan. Dreifingin er bundin við byggðina og lega og félagsleg skipting byggðar landsins ræðst eftir eigin lögmálum, sem orkudreifingin verður að laga sig að að meira eða minna leyti. Þótt dreifingarfyrirtækin lúti að sjálfsögðu einnig lögmálinu um hagkvæmni stærðarinnar í fyrirtækjarekstri, þá er dreifing raforku í landinu ekki tæknilega bundin í eina rekstrarheild fyrir allt landið eins og raforkuvinnslan er.

Raforkuvinnslan er í eðli sínu ein rekstrarheild fyrir allt landið. Orkuverin verða öll tengd inn á eitt aðalorkuflutningskerfi og orkan unnin í orkuverunum á víxl eftir því hvar vinnslan er kostnaðarminnst á hverjum tíma og um leið þannig, að rekstraröryggi sé sem best tryggt. Til dæmis að taka er vatn geymt ónotað í uppistöðum virkjana, sem miðlun hafa, en rennslisvirkjanir látnar vinna allt hvað vatnið í ánni leyfir. Þannig gæti t. d. Andakílsárvirkjunin þénað sem varastöð með fullt uppistöðulón að grípa til og kynni þá í góðu vatnsári að standa algerlega ónotuð allt árið, en Laxárvirkjunin, sem enga uppistöðu hefur, ynni að staðaldri eins og vatnsrennsli í ánni frekast leyfir til að nýta vatn, sem annars rynni ónotað til sjávar. Milli jarðhitaorkuvera og vatnsafls er einnig þörf á slíkri samvinnu til að tryggja góða nýtingu orkulindanna. Loks er þess að geta, að á þeim tímum er rafmagnsnotkun er minnst, svo sem á sumrin og um nætur, er um það að ræða að láta vélar og jafnvel heil orkuver standa kyrr og spara orkutap og vélavörslu, en láta aðrar vélar eða orkuver ganga með því meira álagi og betri nýtni. Og þannig mætti lengi telja.

En þessu fylgir það, að ein rekstrarstjórn þarf að vera yfir öllu vinnslukerfinu með umboði til að ákveða frá degi til dags og einni stundu til annarrar hve mikið á að vinna í hverju orkuveri og, ef svo stendur á, hvort eða hvar vinnsla á alveg að liggja niðri. Séu nú orkuver landsins dreifð á mörg séreignarfyrirtæki verða í

þessum efnum viðskipti þeirra á milli, samningar, mælingar og uppgjör æði flókin og erfið. Í einu sameignarfyrirtæki er sá vandi ekki fyrir hendi og samrekstur innan eins fyrirtækis samkvæmt eðli máls og með nútímatækni auðveldur.

Önnur hlið á málinu er svo hin brýna nauðsyn þess, að gott samstarf verði í framtíðinni milli allra landshluta um hagkvæma og skynsamlega virkjun orkulinda landsins. Enn er eftir að virkja um það bil 90% þeirrar orku, sem unnin verður sem raforka. Virkjunarkostnaður vatnsafls er mjög mismunandi mikill eftir atvikum og aðstæðum. Stofnkostnaður vatnsorkuvera, sem nú eru í smíðum eða í athugun hér á landi, er t. d. æði breytilegur, frá því kringum 80 000 kr/kW í þeim stærstu upp í allt að 300 000 kr/kW í því smæsta. Hagkvæmni stærðarinnar er í þessu atriði auðsæ. Hins vegar er dýrt að láta stór orkuver standa lengi lítt notuð. Verður því að ganga út frá, að eftirleiðis verði vatnsafl þessa lands virkjað í allstórum áföngum, svo stórum að hver áfangi um sig geti sinnt og verði látinn sinna auknингu orkuþarfar margra landshluta í senn, en ekki virkjað samtímis í öllum landshlutum. Forsenda þess að þetta sé mögulegt eru samtengilínurnar á milli landshlutanna, sem ýmist eru í byggingu eða ráðgerðar á næstunni.

Fleira kemur til en þetta, en í stuttu máli sagt hníga flestöll rök að því, að raforkuvinnsla þessa lands sé öll skipulögð í eitt fyrirtæki. Einu veigamiklu rökin gegn því eru þau, að með því kynni að vera stofnað til svo sterkrar miðstjórnar, að óttast mætti að hún missti eðlilegt og nauðsynlegt samband við þá sem hún á að þjóna, nefnilega notendur raforkunnar víðs vegar um landið. En að áliti flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu má koma í veg fyrir þá hættu með því að koma málum svo fyrir, að allsherjarvinnslufyrirtækið sé sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga landsins og að skipulagslega sé tryggð fullkomin aðild íbúa landshlutanna að stjórn og ákvarðanatöku innan fyrirtækisins. Er í því skyni fram tekið í þingsályktunartillögunni, að fyrirtækið skuli rekið í deildum með sérstakri stjórn í héraði, er hafi á hendi m. a. stjórn á rekstri orkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirkjanna í umdæmi sínu og stjórn þjónustumiðstöðvar með tæknimenntuðu starfsliði til að annast rannsóknir og áætlanagerðir í héraði; jafnframt að allir landshlutar skuli eiga fulltrúa á aðalfundum og í yfirstjórn fyrirtækisins og þar með einnig hlutfallslegan þátt í stjórnarkjöri.

Að þessu er stefnt með þeirri þingsályktunartillögu, sem nú er lögð fram, og að athuguðu máli talið að með þeirri skipan, sem hún mælir fyrir um, verði þeim markmiðum, sem stefnt er að, náð á öruggari hátt en hefði orðið með framfylgd þingsályktunartillögunnar um raforkumál frá 1971—1972.

Athugasemdir við einstaka liði þingsályktunartillögunnar.

Um tölulið 1. a.

Tillagan byggir á þeirri grundvallarhugsun að vinnsla og aðflutningur raforku sé eðlilegt sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga; að hvor um sig taki nokkurn veginn jafnan þátt í því (50% hvor) og að sveitarfélögin taki þátt hvert eftir sínum íbúafjölda. Hún leggur áherslu á að helst allar byggðir landsins verði með. Til að ná því marki er nauðsynlegt að stofnfjárframlög í fyrirtækið, sem nefna má Íslandsvirkjun, verði sveitarfélögum viðráðanleg. Núverandi skipan, sem orðin er til fyrir sögulega þróun, er í hæsta máta ólýðræðisleg.

Þegar þess er gætt, að þegar Sigalda er komin í fullan rekstur eru enn ekki virkjuð nema um 10% af vatnsafli landsins og jarðvarmi nær ónýttur til raforkuvinnslu, sést að ekki er eðlilegt að núverandi eignaskipan raforkuvinnslu í landinu ráði að neinu marki framtíðarskipan þessara mála. Núverandi mannvirki munu áður en langt um líður verða svo lítill hluti heildarinnar, að þau skipta litlu máli í heildarmyndinni.

Um tölulið 1. b.

Í samræmi við grundvallarhugsun tillögunnar er eðlilegt að væntanlegt vinnslu- og orkuflutningsfyrirtæki, Íslandsvirkjun, fái einkarétt til virkjunar og aðalorkuflutnings og heildsölu á raforku á landi hér. Jafnframt er ljóst að skipa verður málum núverandi vinnslu- og flutningsfyrirtækja með einhverjum hætti, því að vissulega eru þau sum hver stór í dag og gegna mikilvægu hlutverki. En með tilliti til þess, hve lítill þáttur í heildarmyndinni þau verða er fram í sækir, er ekki ástæða til að láta þau hafa nein truflandi áhrif á væntanlega löggjöf um þessi mál. Af sömu ástæðu eru heldur ekki rök til að beita þau eða eigendur þeirra neins konar þvingunum í sambandi við nýskipan rafveitumála. Því er í tillögunni einfaldlega gert ráð fyrir að þessi fyrirtæki fái að reka mannvirki sín áfram óhindrað, en fái að sjálfsögðu ekki rétt til frekari virkjunarframkvæmda né til raforkusölu í heildsölu eða til stóriðju umfram vinnslugetu núverandi orkuvera.

Um tölulið 1. c.

Um skipan stjórnar landsfyrirtækisins Íslandsvirkjunar er ekki fjallað nánar en fram er tekið í þessum tölulið, en ætlast til, að það verði gert í þeim tillögum til löggjafar, sem ríkisstjórninni er ætlað að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi. Í þessum tölulið eru þó fram tekin atriði varðandi stjórnskipulag fyrirtækisins, sem máli þykja skipta, til að tryggja eðileg og nauðsynleg áhrif íbúa landshlutanna á rekstur fyrirtækisins og þróun þess og á undirbúning að virkjunarframkvæmdum og ákvörðunartöku um þær.

Um tölulið 2.

Það er vitanlegt, að meiri hluti rafmagnsdreifiveitna hér á landi er smærri en heppilegt getur talist frá hagrænu sjónarmiði séð og að minna hefur verið unnið að því hér en í nágrannalöndum að sameina hinar smáu dreifiveitur í færri og stærri rekstrareiningar. Þessu veldur að nokkru fámenni og dreifðari byggð hér en annars staðar. Það kemur einnig til, sem áður er fram tekið, að við dreifingu raforku er samtenging og samrekstur ekki tæknileg nauðsyn á þann hátt er á sér stað við vinnsluna. Enn fremur er á það að líta, að notendur raforkunnar hafa hver um sig bein og reglubundin verslunarviðskipti við dreifingarfyrirtækið og því þörf fyrir nánara samband við það en við raforkuvinnsluaðilann.

Þörf notandans á að hafa náið samband við dreifiaðilann og lögmálin um hagkvæmni stærðarinnar í fyrirtækjarekstri stangast þarna nokkuð á. Þess vegna er ekki lagt til að ráðist verði í skyndilegar og stórfelldar breytingar á því fyrirkomulagi raforkudreifingarinnar, sem nú er, en gengið út frá, að í áföngum verði unnið að settum markmiðum í þessu efni.

Með þessari greinargerð er eitt fylgiskjal, sem nefnist „Ýmsar upplýsingar um raforkumál Íslands og orkulindir landsins“. Þessar upplýsingar eru að verulegu leyti hinar sömu sem fylgdu þingsályktunartillögu þeirri um raforkumál, er lögð var fram á Alþingi 1971—1972 og áður er á minnst, en hagtölur hafa verið færðar fram til þessa árs og þess getið, eftir því sem kostur er, sem síðan hefur gerst eða vitneskja fengist um.

Fylgiskjal.

Ýmsar upplýsingar um raforkumál Íslands og orkulindir landsins.

I. ALMENNUR INNGANGUR

Það hlýtur að vera meginstefna stjórnvalda á hverjum tíma að nýta sem best náttúruauðlindir landsins, þannig að þær verði til sem mestra hagsbóta fyrir landsmenn. Ein af aðalauðlegðum Íslands er náttúruorka landsins, fallafl vatns og jarðvarmi.

Fyrsta aldatug Íslandsbyggðar notuðu íslendingar næstum eingöngu dýraafl, þ. e. sitt eigið vinnuafl og afl húsdýra sinna. Vindafl var lítið eitt notað til að knýja skip.

Nú er þetta breytt. Íslendingar sem aðrir hafa lært að beisla náttúruorku lands síns og notfæra sér hana.

Raforka er það form orku sem mest er nú notað. Til framleiðslu raforku þarf aflgjafa. Þessa aflgjafa höfum við í formi vatnsafls og jarðvarma. Virkjun þessara aflgjafa er tiltölulega auðveld og hefur þá miklu kosti fram yfir vinnslu raforku úr eldsneyti að mengunarhætta er óveruleg og umhverfisspilling lítil.

Áætlað hefur verið að hagnýtt virkjanlegt vatnsafl á Íslandi sé um 28 000 GWh/ári, þar af sé nú þegar virkjað um 2300 GWh/ári eða 8.2%

Áætlað er að hagnýttur virkjanlegur jarðvarmi sé af svipaðri stærð og vatnsaflið, og er nýtingu hans álíka á veg komið og vatnsaflins.

Heildarraforkuvinnslan á Íslandi árið 1975 var 2296 GWh eða 10 480 kWh/íbúa.

Hliðstæðar tölur fyrir árið 1973 (nýrri tölur eru ekki tiltækar) fyrir nokkur lönd eru:

Noregur	17 800	kWh/íbúa
Kanada	12 100	—
Ísland	10 700	—
Bandaríkin	9 900	—
Svíþjóð	9 300	—
Lúxemborg	8 200	—
Finnland	6 300	—
Sviss	5 200	—
V.-Þýskaland	4 800	—
Ástralía	4 700	—
Bretland	4 500	—
A.-Þýskaland	4 400	—
Japan	4 200	—
Holland	3 800	—
Sovétríkin	3 800	—
Tékkóslóvakía	3 700	—
Danmörk	3 500	—
Frakkland	3 400	—

Vegna stærðar landsins, landslags og strjálbýlis er vinnsla og dreifing raforku af ýmsum ástæðum erfið. Er í þessu sambandi rétt að minnast þess, að íbúafjöldi á Íslandi er um 2 á ferkm. Þessi byggð er þó mjög misskipt. Á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Fúlalæk (þ. e. í Sunnlendingafjórðungi) búa 67.4% þjóðarinnar.

Til samanburðar má benda á að íbúafjöldi á ferkm er 8 í Noregi (1970) og 19 í Svíþjóð (1970).

Svo sem nánar verður vikið að síðar er öll raforkuvinnsla á Íslandi, sem máli skiptir, í höndum opinberra aðila og samtaka þeirra.

II. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN ÍSLENSKRAR LÖGGJAFAR UM RAFORKUMÁL

Á síðustu áratugum nítjándu aldar varð mönnum ljóst, að hagkvæmt var að framleiða rafmagn með vatnsafli. Hófst þá brátt kapphlaup innlendra og erlendra aðila um að ná réttindum yfir íslenskum fallvötnum. Opinberir aðilar virðast þó í upphafi hafa látið sig þessi mál litlu skipta. Fyrsta raforkuverið knúið vatnsafli tók þó til starfa árið 1904 í Hafnarfirði og var þá lögð rafveita til 16 húsa þar.

Fyrsta löggjöfin, sem hér skiptir máli, er lög nr. 55 22. nóv. 1905, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl. Með lögum þessum var bannað, að aðrir en menn heimilisfastir á Íslandi og íslensk félög eignuðust fossa á Íslandi nema til kæmi sérstakt leyfi konungs. Leyfi til að eignast fossa og nota þá skyldi aldrei veitt til lengri tíma en 100 ára og að þeim tíma liðnum skyldi foss og aflstöð verða eign landssjóðs án endurgjalds. Þegar 50 ár væru liðin af leyfistímanum skyldi landssjóður hafa rétt til að kaupa foss og aflstöð með sérstökum kjörum. Þá skyldi leyfishafi vera skyldur til, að kröfu landsstjórnar, að láta af hendi allt að 10% af starfsaflinu, 5% til landsins og 5% til sveitar, fyrir gjald, sem væri miðað við framleiðslukostnað að viðbættum 10% ágóða.

Vatnsaflsknúið raforkuver og rafveita var byggð á Eskifirði 1911, á Siglufirði 1912, á Seyðisfirði 1913 og sama ár í Vík í Mýrdal.

Með lögum nr. 28 20. okt. 1913, um rafmagnsveitur í kaupsstöðum og kauptúnum, voru fyrst sett ákvæði um almenningsrafveitur í þéttbýli. Með lögum þessum var sveitarstjórnum í kaupstöðum og kauptúnum veitt heimild til að dreifa raforku um sveit sína og selja þar rafmagn. Þá var ráð fyrir því gert, að sveitarstjórnir gætu áskilið sér einkarétt til að selja rafmagnslampa og önnur rafmagnstæki í sveit sinni.

Þótt lög nr. 28/1913 væru um margt merkileg virðast menn þegar í upphafi hafa verið óánægðir með þau og giltu þau aðeins skamma hríð. Voru þau felld úr gildi með lögum nr. 51 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur. Samkvæmt þessum lögum skyldi einkaréttur sveitarstjórna til rafvæðingar ná til allra sveita, en sveit er í lögunum skilgreind sem kaupstaður, kauptún eða hreppur, „þar á meðal Vestmannaeyjar". Einstaklingum og fámennum hópum var þó heimilað að leggja rafveitur til eigin þarfa. Sveitarstjórnum var leyft með samþykki stjórnarráðsins að framselja þennan einkarétt sinn til einstaklinga eða félaga, þó eigi í lengri tíma en 20 ár.

Rétt er að geta hér laga nr. 73 27. júní 1921, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að láta á kostnað ríkissjóðs framkvæma rannsóknir og áætlanagjörð að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar, veitu orkunnar til notenda, þ. á m. gerð orkuveitna til almenningsþarfa.

Með vatnalögunum, nr. 15 20. júní 1921, náðist merkur áfangi í orkumálum Íslendinga og reyndar fleiri málum. Með þessum lögum var meginhluti laga nr. 55/1907 felldur úr gildi svo og lög nr. 51/1915. Í vatnalögunum er ákveðið, að enginn megi virkja fallvatn, sem hafi meira en 500 eðlishestöfl, nema að fengnu leyfi ráðherra. Í lögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög eða sérstök félög byggi orkuver og orkuveitur og reki þau. Frumvarpi að vatnalögunum fylgdi frumvarp að vatnsorkusérleyfislögum, en eigi var það samþykkt þá.

Lög um vatnsorkusérleyfi eru nr. 46 27. júní 1925. Í lögum þessum er gert ráð fyrir að innlendir aðilar geti fengið sérleyfi til að virkja vatnsafl til orkuframleiðslu að fullnægðum ýmsum skilyrðum. Sérleyfið skyldi eigi gilda til lengri tíma en 50 ára. Með þessum lögum voru þau ákvæði l. nr. 55/1905, sem enn voru í gildi, felld úr gildi.

Með lögum nr. 7 15. júní 1926 var öllum sveitarstjórnum veittur einkaréttur til að stofna raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innansveitar, en til starfrækslu utansveitar skyldi fá til leyfi ráðherra.

Þess er rétt að geta hér, að með lögum nr. 48 15. júní 1926 var ráðherra heimilað að veita tveimur dönskum félögum sérleyfi til að virkja ár í Arnarfirði og hefja þar iðnrekstur. Ekkert varð úr framkvæmdum þessum. Löngu síðar keypti ríkissjóður vatnsréttindi þau, er félög þessi höfðu aflað sér á svæði þessu.

Þá var með lögum nr. 26 31. maí 1927 ráðherra heimilað að veita félaginu Titan leyfi til að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Ekkert varð af framkvæmdum, en Titan lét gera þar miklar rannsóknir og áætlanir, sem síðar komu íslendingum til góða, en ríkissjóður keypti löngu síðar öll réttindi Titans við Þjórsá. Segja má, að þar með sé lokið þeim þætti raforkuvinnslu á Íslandi, að erlendum aðilum væri veitt sérleyfi til virkjana.

Á Alþingi 1928 var samþykkt þingsályktun um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa rafveitu til almenningsnota með vatnsafli úr Árbæjarfossi eða Tungufossi í Rangám.

Með lögum nr. 28 23. júní 1932, um undirbúning á rafveitum til almenningsþarfa, var vegamálastjóra falið að gera heildarrannsókn og tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa og gera sér grein fyrir hvaða fallvötn væru hentugust til virkjana í hverjum landshluta.

Á sama ári var gerð nokkur breyting á lögum nr. 7/1926, um raforkuvirki, og lögin síðan endurútgefin sem lög nr. 83/1932.

Með lögum nr. 82 19. júní 1933 var Reykjavíkurbæ heimilað að reisa raforkuver við Sogsfossa. Var gert ráð fyrir að Sogsvirkjun seldi raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og almenningsnota í nærliggjandi sveitum fyrir kostnaðarverð að viðbættum 10%. Þá var ráð gert fyrir því, að þegar vatnsaflið hefði verið virkjað að meira en hálfu leyti skyldi ríkissjóður gerast eignaraðili.

Bæjarstjórn Siglufjarðar var með lögum nr. 98 3. maí 1935 veitt leyfi til að virkja og reisa raforkuver við Fljótaá. Gert var ráð fyrir, að tveir hreppar í nánd við virkjunarstað tækju þátt í virkjuninni. Virðist miðað við, að hreppar þessir gætu fengið rafmagn á kostnaðarverði að viðbættum 6%.

Með lögum nr. 42 13. júní 1937 var Akureyrarkaupstað veitt leyfi til að virkja Laxá í S.-Þingeyjarsýslu. Raforku skyldi selja til Akureyrar, en umframorku skyldi mega selja nærliggjandi héruðum á kostnaðarverði að viðbættum 10%, þó aldrei fyrir hærra verð en greitt væri fyrir raforku á Akureyri miðað við sama afhendingarstað.

Á árinu 1940 voru sett almenn lög um eignar- og notkunarrétt jarðhita, nr. 98 14. maí 1940. Var ríkinu þar veittur réttur til að rannsaka hveraorku hvar sem væri á landinu. Þá var þar boðið, að um rafmagnsveitur og rafstöðvar, sem notuðu jarðhita, skyldi fara eftir reglum vatnalaganna og laga um raforkuvirki.

Með lögum nr. 16 15. maí 1942 voru stofnaðar rafveitur ríkisins, sem skyldu hafa það hlutverk að afla almenningi raforku, bæði með því að vinna hana sjálfar og kaupa af öðrum orkuveitum. Þá var með lögum nr. 45 30. júní 1942 ríkisstjórninni heimilað að veita félagi sérleyfi til að veita raforku frá Soginu að Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Enn voru á árinu 1942 sett lög nr. 91 25. sept. um raforkusjóð sem skyldi hafa það hlutverk að stuðla að rafvæðingu landsins.

Með lögum nr. 114 30. des. 1943 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Var það m. a. ákveðið, að kostnaður við jarðboranir vegna sveitarfélaga skyldi greiðast að hálfu úr ríkissjóði.

Með lögum nr. 52 3. mars 1945 var ríkisstjórninni heimilað að koma upp aðalorkuveitu frá Hafnarfirði um Reykjanesskaga, frá Sogsvirkjun til Selfoss, Hveragerðis, Eyrabakka og Stokkseyrar svo og til Þykkvabæjar. Enn fremur frá Akureyri til Dalvíkur og Hríseyjar og frá Laxárvirkjun til Húsavíkur og Reykjahverfis. Rekstur raforkuveitna þessara mátti ríkisstjórnin fela opinberum aðilum, þar á meðal sveitarstjórnum.

Með raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, var gerð heildarskipan þessara mála.

Er þar fram tekið, að ríkið hafi eitt heimild til að reisa og reka orkuver stærri en 100 hestöfl. Þó sé ráðherra heimilt að leyfa sveitarfélagi eða öðrum að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöfl að stærð, ef aðrar rafveitur óski ekki eða geti ekki selt nægilega raforku. Þá voru með lögum þessum stofnaðar Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa skyldu það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegunum nægrar raforku og á sem hagfelldastan hátt. Þá var Rafmagnsveitum ríkisins veittur einkaréttur til að selja raforku í heildsölu. Þó var Reykjavík, Akureyri og Ísafirði svo og Andakílsárvirkjun heimilað að selja héraðsrafmagnsveitum sínum svo og Rafmagnsveitum ríkisins raforku í heildsölu.

Í lögunum er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að héraðsrafmagnsveitur annist dreifingu raforku og sölu til neytenda. Bæði sveitarfélög, einstaklingar og félög, geti fengið einkarétt til orkudreifingar. Þar sem slíkur einkaréttur hafi ekki verið veittur, hafi héraðsrafmagnsveitur ríkisins þennan rétt. Það fyrirtæki var hugsað sem undirfyrirtæki Rafmagnsveitna ríkisins. Með raforkulögunum voru felld úr gildi lög nr. 46/1925, um vatnsorkusérleyfi, lög nr. 28/1932, lög nr. 83/1932, lög nr. 16/1942.

Með lögum nr. 28/1946, um virkjun Sogsins, voru eldri ákvæði felld niður. Var nú ákveðið að ríkissjóður gæti gerst eignaraðili að þeim virkjunum ef hann óskaði.

Sett voru ný lög um Laxárvirkjun, nr. 54 25. maí 1949. Í hinum nýju lögum var gert ráð fyrir að ríkissjóður gerðist eigandi að hálfu að orkuveri þessu.

Með lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12/1946, var ákveðið, að ríkisstjórnin legði fram á næstu 10 árum 250 milljón krónur a. m. k. til þess m. a. að koma upp raforkuverum utan orkuveitusvæða Sogs- og Laxárvirkjana, gera aðalorkuveitur og dreifiveitur og vinna að virkjunarrannsóknum.

Með lögum nr. 55 29. mars 1961 var stofnaður jarðhitasjóður til að bera kostnað af jarðhitarannsóknum.

Með lögum nr. 59 20. maí 1965 var stofnað fyrirtækið Landsvirkjun, sem er helmingafélag ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Tilgangur fyrirtækis þessa er að selja raforku í heildsölu til rafveitna og iðjufyrirtækja. Landsvirkjun tók við orkuverum Reykjavíkurborgar og orkuverum í sameign ríkissjóðs og borgarsjóðs. Það skyldi reisa allt að 150 MW orkuver í Þjórsá við Búrfell. Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að Laxárvirkjun geti sameinast Landsvirkjun ef eigendur Laxárvirkjunar ákveða svo.

Þá voru á árinu 1965 sett ný lög um Laxárvirkjun, nr. 60 20. maí 1965. Laxárvirkjun skyldi vera sameignarfélag ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar, þar sem ríkissjóður ætti 35%, en Akureyrarkaupstaður 65%. Gert var þó ráð fyrir að ríkissjóður gæti aukið eignarhluta sinn í helming.

Með lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, var kveðið svo á, að þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skuli greiða verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, og skyldi heildarfjárhæð gjaldsins vera 35 millj. kr. Þessi upphæð var hækkuð upp í 70 millj. kr. með lögum nr. 17 20. mars 1970.

Með orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, voru öll eldri raforkulög felld úr gildi. Í lögum þessum er boðið, að til þess að reisa og reka raforkuver stærri en 2 000 kW þurfi leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200—2 000 kW þurfi leyfi ráðherra. Þó megi reisa og reka varastöð allt að 1 000 kW án sérstaks leyfis. Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að héraðsrafmagnsveitur geti fengið einkarétt til raforkudreifingar um tiltekin svæði. Sveitarstjórnir hafi forgangsrétt til að reka slíkar rafveitur, en veita megi einstaklingum og félögum slíkan einkarétt. Rafmagnsveitur ríkisins hafi einkarétt til að reka rafveitur ef aðrir hafi eigi fengið slíkan einkarétt. Rafmagnsveitum ríkisins er almennt falið það hlutverk að framleiða, dreifa og selja raforku, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu.

Lög þessi fjalla einnig um Orkustofnun, um vinnslu jarðhita, um hitaveitur, um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim, um verndun

jarðhitasvæða, um jarðhitavirki og eftirlit með þeim, um jarðboranir ríkisins og um orkusjóð.

Með lögum nr. 111 30. des. 1970 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 8 000 hestafla orkuveri. Heimild var í lögum til að veita sveitarstjórnum á Austurlandi eignaraðild að virkjun Lagarfoss.

Með lögum nr. 28 16. apríl 1971 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5 500 hestafla orkuveri. Jafnframt var ríkisstjórninni heimilað að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartárvirkjunar eða taka þau eignarnámi fáist eigi viðunandi kjör. Heimild er í lögum til að veita sveitarstjórnum á Norðurlandi eignaraðild að virkjun Svartár.

Með lögum nr. 37 16. apríl 1971 var gerð breyting á lögum um Landsvirkjun. Landsvirkjun heimilast að reisa allt að 170 MW orkuver bæði í Tungnaá við Hrauneyjafoss og í Tungnaá við Sigöldu. Jafnframt heimilast Landsvirkjun að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar.

Með lögum nr. 29 12. maí 1972 var lögum um virkjun Lagarfoss breytt á þann veg, að hámarksstærð orkuversins skyldi vera allt að 10 000 hestöfl.

Með lögum nr. 32 24. apríl 1973 var gerð breyting á lögum um orkuver Vestfjarða (nr. 54 20. apríl 1954), þannig, að Rafmagnsveitum ríkisins var heimilað að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði allt að 10 000 kW.

Með lögum nr. 51 25. apríl 1973 var gerð breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, þess efnis að veita einstökum bændum, er búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum.

Með lögum nr. 21 10. apríl 1974 var væntanlegri Norðurlandsvirkjun falið að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall með allt að 55 MW afli.

Með lögum nr. 83 17. sept. 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, var kveðið svo á að greiða skuli 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta. Skuli gjaldinu varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Með lögum þessum féllu úr gildi fyrri lög um verðjöfnunargjald á raforku.

Með lögum nr. 105 31. des. 1974 var Rafmagnsveitum ríkisins heimilað að reisa og reka orkuver við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 MW afli. Heimild er í lögum til að veita sveitarstjórnum á Austurlandi eignaraðild að virkjun Bessastaðaár.

Með lögum nr. 66 31. maí 1976, um Orkubú Vestfjarða, var ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum heimilað að stofna Orkubú Vestfjarða. Tilgangur fyrirtækisins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, enn fremur að eiga og reka orkuver og dreifikerfi jafnt fyrir raforku sem jarðvarma.

Á mynd 1 er sýnt línurit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva á Íslandi 1920—1975. Í kafla VII er gerð nánari grein fyrir þróun Rafmagnsveitna ríkisins.

III. YFIRLIT YFIR STÖÐU ÍSLENSKRA RAFORKUMÁLA NÚ

Í köflum IV—VI og VIII—IX er að finna ýmsar tölulegar upplýsingar, myndir og yfirlit er sýna stöðu raforkumála á Íslandi nú. Hér verða rakin meginatriði þess sem þar er að finna.

1. Orkulindir og nýting þeirra.

Ísland ræður yfir miklum orkulindum í formi vatnsorku og jarðvarma. Talið er, að tæknilega nýtanleg vatnsorka á Íslandi sé 35 000 GWh/ári (gígawattstundir á ári = milljónir kílówattstunda á ári). Af því er sem stendur talið líklegt að muni borga sig að virkja um 28 000 GWh/ári. Þessi síðarnefnda tala er þó býsna óviss

og á vafalaust eftir að breytast eftir því sem rannsóknum miðar áfram, auk þess sem það getur verið háð margvíslegum ytri aðstæðum hvað borgar sig að nýta af vatnsorku.

Orkuvinnsla vatnsaflsstöðva árið 1975 nam alls 2 206 GWh eða 7.9% af þessum 28 000 GWh. Vinnslugeta vatnsaflsstöðva á Íslandi er komin í um 2 300 GWh/ári eða 8.2% þeirrar vatnsorku, sem talið er borga sig að virkja. Með Sigölduvirkjun munu þessar tölur hækka í 3 200 GWh/ári og 11.4%.

Álitið er, að sem efnahagsleg orkulind sé jarðhitinn af svipaðri stærðargráðu og vatnsorkan. Nýting hans er álíka á veg komin hlutfallslega og vatnsorkunnar.

Það er ljóst af þessu, að geysimikil verkefni eru fram undan í nýtingu orkulinda landsins til efnahagslegs ábata fyrir þjóðina.

Eins og yfirlitskortin í kafla IX, myndir, sýna eru orkulindirnar dreifðar um landið. Aðstaða til hagkvæmrar nýtingar þeirra er mismunandi eftir staðháttum og aðstæðum, en einnig og ekki síst eftir stærð orkumarkaðarins. Í því efni er aðstaðan langbest á Suðvesturlandi. Öflugt flutningskerfi fyrir raforku milli landshluta mundi í rauninni skapa sameiginlegan orkumarkað á öllu því svæði sem það nær til og þar með gera auðveldari virkjanir utan Suðvesturlands, sem á annað borð eru hagkvæmar.

2. Raforkuvinnslan nú.

Sem fyrr segir nam raforkuvinnsla vatnsaflsstöðva 2 206 GWh árið 1975. Enn fremur voru 18 GWh unnar í jarðvarmastöð og 72 GWh í olíustöðvum. Samtals 2 296 GWh.

Af þessu magni fóru 1 303 GWh til svonefndrar „stórnotkunar", fyrst og fremst álvinnslunnar, en 992 GWh til almennra nota. Vinnslan fyrir almenn not hefur vaxið um 6.9% á ári til jafnaðar 1965—1975.

Raforkuvinnslan árið 1975 skiptist þannig eftir landssvæðum:

Landsvirkjunarsvæðið	1 968 GWh	85.7%
Laxárvirkjunarsvæðið	201 —	8.7%
Grímsárvirkjunarsvæðið	52 —	2.3%
Vestfirðir	36 —	1.6%
Aðrir hlutar landsins	39 —	1.7%

Öll raforkuvinnslufyrirtæki á Íslandi eru í opinberri eigu. Er eignarformið þrenns konar: 1) ríkiseign, 2) eign sveitarfélaga, 3) sameign ríkis og sveitarfélaga. Árið 1975 skiptist orkuvinnslan þannig eftir eignarformi:

Orkuver í ríkiseign unnu	139 GWh	6.1%
Orkuver í eigu sveitarfélaga unnu	62 —	2.7%
Orkuver í sameign unnu	2 095 —	91.2%

Samtengingar orkuvera og samrekstur orkuvera eru skemmra á veg komin á Íslandi en í öðrum þróuðum löndum, líklega mest sökum strjálbýlis og ójafnrar byggðadreifingar í landinu. Samtengd kerfi til raforkuvinnslu ná þó yfir einstaka landshluta.

3. Raforkudreifingin nú.

Vinnsla og dreifing raforku er tvenns konar starfsemi og um margt ólík hvor annarri, einkum þar sem vinnslan fer fram í stórum, samtengdum vinnslukerfum með mörgum orkuverum er sjá mörgum dreifiveitum fyrir orku. Þróunin hefur því alls staðar orðið sú að skilja þetta tvennt að skipulagslega, þannig að vinnslufyrirtækin annast ekki dreifinguna og gagnkvæmt. Hér á landi er þessi þróun langt komin á aðalþéttbýlissvæðunum.

Öll raforkudreifing til almenningsþarfa á Íslandi er í höndum opinberra fyrirtækja. Gagnstætt því sem er um vinnsluna eru engin sameignarfyrirtæki ríkis og

sveitarfélaga starfandi á dreifingarsviðinu. Eitt fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, er í ríkiseign. Allar aðrar rafveitur eru í eign sveitarfélaga.

Fjöldi rafveitna (dreifiveitna) er samtals 23, ef frá er talin ein sveitarafveita er starfar við mjög sérstæðar aðstæður. Þær eru mjög misstórar og má eftir stærð greina þær í 5 flokka (sjá nánar yfirlit í kafla VI):

1.	flokkur	1	rafveita	með	105 453	íbúa	að	meðaltali
2.	—	1	—	—	49 510	—	—	—
3.	—	2	—	—	12 242	—	—	—
4.	—	3	—	—	5 076	—	—	—
5.	—	18	—	—	1 285	—	—	—

Eins og sjá má eru langflestar rafveiturnar mjög litlar, jafnvel á íslenskan mælikvarða. Þetta er ekki ósvipuð hlutfallsleg stærðardreifing og ríkti til skamms tíma í nágrannalöndunum, m. a. á öðrum Norðurlöndum. Hlutfallslegan mælikvarða er hér rétt að viðhafa sökum þess að vegna fámennis verða allar íslenskar rafveitur litlar borið saman við það sem gerist hjá fjölmennari þjóðum. Í þessum löndum hefur þróunin um nokkurt árabil stefnt að fækkun rafveitna, venjulega með frjálsum samningum þeirra í milli, með eða án atbeina ríkisvaldsins. Varla fer á milli mála að sams konar þróun er óhjákvæmileg hér í framtíðinni og það því fremur sem flestar rafveitur hér verða ávallt „litlar“ á mælikvarða annarra þjóða, en á hinn bóginn gerðar til þeirra svipaðar kröfur og erlendis, þ. á m. um hagkvæmni í raforkudreifingu.

IV. STUTT YFIRLIT YFIR ORKULINDIR LANDSINS

Talið er að vatnsorka sú, sem tæknilega er gerlegt að nýta á Íslandi, nemi um 35 000 GWh/ári (gígawattstundum á ári), þ. e. 35 milljörðum kílówattstunda á ári. Vitað er að ekki mun svara kostnaði að nýta alla þessa orku. Eftir því sem best er vitað á þessu stigi virkjunarrannsókna, má ætla að sá hluti þessa orkumagns, sem er efnahagslega nýtanlegur, nemi um 28 000 GWh/ári. Vert er að vekja athygli á því, að þessi tala er óviss, enda efnahagslega nýtanleg orka ekki mjög vel skilgreint hugtak.

Álitið er, að jarðvarmi sá, sem tæknilega er vinnanlegur á Íslandi, nemi um 80 000 GWh/ári, þar af um 90% á svonefndum háhitasvæðum. Er þá miðað við brúttó-orkuinnihald gufu og vatns við borholur eða uppsprettur, og er talan 80 000 því ekki sambærileg við töluna 35 000, sem vísar til þeirrar raforku sem vinnanleg er úr vatninu. Hve mikla nýtanlega orku unnt er að fá úr jarðvarmanum fer fyrst og fremst eftir því, hvernig hann er nýttur. Væri allur jarðvarminn nýttur til hitunar húsa næmi tæknilega nýtanlegur jarðvarmi um 70 000 GWh/ári, færi hann allur til að hita gróðurhús mætti nýta um 56 000 GWh/ári, til iðnaðar um 22 000 GWh/ári, til raforkuvinnslu í þéttistöðvum um 6 000 GWh/ári og til raforkuvinnslu í mótþrýstistöðvum um 1 600 GWh/ári. Þessar tölur miðast allar við núverandi nýtingartækni og kunna að breytast með þróun hennar. Nú er jarðvarmi nýtanlegur til alls þessa, og fer þá eftir samsetningu notkunar hve mikið raunverulega nýtist. Vatnsorka og jarðhiti eru að þessu leyti ekki sambærilegar orkulindir.

Mörg háhitasvæði landsins eru það fjarri mannabyggð, að orka þeirra verður varla nýtt nema til raforkuvinnslu, sem aftur táknar fremur lágt nýtingarstig.

Ofangreindar tölur eiga allar við tæknilega nýtanlegan jarðvarma. Hve stóran hluta borgar sig að nýta, þ. e. hinn efnahagslega nýtanlega jarðvarma, er jafnvel enn meiri vafa undirorpið en um efnahagslega nýtanlega vatnsorku. Giska má á, að sem efnahagsleg orkulind sé jarðvarminn af svipaðri stærðargráðu og vatnsorkan, og fer það þó mjög eftir nýtingarháttum, svo sem að ofan er rakið.

Árleg vinnslugeta vatnsaflsstöðva á Íslandi er nú um 2 300 GWh/ári, eða um 8.2% af þeim 28 000 sem nú er talið að hagkvæmt muni reynast að nýta. Árið 1975

var raforkuvinnslan 2 296 GWh, eða 8.2% af sömu tölu. Með tilkomu Sigölduvirkjunar vex vinnslugetan í um 3 200 GWh/ári eða 11.4%

Á árinu 1975 nam verg jarðvarmavinnsla um 3 100 GWh (2 800 Tcal). Með þeirri samsetningu, sem þá var á notkuninni (langmest til húshitunar), nýttust af því um 1 800 GWh.

Myndir 6 og 7 sýna í megindráttum dreifingu vatnsorku og jarðvarma um landið.

Eins og myndirnar bera með sér, er vatnsorka mest á Suðurlandi og Austurlandi, nokkur á Norðurlandi, en minnst á Vesturlandi og Vestfjörðum. Jarðvarminn er að magni til einkum bundinn við megin-eldvirknisbelti landsins, sem teygir sig frá Suðvesturlandi og Suðurlandi yfir landið til Norðurlands eystra. Langminnst er um jarðvarma á Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

V. YFIRLIT YFIR RAFORKUVINNSLUNA Á ÍSLANDI NÚ

1. Magn og þróun.

Vinnsla raforku árið 1975 nam alls 2 296 GWh (1 GWh = 1 gígawattstund = 1 milljón kílówattstunda). Þar af voru 96.1% unnin úr vatnsorku, 0.8% úr jarðvarmaorku og 3.1% í olíustöðvum.

Línuritið á 1. mynd sýnir þróun raforkunotkunarinnar. Eins og það ber með sér eykst raforkuvinnslan ört á árunum eftir að fyrsta virkjun Sogsins tók til starfa, en upp úr því fór eldun með rafmagni að verða algeng, jafnframt því sem ýmiss konar atvinnugreinar uxu þá örar en áður. Vöxturinn hefur haldið áfram jafnt og þétt, og með tilkomu álversins í Straumsvík tók raforkuvinnslan nýtt stökk upp á við.

Að frádreginni vinnslu vegna svonefndrar „stórnotkunar" raforku, svo sem álversins, Áburðarverksmiðjunnar og fleiri þess háttar notenda, hefur vinnsla vegna svonefndrar „almennrar raforkunotkunar", svo sem til heimila, almenns iðnaðar, frystiiðnaðar, verslana og skrifstofa, aukist um nálægt 5.8% á ári til jafnaðar árin 1958—1970. Nokkrar sveiflur hafa þó verið á þessum vexti frá ári til árs. Þetta er nokkru hægari vöxtur en víða á sér stað, en algengt er að raforkunotkunin vaxi um 7% árlega, svarandi til tvöföldunar á hverjum 10 árum.

Sem stendur (1975) er raforkuvinnslan til þessara „almennu nota" um 992 GWh/ári, orkuvinnslan vegna „stórnotkunar", og þá fyrst og fremst álvinnslu, 1 303 GWh/ári. Hver frekari þróun verður á næstunni í þessu efni er undir því komið, hvað gerist í stóriðjumálum.

2. Landfræðileg skipting.

Kortið á 2. mynd sýnir orkuver landsins. Eins og sjá má eru þau dreifð um allt land. Hins vegar sýnir kortið ekki stærðarhlutföll þeirra. Þau má sjá í töflu 1. Langstærstu orkuverin eru á Suðvesturlandi, eins og kunnugt er. Hlutfallsleg skipting vinnslunnar var árið 1975 þessi:

Landsvirkjunarsvæðið	1 968 GWh	85.7%
Laxárvirkjunarsvæðið	201 —	8.7%
Grímsársvæðið	52 —	2.3%
Vestfirðir	36 —	1.6%
Aðrir hlutar landsins	39 —	1.7%
	2 296 GWh	100%

Tafla 3 sýnir aðalorkuflutningskerfi landsins í árslok 1975.

3. Skipulag og eignaraðild.

Öll þau fyrirtæki, er vinna raforku til almenningsnota á Íslandi, eru í eigu opinberra aðila: ríkis, sveitarfélaga eða sameign ríkis og sveitarfélaga. Skiptingin milli þessara þrenns konar eignarforma er sem hér segir:

Eignarform	Afl orkuvera MW	%	Orkuvinnsla 1975 GWh	%
Ríkiseign	53	10.7	139	6.1
Eign sveitarfélaga	23	4.6	62	2.7
Sameign ríkis og sveitarfélaga	420	84.7	2 095	91.2
Alls	496	100.0	2 296	100.0

Sameignarformið milli ríkis og sveitarfélaga er þannig langsamlega mikilvægasta eignarform í raforkuvinnslu á Íslandi. Hlutdeild hvors aðila um sig er 50%, eða getur verið það skv. gildandi heimildarlögum. Tafla 3 sýnir eignarform einstakra orkuvera á landinu.

4. Samtenging orkuvera.

Samtenging orkuvera og samrekstur þeirra er fremur skammt á veg komin á Íslandi borið saman við önnur þróuð lönd. Veldur strjálbýlið og hin ójafna dreifing byggðar í landinu þar væntanlega mestu um (sbr. yfirlitið hér að framan um skiptingu raforkuvinnslunnar eftir landshlutum). Þó eru til í landinu nokkur samtengd kerfi sem hvert um sig ná yfir einstaka landshluta eða part úr þeim. Tafla 4 er yfirlit yfir vinnslukerfi á Íslandi í árslok 1975, orkuver þau, sem tilheyra hverju um sig, og þann fjölda íbúa sem fær orku sína frá hverju vinnslukerfi um sig.

VI. YFIRLIT YFIR RAFORKUDREIFINGUNA Á ÍSLANDI NÚ

Fyrirtæki í raforkudreifingunni.

Eins og í öðrum löndum er vinnsla raforku og dreifing hennar skipulagslega aðgreind á Íslandi, þannig að einn hópur fyrirtækja sér um vinnsluna og meginflutninginn, annar um dreifinguna. Þessi aðgreining á sér í megindráttum tæknilegar orsakir: vinnsla raforku er annars konar starfsemi en dreifing hennar og sala í smásölu.

Mörkin milli þessarar tvenns konar starfsemi eru þó ekki skörp, þar sem svæði það, sem orkuver sér fyrir orku, er hið sama og starfssvæði einnar og sömu dreifiveitu. Svo var yfirleitt áður fyrr í kaupstöðum og kauptúnum, áður en farið var að reisa sameiginleg orkuver fyrir mörg byggðarlög. Þróunin gengur hvarvetna í þá átt að skilja að þessa tvenns konar starfsemi. Þó eiga margar rafveitur hér á landi eigin orkuver. Eftirtektarvert er, að í þeim hlutum landsins, þar sem samtenging orkuvera og samrekstur eru komin best á veg, er lítið um orkuver í eigu dreifiveitna.

Allar dreifiveitur á Íslandi eru í opinberri eign. Langflestar eru eign sveitarfélaga. Ein, Rafmagnsveitur ríkisins, er ríkiseign. En Rafmagnsveitur ríkisins eru í rauninni blandað vinnslu- og dreifingarfyrirtæki, enda eru orkuveitusvæði þeirra afar víðáttumikil og dreifð. Orkuver Rafmagnsveitnanna eru einkum í hinum strjálbýlustu landshlutum, í hinum þéttbýlli hlutum starfa þær að mestu sem hrein dreifiveita.

Athyglisvert er, að það eignarform, sem viðamest er í raforkuvinnslunni, þ. e. sameign ríkis og sveitarfélaga, er ekki til sem stendur í raforkudreifingunni. Veigamikil ástæða til þess, að þetta er svona, er án efa sú, að þróunin í átt til stærri rekstrareininga er skemmra á veg komin í raforkudreifingunni en í vinnslunni.

4. mynd sýnir rafvæðingu Íslands, og töflur 9—13 eru yfirlit yfir dreifiveiturnar og helstu upplýsingar um hverja um sig. Eins og sjá má eru rafveiturnar afar misstórar. Má greina þær í eftirtalda flokka:

Flokkur nr.	Bil í íbúafjölda	Fjöldi rafveitna	Samanlagður íbúafjöldi í flokki	Meðalfjöldi íbúa á hverja rafveitu
1	Yfir 50 000	1	105 453	105 453
2	20 000—50 000	1	49 510	49 510
3	10 000—20 000	2	24 484	12 242
4	4 000—10 000	3	15 229	5 076
5	Undir 4 000	16	22 891	1 431

Hér er sleppt tveim rafveitum, er starfa í sveit utan orkuveitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins, þar eð tilvist þeirra ræðst af sérstæðum staðháttum og þær eru því ekki vel sambærilegar við dreifiveitur í kauptúnum og kaupstöðum í því sem hér um ræðir.

Það, sem einkum vekur athygli, er hinn mikli fjöldi fyrirtækja í síðasta flokknum og hinn lági íbúafjöldi, sem kemur á hvert um sig.

VII. AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS OG NÚVERANDI SVÆÐASKIPTING ÞEIRRA

Rekstur rafveitna á Íslandi hófst með tilkomu rafstöðvar Jóhannesar Reykdals að Hörðuvöllum í Hafnarfirði árið 1904. Fljótlega var leitt rafmagn frá stöðinni til nokkurra húsa í nágrenninu. Á næstu árum og áratugum voru svo reistar rafstöðvar til almenningsnota víðs vegar um landið í kaupstöðum og kauptúnum, ýmist vatnsafls- eða mótorstöðvar. Þessar stöðvar voru oftast í eigu sveitarfélaganna, en stundum einstaklinga eða félaga. Þetta reyndist oft og tíðum erfitt brautryðjandastarf; kostnaður mikill, tæknileg mistök og ýmis önnur óáran af völdum styrjaldar o. fl. Svo var komið upp úr 1940, að fjöldi þéttbýlisstaða á landinu var mjög illa á vegi staddur í raforkumálum. Sumir staðirnir höfðu alls ófullnægjandi orku og dýra, aðeins til brýnustu þarfa, aðallega ljósa og allra smæsta iðnaðar. Aðrir höfðu nær ekkert. Jafnvel einstaklingar voru að basla með ýmiss konar smámótorstöðvar.

Var þá farið að þrýsta að ríkinu um, að það aðhefðist eitthvað til úrbóta í þessum málum. Ríkisábyrgðir voru veittar í allstórum mæli til bygginga rafstöðva og kerfa. Vanskilaskuldir söfnuðust upp hjá Ríkisábyrgðasjóði, og ástandið fór jafnt og þétt versnandi. Svo fór, að ríkið ákvað að hefjast handa um aðgerðir til úrbóta. Lögð var háspennulína til Suðurnesja og og kauptúnanna austanfjalls samkvæmt sérstökum heimildarlögum, og fleira var gert af svipuðu tagi annars staðar á landinu á þessu tímabili. Þá lét ríkið framkvæma á þessum árum ýmiss konar áætlanir og athuganir á virkjunarmöguleikum og línulögnum víðs vegar á landinu og að auki heildarathugun á eins konar landsrafvæðingu, samkvæmt ákvörðun Alþingis þar um, og allt var þetta framkvæmt samkvæmt sérstökum ákvörðunum og samþykktum ríkisstjórnar og Alþingis í hverju tilviki. Komið var fram á fimmta tug aldarinnar. Fólkið kallaði á raforku í þéttbýli sem strjálbýli, heimilin til að auka lífsþægindin, atvinnugreinarnar til þess að geta aukið afköst sín og aukið fjölbreytni í ýmiss konar framleiðslu. Ríkisvaldið taldi óhjákvæmilegt að taka þetta stórkostlega hagsmunamál þegnanna til skipulegrar meðferðar og var hafinn undirbúningur að setningu heildarlöggjafar um raforkumál landsins. Árangur þessa var raforkulögin, sem samþykkt voru á Alþingi 1946. Í þeim lögum var gert ráð fyrir stórátaki af hálfu ríkisins í rafvæðingu landsbyggðarinnar. Rafmagnsveitur ríkisins skyldu stofnaðar til þess að annast framleiðslu og aðalflutning raforku, og

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins skyldu einnig stofnaðar til þess að koma upp dreifiveitum og annast rekstur þeirra í strjálbýli, að nokkru með þátttöku héraðanna. Ríkisveiturnar hófu svo formlega starfsemi sína 1. jan. 1947, og kom strax í ljós, hve viðamikil verkefni biðu þeirra víðs vegar um landið. Frá öllum landshlutum var sótt á Rafmagnsveitur ríkisins um aðstoð, ýmist beint, þ. e. a. s. að yfirtaka reksturinn að öllu leyti, eða óbeint, þ. e. aðstoð við umbyggingu kerfanna og aðflutningur á raforku.

Skilningur fjárráðamanna var mikill á raforkuhungri landsbyggðarinnar. Geysimiklum fjárhæðum á þeirra ára mælikvarða var varið til sveitarafvæðingar, byggingar orkuvera og flutningalína og kannske ekki alltaf spurt um hagkvæmni eða afkomumöguleika þessara fyrirtækja. En hér urðu mikil umskipti og meiri væntanleg hjá hinum raforkusnauðu byggðum. Fjöldi forsvarsmanna kauptúna og kaupstaða óskuðu eftir, að Rafmagnsveitur ríkisins tækju við rafveitum þeirra, og varð ríkið við þeim óskum, enda þótt þeir baggar væru á ýmsum stöðum æðiþungir. Í flestum tilvikum var um að ræða dísilstöðvar fyrir viðkomandi kauptún og oftast nær mjög léleg og ófullnægjandi dreifikerfi. Rafmagnsveiturnar urðu því hið fyrsta að hefja umbyggingu og í mörgum tilfellum nýbyggingu dreifikerfanna ásamt fullnægjandi orkuöflun, sem ýmist var með línulögnum frá vatnsorkuverum eða umbyggingu dísilstöðva. Til þess að mismuna ekki raforkunotendum Rafmagnsveitnanna var fljótlega ákveðið, að sama smásöluverð á raforku frá þeim skyldi gilda um allt land.

Á þeim fyrstu 25 árum, er liðu frá stofnun Rafmagnsveitna ríkisins (nokkur breyting var ákveðin á þeim með orkulögunum 1967), hefur ríkið lagt fram fé til hinna mismunandi rafvæðingarþátta landsins sem hér segir, án umreiknunar til núverandi verðlags:

1.	Til virkjana og dísilstöðva	425 Mkr.
2.	Til aðalorkuflutningslína	285 —
3.	Til bæjarkerfa	170 —
4.	Til sveitarafvæðingar	525 —
	Samtals	1405 Mkr.

Verðmæti þessara mannvirkja, miðað við núverandi verðlag, er vafalítið yfir þrjá milljarða króna.

Með þessum fjármunum hefur ríkið tryggt um 49 000 manns bein kaup á raforku (smásala) frá Rafmagnsveitum ríkisins og auk þess flutning á orku (heildsala) til byggðarlaga með um 36 000 manns. Þá hefur ríkið einnig gerst helmingsaðili í stærstu orkuverum landsins: Landsvirkjun og Laxárvirkjun. Þegar frá er talið höfuðborgarsvæðið, er svo komið, að nærri lætur að Rafmagnsveitur ríkisins sjái beint eða óbeint um 84% annarra landsmanna fyrir raforku. Ekki verður um það deilt, að með þessu móti hefur okkur íslendingum tekist að sjá nær öllum þegnum þjóðarinnar fyrir nægri raforku, tekist með ágætum og sannað áþreifanlega, hve vel þetta rekstrarfyrirkomulag hentar í rafveiturekstri hér á landi.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki sætt neinni teljandi gagnrýni frá notendum sínum, hvorki sveitarfélögum né einstaklingum, á þessu árabili, þegar frá eru taldar kvartanir um of hátt raforkuverð, en það er þáttur, sem á sínar eðlilegu orsakir. Hinn eiginlegi rafveiturekstur mun hjá fáum rafveitum hérlendis vera hagkvæmari né þjónustubetri. Rafmagnsveiturnar hafa gengið á undan öðrum rafveitum á ýmsum rekstrarsviðum og má þar til nefna bókhald, álesturs- og innheimtufyrirkomulag, tilkomu nýrra gjaldskrárliða, birgðahald, varnarviðhald virkja og véla í rekstri, breytt gæslufyrirkomulag á rafstöðvum, snyrtimennsku í frágangi og umhirðu mannvirkja, og fleira mætti tilfæra.

Sú eina verulega gagnrýni, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið fyrir, hefur komið frá forsvarsmönnum rafveitna sveitarfélaga og hefur beinst að því einu, að

„ríkið“ skuli vera rekstraraðilinn. En telja verður að það („ríkið“) megi vel við una, hve vel hefur tekist um þennan rekstur þess.

Þær raddir hafa heyrst í seinni tíð, að eðlilegt væri að héruðin úti á landsbyggðinni hefðu einhverja aðild að rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Eins og áður eru þessar raddir háværastar frá þeim, sem ekki njóta þjónustu Rafmagnsveitna ríkisins, frá þeim aðilum, er sjálfir reka rafveitur sveitarfélaganna.

Allur rafveiturekstur á Íslandi er í höndum hins opinbera, en ekki einkaaðila, ýmist bæjar- og sveitarfélaga eða ríkisins. Fyrir þjóðarbúið hlýtur því að ráða í vali um framtíðarfyrirkomulag, hvað best hefur reynst. Stórar rekstrarreiningar eru hér tvímælalaust heppilegar. Sjálfstæð félög, sameign ríkis og sveitarfélaga, kæmu vafalaust til greina sem heppileg lausn, þar sem hægt væri að beita hagkvæmni og nauðsynlegri sérkunnáttu í byggingu og rekstri.

Sjá núverandi svæðaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins á mynd 5.

VIII. TÖFLUR

Tafla 1. Afl og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1975.

Nr.	Stöðvar	Ástimplað afl 1975-12-31 kW	Mesta álag 1975 kW	Orku-vinnsla 1975 MWh	Aukning vinnslu 74/75 %
1.	**Vatnsafl**				
1	Búrfell	240 000	217 000	1 399 902	÷ 2,6
2	Steingrímsstöð	26 400	28 000	145 346	÷ 5,7
3	Írafoss	47 800	49 400	271 550	÷ 7,6
4	Ljósafoss	14 600	15 900	94 606	÷ 14,3
5	Elliðaár	3 160	1 390	1 165	133,9
6	Andakíll	7 920	6 000	35 856	33,3
7	Rjúkandi	840	975	7 157	÷ 11,5
8	Mjólká	8 100	2 495	18 169	11,5
9	Reiðhjalli	400	440	2 851	÷ 3,6
10	Fossavatn og Nónhornsvatn	1 160	1 200	4 931	8,4
11	Mýraá	60	60	269	÷ 0,4
12	Blævadalsá	200		107	
13	Þverá	1 736	1 372	4 174	15,6
14	Laxárvatn	480	480	3 756	6,0
15	Gönguskarðsá	1 064	1 275	9 359	16,5
16	Skeiðsfoss	3 200	2 580	11 342	5,0
17	Garðsá	174	170	1 046	÷ 1,7
18	Laxá	20 460	21 000	149 513	3,8
19	Lagarfoss	7 500	7 200	21 153	
20	Fjarðará	160	166	1 153	÷ 7,9
21	Grímsá	2 800	3 208	11 297	÷ 47,7
22	Búðará	240	180	893	÷ 9,4
23	Smyrlabjargaá	1 000	1 441	10 040	19,6
	Alls	389 454		2 205 635	÷ 2,3
2.	**Jarðvarmi**				
1	Námafjall	2 625	3 000	18 347	136,7
3.	**Olíustöðvar**				
1	Elliðaárstöð	19 000	18 000	1 373	÷ 73,7
2	Straumsvík	35 000	34 500	2 090	2,6
3	Vestmannaeyjar	2 540	1 700	1 558	÷ 48,3
4	Aðrar (44)[1]	47 625		66 501	0,3
	Alls	104 165		71 522	÷ 6,6
	Samtals	496 244		2 295 504	÷ 2,0

[1] Sjá sundurliðun á töflu 2.

Tafla 2. Afl og orkuvinnsla olíustöðva 1975.

Nr.	Stöðvar	Ástimplað afl 1975-12-31	Orku-vinnsla 1975	Aukning vinnslu 74/75
		kW	MWh	%
1	Kirkjubæjarklaustur	575	216	÷ 74,9
2	Vík í Mýrdal	268	0	
3	Ólafsvík	1 100	2 078	÷ 57,0
4	Stykkishólmur	1 190	1 680	÷ 69,8
5	Búðardalur	995	3 863	27,9
6	Saurbær	345	360	44,0
7	Reykhólar	643	163	
8	Flatey	45	38	22,6
9	Patreksfjörður	900	3 149	82,7
10	Sveinseyri	420	91	2,2
11	Bíldudalur	950	2 216	113,3
12	Þingeyri	500	1 225	105,5
13	Flateyri	580	1 629	13,1
14	Suðureyri	723	492	
15	Bolungarvík	409	487	÷ 33,9
16	Ísafjörður	890	690	÷ 13,1
17	Súðavík	100	–	–
18	Snæfjöll	11	–	–
19	Drangsnes	409	414	
20	Hólmavík[1])	–	453	÷ 46,6
21	Reykir	450	205	52,2
22	Laxárvatn	2 820	4 572	÷ 1,3
23	Skagaströnd	250	1	
24	Sauðárkrókur I	1 200	3 167	÷ 31,0
25	Sauðárkrókur II	200	–	–
26	Siglufjörður	1 500	2 515	55,3
27	Grímsey	135	284	8,8
28	Hrísey	100	–	–
29	Hjalteyri	320	–	–
30	Akureyri	14 389	11 663	83,8
31	Húsavík	500	74	÷ 14,0
32	Raufarhöfn	836	145	
33	Þórshöfn	448	78	
34	Bakkafjörður	190	194	18,3
35	Vopnafjörður	1 224	4 026	19,7
36	Bakkagerði	160	15	÷ 58,3
37	Seyðisfjörður	3 800	5 067	÷ 32,5
38	Neskaupstaður	3 000	5 244	÷ 31,3
39	Eskifjörður	1 200	772	
40	Reyðarfjörður	250	46	÷ 2,1
41	Fáskrúðsfjörður	940	2 199	÷ 34,3
42	Stöðvarfjörður	480	1 623	
43	Djúpivogur	830	2 397	60,2
44	Höfn í Hornafirði	1 350	2 970	74,1
	Alls	47 625	66 501	0,3

[1]) Dísilstöðin, 1150 kW, var flutt frá Hólmavík í mars.

Tafla 3. Aðalháspennukerfi landsins 1.1. 1976.

Spenna kV	Landsvirkjun km	Andakílsár-virkjun km	Laxárvirkjun km	Rafmagnsv. ríkisins km	Skeiðsfoss km	Alls km
19	–	–	–	976	–	976
22	–	–	–	–	22	22
33	37	–	–	1024	–	1061
66	45	60	56	276	–	437
132	62	–	–	87	–	149
220	218	–	–	–	–	218
Alls	362	60	56	2363	22	2863

Tafla 4. Afl og orkuvinnsla eftir orkuvinnslusvæðum 1975.

Orkuvinnslusvæði	Rafvæðing 1975–12–01 íbúar	Ástimplað afl 1975–12–31 kW	Orkuvinnsla 1975 MWh
Landsvirkjunarsvæði	162 700	401 388	1 968 440
Suður- og Vesturland	162 700	401 388	1 968 440
Flatey	17	45	38
Vestfirðir	7 990	15 132	35 930
Mýraársvæði	219	271	376
Þverársvæði	1 240	3 133	5 564
Vestfirðir	9 466	18 581	41 908
Norðurland	30 552	46 142	200 880
Skeiðsfosssvæði	3 427	4 874	14 903
Grímsey	83	135	284
Norðurland	34 062	51 151	216 067
Bakkafjörður	110	190	194
Vopnafjörður	835	1 224	4 026
Grímsársvæði	9 129	21 360	51 859
Smyrlabjargaársvæði	1 858	2 350	13 010
Austurland	11 932	25 124	69 089
Landið	218 160	496 244	2 295 504
Landsvirkjunarsvæði án stórnotkunar	–	–	665 024
Landið án stórnotkunar	–	–	992 088
Stórnotkun	–	–	1 303 416

ATH.:
873 íbúar höfðu rafmagn frá einkarafstöðvum eða voru án rafmagns.

Tafla 5. Yfirlit yfir eignaraðild raforkuvera eftir orkuveitusvæðum 1975.

Orkuveitusvæði	Íbúar	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh
Suður- og Vesturland	**162 700**	**401 388**	**1 968 440**
Landsvirkjunarsvæði	**162 700**	**401 388**	**1 968 440**
Landsvirkjun		382 800	1 914 867
Andakílsárvirkjun		7 920	35 856
Rafmagnsveitur ríkisins		4 968	14 994
Rafmagnsveita Reykjavíkur		3 160	1 165
Rafveita Vestmannaeyja		2 540	1 558
Vestfirðir	9 466	18 581	41 908
Flatey	17	45	38
Rafmagnsveitur ríkisins		45	38
Vestfirðir, samtengdir	7 990	15 132	35 930
Rafmagnsveitur ríkisins		12 182	27 160
Rafveita Patrekshrepps		900	3 149
Rafveita Ísafjarðar		2 050	5 621
Mýraársvæði	219	271	376
Rafveita Snæfjalla		71	269
Rafveita Reykjarfjarðar		200	107
Þverársvæði	1 240	3 133	5 564
Rafmagnsveitur ríkisins		3 133	5 564
Norðurland	34 062	51 151	216 067
Norðurland samtengt	30 552	46 142	200 881
Laxárvirkjun		37 474	179 524
Rafmagnsveitur ríkisins		7 968	21 283
Rafveita Sauðárkróks		200	–
Rafveita Húsavíkur		500	74
Skeiðsfosssvæði	3 427	4 874	14 903
Rafveita Siglufjarðar		4 700	13 857
Rafmagnsveitur ríkisins		174	1 046
Grímsey	83	135	284
Rafmagnsveitur ríkisins		135	284
Austurland	11 932	25 124	69 089
Bakkafjörður	110	190	194
Rafmagnsveitur ríkisins		190	194
Vopnafjörður	835	1 224	4 026
Rafmagnsveitur ríkisins		1 224	4 026
Grímsársvæði	9 129	21 360	51 859
Rafmagnsveitur ríkisins		20 870	50 920
Rafveita Reyðarfjarðar		490	939
Smyrlabjargaársvæði	1 858	2 350	13 010
Rafmagnsveitur ríkisins		2 350	13 010
Samtals	218 160	496 244	2 295 505

Ath.:
Saurbæjarhreppur í Dalasýslu talinn með Vestfjörðum.
Bæjarhreppur í Strandasýslu talinn með Norðurlandi.
873 íbúar höfðu rafmagn frá einkarafstöðvum eða voru án rafmagns.

Tafla 6. Rafstöðvar sundurliðaðar eftir eigendum 1975.

Eigendur rafstöðva	Ástimplað afl kW				Orkuvinnsla MWh				Aukning vinnslu 74/75
	Vatn	Varmi	Alls	%	Vatn	Varmi	Alls	%	%
1	2	2	2	5	6	7	8	9	10
Ríki og bæjarfélög ...	349 260	71 014	420 274	84,7	2060 917	33 474	2094 391	91,3	÷ 3,1
Rafmagnsveitur ríkisins	24 254	28 985	53 239	10,7	90 155	48 364	138 519	6,0	6,2
Bæjar- og sveitarfélög	15 940	6 791	22 731	4,6	54 563	8 032	62 595	2,7	22,0
Samtals	389 454	106 790	496 244	100,0	2205 635	89 870	2295 505	100,0	÷ 2,0
%	78,5	21,5	100,0		96,1	3,9	100,0		

Tafla 7. Skrá yfir rafstöðvar. Raðað eftir eigendum 1975.

Nr.	Rafstöðvar	Ástimplað afl kW
1.	**Ríki og bæjarfélög**	**420 274**
	Vatnsafl	**(349 360)**
1	Búrfell	240 000
2	Steingrímsstöð	26 400
3	Írafoss	47 800
4	Ljósafoss	14 600
5	Laxá	20 460
	Varmaafl	**71 014**
1	Elliðaár	19 000
2	Straumsvík	35 000
3	Akureyri	14 389
4	Námafjall	2 625
2.	**Rafmagnsveitur ríkisins**	**39 802**
	Vatnsafl	**24 254**
1	Rjúkandi	840
2	Mjólká	8 100
3	Reiðhjalli	400
4	Þverá	1 736
5	Laxárvatn	480
6	Gönguskarðsá	1 064
7	Garðsá	174
8	Lagarfoss	7 500
9	Fjarðará	160
10	Grímsá	2 800
11	Smyrlabjargaá	1 000
	Varmaafl	**28 985**
1	Kirkjubæjarklaustur	575
2	Vík í Mýrdal	268
3	Ólafsvík	1 100
4	Stykkishólmur	1 190
5	Búðardalur	995
6	Saurbær	345
7	Reykhólar	643
8	Flatey	45
9	Sveinseyri	420
10	Bíldudalur	950
11	Þingeyri	500
12	Flateyri	580
13	Suðureyri	723
14	Bolungarvík	409
15	Súðavík	100
16	Drangsnes	409
17	Reykir	450
18	Laxárvatn	2 820
19	Skagaströnd	250
20	Sauðárkrókur	1 200
21	Grímsey	135
22	Hrísey	100
23	Hjalteyri	320
24	Raufarhöfn	836
25	Þórshöfn	448
26	Bakkafjörður	190
27	Vopnafjörður	1 224
28	Bakkagerði	160
29	Seyðisfjörður	3 800
30	Neskaupstaður	3 000
31	Eskifjörður	1 200
32	Fáskrúðsfjörður	940
33	Stöðvarfjörður	480
34	Djúpivogur	830
35	Höfn í Hornafirði	1 350
3.	**Bæjar- og sveitarfélög**	**22 811**
	Vatnsafl	**(15 940)**
1	Elliðaár	3 160
2	Andakíll	7 920
3	Fossavatn og Nónhornsvatn	1 160
4	Mýraá	60
5	Blævadalsá	200
6	Skeiðsfoss	3 200
7	Búðará	240
	Varmaafl	**(6 871)**
1	Vestmannaeyjar	2 540
2	Patreksfjörður	900
3	Ísafjörður	890
4	Snæfjöll	11
5	Sauðárkrókur	200
6	Siglufjörður	1 500
7	Húsavík	500
8	Reyðarfjörður	250

Tafla 8. Raforkuvinnslufyrirtæki 1975.

Fyrirtæki	Ástimplað afl, 1975-12-31			Orkuvinnsla 1975			Aukn. vinnslu
	Vatn kW	Varmi kW	Alls kW	Vatn MWh	Varmi MWh	Alls MWh	74/75 %
Landsvirkjun	328 800	54 000	382 800	1 911 404	3 463	1 914 867	÷4,4
Andakílsárvirkjun	7 920	.	7 920	35 856	.	35 856	33,3
Laxárvirkjun	20 460	17 014	37 474	149 513	30 010	179 523	13,5
Rafmagnsveitur ríkisins	24 254	28 985	53 239	90 155	48 364	138 519	6,2
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3 160	.	3 160	1 165	.	1 165	133,9
Rafveita Vestmannaeyja	.	2 540	2 540	.	1 558	1 558	÷48,3
Rafveita Patrekshrepps	.	900	900	.	3 149	3 149	82,7
Rafveita Ísafjarðar	1 160	890	2 050	4 931	690	5 621	5,2
Rafveita Snæfjalla	260	11	271	376	.	376	39,3
Rafveita Sauðárkróks	–	200	200	–	–	–	–
Rafveita Siglufjarðar	3 200	1 500	4 700	11 342	2 515	13 857	11.5
Rafveita Húsavíkur	–	500	500	–	74	74	÷14,0
Rafveita Reyðarfjarðar	240	250	490	893	46	939	÷9,1
Samtals:	389 454	106 790	496 244	2 205 635	89 869	2 295 504	÷2,0

99.02	00	**Myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir, enda sé um frumverk að ræða**	0	0		0		0		0		0
99.03	00	**Höggmyndir og myndastyttur, úr hvers konar efni, enda sé um frumsmíð að ræða**	0	0		0		0		0		0
99.04	00	**Frímerki, stimpilmerki og önnur áþekk merki (þar með talin póststimpilmerki, póststimpluð umslög, bréfkort o. þ. h.), notuð, eða ef ónotuð þá ógild hér á landi**	0	0		0		0		0		0
99.05	00	**Dýrafræðileg, grasafræðileg, jarðfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg og myntfræðileg söfn og safnmunir**	0	0		0		0		0		0
99.06	00	**Forngripir yfir 100 ára gamlir**	20	20		20		20		10		0

Tollfrjáls innflutningur

2. gr.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt 1. gr. skulu eftirtaldar vörur einnig undanþegnar gjöldum:

1. Fylgifé fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum og er að mati tollyfirvalds ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgifé ekki flutt úr viðkomandi fari.
2. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
3. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda.
4. Vanalegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða.
5. Vanalegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin nota ferðamannanna á ferðalaginu að ræða.
6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
7. Notaðir heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi verið búsettur erlendis í a. m. k. eitt ár áður en hann flutti til landsins og munirnir verið í eigu hans allt það ár. Ökutæki og önnur farartæki teljast ekki til heimilismuna í þessu sambandi.
8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda
   a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milligöngu aðilja sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,
   b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
   c. viðkomandi afhendi fullfrágengna aðflutningsskýrslu um hina innfluttu eða keyptu vöru. Skýrslan sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
   d. og því sé lýst yfir að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeigandi, fjölskyldu hans og/eða til heimilishalds hans hér.

   Tollfrelsið má binda því skilyrði að íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.
9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjörræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.
10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
11. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein.

Undanþágu- og lækkunarheimildir

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæslunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur, eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki sök viðtakanda og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fullnægjandi tryggingu um endurútflutning og greiðslu gjalda ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning á vörum sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, svo og á vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — án eða gegn fullnægjandi fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu gjalda ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, enda hafi brúður eða brúðgumi haft fasta búsetu erlendis í tvö ár fyrir brúðkaupið. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra farartækja.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum sem hafa fallið í arf erlendis. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra farartækja.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra. Enn fremur af gjöfum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 5 000 kr. tollverðmæti að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki gjöld af bifreiðum og bifhjólum sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. tvö ár og ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir undanþága þessi í þrjá mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja hana um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:
    a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
    b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
    c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

    Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar undanþágu frá greiðslu gjalda og er þá heimilt að framlengja hana um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu sérstaks gjalds sem nema skal ákveðnum hundraðshluta á mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis.

Undanþága þessi er að öðru leyti háð því að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.
b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
c. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð flutt utan þegar að tólf mánuðum liðnum frá því að það var flutt hingað til lands.
d. Að hann hlíti þeim nánari reglum sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir undanþágu frá greiðslu gjalda falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð og tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar á gjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútflutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi og hafa hvorki verið skráð hérlendis né erlendis. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og frekari skilyrði uppfyllt sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

Fjármálaráðuneytið getur í undantekningartilvikum heimilað framlengingu undanþágu samkvæmt 1. og 2. málsgr. án greiðslu hins sérstaka gjalds af cifverði viðkomandi ökutækis.

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður að hluta eða öllu leyti gjöld
    a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
    b. af umbúðum og efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, enda verði hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð umbúða og efnivara.

    Ef hentugra þykir má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur er svari sem næst til þeirra gjalda er greidd hafa verið eða rétt þykir að endurgreiða.
12. Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.
13. Að samræma gjöld af vörum ef vara úr tilteknu efni ber hærra gjald en hliðstæð vara úr öðru efni.
14. Að fella niður gjöld af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af umbúðum sem eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
17. Að fella niður gjöld af vörum sem teljast til tnr. 34.02.09 og 38.19.49 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur.

18. Að fella niður gjöld af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf.
19. Að fella niður gjöld af fræðandi skuggamyndum sem yfirvöld fræðslumála flytja til landsins.
20. Að fella niður gjöld af bókum á íslensku, prentuðum erlendis, enda séu bækurnar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt.
21. Að fella niður með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.
22. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsiðngreinum eða til framleiðslu á ótollvernduðum vörum.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigu eða áætlaðri leigu fyrir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að fella niður gjöld af lifandi dýrum í dýragarða.
27. Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað, eða fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda af hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meira en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þúsund krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið.

    Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er úrskurðar umsóknir um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá þriðji án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

    Enn fremur er ráðunevtinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og tækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.
28. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í báta og skip sem smíðuð eru, gert er við, breytt eða endurbætt eru innanlands.
29. Að lækka í 30% toll af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða toll af þrýstivatnspípum, hverflum svo og hreyflum minni en 400 hestöfl DIN, til notkunar við raflýsingu á sveitabæjum, sem svari því að af vörum þessum sé greiddur 10% tollur.
31. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af bæklingum og ritum sem seld eru eða er dreift erlendis til landkynningar.
32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél er vöruna flytur hingað.
33. Að fella niður gjöld af vörum til lækninga sem nefndar eru í a-e lið 3. athugasemdar við 30. kafla tollskrár og teljast til tnr. 30.05.00.
34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum, sykri og kaffi, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.
35. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af tækjum sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi.

37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, svo og stöfum, úrum og öðrum búnaði sem sérstaklega er gerður fyrir blint eða verulega sjónskert fólk, enda sé búnaður þessi fluttur til landsins af Blindrafélaginu eða Blindravinafélaginu til nota fyrir framangreint fólk.
38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
39. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
40. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar.
41. Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi. Enn fremur er heimilt að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.
42. Að fella niður gjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti tiltekinna vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki aðrar innflutningshömlur um slíkan varning en settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.
43. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu fyrir hvert sveitarfélag.
44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum sem góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því að greiddur sé 7% tollur.
46. Að fella niður gjöld af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir Ríkisútvarp/sjónvarp.
48. Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum að fob-verðmæti allt að kr. 10 000, enda verði greidd af þeim gjöld miðað við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir.
49. Að fella niður gjöld af sýnishornum verslunarvara og auglýsingarefnis, svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörurnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir.
51. Að semja svo um að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr. sem merkt eru með stjörnu (*) skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01.00	80%	11.01.11	0	18.03.00	40%
08.05.00	90%	11.01.12	0	18.04.00	40%
08.06.10	12%	11.01.22	0	18.05 00	50%
08.12.02	40%	11 01.23	0	19.03.00	80%
08.12.03	40%	11.01.24	0	19.07.00	80%
08.12.09	40%	11.02.21	0	19.08.00	80%
10.01.00	0	15.07.89	30%	20.02.00	60%
10.05.00	0	15.10.19	30%	20.06.00	50%
10.06	0	15.12.09	35%	20.07.01	40%

20.07.09	50%	53.07	50%	73.13.59	15%
21.05.00	100%	55.09.23	50%	73.15.82	15%
21.07.01	40%	58.04.30	65%	73.18.31	15%
22.05.01	20%	64.01.01	25%	73.27.02	20%
22.05.02	20%	64.01	50%	78.04.01	15%
22.05.03	20%	64.02.01	80%	82.02.00	35%
22.05.09	20%	64.02.09	80%	82.03.00	35%
22.09.05	20%	64.06.00	100%	82.05.00	35%
22.09.09	20%	69.11.00	100%	82.06.00	35%
23.07.00	0	69.12.00	100%	83.07.05	70%
28.30.01	20%	70.04.00	35%	84.09.00	25%
30.04.00	35%	70.05.00	35%	84.19.09	25%
31.04.22	0	70.06.00	35%	84.23.09	25%
32.05.00	25%	70.07	50%	84.30.05	10%
32.07.00	25%	70.08.00	50%	84.32.00	25%
32.09.09	60%	70.10.09	60%	84.35.00	25%
32.12.00	60%	73.09.00	15%	84.36.00	25%
33.06.02	125%	73.10.11	15%	84.37.01	25%
33.06.03	125%	73.10.19	35%	84.37.09	25%
33.06.04	125%	73.10.21	35%	84.40.11	35%
34.02.01	110%	73.10.23	35%	84.42.00	25%
34.02.09	110%	73.10.29	15%	84.45.00	25%
37.07.00	1 kg 50 kr.	73.11.10	15%	84.47.01	25%
38.19.19	50%	73.11.20	15%	84.49.00	25%
39.02.87	35%	73.12.00	15%	84.59.23	25%
39.02.99	40%	73.13.10	15%	85.05.00	35%
39.07.89	70%	73.13.20	15%	87.07.00	25%
40.09	35%	73.13.30	15%	90.16.00	35%
44.23.01	40%	73.13.51	15%		

52. Að endurgreiða eða fella niður gjöld af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar.
53. Að lækka í 15% toll af bifreiðum sem hjálpar- og björgunarsveitir festa kaup á og þegar eftir tollafgreiðslu verða sérstaklega útbúnar til leitar og sjúkraflutninga.
54. Að endurgreiða eða lækka í 50% toll af merktum borðbúnaði í tnr. 69.11.00, 69.12.00, 70.13.00, 73.38.11, 73.38.19, 82.09.01 og 82.14.00, sem fluttur er inn til veitingarekstrar af hótel- og veitingahúseigendum, svo og af merktum borðbúnaði fyrir spítala, hæli, elliheimili og aðrar heilsugæslustöðvar.
56. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.
58. Að fella niður gjöld af skíðalyftum.
59. Að lækka í 7% toll af reykháfum fiskimjölsverksmiðja sem settir verða upp að kröfu heilbrigðisyfirvalda.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um undanþágu- og lækkunarheimildir samkvæmt þessari grein.

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu

4. gr.

Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum skal greiða af vörunum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága, sem felst í þessum ákvæðum, er þó bundin þeim skilyrðum

a. að vöru sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en hún er flutt til útlanda,
b. að við útflutning skrái útflytjandi á þar til gert eyðublað nákvæma lýsingu á vöru og fyrirhugaðri viðgerð eða aðvinnslu hennar,
c. að viðkomandi tollstarfsmaður votti á eyðublaðið að vöru hafi verið framvísað og lýsing útflytjanda sé rétt,
d. að við endurinnflutning vöru sé hinni staðfestu lýsingu framvísað við tollafgreiðslu.

Breyti vörur þær, sem sendar eru til útlanda til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum sem fram fara erlendis.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi.

B

Tollmeðferð o. fl.

Tollverð vara og verðtollun

5. gr.

Tollverð (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er eðlisverð (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, á þeim tíma sem varan er tekin til tollmeðferðar.

Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað

a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

Innflutningsstaður vöru telst sá staður þar sem hún er affermd úr því fari sem flutti hana til landsins.

6. gr.

Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsgr. 5. gr., skulu innifalin í eðlisverði og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýsluþóknun.
4. Miðlaraþóknun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

7. gr.

Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, skal við það miðað

a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
b. að það hafi ekki áhrif á verðið að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.

Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef

a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til rétts eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vöru, sem keypt er til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því að kaup eru gerð og þar til varan er tekin til tollmeðferðar.

8. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli og hvað sé eðlilegt flutningsgjald og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í eðlis- og tollverði.

9. gr.

Nú fást ekki fullnægjandi gögn um verð vöru og skal þá verðtollur greiddur af verði sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma sem vara er tekin til tollmeðferðar.

10. gr.

Nú er verð vöru eigi tilgreint eða tollstarfsmenn telja við tollmeðferð vöru að verð það sem staðfest kann að vera með framlögðum skjölum sé ekki hið rétta tollverð hennar og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara.

Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Sætti viðtakandi vöru sig ekki við það verð sem ákveðið hefur verið skv. 1. og 2. málsgr., getur hann gert skriflega kröfu um yfirmat til viðkomandi tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna.

Tollyfirvald getur einnig krafist yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að matið verði framkvæmt af þrem dómkvöddum matsmönnum sem tilkynna skulu viðtakanda vöru og tollyfirvaldi hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar, eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því sem við verður komið, og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi bætur fyrir rýrnun eða skemmdir, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, og hann eða aðrir eiga ekki sök á rýrnuninni eða skemmdunum, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir skoðun og mat vörunnar og telji bæturnar ekki of háar miðað við ástand hennar.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Fjármálaráðuneytið getur ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi, sem skráð er í bönkum hér á landi, skuli við ákvörðun tollverðs gilda fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. að innflytjanda vöru, sem eigi hefur verið greidd eða greiðsla tryggð fyrir í viðskiptabanka, skuli heimilt að tollafgreiða vöruna á því gengi sem gilti er tollskjöl voru afhent tollyfirvaldi. Tollskjölin skulu þó hafa verið afhent innan þess tíma er fjármálaráðuneytið ákveður skv. 23. gr. og formleg breyting eigi orðið á skráðu gengi íslenskrar krónu eða hlutaðeigandi erlendrar myntar.

Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollyfirvöldum upplýsingar um gengi er þau æskja þess. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki fæst vitneskja um það og skal þá breyta eftir því gengi sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta sem hvílir á þeirri af vörunum sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og deilir niður á aðflutningsskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiða skuli tiltekna fjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða að tollverðið miðist

við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra bifreiða sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika sem um ræðir í 1.—3. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna sem afhenda ber vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 21. gr. laga þessara.
3. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka, eftir að skjöl eru afhent skv. 1. tölulið en áður en tollafgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komist í hendur viðtakanda án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

Aðflutningsskýrsla

15. gr.

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar skal hann afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga sem póststofnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vörur eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá sem ráðuneytið setur.

16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar þar sem tollafgreiðslan á að fara fram og hvenær þær komu þangað (heiti fars, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjatölu og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hverrar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúmmál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hverrar einstakrar vöru kominnar um borð í far sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hverrar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til að tekin verði upp í aðflutningsskýrslu og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að tilgreind verði.

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 32. gr. þessara laga,

að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt,
að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,
að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðhækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendrar myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu má setja fyrirmæli um að þessi atriði skulu vera skráð á framlagðan vörureikning.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og útfyllingu þeirra og ákveða í hve mörgum eintökum þær skuli afhentar.

Nú hefur verið ákveðið í lögum að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt í aðflutningsskýrslu og skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið að tollyfirvald geti krafist þess af innflytjanda að hann framvísi skírteini til sönnunar því að rétt númer sé tilgreint í aðflutningsskýrslu.

17. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós að afhentum skjölum er áfátt getur tollyfirvald neitað um tollafgreiðslu uns úr er bætt.

Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl

18. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu og skal tollyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir skal tilgreina á reikningnum hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki eins og t. d. verslunarafsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um,
    að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari,
    að vörurnar séu tilgreindar með því verði sem þær eru seldar fyrir, og
    að hann viti ekki til þess að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra skal einnig tilgreina það á reikningnum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara samkvæmt tollskránni.

Sé vara ekki endanlega seld hingað til lands skal á vörureikningi, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu og gerður er og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, tilgreina eftir því sem við á sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málsgr. þessarar greinar. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverð á sams konar vöru eða hliðstæðri vöru til útflutnings á þeim stað og tíma sem sendingin er send til Íslands. Hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, flugfarmbréfi, fylgibréfi eða öðru flutningsskilríki). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessi einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og að veita undanþágu frá einstökum atriðum ef þurfa þykir.

19. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi, farmskírteini, flugfarmbréf fylgibréf eða annað flutningsskilríki, reikning yfir umbúðarkostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetning hennar, magn og verð. Krefjast má þess að farmskírteini, flugfarmbréf, fylgibréf eða annað flutningsskilríki sé afhent í fleirriti og má tollyfirvald þá halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollyfirvald má gera afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækkun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því hvernig nauðsynlegu eftirliti verði við komið.

20. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18. og 19. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru í 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð, má innheimta 10% viðauka á þann toll eða þau gjöld önnur sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu. Þó skal viðauki aldrei vera hærri en gjaldamismunur í rangri skýrslu og leiðréttri skýrslu.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% viðauka við tollverð, toll eða önnur gjöld sem um ræðir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

21. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18. og 19. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

Heimila má farmflytjendum að afhenda neyðarsendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda taki farmflytjandi fjártryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði.

22. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind er tollyfirvaldi heimilt að krefjast aðgangs að verslunarbókum hlutaðeigandi, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum sem að dómi þess geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

23. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á hvort verð, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

25. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörum sem teknar hafa verið til tollskoðunar. Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

Undirboðs- og jöfnunartollar

26. gr.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsgr. þessarar greinar.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

27. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. málsgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

28. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

29. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum sem um ræðir í síðustu málsgr. 26. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

30. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

31. gr.

Til rannsóknar á því hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar og láta athuga verslunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl sem að áliti þess geta skipt máli við ákvörðun tollsins.

Refsiákvæði

32. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15., 16. og 18. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn, eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvéfengjanlega sýnt fram á, að ósamræmið verði rakið til atriða sem hann eða sá sem gaf skýrslu fyrir hans hönd gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja undan toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá sem skýrslu gaf hefði mátt vita að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta sem leggur fram röng gögn til staðfestingar verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verslunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt ef brot er margítrekað.

33. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

Ýmis ákvæði

34. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll sem hvílir á þeirri vörunni sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvikjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

35. gr.

Nú rís ágreiningur um hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi. Sá úrskurður er fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari grein skulu fylgja erindinu öll þau skjöl sem skipta máli um tollun vöru, s.s. aðflutningsskýrsla, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn sem talin eru í 19. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni. Verði því ekki við komið skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri sem ágreiningur er um.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að halda eftir nauðsynlegum sýnishornum og gögnum, enda sé um um óveruleg verðmæti að ræða og skal með sýnishornin farið svo sem fyrir er mælt í 25. gr. laga þessara.

Fjármálaráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsgr. þessarar greinar, skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

36. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu uns gjaldið er greitt en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

37. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig, að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri upphæð sé sleppt.

38. gr.

Í byrjun hvers mánaðar skulu tollyfirvöld senda Ríkisendurskoðun og Hagstofu Íslands, hvorri stofnun um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreidd-

um í undangengnum mánuði. Fjármálaráðuneytið getur að fenginni tillögu Ríkisendurskoðunar og Hagstofu Íslands kveðið nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskjölum.

39. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., svo og 20. og 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt nefndum tollskrárlögum skulu halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp að lögum um tollskrá o. fl. sem hér er lagt fyrir Alþingi er efnislega beint framhald fyrri breytinga á tollskrárlögum frá árunum 1970 og 1974. Á sama hátt og í fyrri frumvörpum kveður frumvarp þetta á um samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og fríverslunarsamnings Íslands við EBE auk lagfæringa og breytinga á öðrum tollum, einkum vegna breyttrar samkeppnisstöðu innlends verndarvöruiðnaðar.

Frumvarpið er unnið af embættismönnum í tolladeild fjármálaráðuneytisins. Um einstök atriði var haft samráð við iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið og ýmis félagasamtök sem hagsmuna hafa að gæta. Þá hefur ráðuneytið notið aðstoðar vöruskoðunarsérfræðinga við embætti tollstjórans í Reykjavík auk ýmissa sérfræðinga annarra, einkum um tæknileg vafaatriði í vörugreiningu.

Í gildandi tollskrárlögum, sem sett voru 1974, voru þessar breytingar helstar:

1. Tollalækkanir gagnvart EFTA og EBE komu til framkvæmda eins og um hafði verið samið.
2. Framkvæmdar voru samhliða tollalækkanir á vörum frá löndum utan EFTA og EBE (þriðju löndum).
3. Felldir voru niður tollar á vélum og hráefnum til iðnaðar.
4. Fyrsta skrefið var stigið til lækkunar hæstu fjáröflunartolla.

Það frumvarp, sem nú er lagt fyrir Alþingi, felur í sér enn frekari lækkanir tolla samkvæmt framanrituðu en auk þess verulegar breytingar aðrar, einkum og sér í lagi hvað snertir tolla á fjárfestingarvörum og tollalækkanir á ýmsum rekstrarvörum iðnaðarins. Auk gjaldalækkana, sem í frumvarpi þessu felast, er gert ráð fyrir nýju heimildarákvæði í fjárlögum næsta árs, sem tengist þessu frumvarpi, þess efnis að fella megi niður að fullu söluskatt af vélum og tækjum til svokallaðs samkeppnisiðnaðar. Þá er ógetið verulegra efnisbreytinga annarra, einkum umfangsmikilla breytinga sem leiða af breytingum á hinni alþjóðlegu tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins, breytinga á 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um ýmsar undanþágur og lækkunarheimildir auk ýmissa efnisbreytinga sem leiða af ábendingum og óskum, sem komið hefur verið á framfæri við ráðuneytið frá því síðustu tollskrárlög tóku gildi, en ekki hefur verið unnt að taka tillit til, m. a. vegna skorts á lagaheimildum.

Eins og frumvarpið ber með sér eru tollar sýndir eins og þeir verða í ársbyrjun á hverju ári frá 1977 til 1980 og er það sami háttur og á var hafður við samningu frumvarps til tollskrárlaga frá árinu 1974, sem þá sýndi tolla frá ársbyrjun 1974 til ársloka 1976.

Þróun tollamála frá árinu 1970

Ef litið er til baka til ársins 1970 má sjá að verulegar breytingar hafa orðið á íslenskri tollalöggjöf, fyrst og fremst vegna þess fríverslunarsamstarfs sem Ísland hefur gengið til við lönd í V-Evrópu. Tolltekjur sem hlutfall af heildarríkissjóðstekjum og að frádregnum mörkuðum sköttum til sérþarfa hafa verið sem hér segir:

1969	31,9%	1974	25,0%	
1970	30,0%	1975	20,6%	
1971	29,6%	1976	18,3%	(janúar — ágúst)
1972	25,1%	1977	15,8%	(áætlun, sbr. fjárlagafrv.)
1973	26,3%			

Sé tekið tillit til hins sérstaka tímabundna vörugjalds, sem lagt var á í júlí 1975, verða tölur fyrir árin 1975, 1976 og 1977 22,7%, 23,2% og 22,1% (áætlun).

Þessi hlutfallslega rýrnun tolltekna er annars vegar afleiðing samningsbundinna lækkana tolla á verndarvörum, þ. e. á þeim innfluttu vörum sem jafnframt eru

framleiddar hér á landi, og hins vegar vegna tollalækkana á aðföngum til þeirra sömu iðngreina sem þessar vörur framleiða. Þegar á árinu 1970 voru tollar á verndarvörum lækkaðir um 30%, tollar á hráefnum sem næst um 50% og tollar á vélum voru lækkaðir í 7%. Tollar á verndarvörum voru síðan óbreyttir til ársins 1974 er þeir voru lækkaðir um 10% af þeim grunntolli er í gildi var í ársbyrjun 1970. Síðan hafa þeir lækkað um 10% á ári hverju og mun sú lækkun halda áfram til ársins 1980 er tollvernd íslensks samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar) verður að fullu afnumin.

Samhliða lækkun verndartolla var í ársbyrjun 1974 tekin ákvörðun um lækkun tolla á vélum og hráefnum til iðnaðar. Voru allir vélatollar felldir niður og tollar á hráefnum lækkaðir um helming frá því sem þeir höfðu verið í árslok 1973 en síðari helmingur tollalækkana á hráefnum tók gildi 1. jan. 1976. Segja má að frá þeim tíma hafi íslenskur samkeppnisiðnaður nánast búið við tollfrelsi á aðföngum til framleiðslu sinnar. Þessi regla hefur þó ekki verið án undantekninga og er með þessu frumvarpi stefnt að lausn þeirra vandamála sem óleyst hafa verið á þeim aðlögunartíma sem liðinn er frá 1970. Ber þar einkum að nefna niðurfellingu tolla á timbri og ýmis konar plötum til smíða og bygginga úr trjáviði og afnám tolla á ýmsum rekstrarvörum og hlutum („kompónentum“) til iðnaðar. Þá er samningsbundnum tollalækkunum á nokkrum verndarvörum, aðallega hráefnum til fataframleiðslu, hraðað þannig að sú tollalækkun á þessum vörum sem lokið skyldi í ársbyrjun 1980 kemur strax til framkvæmda í ársbyrjun 1977.

Þegar litið er nánar á tölur um hlut tolltekna í heildartekjum ríkissjóðs er það athugunarefni, að þrátt fyrir þessa hlutfallslegu lækkun hefur íslenska tollakerfið enn sérstöðu í samanburði við önnur lönd í V-Evrópu þar sem tolltekjur eru yfirleitt ekki hærri en 1—3% af ríkissjóðstekjum viðkomandi landa. Er þá enn athugunarefni hvort og að hvaða leyti þessi sérstaða valdi því að íslenskum verndarvöruiðnaði séu búin önnur og verri ytri skilyrði hvað snertir gjöld á ýmiss konar aðföngum en keppinautum innan þeirra fríverslunarsvæða sem Ísland tengist. Verður þá fyrst fyrir að tollar á öðrum fjárfestingarvörum en vélum og tækjum hafa yfirleitt ekki lækkað og eru almennt á bilinu 18—35%. Auk þessara háu gjalda er lagður 20% söluskattur á flestar vörur en sambærilegan skatt fá erlendir samkeppnisaðilar endurgreiddan gegnum virðisaukaskattkerfi viðkomandi landa. Þá greiðist 18% vörugjald af ýmsum fjárfestingarvörum sem ekki er lagt á í nágrannalöndum. Meðal annars með hliðsjón af þessum þætti í samanburði á gjöldum innlends verndarvöruiðnaðar annars vegar og erlendra samkeppnisaðila hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því að tollar á helstu fjárfestingarvörum verði lækkaðir í áföngum frá og með ársbyrjun 1978 til ársbyrjunar 1980. Þótt þessu sjónarmiði væri ekki til að dreifa kemur annað til, sem gerir breytingu þessa nær óhjákvæmilega, en það er að tollar á tilbúnum mannvirkjum fara smám saman lækkandi og verða að fullu afnumdir gagnvart EFTA/EBE í ársbyrjun 1980. Í þessu sambandi má minna á, að á undanförnum árum hefur aukist verulega innflutningur á einingarhúsum alls konar svo og stálgrindarhúsum. Smíði innlendra húsa og húshluta úr strengjasteypu auk smíði innlendra einingarhúsa á í samkeppni við þennan innflutning. Þau hráefni innlends byggingariðnaðar sem vega þyngst á metunum í þessu sambandi eru mótatimbur (fura) og steypustyrktarjárn auk annarra mjög mikilvægra efnivara, svo sem byggingarplötur ýmiss konar, þakjárn, pípur o. fl.

Í lögum, sem sett hafa verið um stóriðju hér á landi, hefur löggjafinn viðurkennt það sjónarmið að auk gjalda af hráefnum, vélum og tækjum skyldu einnig felld niður gjöld af helstu fjárfestingarvörum til viðkomandi stóriðju til að jafna samkeppnisaðstöðu á erlendum mörkuðum. Þar sem hingað til hefur nær eingöngu verið um að ræða uppbyggingu stóriðju með útflutning fyrir augum og sölu við aðstæður fríverslunar (þ. e. án tollverndar) hefur annar almennur iðnaður hingað

til ekki notið hliðstæðra ívilnana enda hefur hann í flestum tilvikum notið verulegrar tollverndar. Þegar tollvernd íslensks iðnaðar lýkur í ársbyrjun 1980 verða ekki að öðru jöfnu lengur rök til að gera greinarmun á tollalegri aðstöðu stóriðju og almenns verndarvöruiðnaðar. Breytingar frumvarpsins frá gildandi lögum um tolla á fjárfestingarvörum veita íslenskum iðnaði í veigamiklum atriðum jöfnuð í þessu efni. Tollalækkanir fjárfestingarvara sem hér um ræðir, munu að sjálfsögðu að öðru óbreyttu hafa áhrif til lækkunar byggingarkostnaðar almennt og kemur því jafnt almenningi sem atvinnurekstri til góða.

Ef algerlega á að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar við erlendan og láta hann að auki njóta staðarverndar, sem verið getur veruleg í ýmsum iðngreinum sem framleiða fyrir innlendan markað, sýnist óhjákvæmilegt að taka upp virðisaukaskattkerfi hér á landi eða söluskattskerfi með virðisaukasniði. Þrátt fyrir þær lagfæringar sem í frumvarpinu felast fer ekki hjá því að íslensk tollalöggjöf, sem um langa hríð hefur mótast af háum tollum, verði vart svo lagfærð á skömmum tíma að ekki séu einstök vandamál óleyst. Sérstaklega á þetta við þegar efnivara er jöfnum höndum hráefni til ákveðinnar iðngreinar og mikilvæg neysluvara til almennra nota eins og dæmi eru um. Til þess þó að unnt sé að leiðrétta alvarlegt misræmi af þessu tagi er í 12. tl. 3. gr. frumvarpsins tekið upp heimildarákvæði um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum ýmiss konar í verndarvöruiðnaði, sem af tolltæknilegum ástæðum hefði ekki reynst unnt að leysa nema með því að skerða verulega tekjur ríkissjóðs af innflutningi viðkomandi vöru. Mun ráðuneytið verða að meta hverju sinni beiðni um nýtingu umrædds heimildarákvæðis á grundvelli mikilvægis hvers máls svo og út frá sjónarmiðum öruggrar tollframkvæmdar og samkeppnisaðstöðu viðkomandi framleiðslu.

Sé litið á höfuðþætti breytinga á tollskrárlögum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, má skipta þeim í 9 flokka og verður nú gerð grein fyrir hverjum um sig.

1. Samningsbundnar tollalækkanir gagnvart EFTA og EBE

Samkvæmt upplýsingum um innflutning á tímabilinu frá júlí 1975 til júní 1976 nemur verðmæti innfluttra verndarvara (þ. e. iðnaðarvara sem ákvæði aðildarsamnings að EFTA og fríverslunarsamnings við EBE taka til og jafnframt eru framleiddar hér á landi) um 17,1 milljarði króna af heildarinnflutningi að verðmæti um 73,4 milljarðar króna, eða um 23,2%. Þá er undanskilin innflutningur til ýmissa tollfrjálsra framkvæmda samkvæmt lögum. Af þessum 17,1 milljarði króna eru 14,9 milljarðar frá EFTA eða EBE löndum en 2,2 milljarðar frá löndum utan EFTA og EBE. Tolltekjur af þessum sama innflutningi verndarvara námu á umræddu tímabili 2,5 milljörðum króna, þar af 2,0 milljörðum frá löndum EFTA og EBE.

Á því tímabili, sem frumvarp þetta nær til, koma að fullu til framkvæmda samningsbundnar tollalækkanir gagnvart EFTA og EBE. Séu fyrrgreindar innflutningstölur metnar á grundvelli fjárlagafrumvarps 1977 má ætla að tolltekjur næmu rúmum 2,3 milljörðum króna.

Nokkur frávik frá gildandi tollskrárlögum er að finna í frumvarpinu um til hvaða vara EFTA og EBE tollar (E-tollar) taki. Þannig hafa verið teknir upp E-tollar á nokkrum nýjum vörutegundum, sem framleiðsla hefur hafist á hér innanlands, en jafnframt hafa verið felldir niður sérstakir E-tollar í örfáum tollskrárnúmerum. Samningsbundnum tollalækkunum á nokkrum verndarvörum er hraðað vegna eindreginna tilmæla samtaka iðnaðarins. Vörur þær sem hér um ræðir fengu á sínum tíma sérstakan E-toll, en þar sem þær eru íslenskum iðnaði mun mikilvægari sem hráefni og innlend framleiðsla á þeim mjög takmörkuð eru tollar á vörum þessum felldir niður frá löndum EFTA og EBE frá 1. jan. 1977. Hin veigameiri tollskrárnúmer, sem hér um ræðir, eru eftirfarandi:

51.01.10	51.04.50	58.04.50
51.01.20	51.04.60	58.05.00
51.01.30	53.06.10	58.06.00
51.01.40	53.06.20	58.07.09
51.01.50	53.07.10	59.02.29
51.01.60	53.07.20	59.04.04
51.01.80	55.09.10	59.08.09
51.01.85	55.09.20	60.01.29
51.01.90	55.09.30	60.01.30
51.02.10	55.09.40	60.01.40
51.02.20	58.04.10	60.01.51
51.04.10	58.04.21	60.01.59
51.04.29	58.04.29	61.11.00
51.04.30	58.04.30	
51.04.40	58.04.40	

2. Tollalækkanir á verndarvörum frá löndum utan EFTA og EBE

Óhjákvæmilegt sýnist að tollar á verndarvörum gagnvart þeim löndum sem standa utan EFTA og EBE verði einnig lækkaðir til þess að tollamunur verði eigi óhæfilegur. Rétt þykir þó að benda á að samningarnir við EFTA og EBE byggjast á því að samningsaðilar veiti hvor öðrum tollfríðindi umfram innflutning frá öðrum löndum samkvæmt 24. gr. GATT-sáttmálans.

Við mat á því hvaða tollalækkunaraðferð skyldi beitt gagnvart þessum löndum var eftirfarandi leið af mörgum valin. Gert er ráð fyrir að ytri tollar lækki þannig að þeir ákvarðist sem ákveðið hlutfall af þeim tolli (hér eftir nefndur grunntollur) sem í gildi var í ársbyrjun 1970 (þ. e. áður en Ísland gerðist aðili að EFTA). Tollalækkunin verði þó hlutfallslega meiri eftir því sem grunntollurinn var hærri. Þannig er gert ráð fyrir að grunntollar á bilinu 75%—100% verði lækkaðir í 22% af upphaflegum tolli, eða um 78%, en grunntollar á bilinu 9%—12% verði lækkaðir í 40% af upphaflegum tolli, eða um 60%. Grunntollur, sem var lægri en 9%, verði lækkaður í 4% sem verði lægsti ytri tollur, nema í þeim tilvikum sem grunntollurinn var upphaflega lægri, eða 2%, en þá er sá tollur látinn halda sér.

Tollalækkunarhlutföllin, sem notuð eru, verða þá sem hér segir:

x = grunntollur 1. jan. 1970.
y = ytri tollur.

$100 \geq x > 75$	$y = 0{,}22x$
$75 \geq x > 50$	$y = 0{,}25x$
$50 \geq x > 25$	$y = 0{,}30x$
$25 \geq x > 12$	$y = 0{,}35x$
$12 \geq x > 9$	$y = 0{,}40x$
$9 \geq x > 2$	$y = 4$
$2 \geq x$	y = óbreytt

Yfirlit yfir tollalækkunarferil ytri og innri tolla fram til 1. janúar 1980 samkvæmt þessari tillögu er að finna í fylgiskjali.

Tekjutap ríkissjóðs vegna þessara tollalækkana samkvæmt sömu innflutningstölum og fyrr er að vikið mun vera um 75 m. kr. á ári eða um 90 m. kr. miðað við forsendur fjárlagafrumvarps 1977.

3. Tollalækkanir á vélum, hráefnum og rekstrarvörum til iðnaðar

Við núverandi endurskoðun tollskrárlaga var farið yfir ítarlegan lista sem samtök iðnaðarins létu ráðuneytinu í té um ýmis aðföng sem iðnfyrirtæki nota og enn eru greidd gjöld af. Frumvarp þetta gengur mjög langt til móts við óskir iðnaðarins að þessu leyti og flest atriði, sem máli skipta, eru lagfærð. Um minni háttar leiðréttingar er vísað til almennra athugasemda hér að framan. Jafnframt er þó vakin sérstök athygli á nýju heimildarákvæði í 3. gr. frumvarpsins sem rýmkar að mun heimild ráðuneytisins til niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda af aðföngum til framleiðslu iðnaðarvara.

Mjög erfitt er að meta sérstaklega tollalækkanir, sem hér um ræðir, þar sem skilin milli vara í þessum flokki annars vegar og fjárfestingarvara hins vegar, sem tollar eru jafnframt lækkaðir á, eru mjög óglögg. Þó má gera ráð fyrir að tollalækkanir á rekstrarvörum sérstaklega, þ. e. á ýmsum vörum til tækninota og verkfærum ýmiss konar, nemi á næstu 4 árum um 170 m. kr. á grundvelli fjárlagafrumvarps 1977. Lækkanir gjalda á þessum vörum koma til framkvæmda á mismunandi löngum tíma, en leitast er við að lækkanir, sem virðast mikilvægastar, komi til framkvæmda strax frá næstu áramótum en aðrar í sem jöfnustum áföngum á tímabilinu 1978—1980.

4. Lækkanir tolla á fjárfestingarvörum

Eins og vikið er að í almennu athugasemdunum hér að framan er gert ráð fyrir að tollar fari smám saman lækkandi á ýmsum fjárfestingarvörum. Tollalækkanir þessar er gert ráð fyrir að komi almennt fyrst til framkvæmda í janúar 1978 en ljúki hinn 1. janúar 1980.

Í grófum dráttum takmarkast tollalækkun þessi við vöruflokka eins og byggingarplötur ýmiss konar, furu, þakjárn, einangrunarplötur og -efni, steypustyrktarjárn, pípur og pípuhluta, steypustyrktar- og múrhúðunarnet, raflagnaefni ýmiss konar auk lækkana á vélum, vélahlutum og varahlutum sem þó að mestu leyti eru notaðir í iðnaði eða öðrum atvinnurekstri.

Gert er ráð fyrir að tollalækkanir þessar skerði tekjur ríkissjóðs á þeim þremur árum, sem hér um ræðir, um ca. 940 m. kr. á grundvelli verðmætis innflutnings og innflutningsmagns frá miðju ári 1975 til miðs árs 1976 en um 1150 m. kr. miðað við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1977.

5. Lækkun helstu fjáröflunartolla

Í tollskrárlögum, sem tóku gildi í ársbyrjun 1974, voru tollar á fjölmörgum vörum, sem báru 100% toll, lækkaðir í 80%. Var litið á þessa breytingu sem fyrsta skrefið í átt til almennrar lækkunar fjáröflunartolla. Fram kom í umræðunum um málið á Alþingi að þingmenn voru almennt fylgjandi slíkri lækkun. Var gerð sérstök grein fyrir fjáröflunartollum í athugasemdum við frumvarp að þeim lögum og segir þar m. a.:

„Vegna fríverslunarsamninga þeirra, sem Ísland hefur gerst aðili að, verður það deginum ljósara, að ekki verður til lengdar haldið áfram á braut þeirrar hátollastefnu, sem einkennt hefur íslenska tollalöggjöf undanfarna áratugi. Hinir háu tollar eiga rætur sínar að rekja til þess, að í upphafi voru eingöngu lagðir á tollar í fjáröflunarskyni og gætti þá þeirrar tilhneigingar, sem síðan hefur að jafnaði verið ríkjandi, að tolla bæri þá vöru hæst, sem á hverjum tíma væri talin munaðarvara. Ennfremur hefur þróun hér á landi auk þess að verulegu leyti markast af því, hversu gengi íslenskrar krónu hefur á undanförnum áratugum verið langtímum saman of hátt skráð. Tilhneiging var því til að vega á móti gengisskráningunni

með háum tollum og stundum innflutningshöftum, til þess að mæta greiðslujafnaðarerfiðleikum og afla fjár til styrktar útflutningsatvinnuvegunum. Á kreppuárunum og raunar síðar óx þannig upp við þessar óvenjulegu aðstæður ýmis iðnaður, sem eingöngu átti lífsvon í tollverndarumhverfi. Með umfangsmiklum breytingum á tollskránni árið 1963, þegar Brussel-tollnafnaskráin var innleidd hér á landi, voru umtalsverðar lagfæringar gerðar á tollakerfinu, en framtíðarstefna um þróun fjáröflunartolla hér á landi hefur þó ekki enn verið mörkuð. Er sá skortur á stefnumörkun því tilfinnanlegri nú, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að öðrum þáttum tollastefnunnar séu almennt gerð skil til frambúðar.

Þegar því er slegið föstu að brýna nauðsyn beri til að falla frá þeirri hátollastefnu, sem hér hefur verið ríkjandi, liggja m. a. eftirfarandi ástæður því til grundvallar:

a. Mörk þess, hvort vara teljist fjáröflunarvara, iðnaðarvél eða hráefni til iðnaðar, eru oft á tíðum mjög óglögg. Má í þessu sambandi t. d. nefna hluti til véla og tækja, sem jöfnum höndum eru notaðir til viðgerða og nýsmíði. Ennfremur má nefna ýmsar byggingarvörur, sem nú eru almennt í 35% tolli. Haldi innflutningur tilbúinna húsa hingað til landsins áfram í einhverjum mæli, getur reynst nauðsynlegt í framtíðinni að lækka verulega tolla af ýmsum byggingarefnum til framleiðslu á verksmiðjusmíðuðum húsum og húseiningum, en framleiðsla þessi hefur þegar hafist hér innanlands.
b. Oft ræður hending því, hvaða vörur eru framleiddar hér á landi og þá um leið hvort vara telst verndarvara eða ekki. Þannig eru t. d. rafmagnseldavélar verndarvara og lækkar tollur af þeim í áföngum fram til 1980 í 0. Önnur heimilistæki, svo sem ísskápar, straujárn, brauðristar o. fl., eru hins vegar í 80% tolli og helst tollur á þessum vörum óbreyttur enn sem komið er. Segja má að tilviljunarkenndur tollmunur af þessu tagi sé afar óeðlilegur þar sem um mjög hliðstæðar vörur er að ræða.
c. Eins og áður er að vikið, hefur tilhneiging verið í þá átt að munaðarvara skyldi tolluð hátt. Þegar almenningur bjó við mun knappari kjör en nú almennt gerist, var mun auðveldara að koma slíkri mismunun við. Bætt lífskjör hafa hins vegar raskað hefðbundnu gildimati hvað þetta snertir, svo að mun erfiðara er í dag en áður fyrr að kveða upp úr um það, hvaða vara skuli teljast munaðarvara og hvaða vara ekki. Verður því t. d. varla lengur haldið fram, að algengustu heimilistæki séu munaðarvara. Verður því að telja að forsendur séu ekki lengur fyrir hendi til jafnhárra tolla á slíkum vörum eins og hingað til hafa gilt.
d. Telja verður að mikill tollamunur á skyldum eða hliðstæðum vörum geti ýtt undir óhagstæð innkaup erlendis frá og óeðlileg hlutföll innflutnings milli vörutegunda innbyrðis. Háir fjáröflunartollar freista manna jafnframt oft til að hefja framleiðslu á vörutegundum sem aðeins standast samkeppni innan hárra tollmúra, sem grundvellinum er síðan kippt undan, þegar tollverndinni lýkur.
e. Telja verður vafasamt að háir fjáröflunartollar á vörum til almennra nota samrýmist þeim tekjujöfnunarsjónarmiðum, sem mótað hafa skattalöggjöf okkar allt fram á þennan dag. Miðað við neyslusamsetningu fólks almennt, má fullt eins gera ráð fyrir, að gildandi fjáröflunartollakerfi sé sá hluti skattakerfisins sem hafi einna minnst áhrif til tekjujöfnunar, og sé litið á það kerfi eitt út af fyrir sig, geti verið um stighækkandi skattheimtu að ræða, sé hún mæld sem hlutfall af tekjum."

Ljóst er að veigamikil rök mæla með því að mun lengra verði gengið í átt til lækkunar fjáröflunartolla en þetta frumvarp gerir ráð fyrir, en af tekjuöflunarsjónarmiðum þótti ekki fært að ganga lengra í lækkun almennra fjáröflunartolla

í þessu frumvarpi en að þeir tollar sem enn eru 100% verði lækkaðir í 80% og er þá er gert ráð fyrir, að sú lækkun taki gildi í tveimur áföngum, hinn 1. janúar 1978 og hinn 1. janúar 1980. Gert er ráð fyrir að þessi lækkun í heild nemi um 180 m. kr. miðað við fjárlagafrumvarp 1977.

6. Afnám magntolla

Sú tillaga er gerð í frumvarpi þessu að allir magntollar, að undanskildum magntollum á olíum í 27. kafla tollskrárinnar, verði felldir niður. Yfirleitt hafa þessir tollar numið óverulegum fjárhæðum og er ekki gert ráð fyrir að í stað þeirra verði lagður á verðtollur nema á kartöflur sem verði 4% verðtollur í stað magntolls sem numið hefur 20 kr. pr. 100 kg. Ekki er gert ráð fyrir auknum tekjum af þessari breytingu.

7. Breytingar á íslensku tollskránni vegna breytinga á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins

Eins og kunnugt er var af Íslands hálfu tekin upp hin svokallaða Brussel-tollnafnaskrá á árinu 1963. Sú skrá er alþjóðlegur vörulýsingarlykill sem nú er beitt um nær allan heim við flokkun vara í tollskrám. Aðeins fjórir fyrstu tölustafir hvers tollskrárnúmers og tilheyrandi feitletraður texti er hin eiginlega tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins. Tveir öftustu stafirnir er innlend undirskipting. Þegar sú undirskipting er skáletruð er byggt á sérstökum tillögum Tollasamvinnuráðsins um aðlögun að vörulykli tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna, svokölluðum SITC-lykli (Standard International Trade Classification).

Í ársbyrjun 1976 samþykkti Tollasamvinnuráðið í Brussel fyrir tilstilli Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna að gera mjög umfangsmiklar breytingar á undirskiptingu fjögurra stafa tollnúmeranna og er þær breytingar að finna í frumvarpi þessu.

Með þeim breytingum, sem hér um ræðir, fæst mun nánari sundurliðun á innflutningi til landsins sem í mörgum tilvikum getur haft hagnýtt gildi jafnt fyrir opinbera aðila sem innflytjendur og framleiðendur. Þá hafa auk þess borist beiðnir frá ýmsum samtökum atvinnulífsins hér á landi um nánari sundurgreiningu innflutnings eftir tollskrárnúmerum og hefur verið reynt að koma til móts við slíkar óskir í frumvarpi þessu eins og frekast hefur verið unnt.

8. Um 2. og 3. gr.

Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á 2. og 3. gr. núgildandi tollskrárlaga samkvæmt frumvarpi þessu. Í nefndum greinum eru annars vegar talin upp nokkur tollfrelsisákvæði og hins vegar undanþágu- og lækkunarheimildir.

Um 2. gr.

Tollfrelsisákvæði 2. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga en með breytingum á greininni er stefnt að einföldun framsetningar og skýrara orðalagi. Í 2. mgr. er tekið upp almennt ákvæði, sem áður var að finna í einstökum töluliðum 2. gr., og felur það í sér heimild fyrir fjármálaráðuneytið til að setja nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt greininni.

Um 3. gr.

2. tl. Orðalag 2. tl. er fært til samræmis við orðalag 4. mgr. 10. gr.

3. og Gerð er sú breyting á 3. og 4. tl. gildandi laga að í stað þess skilyrðis heim-

4. tl. ildarákvæðanna, að sett sé fjártrygging (þ. e. peningatrygging) um endurútflutning og greiðslu gjalda, er gert ráð fyrir að fjármálaráðuneytið geti heimilað tímabundinn innflutning samkvæmt þessum heimildarákvæðum gegn tryggingu sem að mati ráðuneytisins getur talist fullnægjandi í hverju einstöku tilviki.
7. tl. Í 7 tl. er nú m. a. heimild til að fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og ennfremur af venjulegum brúðargjöfum. Lagt er til að heimildarákvæði þetta verði einungis látið ná til venjulegra brúðargjafa frá aðilum búsettum erlendis, enda hafi brúður eða brúðgumi haft fasta búsetu erlendis í tvö ár fyrir brúðkaupið. Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki þó eigi til ökutækja eða annarra farartækja, sbr. 8. tl. 3. gr. og 7. tl. 2. gr.
9. tl. Í 9. tl. er nú m. a. heimild til að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, allt að 3 000 kr. virði að mati tollyfirvalds. Lagt er til að upphæð þessi verði hækkuð í 5 000 kr. og heimildin bundin því skilyrði að sendandi sé búsettur erlendis.
10. tl. Tekin er upp ný málsgrein í 10. tl. þess efnis, að fjármálaráðuneytinu sé heimilt í undantekningartilvikum að framlengja undanþágu frá greiðslu gjalda af bifreiðum og bifhjólum, skráðum erlendis eða sérstakri skráningu hérlendis, án greiðslu hins sérstaka gjalds af cif-verði viðkomandi ökutækis skv. 2. mgr. 10. tl.
11. tl. Lagt er til að 3. mgr. 11. tl. verði felld niður þar sem hennar er eigi lengur talin þörf.
12. tl. Í 12. tl. er nú heimild til að fella niður gjöld af efnivörum í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis, eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. Vegna samningsbundinna tollalækkana á vörum frá löndum EFTA og EBE er lagt til að tekið verði upp sérstakt heimildarákvæði um endurgreiðslur eða niðurfellingu gjalda af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands af Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Um rökstuðning fyrir tillögu þessari má vísa til almennra athugasemda við lagafrumvarp þetta hér að framan.
13. tl. Ákvæði nú er þess efnis að ákvarðanir um samræmingu gjalda af sams konar vörum úr mismunandi efni skuli þegar birta í B-deild Stjórnartíðinda. Lagt er til að ákvæði þetta verði fellt niður, sbr. 2. mgr. 3. gr. í frumvarpi þessu.
15. tl. Lagt er til að skilyrði í þessum tölulið um niðurfellingu gjalda af kirkjuklukkum o. s. frv., þess efnis að munirnir verði ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins, verði fellt niður.
17. tl. Við gerð frumvarps til laga um tollskrá o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973, var í samráði við samtök iðnaðarins gerð tillaga um nýja skiptingu á tnr. 34.02.09. Með breytingu þessari var eigi talin lengur þörf á sérstakri undanþágu vegna vara í nefndu tollskrárnúmeri og var það því fellt brott úr 17. tl. Í framkvæmd hefur hins vegar komið í ljós að með uppskiptingu tollskrárnúmersins hefur eigi tekist að einangra þær vörur sem notaðar eru sem hráefni í iðnaði og frekari uppskipting bundin tolltæknilegum vandkvæðum. Af framangreindum ástæðum er lagt til að nefnt tollskrárnúmer verði tekið upp í 17. tl. að nýju. Jafnframt er gert ráð fyrir að skilyrði 17. tl. i. f. verði fellt niður, sbr. 2. mgr. 3. gr. í frumvarpi þessu.

18. tl. Í 18. tl. er nú heimild til að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri. Í samráði við samtök prentiðnaðarins hefur verið gerð tillaga um nýja skiptingu á tnr. 37.02.09 og 37.03.00. Er þá eigi lengur þörf fyrir heimildarákvæði þetta og er því lagt til að það verði fellt niður.

Í frumvarpinu er 18. tl. annað heimildarákvæði, sbr. a-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

19. tl. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um niðurfellingu tolls af kvikmyndafilmum, sbr. tnr. 37.07.00. Er því lagt til að orðið „kvikmyndafilmum“ verði fellt niður úr heimildarákvæðinu.

21. tl. Lagt er til að skilyrði 21. tl. i. f. verði felld niður, en fjármálaráðuneytið setji eins og segir í upphafi heimildarákvæðisins nánari skilyrði fyrir niðurfellingu gjalda af þargreindum vörum, sbr. og 2. mgr. 3. gr. í frumvarpi þessu.

23. tl. Í 23. tl. er nú heimildarákvæði til að fella niður gjöld af myndamótum sem fréttablöð fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum sem eru lánuð hingað til lands og endursend að notkun lokinni. Þar sem gjöld á myndamótum í tnr. 84.34.04 féllu niður frá og með 1. janúar 1976, í samræmi við markaða stefnu um lækkun tolla af vélum og tilheyrandi búnaði til samkeppnisiðnaðar, er eigi lengur þörf fyrir ákvæði þetta og því lagt til að það verði fellt niður.

27. tl. Í 27. tl. er nú gert ráð fyrir að fjármálaráðherra skipi þriggja manna nefnd til að úrskurða umsóknir um eftirgjöf gjalda af þargreindum bifreiðum. Skuli nefndarmenn vera læknar, einn skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar en ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu á skipun nefndarinnar að tveir nefndarmanna séu læknar, tilnefndir af Öryrkjabandalagi Íslands, en sá þriðji án tilnefningar og skuli hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Rísi ágreiningur innan nefndarinnar þykir rétt að úrskurðarvald sé í höndum fjármálaráðherra.

28. tl. Lagt er til að einstök skilyrði skv. 28. tl. 3. gr. gildandi laga verði felld niður en fjármálaráðuneytið setji eins og segir í upphafi heimildarákvæðisins nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu gjalda af efni, vélum og tækjum í báta og skip sem smíðuð eru, gert er við, breytt eða endurbætt eru innanlands, sbr. og 2. mgr. 3. gr. þessa frumvarps.

30. tl. Í 30. tl. er nú m. a. heimild til að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 400 hestöfl DIN, sem settir eru í báta, sem svari því að af þeim sé greiddur 10% tollur. Þar sem sérstakt heimildarákvæði til endurgreiðslu gjalda af vélum, sem settar eru m. a. í báta, er að finna í 28. tl. er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður.

31. tl. Lagt er til að núgildandi heimildarákvæði verði fellt niður þar sem gert er ráð fyrir að heimildarákvæði 12. tl. verði rýmkað. Vísað er til athugasemda við 12. tl. og almennra athugasemda við frumvarpið að framan.

Í frumvarpinu er 31. tl. annað heimildarákvæði, sbr. b-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

33. tl. Með 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 var fjármálaráðuneytinu veitt heimild til að fella niður toll af lyfjum er falla undir tnr. 30.01.00 og 30.02.00, sérlyfjum sem skráð eru í sérlyfjaskrá, svo og sérlyfjum sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 30/1963 og falla undir tnr. 30.03.09. Var tollur felldur niður af greindum lyfjum sam-

kvæmt heimildarákvæði þessu með auglýsingu nr. 207 23. maí 1975. Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að tollar verði felldir niður af ofangreindum lyfjum í samræmi við þegar markaða stefnu með nefndum lögum, svo og tollar af lyfjum og efnum sem falla undir tollskrárnúmer í 12., 13., 17., 21., 28. og 29. kafla tollskrár. Hins vegar er gert ráð fyrir að tollur verði óbreyttur samkvæmt tollskrá á vörum sem teljast til tnr. 30.05.00. Er því lagt til að orðalag 33. tl. verði svohljóðandi:

Að fella niður gjöld af vörum til lækninga sem nefndar eru í a—e-lið 3. athugasemdar við 30. kafla tollskrár og teljast til tnr. 30.05.00.

35. tl. Lagt er til að í stað orðalagsins „aðflutningsgjöld og söluskatt“ komi „gjöld“, til samræmis við aðra töluliði þessarar greinar. Þrátt fyrir samræmingu þessa er gert ráð fyrir óbreyttri framkvæmd heimildarákvæðisins.

36. tl. Í 36. tl. er nú heimild til að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því að af þeim sé greiddur 35% verðtollur. Þar sem tollar á nefndum tækjum munu almennt vera 35% eða lægri er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður.

37. tl. Heimildarákvæðið er rýmkað nokkuð, m. a. með því að eigi er lengur gert að skilyrði að segulbandstæki og segulbönd, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu, séu eingöngu til þess ætluð að koma á fót kennslubókasafni. Þá er og fellt niður orðið „ritvélum“ þar sem gert er ráð fyrir að ritvélar með blindraletri verði tollfrjálsar skv. 1. gr. frumvarpsins.

39. tl. Í 39. tl. gildandi laga er heimildarákvæði til að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps. Lagt er til að ákvæði þetta verði fellt brott úr tollskrárlögum.

Í frumvarpinu er 39. tl. annað heimildarákvæði, sbr. c-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

40. tl. Í þessum tölulið er heimild til að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði og innflutt eru til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því að af þeim sé greiddur 35% verðtollur. Með því að tollur á nefndum rúmum frá EFTA/EBE-löndum verður lægri en 35% frá og með 1. janúar 1977, auk þess sem innflutningur á sjúkrarúmum án mekanísks útbúnaðar til notkunar í sjúkrahúsum er óverulegur, er lagt til að heimild þessi verði felld niður.

Í frumvarpinu er 40. tl. annað heimildarákvæði, sbr. d-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

42. tl. Felld eru niður úr heimildarákvæði þessu orðin „með reglugerð“, sbr. 2. mgr. 3. gr. þessa frumvarps.

45. tl. Í 45. tl. er nú heimild til að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því að greiddur sé 10% verðtollur. Þar sem tollur á tilbúnum vatnsúðunartækjum og tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í tnr. 84.21.00 hefur þegar verið lækkaður í 7% er lagt til að heimildarákvæðinu verði breytt til samræmis við það.

46. tl. Lagt er til að felld verði niður orðin „af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að svo og“. Sjá athugasemd við 19. tl.

47. tl. Í núgildandi 47. tl. er heimild til að ákveða að verja megi til Sinfóníuhljómsveitar Íslands allt að 8% af tolltekjum er innheimtar verða af innflutningi er fellur undir tnr. 85.15.21. Lagt er til að ákvæði þetta verði fellt brott úr tollskrárlögum.

48. tl. Skilyrði í 48. tl., að vörur í smásendingum beri sama hundraðshluta tolls til þess að heimilt sé við tollafgreiðslu að sameina þær í eitt tollskrár-

númer, gerir það að verkum að heimildarákvæðið nýtist eigi. Breyting sú sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu miðar að því að gera ákvæðið virkt þannig að tilganginum með setningu þess verði náð.

49. tl. Í 49. tl. er nú heimild til að lækka toll í 50% af snyrtivörum í tnr. 33.06. Þar eð gert er ráð fyrir að tollur á snyrtivörum fari almennt lækkandi er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður.

Í frumvarpinu er 49. tl. nýtt heimildarákvæði, sbr. e-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

50. tl. Lagt er til að heimildarákvæði 50. tl. gildandi laga verði fellt niður. Sjá athugasemdir við 12. tl. svo og almennar athugasemdir við frumvarpið að framan.

52. tl. Lagt er til að heimildarákvæði 52. tl. gildandi laga verði fellt niður. Sjá athugasemdir við 12. tl. svo og almennar athugasemdir við frumvarpið hér að framan.

Í frumvarpinu er 52. tl. nýtt heimildarákvæði, sbr. f-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

53. tl. Í 53. tl. er nú heimild til að endurgreiða mismun á gjöldum innfluttra bifreiða, sem eftir innflutning verður breytt í slökkvibifreiðar, sem svari því að 15% tollur sé innheimtur af þeim. Með því að ákvæði þetta er eigi talið þarft lengur er lagt til að það verði fellt niður.

Í frumvarpinu er 53. tl. annað heimildarákvæði, sbr. g-lið athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

54. tl. Í lið XXV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1976 er heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af merktum borðbúnaði spítala, hæla, elliheimila og annarra heilsugæslustöðva. Lagt er til að heimild þessi verði tekin upp í tollskrárlög og samræmd hliðstæðu heimildarákvæði 54. tl.

55. tl. Lagt er til að núgildandi heimildarákvæði 55. tl. verði fellt niður. Sjá athugasemdir við 12. tl. svo og almennar athugasemdir við frumvarpið að framan.

57. tl. Fjármálaráðuneytið hefur eigi talið sér fært að framkvæma með neinu viðhlítandi öryggi núgildandi heimildarákvæði 57. tl. sem tekið var inn í frumvarp til laga um tollskrá o. fl. og lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973. Er því lagt til að það verði fellt niður.

60. tl. Ákvæði í 60. tl. gildandi laga á ekki lengur við og er því lagt til að það verði fellt niður.

Auk þeirra breytinga sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan hefur orðalagi nokkurra heimildarákvæða verið breytt. Er með þeim breytingum stefnt að einföldun framsetningar og skýrara orðalagi.

Lagt er til að eftirtalin heimildarákvæði verði tekin upp í grein þessa:

a. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp heimildarákvæði í 18. tl. til að fella niður gjöld af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf. Ákvæði þetta er nú að finna í lið XIII í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1976.

b. Gert er ráð fyrir upptöku heimildarákvæðis í 31. tl. til að fella niður eða endurgreiða gjöld af bæklingum og ritum sem seld eru eða dreift erlendis til landkynningar. Heimildarákvæði þetta er nú að finna í lið XIV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1976.

c. Þá er gert ráð fyrir að tekið verði upp heimildarákvæði í 39. tl. til að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum. Hliðstætt heimildarákvæði er nú að finna í lið XI í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1976.

d. Gert er ráð fyrir upptöku heimildarákvæðis í 40. tl. til að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar. Hliðstætt ákvæði er nú að finna í lið XVIII í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1976.

e. Lagt er til að tekið verði upp nýtt heimildarákvæði í 49. tl. til að fella niður gjöld af sýnishornum verslunarvara og auglýsingarefnis svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörurnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir.
f. Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að tollar verði felldir niður af sjúkrabifreiðum, sbr. tnr. 87.02.42. Til samræmis við þá breytingu er lagt til að 52. tl. verði nýtt heimildarákvæði til að fella niður eða endurgreiða gjöld af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar.
g. Að lokum er lagt til að tekið verði upp í 53. tl. heimildarákvæði til að lækka í 15% toll af bifreiðum sem hjálpar- og björgunarsveitir festa kaup á og þegar eftir tollafgreiðslu verða sérstaklega útbúnar til leitar og sjúkraflutninga.

Í 2. mgr. 3. gr. er tekið upp almennt ákvæði sem felur í sér heimild fyrir fjármálaráðuneytið til að setja nánari reglur um undanþágu- og lækkunarheimildir samkvæmt greininni.

9. Um 4.—40. gr.

Ákvæði 4.—40. gr. frumvarps þessa eru efnislega nær óbreytt frá gildandi lögum, önnur en þau sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Um 4. gr.

Samkvæmt síðasta málslið 3. mgr. 4. gr. gildandi laga skal greiða jafnhá gjöld af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða. Ákvæði þetta er undantekningarákvæði frá meginreglu 3. mgr. 4. gr. og var upphaflega tekið í lög nr. 86/1956 um útflutningssjóð og síðar tekið upp í lög nr. 7/1963 um tollskrá o. fl. Þar sem vélar 400 hestöfl DIN og þar yfir eru tollfrjálsar samkvæmt tollskrárlögum, auk þess sem tollar af minni vélum, sem settar eru í skip hérlendis, fást endurgreiddir samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga, er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður.

Þá er og lagt til að við síðustu málsgrein 4. gr. verði bætt orðunum „fella niður eða“ á undan orðinu „endurgreiða“. Jafnframt hefur verið reynt að setja skýrar fram skilyrði 1. mgr. en gert er í gildandi lögum.

Um 11. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. er nýmæli, sniðið eftir norskri og sænskri fyrirmynd.

Rétt þykir að tekið sé upp í 2. mgr. heimildarákvæði varðandi tollmeðferð á vöru sem hvorki hefur verið greidd né greiðsla tryggð fyrir í viðskiptabanka.

Um 13. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstakar reglur sem fjármálaráðuneytið geti sett til ákvörðunar tollverðs á notuðum bifreiðum miðað við verð nýrra bifreiða. Rétt þykir að taka upp ótvírætt heimildarákvæði til að mega krefja innflytjendur nýrra bifreiða um nauðsynlegar upplýsingar er auðveldi setningu ofangreindra reglna.

Um 14. gr.

Samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 14. gr. gildandi laga er vara m. a. talin tekin til tollmeðferðar hafi endursendingarskírteini verið gefið út um vöruna skv. 30. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit. Með lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit

voru eldri lög (nr. 68/1956) um sama efni afnumin, þ. á m. nefnd 30. gr. Í hinum nýju lögum um tollheimtu og tolleftirlit er eigi að finna hliðstætt ákvæði og þykir því rétt að ofangreindur 3. tl. verði felldur niður.

Um 16. gr.

Lagt er til að 2. mgr. verði gerð skýrari og tekin af öll tvímæli um heimild fjármálaráðuneytisins til að setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og útfyllingu þeirra.

Um 18. gr.

Lagt er til að 2. tl. 2. mgr. verði breytt að því er varðar tilgreiningu afhendingardags vöru til flutnings vegna alþjóðlegrar samvinnu um samræmingu verslunarskjala, þ. á m. innflutnings- og útflutningsskjala.

Um 19. gr.

Að tillögu Ríkisendurskoðunar er gert ráð fyrir að tekið verði upp í 1. mgr. ákvæði þess efnis að viðtakendur vöru afhendi til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu eða vörureikningi, til viðbótar þeim gögnum sem tilgreind eru í gildandi lögum. Ákvæði þessu er ætlað að stuðla að virkari endurskoðun tollskjala yfir innfluttar vörur.

Um 20. gr.

Grein þessi fjallar um viðurlög sem tollyfirvöld geta beitt án atbeina dómstóla þegar lögð eru fram ófullkomin eða villandi gögn vegna tollmeðferðar vöru. Í 2. mgr. er nýmæli þess efnis að sömu viðurlögum megi beita ef innflytjandi tilgreinir rangt tollskrárnúmer á aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld verða vanreiknuð. Þó er sá fyrirvari gerður að viðurlögin verði aldrei hærri en nemur gjaldamismun á rangri skýrslu og leiðréttri.

Um 21. gr.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli sem lagt er til að tekið verði upp í tollskrárlög. Með heimildarákvæði þessu er stefnt að því að auðvelda tollmeðferð viðkvæmra vörutegunda, svo sem lyfja, grænmetis, lifandi blóma o. þ. h. hliðstæðra sendinga, svo og varahluta í skip, flugvélar og verksmiðjuvélar.

Um 32. gr.

Greinin samsvarar 37. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 38. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Greinin samsvarar 32. gr. gildandi laga.

Um 35. gr.

Greinin samsvarar 33. gr. gildandi laga.
Ákvæði 4. mgr. er nýmæli, hliðstætt ákvæðum 25. gr.

Um 36. gr.

Greinin samsvarar 34. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

Greinin samsvarar 35. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin samsvarar 36. gr. gildandi laga en er fyllri.

Um 39. gr.

Greinin er nýmæli um almenna heimild til handa fjármálaráðuneytinu til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Áhrif tollalækkana á tekjur ríkissjóðs

Tollalækkanir, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru mjög verulegar en koma eins og fyrr segir til framkvæmda á fjórum árum.

Nákvæmt mat á þeim fjárhæðum, sem ríkissjóður verður af þeirra vegna, er vissum erfiðleikum háð, sérstaklega þegar um er að ræða að tollskrárnúmerum er skipt upp í fleiri undirnúmer þar sem áður var aðeins eitt og tolltaxtar einstakra undirnúmera lækka en aðrir ekki. Þá er og erfitt að meta eftirspurnaáhrif tollalækkana og því ekki tekið tillit til þeirra. Ætla má að tollalækkanir samkvæmt frumvarpinu á grundvelli tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps 1977, sem gerir ráð fyrir 13% verðmætisaukningu innflutnings frá áætlun 1976, verði sem hér segir í m. kr.:

	1977	1978	1979	1980	Alls
EFTA/EBE	460	580	580	580	2200
Þriðju lönd	90	90	90	90	360
Hröðun EFTA/EBE lækkunar (hráefnalækkun)	90	—	—	—	90
Hráefni, vélar, rekstrarvörur og fjárfestingarvörur	260	510	430	410	1610
Fjáröflunartollar, aðrir	—	90	—	90	180
	900	1270	1100	1170	4440

Tekjuöflun í stað tollalækkana

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 er einungis gert ráð fyrir 600 m.kr. tekjulækkun ríkissjóðs vegna nýrra tollskrárlaga og vegna niðurfellingar á söluskatti af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar, en tekjumissir vegna þess þáttar er talinn munu nema 150 m.kr. á ári. Frumvarp þetta til laga um tollskrá o. fl. felur því í sér 450 m.kr. tekjumissi þegar á næsta ári sem ekki er mætt í fjárlagafrumvarpinu. Auk þess felur frumvarp þetta í sér verulega lækkun ríkissjóðstekna á næstu árum svo sem fyrr hefur verið rakið.

Tekjumissi, sem hér um ræðir, verður ekki mætt nema með nýjum tekjuöflunarleiðum. Á þessu stigi hefur engin ákvörðun verið tekin í þeim efnum en málið verður tekið til meðferðar sem hluti af almennri skoðun á tekjuöflun ríkisins sem nú fer fram. Þetta er því brýnna sem ljóst er að tollalækkunum verður varla mætt með frekari hækkun söluskatts eins og gert var ráð fyrir í upphafi aðildar Íslands að EFTA. Þá er og ljóst að þrátt fyrir að frumvarp þetta geri ráð fyrir verulegum tollalækkunum á næstu 4 árum verður tæplega hjá því komist að endurskoða enn frekar hæstu fjáröflunartolla til lækkunar á því tímabili.

Fylgiskjal

Lækkun tolla á verndarvörum 1976—1980

1970	1. 1. 1976		1. 1. 1977		1. 1. 1978		1. 1. 1979		1. 1. 1980	
Tollur	Tollur		Tollur		Tollur		Tollur		Tollur	
A	A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
100	70	40	58	30	46	20	34	10	22	0
90	60	35	50	25	40	18	30	9	20	0
80	55	30	46	25	37	16	28	8	18	0
70	50	30	42	21	34	14	26	7	17	0
65	45	25	38	20	31	13	24	6	16	0
60	45	24	38	18	31	12	23	6	15	0
50	35	20	30	15	25	10	20	5	15	0
40	25	16	22	12	19	8	16	4	12	0
35	24	14	21	10	18	7	14	3	10	0
30	21	12	18	9	15	6	12	3	9	0
25	17	10	15	7	13	5	11	2	9	0
20	14	8	13	6	11	4	9	2	7	0
15	10	6	9	4	8	3	7	2	5	0
12	10	5	9	4	8	2	7	2	5	0
10	10	4	9	3	8	2	6	2	4	0
7	7	2	7	2	6	2	5	0	4	0
4	4	2	4	2	4	0	4	0	4	0
2	2	0	2	0	2	0	2	0	2	0

Ed. **148. Frumvarp til laga** [66. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. des.)

Samhljóða þskj. 71 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

12. gr. laganna orðist þannig:

Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnbrautir:

Vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda, ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna, sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um tengivegi, sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

Þjóðbrautir:

Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja þjóðbraut að innsta býli.

Heimilt er að taka í tölu þjóðbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Ennfremur er heimilt að taka í tölu þjóðbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Við skiptingu fjárveitinga til þjóðbrauta á milli kjördæma skal hafa hliðsjón af ástandi þeirra, notkun og lengd í hverju kjördæmi.

6.—12. gr. (lokagrein) hljóða þannig:

6. gr.

23. gr. laganna orðist þannig:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7.000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald sbr. 21. grein.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

8. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Af tekjum vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tveimur og hálfum sinnum heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan viðkomandi fjárlagaári. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt skv. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

9. gr.

Aftan við 37. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Skylt er að leita samráðs við vegamálastjóra áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu einkavega utan landareigna lögbýla.

10. gr.

69. gr. laganna orðist þannig:

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu stofnbrauta. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð skv. 13. gr.

Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmst við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

11. gr.

72. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrautar og 30 m frá miðlínu stofnbrautar. Nánar skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð samkvæmt 13. gr. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 66 14. júlí 1975 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 149. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

Frá Albert Guðmundssyni, Axel Jónssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Oddi Ólafssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 32. gr. laganna bætist ný mgr., er orðist svo:
Framlag skv. 1. mgr. skal greitt mánaðarlega skv. fyrirframgerðri áætlun, eða eigi síðar en 15 dögum eftir framvísun reikninga.

Nd. 150. Frumvarp til laga [120. mál]

um 100 000 króna lágmarkslaun á mánuði.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Þar til næst verða gerðir kaup- og kjarasamningar skal enginn launþegi, 16 ára eða eldri, sem hefur mánaðar-, viku- eða tímakaup, hljóta að launum fyrir dagvinnu sína minna en 100 000 krónur á mánuði. Tíma- og vikukaup reiknast eftir þeirri upphæð miðað við 40 stunda vinnuviku.

Laun fyrir eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu reiknast með sama álagi og gildandi kaupsamningar segja til um.

2. gr.

Hvers konar greiðslur, sem miðast við launaupphæðir, er falla undir 1. gr., svo sem önnur laun, ákvæðisvinnutaxtar o. fl., skulu miðast við gildandi samninga, en ekki launaupphæðir samkvæmt 1. gr. Undanskilið er þó orlof, tryggingagjald og launaskattur.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977 og falla úr gildi jafnóðum og hver starfsstétt gerir nýja kaup- og kjarasamninga.

Greinargerð.

Í ályktun um kjarabaráttu, sem gerð var á þingi Alþýðusambands Íslands nýlega, segir svo í fyrsta lið:

„Þingið telur, að lágmarkslaun fyrir dagvinnu megi ekki vera lægri en kr. 100 000 á mánuði og önnur laun hækki til samræmis við það, þannig að launabil haldist að krónutölu."

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur ákveðið að styðja kjarabaráttu alþýðusamtakanna með því að flytja þetta frumvarp, sem gerir ráð fyrir að umræddu lágmarki, 100 000 kr. á mánuði fyrir dagvinnu, verði þegar náð með lagasetningu. Er þeim lögum ætlað að gilda þar til næstu kjarasamningar verða gerðir, en í þeim kæmi til framkvæmda samræming á launabili svo sem getið er í samþykkt Alþýðusambandsþings.

Heildarsamningar gilda fram til 1. maí næstkomandi, en í þeim eru ákvæði, sem gætu leitt til þess, að þeim yrði sagt upp fyrr. Lög um 100 000 króna lágmarkslaun, sem frumvarp þetta fjallar um, mundu því ekki gilda lengur en 4—5 mánuði.

Þrátt fyrir svo stuttan tíma mundu þau verða mikil kjarabót fyrir hina lægst launuðu, sem allir eru sammála um að séu mjög aðþrengdir vegna stöðugrar óðaverðbólgu og minnkandi kaupmáttar. Launþegar, sem eru yfir þeim mörkum er þing A. S. Í. samþykkti, hafa flestir mun betri aðstöðu til þess að sjá sér farborða.

Það hefur þótt ljóður á ráðstöfunum til að bæta kjör láglaunafólks, að ýmsar aðrar kjaratölur, t. d. taxtar fyrir ákvæðisvinnu, eru oft miðaðir við lægsta tímakaup. Hafa því betur launaðar stéttir notið góðs af kjarabótum láglaunafólks og oft fengið meira í sinn hlut en það. Reynt er að hindra þetta með ákvæðum 2. gr. frumvarpsins.

Vafalaust verður deilt um, hvort atvinnuvegir þjóðarinnar geti borið slíka kauphækkun sem hér er gert ráð fyrir. Það er þó óhjákvæmilegt, að forráðamenn þeirra geri sér ljóst, að ekki verður lengur komist hjá hagræðingu og breytingum á rekstri íslenskra fyrirtækja og stofnana til þess að kaupgjald hækki verulega hér á landi. Skýrslur um þjóðartekjur á mann sýna, að þær eru með hinum hæstu er þekkjast, og hlýtur því að vera grundvöllur undir breytingu til batnaðar að þessu leyti.

Alþýðuflokkurinn hefur verið þeirrar skoðunar og er enn, að kaupgjald eigi að ákveða í frjálsum samningum, en ekki með lögum, nema knýjandi nauðsyn beri til. Hér er flutt frumvarp til laga, sem mundu aðeins gilda nokkra mánuði, þar til næst verða gerðir kaup- og kjarasamningar. Áhrif stöðugrar óðaverðbólgu gera það að knýjandi nauðsyn, að löggjafinn brúi bilið fram til næstu samninga fyrir þá, sem lakast eru settir í þjóðfélagi okkar.

Nd. 151. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Framan við 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Við 1. tölul. 2. mgr. 80. gr. bætist:

Sé þess kostur án sérstakra tafa eða erfiðleika skal verjandinn skipaður áður en dómarinn tekur kröfu um gæsluvarðhald fyrir, þannig að koma megi vörn að.

Ed. 152. Frumvarp til laga [11. mál]

um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. des.)

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Hún skal hafa á að skipa starfsfólki, er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota.

2. gr.

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Dómsmálaráðherra getur skipað honum fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli þegar dómsmálaráðherra ákveður.

4. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr., en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögreglurannsókn.

5. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, og geymir gögn samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

6. gr.

Við embætti lögreglustjóra í umdæmum, þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála, sbr. 3. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögmætan innflutning áfengis.
4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.
5. Aðra málaflokka, sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela viðkomandi lögreglustjórum, sbr. 9. gr. laga þessara.

7. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Deildir þessar skulu annast lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti,

skipar hann annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. gr. Sama gildir, er rannsóknarlögreglustjóri hefur lögmæt forföll.

Þegar dómsmálaráðherra skipar mann til að fara með einstakt mál samkvæmt framansögðu, ákveður hann honum þóknun.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Hann setur og reglur um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er núverandi rannsóknarlögregla í Reykjavík lögð niður.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir starfsmenn hennar flytjast til rannsóknarlögreglu ríkisins, hverjir til lögreglustjórans í Reykjavík og hverjir starfi áfram við sakadómaraembættið í Reykjavík.

Hann ákveður einnig um skiptingu tækjabúnaðar.

Nd. 153. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíuöl innflutning á olíupramma.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Lúðvík Jósepsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 154. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá Gils Guðmundssyni.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 02 501 Tækniskóli Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „25 000“ kemur	53 000
2.	Við 4. gr. 1 02 506 Vélskóli Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „4 000“ kemur	8 000
3.	Við 4. gr. 1 02 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „5 000“ kemur	7 000

		Þús. kr.
4.	Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar almennt 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „42 300“ kemur	150 000
5.	Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „3 000“ kemur	5 000
6.	Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið 27 Viðhald. Fyrir „16 000“ kemur	25 000
7.	Við 4. gr. 1 02 982 Listir, framlög 20 Til Bandalags íslenskra listamanna. Fyrir „175“ kemur	500
8.	Við 4. gr. 1 02 984 Norræn samvinna. Nýir liðir:	
	a. Til eflingar menningartengsla íslendinga og færeyinga	1 000
	b. Til eflingar menningartengsla íslendinga og grænlendinga	1 000
9.	Við 4. gr. 1 03 399 Ýmis utanríkismál 01 Aðstoð við þróunarlöndin. Fyrir „13 000“ kemur	50 000

Ed. 155. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Alþingi, 10. des. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Axel Jónsson.	Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.

Nd. 156. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það hefur verið samþykkt í háttvirtri efri deild.

Alþingi, 10. des. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson.
Páll Pétursson.	Svava Jakobsdóttir.	Ingólfur Jónsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Ed. 157. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Árskóg, Gestur Jóhannes, barn á Dalvík, f. í Englandi 2. júlí 1967.
2. Bartlett, Thomas Henry, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 2. ágúst 1940.
3. Bocchino, Stefán Þór, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 22. febrúar 1961.
4. Brown, Elizabeth Anna, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
5. Chan, Sonja Anna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 30. júní 1976.
6. Damjanowitch, Martina, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Þýskalandi 29. apríl 1955.
7. Guðjónsson (f. Davidsen), Gynda Maria, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 26. ágúst 1926.
8. Ikram, Ahsan, verkamaður í Kópavogi, f. á Indlandi 29. október 1947.
9. Jacobsen, Birgitta Þorkels, verkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 22. október 1952.
10. Jepson, Dóra Ingunn, f. á Íslandi 17. október 1962.
11. Karl Jóhann Ingólfsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 12. febrúar 1964.
12. Magnús Þorgeirsson, barn á Ólafsfirði, f. í Vestur-Þýskalandi 17. janúar 1972.
13. Olsen, Kim Svanberg, sjómaður á Seyðisfirði, f. í Danmörku 28. júní 1961.
14. Phillips, Margaret Ann, húsmóðir í Rangárvallasýslu, f. 14. janúar 1937.
15. Poulsen, Jóhann Henrik, vélstjóri í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. janúar 1908.
16. Ryan, Elín Mazelma, póstfreyja í Reykjavík, f. 12. ágúst 1954.
17. Sigríður Guðrún Sigurðardóttir, barn í Mosfellsveit, f. í Suður-Kóreu 7. september 1975.
18. Winkler, Patrik Harvey, verkamaður í Keflavík, f. í Þýskalandi 7. janúar 1952.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 750 á 97. löggjafarþingi 12. maí 1976. Umsækjandi nr. 6 fullnægir þó ekki að fullu skilyrðum um dvalartíma, en er ríkisfangslaus og nánustu ættingjar hér á landi og íslenskir ríkisborgarar.

Nd. 158. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og orðið sammála um að leggja til, að nokkrar minni háttar breytingar verði gerðar, sem kynntar eru á sérstöku þing-

skjali. Eru þær gerðar m.a. samkvæmt ábendingu menntamálaráðherra, svo sem fram kom í framsöguræðu hans við 1. umræðu í Nd.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1976.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.
Ellert B. Schram, fundaskr., með fyrirvara.
Stefán Valgeirsson.
Eðvarð Sigurðsson, með fyrirvara.
Magnús T. Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. 159. Breytingartillögur [31. mál]

við frv. til laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Frá félagsmálanefnd.

1. 1. mgr. 6. gr. orðist svo:

   Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

   Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.

2. 9. gr. orðist svo:

   Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

   Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

   1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
   2. Rekstraráætlun.

   Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk eða leyfi til rekstrar dagvistarheimilis skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimilið sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

   Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

Ed. 160. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 24/1971) orðist svo:

Með 0.25% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fast-

eigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

2. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 24/1971) falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall gjaldtöku vegna stimplunar afsalsbréfa fyrir fasteignum verði lækkað, vegna þeirrar hækkunar gjaldstofnsins sem leiðir af breyttu fasteignamati.

Um almennar athugasemdir við lagafrumvarp þetta vísast til frumvarps til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem lagt er fram á Alþingi samtímis þessu frumvarpi.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að stimpilgjald afsalsbréfa fyrir fasteignum verði lækkað úr 0.5% í 0.25% af verðhæðinni.

Um 2. gr.

Lagt er til að felld verði niður úr lögunum ákvæði 4. mgr. 17. gr. laganna sem fyrir löngu eru úrelt orðin.

Um 3. gr.

Samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins er gildistökudagur hins nýja fasteignamats ákveðinn 31. desember 1976. Miðað er við sama gildistökudag þeirra laga sem breyta þarf vegna hins framreiknaða fasteignamats.

Ed. 161. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald 1½% af öllum eignum búsins — þar með talin búshelft maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

2. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Skráningargjald fyrir kaupmála skal þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 75 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjár-

hæð umfram fyrstu 100 000 kr. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs er meginreglan við ákvörðun þinglýsingargjalds sú, að gjaldið er reiknað af raunverulegri verðhæð þeirra skjala sem þinglýsa skal. Þannig á sem meginreglu að leggja til grundvallar söluverð fasteigna þegar um er að ræða þinglýsingu eignarheimildar fyrir henni. Komi söluverð hins vegar ekki fram af skjali því, sem þinglýsa skal, eða verði ekki ráðið af því á annan hátt, t. d. af verðhæð yfirtekinna skulda, er fasteignamat viðkomandi eignar sá grundvöllur sem gjaldtaka miðast við.

Þegar núgildandi fasteignamat öðlaðist gildi í árslok 1971 var fasteignamat eigna nærri því að svara raunverði þeirra, þannig að ekki skipti verulegu máli hvort verðið var lagt til grundvallar gjaldtökunni. Eftir því sem frá hefur liðið hefur munur á fasteignamatsverði og raunverði hins vegar stöðugt aukist, og þar með munur á þinglýsingargjöldum, eftir því við hvorn stofninn var miðað. Það hefur því stöðugt færst í vöxt að verðhæðar sé ekki getið í eignarheimild fyrir fasteignum og er nú svo komið að í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika er fasteignamatsverð lagt til grundvallar gjaldtöku.

Á þessu tímabili hefur raunvirði þinglýsingargjalda farið stöðugt lækkandi og þessi tekjustofn ríkissjóðs rýrnað að sama marki. Væri ekkert að gert vegna framreiknings á fasteignamati samkvæmt lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna fengist að nýju samræmi í gjaldtöku án tillits til þess hvort verðhæðar væri getið í viðkomandi skjali eða ekki. Um leið myndi raunvirði þinglýsingarkostnaðar komið að nýju á svipað stig og það var um áramót 1971 og '72. Eftir atvikum þykir þó ekki fært að láta gjöldin hækka svo verulega í einu lagi og er því lagt til að gjaldhlutfallið verði lækkað um helming. Breyting þessi hefur þau áhrif að gjaldtakan hækkar nokkuð í krónutölu miðað við það sem nú er, þegar fasteignamat er lagt til grundvallar, en lækkar hins vegar verulega ef raunverð viðkomandi eignar er viðmiðunarstofn gjaldsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf með tilvísun til almennu athugasemdanna. Af 8. gr. laga nr. 79/1975 leiðir samkvæmt þessu, að skiptagjald verður ¾% af öllum eignum þeirra dánarbúa, sem á fyrsta skiptafundi eru framseld til einkaskipta.

Um 2. gr.

Lagt er til að lágmarksgjald fyrir þinglýsingu afsala verði óbreytt en gjald umfram það lækki úr 0.15% í 0.075%. Enn fremur er lagt til að framvegis gildi sérreglur um gjaldtöku vegna kaupmála sem hingað til hafa fylgt sömu reglum og afsöl af fasteignum.

Um 3. gr.

Samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins er gildistökudagur hins nýja fasteignamats ákveðinn 31. desember 1976. Miðað er við sama gildistökudag þeirra laga sem breyta þarf vegna hins framreiknaða fasteignamats.

Sþ. **162. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 00 201 09 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka. Fyrir „10 000“ kemur	13 500
2.	Við 4. gr. 1 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 10 Laun. Fyrir „3 587“ kemur	3 887
3.	Við 4. gr. 1 02 101 Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „69 400“ kemur	59 400
4.	Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands 10 Laun. Fyrir „798 862“ kemur	800 862
5.	Við 4. gr. 1 02 231 Náttúrufræðistofnun Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „2 404“ kemur	2 837
6.	Við 4. gr. 1 02 305 Menntaskólinn við Tjörnina 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „12 000“ kemur	28 000
7.	Við 4. gr. 1 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „10 000“ kemur	19 000
8.	Við 4. gr. 1 02 313 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 10 Laun. Fyrir „32 705“ kemur	42 705
9.	Við 4. gr. 1 02 313 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „6 600“ kemur	9 600
10.	Við 4. gr. 1 02 321 Kennaraháskóli Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „3 000“ kemur	28 000
11.	Við 4. gr. 1 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „3 000“ kemur	8 000
12.	Við 4. gr. 1 02 506 Vélskóli Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „4 000“ kemur	8 000
13.	Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	a. Fyrir „42 300“ kemur	44 800
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Iðnskólar (02 516).

1.	Reykjavík	23 000
2.	Hafnarfjörður	3 300
3.	Akranes	2 000
4.	Ísafjörður	3 500
5.	Sauðárkrókur	1 000
6.	Akureyri	3 000
7.	Neskaupstaður	1 000
8.	Vestmannaeyjar	8 000
		44 800

Þús. kr.

14. Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
15. Við 4. gr. 1 02 562 Leiklistarskólinn 10 Laun.
Fyrir „16 590“ kemur 18 590
16. Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „13 658“ kemur 16 500
17. Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið 27 Viðhald.
Fyrir „16 000“ kemur 18 000
18. Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:
621 **Skálholtsskóli:**
90 Yfirfærslur:
92 Til einstaklinga og samtaka 6 000
Gjöld samtals 6 000
19. Við 4. gr. 1 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
a. Fyrir „1 280 000“ kemur 1 312 070
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

1.	Vegna uppgjörs lokinna verkefna í Reykjavík ..	13 129
2.	Fossvogsskóli, 2. áf.	35 000
3.	Hólabrekkuskóli, 1. og 2. áf.	24 300
4.	Ölduselsskóli, 1. áf.	26 000
5.	Öskjuhlíðarskóli, 1. áf.	19 000
6.	Hlíðaskóli, íþróttahús	1 000
7.	Hvassaleitisskóli, 3. áf.	1 000
8.	Seljaskóli, 1. áf.	2 000
9.	Vogaskóli, 5. áf.	20 000
10.	Langholtsskóli, 3. áf.	33 000
11.	Kvennaskólinn, 2. áf.	24 000
12.	Fjölbrautaskóli, 1. áf.	40 000
13.	Fjölbrautaskóli, 2. áf. C	38 000
14.	Fjölbrautaskóli, 3. áf., verkst.hús 2. st.	20 000
15.	Fjölbrautaskóli, 2. áf. D	120 000
16.	Fjölbrautaskóli, 2. áf. E	1 000
17.	Kópavogur, Þingholtsskóli, 2. áf.	12 000
18.	Kópavogur, Kópavogsskóli, 3. áf.	10 000
19.	Kópavogur, Digranesskóli	22 000
20.	Kópavogur, íþróttahús	5 000
21.	Hafnarfjörður, íþróttahús	2 933
22.	Hafnarfjörður, Flensborgarskóli	8 000
23.	Hafnarfjörður, lausar stofur	2 308
24.	Hafnarfjörður, Norðurbæjarskóli	15 000
25.	Seltjarnarnes, sundlaug	5 000
26.	Seltjarnarnes, Valhúsaskóli	5 000
27.	Garðakaupstaður, gagnfræðaskóli	36 000
28.	Garðakaupstaður, barnaskóli	8 000
29.	Keflavík, gagnfræðaskóli	21 000
30.	Keflavík, íþróttahús	8 000
31.	Grindavík, lausar stofur	2 500
32.	Grindavík, skóli	4 000
33.	Njarðvík, íþróttahús, 1. og 2. áf.	1 000

		Þús. kr.
34.	Njarðvík, skóli	8 000
35.	Sandgerði, íþróttahús	10 000
36.	Vatnsleysustrandarhr., skóli	7 000
37.	Bessastaðahr., skóli	8 000
38.	Mosfellshreppur, íþróttahús	11 300
39.	Mosfellshreppur, skóli	1 000
40.	Kjalarneshr., lausar stofur	2 500
41.	Akranes, íþróttahús	11 000
42.	Akranes, lóð o. fl.	1 000
43.	Hvanneyri, íbúð	2 000
44.	Kleppjárnsreykir, endurb.	2 000
45.	Kleppjárnsreykir, nýbygging	5 000
46.	Varmaland, íbúð	4 000
47.	Varmaland, vatnsveita	10 000
48.	Varmaland, íþróttahús	12 000
49.	Borgarnes, íþróttahús	12 000
50.	Laugargerðisskóli, lausar st.	1 000
51.	Hellissandur, skóli	10 000
52.	Ólafsvík, lausar stofur	1 000
53.	Ólafsvík, skóli	6 000
54.	Grundarfjörður, skóli	2 000
55.	Grundarfjörður, sundlaug	5 000
56.	Stykkishólmur, skóli	3 000
57.	Búðardalur, skóli, 1. áf.	6 000
58.	Laugar, Dalasýslu, lóð og íb.	3 000
59.	Ísafjörður, íbúð í Hnífsdal	500
60.	Ísafjörður, lausar stofur	1 000
61.	Bolungarvík, sundlaug	12 000
62.	Reykhólar, 2. áf.	11 000
63.	Barðaströnd	7 500
64.	Patreksfjörður	500
65.	Þingeyri	8 000
66.	Mýrahreppur	8 000
67.	Flateyri	7 000
68.	Suðureyri	500
69.	Hólmavík, skóli	3 000
70.	Fells- og Óspakseyrarhr., skóli	8 000
71.	Bæjarhreppur, Borðeyri, sk.	2 000
72.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli	10 000
73.	Sauðárkrókur, heimavist	20 000
74.	Staðarhreppur, skóli, íbúð	1 500
75.	Laugarbakki, 2. áf.	16 000
76.	Hvammstangi, sundlaug	4 000
77.	Þverárhreppur	3 000
78.	Húnavellir, 2. áf.	24 000
79.	Húnavellir, Reykir	4 500
80.	Blönduós, skóli	2 000
81.	Skagaströnd, skóli	3 000
82.	Varmahlíð, skóli	23 000
83.	Varmahlíð, íbúðir	10 000
84.	Lýtingsstaðahr.	1 000
85.	Hólahreppur	6 000

		Þús. kr.
86.	Hofsós, 1. og 2. áf.	1 000
87.	Hofsós, 3. áf.	10 000
88.	Haganeshreppur	3 000
89.	Akureyri, Glerárskóli, 2. áf.	20 000
90.	Akureyri, Lundarskóli, 1. áf.	3 000
91.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áf.	20 000
92.	Akureyri, Oddeyrarskóli	3 000
93.	Akureyri, íþróttahús	6 000
94.	Húsavík, gagnfræðaskóli	8 000
95.	Ólafsfjörður, gagnfræðaskóli	6 000
96.	Dalvík, heimavist	8 000
97.	Svarfaðardalur, mötuneyti	1 000
98.	Árskógsströnd, íbúðir, sundl.	1 500
99.	Þelamörk, skóli	6 000
100.	Hrafnagil, íbúð	3 000
101.	Hrafnagil, sundlaug	3 000
102.	Svalbarðsströnd, íbúðir	1 000
103.	Grenivík, skóli	3 000
104.	Stórutjarnir, skóli	9 000
105.	Hafralækur, skóli	6 000
106.	Hafralækur, íþróttahús	6 000
107.	Reykdælahreppur	500
108.	Skúlagarður, íbúð	3 000
109.	Lundur, skóli	20 000
110.	Raufarhöfn, sundlaug	2 000
111.	Þórshöfn, skóli	1 000
112.	Seyðisfjörður, sundlaug, endurb.	2 000
113.	Neskaupstaður, skóli, 1. áf.	6 000
114.	Eskifjörður, skóli	15 000
115.	Vopnafjörður, Torfastaðaskóli	3 000
116.	Hlíðarhreppur, skóli	12 000
117.	Jökuldalshreppur, endurb.	1 000
118.	Egilsstaðir, skóli	10 000
119.	Reyðarfjörður, íþróttahús	10 000
120.	Búðahreppur, skóli	9 000
121.	Breiðdalshreppur, skóli	4 000
122.	Breiðdalshreppur, endurb. Staðarborg	1 500
123.	Djúpivogur	6 000
124.	Geithellnahreppur, skóli	2 500
125.	Höfn, Hornaf., 2. áf.	10 000
126.	Nesjahreppur, 3. áf.	7 000
127.	Nesjahreppur, sérdeild	1 000
128.	Vestmannaeyjar, íþróttahús	30 000
129.	Kirkjubæjarklaustur, íb. og sundl.	4 000
130.	Vík, Mýrdal, skóli	11 000
131.	A.-Eyjafjallahr., íbúð	2 500
132.	A.-Landeyjahr., skóli	3 000
133.	V.-Landeyjahr., skóli, íb.	3 500
134.	Hvolhreppur, skóli	6 000
135.	Laugaland, íbúðir	5 000
136.	Hraungerðishr., íbúð, lausar st.	6 000
137.	Selfoss, gagnfræðaskóli	24 000

		Þús. kr.	
138.	Selfoss, verknámshús	4 000	
139.	Skeiðahreppur, sundlaug	3 000	
140.	Hrunamannahr., íbúð	3 000	
141.	Biskupstungnahr., sundl.	3 000	
142.	Laugardalshr., íbúð	2 000	
143.	Laugardalshr., lóð	1 000	
144.	Grímsneshreppur, sundl.	3 000	
145.	Stokkseyri, skóli	700	
146.	Hveragerði, íþróttahús	1 600	
147.	Þorlákshöfn, skóli	5 000	
			1 301 270

Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar.

1.	Laugalækjarskóli	300	
2.	Breiðholtsskóli	300	
3.	Lækjarskóli, stækkun	300	
4.	Njarðvík, íþróttahús, 3. áf.	300	
5.	Akranes, barnaskóli	300	
6.	Borgarnes, stækkun skóla	300	
7.	Varmaland, lausar stofur	300	
8.	Stykkishólmur, endurb.	300	
9.	Bíldudalur, íþr.	300	
10.	Patreksfjörður, íb., endurb.	300	
11.	Bolungarvík, skólabókasafn	300	
12.	Tálknafjörður, íþr.hús	300	
13.	Súðavík, skóli	300	
14.	Laugarbakkaskóli, íþr.hús	300	
15.	Ólafsfjörður, barnask., endurb.	300	
16.	Hrísey, íþr.hús	300	
17.	Dalvík, barnask., stækkun	300	
18.	Þelamörk, íþr.hús	300	
19.	Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	300	
20.	Hafralækur, íb.	300	
21.	Skútustaðahr., sundlaug	300	
22.	Húsavík, barnask., stækkun	300	
23.	Húsavík, íþr.hús	300	
24.	Kópasker, skóli	300	
25.	Vopnafjörður, íþr.hús	300	
26.	Hallormsstaður, íþr.hús	300	
27.	Stöðvarhreppur, skóli, stækkun	300	
28.	Egilsstaðahr., íþr.hús	300	
29.	Bæjarhreppur, skóli	300	
30.	Nesjahreppur, sundlaug	300	
31.	Vestmannaeyjar, barnask.	300	
32.	Hvammshr., íb.	300	
33.	Hveragerði, skóli	300	
34.	Rangárvallahr., skóli	300	
35.	Eyrarbakkahr., skóli, stækkun	300	
36.	Selfosshr., barnaskóli	300	
			10 800
			1 312 070

Þús. kr.

20. Við 4. gr. 1 02 793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.
a. Fyrir „5 000“ kemur 45 000
b. Við liðinn bætist:
Viðfangsefni:
01 Hlíðarskóli 15 000
02 Öskjuhlíðarskóli 30 000

Gjöld samtals 45 000

21. Við 4. gr. 1 02 803 Dagvistarheimili.
Fyrir „85 000“ kemur 110 700
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Dagvistarheimili (02 803).

1.	Akureyri L	600
2.	Borgarnes L	9 500
3.	Hafnarfjörður D	12 000
4.	Húsavík D	9 000
5.	Kópavogur L	5 000
6.	Ólafsvík L	9 500
7.	Bygg. samvinnufél. atvinnubifreiðastj. D—L	1 500
8.	Húsfél. Æsufelli 2—6 L	1 000
9.	Reykjavíkurborg:	
	a) Ármúli 8 A—D	7 500
	b) Dyngjuvegur D	300
	c) Háaleitisbraut 70 D	3 000
	d) Kaplaskjólsvegur Sk. h.	200
	e) Rjúpnafell (Völvuf.) D	4 000
	f) Selásblettur 4 D	300
	g) Völfufell L	1 600
10.	Sauðárkrókur L	1 000
11.	Seyðisfjörður L	1 000
12.	Siglufjörður D og L	600
13.	Vatnsleysustr.hr. L	600
14.	Garðabær L	4 600
15.	Skagaströnd L	1 500
16.	Borgarsjúkrahús D	3 000
17.	Keflavík D	1 000
18.	Vestmannaeyjar D	1 000
19.	Vestmannaeyjar L	500
20.	Áhugafél. Hábæ 28 D	180
21.	Selfoss, leiksk.lóð	220
22.	Tálknafjörður L	2 000
23.	Egilsstaðir D	3 000
24.	K.F.U.M. og K., R. L	300
25.	Akranes L	3 000
26.	Akureyri D	1 000
27.	Reykjavíkurborg:	
	a) Breiðholt III D	5 500
	b) Breiðholt III L	2 500
	c) Breiðholt III Skd.	1 500
	d) Breiðholt II L	2 500
	e) Austurbær Skd.	1 500
28.	Bolungarvík L	2 000

Þús. kr.

Ný dagvistarheimili:

1. Patreksfjörður	1 200	
2. Suðureyri	1 000	
3. Höfn í Hornafirði	1 000	
4. Ísafjörður	1 500	
5. Grundarfjörður	1 000	
		110 700

22. Við 4. gr. 1 02 881 10 Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis.
Fyrir „1 000“ kemur 1 300
23. Við 4. gr. 1 02 881 12 Félagsstofnun stúdenta.
Fyrir „7 600“ kemur 11 000
24. Við 4. gr. 1 02 882 Styrkur til myndlistarskóla 02 Reykjavík.
Fyrir „1 200“ kemur 1 500
25. Við 4. gr. 1 02 882 Styrkur til myndlistarskóla. Nýr liður:
05 Akureyri 100
26. Við 4. gr. 1 02 884 Til jöfnunar á námskostnaði.
Fyrir „150 000“ kemur 170 000
27. Við 4. gr. 1 02 885 02 Bréfaskólinn.
Fyrir „1 500“ kemur 2 000
28. Við 4. gr. 1 02 901 Landsbókasafn Íslands 10 Laun.
Fyrir „35 213“ kemur 35 693
29. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „1 300“ kemur 1 900
30. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 92 Til sveitarfélaga.
Fyrir „7 000“ kemur 8 200
31. Við 4. gr. 1 02 976 Menningarsjóður.
Fyrir „19 654“ kemur 21 000
32. Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:
04 Til Leikfélags Akureyrar 5 000
33. Við 4. gr. 1 02 982 05 Til Leikfélags Reykjavíkur.
Fyrir „7 500“ kemur 9 000
34. Við 4. gr. 1 02 982 06 Til Bandalags íslenskra leikfélaga.
Fyrir „1 000“ kemur 1 300
35. Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.
Fyrir „8 200“ kemur 6 500
36. Við 4. gr. 1 02 982 21 Til Rithöfundasambands Íslands.
Fyrir „100“ kemur 200
37. Við 4. gr. 1 02 984 03 Til Norræna félagsins.
Fyrir „500“ kemur 700
38. Við 4. gr. 1 02 988 04 Ungmennafélag Íslands.
Fyrir „6 000“ kemur 10 000
39. Við 4. gr. 1 02 988 05 Bandalag ísl. skáta.
Fyrir „2 100“ kemur 2 700
40. Við 4. gr. 1 02 988. Nýr liður:
06 Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 600
41. Við 4. gr. 1 02 988 15 Íslenskir ungtemplarar.
Fyrir „325“ kemur 1 000
42. Við 4. gr. 1 02 988 17 KFUM og KFUK, starfsstyrkur.
Fyrir „720“ kemur 1 020
43. Við 4. gr. 1 02 989 09 Til Íþróttafélags fatlaðra.
Fyrir „250“ kemur 400
44. Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:

Þús. kr.

998 Ýmsir styrkir:

90 Yfirfærslur:

94 Til einstaklinga og samtaka 10 000

Gjöld samtals 10 000

45. Við 4. gr. 1 02 999 02 Matthíasarsafnið, Akureyri.
Fyrir „80“ kemur 100

46. Við 4. gr. 1 02 999 08 Sædýrasafnið, Hafnarfirði.
Fyrir „1 200“ kemur 4 700

47. Við 4. gr. 1 02 999 17 Til Íslenska stærðfræðifélagsins.
Fyrir „50“ kemur 150

48. Við 4. gr. 1 02 999 21 Til Skáksambands Íslands.
Fyrir „1 000“ kemur 1 300

49. Við 4. gr. 1 02 999 22 Styrkur vegna alþjóðaskákmóta.
Fyrir „250“ kemur 600

50. Við 4. gr. 1 02 999 24 Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir.
Fyrir „1 200“ kemur 1 550

51. Við 4. gr. 1 02 999 26 Til blindrastarfsemi.
Fyrir „450“ kemur 600

52. Við 4. gr. 1 02 999 33 Til Kvenfélagasambands Íslands.
Fyrir „2 500“ kemur 3 000

53. Við 4. gr. 1 02 999 40 Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss.
Fyrir „75“ kemur 100

54. Við 4. gr. 1 02 999 42 Landakotsskólinn.
Fyrir „1 000“ kemur 1 700

55. Við 4. gr. 1 02 999 44 Styrkur til Hlíðardalsskóla.
Fyrir „1 500“ kemur 2 300

56. Við 4. gr. 1 02 999 Nýr liður:
56 Hús Guðmundar Böðvarssonar 200

57. Við 4. gr. 1 02 999 60 Til þjóðhátta- og byggðakvikmynda.
Fyrir „300“ kemur 500

58. Við 4. gr. 1 02 999 65 Sædýrasafnið í Hafnarfirði vegna stofnkostnaðar.
Liðurinn fellur niður.

59. Við 4. gr. 1 02 999 86 Gjöf Jóns Sigurðssonar.
Fyrir „1 000“ kemur 1 800

60. Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:
89 Til eyðingar vargfugla 500

61. Við 4. gr. 1 04 201 Búnaðarfélag Íslands 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „75 300“ kemur 75 800

62. Við 4. gr. 1 04 241 Landnám ríkisins 09 Til skipulagningar.
Fyrir „1 900“ kemur 2 500

63. Við 4. gr. 1 04 241 12 Til grænfóðurverksmiðja.
Fyrir „29 500“ kemur 49 500

64. Við 4. gr. 1 04 243 Sauðfjárveikivarnir 27 Viðhald.
Fyrir „3 648“ kemur 5 000

65. Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur.
a. Fyrir „23 940“ kemur 30 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fyrirhleðslur (04 286 03).

a. Til fyrirhleðslna:

1. Klifandi og Hafursá 1 200

2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará 500

		Þús. kr.
3. Þverá og Markarfljót	3 000	
4. Jökulsá á Dal	4 600	
5. Jökulsá í Lóni	1 500	
6. Kolgríma	1 500	
		12 300
b. Til fyrirhleðslna gegn 1/4 kostnaðar annars staðar að:		
Djúpós og Hólsárbakkar		500
c. Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar að:		
1. Fossálar á Síðu	100	
2. Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri	200	
3. Eldvatn hjá Hnausum	100	
4. Kúðafljót	4 000	
5. Eldvatn hjá Ásum	200	
6. Klifandi, vatnafél. Landvörn	930	
7. Ár undir Eyjafjöllum	500	
8. Markarfljót við Fljótsdal	500	
9. Fiská hjá Árgilsstöðum	100	
10. Þjórsá í Skeiðahr.	500	
11. Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	100	
12. Stóra-Laxá hjá Birtingaholti	100	
13. Stóra-Laxá hjá Ósabakka	200	
14. Litla-Laxá hjá Skyggni	100	
15. Hvítá við Hvítárholt	200	
16. Hvítá við Fjall	200	
17. Ölfusá við Kaldaðarnes	200	
18. Sandá í Kjósarhr.	80	
19. Laxá neðan Hækingsdals	240	
20. Suðurá hjá Reykjahlíð	100	
21. Gil hjá Völlum	100	
22. Grímsá í Lundarreykjadal	500	
23. Rauðsgil í Hálsasveit	100	
24. Þverá hjá Kaðalsstöðum	290	
25. Stekkjargil hjá Slitvindastöðum	300	
26. Hörðudalsá	500	
27. Múlá, N.-Ís.	100	
28. Húsadalsá	300	
29. Núpsá hjá Efra-Núpi	100	
30. Austurá hjá Skárastöðum og Barkarstöðum	100	
31. Miðfjarðará hjá Staðarbakka, Barði, Ytri- og Syðri-Reykjum	200	
32. Fitjá hjá Fremri-Fitjum	150	
33. Víðidalsá hjá Víðidalstungu	150	
34. Varmadalsá	300	
35. Álka við Haukagil	180	
36. Tungná hjá Þórormstungu og Marðarnúpi	140	
37. Giljá hjá Litlu- og Stóru-Giljá	200	
38. Blanda	450	
39. Laxá hjá Þorbjargarstöðum	120	
40. Héraðsvötn	900	
41. Hjaltadalsá hjá Hólum	200	
42. Hörgá	150	
43. Eyjafjarðará í Saurbæjarhr.	300	
44. Múlaá í Skriðdal	200	

		Þús. kr.
45. Norðurdalsá í Breiðdal	1 000	
46. Leitislækur hjá Geithellum	260	
		15 940
d. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1. Vesturlandskjördæmi	310	
2. Norðurlandskjördæmi eystra	150	
3. Austurlandskjördæmi	800	
		1 260
		30 000
66. Við 4. gr. 1 04 286 04 Landþurrkun.		
a. Fyrir „475“ kemur		900
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Landþurrkun (04 286 04).		
1. Út-Hjaltastaðaþinghá	150	
2. Leiðvallarhreppur	150	
3. Dyrhólaós	200	
4. Holtsós	200	
5. Vestur-Landeyjar	200	
		900
67. Við 4. gr. 1 04 291 Til búfjárræktar 10 Laun.		
Fyrir „29 248“ kemur		31 248
68. Við 4. gr. 1 04 299 03 Til Norræna búfræðifélagsins.		
Fyrir „77“ kemur		150
69. Við 4. gr. 1 04 299 17 Félagssamtökin Landvernd.		
Fyrir „500“ kemur		650
70. Við 4. gr. 1 04 503 Garðyrkjuskólinn á Reykjum 10 Laun		
Fyrir „22 860“ kemur		23 460
71. Við 4. gr. 1 05 101 Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa 20 Önnur rekstrargjöld.		
Fyrir „13 070“ kemur		15 070
72. Við 4. gr. 1 05 201 Fiskifélag Íslands 10 Laun.		
Fyrir „41 221“ kemur		43 021
73. Við 4. gr. 1 05 201 Fiskifélag Íslands 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
Fyrir „750“ kemur		1 250
74. Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnun 10 Laun.		
Fyrir „270 883“ kemur		321 080
75. Við 4. gr. 1 05 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 10 Laun.		
Fyrir „62 741“ kemur		64 541
76. Við 4. gr. 1 05 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða 10 Laun.		
Fyrir „125 569“ kemur		128 069
77. Við 4. gr. 1 05 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða 20 Önnur rekstrargjöld.		
Fyrir „37 195“ kemur		38 595
78. Við 4. gr. 1 05 299 09 Veiðieftirlit.		
Fyrir „26 734“ kemur		31 734
79. Við 4. gr. 1 05 299 Nýr liður:		
14 Rekstrarstyrkur til stóru togaranna		94 000
80. Við 4. gr. 1 05 299 15 Ársfundur Alþjóðahafrannsóknaráðsins 1977.		
Fyrir „1 500“ kemur		2 000
81. Við 4. gr. 1 06 213 Sýslumaðurinn, Borgarnesi 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
Fyrir „792“ kemur		20 792

Þús. kr.

82. Við 4. gr. 1 06 229 Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „375“ kemur 15 375
83. Við 4. gr. 1 06 253 Almannavarnir 10 Laun.
Fyrir „6 148“ kemur 7 648
84. Við 4. gr. 1 06 254 Sjómælingar og sjókortagerð 10 Laun.
Fyrir „24 537“ kemur 25 837
85. Við 4. gr. 1 06 283 04 Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla.
Fyrir „30 000“ kemur 100 000
86. Við 4. gr. 1 06 301 Þjóðkirkjan 01 Yfirstjórn.
Fyrir „13 593“ kemur 14 293
87. Við 4. gr. 1 06 301 10 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
Fyrir „3 238“ kemur 4 738
88. Við 4. gr. 1 06 301 11 Æskulýðsstörf.
Fyrir „7 230“ kemur 8 730
89. Við 4. gr. 1 06 301 16 Byggingar á prestssetrum.
Fyrir „20 000“ kemur 23 000
90. Við 4. gr. 1 06 301 21 Skálholtsstaður.
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
91. Við 4. gr. 1 06 371 Kirkjubyggingasjóður.
Fyrir „9 500“ kemur 12 000
92. Við 4. gr. 1 07. Nýr liður:

391 Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu:

90 Yfirfærslur:
92 Til sveitarfélaga 40 000
Gjöld samtals 40 000
93. Við 4. gr. 1 07 981 09 Til Félagsmálaskóla alþýðu.
Fyrir „1 000“ kemur 1 300
94. Við 4. gr. 1 07 981 11 Til Iðnnemasambands Íslands.
Fyrir „350“ kemur 500
95. Við 4. gr. 1 07 999 11 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
Fyrir „50“ kemur 500
96. Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.
Fyrir „450“ kemur 750
97. Við 4. gr. 1 07 999 23 Til sjómannastofa.
Fyrir „1 550“ kemur 2 000
98. Við 4. gr. 1 07 999 29 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.
Fyrir „200“ kemur 300
99. Við 4. gr. 1 07 999 32 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur.
Fyrir „2 000“ kemur 5 000
100. Við 4. gr. 1 08 301 Landlæknisembættið 10 Laun.
Fyrir „9 993“ kemur 12 493
101. Við 4. gr. 1 08 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins 10 Laun.
Fyrir „10 743“ kemur 12 243
102. Við 4. gr. 1 08. Nýr liður:

379 Til kaupa á Landakotsspítala:

80 Gjaldfærður stofnkostnaður 70 000
Gjöld samtals 70 000
103. Við 4. gr. 1 08. Nýr liður:

Þús. kr.

380 **Námslán læknastúdenta:**

90 Yfirfærslur:
91 Til fyrirtækja í B-hluta 3 000
Gjöld samtals 3 000

104. Við 4. gr. 1 08 381 01 Bygging sjúkrahúsa o. fl.
a. Fyrir „929 800“ kemur 956 300
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 01).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1.	Reykjavík, skuldagr.	9 100
2.	Reykjavík, þjónustuálma	60 000
3.	Reykjavík, B-álma	15 000
4.	Reykjavík, Arnarholt	30 000
5.	Reykjavík, heilsugæslustöð Árbæ	20 000
6.	Akranes, sjúkrahús	41 200
7.	Búðardalur H—1	25 300
8.	Patreksfjörður, sjúkrahús	30 500
9.	Bolungarvík, H-1	20 000
10.	Ísafjörður, sjúkrahús	100 000
11.	Hvammstangi H-2 (hönnun)	2 000
12.	Blönduós, sjúkrahús	22 000
13.	Sauðárkrókur, sjúkrahús	28 000
14.	Hofsós, skuldagr.	500
15.	Siglufjörður, breyt. á sjúkrahúsi H-2	1 000
16.	Ólafsfjörður H-1	22 000
17.	Dalvík H-2	30 000
18.	Akureyri, sjúkrahús	130 000
19.	Akureyri, læknamóttaka	3 000
20.	Vopnafjörður H-1	14 700
21.	Egilsstaðir, skuldagr.	6 900
22.	Seyðisfjörður H-1	16 000
23.	Neskaupstaður, sjúkrahús	52 000
24.	Höfn, Hornafirði H-2	15 000
25.	Kirkjubæjarklaustur H-1	21 600
26.	Vík í Mýrdal H-1	21 000
27.	Hvolsvöllur H-1 (hönnun)	2 000
28.	Vestmannaeyjar, skuldagr.	20 000
29.	Hella v/læknamóttöku	3 000
30.	Laugarás, skuldagr.	2 000
31.	Selfoss, sjúkrahús	74 000
32.	Álafoss, læknamóttaka	3 000
33.	Seltjarnarnes H-2	3 000
34.	Hafnarfjörður, Sólvangur	4 000
35.	Hafnarfjörður v/læknamóttöku	3 000
36.	Keflavík, sjúkrahús	37 000
37.	Keflavík v/heilsugæslu	3 000
38.	Grindavík v/læknamóttöku	2 000
39.	Gerðar v/læknamóttöku	2 000
		894 800

Þús. kr.

b. Læknabústaðir:

1. Stykkishólmur	10 000	
2. Búðardalur	5 000	
3. Reykhólar (viðg.)	4 000	
4. Þingeyri	10 000	
5. Flateyri	2 500	
6. Ísafjörður	1 500	
7. Hólmavík	3 000	
8. Hvammstangi	8 000	
9. Siglufjörður	5 000	
10. Húsavík v/heilsugæslust.	2 000	
11. Húsavík v/sjúkrahúss	6 000	
12. Kópasker	2 000	
13. Selfoss	1 500	
14. Þorlákshöfn	1 000	
		61 500
		956 300

105. Við 4. gr. 1 08 381. Nýr liður:
02 Röntgentæki 40 000

106. Við 4. gr. 1 08 381 05 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi.
Fyrir „500“ kemur 5 000

107. Við 4. gr. 1 08 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „6 000“ kemur 10 000

108. Við 4. gr. 1 08 399 08 Hjartavernd.
Fyrir „10 000“ kemur 13 000

109. Við 4. gr. 1 08 399 11 Matvælarannsóknir.
Fyrir „10 000“ kemur 14 000

110. Við 4. gr. 1 08 399 Nýr liður:
12 Manneldisráð 1 000

111. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
17 Göngudeild háþrýstirannsókna 5 000

112. Við 4. gr. 1 08 399 27 Sjúkraflug.
Fyrir „3 500“ kemur 5 800

113. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
31 Félag astmasjúklinga 300

114. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
32 Exem- og psoriasissjúklingar 300

115. Við 4. gr. 1 08 399 33 Til tækniaðstoðar við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála o. fl.
Fyrir „3 000“ kemur 4 000

116. Við 4. gr. 1 08 399 34 Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun.
Fyrir „2 000“ kemur 3 000

117. Við 4. gr. 1 08 399 35 Námsferðir héraðslækna og embættislækna.
Fyrir „5 812“ kemur 6 500

118. Við 4. gr. 1 08 471 01 Gæsluvistarsjóður.
Fyrir „53 200“ kemur 63 200

119. Við 4. gr. 1 09 402. Liðurinn orðast svo:

Þús. kr.

402 **Fasteignamat:**

10	Laun	49 840	
20	Önnur rekstrargjöld	21 540	
27	Viðhald	500	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500	
	Gjöld samtals	73 380	
97	Sértekjur	35 380	
	Mismunur		38 000

120. Við 4. gr. 1 09 999. Nýr liður:
23 Lífeyrissjóður starfsmanna stjórnmálaflokka 6 500

121. Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „3 540“ kemur 4 000

122. Við 4. gr. 1 10 332 Vitamál 10 Laun.
Fyrir „73 014“ kemur 73 880

123. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
a. Fyrir „850 000“ kemur 931 600
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).

1.	Akranes	76 500
2.	Arnarstapi	15 700
3.	Ólafsvík	20 100
4.	Grundarfjörður	29 900
5.	Stykkishólmur	20 200
6.	Tálknafjörður	600
7.	Bíldudalur	24 200
8.	Þingeyri	54 200
9.	Flateyri	2 300
10.	Súgandafjörður	24 700
11.	Bolungarvík	1 400
12.	Súðavík	22 000
13.	Ísafjörður	23 200
14.	Hólmavík	7 500
15.	Hvammstangi	16 400
16.	Blönduós	1 000
17.	Skagaströnd	63 100
18.	Sauðárkrókur	18 800
19.	Siglufjörður	12 000
20.	Ólafsfjörður	31 700
21.	Dalvík	12 000
22.	Hrísey	17 200
23.	Hauganes	3 300
24.	Hjalteyri	11 300
25.	Akureyri	22 500
26.	Grímsey	7 500
27.	Húsavík	27 000
28.	Raufarhöfn	8 900
29.	Þórshöfn	11 300
30.	Vopnafjörður	20 700
31.	Borgarfjörður eystri	15 000
32.	Neskaupstaður	57 000

		Þús. kr.
33. Reyðarfjörður	12 700	
34. Fáskrúðsfjörður	15 500	
35. Stöðvarfjörður	3 800	
36. Breiðdalsvík	48 900	
37. Höfn, Hornafirði	11 300	
38. Dyrhólaey	2 000	
39. Vestmannaeyjar	39 400	
40. Eyrarbakki	26 700	
41. Hafnir	3 000	
42. Sandgerði	37 500	
43. Hafnarfjörður	51 600	
		931 600
124. Við 4. gr. 1 10 342 Sjóslysanefnd 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „1 130“ kemur		2 330
125. Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn. Fyrir „822 257“ kemur		825 357
126. Við 4. gr. 1 10 652 Veðurstofan 10 Laun. Fyrir „191 599“ kemur		192 599
127. Við 4. gr. 1 11 201 Iðnþróunarstofnun Íslands 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „43 685“ kemur		51 685
128. Við 4. gr. 1 11 202 Rannsóknastofnun iðnaðarins 10 Laun. Fyrir „36 592“ kemur		38 092
129. Við 4. gr. 1 11 202 Rannsóknastofnun iðnaðarins 27 Viðhald. Fyrir „1 250“ kemur		1 500
130. Við 4. gr. 1 11 202 Rannsóknastofnun iðnaðarins 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „3 850“ kemur		5 000
131. Við 4. gr. 1 11 203 Ransóknastofnun byggingaiðnaðarins 10 Laun. Fyrir „57 150“ kemur		59 570
132. Við 4. gr. 1 11 207 Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði 10 Laun. Fyrir „4 500“ kemur		4 900
133. Við 4. gr. 1 11 207 Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „1 950“ kemur		2 100
134. Við 4. gr. 1 11 235 02 Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Fyrir „13 500“ kemur		15 000
135. Við 4. gr. 1 11 299 04 Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði. Fyrir „10 000“ kemur		16 000
136. Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður: 05 Ullar- og skinnaverkefni		5 000
137. Við 4. gr. 1 11 299 10 Iðnkynning. Fyrir „4 000“ kemur		6 500
138. Við 4. gr. 1 11 302 Rafmagnseftirlit ríkisins 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „26 225“ kemur		28 225

Sþ. 163. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Undirbúningur fjárlaga fyrir árið 1977 hefur enn mótast af þeim miklu efnahagslegu áföllum sem yfir þjóðina dundu á árunum 1974 og 1975 og voru hin mestu

og sneggstu frá stríðslokum. Hin brýna þörf á aðhaldi í útgjaldaáformum ríkissjóðs hefur mótað gerð fjárlagafrumvarpsins og breytingartillögur meiri hlutans nú eins og á s. l. ári. Batnandi viðskiptakjör á þessu ári, augljós áhrif margvíslegra efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar og ekki síst aðhald í útgjaldaáformum ríkissjóðs við gerð fjárlaga fyrir 1976, valda því, að verulegur árangur hefur náðst í glímunni við efnahagsvandann. Þannig eru horfur á að takist að koma viðskiptahallanum við útlönd niður í 4% af þjóðarframleiðslunni á yfirstandandi ári en hann varð 12% af þjóðarframleiðslu árið 1974. Þá er þess vænst að greiðsluafgangur verði á þessu ári hjá ríkisjóði öfugt við það, sem verið hefur á undanförnum árum. Þetta hefur átt sinn þátt í að minnka verðbólguna úr u. þ. b. 54% á árinu 1974 í minna en 30% á yfirstandandi ári. Það er athyglisvert að þessi umtalsverði árangur hefur náðst samtímis því að verulegum framkvæmdum hefur verið haldið uppi um allt land og full atvinna verið fyrir alla vinnufæra menn.

Gerð fjárlaga fyrir árið 1977 miðar að því að fylgja eftir þessari hagstæðu þróun og tryggja þannig fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, hallalausan ríkisbúskap og minnkandi verðbólgu. Þetta er útilokað að gera án aðhalds í ríkisútgjöldum og hófs í skattaálögum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að halda aftur af hækkun ríkisútgjalda bæði til rekstrar og opinberra framkvæmda, þrátt fyrir brýna þörf á hinum ýmsu sviðum vaxandi þjóðlífs. Með þetta meginmarkmið í huga verða menn að skoða tillögugerð meiri hluta fjárveitinganefndar við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1977.

Við þessa fjárlagagerð er um að ræða breyttar verðlagsforsendur frá því sem tíðkast hefur á undanförnum árum. Þar sem fyrir liggja kjarasamningar, sem hafa í för með sér þekktar kauphækkanir fram á mitt næsta ár, er gert ráð fyrir þeim fjárhæðum í frumvarpinu sem þurfa til þess að standa straum af þessum launahækkunum. Þetta hefur augljóslega í för með sér meiri hækkun fjárlaga milli ára nú en endranær, þar sem venja hefur verið að miða fjárlagagerð við desemberverðlag og kauplag hverju sinni. Í frv. munar hér tæplega 4 700 millj.kr. til hækkunar frá því sem verið hefði með sömu aðferð og notuð hefur verið áður við fjárlagagerð. Síðan frv. var samið hafa orðið kauphækkanir vegna svonefndra rauðu strika í kjarasamningum. Þess vegna verður upphæð fjárlaganna miklum mun hærri en sem nemur áður nefndri upphæð af því að nú er í fyrsta sinn gert ráð fyrir hækkun tekna og útgjalda á verðlagsforsendum, sem ráðast af þekktum kaupbreytingum fyrstu sex mánuði næsta árs. Auk þessa er svonefnt olíugjald, þ. e. a. s. eitt prósentustig í söluskatti, nú tekið inn í fjárlög í fyrsta sinn og hækkar það eitt út af fyrir sig niðurstöður tekna og gjalda um 1 600 millj.kr. Hvort tveggja þarf að hafa í huga þegar bornar eru saman niðurstöður fjárlaganna á yfirstandandi ári og fyrir 1977.

Þessi háttur, sem nú er upp tekinn um að gera ráð fyrir þekktri kaup- og verðlagshækkun á fjárlagaárinu, gerir kleift að koma við raunhæfari fjárlagagerð og eftirliti með útgjöldum einstakra ráðuneyta og stofnana. Strangar aðhaldsaðgerðir og breytt vinnubrögð hjá fjármálaráðuneytinu á yfirstandandi ári eiga gildan þátt í bættri afkomu ríkissjóðs. Gerðar hafa verið greiðsluáætlanir innan fjárlagaársins um þarfir einstakra ráðuneyta og ríkisstofnana í útgjöldum og samanburður gerður á greiðslum úr ríkissjóði til þeirra. Fjárlagagerðin í ár er við það miðuð að auðvelda þessa áætlanagerð og eftirlit með ríkisútgjöldum í aðhalds- og sparnaðarskyni, m. a. með því að gera ráð fyrir þekktum hækkunum í launum og kostnaði á næsta ári.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að samþykkt nýrrar tollskrár minnki tekjur ríkissjóðs um 600 millj. kr. Nú, þegar tollskrárfrumvarpið hefur verið lagt fram, kemur í ljós að samþykkt þess hefur enn meiri áhrif á afkomu ríkissjóðs en áður var búist við og munu tolltekjur minnka til viðbótar um 350 millj. og söluskattur um 150 millj. Verður að gera ráð fyrir þessum breytingum í endanlegri gerð tekjuáætlunar, sem verður að bíða til 3. umræðu. Ljóst er, að þessi tekjurýrnun eykur enn vanda fjárveitinganefndar við gerð fjárlaganna.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 strax að loknu kjöri nefndarinnar. Hefur frumvarpið verið rætt á 38 fundum. Mikill tími hefur farið í viðtöl við forstöðumenn ráðuneyta og annarra ríkistofnana svo og ýmsa fulltrúa sveitarfélaga og félagasamtaka. Af viðtölum þessum hefur glöggt komið í ljós, að mikils aðhalds er gætt í útgjaldaáformum við gerð frumvarpsins, og yfirleitt hafa forstöðumenn ríkisstofnana dregið svo úr rekstrarútgjöldum sem kostur er. Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur þó áherslu á að nauðsynlegt er að Alþingi og ríkisstjórn fylgist vel með notkun fjármuna í opinberum rekstri og framkvæmdum og leita þarf aðferða til aukinnar hagræðingar á hinum ýmsu sviðum opinbers rekstrar.

Nefndin hefur sem fyrr skipt með sér verkum og hafa einstakir nefndarmenn haft til athugunar sérstaka málaflokka frumvarpsins. Hefur sú athugun einkum beinst að þeim málaflokkum, sem fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingar skóla, íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmda og byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þá hefur nefndin átt góða samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnunina og starfsmenn hennar svo og forstöðumenn ráðuneyta og stofnana, sem hafa veitt nefndinni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Svo sem jafnan áður hafa n. borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum, sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða fyrirgreiðslu svo og leiðréttingar sem valda hækkun á útgjöldum fjárlaga. Nefndin hefur reynt að kynna sér þessi erindi eftir föngum, en hefur að þessu sinni ekki getað sinnt nema fáum nýjum beiðnum, en hækkað nokkuð ýmsa liði frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst að orðið hefur að synja fjárbeiðnum til málefna sem vissulega verðskulda stuðning hins opinbera en verða að bíða betri tíma.

Nefndinni hefur enn ekki unnist tími til að ljúka afgreiðslu allmargra þátta fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna t. d. framlög til ferjubryggna, vegagerðar, sjóvarnargarða, starfsmannahalds í heilsugæsluþjónustu ríkisspítalanna, héraðsskólanna, væntanlegrar rannsóknarlögreglu ríkisins, íþróttamannvirkja, Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar, auk almennra áhrifa af breyttum verðlagsforsendum á tekjur og gjöld. Þá er lánsfjáráætlun óafgreidd og má vænta þess að gera þurfi breytingar á einstökum fjárlagatölum þess vegna. Loks eru nokkrir smærri liðir, sem ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til. Bíður afgreiðsla allra þessara mála til 3. umræðu.

Ekki náðist í nefndinni samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hl. mun því skila séráliti. Nefndin stendur þó sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þingskjali 162, en minni hl. óskar eftir að taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna og áskilur sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Á fundi fjárveitinganefndar fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umræðu mætti fulltrúi frá Þjóðhagsstofnuninni. Veitti hann nefndinni margvíslegar upplýsingar um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og horfur í náinni framtíð.

Meiri hl. nefndarinnar vill taka fram, að brtt. þær, sem hann mun flytja við 3. umræðu fjárlaga, verða að sjálfsögðu við það miðaðar, að takast megi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1977.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins.

Æðsta stjórn ríkisins 1 00.

201 Sérfræðileg aðstoð við þingflokka. Fjárveitingin hækki um 3 500 þús. kr.

Forsætisráðuneytið 1 01.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Hækkun 300 þús. kr. vegna rannsókna á Þingvallavatni og verður fjárveiting þá í heild í þessu skyni 1 500 þús. kr.

Menntamálaráðuneytið 1 02.

101 Aðalskrifstofa: Liðurinn lækki um 10 000 þús. kr. vegna tilfærslu á sérlið sem eru ýmsir styrkir.

201 Háskóli Íslands: Launaliður hækki um 2 000 þús. kr., sem eru laun dósents í matvælaefnafræði.

231 Náttúrufræðistofnun Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 433 þús. vegna kaupa á hillum fyrir safngripi.

305 Menntaskólinn við Tjörnina: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 16 000 þús. kr. vegna samnings við Reykjavíkurborg um greiðslu á andvirði Vogaskóla.

306 Menntaskólinn á Ísafirði: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 9 000 þús. kr. vegna vanreiknaðs kostnaðar við húsakaup, hönnunar á nýbyggingu og brunavarnartækja í heimavist.

313 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Launaliður hækki um 10 000 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 3 000 þús.

321 Kennaraháskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 25 000 þús. kr. til byrjunarframkvæmda á nýbyggingu.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna hönnunar.

506 Vélskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 4 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.

516 Iðnskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 500 þús. kr., sbr. sundurliðun í sérstöku yfirliti.

518 Fiskvinnsluskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.

562 Leiklistarskólinn: Launaliður hækki um 2 000 þús. kr.

571 Sjómannaskólahúsið: Önnur rekstrargjöld hækki um 2 842 þús. Viðhald hækki um 2 millj. kr.

621 Nýr liður: Skálholtsskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður 6 000 þús. kr.

792 Framlög til byggingar grunnskóla hækki um 32 070 þús., sbr. sérstakt yfirlit.

793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 40 000 þús. kr.

803 Dagvistunarheimili: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 25 700 þús. kr., sbr. sérstakt yfirlit.

851 Félagsstofnun stúdenta hækki um 3 400 þús. vegna viðhalds á stúdentagörðum o. fl.

881 Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis: Liðurinn hækki um 300 þús. kr.

882 Myndlistarskólinn í Reykjavík: Framlag hækki um 300 þús.

882 Myndlistarskólinn á Akureyri, nýr undirliður 100 þús. kr.

884 Til jöfnunar námskostnaði: Liðurinn hækki um 20 000 þús. kr.

885 Bréfaskólinn: Styrkur hækki um 500 þús. kr.

901 Landsbókasafnið: Launaliður hækki um 480 þús. vegna ½ starfs ritara.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 600 þús., m. a. vegna sjóminjasafns. Til sveitarfélaga hækki yfirfærslur um 1 200 þús. kr. og

976 Menningarsjóður: Framlag hækki um 1 346 þús. kr.
verða þá styrkir til safna, gamalla kirkna o. fl. 8 200 þús. kr.

982 Listir framlög: Leikfélag Akureyrar, nýr liður, 5 000 þús. kr., en félagið var áður með fjárveitingu undir liðnum til leiklistarstarfsemi. Styrkur til félagsins hækki því í raun um 1 millj. kr. Leikfélag Reykjavíkur, styrkur hækki um 1 500 þús. Til Bandalags ísl. leikfélaga, liðurinn hækki um 300 þús. og leiklistarstarfsemi, undirliður, lækkar um 1 700 þús. vegna þess að Leikfélag Akureyrar er nú fært á sérlið. Í raun er lagt til að stuðningur við leiklistarstarfsemi hækki undir þessum lið um 2 300 þús. Rithöfundasamband Íslands. Styrkur hækki um 100 þús. kr.

984 Norræna félagið: Styrkur hækki um 200 þús. kr.
988 Æskulýðsstarfsemi: UMFÍ, styrkur hækki um 4 000 þús. kr. Bandalag ísl. skáta hækki um 600 þús. Nýr liður: Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 600 þús. kr. Íslenskir ungtemplarar, styrkur hækki um 675 þús. kr., og starfsstyrkur til KFUM og KFUK hækki um 300 þús. kr.
989 Íþróttafélag fatlaðra: Styrkur hækki um 150 þús. kr.
998 Ýmsir styrkir: Nýr liður 10 000 þús. kr., en þessi liður var áður undir aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, sbr. hér að framan.
999 Ýmislegt: Matthíasarsafn á Akureyri, styrkur hækki um 20 þús. Sædýrasafnið, Hafnarfirði, hækki um 1 500 þús. og verði fjárveiting til þess sameinuð í einn lið. Íslenska stærðfræðifélagið hækki um 100 þús. Skáksamband Íslands hækki um 300 þús. Styrkur vegna alþjóðaskákmóta hækki um 350 þús. kr. Styrkur vegna Bandalags ísl. skáta, hjálparsveita, hækki um 350 þús. og til blindrastarfsemi um 150 þús. kr. Kvenfélagasamband Íslands, styrkur hækki um 500 þús., Zontaklúbbur Akureyrar vegna Nonnahúss hækki um 25 þús. kr., Landakotsskóli um 700 þús., Hlíðardalsskóli um 800 þús. Hús Guðmundar Böðvarssonar, nýr liður, 200 þús. Til þjóðhátta- og byggðakvikmynda hækki um 200 þús., Gjöf Jóns Sigurðssonar um 800 þús. kr. Til eyðingar vargfugla, nýr liður, 500 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneytið 1 04.

201 Búnaðarfélag Íslands: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr.
241 Landnám ríkisins: Lagt er til að liður 09 Til skipulagningar hækki um 600 þús. kr. vegna sérstakrar fyrirgreiðslu samkvæmt Hólsfjallaáætlun. Einnig er lagt til að liðurinn 12 Til grænfóðurverksmiðja hækki um 20 000 þús. kr., sem skiptist jafnt til framkvæmda í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.
243 Sauðfjárveikivarnir: Liður 27 hækki um 1 352 þús. kr. vegna viðhalds á girðingum.
286 Lagt er til að liður 03 Fyrirhleðslur hækki um 6 060 þús. kr. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti. Liðurinn 04 Landþurrkun hækki um 425 þús. kr., sem sundurliðast á sérstöku yfirliti.
291 Til búfjárræktar: Launaliður hækki um 2 000 þús. kr. vegna tveggja nýrra friðtækna samkvæmt búfjárræktarlögum.
299 Liðurinn 03 Til Norræna búfræðifélagsins hækki um 73 þús. kr. Einnig er lagt til að liðurinn 17 Félagssamtökin Landvernd hækki um 150 þús. kr.
503 Garðyrkjuskólinn á Reykjum: Lagt er til að launaliður hækki um 600 þús. kr. vegna ½ starfsmanns á skrifstofu.

Sjávarútvegsráðuneytið 1 05.

101 Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld á aðalskrifstofu hækki um 2 000 þús. kr.
201 Fiskifélag Íslands: Lagt er til að launaliður hækki um 1 800 þús. kr. vegna ráðningar nýs starfsmanns í tæknideild. Einnig að liðurinn 80 Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr.
202 Hafrannsóknastofnun: Lagt er til að launaliður hækki um 50 197 þús. kr. vegna gerðra samninga um laun á hafrannsóknaskipunum.
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Lagt er til að launaliður hækki um 1 800 þús. kr. til þess að unnt sé að ráða nýjan tæknifræðing.
215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða: Lagt er til að launaliður hækki um 2 500 þús. kr. og liðurinn Önnur rekstrargjöld um 1 400 þús. kr.

299 Lagt er til að liðurinn 09 Veiðieftirlit hækki um 5 000 þús. kr. Einnig að tekinn verði upp nýr liður, sem verði 14 Rekstrarstyrkur til stóru togaranna 94 000 þús. kr. Enn fremur er lagt til að liðurinn 15 Ársfundur Alþjóðahafrannsóknaráðsins 1977 hækki um 500 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1 06

213 Sýslumaðurinnn í Borgarnesi: Lagt er til að Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 20 000 þús. kr., verði 20 792 þús. kr., sem er ætlað til byrjunarframkvæmda við að byggja yfir embættið.

229 Sýslumaðurinn og bæjarfógeti, Eskifirði: Lagt er til að gjaldfærður stofnkostnaður hækki vegna byrjunarframkvæmda við hús yfir embættið um 15 000 þús. kr., verði 15 375 þús. kr.

253 Lagt er til að Almannavarnir fái hækkun á launalið um 1 500 þús. kr. vegna ráðningar á starfsmanni, liðurinn verði 7 648 þús. kr.

254 Sjómælingar og sjókortagerð: Lagt er til að laun hækki um 1 300 þús. kr. vegna ráðningar manns við sjókortagerð, verði 25 837 þús. kr.

283 Lagt er til að hækka framlag til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla um 70 000 þús. kr., liðurinn verði 100 000 þús. kr.

301 Þjóðkirkjan: Lagt er til að þessir liðir hækki sem hér segir: Yfirstjórn um 700 þús. kr. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar um 1 500 þús. kr. Æskulýðsstörf um 1 500 þús. kr. vegna ráðningar æskulýðsfulltrúa á Norðurlandi. Byggingar á prestssetrum um 3 000 þús. kr. Skálholtsstaður um 1 000 þús. kr. Samtals um 7 700 þús. kr.

371 Kirkjubyggingasjóður hækki um 2 500 þús. kr. verði 12 000 þús. kr.

Félagsmálaráðuneytið 1 07.

391 Nýr liður: Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu, til sveitarfélaga 40 000 þús. kr.

981 Liðurinn Til Félagsmálaskóla alþýðu hækki um 300 þús. kr., verði 1 300 þús. kr., og Til Iðnemasambands Íslands um 150 þús. kr., verði 500 þús. kr.

999 Ýmis framlög hækki um samtals 4 300 þús. kr. sem greinist þannig að Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra fái 450 þús. kr., Neytendasamtökin 300 þús. kr., til sjómannastofa 450 þús. kr., Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra 100 þús. kr. og Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, til byggingarframkvæmda 3 000 þús. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1 08.

301 Landlæknisembættið: Lagt er til að laun hækki um 2 500 þús. kr.

322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins: Laun hækki um 1 500 þús. kr.

379 Nýr liður: Til kaupa á Landakotsspítala 70 000 þús. kr. Upphæðin er í samræmi við samning sem gerður hefur verið um kaup á sjúkrahúsinu.

380 Nýr liður: Námslán læknastúdenta 3 000 þús. kr.

381 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o. fl.: Liðurinn hækki um 26 500 þús. kr., sbr. sérstaka sundurliðun. Nýr liður bætist við til röntgentækjakaupa, 40 000 þús. kr., sem er vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Borgarsjúkrahússins. Sjúkrahús Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, liðurinn hækki um 4 500 þús.

391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar: Önnur rekstrargjöld hækki um 4 000 þús. kr.

399 Ýmis heilbrigðismál: Hjartavernd, styrkurinn hækki um 3 000 þús. Matvælarannsóknir, fjárveiting er hækkuð um 4 000 þús. kr. Nýr liður: Manneldisráð 1 000 þús. kr. Nýr liður: Háþrýstirannsóknir, er tekinn upp, 5 000 þús. kr., til þess að koma á göngudeild til rannsókna og meðferðar sjúklinga með háan blóðþrýsting. Sjúkraflug, lagt er til að styrkurinn hækki sem nemur 2 300 þús. kr. Nýir liðir: Félag astmasjúklinga 300 þús. og Félag exemsjúklinga 300 þús. kr. Tækniaðstoð við sveitarfélög vegna sorpeyðingar, umhverfis- og mengunarmála, liðurinn hækki um 1 000 þús. kr. Lagt er til að hækka liðinn til reglugerðar um iðnaðar- og iðjumengun um 1 000 þús. kr. Námsferðir héraðslækna og embættislækna hækki um 688 þús. kr.

471 Gæsluvistarsjóður: Liðurinn hækki um 10 000 þús. kr.

Fjármálaráðuneytið 1 09.

402 Fasteignamat ríkisins: Liðurinn hækki í heild um 7 043 þús. kr. Gjöldin hækki um 15 673 þús. kr. og tekjur um 8 630 þús. kr. Launaliðurinn hækki um tæpar 12 000 þús. kr. og eru það laun 9 nýrra starfsmanna. Jafnframt eru störf 450 svonefndra millimatsmanna lögð niður.

999 Lífeyrissjóður starfsmanna stjórnmálaflokka. Tekinn verði upp nýr liður, 6 500 þús. kr., skv. nýsettum lögum um þennan lífeyrissjóð. Hluti upphæðarinnar er vegna vangoldinna framlaga fyrri ára.

Samgönguráðuneytið 1 10.

211 Vegagerð. Lagt er til að liðurinn 94 Til einstaklinga og samtaka hækki um 460 þús. kr. Fé af þessum fjárlagalið, sem ætlað er til stuðnings þeim aðilum, sem rækja þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi á erfiðum samgönguleiðum, verður skipt með bréfi til Vegagerðar ríkisins.

332 Vitamál: Launaliður hækki um 866 þús. kr.

333 Hafnamál: Liðurinn 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 81 600 þús. kr. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti.

342 Sjóslysanefnd: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 1 200 þús. kr. vegna rannsókna á reki gúmbáta.

471 Flugmálastjórn: Liðurinn hækki um 3 100 þús. kr., sem skýrist þannig að 2 600 þús. kr. eru vegna vanáætlaðra rekstrarútgjalda og 500 þús. kr. vegna styrks til áhugamannafélaga á sviði flugmála.

652 Veðurstofan: Launaliður hækki um 1 000 þús. kr. vegna hafísrannsókna.

Iðnaðarráðuneytið 1 11.

201 Iðnþróunarstofnun Íslands: Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr. til þess að ljúka verkefnum, sem áður höfðu styrk frá Þróunarstofnun S. þ.

202 Rannsóknastofnun iðnaðarins: Laun hækki um 1 500 þús. vegna ráðningar tæknifræðings. Viðhaldsliður hækki um 250 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður vegna tækjakaupa um 1 150 þús. kr.

203 Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins: Laun hækki um 2 420 þús. kr. vegna ráðningar tveggja nýrra starfsmanna.

207 Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði: Launaliðurinn hækki um 400 þús. kr. og Önnur rekstrargjöld um 150 þús. kr. Heildarliðurinn skiptist þannig að til eftirmenntunar í rafiðnaði verði ráðstafað 4 500 þús. kr. og í málmiðnaði 2 500 þús. kr.

235 Útflutningsmiðstöð iðnaðarins: Framlag hækki um 1 500 þús. kr.

299 Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði: Liðurinn hækki um 6 000 þús. kr. Nýr liður verði tekinn upp: Ullar- og skinnaverkefni 5 000 þús. kr. Iðnkynning, framlag hækki um 2 500 þús. kr.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 000 þús. kr. vegna rannsókna á öryggisbúnaði næturhitunargeyma.

Alþingi, 12. des. 1976.

Jón Árnason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingi Tryggvason.
Pálmi Jónsson.	Steinþór Gestsson.	Lárus Jónsson.
	Gunnlaugur Finnsson.	

Sþ. 164. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd afgreiddi fjárlagafrv. til 2. umræðu á fundi s. l. laugardag á þeim forsendum fyrst og fremst, hversu skammur tími er þar til þingi lýkur fyrir jól.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 162, en minni hluti nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu á fund fjárveitinganefndar s. l. laugardag og lögðu fram upplýsingar um framvindu efnahagsmála á árinu 1976 og horfur á næsta ári. Endurskoðuð tekjuáætlun fjárlagafrv. liggur þó ekki fyrir, enda hefur boðað frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum ekki verið lagt fram enn. Er því ekki ljóst, hver er áætluð staða ríkissjóðs á næsta ári, og flytur minni hluti fjárveitinganefndar sem heild því ekki breytingartillögur við frv. fyrir 2. umræðu.

Mörg veigamikil mál bíða 3. umræðu: Tekjuáætlun, málefni Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkusjóðs, héraðsskóla, Íþróttasjóðs, eftirlaunagreiðslur, skipting fjárveitinga til flugmála, ferjubryggna og sjóvarnargarða, og auk þess ýmis erindi.

Þar við bætist að frumvörp, sem boðað hefur verið að verði grundvöllur mikilsverðra þátta í fjárlagaafgreiðslu, hafa ekki verið lögð fram, þegar nefndin lýkur störfum fyrir 2. umræðu. Það er æðilangt síðan hæstv. fjármálaráðherra tilkynnti Alþingi og þjóðinni allri, að breytingar yrðu gerðar á tekjuskattslögum. Við 3. umr. um fjárlagafrv. í des. 1974 var boðað að á vorþingi 1975 yrðu kynntar tillögur um nýskipan tekjuskattsmála og að afstaða til þeirra yrði tekin á þingi 1974—1975 eða þingi 1975—1976.

Ekki bólaði á neinum tillögum fyrr en vorið 1976, að hugmyndir voru sendar þingflokkunum og tekið fram að ætlunin væri að leggja þær fyrir Alþingi áður en þingi lyki s. l. vor. Ekkert varð af því. Enn nýjar tillögur voru sendar þingflokkunum fyrir skömmu, en þrátt fyrir að fjárveitinganefnd hafi lokið störfum fyrir 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið og eigi að fjalla um fjárlagaafgreiðsluna í nefndarálitum, hafa þær tillögur, sem boðaðar eru í greinargerð frumvarpsins sem grundvöllur skattálagningar á næsta ári, enn ekki séð dagsins ljós á Alþingi.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins segir: „Lánsfjáráætlun 1977 verður lögð fram á Alþingi fyrir eða um miðjan nóvember. Lánsfjáráætlun er til þess gerð, að um leið og fjárlagaákvarðanir eru teknar fáist skipuleg yfirsýn um lánastarfsemina í

landinu og erlendar lántökur þjóðarinnar.“ Þótt komið sé fram í miðjan desember og fjárveitinganefnd hafi lokið störfum fyrir 2. umræðu bólar ekkert á lánsfjáráætluninni.

Samkvæmt lögum á starfsmannaskrá að fylgja fjárlagafrv. Svo var ekki gert nú í haust, en hæstv. fjármálaráðherra sagði af því tilefni í fjárlagaræðu 28. okt. s. l.: „Skráin mun verða afhent þingmönnum eftir u. þ. b. vikutíma.“ Hún hefur ekki sést enn.

Í greinargerð fjárlagafrv. á bls. 158 segir:

„Ríkisstjórnin hyggst koma breyttri skipan á fjármál og skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum, sem hafi það meginmarkmið að samhæfa betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Í þessu frumvarpi hefur verið stigið það skref, að áætlaður kostnaður af ríkisspítölunum verði færður í A-hluta fjárlaga, og er þá reiknað með því, að ríkið kosti stofnanir þessar að öllu leyti. Hins vegar hefur í B-hluta verið reiknað með því, að sveitarfélögin greiði hluta sinn af heildarkostnaði sjúkratrygginga samkvæmt gildandi reglum, og jafnframt verði 1 200 m.kr. af kostnaðinum bornar af fjáröflun, sem samsvari núverandi 1% sjúkratryggingagjaldi af útsvarsstofni. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess, hvort þessi fjáröflun verði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, enda hlýtur sú ákvörðun að bíða niðurstöðu viðræðna, sem áformaðar eru um fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginganna og skiptingu kostnaðar af þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Þá virðist einnig brýnt í þessu sambandi að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Áður en endanleg afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins fer fram mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leggja fram tillögu um nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöf, sem tryggir fyrirhugaða nýskipan.“

Hér eru boðaðar verulegar breytingar á tilhögun rekstrar ríkisspítala og á ákvæðum laga um almannatryggingar að því er tekur til fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga, bæði varðandi greiðslur sjúkratrygginga og álagningu sjúkratryggingagjalds. Fjárveitinganefnd er þó látin ljúka störfum fyrir 2. umr. og gert að skila nefndaráliti án þess að frumvarpið um breytingar á tryggingalöggjöfinni sé lagt fram eða nefndinni hafi verið veittar nokkrar minnstu upplýsingar um þessar fyrirhuguðu breytingar.

Í greinargerð með fjárlagafrv. á bls. 159 segir: „Gert er ráð fyrir afgreiðslu vegáætlunar samtímis afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977, og mun samgönguráðherra leggja hana fram í nóvembermánuði n. k.“

Vegáætlun hefur enn ekki verið lögð fram um miðjan desember, þegar fjárveitinganefnd hefur lokið störfum fyrir 2. umræðu. Vegáætlun verður ekki afgreidd fyrir áramót, og engin vegáætlun verður því í gildi þegar nýtt ár hefst.

Eins og framangreind dæmi sýna, er þannig staðið að afgreiðslu fjárlaga, að óviðunandi er. Ræður þar mestu um ráðleysi ríkisstjórnarinnar við ákvarðanatöku og dáðleysi við að fylgja fram málum. Er sýnt að ekki er einhlítt að styðjast við fjölmennt lið á þingi. Væri þinghléið ekki framundan, velktust mál óendanlega innan þingflokka stjórnarinnar. Helst er treyst á það af ríkisstjórninni, að tímahrakið yfirbugi að lokum ráðleysið.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hóf feril sinn með gengislækkun og hækkun söluskatts um 2 stig. Stórhækkun neysluskatta hefur síðan einkennt stjórnarstefnuna. Til viðbótar gengislækkunum, hækkun söluskatts og álagningu vörugjalds er markvisst hirtur í ríkissjóð hver skattur, sem á hefur verið lagður til að mæta sérstökum áföllum, svo sem viðlagagjald og olíugjald. Er svo komið í þessum efnum, að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. að skattar af innflutningi, seldum vörum og þjónustu og af vörugjaldi nemi á næsta ári um 45 000 milli. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1974.

Þessi gífurlega aukning neysluskatta, sem veldur margvíslegri upphleðslu álagningar og annarra gjalda í vöruverði og beinlínis ræktar verðbólguna, er ein höfuð-

ástæðan fyrir stórminnkuðum kaupmætti launa almennings og bitnar harðast á þeim, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Þessari stórauknu skattheimtu hefur þó ekki verið varið til að auka samfélagslegar framkvæmdir og þjónustu né kaupmátt lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Þvert á móti hefur úr hvoru tveggja verið dregið í tíð núv. ríkisstjórnar.

Raunhæf byggðastefna, sem framfylgt var með því að veita aukið framkvæmdafé úr ríkissjóði til að efla sveitarfélög, lífvænlega framleiðslustaði úti á landsbyggðinni, hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar verið að verulegu leyti lögð til hliðar. Slíkar greiðslur hafa verið rýrðar að raungildi eftir að hægri stjórnin tók við völdum, og þrátt fyrir bættar ytri aðstæður nú er slíkri niðurskurðarstefnu haldið áfram, samtímis því að stóraukin rekstrargjöld gleypa æ stærri hluta vaxandi skattheimtu.

Rekstur ríkissjóðs á árinu 1975, fyrsta heila stjórnarári hægri stjórnarinnar, var stórfellt stjórnunarslys, sem lengi mun í minnum haft. Óraunhæf fjárlagagerð haustið 1974, algert eftirlitsleysi og stjórnleysi varðandi ríkisútgjöld olli því, að þrátt fyrir enn nýjar skattheimturáðstafanir, m. a. með lögfestingu vörugjalds til viðbótar þeim sköttum, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, varð rekstrarhalli ríkissjóðs ríflega 7 500 millj. kr., en það svarar til um 10 000 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Það staðfestir best, hvernig staðið var að stjórn ríkisfjármálanna, að sá, sem þeim stjórnaði, taldi á miðju ári 1975 að eftir álagningu vörugjalds yrði rekstur ríkissjóðs hallalaus, í byrjun okt. að hallinn yrði 770 millj., í lok okt. að hallinn yrði 1 270 millj., í des. 3 500 millj. og eftir árslok að hann yrði 5 000 millj. kr. Þessi eindæma meðferð fjármála olli því að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann jókst í 10 000 millj. kr. og vaxtagreiðslur stórhækkuðu.

Lánardrottnar ríkissjóðs hafa í kjölfar þessarar frammistöðu getað knúið fram að ráðstafanir væru gerðar til að betur væri á þessu ári staðið að eftirliti með útgjöldum og afkomu ríkissjóðs. Horfði þó svo s. l. vor um rekstur ríkissjóðs, að í stað áætlaðs rekstrarafgangs yrði um hallarekstur að ræða einnig á þessu ári, þrátt fyrir að ytri aðstæður reyndust verulega hagstæðari en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga. Varð því enn að grípa til aukinnar skattheimtu í maí með ákvörðun um hækkun vörugjalds úr 12% í 18%. Skyldi sú skattheimta gilda allt árið, enda þótt gjaldið hefði að óbreyttum lögum átt að lækka í 6% hinn 1. sept. á þessu ári. Má því ætla, að vegna þessara aðgerða allra verði rekstrarjöfnuður ríkissjóðs á þessu ári meir í samræmi við fjárlög en reyndin varð á s. l. ári.

Þótt betur horfi nú um afkomu ríkissjóðs en á sama tíma í fyrra, er ljóst, að enn er við að kljást afleiðingarnar af stjórnunarslysinu mikla í ríkisfjármálum 1975, stórfelldri útþenslu rekstrarliða, skuldasöfnun og þungri vaxtabyrði af þeim sökum.

Á fjárlögum fyrir árið 1975 hækkuðu liðirnir önnur rekstrargjöld um 86.2%, og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að þessi útgjöld aukist um 58.2% á sama tíma og almennt verðlag hækkar í ár um 30%. Frá fjárlagafrv. fyrir árið 1974 og til fjárlagafrv. fyrir árið 1977 hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 10 600 millj. kr. og væri um 4 000 millj. kr. lægri í fjárlögum næsta árs, ef látið hefði verið nægja, að þessi útgjöld hækkuðu til jafns við almennt verðlag í landinu. Þessi mismunur svarar til ríflega helmings af öllum tekjuskatti einstaklinga á þessu ári.

Vaxtagjöld í A- og B-hluta fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru áætluð 8 373 millj. kr. og hafa hækkað um 6 711 millj. kr. frá 1974. Vaxtagjöldin verða á næsta ári um 3 800 millj. kr. hærri en á þessu ári.

Þessar stórfelldu hækkanir rekstrargjalda setja mark sitt á fjárlagaafgreiðsluna nú eins og fyrr í tíð núv. ríkisstjórnar. Og þrátt fyrir verulega bætt viðskiptakjör og auknar þjóðartekjur á þessu ári og áætlaða aukningu á hinu næsta er ákvörðun stjórnarflokkanna sú að halda enn í fullu gildi niðurskurði á verklegum framkvæmdum. Sá niðurskurður, sem stjórnarflokkarnir afsökuðu með versnandi ytri aðstæðum við fyrri fjárlagaafgreiðslur sínar, skal haldast í fullu gildi þrátt fyrir allt aðrar aðstæður og útlit nú.

Í ákvörðun meiri hluta fjárveitinganefndar um heildarfjárveitingar til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknabústaða gætir sömu sjónarmiða og raðandi hafa verið í allri fjárlagagerð núv. ríkisstjórnar frá upphafi valdaferils hennar — þ. e. a. s. að mjög verulega er dregið úr öllum þeim framkvæmdum, sem lúta að heilbrigðismálum, menntamálum, tryggingamálum og öðrum félagslegum málaflokkum.

Samkvæmt nýjustu spám Þjóðhagsstofnunar er ráð fyrir því gert, að almenn verðlagshækkun á yfirstandandi ári muni nema um 30%. Samkvæmt tillögu meiri hl. fjarveitinganefndar eiga framlög til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva þó ekki að hækka nema um rösk 28% miðað við fjárveitingar yfirstandandi árs. M. ö. o. eru það færri jafnvirðiskrónur, sem nú er lagt til að varið verði til framkvæmda í heilbrigðismálum, en fólust í síðustu fjárlagaafgreiðslu, hvað þá að ráð sé gert fyrir þeirri verðlagshækkun á árinu 1977, sem þó er látið í veðri vaka í athugasemdum frv. að tillit sé tekið til. Sú fjárhæð, 956.3 millj. kr., sem meiri hl. fjvn. leggur til að varið verði til framkvæmda við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og til byggingar læknabústaða, er aðeins um 62% af þeim tillögum, sem heilbrigðismálaráðuneytið sjálft lagði fram, og um 69% af tillögum ráðuneytisins ef undanskildar eru þær framkvæmdir, sem að engu er sinnt í tillögum meiri hlutans. Ljóst hlýtur því að vera, að fjárframlög þessi muni að öllum líkindum hvergi nærri nægja til þess að ljúka þeim framkvæmdaáföngum, sem þeim er ætlað að kosta.

Þá er ekki síður athyglisvert, hvaða framkvæmdir það eru í þessum málaflokki, sem meiri hluti fjárveitinganefndar hefur afráðið að taka alls ekkert tillit til við afgreiðslu fjárlaga. Hér er fyrst og fremst um að ræða framkvæmdir við heilsugæslustöðvar og læknamóttökur á þeim dreifbýlisstöðum þar sem öll heilsugæsluaðstaða er hvað erfiðust. Þannig eru frá upphaflegum tillögum algerlega felldar niður fjárveitingar til heilsugæslustöðva í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Hólmavík, á Hvammstanga, í Hrísey, á Þórshöfn og í Laugarási, svo nokkur dæmi séu nefnd. Er þessi afgreiðsla meiri hl. fjvn. ekki síst athyglisverð fyrir þá sök, að a. m. k. annar þeirra flokka, sem meiri hlutann mynda, hefur sérstaklega kennt sig við byggðastefnu og látið í veðri vaka, að hann hefði öðrum flokkum fremur skilning á þeim vanda, ekki hvað síst í heilsugæslumálum, sem fólk í dreifbýli á við að stríða.

Þá hlýtur athygli manna einnig að beinast að því, að í þessum málaflokki, eins og flestum öðrum, er enn enga heildarmynd hægt að sjá þótt komið sé að 2. umr. fjárlagafrv., þar eð engar tillögur hafa enn verið gerðar um framkvæmdir við ríkisspítala. Eru því enn óafgreidd stórmál, svo sem hvernig meiri hlutinn hyggst bregðast við áskorunum utan þings og innan um framkvæmdir við Geðdeild Landsspítalans, og tillaga þingmanna um gerð sundlaugar við Grensásdeild hefur enn enga alvarlega athugun fengið hjá fjárveitinganefnd, þótt sú tillaga hafi verið lögð fram snemma í haust.

Í niðurskurði á fjárveitingum til skólabygginga var svo langt gengið s. l. tvö ár, að engum nýjum framkvæmdum var hleypt af stað á grunnskólastigi, hversu brýn sem þörfin var, og vandanum því velt yfir á framtíðina, þegar allt lendir í óefni sakir stöðvunarstefnunnar.

Nú var að lokum látið undan þrýstingi með ýmis óumflýjanleg verkefni, en þá með þeim endemum að skera varð stórlega niður fjárveitingar til áður hafinna framkvæmda og veita hinum nýju allsendis ófullnægjandi fyrirgreiðslu, svo að víða leikur vafi á, að unnt reynist að hefjast handa. Fjárveitingaramminn í frumvarpinu var enda svo þröngur, að hann dugði ekki einu sinni til fullra framhaldsfjárveitinga.

Ekki er glæsilegri myndin, þegar litið er til héraðsskólanna, sem enn gegna mikilvægu hlutverki í menntunarmálum landsbyggðarinnar. Þar gerði frumvarpið ráð fyrir innan við 2% hækkun milli ára til framkvæmda, þó að a. m. k. tvö skóla-

setur þarfnist mikilla viðbótarfjárveitinga til að vera starfhæf. Enn skal þó treyst á einhverja lagfæringu fyrir 3. umræðu.

Ómurlegasta meðferð fá þó dagvistarheimilin og leikskólarnir. Þar virðist beinlínis að því stefnt að haga fjárveitingum svo, að lögin um ríkisaðstoð verði sá hemill, að unnt verði að afnema þau í stað þess að örva til framkvæmda, eins og þau gerðu ótvírætt fyrst eftir setningu þeirra og var eðlilega aðaltilgangur þeirra. Fjárlagaupphæðin í fyrra, 65 millj., var hrein háðungartala, en hún átti þó sína skýringu, því þá stóð til að fella allan byggingarstyrk niður af ríkisins hálfu og færa verkefnið alfarið yfir á sveitarfélögin. Svo varð þó ekki, en upphæðin breyttist ekki að heldur, og í frumvarpinu nú var eins og allt sæti við það sama um áformin, því nú var aðeins gert ráð fyrir 85 millj. kr. Margniðurskorin brýnasta þörf var áætluð um 180 millj. kr., en niðurstaðan varð 110 millj. kr. eða einungis rúmlega 60%. Sami háttur var svo á hafður og um skólana: framkvæmdatímınn verður með sama áframhaldi 8—10 ár í stað fjögurra, svo sem lögin segja til um.

Íþróttastarfsemin er einn veigamesti þátturinn í félagslífi ungmenna hvarvetna á landinu og reyndar margra hinna eldri einnig á ýmsum sviðum. Eftir afgreiðslu Alþingis á málum Íþróttasjóðs á fjárlögum fyrir árin 1973 og 1974 var þess vænst, að málefni sjóðsins, sem á að greiða 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkja, væru að komast í viðunandi horf og hlutur Íþróttasjóðs yrði að jafnaði greiddur á fjórum árum eftir að viðkomandi framkvæmd hefði hlotið fyrstu fjárveitingu í fjárlögum.

Þessar vonir hafa brugðist með öllu, og málefni Íþróttasjóðs eru nú þegar við þriðju fjárlagaafgreiðslu hægri stjórnarinnar komin í algert óefni. Skuldahalinn nam eftir síðustu fjárlagaafgreiðslu 132.6 millj. kr., og miðað við þá fjárhæð, sem ætlunin mun að veita til Íþróttasjóðs að þessu sinni, og stöðu styrkhæfra framkvæmda um næstu áramót hækkar skuldahalinn í 198.8 millj. kr. Þótt ekki sé veitt ein einasta króna til þess að taka ný verkefni í fyrsta sinn í fjárlög, nemur fyrirhuguð fjárveiting, 130 millj. kr., einungis 43.5% af greiðsluþörf Íþróttasjóðs vegna þeirra mannvirkja, sem þegar hafa hlotið fjárveitingu í fjárlögum.

Gert er ráð fyrir, að gjaldfærður stofnkostnaður hjá Vegagerð ríkisins hækki um 586 millj. kr. frá núgildandi áætlun og lækki að raungildi líklega um 10%. Svo bág var staða Vegasjóðs við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor og framlög til vegaframkvæmda svo fjarri því að vera viðunandi, að stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til að sýna slíka niðurstöðu nema fyrir árið 1976, þótt skylt væri samkvæmt gildandi lögum að leggja fram framkvæmdaáætlun fyrir fjögur ár. Uppgjöfin er nú fullkomnuð með því, að stjórnarflokkarnir hafa gefist upp við að afgreiða vegáætlun fyrir næstu ár og ekki svo mikið sem sýnt tillögur að vegáætlun. Miðað við tölur í fjárlagafrv. mun þó enn dregið úr framkvæmdum á næsta ári.

Á sama tíma og fjárhagur Vegasjóðs er í rúst miðað við óleyst verkefni tekur ríkissjóður sífellt meiri tekjur af söluskatti af bensíni og bifreiðum. Þær tekjur ríkissjóðs hækka líklega um 400 millj. kr. á næsta ári og nema í heild 2 750 millj. kr. eða nokkru hærri upphæð en fastir tekjustofnar Vegasjóðs.

Ef bornar eru saman fjárveitingar til framkvæmda við hafnir sveitarfélaga á fjárlögum fyrir árið 1974 og væntanlegar fjárveitingar 1977 og þó sleppt í þeim samanburði fjárveitingum vegna sérstakra framkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði í fjárlögum 1974, vantar um 22.5% á fjárveitingu nú til þess að hún jafngildi fjárveitingu 1974. Sé á hinn bóginn einnig reiknað með fjárveitingu vegna framkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði 1974 þyrfti fjárveiting nú að vera um 70% hærri en er áformað til þess að vera jafngild. Séu bornar saman fjárveitingar til allra fiskiskipahafna 1974, þar með talinna landshafna, en þá var um sérstakar framkvæmdir að ræða í Þorlákshöfn, og hliðstæð fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1977, þyrfti fyrirhuguð fjárveiting að vera 112% hærri til þess að vera jafngild fjárveitingum á fjárlögum ársins 1974.

Þannig er að fjárveitingum til hafnarmála staðið nú, enda þótt flestum sé í fersku minni, að þegar sveitarstjórnarmenn fundu að því, að of miklum hluta fjár-

veitinga til hafnarframkvæmda væri varið til hafnargerða í Grindavík og Þorlákshöfn, þá var því lýst yfir af hálfu stjórnvalda að við lok þessara sérstöku framkvæmda yrði hlutur annarra fiskiskipahafna hækkaður að sama skapi.

Nú er þessum sérstöku framkvæmdum lokið og efndirnar blasa við: Sú upphæð, sem ætlunin er að veita til framkvæmda í fiskiskipahöfnum, þyrfti að hækka um 112% til þess að við fyrirheitin væri staðið. Upphæðin þyrfti jafnvel að vera um 210 millj. kr. hærri nú en áformað er, einungis til þess að jafngilda þeirri upphæð sem áður var varið til hafnarframkvæmda sveitarfélaga, þegar hinar sérstöku framkvæmdir í Grindavík, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn eru ekki reiknaðar með.

Jafnvel þótt minna fjármagni þurfi nú að verja til raforkuframkvæmda en áður, skal niðurskurður á framkvæmdum í þágu sveitarfélaga haldast. Allt staðfestir þetta rækilega þá skoðun sem sett var fram í nefndaráliti minni hl. fjvn. við afgreiðslu fjárlaga í fyrra, en þar sagði um þann niðurskurð framkvæmdaliða og félagslegrar þjónustu sem núgildandi fjárlög einkennast af: „Það fer ekki milli mála hverjir ráða ferðinni. Víst er að þeir aðilar í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, sem best ná saman um þá hægri stefnu sem nú er fylgt, miða engan veginn við það, að hér verði einungis um tímabundin úrræði að ræða, heldur varanlegar aðgerðir meðan hægri stjórnin hefur völdin."

Afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1977 staðfestir í einu og öllu þetta mat á stefnu stjórnarflokkanna, enda hefur hæstv. forsætisráðherra sérstaklega áréttað að stefna skuli að varanlegri minnkun samneyslu. Tilgangurinn er að sjálfsögðu fyrst og fremst sá að vernda gróðamyndunina í þjóðfélaginu og koma í veg fyrir að hún verði í einhverjum mæli færð til samfélagsins til að jafna aðstöðu og lífskjör þegnanna, hvar sem þeir búa í landinu.

Stefna ríkisstjórnarinnar við fjárlagaafgreiðslu og yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra eru í fullu samræmi við það, sem búast mátti við af ráðamönnum Sjálfstæðisflokksins. Æðimörgum almennum stuðningsmönnum Framsóknarflokksins mun hins vegar þykja með ólíkindum hversu auðveldlega þingflokkurinn teymist við hlið íhaldsins í þessu grundvallarstefnumáli, sem skilur milli hægri og vinstri flokka.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins telur sig þurfa aukið fjármagn í ríkissjóð til að standa undir útþenslu rekstrargjalda langt umfram almennar verðbreytingar, er val hennar ávallt á einn veg: auknar álögur á almenning, 18% vörugjald og 20% söluskattur.

Vörugjaldið veldur upphleðslu álagningar og annarra þátta vöruverðs, og 20% söluskattur ofan á vörugjald, álagningu, flutningsgjald og aðra liði færir ríkissjóði drjúgan hluta af hverri grunnhækkun á vöru og þjónustu.

Nýlegar upplýsingar benda til þess, að innflutningsverð sé í æðimörgum tilfellum fengið með annarlegum hætti. Þegar verðákvörðun, sem þannig er fengin, lendir í hækkunarmaskínu ríkisálaga, er vítahringur verðlagsins fullkomnaður og hefur rýrt lífskjör almennings svo, að þau verða óbærilegri með hverju ári og réttir í engu við undir hægri stjórn, þótt ytri aðstæður batni að ráði.

Á sama tíma fæst ríkisstjórnin ekki til að ráða bót á þeim ákvörðunum í skattalögum, sem valda því m. a., að í Reykjavík greiða nær 500 fyrirtæki engan tekjuskatt á þessu ári af u. þ. b. 40 000 millj. kr. veltu, en það svarar til árstekna ríflega 33 þús. einstaklinga með 100 þús. kr. mánaðartekjur.

Stefna ríkisstjórnarinnar er skýr: Skerðing samfélagslegra framkvæmda og félagslegrar þjónustu en verndun einkagróðans og forgangur einkafjármagnsins í framkvæmdum. Fjárlagafrv. ber þessari stefnu glöggt vitni, bæði að því er varðar fjárveitingar til framkvæmda og skattheimtuleiðir.

Þessa kjaraskerðingarstefnu ríkisstjórnarinnar hafa launþegar orðið að umbera í ríflega tvö ár, en nú sjást þess hvarvetna merki, að henni verður ekki lengur unað. Hvarvetna búa launþegar sig undir baráttu til þess að hnekkja þessari kjara-

skerðingarstefnu. Almenningur mun ekki lengur una því að bera byrðarnar einn, samtímis því að ábatinn af bættum ytri aðstæðum rennur til skattfrjálsrar gróðastéttarinnar í landinu. Þess vegna er afgreiðsla fjárlaga á grundvelli áframhaldandi kjaraskerðingarstefnu óraunhæf með öllu.

Alþingi, 12. des. 1976.

Geir Gunnarsson, frsm. Sighvatur Björgvinsson. Helgi F. Seljan.

Sþ. 165. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 og við brtt. á þskj. 162.

I. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Karvel Pálmasyni.*
Við 4. gr. 1 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.

	Þús. kr.
Fyrir „10 000“ kemur	44 000

II. Frá *Svövu Jakobsdóttur.*
Við brtt. 162, 21. — Við 4. gr. 1 02 803 Dagvistunarheimili.

Fyrir „110 700“ kemur	176 000

III. Frá *Svövu Jakobsdóttur* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við brtt. 162, 23. — Við 4. gr. 1 02 881 12 Félagsstofnun stúdenta.

Fyrir „11 000“ kemur	20 000

IV. Frá *Karvel Pálmasyni, Skúla Alexanderssyni* og *Braga Sigurjónssyni.*
Við brtt. 162, 26. — Við 4. gr. 1 02 884 Til jöfnunar á námskostnaði.

Fyrir „170 000“ kemur	205 000

V. Frá *Braga Sigurjónssyni.*
Við 4. gr. 1 02 885 Fullorðinsfræðsla 03 Námsflokkar.

Fyrir „1 200“ kemur	3 000

VI. Frá *Helga F. Seljan, Braga Sigurjónssyni, Magnúsi T. Ólafssyni* og *Stefáni Jónssyni.*
Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:

03 Til Alþýðuleikhússins á Akureyri	1 500

VII. Frá *Helga F. Seljan.*
Við 4. gr. 1 04 206 11 Tilraunastöðin Skriðuklaustri (hækkun vegna launa við tilraunir).

Fyrir „12 917“ kemur	14 417

VIII. Frá *Svövu Jakobsdóttur* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 4. gr. 1 07 981 05 Jafnréttisráð.

Fyrir „2 500“ kemur	3 700

IX. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Helga F. Seljan.* Þús. kr.

Við brtt. 162, 104. — Við 4. gr. 1 08 381 01 Bygging sjúkrahúsa o. fl.

1. Við a. 23: Neskaupstaður, sjúkrahús.
   Fyrir „52 000“ kemur 60 000
2. Nýr liður á eftir a. 23:
   Fáskrúðsfjörður H-1 ..... 5 000
3. Nýr liður á eftir b. 11 (Læknabústaðir):
   Fáskrúðsfjörður 2 000

Nd. 166. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja o. fl.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gefa út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur í samræmi við ákvæði um það efni í lögum um fjarskipti.

Einnig ályktar Alþingi að fela ráðherra að beita sér fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti.

Sþ. 167. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 og við brtt. á þskj. 162.

I. Frá *Skúla Alexanderssyni* og *Benedikt Gröndal.* Þús. kr.

Við 4. gr. 1 02 563. Nýr liður:
07 Tónlistarfélag Neshrepps, byggingarstyrkur 400

II. Frá *Stefáni Jónssyni.*

Við brtt. 162,19. — Við 4. gr. 1 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
Við 106. Nýr liður:
Skútustaðir, Mývatnssveit, sundlaug 6 000

III. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni og Albert Guðmundssyni.*

Við 4. gr. 1 02 988. Nýr liður:
16 KFUM/K, starfsstyrkur vegna Vatnaskógar 1 500

IV. Frá *Stefáni Jónssyni.*

Við brtt. 162,123. — Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.

1. Við 20. Ólafsfjörður.
   Fyrir „31 700“ kemur 60 000
2. Við 28. Nýr liður:
   Kópasker 20 000
3. Við 29. Þórshöfn.
   Fyrir „11 300“ kemur 20 000

Sþ. 168. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um athugun á sölu Grasköggla verksmiðjunnar í Flatey á Mýrum.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka möguleika á að selja samtökum bænda í Austur-Skaftafellssýslu Grasköggla verksmiðjuna í Flatey á Mýrum.

Greinargerð.

Grasköggla verksmiðja hefur verið í byggingu í Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu undanfarin þrjú ár. Hefur framkvæmdinni miðað vel, og hóf verksmiðjan framleiðslu þegar á árinu 1975. Framkvæmdir og starfræksla hafa gengið vel og má, að öllum öðrum ólöstuðum, fyrst og fremst þakka það framtaki og forustu samtaka bænda í sýslunni. Það er eindregin skoðun flm. að verksmiðjan og starfsemi hennar öll sé best komin í höndum heimaaðila einna.

Sþ. 169. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Þús. kr.

I. Frá *Jóni Árm. Héðinssyni* og *Benedikt Gröndal.*

Við 4. gr. 1 02 802 Vernd barna og ungmenna 06 Framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms.
Fyrir „300“ kemur 1 000

II. Frá *Jóni Árm. Héðinssyni* og *Sighvati Björgvinssyni.*

Við 4. gr. 1 06 255 Umferðarráð. Nýr liður:
Til umferðarfræðslu fyrir aldrað fólk 1 000

III. Frá *Jóni Árm. Héðinssyni* og *Benedikt Gröndal.*

Við 4. gr. 1 07 999 Ýmis framlög.
1. Við 11 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
Fyrir „50“ kemur 800
2. Við Styrktarfélag vangefinna.
Fyrir „100“ kemur 300

Ed. 170. Frumvarp til laga [126. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. 83/1974, kemur: „1977“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, enda er í frumvarpi til fjárlaga 1977 gert ráð fyrir þeim tekjum vegna reksturs Rafmagnsveitna ríkisins.

Með lögum nr. 85/1975 var gildistími l. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976 og með þessum lögum til 31. desember 1977.

Ed. 171. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið var lagt fram í efri deild Alþingis 9. desember. Er því ljóst að nefndin hefur ekki haft mikinn tíma til að fjalla um málið. Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum og kynnt sér umsagnir úr Nd. eftir föngum. Þótt nefndin telji óeðlileg þau vinnubrögð að afgreiða svo mikilsvert mál sem þetta á jafnskömmum tíma og raun ber vitni, vill nefndin eftir atvikum stuðla að því, að frumvarpið nái fram að ganga, og mælir því með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Jón G. Sólnes.	Bragi Sigurjónsson.	Halldór Ásgrímsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 172. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Jón G. Sólnes.	Bragi Sigurjónsson.	Halldór Ásgrímsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 173. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Jón G. Sólnes. Bragi Sigurjónsson. Halldór Ásgrímsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 174. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 og við brtt. á þskj. 162.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 02 562 Leiklistarskólinn.	
a. Við 10 Laun.	
Fyrir „16 590“ kemur	19 590
b. Við 20 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „6 000“ kemur	7 000
2. Við 4. gr. 1 02 973 Þjóðleikhúsið.	
Fyrir „260 937“ kemur	270 937
Í B-hluta hækkar liðurinn 27 Viðhald um 10 000 þús. kr.	
3. Við 4. gr. 1 02 982 21 Til Rithöfundasambands Íslands.	
Fyrir „100“ kemur	1 000
4. Við 4. gr. 1 02 999 22 Styrkur vegna alþjóðaskákmóta.	
Fyrir „250“ kemur	2 000
5. Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.	
Fyrir „450“ kemur	2 000
6. Við brtt. 162, 104. a.3. — Við 4. gr. 108 381 01 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Reykjavík, B-álma.	
Fyrir „15 000“ kemur	45 000

Sþ. 175. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 og við brtt. á þskj. 162.

	Þús. kr.
I. Frá *Ragnari Arnalds*.	
1. Við brtt. 162, 13. — Við 4. gr. 1 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
Fyrir „1 312 070“ kemur	1 335 070
Sundurliðun breytist á þessa leið:	
a. 81. Skagaströnd, skóli:	
Fyrir „3 000“ kemur	12 000
b. 82. Varmahlíð, skóli.	
Fyrir „23 000“ kemur	32 000
c. 88. Haganeshreppur.	
Fyrir „3 000“ kemur	8 000
2. Við 4. gr. 1 02 999. Nýir liðir:	
a. 53 Til safnahúss á Sauðárkróki	300
b. 54 Til héraðsskjalasafns Skagfirðinga	200
c. 55 Til safnahúss á Blönduósi	300

	Þús. kr.
II. Frá *Ragnari Arnalds* og *Stefáni Jónssyni.*	
Við 4. gr. 1 04 281 12 Til grænfóðurverksmiðja. Undirliðir verði þrír:	
a. Til grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði	20 000
b. Til grænfóðurverksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu	20 000
c. Til annarra framkvæmda	29 500
III. Frá *Ragnari Arnalds.*	
Við brtt. 162, 104. — Við 4. gr. 1 08 381 01 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
Fyrir „956 300“ kemur	993 300
Sundurliðun breytist þannig:	
1. a. 11. Hvammstangi. H—2.	
Fyrir „2 000“ kemur	10 000
2. a. 12. Blönduós, sjúkrahús.	
Fyrir „22 000“ kemur	36 000
3. a. 13. Sauðárkrókur, sjúkrahús.	
Fyrir „28 000“ kemur	36 000
4. Nýr liður á eftir a. 14:	
Hofsós, v/læknamóttöku	2 000
5. b. 9. Siglufjörður.	
Fyrir „5 000“ kemur	10 000

Sþ. 176. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 og við brtt. á þskj. 162.

	Þús. kr.
I. Frá *Eðvarð Sigurðssyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Karvel Pálmasyni.*	
Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
33 Til Listasafns Alþýðusambands Íslands, stofnkostnaður	2 000
II. Frá *Eðvarð Sigurðssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:	
89 Til Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar	200
2. Við 4. gr. 1 07 981 06 Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna.	
Fyrir „8 000“ kemur	10 400
3. Við 4. gr. 1 07 981 07 Til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu.	
Fyrir „3 000“ kemur	3 300
4. Við 4. gr. 1 07 981 08 Til Alþýðusambands Íslands vegna alþýðuorlofs.	
Fyrir „950“ kemur	1 250
5. Við brtt. 162,93. — Við 4. gr. 1 07 981 09 Til Félagsmálaskóla alþýðu.	
Fyrir „1 300“ kemur	2 000
6. Við 4. gr. 1 07 981. Nýr liður:	
16 Til norræna verkalýðsskólans í Genf	300
III. Frá *Garðari Sigurðssyni.*	
Við brtt. 162,104. — Við 4. gr. 1 08 381 01 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
Við a. 28. Vestmannaeyjar.	
Fyrir „20 000“ kemur	60 000

Ed. 177. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8 22. mars 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. komi svofelld viðbót:

„Eigi er þó heimilt að leggja fasteignaskatt á fasteignir, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.“

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

„Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gilti fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarféalga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.“

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Gengin eru í gildi ný lög um skráningu og mat fasteigna, lög nr. 94/1976. Samkvæmt þessum nýju lögum verða mannvirki í byggingu að jafnaði metin einu sinni á ári miðað við ásigkomulag þeirra þá, í stað þess að verða tekin í mat þegar þau eru fullgerð eins og ákveðið er í 21. gr. hinna eldri laga um fasteignamat og fasteignaskráningu, nr. 28/1963. Af þessum sökum getur risið nokkur vafi um skyldu til greiðslu fasteignaskatts af húsum í byggingu, eftir að nýtt fasteignamat hefur tekið gildi. Því þykir nauðsynlegt að taka af skarið um þetta með því að bæta við 1. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 svofelldu ákvæði: „Eigi er þó heimilt að leggja fasteignaskatt á fasteignir, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar“. Þetta viðbótarákvæði þýðir í rauninni það eitt, að fyrrnefnd regla 21. gr. laga nr. 28/1963, eins og hún hefur verið notuð í framkvæmd, verður hér eftir lögð til grundvallar álagningu fasteignaskatts sem hingað til.

Um 2. gr.

Hið nýja fasteignamat felur í sér verulegar hækkanir á fyrra fasteignamati, sbr. auglýsingu fjármálaráðuneytisins um nýtt fasteignamat, dags. 9. desember 1976. Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972. 2. mgr. 3. gr. staflið a og b, er skylt að miða fasteignaskatt við ½% og 1% af gildandi fasteignamati, eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er þó sveitarstjórn að innheimta álag á fasteignaskatt samkvæmt öðrum eða báðum stafliðum a og b. Álagið má þó ekki vera hærra en 50%, og þarf ekki að vera jafnhátt samkvæmt báðum stafliðum.

Álagður fasteignaskattur á árinu 1977 mundi hækka verulega frá fyrra ári umfram verðlags- og kauphækkanir, ef breyting sú, sem ráð er fyrir gert í þessu bráðabirgðaákvæði nær ekki fram að ganga. Í lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, V. ákv. til bráðabirgða, er gert ráð fyrir því, að fram fari endurskoðun á ákvæðum gildandi laga, sem fasteignamat hefur áhrif á, þannig að sambykkt þeirra laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum. Til þess að fullnægja þessu ákvæði þykir nauðsynlegt að þetta bráðabirgðaákvæði verði sett, og það gildi þar til gagnger endurskoðun á ákvæðum tekjustofnalaganna um fasteignaskatt hefur farið fram á árinu 1977. Með því er stefnt að því, að fasteignaskattar verði ekki hærri á árinu 1977 en þeir hefðu orðið samkvæmt áður gildandi reglum, sbr. aug-

lýsingu um álag á fasteignamat, útgefna af félagsmálaráðuneytinu 12. nóvember 1976.

Jafnframt er gildandi ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga fellt úr gildi.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 178. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972 um Bjargráðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem skulu nema kr. 150.00 fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við Þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.
b. 0.35% af söluvörum landbúnaðarins sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs.
c. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt stafliðum a og b þessarar greinar.
d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiriháttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum eða fá þau bætt með öðrum hætti sbr. ákvæði laga nr. 52 frá 27. maí 1975 um Viðlagatryggingu Íslands.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafið um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist:

Ennfremur skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá Bjargráðasjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af stjórn Bjargráðasjóðs, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Með bréfi dags. 8. september 1975 fól félagsmálaráðherra stjórn Bjargráðasjóðs að endurskoða gildandi lög um sjóðinn nr. 51 frá 26. maí 1972 sérstaklega með tilliti til setningar laga um Viðlagatryggingu Íslands nr. 52 frá 27. maí 1975.

Bjargráðastjórn er sammála um að leggja til, að gerðar verði þær breytingar á gildandi lögum sjóðsins, sem felast í frv. þessu, en þær eru þessar:

Um 1. gr.

Lagt er til að framlög sveitarfélaga til sjóðsins hækki úr kr. 50.00 á íbúa í kr. 150.00 á íbúa. Framlag sveitarfélaganna hefur verið óbreytt í krónutölu allt frá ársbyrjun 1970.

Lagt er til, að framlag búvöruframleiðenda hækki úr 0,25% samkvæmt gildandi lögum í 0,35% af söluvörum landbúnaðarins, og er þar um 40% hækkun að ræða auk þess sem hér er um verðtryggðan tekjustofn að ræða, sem hækkar með hækkuðu söluverði búvara.

Mótframlög ríkissjóðs samkvæmt staflið c munu sjálfkrafa hækka.

Ef breytingar þær, sem í þessari gr. frv. felast, verða að lögum, mundu tekjur Bjargráðasjóðs af þeim sökum tvöfaldast en tekjur sjóðsins eru á þessu ári áætlaðar 70—80 millj. kr. Verði frv. óbreytt að lögum, má því ætla, að tekjur sjóðsins á árinu 1977 yrðu 140—160 millj. kr. að viðbættum tekjum, sem stafa af fólksfjölgun og hækkuðu búvöruverði, ef til kemur.

Stjórn sjóðsins telur brýna nauðsyn á því að efla sjóðinn fjárhagslega, svo að hann geti gegnt hlutverki sínu, eins og til er ætlast samkvæmt lögum hans. Á tímabilinu frá 1. janúar 1976 til 3. september 1976 hafa samþykktar styrk- og lánveitingar úr sjóðnum verið, svo sem hér segir:

	Styrkir	Lán	Alls kr.
Almenn deild	625 000	24 835 000	25 460 000
Búnaðardeild	18 074 788	79 337 000	97 411 788
Samtals kr.	18 699 788	104 172 000	122 871 788

Rekstrartekjur sjóðsins á þessu ári eru áætlaðar 70—80 millj. kr., en þar við bætast rúmlega 40 millj. kr. afborganir af veittum lánum úr sjóðnum, þannig að öllu ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu hefur þegar verið ráðstafað og sjóðurinn getur ekki veitt frekari fyrirgreiðslu, það sem eftir er ársins af eigin fé.

Vegna gífurlegra tjóna, sem hlotist hafa af völdum óþurrkanna í sumar, er ljóst, að til sjóðsins verður leitað á komandi hausti og vetri um fyrirgreiðslu auk fyrirgreiðslubeiðna vegna annarra tjóna. Þarf því hvorutveggja að koma til: bráðabirgðafyrirgreiðsla í formi láns til sjóðsins og efling hans, svo sem ráð er fyrir gert í 1. gr. frv. þessa.

Um 2. gr.

Í þessari grein er ákvæði um hlutverk almennu deildar sjóðsins. Í gildandi lögum eru taldar upp nokkrar tjónaorsakir af völdum náttúruhamfara. Við gildistöku laga nr. 52 frá 27. maí 1975 um Viðlagatryggingu Íslands er sú upptalning úrelt orðin, og því er henni sleppt hér. Samkvæmt gr. veitir deildin fjárhagsaðstoð til að bæta tjón af völdum náttúruhamafara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum eða að fá þau bætt með öðrum hætti þ. á m. með bótum frá Viðlagatryggingu Íslands. Má því segja, að hin almenna deild Bjargráðasjóðs taki við, þar sem tryggingar þrýtur. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að fjölmargar eignir og mannvirki, eru ekki viðlagatryggðar s. s. ýmis opinber mann-

virki, lausafé og fasteignir, sem ekki eru brunatryggðar, þar eð Viðlagatrygging er bundin við verðmæti, sem eru brunatryggð. Ennfremur má á það benda, að Viðlagatrygging bætir ekki tjón af völdum óveðurs, en fyrirgreiðsla almennu deildar Bjargráðasjóðs hefur á undanförnum árum einmitt verið mest vegna tjóna af völdum óveðurs. Nægir í því sambandi að nefna óveðurstjón á síðastliðnum vetri á Suðureyri, í Neskaupstað og í Vík í Mýrdal, en óveðurstjón á þessum þremur stöðum voru metin á tæplega 30 millj. króna.

Um 3. gr.

Að stofni til er efni gr. óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Þó er bætt við ákvæði um tryggingu fyrir lánum til sveitarfélaga, að þau skuli tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, svo og kröfur á sveitarfélag sem ábyrgðaraðila vegna lána til einstaklinga í sveitarfélaginu. Er þetta í samræmi við ákvæði í skuldabréfum sjóðsins og venju, sem tíðkast hefur.

Um 4. gr.

Í 16. gr. gildandi laga um Bjargráðasjóð eru skuldabréf fyrir lánum, sem sjóðurinn tekur og veitir undanþegin greiðslu stimpilgjalds. Lagt er til, að þessi undanþáguheimild nái einnig til skuldabréfa fyrir lánum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá sjóðnum í því skyni.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 179. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá Skúla Alexanderssyni, Stefáni Jónssyni og Lúðvík Jósepssyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 1 02 885. Nýr liður, svo hljóðandi:
Til þess að draga úr þeim mismun, sem nú er á upphitunarkostnaði þeirra skóla, sem hitaðir eru með olíukyndingu, samanborið við þá skóla, sem hitaðir eru með jarðvarma. Menntamálaráðuneytið setji reglur um skiptingu fjárins 20 000

Nd. 180. Breytingartillögur [31. mál]

við frv. til l. um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Við 2. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Ríkið skal leggja fram fé til byggingar og rekstrar dagvistarheimila fyrir börn, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. 3. gr. orðist svo:
   Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.
3. 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks úr ríkissjóði skv. lögum þessum:

4. 5. gr. orðist svo:
Ríkisframlags njóta þau dagvistarheimili, sem reka starfsemi sína a. m. k. 4 mánuði ársins samfellt.
Heimilt er ráðuneytinu að veita dagvistarheimili styrk, enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.
5. Við 6. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:
Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
6. 8. gr. orðist svo:
Af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:
1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%.
Rekstrarstyrkir þessir skulu greiðast að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilis og skal meðalrekstrarkostnaður samsvarandi dagvistarheimila um land allt lagður til grundvallar við greiðslu.
Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um, hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað, sem ríkið tekur þátt í. Heimilt er að greiða 50% af rekstrarstyrk fyrir fram samkvæmt áætluðum rekstrarkostnaði.
7. Á eftir 8. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr. og orðist svo:
Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr.

Sþ. 181. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

	Þús. kr.
I. Frá *Ragnari Arnalds.*	
Við 4. gr. 1 02 974 Sinfóníuhljómsveitin.	
Fyrir „60 857“ kemur	62 857
Í B-hluta kemur nýr liður:	
Staða tónskálds við Sinfóníuhljómsveit Íslands, veitt til hálfs eða eins árs í senn	2 000
II. Frá *Garðari Sigurðssyni.*	
Við 4. gr. 1 07 399 Vatnsveitur.	
Fyrir „38 000“ kemur	45 500
Þar af til Vatnsveitu Vestmannaeyja 15 000 þús. kr.	

Nd. 182. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður svonefnt olíugjald, sem nemur 1% á söluskattsstofn og varið hefur verið til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækk-

ana á hitunarkostnað íbúða. Lagt er til að gjald þetta renni framvegis í ríkissjóð og teljist hér eftir sem fastur tekjustofn ríkisins.

Í greinargerð frv. er talið, að gjald þetta muni nema um 1 600 millj. kr. á næsta ári, og við það miðað, að 600 millj. af því verði áfram varið til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði, en að 1 000 millj. kr. renni í Orkusjóð.

Ég er andvígur þessu frumvarpi og liggja til þess ýmsar ástæður.

Fyrst er þess að geta, að umrætt olíugjald — 1% af söluskattsstofni — var lagt á til þess að aðstoða það fólk, sem ekki átti annan kost en að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu þrátt fyrir gífurlega hækkun á olíuverði.

Gjald þetta átti aldrei að verða neinn tekjustofn fyrir ríkissjóð. Því átti að verja öllu til þess að draga úr áhrifum hinnar miklu verðhækkunar á olíu við upphitun íbúðarhúsnæðis þeirra landsmanna, sem ekki áttu kost á hitaveitum eða hagkvæmri rafhitun. Í byrjun var gjaldinu varið eftir þessari reglu, og þá kom engum í hug að ráðstafa gjaldinu á annan veg. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum varð breyting á framkvæmdinni. Það var strax farið að klípa af gjaldinu og draga hlutfallslega úr greiðslum til þeirra, sem gjaldið áttu að fá, en verja því til orkumála. Og enn heldur ríkisstjórnin áfram á sömu braut, og nú er lagt til að ríkissjóður hirði þennan tekjustofn, en greiði að vísu áfram nokkurn olíustyrk.

Samkvæmt nýjum upplýsingum má áætla að gjaldstofn þessi gefi um 1 700 millj. kr. á næsta ári. Talið er líklegt að á miðju næsta ári geti um 127 000 landsmanna búið við upphitun húsa frá jarðvarma, um 23 000 frá rafhitun og um 70 000 verði að búa við olíuupphitun.

Olíugjaldið — 1% á söluskattsstofn — greiða allir landsmenn jafnt. Samkvæmt því má áætla að þeir, sem verða að kaupa olíu til kyndingar húsa sinna, greiði um 32% af olíugjaldinu eða um 550 millj. kr. Eins og áður segir er gert ráð fyrir því í greinargerð frv. að 600 millj. kr. renni til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði þeirra sem hita hús sín með olíu eða rétt rúmlega það sem sömu aðilar greiða í olíugjaldið. Hér er því orðið um hreina sýndarmennsku að ræða. Olíugjaldið er ekki lengur lagt á til þess að aðstoða þá sem kaupa verða rándýra olíu, heldur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Ég legg því til að frv. þetta verði fellt, en jafnframt staðið að greiðslum til þeirra, sem enn verða að nota olíu til þess að hita upp hús sín, á þann hátt sem upphaflega var lofað.

Alþingi, 13. des. 1976.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 183. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að framlengja enn einu sinni hið „tímabundna vörugjald", sem nú er 18%, og er lagt til að það gildi til ársloka 1977.

Gjald þetta er táknrænt fyrir fjármálastjórn núverandi ríkisstjórnar. Það var fyrst lagt á með bráðabirgðalögum í júlímánuði 1975 og átti aðeins að gilda út það ár. Það var síðan framlengt og átti að gilda á árinu 1976, en fara lækkandi. Það stóðst ekki fremur en annað í fjármálum ríkisins og var hækkað síðar í 18%. Og nú er lagt til að gjaldið standi allt næsta ár. Þetta svonefnda „tímabundna" vörugjald er því að verða fastur tekjustofn ríkissjóðs. Í stað þess að standa aðeins í 5½ mánuð, eins og upphaflega var ákveðið, er ljóst að gjaldið verður innheimt að

minnsta kosti í 2½ ár, og ef að líkum lætur verður það framlengt þegar kemur að árslokum 1977.

Núverandi ríkisstjórn hefur verið athafnasöm í því, sem varðar nýjar álögur, og í að fitja upp á nýjum tekjustofnum fyrir ríkissjóð. Hér skulu nefnd nokkur dæmi um þessa athafnasemi:

1. Strax eftir valdatöku stjórnarinnar hækkaði hún söluskatt um 2%. Samkvæmt tekjuáætlun nú nemur það 3.4 milljörðum kr.
2. Hún tók í ríkissjóð 2% söluskatt sem áður rann í Viðlagasjóð vegna gossins í Vestmannaeyjum og vegna snjóflóðanna í Neskaupstað. Það nemur 3.4 milljörðum kr.
3. Hún tekur nú í ríkissjóð 1% söluskatt, sem áður rann í Olíusjóð til lækkunar á kyndingarkostnaði, þó mínus 600 millj. kr. sem áfram eiga að renna í Olíusjóð. Það nemur 1.1 milljarði króna.
4. Hún hefur lagt á 18% „tímabundið" vörugjald" sem nemur nú 5.3 millj. kr., eða sem nemur samtals 13.2 milljörðum króna.

Enginn skyldi þó halda að með þessari upptalningu sé allt talið af nýrri tekjuöflun fyrir ríkissjóð, sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir. Hér er aðeins um sýnishorn að ræða. En þessi sýnishorn eru býsna merkileg. Þau sýna að stjórnin hrifsar til sín gjöld, sem lögð hafa verið á „aðeins til bráðabirgða" af sérstökum ástæðum, eins og vegna meiri háttar náttúruhamfara eða vegna olíukreppunnar.

Ríkisstjórnin byggir í æ ríkari mæli tekjur ríkissjóðs á „neyðar-gjöldum". Hún afsakar gerðir sínar alltaf með „bráðabirgða-ráðstöfunum" eða einhverjum fölskum forsendum. 18% vörugjaldið er óafsakanlegt sem fastur tekjustofn. Gjaldið er lagt á nokkra vöruflokka, en aðra ekki, og veldur þar af leiðandi miklu óréttlæti. Ef svo er komið, að ríkissjóður verði að fá fastan tekjustofn sem þessu gjaldi nemur, þá ber að sjálfsögðu að leggja gjaldið á með öðrum hætti en nú er gert.

Ég legg til að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1976.

Lúðvík Jósepsson.

Sþ. 184. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 162 [Fjárlög].

Frá Garðari Sigurðssyni.

	Þús. kr.
Við 104, a. 27. — Við 4. gr. 1 08 381 01 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Hvolsvöllur H-1.	
Fyrir „2 000" kemur	12 000

Nd. 185. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 7/1963, l. nr. 76/1967, l. nr. 10/1974, l. nr. 85/1974 og l. nr. 76/1975.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið til fundar við sig Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnuninni til þess að fá upplýsingar varðandi kostnað við upphitun húsa eftir hitagjafa.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn skilar sér-áliti, en meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGARTILLÖGU:

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Alþingi, 14. des. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.

Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. **186. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1977.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 15. des.)

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

		Þús. kr.	Þús. kr.
1	Tekjur:		
	Beinir skattar	14 057 750	
	Óbeinir skattar	69 960 351	84 018 101
0	Gjöld:		
	Samneysla	32 364 976	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	33 523 344	
	÷ sértekjur	1 564 049	64 324 271
	Afgangur rekstrarliða		19 693 830
	Fjárfesting	6 023 690	
	Fjármagnstilfærslur	13 688 731	19 712 421
	Gjöld umfram tekjur		18 591
4	Lánahreyfingar inn:		
	Innlend verðbréfaútgáfa og útgáfa happdrættisskuldabréfa vegna norður- og austurvegar	1 700 000	
	Erlend lán	5 748 000	
	Innheimt af endurlánuðum spariskírteinum	2 140 000	
	Innheimtar afborganir almennra lána	20 000	9 608 000
3	Lánahreyfingar út:		
	Til framkvæmda B-hluta aðila	6 818 000	
	RARIK, almennar framkvæmdir o. fl.	1 619 000	
	Sveitarafvæðing	200 000	
	Norðurlína	1 144 000	
	Kröfluvirkjun:		
	a. Stöðvarhús og vélar	1 989 000	
	b. Borholur og aðveitukerfi	814 000	
	c. Lína Krafla—Akureyri	155 000	
	Járnblendiverksmiðja, hlutafé og fjármagnsútgjöld	897 000	
	Endurlán vegna hafnargerðar við Grundartanga	150 000	
	Iðnþróunarsjóður Portúgal, lánsframlag	74 000	
	Endurgreiðsla á spariskírteinafé útg. 1965	530 000	
	Afborganir af almennum lánum ríkissjóðs	2 788 146	
			10 360 146
	Halli á lánahreyfingum		752 146
	Greiðsluhalli		770 737

2. gr.

Árið 1977 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
	0	Gjöld:		
1 00		**Æðsta stjórn ríkisins**		564 226
1 01		**Forsætisráðuneytið**		1 738 742
	101	Yfirstjórn	45 290	
	102—902	Annað	1 693 452	
1 02		**Menntamálaráðuneytið**		13 385 317
	101	Yfirstjórn	154 026	
	201—885	Fræðslumál	12 046 493	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	1 184 798	
1 03		**Utanríkisráðuneytið**		979 590
	101—102	Yfirstjórn	168 778	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	191 707	
	301—312	Sendiráð	389 680	
	399—401	Alþjóðastofnanir	229 425	
1 04		**Landbúnaðarráðuneytið**		4 750 558
	101—172	Yfirstjórn	71 354	
	201—299	Búnaðarmál	4 480 833	
	501—504	Skólar	198 371	
1 05		**Sjávarútvegsráðuneytið**		1 963 904
	101	Yfirstjórn	39 215	
	201—299	Útvegsmál	1 850 839	
	901	Annað	73 850	
1 06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**		5 186 130
	101—102	Yfirstjórn	59 853	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	4 724 398	
	301—373	Þjóðkirkjan	401 879	
1 07		**Félagsmálaráðuneytið**		3 645 958
	101	Yfirstjórn	23 784	
	271—272	Húsnæðismál	3 048 650	
	301—999	Önnur félagsmál	573 524	
1 08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**		27 935 430
	101	Yfirstjórn	53 155	
	271—273	Tryggingamál	21 198 500	
	301—399	Heilbrigðismál	6 577 473	
	471—502	Annað	106 302	
		Flutt		60 149 855

3. gr.

Árið 1977 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 1		**Skattar**		
		Beinir skattar		
		Persónuskattar		**2 807 500**
1 11 0		Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 02		Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1 634 000	
1 11 1		Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11		Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættugjald af búvélum	834 500	
1 11 12		Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	339 000	
		Eignarskattar		**1 266 850**
1 12 0		Eignarskattar, almennir:		
1 12 01		Eignarskattur einstaklinga	610 000	
1 12 02		Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	6 100	
1 12 03		Eignarskattur félaga	575 000	
1 12 04		Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	5 750	
1 12 1		Erfðafjárskattur:		
1 12 11		Erfðafjárskattur	70 000	
		Tekjuskattar		**9 983 400**
1 13 0		Tekjuskattar:		
1 13 01		Tekjuskattur einstaklinga	9 300 000	
		Persónuafsláttur til greiðslu útsvars og greiddar barnabætur	1 400 000	
			7 900 000	
1 13 02		Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	124 000	
1 13 03		Tekjuskattur félaga	1 940 000	
1 13 04		Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	19 400	
		Óbeinir skattar		
		Gjöld af innflutningi		**17 206 400**
1 15 0		Aðflutningsgjöld:		
1 15 01		Aðflutningsgjöld	13 280 000	
		Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	664 000	
			12 616 000	
1 15 02		Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	90 000	
1 15 03		Byggingariðnaðarsjóðsgjald	25 000	
1 15 05		Byggingasjóðsgjald af innflutningi	66 400	
1 15 1		Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
1 15 11		Innflutningsgjald af bensíni	2 260 000	
1 15 12		Gúmmígjald	81 000	
1 15 2		Innflutningsgjald af bifreiðum:		
1 15 21		Innflutningsgjald af bifreiðum	1 500 000	
1 15 3		Gjald af gas- og brennsluolíu:		
1 15 31		Gjald af gas- og brennsluolíu	520 000	
		Flutt		**31 264 150**

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		60 149 855
1 09	**Fjármálaráðuneytið**			4 083 499
	101—104	Yfirstjórn	186 612	
	201—282	Toll- og skattheimta	855 818	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	837 524	
	402—999	Annað	2 203 545	
1 10	**Samgönguráðuneytið**			8 777 433
	101	Yfirstjórn	27 378	
	211	Vegamál	5 400 460	
	321—672	Önnur samgöngumál	3 349 595	
1 11	**Iðnaðarráðuneytið**			2 886 142
	101	Yfirstjórn	32 792	
	201—299	Iðnaðarmál	532 426	
	301—399	Orkumál	2 320 924	
1 12	**Viðskiptaráðuneytið**			**5 799 244**
	101	Yfirstjórn	35 157	
	201	Niðurgreiðslur	5 102 000	
	202—999	Annað	662 087	
1 13	**Hagstofa Íslands**			**69 310**
1 14	**Ríkisendurskoðun**			**83 415**
1 15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**2 187 794**
	101—181	Yfirstjórn	45 655	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	2 142 139	
		Flutt		84 036 692

reikningur

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		31 264 150
1 15 8	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	48 000	
	Skattar af framleiðslu		5 578 000
1 16 0	Vörugjöld:		
1 16 01	Vörugjald	165 000	
1 16 04	Álgjald	163 000	
1 16 05	Sérstakt vörugjald	5 250 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		42 291 350
1 17 0	Söluskattur:		
1 17 01	Söluskattur 32 650 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2 350 000		
		30 300 000	
1 17 1	Skemmtanaskattar:		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	15 500	
1 17 12	Skemmtanaskattur	96 000	
1 17 2	Launaskattur:		
1 17 21	Launaskattur	4 215 000	
1 17 3	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	7 230 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	47 500	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 950	
1 17 34	Gjald af einkasöluvörum	6 000	
1 17 4	Flugvallagjald:		
1 17 41	Flugvallagjald	250 000	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	71 000	
1 17 55	Síldarsölugjald	21 500	
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald	28 000	
1 17 92	Sérleyfisgjald	8 500	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		3 965 301
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald	830 000	
1 19 02	Aukatekjur	319 000	
1 19 03	Þinglýsingar	470 000	
	Flutt		83 098 801

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		84 036 692

Gjöld samtals	84 036 692

reikningur

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 19 1	Ýmsir skattar af bifreiðum: Flutt		83 098 801
1 19 11	Bifreiðaskattur	780 000	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða	35 000	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða	21 000	
1 19 2	Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21	Lestagjald	1 500	
1 19 22	Vitagjald	16 500	
1 19 23	Skipaskoðunargjald	6 000	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	505 000	
1 19 33	Leyfisgjald	36 000	
1 19 9	Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90	Verðjöfnunargjald	725 000	
1 19 91	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	20 000	
1 19 92	Skipulagsgjald	63 000	
1 19 93	Rafmagnseftirlitsgjald	79 988	
1 19 94	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	45 000	
1 19 95	Prófgjald bifreiðastjóra	4 100	
1 19 96	Prófgjald iðnnema	3 750	
1 19 98	Sérlyfjagjald	4 400	
1 19 99	Hvalveiðigjald	63	
1 2	**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta**		**222 800**
1 21 0	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01	Afgjöld ríkisjarða	3 300	
1 21 02	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	32 000	
1 21 04	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	187 500	
1 3	**Ýmsar tekjur**		**696 500**
1 31 0	Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01	Vextir	555 000	
1 31 02	Arður af hlutabréfum	3 200	
1 39 0	Ýmsar tekjur:		
1 39 01	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
1 39 02	Sameignir ríkisins	10 200	
1 39 03	Yfirverð líknarfrímerkja	100	
1 39 04	Samúðarskeyti Landssímans	8 500	
1 39 06	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	80 000	
1 39 07	Ýmsar óvissar tekjur	30 000	
	Tekjur samtals		84 018 101
	Gjöld umfram tekjur		18 591
	Samtals		84 036 692

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	10	Laun	15 710	
	20	Önnur rekstrargjöld	7 267	
	27	Viðhald	33 275	
		Gjöld samtals		56 252
201	**Alþingi:**			
	10	Laun	297 600	
	20	Önnur rekstrargjöld	123 300	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	13 500	
		Gjöld samtals		434 400
		Viðfangsefni:		
	02	Þingfararkaup alþingismanna	165 000	
	03	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	184 000	
	04	Rekstrarkostnaður fasteigna	30 900	
	05	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	30 000	
	06	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	1 500	
	07	Hús Jóns Sigurðssonar	8 700	
	08	Þingmannasamtök NATO	800	
	09	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	13 500	
		Gjöld samtals	434 400	
301	**Ríkisstjórn:**			
	10	Laun	40 323	
	20	Önnur rekstrargjöld	7 100	
		Gjöld samtals		47 423
401	**Hæstiréttur:**			
	10	Laun	26 151	
		Gjöld samtals		26 151
			Samtals	564 226

1 01 Forsætisráðuneytið

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	10	Laun	16 281	
	20	Önnur rekstrargjöld	13 550	
	27	Viðhald	1 200	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	14 259	
		Gjöld samtals		45 290
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	24 481	
	02	Stjórnarráðshús	2 600	
	03	Fálkaorðan	500	
	05	Framlag til Kanadasjóðs	45	
	06	Viðhald ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	500	
	07	Rekstur ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	2 950	
	09	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	500	
	10	Til Hrafnseyrar	2 000	
	11	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	8 000	
	12	Thor Thors sjóðurinn	3 714	
		Gjöld samtals	45 290	
102	**Þjóðhagsstofnun:**			
	10	Laun	48 545	
	20	Önnur rekstrargjöld	17 750	
	27	Viðhald	170	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	760	
		Gjöld samtals	67 225	
	97	Sértekjur	33 612	
		Mismunur		33 613
171	**Framlag til Byggðasjóðs:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	1 630 000	
		Gjöld samtals		1 630 000
901	**Húsameistari ríkisins:**			
	10	Laun	40 041	
	20	Önnur rekstrargjöld	5 840	
	27	Viðhald	550	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000	
		Gjöld samtals	47 431	
	97	Sértekjur	30 739	
		Mismunur		16 692

	Viðfangsefni:	Þús. kr.	Þús. kr.
01	Yfirstjórn	8 642	
02	Teiknistofa	33 464	
03	Byggingaeftirlit	5 325	
	Gjöld samtals	47 431	
902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**		
10	Laun	3 887	
20	Önnur rekstrargjöld	3 830	
27	Viðhald	2 300	
70	Vextir	30	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 000	
	Gjöld samtals	16 047	
97	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		13 147
	Samtals		1 738 742

1 02 Menntamálaráðuneytið

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	10	Laun	89 126	
	20	Önnur rekstrargjöld	59 400	
	27	Viðhald	500	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
		Gjöld samtals		154 026
201	**Háskóli Íslands:**			
	10	Laun	800 862	
	20	Önnur rekstrargjöld	180 731	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	280 000	
		Gjöld samtals	1 261 593	
	97	Sértekjur	261 750	
		Mismunur		999 843
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	62 299	
	02	Guðfræðideild	17 995	
	03	Læknadeild	154 777	
	04	Tannlæknadeild	45 653	
	05	Lyfjafræði lyfsala	13 142	
	06	Lagadeild	29 794	
	07	Viðskiptadeild	37 186	
	08	Heimspekideild	103 992	
	09	Verkfræðideild	252 305	
	10	Bókasafn	29 590	
	11	Íþróttakennsla	7 984	
	12	Rekstur fasteigna	88 956	
	13	Sameiginleg útgjöld	55 853	
	14	Félagsvísindadeild	40 455	
	15	Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa	280 000	
	16	Mannfræðistofnun háskólans	5 232	
	20	Reiknistofnun	36 380	
		Gjöld samtals	1 261 593	
202	**Tilraunastöð háskólans á Keldum:**			
	10	Laun	45 713	
	20	Önnur rekstrargjöld	48 229	
	27	Viðhald	1 700	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	9 750	
		Gjöld samtals	105 392	
	97	Sértekjur	71 842	
		Mismunur		33 550

			Þús. kr.	Þús. kr.
203	**Raunvísindastofnun háskólans:**			
	10	Laun	78 112	
	20	Önnur rekstrargjöld	26 158	
	27	Viðhald	3 920	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	9 115	
		Gjöld samtals	117 305	
	97	Sértekjur	375	
		Mismunur		116 930
	Viðfangsefni:			
	01	Yfirstjórn	23 924	
	02	Eðlisfræðistofa	17 348	
	03	Efnafræðistofa	21 557	
	04	Jarðfræðideild	15 898	
	05	Jarðeðlisfræðideild	13 564	
	06	Háloftadeild	7 943	
	07	Reiknifræðistofa	6 732	
	09	Stærðfræðistofa	10 339	
		Gjöld samtals	117 305	
205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:**			
	10	Laun	28 971	
	20	Önnur rekstrargjöld	7 500	
	27	Viðhald	500	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	13 950	
		Gjöld samtals	50 921	
	97	Sértekjur	1 600	
		Mismunur		49 321
206	**Orðabók háskólans:**			
	10	Laun	13 629	
	20	Önnur rekstrargjöld	300	
		Gjöld samtals		13 929
231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	10	Laun	19 592	
	20	Önnur rekstrargjöld	6 341	
	27	Viðhald	600	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 837	
		Gjöld samtals		29 370
232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	10	Laun	8 394	
	20	Önnur rekstrargjöld	17 126	
	27	Viðhald	350	
		Gjöld samtals		25 870

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	13 270	
02	Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins	4 000	
03	Þátttökugjald í Nordforsk	2 100	
04	Ylræktarverkefni í Hveragerði	5 000	
05	Til starfsáætlunar	1 500	
	Gjöld samtals	25 870	
276	**Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**		
90	Yfirfærslur:		
91	Til fyrirtækja í B-hluta	55 641	
	Gjöld samtals		55 641
301	**Menntaskólinn í Reykjavík:**		
10	Laun	126 311	
20	Önnur rekstrargjöld	13 100	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	10 000	
	Gjöld samtals		149 411
302	**Menntaskólinn á Akureyri:**		
10	Laun	102 972	
20	Önnur rekstrargjöld	17 025	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
	Gjöld samtals	124 997	
97	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		121 997
303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**		
10	Laun	34 386	
20	Önnur rekstrargjöld	7 000	
	Gjöld samtals	41 386	
97	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		39 886
304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**		
10	Laun	145 641	
20	Önnur rekstrargjöld	18 300	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
	Gjöld samtals	168 941	
97	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		163 841
305	**Menntaskólinn við Tjörnina:**		
10	Laun	127 822	
20	Önnur rekstrargjöld	11 830	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	28 000	
	Gjöld samtals		167 652

		Þús. kr.	Þús. kr.
306	**Menntaskólinn á Ísafirði:**		
10	Laun	36 395	
20	Önnur rekstrargjöld	15 125	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	19 000	
	Gjöld samtals		70 520
307	**Menntaskóli á Austurlandi, bygging:**		
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	71 000	
	Gjöld samtals		71 000
308	**Menntaskólinn í Kópavogi:**		
10	Laun	43 409	
20	Önnur rekstrargjöld	2 337	
	Gjöld samtals		45 746
310	**Menntaskólar almennt:**		
10	Laun	37 572	
20	Önnur rekstrargjöld	2 000	
27	Viðhald	25 170	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	10 685	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	2 250	
	Gjöld samtals		77 677
311	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti:**		
10	Laun	125 641	
20	Önnur rekstrargjöld	9 690	
	Gjöld samtals		135 331
312	**Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli:**		
10	Laun	61 414	
20	Önnur rekstrargjöld	9 000	
	Gjöld samtals		70 414
313	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja:**		
10	Laun	42 705	
20	Önnur rekstrargjöld	9 600	
	Gjöld samtals		52 305
321	**Kennaraháskóli Íslands:**		
10	Laun	131 269	
20	Önnur rekstrargjöld	38 071	
27	Viðhald	4 090	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	28 000	
	Gjöld samtals	201 430	
97	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		198 430

		Þús. kr.	Þús. kr.
322	**Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans:**		
	10 Laun	59 957	
	80 Gjaldfærður stofnkostnaður	7 000	
	Gjöld samtals	66 957	
	97 Sértekjur	22 000	
	Mismunur		44 957
331	**Íþróttakennaraskóli Íslands:**		
	10 Laun	11 836	
	20 Önnur rekstrargjöld	2 540	
	27 Viðhald	3 000	
	80 Gjaldfærður stofnkostnaður	8 000	
	Gjöld samtals	25 376	
	97 Sértekjur	100	
	Mismunur		25 276
336	**Hússtjórnarkennaraskóli Íslands:**		
	10 Laun	8 775	
	20 Önnur rekstrargjöld	1 857	
	27 Viðhald	635	
	80 Gjaldfærður stofnkostnaður	625	
	Gjöld samtals	11 892	
	97 Sértekjur	600	
	Mismunur		11 292
421	**Fræðslumyndasafn:**		
	10 Laun	6 046	
	20 Önnur rekstrargjöld	7 663	
	80 Gjaldfærður stofnkostnaður	665	
	Gjöld samtals		14 374
422	**Ríkisútgáfa námsbóka:**		
	10 Laun	18 713	
	20 Önnur rekstrargjöld	111 581	
	27 Viðhald	1 260	
	70 Vextir	106	
	80 Gjaldfærður stofnkostnaður	850	
	Gjöld samtals	132 510	
	97 Sértekjur	4 000	
	Mismunur		128 510
	98 Lánahreyfingar út	416	
	Viðfangsefni:		
	02 Skrifstofa	27 307	
	03 Bókaútgáfa	105 203	
	Gjöld samtals	132 510	

		Þús. kr.	Þús. kr.
423	**Endurskoðun námsefnis:**		
10	Laun	48 038	
20	Önnur rekstrargjöld	4 820	
	Gjöld samtals		52 858
431	**Iðnfræðsluráð:**		
10	Laun	27 461	
20	Önnur rekstrargjöld	5 929	
27	Viðhald	150	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	280	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	350	
	Gjöld samtals		34 170
501	**Tækniskóli Íslands:**		
10	Laun	104 997	
20	Önnur rekstrargjöld	33 905	
27	Viðhald	800	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	25 000	
	Gjöld samtals	164 702	
97	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		163 302
506	**Vélskóli Íslands:**		
10	Laun	78 924	
20	Önnur rekstrargjöld	12 505	
27	Viðhald	850	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	8 000	
	Gjöld samtals		100 279
	Viðfangsefni:		
02	Reykjavík	77 034	
12	Námskeið utan Reykjavíkur	23 245	
	Gjöld samtals	100 279	
507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík:**		
10	Laun	42 134	
20	Önnur rekstrargjöld	3 601	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
	Gjöld samtals		50 735
514	**Iðnskólinn í Reykjavík:**		
10	Laun	195 315	
20	Önnur rekstrargjöld	1 881	
	Gjöld samtals		197 196

			Þús. kr.	Þús. kr.
515	**Iðnskólar utan Reykjavíkur:**			
	10	Laun	103 799	
	20	Önnur rekstrargjöld	3 181	
		Gjöld samtals		106 980
516	**Iðnskólar almennt:**			
	27	Viðhald	8 000	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])	44 800	
		Gjöld samtals		52 800
517	**Hótel- og veitingaskóli Íslands:**			
	10	Laun	13 933	
	20	Önnur rekstrargjöld	10 705	
	27	Viðhald	720	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
		Gjöld samtals	27 858	
	97	Sértekjur	7 913	
		Mismunur		19 945
518	**Fiskvinnsluskólinn:**			
	10	Laun	14 719	
	20	Önnur rekstrargjöld	7 900	
	27	Viðhald	600	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
		Gjöld samtals	28 219	
	97	Sértekjur	3 000	
		Mismunur		25 219
521	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	10	Laun	93 018	
	20	Önnur rekstrargjöld	7 935	
	27	Viðhald	875	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 050	
		Gjöld samtals	102 878	
	97	Sértekjur	5 150	
		Mismunur		97 728
522	**Nýi hjúkrunarskólinn:**			
	10	Laun	16 844	
	20	Önnur rekstrargjöld	3 710	
	27	Viðhald	120	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	650	
		Gjöld samtals		21 324

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti nr. 1.

		Þús. kr.	Þús. kr.
523	**Fósturskóli Íslands:**		
10	Laun	17 036	
20	Önnur rekstrargjöld	2 266	
27	Viðhald	280	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000	
	Gjöld samtals		20 582
553	**Hússtjórnarskólar:**		
10	Laun	65 263	
20	Önnur rekstrargjöld	16 000	
27	Viðhald	11 500	
	Gjöld samtals	92 763	
97	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		90 763
561	**Myndlista- og handíðaskólinn:**		
10	Laun	25 351	
20	Önnur rekstrargjöld	5 599	
27	Viðhald	572	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 800	
	Gjöld samtals	33 322	
97	Sértekjur	1 712	
	Mismunur		31 610
562	**Leiklistarskólinn:**		
10	Laun	18 590	
20	Önnur rekstrargjöld	6 000	
27	Viðhald	200	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 332	
	Gjöld samtals		27 122
563	**Tónlistarfræðsla:**		
10	Laun	150 438	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 850	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	1 200	
	Gjöld samtals		154 488
	Viðfangsefni:		
02	Tónlistarskólinn í Reykjavík	22 534	
03	Aðrir tónlistarskólar	116 653	
04	Barnamúsikskólinn	11 251	
05	Til tónlistarstarfsemi	1 200	
06	Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsikskólinn, byggingarstyrkur	2 850	
	Gjöld samtals	154 488	

			Þús. kr.	Þús. kr.
571	**Sjómannaskólahúsið:**			
	10	Laun	18 587	
	20	Önnur rekstrargjöld	16 500	
	27	Viðhald	18 000	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000	
		Gjöld samtals		55 087
581	**Verslunarskólar:**			
	10	Laun	110 610	
	20	Önnur rekstrargjöld	38 104	
	27	Viðhald	400	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000	
		Gjöld samtals		151 114
		Viðfangsefni:		
	01	Til Verslunarskóla Íslands	106 855	
	02	Til Samvinnuskólans	44 259	
		Gjöld samtals	151 114	
582	**Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum:**			
	10	Laun	3 309	
	20	Önnur rekstrargjöld	500	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	998	
		Gjöld samtals		4 807
601	**Héraðsskólinn í Reykholti:**			
	10	Laun	22 352	
	20	Önnur rekstrargjöld	3 315	
		Gjöld samtals	25 667	
	97	Sértekjur	400	
		Mismunur		25 267
602	**Héraðsskólinn á Núpi:**			
	10	Laun	19 883	
	20	Önnur rekstrargjöld	9 550	
		Gjöld samtals	29 433	
	97	Sértekjur	400	
		Mismunur		29 033
603	**Héraðsskólinn í Reykjanesi:**			
	10	Laun	14 862	
	20	Önnur rekstrargjöld	5 040	
		Gjöld samtals	19 902	
	97	Sértekjur	400	
		Mismunur		19 502

		Þús. kr.	Þús. kr.
604	**Héraðsskólinn á Reykjum:**		
10	Laun	20 558	
20	Önnur rekstrargjöld	3 360	
	Gjöld samtals	23 918	
97	Sértekjur	400	
	Mismunur		23 518
605	**Alþýðuskólinn á Eiðum:**		
10	Laun	22 192	
20	Önnur rekstrargjöld	11 245	
	Gjöld samtals	33 437	
97	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		31 937
606	**Héraðsskólinn í Skógum:**		
10	Laun	18 356	
20	Önnur rekstrargjöld	7 480	
	Gjöld samtals	25 836	
97	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		24 836
607	**Héraðsskólinn á Laugarvatni:**		
10	Laun	16 648	
20	Önnur rekstrargjöld	3 732	
	Gjöld samtals	20 380	
97	Sértekjur	200	
	Mismunur		20 180
608	**Héraðsskólinn á Laugum:**		
10	Laun	20 748	
20	Önnur rekstrargjöld	2 670	
	Gjöld samtals	23 418	
97	Sértekjur	300	
	Mismunur		23 118
609	**Héraðsskólar, almennt:**		
27	Viðhald	26 000	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	123 500	
	Gjöld samtals		149 500
621	**Skálholtsskóli:**		
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni:**		
90	Yfirfærslur:		
91	Til fyrirtækja í B-hluta	4 000	
	Gjöld samtals		4 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
700	**Grunnskólar í Reykjavík:**		
10	Laun	1 173 550	
20	Önnur rekstrargjöld	54 096	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	4 890	
	Gjöld samtals		1 232 536
710	**Grunnskólar, Reykjanesumdæmi:**		
10	Laun	782 663	
20	Önnur rekstrargjöld	40 992	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	5 190	
	Gjöld samtals		828 845
730	**Grunnskólar, Vesturlandsumdæmi:**		
10	Laun	277 352	
20	Önnur rekstrargjöld	44 352	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	3 210	
	Gjöld samtals		324 914
740	**Grunnskólar, Vestfjarðaumdæmi:**		
10	Laun	201 365	
20	Önnur rekstrargjöld	14 112	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	2 760	
	Gjöld samtals		218 237
750	**Grunnskólar, Norðurlandi vestra:**		
10	Laun	212 763	
20	Önnur rekstrargjöld	51 072	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	2 790	
	Gjöld samtals		266 625
760	**Grunnskólar, Norðurlandi eystra:**		
10	Laun	486 315	
20	Önnur rekstrargjöld	54 096	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	3 660	
	Gjöld samtals		544 071
770	**Grunnskólar, Austurlandsumdæmi:**		
10	Laun	300 148	
20	Önnur rekstrargjöld	27 216	
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga	4 560	
	Gjöld samtals		331 924

			Þús. kr.	Þús. kr.
780	**Grunnskólar, Suðurlandsumdæmi:**			
	10	Laun	368 536	
	20	Önnur rekstrargjöld	50 064	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	2 940	
		Gjöld samtals		421 540
791	**Grunnskólar, almennt:**			
	10	Laun	291 989	
	20	Önnur rekstrargjöld	38 093	
	27	Viðhald	4 000	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	70	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	44 830	
	94	Til einstaklinga og samtaka	1 570	
		Gjöld samtals		380 552
		Viðfangsefni:		
	04	Yfirvinnuþóknun skólastjóra	13 617	
	07	Greiðslur vegna forfallakennslu og aðrar forfallagreiðslur	85 200	
	08	Laun kennara, sem orlof fá	47 702	
	10	Stjórnskipaðir prófdómarar	19 900	
	12	Stofnanir afbrigðilegra barna	167 733	
	16	Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	44 830	
	17	Til skíðakennslu í skólum	1 000	
	18	Til unglingafræðslu	570	
		Gjöld samtals	380 552	
792	**Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra:**			
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])	1 312 070	
		Gjöld samtals		1 312 070
793	**Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn:**			
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	45 000	
		Gjöld samtals		45 000
		Viðfangsefni:		
	01	Hlíðaskóli	15 000	
	02	Öskjuhlíðarskóli	30 000	
		Gjöld samtals	45 000	
799	**Heyrnleysingjaskólinn:**			
	10	Laun	37 610	
	20	Önnur rekstrargjöld	7 875	
	27	Viðhald	1 137	
	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	500	
		Gjöld samtals	47 122	
	97	Sértekjur	450	
		Mismunur		46 672

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti nr. 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
801	**Vistheimilið Breiðavík:**		
10	Laun	10 106	
20	Önnur rekstrargjöld	5 600	
27	Viðhald	700	
80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000	
	Gjöld samtals	18 406	
97	Sértekjur	6 210	
	Mismunur		12 196
802	**Vernd barna og ungmenna:**		
10	Laun	4 223	
20	Önnur rekstrargjöld	1 630	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	800	
	Gjöld samtals		6 653
	Viðfangsefni:		
02	Barnaverndarráð	5 853	
05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur	500	
06	Framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms	300	
	Gjöld samtals	6 653	
803	**Dagvistarheimili, stofnkostnaður:**		
90	Yfirfærslur:		
92	Til sveitarfélaga[1])	110 700	
	Gjöld samtals		110 700
871	**Upptökuheimilið í Kópavogi:**		
90	Yfirfærslur:		
91	Til fyrirtækja í B-hluta	16 388	
	Gjöld samtals		16 388
872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna:**		
90	Yfirfærslur:		
91	Til fyrirtækja í B-hluta	1 000 000	
	Gjöld samtals		1 000 000
881	**Náms- og fræðimenn, framlög:**		
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	42 920	
	Gjöld samtals		42 920

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti nr. 3.

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:		
03	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	4 700	
04	Styrkur til að bjóða grænlenskum stúdent til námsdvalar	240	
05	Styrkur til íslendings til að læra tungu grænlendinga	120	
06	Til íslensk-enskrar orðabókar	1 850	
07	Styrkur til færeysks fræðimanns	30	
08	Til menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi	500	
09	Styrkur til útgáfustarfa	6 750	
10	Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis	1 300	
11	Starfsemi stúdenta	310	
12	Félagsstofnun stúdenta	11 000	
13	Hjónagarður, til minningar um forsætisráðherrahjónin dr. Bjarna Benediktsson og Sigríði Björnsdóttur ásamt ungum dóttursyni þeirra	16 120	
	Gjöld samtals	42 920	
882	**Styrkur til myndlistarskóla:**		
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	1 750	
	Gjöld samtals		1 750
	Viðfangsefni:		
02	Reykjavík	1 500	
03	Vestmannaeyjar	75	
04	Neskaupstaður	75	
05	Akureyri	100	
	Gjöld samtals	1 750	
883	**Til lektora í íslensku við erlenda háskóla:**		
10	Laun	1 627	
	Gjöld samtals		1 627
981	Afborgun lána	92 208	
983	Fjárfestingar	40 000	
984	Annað	120	
	Inn:		
994	Afskriftir	118 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	14 328	
232	**Landssmiðjan:**		
10	Laun	116 504	
20	Önnur rekstrargjöld	25 460	
27	Viðhald	3 500	
60	Hráefni og vörur til endursölu	166 650	
70	Vextir	1 000	
80	Afskriftir	2 500	
	Gjöld samtals	315 614	
93	Seldar vörur og þjónusta	315 000	
94	Vaxtatekjur	600	
96	Aðrar tekjur, húsaleiga	2 500	
	Tekjur samtals	318 100	
	Mismunur		2 486
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	500	
984	Annað	4 486	
	Inn:		
994	Afskriftir	2 500	
995	Ráðstöfun eigin fjár	2 486	

		Þús. kr.	Þús. kr.
233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:**		
10	Laun	146 260	
20	Önnur rekstrargjöld	22 895	
27	Viðhald	3 300	
60	Hráefni og vörur til endursölu	55 000	
70	Vextir	6 360	
80	Afskriftir	9 500	
	Gjöld samtals	243 315	
93	Seldar vörur og þjónusta	243 215	
94	Vaxtatekjur	100	
95	Framlög ríkissjóðs	12 000	
	Tekjur samtals	255 315	
	Mismunur		12 000
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	8 863	
983	Fjárfestingar	31 880	
	Inn:		
992	Tekin lán	18 243	
993	Sala á eignum	1 000	
994	Afskriftir	9 500	
995	Ráðstöfun eigin fjár	12 000	
234	**Lagmetisiðjan Siglósíld:**		
10	Laun	53 993	
20	Önnur rekstrargjöld	13 908	
27	Viðhald	2 500	
60	Hráefni og vörur til endursölu	93 000	
70	Vextir	6 000	
80	Afskriftir	2 500	
	Gjöld samtals	171 901	
93	Seldar vörur og þjónusta	171 901	
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	2 500	
	Inn:		
994	Afskriftir	2 500	
311	**Landsvirkjun:**		
10	Laun	216 000	
20	Önnur rekstrargjöld	177 400	
27	Viðhald	144 600	
70	Vextir	1 766 000	
80	Afskriftir	1 020 200	
	Gjöld samtals	3 324 200	
93	Seldar vörur og þjónusta	3 329 000	
	Mismunur		4 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	1 154 400	
983	Fjárfestingar	1 548 200	
	Inn:		
991	Innheimtar afborganir	6 300	
992	Tekin lán	1 354 800	
994	Afskriftir	1 020 200	
995	Ráðstöfun eigin fjár	4 800	
996	Annað	316 500	
312	**Laxárvirkjun:**		
10	Laun	45 400	
20	Önnur rekstrargjöld	200 000	
27	Viðhald	30 000	
70	Vextir	86 000	
80	Afskriftir	83 500	
	Gjöld samtals	444 900	
93	Seldar vörur og þjónusta	489 000	
	Mismunur		44 100
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	95 000	
983	Fjárfestingar	30 000	
984	Annað	2 600	
	Inn:		
994	Afskriftir	83 500	
995	Ráðstöfun eigin fjár	44 100	
313	**Kröfluvirkjun:**		
70	Vextir	464 000	
	Gjöld samtals	464 000	
	Mismunur, gjöld umfram tekjur		÷464 000
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	387 000	
983	Fjárfestingar	1 138 000	
	Inn:		
992	Tekin lán	1 989 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	÷464 000	
314	**Norðurlína:**		
70	Vextir	131 000	
	Gjöld samtals	131 000	
	Mismunur, gjöld umfram tekjur		÷131 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	155 000	
983	Fjárfestingar	858 000	
	Inn:		
992	Tekin lán	1 144 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	÷131 000	
315	**Lína Krafla—Akureyri:**		
70	Vextir	54 000	
	Gjöld samtals	54 000	
	Mismunur, gjöld umfram tekjur		÷54 000
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	71 000	
983	Fjárfestingar	30 000	
	Inn:		
992	Tekin lán	155 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	÷54 000	
321	**Rafmagnsveitur ríkisins:**		
10	**Laun**	330 000	
20	Önnur rekstrargjöld	820 000	
60	Hráefni og vörur til endursölu	1 300 000	
70	Vextir	570 000	
80	Afskriftir	600 000	
	Gjöld samtals	3 620 000	
93	Seldar vörur og þjónusta	2 898 860	
96	Aðrar tekjur, Orkusjóður	721 140	
	Tekjur samtals	3 620 000	
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	600 000	
983	Fjárfestingar, almennar	1 654 000	
	— rafvæðing í sveitum	200 000	
	Inn:		
992	Tekin lán	1 619 000	
994	Afskriftir	600 000	
996	Annað, Orkusjóður og heimtaugargjöld	235 000	
331	**Jarðboranir ríkisins:**		
10	**Laun**	139 222	
20	Önnur rekstrargjöld	98 300	
27	Viðhald	20 000	
60	Hráefni og vörur til endursölu	20 000	
70	Vextir	54 750	
80	Afskriftir	50 000	
	Gjöld samtals	382 272	
93	Seldar vörur og þjónusta	434 600	
	Mismunur		52 328

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	46 843	
984	Annað	55 485	
	Inn:		
994	Afskriftir	50 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	52 328	
332	**Jarðvarmaveitur ríkisins:**		
20	Önnur rekstrargjöld	9 400	
27	Viðhald	6 600	
70	Vextir	134 912	
80	Afskriftir	8 666	
	Gjöld samtals	159 578	
93	Seldar vörur og þjónusta	59 000	
	Mismunur, gjöld umfram tekjur		÷100 578
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	138 666	
983	Fjárfestingar	572 000	
984	Annað	11 422	
	Inn:		
992	Tekin lán	814 000	
994	Afskriftir	8 666	
995	Ráðstöfun eigin fjár	÷100 578	
371	**Orkusjóður:**		
20	Önnur rekstrargjöld	3 860	
70	Vextir	853 200	
90	Yfirfærslur	721 140	
	Gjöld samtals	1 578 200	
94	Vaxtatekjur	724 200	
95	Framlög ríkissjóðs	1 725 000	
	Tekjur samtals	2 449 200	
	Mismunur		871 000
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	677 900	
982	Veitt lán	1 063 600	
	Inn:		
991	Innheimtar afborganir	670 500	
992	Tekin lán	200 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	871 000	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1976 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

II Að hækka framlög samkvæmt þingsályktun um landgræðslu frá 28. júlí 1974 í samræmi við þá hækkun framkvæmdakostnaðar sem kann að verða samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

III Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1977 hjá allt að 35 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV Að ákveða að ein króna af tekjum Landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

V Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjald síma árið 1977 hjá allt að 25 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

VI Að heimila Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða Landgræðslusjóði 1 kr. af hverjum seldum vindlingapakka.

VII Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 75 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

VIII Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða allt að 1 kr. til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

IX Að heimila Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða allt að 20 aurum af hverjum seldum eldspýtustokk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

X Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavarna hér við land.

XI Að endurgreiða stimpilgjöld vegna hlutabréfa í Flugleiðum h/f sem gefin verða út í tilefni af sameiningu Loftleiða h/f og Flugfélags Íslands h/f.

XII Að greiða aðilum, sem njóta eftirlauna samkvæmt gömlum reglum, sbr. lið 09 382 í 4. gr. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í löghoðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín sem hliðstæð sé þeirri hækkun er sjóðsfélagar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengu við gildistöku laga nr. 29/1963.

XIII Að greiða uppbót á greiðslur samkvæmt liðum 09 382—384 í 4. gr. fjárlaga samsvarandi almennri hækkun sem verða kann á launum starfsmanna ríkisins.

XIV Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XV Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar), þ. e. í þeim

iðngreinum sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

XVI Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til stofnlína, fyrir 132 kV spennu og hærri, til samtengingar raforkukerfi landsins, svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

XVII Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af eldsneytisaflstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins.

XVIII Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af nýjum jarðborum fyrir Jarðboranir ríkisins.

XIX Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, vélum og tækjum til stækkunar Skeiðsfossvirkjunar.

XX Að taka allt að 30 m.kr. lán til byggingar vörugeymslu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík (endurveiting).

XXI Að taka allt að 25 m.kr. lán til að byggja ferjuaðstöðu í Þorlákshöfn fyrir Vestmannaeyjaferju.

XXII Að ábyrgjast fyrir Hafnabótasjóð allt að 10 m.kr. lán til endurbóta á Suðureyri við Súgandafjörð vegna sjóskaða.

XXIII Að verja söluandvirði Vestmannaeyjaskipsins Herjólfs til nauðsynlegra endurbóta á afgreiðsluaðstöðu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík.

XXIV Að kaupa húsnæði fyrir skattstofuna í Hafnarfirði og taka við lánum, er slíkri eign kunna að fylgja.

XXV Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir varamenn sendiherra í sendiráðum Íslands. Endanleg ákvörðun verði tekin í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.

XXVI Að taka allt að 100 m.kr. lán til byggingar gæsluvarðhaldsfangelsis við Tunguháls í Reykjavík.

XXVII Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.

XXVIII Að láta í makaskiptum 6 584 m² af landi Fitjakots á Kjalarnesi í Kjósarsýslu.

XXIX Að selja húseignina nr. 1 við Úthaga á Selfossi og verja andvirði téðrar eignar til kaupa á húseigninni nr. 4 við Hlíðarveg á Reyðarfirði.

XXX Að selja Rangárvallahreppi ca. 22 ha. úr landi flugmálastjórnar við Hellu-flugvöll, að því tilskildu að undanskilið verði nægjanlegt lóðarrými fyrir starfsemi stofnunarinnar.

XXXI Að selja Hvolhreppi ca. 20 ha. úr landi Pósts og síma við Hvolsvöll, að því tilskildu að undanskilið verði nægilegt lóðarrými fyrir starfsemi stofnunarinnar.

XXXII Að selja fasteignina Brú við Markarfljót í landi Eyvindarholts og gamalt áhaldahús á Hvammstanga.

XXXIII Að láta í makaskiptum ca. 5 ha. af landi við Egilsstaðaflugvöll.

XXXIV Að taka lán vegna kostnaðar við laxastiga í Laxá í Þingeyjarsýslu vegna samnings í sambandi við virkjun Laxár.

XXXV Að taka lán til að auka hlutafjárframlag til Þormóðs ramma h/f, allt að 35 m.kr.

XXXVI Að ábyrgjast fyrir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði allt að 10 m.kr. lán, gegn tryggingum sem ríkisstjórnin metur gildar (endurveiting).

XXXVII Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson, fiskræktarbónda, allt að 15 m.kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi, gegn þeim tryggingum sem ríkisstjórnin metur gildar (endurveiting).

XXXVIII Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1977 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

Lántökuheimildir, sbr. 1. gr. 4.:

XXXIX Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 1 700 m.kr.

XL Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini, eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra er upphaflega verða útgefin skv. lið XXXIX, að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

7. gr.

Skattvísitala árið 1977 skal vera 158 stig miðað við 100 stig árið 1975.

SÉRSTÖK YFIRLIT

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	**Iðnskólar (02 516).**		
1.	Reykjavík	23 000	
2.	Hafnarfjörður	3 300	
3.	Akranes	2 000	
4.	Ísafjörður	3 500	
5.	Sauðárkrókur	1 000	
6.	Akureyri	3 000	
7.	Neskaupstaður	1 000	
8.	Vestmannaeyjar	8 000	
			44 800
2.	**Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).**		
1.	Vegna uppgjörs lokinna verkefna í Reykjavík	13 129	
2.	Fossvogsskóli, 2. áf.	35 000	
3.	Hólabrekkuskóli, 1. og 2. áf.	24 300	
4.	Ölduselsskóli, 1. áf.	26 000	
5.	Öskjuhlíðarskóli, 1. áf.	19 000	
6.	Hlíðaskóli, íþróttahús	1 000	
7.	Hvassaleitisskóli, 3. áf.	1 000	
8.	Seljaskóli, 1. áf.	2 000	
9.	Vogaskóli, 5. áf.	20 000	
10.	Langholtsskóli, 3. áf.	33 000	
11.	Kvennaskólinn, 2. áf.	24 000	
12.	Fjölbrautaskóli, 1. áf.	40 000	
13.	Fjölbrautaskóli, 2. áf. C	38 000	
14.	Fjölbrautaskóli, 3. áf., verkst.hús 2. st.	20 000	
15.	Fjölbrautaskóli, 2. áf. D	120 000	
16.	Fjölbrautaskóli, 2. áf. E	1 000	
17.	Kópavogur, Þingholtsskóli, 2. áf.	12 000	
18.	Kópavogur, Kópavogsskóli, 3. áf.	10 000	
19.	Kópavogur, Digranesskóli	22 000	
20.	Kópavogur, íþróttahús	5 000	
21.	Hafnarfjörður, íþróttahús	2 933	
22.	Hafnarfjörður, Flensborgarskóli	8 000	
23.	Hafnarfjörður lausar stofur	2 308	
24.	Hafnarfjörður, Norðurbæjarskóli	15 000	
25.	Seltjarnarnes, sundlaug	5 000	
26.	Seltjarnarnes, Valhúsaskóli	5 000	
27.	Garðakaupstaður, gagnfræðaskóli	36 000	
28.	Garðakaupstaður, barnaskóli	8 000	
29.	Keflavík, gagnfræðaskóli	21 000	
30.	Keflavík, íþróttahús	8 000	
31.	Grindavík, lausar stofur	2 500	
32.	Grindavík, skóli	4 000	
33.	Njarðvík, íþróttahús, 1. og 2. áf.	1 000	
34.	Njarðvík, skóli	8 000	
35.	Sandgerði, íþróttahús	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
36.	Vatnsleysustrandarhr., skóli	7 000	
37.	Bessastaðahr., skóli	8 000	
38.	Mosfellshreppur, íþróttahús	11 300	
39.	Mosfellshreppur, skóli	1 000	
40.	Kjalarneshr., lausar stofur	2 500	
41.	Akranes, íþróttahús	11 000	
42.	Akranes, lóð o. fl.	1 000	
43.	Hvanneyri, íbúð	2 000	
44.	Kleppjárnsreykir, endurb.	2 000	
45.	Kleppjárnsreykir, nýbygging	5 000	
46.	Varmalandi, íbúð	4 000	
47.	Varmaland, vatnsveita	10 000	
48.	Varmaland, íþróttahús	12 000	
49.	Borgarnes, íþróttahús	12 000	
50.	Laugargerðisskóli, lausar st.	1 000	
51.	Hellissandur, skóli	10 000	
52.	Ólafsvík, lausar stofur	1 000	
53.	Ólafsvík, skóli	6 000	
54.	Grundarfjörður, skóli	2 000	
55.	Grundarfjörður, sundlaug	5 000	
56.	Stykkishólmur, skóli	3 000	
57.	Búðardalur, skóli, 1. áf.	6 000	
58.	Laugar, Dalasýslu, lóð og íb.	3 000	
59.	Ísafjörður, íbúð í Hnífsdal	500	
60.	Ísafjörður, lausar stofur	1 000	
61.	Bolungarvík, sundlaug	12 000	
62.	Reykhólar, 2. áf.	11 000	
63.	Barðaströnd	7 500	
64.	Patreksfjörður	500	
65.	Þingeyri	8 000	
66.	Mýrahreppur	8 000	
67.	Flateyri	7 000	
68.	Suðureyri	500	
69.	Hólmavík, skóli	3 000	
70.	Fells- og Óspakseyrarhr., skóli	8 000	
71.	Bæjarhreppur, Borðeyri, skóli	2 000	
72.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli	10 000	
73.	Sauðárkrókur, heimavist	20 000	
74.	Staðarhreppur, skóli, íbúð	1 500	
75.	Laugarbakki, 2. áf.	16 000	
76.	Hvammstangi, sundlaug	4 000	
77.	Þverárhreppur	3 000	
78.	Húnavellir, 2. áf.	24 000	
79.	Húnavellir, Reykir	4 500	
80.	Blönduós, skóli	2 000	
81.	Skagaströnd, skóli	3 000	
82.	Varmahlíð, skóli	23 000	
83.	Varmahlíð, íbúðir	10 000	
84.	Lýtingsstaðahr.	1 000	
85.	Hólahreppur	6 000	
86.	Hofsós, 1. og 2. áf.	1 000	
87.	Hofsós, 3. áf.	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
88.	Haganeshreppur	3 000	
89.	Akureyri, Glerárskóli, 2. áf.	20 000	
90.	Akureyri, Lundarskóli, 1. áf.	3 000	
91.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áf.	20 000	
92.	Akureyri Oddeyrarskóli	3 000	
93.	Akureyri, íþróttahús	6 000	
94.	Húsavík, gagnfræðaskóli	8 000	
95.	Ólafsfjörður, gagnfræðaskóli	6 000	
96.	Dalvík, heimavist	8 000	
97.	Svarfaðardalur, mötuneyti	1 000	
98.	Árskógsströnd, íbúðir, sundl.	1 500	
99.	Þelamörk, skóli	6 000	
100.	Hrafnagil, íbúð	3 000	
101.	Hrafnagil, sundlaug	3 000	
102.	Svalbarðsströnd, íbúðir	1 000	
103.	Grenivík, skóli	3 000	
104.	Stórutjarnir, skóli	9 000	
105.	Hafralækur, skóli	6 000	
106.	Hafralækur, íþróttahús	6 000	
107.	Reykdælahreppur	500	
108.	Skúlagarður, íbúð	3 000	
109.	Lundur, skóli	20 000	
110.	Raufarhöfn, sundlaug	2 000	
111.	Þórshöfn, skóli	1 000	
112.	Seyðisfjörður, sundlaug, endurb.	2 000	
113.	Neskaupstaður, skóli, 1. áf.	6 000	
114.	Eskifjörður, skóli	15 000	
115.	Vopnafjörður, Torfastaðaskóli	3 000	
116.	Hlíðarhreppur, skóli	12 000	
117.	Jökuldalshreppur, endurb.	1 000	
118.	Egilsstaðir, skóli	10 000	
119.	Reyðarfjörður, íþróttahús	10 000	
120.	Búðahreppur, skóli	9 000	
121.	Breiðdalshreppur, skóli	4 000	
122.	Breiðdalshreppur, endurb., Staðarborg	1 500	
123.	Djúpivogur	6 000	
124.	Geithellnahreppur, skóli	2 500	
125.	Höfn, Hornaf., 2. áf.	10 000	
126.	Nesjahreppur, 3. áf.	7 000	
127.	Nesjahreppur, sérdeild	1 000	
128.	Vestmannaeyjar, íþróttahús	30 000	
129.	Kirkjubæjarklaustur, íb. og sundl.	4 000	
130.	Vík, Mýrdal, skóli	11 000	
131.	A.-Eyjafjallahr., íbúð	2 500	
132.	A.-Landeyjahr., skóli	3 000	
133.	V.-Landeyjahr., skóli, íb.	3 500	
134.	Hvolhreppur, skóli	6 000	
135.	Laugaland, íbúðir	5 000	
136.	Hraungerðishr., íbúð, lausar st.	6 000	
137.	Selfoss, gagnfræðaskóli	24 000	
138.	Selfoss, verknámshús	4 000	
139.	Skeiðahreppur, sundlaug	3 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
140. Hrunamannahr., íbúð	3 000	
141. Biskupstungnahr., sundl.	3 000	
142. Laugardalshr., íbúð	2 000	
143. Laugardalshr., lóð	1 000	
144. Grímsneshreppur, sundl.	3 000	
145. Stokkseyri, skóli	700	
146. Hveragerði, íþróttahús	1 600	
147. Þorlákshöfn, skóli	5 000	
		1 301 270

Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar:

1. Laugalækjarskóli	300	
2. Breiðholtsskóli	300	
3. Lækjarskóli, stækkun	300	
4. Njarðvík, íþróttahús, 3. áf.	300	
5. Akranes, barnaskóli	300	
6. Borgarnes, stækkun skóla	300	
7. Varmaland, lausar stofur	300	
8. Stykkishólmur, endurb.	300	
9. Bíldudalur, íþr.	300	
10. Patreksfjörður, íb., endurb.	300	
11. Bolungarvík, skólabókasafn	300	
12. Tálknafjörður, íþr.hús.	300	
13. Súðavík, skóli	300	
14. Laugarbakkaskóli, íþr.hús	300	
15. Ólafsfjörður, barnask., endurb.	300	
16. Hrísey, íþr.hús	300	
17. Dalvík, barnask., stækkun	300	
18. Þelamörk, íþr.hús	300	
19. Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	300	
20. Hafralækur, íb.	300	
21. Skútustaðahr., sundlaug	300	
22. Húsavík, barnask., stækkun	300	
23. Húsavík, íþr.hús	300	
24. Kópasker, skóli	300	
25. Vopnafjörður, íþr.hús	300	
26. Hallormsstaður, íþr.hús	300	
27. Stöðvarhreppur, skóli, stækkun	300	
28. Egilsstaðahr., íþr.hús	300	
29. Bæjarhreppur, skóli	300	
30. Nesjahreppur, sundlaug	300	
31. Vestmannaeyjar, barnask.	300	
32. Hvammshr., íb.	300	
33. Hveragerði, skóli	300	
34. Rangárvallahr., skóli	300	
35. Eyrarbakkahr., skóli, stækkun	300	
36. Selfosshr., barnaskóli	300	
		10 800
		1 312 070

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Dagvistarheimili (02 803).		
1. Akureyri L	600	
2. Borgarnes L	9 500	
3. Hafnarfjörður D	12 000	
4. Húsavík D	9 000	
5. Kópavogur L	5 000	
6. Ólafsvík L	9 500	
7. Bygg. samvinnufél. atvinnubifreiðastj. D—L	1 500	
8. Húsfél. Æsufelli 2—6 L	1 000	
9. Reykjavíkurborg:		
a) Ármúli 8 A—D	7 500	
b) Dyngjuvegur D	300	
c) Háaleitisbraut 70 D	3 000	
d) Kaplaskjólsvegur Sk.h.	200	
e) Rjúpnafell (Völvuf.) D	4 000	
f) Selásblettur 4 D	300	
g) Völvufell L	1 600	
10. Sauðárkrókur L	1 000	
11. Seyðisfjörður L	1 000	
12. Siglufjörður D og L	600	
13. Vatnsleysustr.hr. L	600	
14. Garðabær L	4 600	
15. Skagaströnd L	1 500	
16. Borgarsjúkrahús D	3 000	
17. Keflavík D	1 000	
18. Vestmannaeyjar D	1 000	
19. Vestmannaeyjar L	500	
20. Áhugafél. Hábæ 28 D	180	
21. Selfoss, leiksk.lóð	220	
22. Tálknafjörður L	2 000	
23. Egilsstaðir D	3 000	
24. K.F.U.M. og K., R. L	300	
25. Akranes L	3 000	
26. Akureyri D	1 000	
27. Reykjavíkurborg:		
a) Breiðholt III D	5 500	
b) Breiðholt III L	2 500	
c) Breiðholt III Skd.	1 500	
d) Breiðholt II L	2 500	
e) Austurbær Skd.	1 500	
28. Bolungarvík L	2 000	
Ný dagvistarheimili:		
1. Patreksfjörður	1 200	
2. Suðureyri	1 000	
3. Höfn í Hornafirði	1 000	
4. Ísafjörður	1 500	
5. Grundarfjörður	1 000	
		110 700

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Fyrirhleðslur (04 286 03).		
a. Til fyrirhleðslna:		
1. Klifandi og Hafursá	1 200	
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	500	
3. Þverá og Markarfljót	3 000	
4. Jökulsá á Dal	4 600	
5. Jökulsá í Lóni	1 500	
6. Kolgríma	1 500	
		12 300
b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:		
Djúpós og Hólsárbakkar		500
c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:		
1. Fossálar á Síðu	100	
2. Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri	200	
3. Eldvatn hjá Hnausum	100	
4. Kúðafljót	4 000	
5. Eldvatn hjá Ásum	200	
6. Klifandi, vatnafél. Landvörn	930	
7. Ár undir Eyjafjöllum	500	
8. Markarfljót við Fljótsdal	500	
9. Fiská hjá Árgilsstöðum	100	
10. Þjórsá í Skeiðahr.	500	
11. Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	100	
12. Stóra-Laxá hjá Birtingaholti	100	
13. Stóra-Laxá hjá Ósabakka	200	
14. Litla-Laxá hjá Skyggni	100	
15. Hvítá við Hvítárholt	200	
16. Hvítá við Fjall	200	
17. Ölfusá við Kaldaðarnes	200	
18. Sandá í Kjósarhr.	80	
19. Laxá neðan Hækingsdals	240	
20. Suðurá hjá Reykjahlíð	100	
21. Gil hjá Völlum	100	
22. Grímsá í Lundarreykjadal	500	
23. Rauðsgil í Hálsasveit	100	
24. Þverá hjá Kaðalsstöðum	290	
25. Stekkjargil hjá Slitvindastöðum	300	
26. Hörðudalsá	500	
27. Múlá, N.-Ís.	100	
28. Húsadalsá	300	
29. Núpsá hjá Efra-Núpi	100	
30. Austurá hjá Skárastöðum og Barkarstöðum	100	
31. Miðfjarðará hjá Staðarbakka, Barði, Ytri- og Syðri-Reykjum	200	
32. Fitjá hjá Fremri-Fitjum	150	
33. Víðidalsá hjá Víðidalstungu	150	
34. Varmadalsá	300	
35. Álka við Haukagil	180	
36. Tungnaá hjá Þórormstungu og Marðarnúpi	140	
37. Giljá hjá Litlu- og Stóru-Giljá	200	
38. Blanda	450	
39. Laxá hjá Þorbjargarstöðum	120	
40. Héraðsvötn	900	

	Þús. kr.	Þús. kr.
41. Hjaltadalsá hjá Hólum	200	
42. Hörgá	150	
43. Eyjafjarðará í Saurbæjarhr.	300	
44. Múlaá í Skriðdal	200	
45. Norðurdalsá í Breiðdal	1 000	
46. Leitislækur hjá Geithellum	260	
		15 940
d. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1. Vesturlandskjördæmi	310	
2. Norðurlandskjördæmi eystra	150	
3. Austurlandskjördæmi	800	
		1 260
		30 000
5. Landþurrkun (04 286 04).		
1. Út-Hjaltastaðaþinghá	150	
2. Leiðvallarhreppur	150	
3. Dyrhólaós	200	
4. Holtsós	200	
5. Vestur-Landeyjar	200	
		900
6. Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 01).		
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, skuldagr.	9 100	
2. Reykjavík, þjónustuálma	60 000	
3. Reykjavík, B-álma	15 000	
4. Reykjavík, Arnarholt	30 000	
5. Reykjavík, heilsugæslustöð Árbæ	20 000	
6. Akranes, sjúkrahús	41 200	
7. Búðardalur H 1	25 300	
8. Patreksfjörður, sjúkrahús	30 500	
9. Bolungarvík, H 1	20 000	
10. Ísafjörður, sjúkrahús	100 000	
11. Hvammstangi H 2 (hönnun)	2 000	
12. Blönduós, sjúkrahús	22 000	
13. Sauðárkrókur, sjúkrahús	28 000	
14. Hofsós, skuldagr.	500	
15. Siglufjörður, breyt. á sjúkrahúsi H 2	1 000	
16. Ólafsfjörður H 1	22 000	
17. Dalvík H 2	30 000	
18. Akureyri, sjúkrahús	130 000	
19. Akureyri, læknamóttaka	3 000	
20. Vopnafjörður H 1	14 700	
21. Egilsstaðir, skuldagr.	6 900	
22. Seyðisfjörður H 1	16 000	
23. Neskaupstaður, sjúkrahús	52 000	
24. Höfn, Hornafirði H 2	15 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
25.	Kirkjubæjarklaustur H 1	21 600	
26.	Vík í Mýrdal H 1	21 000	
27.	Hvolsvöllur H 1 (hönnun)	2 000	
28.	Vestmannaeyjar, skuldagr.	20 000	
29.	Hella v/læknamóttöku	3 000	
30.	Laugarás, skuldagr.	2 000	
31.	Selfoss, sjúkrahús	74 000	
32.	Álafoss, læknamóttaka	3 000	
33.	Seltjarnarnes H 2	3 000	
34.	Hafnarfjörður, Sólvangur	4 000	
35.	Hafnarfjörður v/læknamóttöku	3 000	
36.	Keflavík, sjúkrahús	37 000	
37.	Keflavík v/heilsugæslu	3 000	
38.	Grindavík v/læknamóttöku	2 000	
39.	Gerðar v/læknamóttöku	2 000	
			894 800
b.	Læknabústaðir:		
1.	Stykkishólmur	10 000	
2.	Búðardalur	5 000	
3.	Reykhólar (viðg.)	4 000	
4.	Þingeyri	10 000	
5.	Flateyri	2 500	
6.	Ísafjörður	1 500	
7.	Hólmavík	3 000	
8.	Hvammstangi	8 000	
9.	Siglufjörður	5 000	
10.	Húsavík v/heilsugæslust.	2 000	
11.	Húsavík v/sjúkrahúss	6 000	
12.	Kópasker	2 000	
13.	Selfoss	1 500	
14.	Þorlákshöfn	1 000	
			61 500
			956 300

	7. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.	Kr.	Kr.
09 382	Samkvæmt launalögum		**11 550 000**
	Samtals		**11 550 000**
09 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
	Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	103 567	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	103 006	
	Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	81 822	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	203 406	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 030	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	41 198	
Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	111 402	
Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	173 669	
Ágúst Kvaran	170 219	
Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	103 567	
Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	79 665	
Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	65 086	
Ása Ásmundsdóttir	103 006	
Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	82 404	
Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Benedikt Gíslason	203 102	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	80 059	
Bergþóra Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	82 404	
Bjarni Ó. Frímannsson, fyrrv. símstjóri	103 081	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Bjarni Þorsteinsson	54 933	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björn Björnsson, bókbindari	79 665	
Björn Einarsson	172 697	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	41 198	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	103 006	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	245 745	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	80 059	
Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	101 493	
Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	95 598	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	163 592	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 669	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	54 933	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	80 059	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	68 669	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	102 418	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	97 311	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	82 404	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	54 933	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	137 336	
Finnbogi Lárusson	41 198	
Friðrik Þorvaldsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	120 000	
Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri	72 495	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu	82 404	
Gísli Sigurðsson	68 669	
Grímur Grímsson, fyrrv. næturvörður hjá Alþingi	103 006	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	49 789	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Guðbrandur Benediktsson	66 717	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Pétursson	111 578	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	54 933	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	130 988	
Guðmundur Jónsson	175 279	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	54 933	
Guðmundur Þórðarson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Guðríður Einarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Gunnar Snjólfsson, fyrrv. hreppstjóri	108 000	
Gunnar Þórðarson	101 493	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	69 709	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	102 279	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	41 198	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	177 337	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	41 198	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	111 402	
Hálfdán Björnsson	82 404	
Helgi Ágústsson	137 336	
Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins	81 822	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	97 667	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 805	
Helgi Kjartansson	66 717	
Helgi Tryggvason, bókbindari	82 404	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	82 404	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	59 588	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	137 336	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	91 691	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	74 502	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	374 815	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	81 822	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	82 404	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	68 669	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	80 059	
Jóhann J. E. Kúld, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	

	Kr.	Kr.
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	184 514	
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	57 996	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	41 198	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	55 764	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	79 665	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	102 568	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	137 336	
Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Jón Þorkelsson, fyrrv. síldarmatsmaður	69 709	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	41 198	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	59 748	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 081	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	203 102	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	40 030	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Klara Guðmundsdóttir	103 006	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Kristín Ingileifsdóttir	120 706	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	80 321	
Kristján Albertsson, rithöfundur	130 988	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	106 839	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	41 198	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	57 996	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Magnús Magnússon, rithöfundur	82 404	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	154 761	
María Markan, óperusöngkona	130 988	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	41 198	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Nína Sveinsdóttir, leikkona	89 624	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
Oddný Wium	41 198	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	55 019	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	96 240	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	68 669	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	55 764	
Ólafur Magnússon	101 493	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	148 804	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Óskar Clausen, rithöfundur	130 988	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	86 835	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	68 766	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	61 802	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 006	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	54 933	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	55 764	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	68 669	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	151 037	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	74 502	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	72 495	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	80 059	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. símaafgr.stúlka	103 006	
Sigurður Greipsson	165 332	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	41 198	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Sigurjón Sigurbjörnsson, fyrrv. tollvörður	89 100	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	40 030	
Skúli Skúlason frá Odda	197 709	
Stefán Guðnason, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	59 748	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	100 077	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	89 624	
Sörli Hjálmarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	80 000	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	41 198	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	41 198	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis	81 194	
Þorleifur Jónsson	157 880	
Þorsteinn Jónasson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þórður Benediktsson	200 144	
Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	57 996	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Samtals		17 414 409

		Kr.	Kr.
09 384	Ekkjur:		
	Agnethe Kamban	173 857	
	Anna Jakobína Árnadóttir	39 181	
	Anna Ólafsdóttir	43 747	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	53 766	
	Arnbjörg Halldórsdóttir	101 493	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	43 747	
	Ágústa Jónsdóttir	137 610	
	Ágústa Sigurðardóttir	67 211	
	Árný Stígsdóttir	40 323	
	Áslaug Nielsen	97 952	
	Ásta Jónsdóttir	229 098	
	Ásta Ólafsdóttir	80 654	
	Ástríður Eggertsdóttir	67 211	
	Ástríður Magnúsdóttir	40 323	
	Björg Þórðardóttir	68 228	
	Borghildur Thorarensen	137 741	
	Bryndís Þórarinsdóttir	91 307	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	64 103	
	Elín Einarsdóttir	120 982	
	Elín Lárusdóttir	136 451	
	Elínborg Bogadóttir	97 469	
	Elísabet Jónsdóttir	40 323	
	Elísabet Kemp	87 722	
	Eufemía Ólafsdóttir	168 029	
	Fríða Hlíðdal	291 372	
	Guðbjörg Erlendsdóttir	80 654	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	87 722	
	Guðfinna Blöndal	161 302	
	Guðný Halldórsdóttir	80 654	
	Guðný Sigurðardóttir	67 211	
	Guðný Vigfúsdóttir	80 654	
	Guðný Þórarinsdóttir	50 747	
	Guðrún Jóhannesdóttir	40 323	
	Guðrún P. Jónsdóttir	102 376	
	Guðrún Pálsdóttir	94 094	
	Halldóra Eiríksdóttir	98 678	
	Halldóra Eiríksdóttir	100 107	
	Halldóra Þórðardóttir	51 195	
	Helga Friðbjarnardóttir	80 654	
	Helga Pétursdóttir	100 821	
	Hildur Blöndal	255 834	
	Hjaltlína Guðjónsdóttir	100 821	
	Hlíf Magnúsdóttir	86 994	
	Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	80 654	
	Hrafnhildur Eiðsdóttir	112 849	
	Hróðný Einarsdóttir	218 412	
	Hulda Þ. Björnæs	109 766	
	Hulda Davíðsdóttir	97 469	
	Indíana Sturludóttir	100 821	
	Ingibjörg Eyjólfsdóttir	120 982	
	Ingibjörg Högnadóttir	40 323	
	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	120 982	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg Karlsdóttir	167 072	
Ingunn Hlíðar	64 103	
Ingveldur Ólafsdóttir	40 323	
Jakobína Thorarensen	67 211	
Jófríður Guðmundsdóttir	69 709	
Jóhanna Vigfúsdóttir	40 323	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	73 502	
Jónína Ásmundsdóttir	39 181	
Jónína Gissurardóttir	97 870	
Jónína Kristjánsdóttir	100 821	
Jórunn Guðjónsdóttir	98 678	
Karen Louise Jónsson	100 821	
Katrín Ingibergsdóttir	97 469	
Kristbjörg Hafberg	69 709	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	40 323	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	63 704	
Kristín Helgadóttir	39 181	
Kristín Pálmadóttir	80 654	
Kristín Pálsdóttir	67 211	
Kristjana Káradóttir	104 393	
Kristjana Þorvarðardóttir	48 734	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	53 766	
Lára Svansdóttir	40 323	
Lára M. Vigfúsdóttir	134 422	
Lelia Stefánsson	201 637	
Lilja H. Arndal	134 422	
Lilja Jörundsdóttir	80 654	
Lilja Steinsen	235 232	
Lydia Einarsson	168 029	
Mabel Sigurjónsson	134 422	
Magdalena Ásgeirsdóttir	40 323	
Magnea Magnúsdóttir	82 644	
Margrét Árnadóttir	100 821	
Margrét Björnsdóttir	51 284	
Margrét Eyjólfsdóttir	80 654	
Margrét Guðbrandsdóttir	120 982	
Margrét Jónasdóttir	168 029	
Margrét Jónsdóttir	100 000	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	163 245	
Margrét L. Lárusdóttir	40 323	
Marta Oddsdóttir	40 323	
Málfríður Bjarnadóttir	40 323	
Melitta Urbancic	64 103	
Nanna Guðmundsdóttir	72 495	
Nanna Guðmundsdóttir	81 822	
Olga E. Jónsson	76 082	
Ólafía Finnbogadóttir	40 323	
Ólöf Bjarnadóttir	106 518	
Ragnheiður Konráðsdóttir	67 211	
Rannveig Gunnarsdóttir	86 994	
Rósa Guðnadóttir	98 678	
Rut Hermanns Hansen	101 493	
Sesselja Benediktsdóttir	77 975	

	Kr.	Kr.
Sigríður Árnadóttir	241 959	
Sigríður Árnadóttir	98 678	
Sigríður Gísladóttir	40 323	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	129 788	
Sigríður Stefánsdóttir	57 996	
Sigrún Eiríksdóttir	100 000	
Sigrún Guðmundsdóttir	155 951	
Sigrún Thorarensen	53 766	
Sigurbjörg Jónsdóttir	40 649	
Sigurlaug Jónsdóttir	100 821	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	76 041	
Skúlína Guðmundsdóttir	82 404	
Soffía Touvina	67 211	
Steinunn P. Eyjólfsson	45 356	
Steinunn Tómasdóttir	67 211	
Steinþóra Einarsdóttir	97 469	
Svanborg Jónsdóttir	39 239	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	67 211	
Sveindís Hansdóttir	40 323	
Tove Engilberts	218 412	
Valgerður Helgadóttir	67 307	
Valgerður Ólafsdóttir	60 873	
Vigdís Guðmundsdóttir	80 654	
Þorbjörg Kjartansdóttir	100 821	
Þorbjörg Leifs	80 654	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	60 489	
Þóra Magnúsdóttir	53 766	
Þóra Sigfúsdóttir	40 323	
Þóra Vigfúsdóttir	130 491	
Þórhildur Sveinsdóttir	40 323	
Þórunn Jónsdóttir	82 404	
Þuríður Þorsteinsdóttir	41 198	
Samtals		**12 559 654**

8. **Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).**	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	76 500	
2. Arnarstapi	15 700	
3. Ólafsvík	20 100	
4. Grundarfjörður	29 900	
5. Stykkishólmur	20 200	
6. Tálknafjörður	600	
7. Bíldudalur	24 200	
8. Þingeyri	54 200	
9. Flateyri	2 300	
10. Súgandafjörður	24 700	
11. Bolungarvík	1 400	
12. Súðavík	22 000	
13. Ísafjörður	23 200	
14. Hólmavík	7 500	
15. Hvammstangi	16 400	
16. Blönduós	1 000	
17. Skagaströnd	63 100	
18. Sauðárkrókur	18 800	
19. Siglufjörður	12 000	
20. Ólafsfjörður	31 700	
21. Dalvík	12 000	
22. Hrísey	17 200	
23. Hauganes	3 300	
24. Hjalteyri	11 300	
25. Akureyri	22 500	
26. Grímsey	7 500	
27. Húsavík	27 000	
28. Raufarhöfn	8 900	
29. Þórshöfn	11 300	
30. Vopnafjörður	20 700	
31. Borgarfjörður eystri	15 000	
32. Neskaupstaður	57 000	
33. Reyðarfjörður	12 700	
34. Fáskrúðsfjörður	15 500	
35. Stöðvarfjörður	3 800	
36. Breiðdalsvík	48 900	
37. Höfn, Hornafirði	11 300	
38. Dyrhólaey	2 000	
39. Vestmannaeyjar	39 400	
40. Eyrarbakki	26 700	
41. Hafnir	3 000	
42. Sandgerði	37 500	
43. Hafnarfjörður	51 600	
		931 600

Nd. 187. Frumvarp til laga [129. mál]

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta, nema samþykki Alþingis komi til.

3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að jafnvirði 13.2 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum, til að eignast 55% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.
2. Að kaupa eða láta kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði, er leigt verði félaginu, eftir því sem þarfir verksmiðju þess kreíjast, sbr. 10. gr.
3. Að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði, sem félagið hafi aðgang að, og kaupa eða láta kaupa nauðsynleg landsréttindi höfninni til handa, sbr. 10. gr.
4. Að sjá um að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga.
5. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga, til flutnings á rafmagni til byggingar verksmiðju félagsins og hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.
6. Að veita félaginu lán í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að jafnvirði 24.2 milljóna norskra króna, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, eða leggja fram sömu fjárhæð til aukningar á hlutafé þess, gegn samsvarandi lánum eða framlögum frá samstarfsaðilum hennar að tiltölu við hlutafjáreign þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni.
7. Að lækka stimpilgjöld og þinglýsingargjöld vegna stofnlána, sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

4. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málsliðar 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélagalögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, þar á meðal varðandi framkvæmd 7.—9. gr. að neðan. Gildistími ákvæða 7.—9. gr. skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en fimmtán ár frá stofnun hlutafélagsins.

Samningar þeir, er ríkisstjórnin gerir samkvæmt 1. málsgr. um grundvallaratriði samstarfsins, skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við 1. málsgr. er ríkisstjórninni heimilt að semja við samstarfsaðila sína í hlutafélaginu um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30—45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn og hefjast handa um rekstur hennar, þ. e. það fjármagn, sem við kann að þurfa umfram stofnhlutafé og lán skv. 6. tölul. 3. gr. ásamt stofnlánum frá utanaðkomandi aðilum, er verði ekki lægri en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni og endurlána félaginu með kjörum, sem hún ákveður, eða að taka ábyrgð á lánum, sem félaginu eru útveguð, gegn samskonar aðgerðum af hálfu samstarfsaðilanna eftir réttu hlutfalli við hlutafjáreign hvers um sig.

7. gr.

Hlutafélagi samkv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í lögum þessum.

Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.

Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta:

1. Félaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt (nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972), og eftir þeim reglum, er gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
2. Félaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsgr. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og

greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.

3. Félaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsgr. D-liðs 1. málsgr. 7. gr. gildandi tekjuskattslaga.
4. Félagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0.5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkv. V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

8. gr.

Um skattskyldu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu samkvæmt 2. gr. laganna og eiga hlut í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum þess, skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Í þeim tilvikum, sem slíkum tvísköttunarsamningum er ekki til að dreifa, er ríkisstjórninni heimilt að beita í þessu efni ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma milli Íslands og Noregs eða Íslands og Bandaríkjanna, eftir því sem hún ákveður nánar. Jafnframt skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart ofangreindum aðilum, án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur erlendra hluthafa í félaginu vegna arðs af hlutareign þeirra, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% — fimm af hundraði, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald, enda eigi viðkomandi hluthafi ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
2. Þeir erlendu aðilar, sem að ofan greinir, skulu ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið, og greiðslur til þeirra í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi.

9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

Rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu eða notkun raforku.

10. gr.

Höfn við verksmiðjusvæðið að Grundartanga, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofna til samkvæmt ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hafnarsjóðurinn verði eigandi að jarðnæði verksmiðjunnar við Grundartanga, sbr. 2. tölul. 3. gr., og leigi það hlutafélaginu með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.

12. gr.

Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 10 26. apríl 1975, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er lög þessi leysa af hólmi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 10 26. apríl 1975 fékk ríkisstjórnin lagaheimild til að koma á fót iðjuveri í nýrri grein útflutningsiðnaðar, járnblendivinnslu, sem nyti til vinnslunnar raforku frá Sigölduvirkjun og öðrum orkuverum Landsvirkjunar.

Fyrirhugað var að reisa iðjuver þetta í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide Corporation og með þeim aðila stofnaði ríkisstjórnin Íslenska járnblendifélagið h. f. hinn 28. apríl 1975 á grundvelli þessara heimildarlaga, með aðsetur að Grundartanga í Hvalfirði. Hins vegar gekk Union Carbide úr Járnblendifélaginu sumarið 1976, eins og kunnugt er, og yfirtók ríkisstjórnin hlut þess í félaginu á grundvelli samkomulags um slit samvinnunar.

Á sl. vori, þegar sýnt þótti að hverju stefndi um samstarf við Union Carbide, voru teknar upp viðræður við norska hlutafélagið Elkem-Spigerverket a/s um aðild að iðjuverinu. Var fyrsti fundur iðnaðarráðherra með fulltrúum norska félagsins hinn 27. apríl sl., og hafa umfangsmiklar viðræður síðan átt sér stað. Hafa þær nú leitt til samninga, sem af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa verið undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis á frumvarpi því, sem hér er lagt fram.

Með frumvarpinu er lagt til, að lög nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði verði lögfest að nýju með nokkrum breytingum, sem til eru komnar vegna hinna fyrirhuguðu skipta á samstarfsaðila um fyrirtækið (sbr. 1. gr., 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. frv.), auk minniháttar orðalagsbreytinga á öðrum stöðum. Er hér yfirleitt ekki um eiginlegar efnisbreytingar að ræða á viðkomandi ákvæðum, enda gerðu lögin að sínu leyti ráð fyrir þeim möguleika, að til samstarfs gæti komið við annan aðila en Union Carbide.

Jafnframt þessum breytingum er ráðgert að auka við lögin nokkrum ákvæðum um fjármál fyrirtækisins (sbr. 6.—7. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 6. gr. frv.) og meðhöndlun þess varðandi tolla og aðra óbeina skatta (sbr. 9. gr. frv.). Á málefni þau, sem þar greinir, hefði einnig reynt í áframhaldandi samvinnu við Union Carbide, þannig að ætla má, að þau hefðu þá einnig komið til kasta Alþingis í einhverri mynd. Er hér því ekki heldur um eiginlegar breytingar að tefla, þótt ákvæðin séu nýmæli.

Ráðgert er að skipa samstarfinu við Elkem-Spigerverket á grundvelli aðalsamnings milli ríkisstjórnarinnar og félagsins, er lagður er fram sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Verður hann málefnasamningur aðilanna sem hluthafa í Íslenska járnblendifélaginu h. f. á svipaðan hátt og var um aðalsamning ríkisstjórnarinnar við Union Carbide. Að efni til er samningurinn byggður á lögum nr. 10/1975, svo langt sem þau ná, en jafnframt er kveðið á um það skýrum stöfum, að hann öðlist ekki gildi nema að fengnu samþykki Alþingis við þeim breytingum á lögunum, sem felast í frumvarpi þessu, sbr. 1. og 2. mgr. 23. gr. samningsins. Þykir rétt að leita þessa samþykkis með því að bera lögin upp að nýju í heild eins og hér er gert.

Sem ráða má af framanrituðu er hinni fyrirhuguðu járnblendiverksmiðju ekki ætlað að taka neinum verulegum breytingum við þau skipti á samstarfsaðila, sem nú eru ráðgerð, að öðru leyti en því, sem óhjákvæmilega leiðir af aðilaskiptunum sem slíkum. Stefnumiðin varðandi viðfangsefni fyrirækisins, eignarhlutdeild, tæknimál, rafmagnsöflun, umhverfismál, réttarstöðu og aðra höfuðþætti verða í meginatriðum hin sömu og ráðgert var í öndverðu. Gildir þetta einnig um markaðsmál fyrirtækisins, þótt aðilaskiptin varði væntanlega mestu á því sviði. Í heild er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leita samninga við Elkem-Spigerverket á því byggð, að fyrirtækinu og hinum íslensku hagsmunum, sem því eru tengdir, sé ekki síður borgið í samstarfi við þann aðila en verið hefði í óslitinni samvinnu við Union Carbide. Við undirbúning samninga við hið norska fyrirtæki hefur að verulegu leyti verið unnt að styðjast við þau fordæmi, sem á voru komin í fyrri samningum, og jafnframt hefur reynst mögulegt að ná fullu samkomulagi við hinn fyrri samstarfsaðila um viðunandi uppgjör á þeim samningum, sem geri kleift að brúa bilið yfir í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

Hér á eftir fylgir greinargerð um þróun mála frá stofnun Íslenska járnblendifélagsins h. f. og aðdraganda þeirra samninga, sem nú liggja fyrir við Elkem-Spigerverket, ásamt athugasemdum um helstu þætti samninganna og um einstakar greinar frumvarpsins. Jafnframt fylgja greinargerðinni eftirtalin skjöl, sem prentuð eru þar á eftir:

I. Greinargerð um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, dags. 18. nóv. 1976, frá Íslenska járnblendifélaginu h. f.

II. Aðalsamningur milli ríkisstjórnarinnar og Elkem-Spigerverket, dags. 8. des. 1976, á íslensku.

AÐDRAGANDI MÁLSINS

Í athugasemdum og skýrslum með frv. til laga nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var gerð ítarleg grein fyrir fyrirtæki þessu og þeim undirbúningi, sem það hafði sætt á því stigi. Jafnframt var gerð grein fyrir þeim möguleikum, sem það byggi yfir til hagkvæmrar nýtingar á orkulindum landsins og jákvæðra áhrifa á þjóðarbúskapinn, og eru þær forsendur óbreyttar. Hér verður skýrt stuttlega frá þróun mála eftir samþykkt þeirra laga og gerð samninga við Union Carbide Corporation ásamt aðdraganda að samningum við Elkem-Spigerverket a/s.

Eftir staðfestingu laga nr. 10/1975 var þegar hafist handa um stofnun Íslenska járnblendifélagsins h. f. og frágang samninga við Union Carbide í samræmi við drög þau að aðalsamningi, sem legið höfðu frammi á Alþingi. Var samningurinn (ásamt samningi um framsal tæknikunnáttu og um tækniaðstoð) undirritaður hinn 28. apríl 1975 og félagið stofnað sama dag.

Rafmagnssamningur við Landsvirkjun var undirritaður nokkru síðar, hinn 28. maí 1975, eftir að stjórn Landsvirkjunar hafði fjallað um hann. Hins vegar var því frestað um sinn að undirrita hinn fyrirhugaða umboðssölusamning við dótturfélög Union Carbide, sem lá fyrir í endanlegum drögum. Var það gert með tilliti til þess, að sá möguleiki var kominn til umræðu á milli aðilanna, að Union Carbide tæki að sér að ábyrgjast einhverja lágmarkssölu á kísiljárni frá Járnblendifélaginu, í því skyni að auðvelda félaginu lántökur til byggingar á verksmiðju sinni. Töldu fulltrúar Union Carbide ekki útilokað, að fyrirtækið gæti tekið á sig slíka skuldbindingu að óbreyttum sölulaunum, ef hún væri ekki þeim mun meira íþyngjandi. Þetta fyrirheit var þó ekki bindandi að svo stöddu, þar sem Union Carbide hafði ekki áður léð máls á því að ábyrgjast tiltekinn árangur af sölustarfsemi sinni, heldur aðeins að stunda hana af fyllstu atorku.

Við stofnun Járnblendifélagsins voru eftirtaldir menn kjörnir í stjórn þess af hálfu ríkisstjórnarinnar, ásamt þremur fulltrúum frá samstarfsaðilanum:

Dr. Gunnar Sigurðsson, verkfr., Garðabæ, stjórnarformaður.
Eggert G. Þorsteinsson, alþm., Reykjavík.
Dr. Guðmundur Guðmundsson, framkv.stj., Akranesi.
Jósef H. Þorgeirsson, lögfr., Akranesi.

Viðskiptalegur framkvæmdastjóri félagsins var ráðinn Ásgeir Magnússon, lögfræðingur, en Union Carbide lagði því til tæknilegan framkvæmdastjóra, verkfræðinginn Cato Eide frá Noregi. Jafnframt voru ráðnir þangað verkfræðingarnir Guðlaugur Hjörleifsson og Jón Steingrímsson, svo og John Fenger, viðskiptafræðingur. Hafa hinir síðastnefndu starfað hjá fyrirtækinu síðan, en Ásgeir Magnússon andaðist óvænt fyrir aldur fram á s. l. hausti.

Félagið tók þegar til starfa við undirbúning að fullnaðarhönnun járnblendiverksmiðjunnar og framkvæmdum við byggingu hennar, og höfðu stofnendurnir þegar lagt drög að því, að þetta gæti gengið sem greiðast. Var fljótlega gengið frá samningi við verkfræðilega ráðunauta, erlenda og innlenda, og verktaka við jarðvinnu. Einnig voru undirritaðir samningar um kaup á bræðsluofnum frá fyrirtækinu Tagliaferri á Ítalíu. Lögðu stofnendurnir félaginu til fjármagn með fyrstu innborgunum hlutafjár í samræmi við stofnsamning.

Stofnhlutafé félagsins hafði verið ákveðið sem jafnvirði 24 millj. bandaríkjadala, og svaraði það sem næst ⅓ hluta af stofnkostnaði verksmiðjunnar eins og hann var áætlaður veturinn 1974—75. Í samningum aðilanna hafði það ekki verið fastmælum bundið, hvernig staðið yrði að útvegun lánsfjár til verksmiðjubyggingarinnar, en þeir höfðu sett sér það stefnumið í viðræðum sínum, að þess yrði aflað með erlendum lánum, sem Járnblendifélagið tæki án beinnar ábyrgðar frá hluthöfunum, eftir því sem unnt væri. Hafði hvorugur skuldbundið sig fyrirfram til að

veita slíkar ábyrgðir. Samkomulag var og um það að leita til bankans Manufacturers Hanover Trust Company í New York um forgöngu við lánsútvegunina, en hann hefur átt víðtæk viðskipti bæði við íslendinga og Union Carbide.

Í viðræðum við bankann sumarið 1975 kom fljótlega í ljós, að erfitt yrði um vik að ná samningum um stofnlánin eins og aðstæður voru þá orðnar á lánamörkuðum, án þess að einhvers konar tryggingarskuldbindinga yrði krafist af eignaraðilum. Var leitað að hagkvæmri leið til að mæta þessum kröfum lánastofnana og fundinn grundvöllur, sem ríkisstjórnin taldi sig geta samþykkt fyrir sitt leyti, ef Union Carbide tæki á sig þá auknu ábyrgð á sölu málms frá verksmiðjunni, sem áður var á minnst. Hins vegar töldu fulltrúar og lögfræðingar Union Carbide nokkurn vafa á því, að fyrirtækið gæti fallist á sjónarmið bankans varðandi þennan grundvöll, miðað við þau stefnumörk, sem fyrirtækið þyrfti að fylgja í lánamálum almennt.

Samhliða umræðum um fjármögnun verksmiðjunnar var unnið að gerð endanlegrar áætlunar um stofnkostnað verksmiðjunnar í samvinnu við verkfræðinga þá, sem störfuðu að hönnun hennar, svo og að endurskoðun á hagkvæmnisáætlun fyrir verksmiðjuna.

Í október 1975 var gert hlé á viðræðum um lánsfjármálin, jafnframt því sem fulltrúar Union Carbide létu í ljós um þær mundir verulegar áhyggjur yfir framvindumöguleikum fyrirtækisins í nánustu framtíð. Á árinu 1975 var verulegur samdráttur á markaði fyrir kísiljárn, og töldu fulltrúarnir hugsanlegt, að vöxtur eftirspurnar yrði hægari en fyrr hafði verið áætlað, jafnframt því sem fjölgun eða endurnýjun kísiljárnverksmiðja gæti orðið meiri næstu árin en fyrri kannanir hefðu bent til. Einnig töldu þeir líkur á hækkandi byggingarkostnaði. Með hliðsjón af þessu var tekin um það sameiginleg ákvörðun á stjórnarfundi í Járnblendifélaginu í nóvember 1975 að takmarka frekari fjárskuldbindingar félagsins þar til búið væri að endurskoða áætlanir um stofn- og reksturskostnað félagsins og gera nýja markaðsathugun. Var og ákveðið að fresta framkvæmdum við bygginguna að svo stöddu og neyta heimilda til þess í gerðum verksamningum.

Snemma árs 1976 lágu fyrir ýmsar niðurstöður af þeim athugunum, sem stjórnin hafði ákveðið, og töldu fulltrúar Union Carbide þær staðfesta áhyggjur sínar fremur en hitt. Kváðust þeir reiðubúnir til að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt gerðum samningum, en hins vegar væri útlit fyrir, að ekki mundi takast að koma verksmiðjunni upp án frekari skuldbindinga af hálfu beggja aðila. Teldu þeir vafasamt að ganga til slíks vegna þess, að líkur væru til lakari afkomu fyrirtækisins en við hefði verið búist, og kæmi allt eins til greina að leggja það á hilluna að svo stöddu.

Í framhaldi af þessu áttu sér stað ítarlegar viðræður við Union Carbide um framvindu málsins, ásamt frekari könnun á ýmsum atriðum varðandi afkomuhorfur fyrirtækisins. Jafnframt ákváðu aðilarnir að kanna, hvort hægt væri að nálgast lausn á málinu frá öðrum hliðum, þ.e. með það í huga að fá aðra samstarfsaðila að verksmiðjunni í stað Union Carbide eða í samvinnu við ríkisstjórnina og Union Carbide. M.a. fóru framkvæmdastjóri Járnblendifélagsins og skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytisins til Noregs í þessu skyni og ræddu þar við ráðuneytisstjóra norska iðnaðarráðuneytisins og fulltrúa Elkem-Spigerverket, en þeir eru stærstir meðal norskra kísiljárnframleiðenda, sem hafa öflugustu aðstöðuna á markaðnum í Evrópu. Virtust þessir aðilar langt frá því að vera svartsýnir á framtíðarhorfur kísiljárnframleiðslu, þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Þá var einnig gerð markaðsathugun hjá sérfræðingum Metal Bulletin í London, sem gaf tiltölulega jákvæða mynd af markaðshorfum.

Viðræður þessar leiddu endanlega til þess, að Union Carbide bar fram ósk um að hverfa frá samstarfinu um járnblendiverksmiðjuna. Í júnímánuði 1976 náðist fullt samkomulag milli fulltrúa þess og ríkisstjórnarinnar um að fara þá leið, og var það staðfest með samningi hinn 9. júlí 1976. Með honum gekk Union Carbide

úr Íslenska járnblendifélaginu og var leyst undan öllum skuldbindingum varðandi fyrirtæki þess. Jafnframt greiddi Union Carbide verulega fjárhæð til Járnblendifélagsins. Var uppgjörið við það miðað, að ríkissjóður gæti farið skaðlaus frá því, sem í hefði gerst um undirbúning fyrirtækisins, svo og Landsvirkjun að sínu leyti.

ELKEM-SPIGERVERKET A/S

Vorið 1976 voru, sem fyrr segir, hafnar viðræður við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket a/s um þátttöku í Íslenska járnblendifélaginu hf. Hafa viðræður og athuganir staðið yfir síðan og leitt til þeirrar samningsgerðar, sem lýst er í greinargerð þessari.

Elkem-Spigerverket var stofnað árið 1972 með samruna tveggja fyrirtækja, Christiania Spigerverk og Elkem a/s. Christiania Spigerverk var stofnað 1853, en Elkem a/s 1904. Hlutafé í Elkem-Spigerverket er að nafnverði 195 millj. norskra króna og skiptist í 3 900 000 50 króna bréf, en miðað við 1. janúar 1976 voru hluthafar 15 019 talsins. Eru hlutabréfin skráð hjá kauphöllinni í Oslo.

Hlutafjáreign í félaginu er tiltölulega dreifð, og hluthafar nær allir norskir að þjóðerni. Eru einungis um það bil 9% hlutafjárins í eigu annars konar aðila, þ. e. útlendinga og erlendra félaga, eða fyrirtækja, sem skrásett eru í Noregi, en eru að hluta í eigu útlendinga. Eru flestir þessir aðilar af síðastnefnda taginu.

Samkvæmt samþykktum Elkem-Spigerverket gilda og þær almennu hömlur varðandi eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu, að framsal á hlutabréfum þurfi að hljóta samþykki félagsstjórnar til að vera gilt gagnvart félaginu. Geti stjórnin synjað um samþykki í einstökum tilvikum, ef hún telji framsalið andstætt hagsmunum félagsins.

Allir stjórnarmenn félagsins eru norskir ríkisborgarar. Eru þeir nú 7 að tölu, og eru 2 þeirra kjörnir af starfsmönnum félagsins. Í félaginu starfar jafnframt fulltrúaráð, sem fjallar um meiriháttar fjárfestingar og ýmis önnur mál í samræmi við hlutafélagalög í Noregi. Eru fulltrúar þar nú 30 talsins, þar af 10 kjörnir af starfsmönnum.

Fyrirtækið skiptist í 6 aðaldeildir og nam heildarsala þess árið 1975 2 462 millj. norskra króna, sem skiptist þannig í grófum dráttum milli deilda:

Járnblendi	n. kr.	867	millj.
Stál og járn	—	649	—
Ýmsar neytendavörur, eins og verkfæri, lásar og skyldar járnvörur, einangrunarefni og trefjaglervörur	—	328	—
Ál	—	280	—
Verkfræðideild	—	216	—
Námugröftur	—	122	—

Auk þess á félagið nokkurn hlut að starfsemi á sviði olíuiðnaðar. Er það einn af eigendum Saga Petroleum a/s & Co og Norwegian Oil Consortium a/s & Co. Mest af starfsemi félagsins fer fram í Noregi, en erlendis rekur félagið eða á hluta í ýmsum verksmiðjum, einkum á sviði ál- og stáliðnaðar. Eru flest fyrirtækin staðsett í Evrópu.

Fjöldi starfsmanna félagsins er u. þ. b. 8 500 manns, sem starfa á rúmlega 30 framleiðslustöðvum í Noregi og erlendis. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er í Oslo.

Á undanförnum árum hefur félagið selt framleiðslu sína á kísiljárni í félagi við fjóra aðra norska kísiljárnframleiðendur, sem reka með því sölusamlagið A/S

Fesil &Co. Aðrar tegundir járnblendis selur félagið sjálft, og rekur um þessar mundir söluskrifstofur í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku og Sviþjóð. Framleiðslan er seld um allan heim, m. a. til Bandaríkjanna og Japan.

Rétt er að geta þess, að Elkem-Spigerverket hefur áður haft samband við íslensk stjórnvöld varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Þannig tóku fulltrúar þess upp viðræður við Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað á árinu 1971 um byggingu á ferromanganverksmiðju í Hvalfirði, er nýta mundi raforku frá Sigöldu. Ekki varð af samningum um samstarf að því sinni, þar sem íslendingar völdu að stefna að framleiðslu á kísiljárni. Eru báðir aðilar raunar sammála um, að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma, þar sem starfræksla á kísiljárnverksmiðju henti betur aðstæðum hér á landi eins og nú standa sakir.

HELSTU ATRIÐI VIÐRÆÐNA OG SAMNINGA

1. Viðræður.

Viðræður við Elkem-Spigerverket frá því á s. l. vori hafa farið fram á vegum Iðnaðarráðuneytisins og Íslenska járnblendifélagsins hf. og verið í höndum iðnaðarráðherra og samninganefndar, sem hann kvaddi til þess starfa. I nefndinni hafa starfað þeir Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, alþingismennirnir Ingólfur Jónsson og Steingrímur Hermannsson, Arni Þ. Árnason, skrifstofustjóri, Gunnar Sigurðsson, verkfræðingur, Ásgeir Magnússon, framkvæmdastjóri, Garðar Ingvarsson, hagfræðingur og Hjörtur Torfason, hrl. Jafnframt hafa starfsmenn Járnblendifélagsins aðstoðað við gerð samninganna, og af hálfu Landsvirkjunar tóku þátt í þeim Eirikur Briem, framkvæmdastjóri og Jóhann Már Maríusson, verkfræðingur.

Af hálfu Elkem-Spigerverket hafa fulltrúar frá járnblendideild félagsins aðallega starfað að gerð samninganna, þeir Rolf Nordheim, framkvæmdastjóri deildarinnar, Gunnar Sem, J.K.L. Andersen og Frederik Schatvet, en auk þess hafa fulltrúar verkfræðideildar og byggingardeildar félagsins tekið þátt í viðræðum um þá hluta tæknisamningsins, sem snerta þessar deildir. Með þeim hefur starfað Jan P. Romsaas, lögfræðingur hjá félaginu.

Jafnhliða samningsviðræðum aðilanna hefur verið unnið að athugunum og samningum um útvegun stofnlána til byggingar járnblendiverksmiðjunnar. Hefur að undanförnu verið stefnt að því, að fá byggingarlán til langs tíma frá Norræna fjárfestingarbankanum, sem stofnaður var á s. l. vori, eða jafngóð lán hjá öðrum lánastofnunum. Lagði Járnblendifélagið inn lánsumsókn hjá bankanum í byrjun ágústmánaðar. Niðurstöður af viðræðum við bankastjórann liggja nú fyrir, og standa vonir til að þær verði samþykktar í stjórn bankans á desemberfundi hennar. Samkvæmt þeim mun bankinn veita Járnblendifélaginu lán í ýmsum myntum að fjárhæð sem svarar 200 millj. norskra króna, gegn veði í verksmiðjunni. Nemur það sem næst 40% af áætluðum stofnkostnaði fyrirtækisins. Fyrir láni þessu og öðrum fyrirhuguðum lántökum er gerð grein í kaflanum um fjármögnun í fylgiskjali I hér að neðan, svo og í aths. um 3. gr. og 6. gr. frv. Vonir standa til, að önnur lán til verksmiðjubyggingarinnar geti einnig orðið án ábyrgðar af hálfu hluthafanna, svo sem að hefur verið stefnt frá öndverðu.

Auk þessa hafa heilbrigðisyfirvöld unnið að gerð þeirra skilmála um mengunarvarnir og varúðarráðstafanir, sem sett verði í starfsleyfi járnblendiverksmiðjunnar. Er við það miðað, að þeir liggi fyrir áður en samningar taka gildi. Lögð hafa verið drög að nýjum áætlunum um byggingu verksmiðjunnar og rekstur, svo sem fram kemur á fylgiskjali I, og öðrum undirbúningi þess, að framkvæmdir við verksmiðjuna geti farið á stað aftur með sem minnstum töfum.

2. Almennt um samningana.

Samningar við Elkem-Spigerverket (ES) eru við það miðaðir, að félagið gangi til þátttöku í Íslenska járnblendifélaginu hf. ásamt ríkisstjórninni, í stað Union Carbide Corporation. Verða samningarnir að flestu leyti með svipuðu sniði og fyrri samningar við UCC, og samstarfsgrundvöllurinn í meginatriðum sambærilegur við það, sem ráðgert var við upphaflega afgreiðslu málsins á Alþingi.

Samningar þeir, sem samstarfið við ES og starfræksla járnblendiverksmiðjunnar munu byggjast á, verða aðallega þessir:

a) Aðalsamningur milli ríkisstjórnarinnar og ES, þar sem kveðið er á um helstu atriðin í samvinnu aðilanna. Jafnframt honum verði gerðar viðeigandi breytingar á samþykktum Járnblendifélagsins.

b) Tæknisamningur milli ES og Járnblendifélagsins.

c) Sölusamningur við ES um markaðsaðstöðu Járnblendifélagsins.

d) Rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, er gerður var 28. maí 1975, mun gilda áfram með nokkrum breytingum.

Jafnframt koma til samningar um lóðarleigu og hafnarafnot að Grundartanga.

Varðandi tæknisamning er þess að geta, að þátttaka ES varðandi tæknihlið fyrirtækisins verður að því leyti ríkari en vera átti hjá UCC, að verkfræðideild ES mun sjá um smíði bræðsluofna og fylgibúnaðar þeirra handa verksmiðjunni. Hefur ES verið einn helsti framleiðandi járnblendiofna um langan aldur og staðið fyrir byggingu á yfir 300 rafbræðsluofnum víðsvegar um heim. Einnig mun byggingardeild ES sjálf hafa umsjón með hönnun og byggingu verksmiðjunnar, í samvinnu við Járnblendifélagið og innlenda verkfræðinga þess, en þá þjónustu átti áður að kaupa að mestu frá þriðja aðila (Ralph M. Parsons Ltd.). Að öðru leyti er um sambærilegan samning að ræða, sbr. neðanritað.

Varðandi sölusamning er og vert að benda á, að hann er að undirstöðu til byggður á jafnréttisaðstöðu milli verksmiðju Járnblendifélagsins og eigin verksmiðja ES í Noregi, sem stunda útflutning á Evrópumarkað og aðra markaði. Hefur með þessu verið mögulegt að koma á viðameiri samningsgerð um markaðsmál Járnblendifélagsins, sem felur í sér meiri tryggingu fyrir árangursríkri sölu á framleiðslu þess en um var að ræða í fyrirhuguðum umboðssölusamningi við UCC, en samningar um ábyrgð á sölu af hálfu þess aðila höfðu ekki komist á, er samvinnan féll niður. Jafnframt er það veigamikið atriði, að Járnblendifélagið mun nú geta selt á Bandaríkjamarkað, en það var ekki ráðgert áður.

3. Um eignarhlutdeild.

Ráðgert er, að ES eignist 45% hlutafjár í Járnblendifélaginu, en íslenska ríkið 55%. Eru þetta sömu hlutföll og um var að ræða í samstarfinu við UCC, og í samræmi við 2. gr. gildandi laga.

Um þetta atriði er nánar fjallað í 2. og 4. gr. aðalsamnings. Svo sem þar kemur fram (7. málsgr. 2. gr.) mun ES verða bundið um að selja ekki hlut sinn í Járnblendifélaginu tiltekinn tíma, en það óskar eins og UCC að hafa fyrirvara þess efnis, að geta farið fram á að ríkið kaupi hlut sinn eftir þann tíma, ef svo ber undir. Lágmarkstíminn, sem ES er bundið, er ákveðinn með hliðsjón af gildistíma samninganna og telst frá upphafi starfrækslu járnblendiverksmiðjunnar. Verður tíminn þannig lengri en vera átti hjá UCC, þ. e. 17 ár í stað 15 áður. Gagnkvæmur forkaupsréttur mun gilda um hlutabréf aðilanna.

Hlutafé Járnblendifélagsins verður óbreytt frá stofnsamningi vorið 1975, þ. e. jafnvirði 24 millj. bandaríkjadollara. Vegna verðbólguáhrifa á stofnkostnað og nokkurs gengissigs á bandaríkjadollar er hlutdeild þessa hlutafjár í heildarfjárfesting-

unni orðin nokkru lægri en upphaflega var við miðað (⅓). Aðilar hafa þó ekki uppi áform um að hækka hlutaféð, en hafa rætt um að útvega félaginu fé í formi hluthafalána, er verði víkjandi gagnvart stofnlánum frá öðrum aðilum og treysti þannig lántökuaðstöðu félagsins (sbr. aths. um 3. gr. frv.). Hugmyndir af þessu tagi voru einnig til umræðu haustið 1975 í samvinnunni við UCC.

Ríkisstjórnin hefur þegar greitt inn 26% af umsömdu hlutafé sínu, og mun ES greiða samsvarandi hluta af framlagi sínu í beinu framhaldi af gerð samninga (4. gr. aðalsamnings). Verða þau hlutabréf, sem þar er um að ræða, reiknuð á fullu nafnverði gagnvart ES, og felst í því viðurkenning á skaðleysi ríkissjóðs af aðilaskiptunum í félaginu. Hluthafarnir munu síðan greiða afganginn af framlögum sínum jafnhliða á árunum 1977—79.

Um fjármögnun með lánsfé eru nú ítarlegri ákvæði en áður voru í aðalsamningi, sbr. 5. gr. hans. Jafnframt þeim er gert ráð fyrir, að hluthafarnir geri samning við Járnblendifélagið, er tryggi aðstöðu þess til að ljúka við byggingu verksmiðjunnar að umsaminni stærð, sbr. aths. við 3. málsgr. 6. gr. frv. Er þeim samningi ætlað að treysta grundvöllinn undir töku stofnlána félagsins frá þriðja aðila.

4. Um tæknisamning.

Ráðgert er, að ES framselji Járnblendifélaginu í byrjun tæknikunnáttu á samskonar grundvelli og UCC og fái fyrir það sömu þóknun í hlutabréfum, þ. e. jafnvirði 3.2 millj. dollara.

Jafnframt mun ES veita félaginu samfellda tækniþjónustu við verksmiðjurekstur inn á svipuðum grundvelli og UCC og fá fyrir það sömu þóknun, þ. e. sem svarar 3% af andvirði seldrar framleiðslu. Gildistími samningsins um þessa aðstoð er óbreyttur, þ. e. 15 ár frá því að starfræksla hefst. Meðal annars mun ES leggja félaginu til tæknilegan framkvæmdastjóra við verksmiðjuna fyrstu árin, svo sem áður var ráðgert.

Samkvæmt tæknisamningnum mun ES selja Járnblendifélaginu bræðsluofna verksmiðjunnar ásamt fylgibúnaði, sem fyrr getur. Samið hefur verið um verð fyrir þennan búnað, og er það fyllilega sambærilegt við áætlað og samningsbundið verð samkvæmt kostnaðaráætlunum UCC og R.M. Parsons.

ES mun láta í té verkfræðiaðstoð við umsjón með hönnun og byggingu verksmiðjunnar, og verður hún greidd eftir venjulegum tímatöxtum fyrir slíka þjónustu. Innlendum verkfræðistofum verður hins vegar falið að annast vinnu við hönnun og eftirlit með byggingu verksmiðjunnar að eins miklu leyti og frekast er kostur.

5. Um sölusamning.

Samkvæmt fyrri samningum áttu dótturfélög UCC að vera umboðsmenn um sölu á framleiðslu Járnblendifélagsins og fá fyrir það umboðslaun frá 3%—5% eftir árlegu magni, þ. e. að meðaltali 3.9% miðað við 47 000 tonna árssölu (skv. áætlunum veturinn 1973—75), en 4.02% miðað við 50 000 tonna árssölu, sem nú er ráðgerð. Ábyrgð var ekki tekin á sölumagni, en rætt var um að UCC tæki hana að einhverju marki í sambandi við tryggingu lána.

Í stað þess er nú fyrirhugað, að salan fari fram fyrir milligöngu ES á sama grundvelli og ES selur eigin framleiðslu sína á kísiljárni. Að undanförnu hefur A/S Fesil & Co annast þessa sölu, en ES hefur einnig aðstöðu til að annast hana sjálft að öllu leyti, ef því er að skipta. Fesil er rekið sem sölusamlag fyrir kísiljárn einvörðungu, á kostnaðargrundvelli. Er það öflugasti aðilinn á kísiljárnsmarkaðnum í Evrópu, og raunar stærsti kísiljárnsútflytjandi í heimi, en árleg sala á þess vegum er nú um 275 000 tonn. Af meðlimum Fesil á ES stærstan hlut í veltunni, og er hlutdeild þess nú um 45% af heildarmagninu.

Sölugrundvellinum er nánar lýst í 12. gr. aðalsamnings, og er þar kveðið svo á, að við sölu frá Járnblendifélaginu skuli nota sama sölukerfi og viðhaft er við sölu á kísiljárnsframleiðslu ES á hverjum tíma. Verður þannig valkvætt, hvort eigin söluskrifstofur ES verði látnar standa fyrir sölunni eða hún falin í hendur Fesil eða öðrum sölufyrirtækjum, sem rekin eru á kostnaðargrundvelli eingöngu. Jafnframt verður byggt á því í fyrsta lagi, að Járnblendifélagið fái ávallt sama nettó fobverð fyrir framleiðslu sína og eigin verksmiðjur ES, miðað við sama gæðaflokk af kísiljárni. Þó verður tekið tillit til hugsanlegs mismunar á flutningskostnaði frá Íslandi og Noregi, en að öðru leyti verður framkvæmd verðjöfnun á flutnings- og sölukostnaði milli aðilanna.

Í öðru lagi verður kveðið svo á, að verksmiðja Járnblendifélagsins fái ávallt sömu söluumsetningu og um er að ræða hjá verksmiðjum ES á hverjum tíma, þannig að ekki verði dregið úr framleiðslu hér nema í sama hlutfalli og hjá þeim, ef um sölutregðu verður að ræða á markaðnum. Samanburðargrundvöllurinn verður miðaður við árlega afkastagetu verksmiðjanna (2. og 3. mgr. 12. gr.). Auk þessa mun ES ábyrgjast tiltekna lágmarkssölu héðan fyrstu árin (20 þús. tonn á ársgrundvelli fyrir einn ofn, en 35 þús. tonn fyrir tvo ofna), fram til 1. júlí 1982 (4. mgr. 12. gr.).

Í sambandi við söluaðstoð þessa mun íslenska verksmiðjan greiða hlutdeild sína í sölukostnaði, sem jafnað verði niður á allar verksmiðjurnar, að viðbættu jöfnunargjaldi til ES, er verði norskar kr. 40.00 pr. selt tonn (það samsvarar 1.2% af áætluðu byrjunarsöluverði frá verksmiðjunni, en mun fara hlutfallslega lækkandi er fram í sækir). — Sölukostnaður Fesil miðað við árið 1975 var 2.85% af söluverði, að því leyti sem um hreina söluþóknun var að ræða. Miðað við það yrði heildarsölukostnaður verksmiðjunnar allskostar sambærilegur við umboðslaunin, sem greiða átti UCC, og er þá ekki tekið tillit til þess aukna öryggis um verð og sölumagn, sem kveðið er á um í samningnum við ES.

Gildistími sölusamnings verður hinn sami og gildistími rafmagnssamnings, þ. e. 20 ár frá því að starfræksla hefst. Sölusamningurinn fellur þó úr gildi, ef ES afsalar eignarhlut sínum í Járnblendifélaginu eftir að lágmarkstími eignarhalds er liðinn, þ. e. 15 ár frá byrjun starfrækslu. Gert er ráð fyrir viðræðum um það innan þeirra 15 ára, hvort framlenging á sölusamningnum komi til álita.

6. Orkusala.

Miðað er við, að orkusala Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins og skipti milli forgangs- og afgangsorku verði söm að umfangi og vera átti samkvæmt rafmagnssamningi þeim, er gerður var milli aðilanna á liðnu ári. Líkur eru þó til, að salan verði heldur meiri í reynd fremur en hitt. Hins vegar verður óhjákvæmilega nokkur seinkun á byrjun rafmagnsafhendingar til verksmiðjunnar vegna þeirrar frestunar, sem orðin er á byggingarframkvæmdum við hana. Er nú miðað við, að fyrri bræðsluofninn geti tekið við rafmagni í árslok 1978 eða árshyrjun 1979, þ. e. sem næst ári síðar en ráðgert var við stofnun Járnblendifélagsins. Síðari ofninn verði síðan tilbúinn á tímabilinu júlí 1979—sept. 1980, samkvæmt nánari ákvörðun síðar. Þetta bil milli gangsetningar ofnanna er talið æskilegt af tæknilegum ástæðum, þannig að taka megi tillit til reynslu af fyrri ofninum um gerð hins síðari, en verður jafnframt heppilegt frá markaðssjónarmiði. Samið hefur verið við Landsvirkjun um bætur fyrir það tjón, sem búast má við vegna þessarar breytingar á samningnum.

Að því er varðar rafmagnsverð til verksmiðjunnar er nú ráð fyrir því gert, að upphaflegt orkuverð í bandaríkjamillum á kWst (5.0—6.2 mill fyrir fyrstu 8 árin) haldist óbreytt sem lágmarksverð, en núverandi verðhækkunarreglur rafmagnssamningsins verði felldar niður og í stað þeirra tekið upp nýtt orkuverð í norskum aurum, er komi til greiðslu þegar í byrjun, og sæti síðan leiðréttingu 5. hvert ár eftir sömu reglum og verð til orkufreks iðnaðar í Noregi eftir samningum gerðum

samkvæmt reglum norsku ríkisrafveitnanna frá 1962 til 1972. Jafnframt fari greiðslur fyrir orku fram í norskum krónum í stað bandaríkjadollara. Orkuverð þetta er 3.5 n. aurar á kWst (samsvarar ca. 6.61 mill), og er sem næst hið sama og taka mun gildi í Noregi skv. áðurgreindum reglum hinn 1. júlí 1977. — Frá og með 1. júlí 1982 mun Járnblendifélagið greiða 0.5 n. aura (samsvarar ca. 0.94 mill) til viðbótar þessu verði, en sú viðbót mun ekki sæta verðhækkun á samningstímanum.

Með þessu fyrirkomulagi, sem til er komið vegna óska ES um skýrari reglur varðandi hækkun orkuverðs vegna verðlagsbreytinga, munu tekjur Landsvirkjunar af orkusölunni hækka verulega frá núgildandi samningi á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar, en væntanlega verða nokkru lægri á síðustu árum samningstímans. Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar munu heildartekjurnar yfir samningstímann ekki verða lægri en orðið hefði eftir samningnum óbreyttum.

Gildistími rafmagnssamnings verður 20 ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, eins og áður var umsamið. Í samningnum verða og sömu endurskoðunarákvæði og áður, ef til breytinga kemur á meiriháttar forsendum um orkuverð. Loks er gert ráð fyrir því, að aðilar taki upp viðræður um það áður en 15 ár eru liðin af samningstímanum, hvort framlengja skuli samninginn og á hvaða grundvelli.

7. Önnur málefni.

Byggt er á því, að fyrirtækið sæti sömu skattareglum og ráðgert var við setningu laga nr. 10/1975, sbr. aths. um 7.—9. gr. frv. Ákvæði samninganna um íslenska lögsögu og réttarstöðu Járnblendifélagsins og samstarfsaðilanna eru og óbreytt. Hið sama gildir efnislega um ákvæði varðandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar, umhverfismál o. fl. Í samræmi við skyldur sínar í umhverfismálum hefur Járnblendifélagið endurnýjað umsókn um starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sbr. kaflann um þau mál í fylgiskjali I hér að neðan. Er gert ráð fyrir því, að endanleg gildistaka samninganna við ES verði háð því, að starfsleyfisskilyrði gagnvart Járnblendifélaginu liggi fyrir í meginatriðum, þannig að ljóst megi vera á báða bóga, að hverju félagið eigi að ganga í þeim efnum.

Um gildistöku samninganna eru annars ákvæði í 1. og 2. mgr. 23. gr. aðalsamningsins. Sem sjá má er það aðalskilyrðið, að Alþingi fallist á frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Jafnframt er m. a. miðað við, að gildistakan verði háð því, að viðunandi fyrirheit fáist um lánsfé til byggingar verksmiðjunnar. Mun þetta og önnur ákvæði væntanlega girða fyrir, að til samvinnuslita geti komið vegna vanhalda í þeim efnum, sbr. m. a. aths. við 3. málsgr. 6. gr. frv. Ætla má, að þetta skilyrði muni rætast til fulls nú á næstunni, sbr. aths. í 1. lið hér að ofan og í kaflanum um fjármögnun á fskj. I.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. fyrri laga að öðru en því, að tekið er upp íslenska heitið kísiljárn um framleiðsluvöru hinnar fyrirhuguðu járnblendiverksmiðju, í stað heitsins ferrosilikon. Jafnframt er felld niður hundraðstalan 75% framan af heitinu. Sá flokkur kísiljárns, sem hún gefur til kynna (75% FeSi) verður væntanlega aðalframleiðsluvara verksmiðjunnar, og er ráðgert, að fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar verði hannaður frá því sjónarmiði, sbr. 2. málsgr. 7. gr. aðalsamnings. Hins vegar hefur verið talið ástæðulaust að útiloka þann möguleika, að framleiðslan geti einnig beinst að öðrum gæðaflokkum, þ. e. á bilinu 45—95% FeSi, sbr. 11. málsgr. 1. gr. samningsins, enda hefði það ekki í för með sér neina meiriháttar breytingu á framleiðsluaðferðum. Er orðalagsbreytingin gerð í samræmi við þetta, og þá nánast um formsatriði að tefla.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. fyrri laga að öðru en því, að felld er niður í fyrri málslið hin sérstaka tilvísun til Union Carbide Corporation sem fyrirhugaðs samstarfsaðila. Sú tilvísun var ekki tæmandi á sínum tíma, og er að því leyti ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Hér eru 1.—5. töluliður samhljóða 3. gr. fyrri laga. Þannig eru ákvæði 1. tölul. um hlutafjárframlag ríkissjóðs óbreytt að efni til. Er miðað við, að hlutafé verksmiðjufélagsins skiptist milli ríkissjóðs og annarra hluthafa í hlutföllunum 55:45 og verðgildi hlutafjárloforðanna verði tengt við bandaríkjadollar, eins og kveðið var á í stofnsamningi félagsins, sbr. nú 4. gr. aðalsamnings.

Að auki er lagt til að bæta við tveimur nýjum töluliðum, er varða fjármögnun fyrirtækisins. Þeim þætti málsins voru ekki gerð skil í fyrri lögum, þar sem fullnaðarathugun á lánsfjáröflun til verksmiðjubyggingarinnar hafði ekki farið fram, er þau voru sett. Að þessu sinni liggur sú athugun fyrir að mestu, þannig að staðan er ljós í höfuðdráttum. Jafnframt hefur sú breyting orðið frá skiptunum við fyrri samstarfsaðila, að samningar um fyrirtækið eiga ekki að taka endanlegt gildi, fyrr en bindandi loforð um tiltekið lánsfjármagn eru fengin, sbr. 5. gr. og 1. málsgr. 23. gr. aðalsamningsins.

Með tilliti til þessa er talið rétt að fjalla um þessa hlið málsins í sjálfum lögunum um verksmiðjuna, fremur en í annarri löggjöf. Hins vegar er ekki um nýmæli að ræða að því leyti, að mál þessi hefðu eflaust komið til kasta Alþingis í einhverju formi, ef verksmiðjubyggingunni hefði verið haldið fram óslitið á grundvelli fyrri samninga. Á þetta bæði við um hina nýju töluliði 3. gr. og viðbótarákvæðin í 6. gr. frv.

Með 6. tölul. 3. gr. er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita hlutafélaginu lán í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að jafnvirði 55% af 44 millj. norskra króna, gegn samsvarandi lánum frá öðrum hluthöfum. Er miðað við þá mynt sakir þess, að hún er nú notuð við áætlanir um byggingarkostnað félagsins, sbr. fylgiskjal I um verksmiðjuna. Haft er í huga, að lán þessi verði víkjandi gagnvart stofnlánum frá öðrum aðilum, þannig að þau greiðist ekki niður hraðar en svo, að samræmst geti jákvæðri eiginfjárstöðu hjá félaginu.

Lánum þessum er ætlað að treysta möguleika hlutafélagsins til lánsfjáröflunar annars staðar, og má líta á þau sem þátt í þeirri stefnu hluthafanna, að afla aðallána félagsins án ábyrgðar af sinni hálfu. Í því sambandi ber að gæta þess, að hlutdeild stofnhlutafjár félagsins ($ 24 millj.) í heildarkostnaði fyrirtækisins er orðin lægri en vera átti í öndverðu (⅓), vegna verðbólguáhrifa á stofnkostnað af völdum seinkunar á byggingaráætlun. Mundu hluthafalánin bæta upp það sem á skortir í þessu efni.

Í 6. tölul. er gert ráð fyrir heimild handa ríkisstjórninni til að breyta umræddum lánum í hlutafé, ef slíkt þætti hentara þegar fram í sækir. Verður það að teljast eðlilegt, en hins vegar hefur hvorki hún né samstarfsaðilinn nein áform um slíka hækkun hlutafjár í félaginu á þessu stigi málsins.

Með 7. tölul. er lagt til að heimila ríkisstjórninni að fella niður hluta af stimpil- og þinglýsingargjöldum vegna stofnlána hlutafélagsins. Er það m. a. gert með tilliti til þess, að fyrirhugað er að bjóða fram veð í verksmiðjunni til tryggingar aðallánunum. Hefur það í för með sér hærri gjöld en ella, en leysir jafnframt hluthafana undan hugsanlegum ábyrgðarkröfum á þá sjálfa. Jafnframt er þess að gæta almennt séð, hversu háar fjárhæðir er um að ræða miðað við venjulega fjárfestingu hér á landi, þannig að gjöldin skipta mörgum tugum milljóna, þegar þau eru reiknuð eftir hinum venjulega taxta.

Um 4. gr.

Samhljóða 4. gr. fyrri laga (með leiðréttingu á tilvísun), enda er þess að gæta að því er 1. málsgr. varðar, að hlutafélagið hefur þegar verið stofnað.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá fyrri lögum.

Um 6. gr.

Í frv. er 1. málsgr. óbreytt frá fyrri lögum, nema hvað orðalagi síðari málsliðar hefur verið breytt með tilliti til þess, að samningar þeir, sem gerðir voru við stofnun hlutafélagsins, hafa verið felldir úr gildi. Er nú rætt um ákveðið lágmarksárabil að því er varðar gildistíma 7.—9. gr.

Ákvæði 2. málsgr. um birtingu samninga eru efnislega samhljóða fyrri lögum, en orðalagi breytt til að gefa skýrar til kynna, að birtingin taki til aðalsamninga við samstarfsaðila, sbr. greinargerð með fyrri lögum.

Með 3. málsgr. er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að gera svonefndan lúkningarsamning (completion agreement) við samstarfsaðila sína um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja, að verksmiðjan komist upp. Í honum felst það að aðalefni til, að aðilarnir takist á hendur fyrirfram að útvega hlutafélaginu það fjármagn, sem á kann að vanta til að ljúka byggingu verksmiðjunnar umfram þau stofnlán, sem um er samið í öndverðu. Er honum þannig ætlað að tryggja, að hluthafarnir geti ekki einhliða hætt við bygginguna. Samningur af þessu tagi er mjög mikilvægur frá sjónarmiði utanaðkomandi lánveitenda, en jafnframt bindur hann samstarfsaðilana hvorn gagnvart öðrum.

Við athugun á lánamörkuðum haustið 1975 í samvinnu við Union Carbide kom skýrt í ljós, að ekki væri unnt að vera án samnings í þessa átt, ef takast ætti að útvega stofnlán til langs tíma án ábyrgða frá hluthöfum, og gildir það sjónarmið enn. Hér er því ekki um nýmæli að ræða, er til sé komið í samvinnunni við Elkem-Spigerverket. Segja má um ákvæðið, að það gæti eins átt heima með heimildunum í 3. gr. Hins vegar þykir eðlilegt að skipa því hér með tilliti til þess, að það felur fyrst og fremst í sér áréttingu á þeim tilgangi laganna, að verksmiðjunni verði komið upp.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um skattamál hlutafélagsins og er allskostar óbreytt frá fyrri lögum.

Um skattaákvæði laganna er annars rétt að benda á, að þau eru nú tekin upp í aðalsamning ríkisstjórnarinnar og samstarfsaðilans, í samræmi við ráðagerð 6. gr. laganna. Jafnframt er í 2. málsgr. 14. gr. aðalsamningsins sett fram nánari skýring á jafnréttisákvæði 2. málsgr. 7. gr. laganna, sem talið er vera í samræmi við vilja Alþingis í málinu við meðferð þess á fyrra ári.

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um skattamál samstarfsaðila ríkisstjórnarinnar og er efnislega óbreytt frá fyrri lögum, en orðalagi í fyrsta og öðrum inngangsmálslið hefur verið breytt með tilliti til þess, að samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um aðgerðir til að koma í veg fyrir tvísköttun hefur nú verið gerður og löggiltur, og til aðstöðumunar, sem um er að ræða milli fyrri samstarfsaðila ríkisins og hins norska aðila, sem nú er verið að semja við.

Skv. fyrsta málslið er sem áður byggt á þeirri meginreglu, að skattamál samstarfsaðilanna skuli ráðast af tvísköttunarsamningum milli Íslands og heimaríkja þessara aðila, en þeir samningar jafngilda íslenskum lögum að sínu leyti. Í öðrum málslið er tekið fram til öryggis á sama hátt og áður, að ríkisstjórninni skuli heimilt að beita ákvæðum tiltekinna tvísköttunarsamninga, ef slíkum samningum við heimalöndin er ekki til að dreifa. Í fyrri lögum var einungis rætt um að grípa til tvísköttunarsamningsins við Bandaríkin í þessu sambandi, en skv. frv. verður það valkvætt, hvort beitt er ákvæðum hans eða tvísköttunarsamningsins við Noreg, og er það eðlileg tilhögun. Í sambandi við ákvæði þetta er þess annars að geta, að líkurnar

fyrir að á það reyni eru að því leyti minni en áður, að starfsemi dótturfélaga er ekki jafnríkur þáttur í heildarstarfseminni hjá Elkem-Spigerverket um þessar mundir eins og var hjá Union Carbide.

Jafnframt ofangreindri meginreglu eiga svo að gilda ákvæði 1. og 2. tölul. 8. gr., til nánari staðfestingar um einstök atriði, sem á reynir við gerð tvísköttunarreglna. Skv. frv. verða ákvæði þessi óbreytt frá fyrri lögum. Ákvæðin eru í samræmi við stefnumið gildandi tvísköttunarsamninga við Bandaríkin og Noreg, þó þannig, að regla 1. tölul. um 10% lágmarkshlutdeild í hlutafélagi til að njóta verndar gegn sköttun á arði er einungis í bandarískra samningnum, en í hinum norska er lágmarkið 25%. Eðlilegt þykir þó að gefa Elkem-Spigerverket kost á hinu lægra lágmarki á sama hátt og var um Union Carbide, þar sem réttur þess til framsals á hlutabréfum í hendur dótturfélaga kæmi annars að takmörkuðu gagni fyrir félagið.

Sem sjá má af 15. gr. aðalsamnings við Elkem-Spigerverket er það fyrirhugað, að reglur tvísköttunarsamningsins við Noreg og 1. og 2. tölul. 8. gr. laganna gildi gagnvart félaginu í framangreindum efnum.

Um 9. gr.

Grein þessi fjallar um tolla og aðra óbeina skatta varðandi járnblendiverksmiðjuna, og er efni hennar í samræmi við það, sem ráðgert var við fyrri lagasetningu og samningsgerð um fyrirtækið.

Í 1. málsgr. eru ákvæði um undanþágu frá aðflutningsgjöldum fyrir fjárfestingarvörur til verksmiðjunnar, og er fyrri málsliður óbreyttur frá fyrri lögum. Síðari málsliðurinn er hins vegar nýmæli, sem kveður á um heimild til ríkisstjórnarinnar til að fella niður aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af innlendum vörum og þjónustu í því skyni að jafna aðstöðumun, sem verða kynni milli íslenskra og erlendra verktaka og þjónustuaðila vegna þessara gjalda í sambandi við byggingarframkvæmdir við verksmiðjuna. Þótti ekki óyggjandi, að unnt væri að byggja slíka heimild á málsgreininni óbreyttri, en hún var samin með hliðsjón af eldri fyrirmyndum í lögum frá þeim tíma, þegar söluskattur var lægri en nú er. Er breyting þessi hin æskilegasta t. d. frá sjónarmiði innlendra verkstæða og vélsmiðja.

Ákvæði 2. málsgr. um hráefni verksmiðjunnar og útflutningsvöru eru óbreytt frá eldri lögum, en skv. 3. málsgr. er lagt til að bæta við hana því ákvæði, að rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skuli undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu og notkun rafmagns, en af slíku er aðeins um að ræða verðjöfnunargjald skv. lögum nr. 83/1974 eins og nú standa sakir.

Í samningum og viðræðum um rafmagnsverð og aðra aðstöðu járnblendiverksmiðjunnar hefur ávallt verið gengið út frá því, að rekstrarrafmagn til hennar hefði þá stöðu, sem í ákvæðinu felst. Er þetta hið sama og nú gildir um annan orkufrekan iðnað í landinu, þ. e. gagnvart Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi og álbræðslunni í Straumsvík, enda er rafmagn þessara verksmiðja svo snar þáttur í framleiðslunni, að kalla má það hliðstætt hráefnum þeim, er mynda efnisþætti hinnar fullunnu vöru þeirra. Í fyrri lögum um járnblendiverksmiðjuna voru ekki sett bein ákvæði um þetta atriði, heldur var haft í huga, að aðstaðan yrði tryggð með öðrum hætti, t. d. með ráðuneytisákvörðun að því er söluskatt varðar og með lagafyrirmælum jafnóðum varðandi önnur gjöld. Að athuguðu máli þykir réttara að skera úr um þetta með ákvæði 3. málsgr., og felur það ekki í sér efnisbreytingu frá fyrri samningum við Union Carbide.

Um 10. gr.

Grein þessi um höfn og verksmiðjulóð er samhljóða fyrri lögum. Í samræmi við þau hefur Hafnarsjóður Grundartangahafnar þegar verið stofnaður á grundvelli hafnarlaga, um haustið 1975, með aðild Akraneskaupstaðar og allra hreppa í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Jafnframt hefur ríkissjóður keypt nauðsynlegt jarðnæði og

hafnaraðstöðu við Grundartanga. Er landið alls um 80 ha., þannig að rúm getur þar orðið fyrir frekari starfsemi en járnblendiverksmiðjuna eina.

Um 11. gr.

Grein þessi um umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál verksmiðjunnar er efnislega samhljóða fyrri lögum. Skv. frv. verður orðalag 2. málsgr. á þann veg, að ríkisstjórnin ákveði tilhögun umhverfisrannsóknar við verksmiðjuna að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Er þetta í samræmi við þá stjórnarhætti, sem eru á umhverfismálum verksmiðjunnar að öðru leyti skv. gildandi reglum um starfsleyfi og mengunarvarnir. Er ekki ætlunin að breyta þeim kröfum, sem gerðar verði til áreiðanleika rannsóknarinnar, enda hefur tilhögun hennar þegar verið ákveðin í aðalatriðum samkvæmt tillögum Náttúruverndarráðs á grundvelli laganna, sbr. greinargerð um verksmiðjuna hér á eftir.

Um 12. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum.

Um 13.—14. gr.

Samsvara sömu ákvæðum fyrri laga og þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF.:

18. nóv. 1976.

GREINARGERÐ UM JÁRNBLENDIVERKSMIÐJU Í HVALFIRÐI

1. Inngangur.

Í þessari greinargerð verða raktir nokkrir helstu þættir varðandi byggingu og rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Gert er ráð fyrir að byggja verksmiðju með tveim 30 MW bræðsluofnum, svipað og áður var, og allar áætlanir við það miðaðar. Verður hinn fyrri tekinn í notkun í ársbyrjun 1979 en hinn síðari einu og hálfu ári síðar. Þótt áætlanir séu miðaðar við tvo jafnstóra ofna, hefur talsvert verið rætt um, að síðari ofninn verði stærri og frábrugðinn þeim fyrri að því leyti, að hann nyti góðs af hugsanlegri tækniþróun í ofnasmíði. Er þá einkum rætt um nýtingu afgangsvarma til orkuframleiðslu, en það er forsenda fyrir því, að hægt sé að hafa ofninn stærri, nema til komi aukin orkukaup frá Landsvirkjun. Ofnarnir verða gerðir fyrir framleiðslu 75% kísiljárns, en þó verður hægt að framleiða í þeim aðrar blöndur kísils og járns, ef markaðsaðstæður krefjast þess.

2. Stofnkostnaður.

Byggingarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 430 millj. n.kr. sem skiptist þannig, að kostnaður við fyrri ofninn er áætlaður 260 millj. n.kr. en 170 millj. n.kr. fyrir síðari ofninn. Innifaldar í þessum byggingarkostnaði eru áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma, 7% á ársgrundvelli miðað við norskar krónur.

Miðað við gengi norsku krónunnar gagnvart íslenskri krónu og bandaríkjadölum 17. nóv. 1976 samsvarar þessi kostnaðartala 15 446 millj. í.kr. eða 81.34 millj. U.S.$. Til samanburðar má geta þess, að áætlaður byggingarkostnaður skv. skýrslu Viðræðunefndar um orkufrekan iðnað frá 23. nóvember 1974, var 68 millj. U.S.$ (Skýrsla þessi var fylgiskjal I með frumvarpi til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.) Hækkunin í bandaríkjadölum stafar fyrst og fremst af almennum verðhækkunum

á tímanum milli þess, sem áætlanirnar voru gerðar, og af því að áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma eru nú hærri vegna lengri byggingartíma.

Jafnframt byggingarkostnaði (430 millj. n.kr.) er reiknað með tækniþóknun ES í formi hlutabréfa að upphæð U.S.$ 3.2 millj. (17 millj. n.kr.), áætluðum vöxtum á byggingarlánum, um 36 millj. n.kr., og rekstrarfé, um 30 millj. n.kr. Heildarfjárfesting yrði þá 513 millj. n.kr. eða 18430 millj. í.kr.

3. Rekstur.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan framleiði árlega 50 þús. tonn af fullunnu 75% kísiljárni. Gert er ráð fyrir, að um 150 menn starfi við verksmiðjuna. Hráefni til framleiðslunnar eru kvartsmulningur, kol, koks, unnið járngrýti og rafskautsdeig. Öll þessi hráefni verða flutt inn. Söluverð er áætlað um 3 400 n.kr. per tonn f.o.b. Grundartanga, þegar fyrsti ofninn er tekinn í notkun. Söluverð, vinnulaun og verð á innfluttu hráefni er áætlað miðað við verðlag á miðju ári 1976 og síðan hækkað um 7% á ári fram til 1978, en eftir það um 4% á ári. Eru þá öll verð í norskum krónum, og miðað við verðbólgu í þeirri mynt. Við söluverðið, eins og það er í dag, er bætt n.kr. 200 vegna fyrirsjáanlegra hækkana á heimsmarkaðsverði kísiljárns samfara auknum framleiðslukostnaði eldri verksmiðja, en þær verða á næstu árum að leggja í mikinn kostnað við byggingu og rekstur hreinsibúnaðar fyrir ryk og við aðrar mengunarvarnir. Rafmagnsverðið er áætlað miðað við drög að viðauka við rafmagnssamninginn og 4% árlega verðbólgu.

Arðsemisreikningar hafa verið gerðir fyrir fyrstu 17½ starfsár verksmiðjunnar þ. e. a. s. 1½ ár með einum ofni og 16 ár með tveimur ofnum. Niðurstöðutölur einstakra liða eru gefnar hér á eftir sem árleg meðaltöl. Tölur eru í milljónum norskra króna:

Söluverð fob	230.5
Breytilegur kostnaður	116.5
Fastur kostnaður	28.1
Ýmis opinber gjöld	2.1
Hafnar- og lóðarleiga	1.2
Heildarkostnaður	147.9
Rekstrartekjur	82.6
Afskriftir	24.5
Vaxtagreiðslur	18.7
Hagnaður fyrir tekjuskatt	39.4
Varasjóður	7.7
Tekjuskattur	12.6
Hreinn hagnaður	26.8
Arður	19.1

Samkvæmt ofangreindu verður **meðalarðsemi** fjárfestingarinnar fyrir skatta (þ. e. meðaltal hagnaðar fyrir tekjuskatt og vexti sem hlutfall af meðalbókfærðum fastafjármunum og rekstursfjármagni í ársbyrjun) 18.4%.

Afkastavextir eða innri arðgjöf sýnir þá vexti, sem fást af fjárfestingunni yfir áætlunartímabilið, en það svarar til þeirra vaxta, sem fyrirtækið getur greitt, ef lán er tekið fyrir allri fjárfestingunni. Innri arðgjöf heildar fjárfestingarinnar er 12.4% og er þá tekið tillit til útborgaðrar fjárfestingar, sölutekna, framleiðslukostnaðar og rekstrarfjárauka ár hvert.

Það skal tekið fram, að sú arðsemisáætlun, sem hér er lögð fram, er að því leyti frábrugðin þeirri áætlun, sem lögð var fram í skýrslu Viðræðunefndar um orkufrekan iðnað dags. 23. nóvember 1974, að þar var einungis gert ráð fyrir verðhækkunum á byggingartíma verksmiðjunnar en fösu verðlagi eftir það. Einnig er áætlunartíminn nokkuð annar, þar sem nú er bætt við einu og hálfu rekstrarári verksmiðju með aðeins einum ofni.

Um arðsemisáætlunina í heild má segja, að hún er nú byggð á traustari grunni en sú fyrri, þar sem hægt var að styðjast við kostnaðarbókhald fyrir sambærilega verksmiðju í Noregi að því er varðar kostnaðarliði, en grunnsöluverð er skilaverð til norskra verksmiðja.

4. Markaðshorfur og sala.

Kísiljárn er nær eingöngu notað við framleiðslu á stáli og járnsteypum. Markaðurinn er því eðlilega háður sveiflum í þessum framleiðslugreinum. Kísiljárnið er notað í nær alla stálframleiðslu til að hreinsa súrefni úr stálinu. Auk þess er það notað sem íblöndunarefni fyrir stál, sem ætlað er í framleiðslu raftækja s.s. spenna þar sem raffræðilegir eiginleikar stálsins hafa mikla þýðingu. Flestar gerðir af stáli innihalda a.m.k. 0.2% af kísil en t.d. í stáli fyrir spenna er þetta hlutfall margfalt hærra. Árleg framleiðsla kísiljárns í heiminum er um 3 milj. tonn.

Um þrír fjórðu hlutar af kísiljárnframleiðslunni fara í stálframleiðslu, en um einn fjórði hluti í járnsteypur. Notkunarhlutfall kísiljárns í stál- og járnsteypuiðnaðinum hefur verið stöðugt. Ekki eru fyrirsjáanlegar neinar verulegar breytingar á því vegna nýrra framleiðsluaðferða, eða vegna þess, að önnur efni komi í þess stað. Það er því gert ráð fyrir, að notkun kísiljarns aukist í réttu hlutfalli við aukningu á framleiðslu á stáli.

Mikill samdráttur varð á stálmarkaðinum á árinu 1975, og var hann í lágmarki í ágúst—september það ár. Síðan hefur orðið verulegur bati, þó enn vanti talsvert á, að framleiðslan hafi náð sama magni og árið 1974. Á síðustu mánuðum hefur aftur gætt samdráttar á stálmarkaðinum. Verð á kísiljárni hefur fylgt þessari þróun. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hægum og ef til vill nokkuð hikandi bata á næstu ársfjórðungum.

Verðhækkun orku eftir olíukreppuna 1973 hefur haft — og á eftir að hafa — mikil áhrif á kísiljárniðnaðinn í heiminum. Orkuverð hjá verksmiðjum, sem nota kol eða olíu sem orkugjafa hefur hækkað frá tvöföldun upp í fjórföldun eftir aðstæðum. Orkuverð frá vatnsorkuverum hefur fylgt á eftir.

Þessi þróun hefur leitt til þess, að kísiljárnverksmiðjur eru orðnar mun háðari orkumarkaði, en áður var, og búast má við, að framleiðsluaukning verði fyrst og fremst í löndum, þar sem hægt er að tryggja hagkvæma samninga um kaup á raforku. Síauknar kröfur um mengunarvarnir stuðla einnig að því, að gamlar verksmiðjur, sem búa við óhagstætt orkuverð, verði lagðar niður, en nýjar rísi í þeirra stað í löndum, sem geta boðið hagstætt orkuverð. Notkun stærri og hagkvæmari skipa hefur einnig stuðlað að þessari þróun, þar sem verksmiðjurnar verða óháðari fjarlægð frá hráefnisnámum og mörkuðum.

5. Umhverfismál.

Frá því umræður hófust um járnblendiverksmiðju á Íslandi hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfisvernd og að því stefnt, að mengun af hennar völdum verði sem allra minnst. Af hálfu Járnblendifélagsins er fyrirhugað, að verksmiðjan verði búin öllum þeim bestu mengunarvörnum, sem völ er á. Verður reyk frá ofninum, sem er langstærsta rykuppspretta verksmiðjunnar, safnað saman og hann hreinsaður, svo og þeim, reyk, sem myndast við töppun bráðins málms af ofnunum eftir því sem frekast er kostur.

Sótt hefur verið til Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna, og er tillagna þess um starfsleyfisskilyrði að vænta innan tíðar. Þótt endanlegar tillögur liggi ekki fyrir í smáatriðum, er nokkurn veginn ljóst, hvernig þær verða í megindráttum. Er búist við, að þær verði hið minnsta jafn strangar þeim reglum, sem settar hafa verið á Norðurlöndum, bæði að því er varðar rykútblástur og innra umhverfi, svo og rekstursöryggi hreinsibúnaðar, varnir gegn slysum, hávaða og

hitageislum og eftirlit með heilsufari starfsfólks. Reglur þessar eru í öllum megindráttum sambærilegar í reynd við amerískar reglur um mengunarvarnir, þótt orðalag, viðmiðun og mæliaðferðir kunni að vera með öðrum hætti.

Í lögum nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði er kveðið svo á, að Járnblendifélagið skuli kosta líffræðilega athugun samkvæmt tillögum Náttúruverndarráðs á umhverfi verksmiðjunnar áður en framleiðsla hefst. Athugun þessi hófst sumarið 1975. Daglega stjórn annast Agnar Ingólfsson, prófessor, en yfirstjórn er í höndum verkefnisráðs, sem í eiga sæti fulltrúar Náttúruverndarráðs, Líffræðistofnunar Háskólans, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Íslenska járnblendifélagsins h/f. Á fundi ráðsins 13. okt. 1976 var gerð grein fyrir stöðu þessara athugana, og kom þar fram, að söfnun ritaðra gagna er lokið og sýnataka margra verkþátta vel á veg komin. Hins vegar er úrvinnsla lítt eða ekki hafin og sama er að segja um athuganir á nokkrum tilteknum sviðum. Agnar Ingólfsson taldi, að ljúka mætti hinni líffræðilegu hlið málsins í apríl 1977 að undanskildum tilteknum efnagreiningum og að unnt yrði að ljúka heildaryfirliti um líffræðirannsóknir um áramót 1977—78.

Tilraunir um endurnýtingu ryks við framleiðslu á kísiljárni hafa ekki borið svo jákvæðan árangur að svo stöddu, að unnt sé að treysta á þá leið við ráðstöfun ryks frá verksmiðjunni. Tilraunir með notkun ryksins í framleiðslu sements og áburðar benda hinsvegar til þess, að ryknotkun í takmörkuðum mæli hafi bætandi áhrif á þá framleiðslu. Hins vegar er tilraununum ekki lokið og hefur þess því verið óskað, að verksmiðjunni verði heimilað að losa sig á annan hátt við það ryk og annan úrgang, sem ekki verður nýttur. Er gert ráð fyrir, að heimild þessi verði veitt með skilyrðum, sem heilbrigðisráðuneytið setur.

6. Fjármögnun.

Viðræður við lánveitendur eru það langt komnar, að fyrir liggur í öllum höfuðdráttum hvernig verksmiðjan verður fjármögnuð og hvaða kröfur lánveitendur koma til með að setja.

Fjármögnun verksmiðjunnar er fyrirhuguð þannig:

Hlutafé 24 millj. U.S.$ (gengi 5.29)	127	millj.	n.kr.
Hluthafalán	44	—	—
Stofnlán til langs tíma	200	—	—
Lán frá framleiðendum	120	—	—
Rekstrarlán	30	—	—
Samtals	521	millj.	n.kr.

Gengið hefur verið frá samningsdrögum um lán frá Norræna fjárfestingarbankanum að upphæð 200 millj. n.kr. sem greitt yrði út sem þrjú sjálfstæð lán á byggingartímanum, en síðan endurgreidd á árunum 1981 til 1994. Ekki er enn ákveðið í hvaða gjaldmiðli eða gjaldmiðlum lánin yrðu veitt, en vextir færu eftir því. Bankinn er reiðubúinn til að veita þessi lán án beinna trygginga eignaraðila, en gegn veði í fasteignum verksmiðjunnar. Jafnframt gerir bankinn kröfu um að eignaraðilar skuldbindi sig til að ljúka verksmiðjubyggingunni og gangist undir nokkkrar takmarkanir á greiðslu arðs og greiðslu vaxta og afborgana af hluthafalánum.

Einnig hefur verið sótt um lán hjá Eksportfinans í Noregi til að fjármagna vörukaup þar. Umsóknin hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og er gert ráð fyrir, að hægt sé að ganga frá lánssamningi innan tíðar. Gert er ráð fyrir, að lánið frá Eksportfinans endurgreiðist á árunum 1980 til 1987. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum vörukaupalánum frá öðrum löndum, þó ekki hafi verið um þau samið enn sem komið er.

Fylgiskjal II.

AÐALSAMNINGUR

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

og

ELKEM- SPIGERVERKET A/S

SAMNINGUR gerður hinn 8. dag desembermánaðar 1976 milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“)
og

ELKEM- SPIGERVERKET A/S, sem er norskt hlutafélag og hefur aðalaðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi (hér eftir nefnt „ES“).

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin óskar að koma á fót iðjuveri til framleiðslu á kísiljárni á Íslandi, þar sem notað verði rafmagn frá íslenskum orkuverum á grundvelli samnings til langs tíma;

MEÐ ÞVÍ að með lögum nr. 10 26. apríl 1975, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði („heimildarlögunum“), fól Alþingi ríkisstjórninni að hefjast handa um stofnun hlutafélags, er hefði að markmiði að reisa og reka slíkt iðjuver, í samvinnu við aðra aðila, er áhuga hefðu á því fyrirtæki, og setti tilteknar reglur og veitti tilteknar heimildir varðandi skipulag og starfsemi hlutafélagsins;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin og Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York ríkis og hefur aðalaðsetur sitt að 270 Park Avenue, New York, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku („Union Carbide“), gerðu með sér aðalsamning hinn 28. apríl 1975 um samvinnu um ofangreint fyrirtæki og stofnuðu sama dag, á grundvelli heimildarlaganna, íslenskt hlutafélag með nafninu Íslenska járnblendifélagið hf., er hefur aðalsetur sitt að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, en hlutafélag þetta („Járnblendifélagið“) er löglega skrásett í því lögsagnarumdæmi;

MEÐ ÞVÍ að með samningi dags. 9. júlí 1976 hefur Union Carbide gengið úr Járnblendifélaginu og framselt hlutabréf sín í félaginu til ríkisstjórnarinnar, sem hefur afhent þau Járnblendifélaginu til ráðstöfunar, og Union Carbide verið leyst frá öllum skuldbindingum varðandi fyrirtækið;

MEÐ ÞVÍ að ES hefur um hönd framleiðslu á járnblendiefnum í Noregi og selur þá framleiðsluvöru um allan heim, og er í aðstöðu til að láta í té víðtæka tæknikunnáttu og söluaðstoð í þágu Járnblendifélagsins og fyrirhugaðs iðjuvers þess;

MEÐ ÞVÍ að ES er reiðubúið til að gerast aðili að Járnblendifélaginu og vinna að því með ríkisstjórninni að koma upp iðjuveri félagsins, á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið með heimildarlögunum, og eftir því sem á er kveðið í samningi þessum;

GERA ríkisstjórnin og ES (hér á eftir einu nafni nefnd „aðilarnir“) hér með eftirfarandi samning:

I. KAFLI
INNGANGUR

1. gr.
Orðskýringar.

Eftirtalin orð skulu hafa þá merkingu, sem að neðan greinir, þar sem þau koma fyrir í samningi þessum:

1) „Ríkisstjórnin“ merkir ríkisstjórn Íslands.
2) „Íslenska ríkið“ merkir lýðveldið Ísland.
3) „ES“ merkir Elkem-Spigerverket a/s, sem er norskt hlutafélag, er hefur aðalaðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi.
4) „Dótturfélag ES“ merkir sérhvert hlutafélag, nú eða síðar, þar sem meira en 50% hlutabréfa með venjulegum atkvæðisrétti eru í eigu ES á þeim tíma.
5) „Járnblendifélagið“ merkir Íslenska Járnblendifélagið hf., sem er íslenskt hlutafélag, er hefur aðalaðsetur að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
6) „Landsvirkjun“ merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki í sameign íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og hefur aðalaðsetur að Suðurlandsbraut 14, Reykjavík.
7) „Fesil“ merkir A/S Fesil & Co., sem er norskt hlutafélag í eigu ES og fjögurra annarra norskra ferrosilikonframleiðenda, er hefur aðalaðsetur að Briskebyveien 48, Osló, Noregi.
8) „Union Carbide“ merkir Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York-ríkis og hefur aðalaðsetur að 270 Park Avenue, New York, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
9) „Heimildarlögin“ merkir lög frá Alþingi nr. 10 26. apríl 1975, er heimilað hafa stofnun Járnblendifélagsins, svo sem þau verða samþykkt af Alþingi með þeim breytingum, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr. 23. gr. samnings þessa.
10) „Hluthafarnir“ merkir ríkisstjórnina og ES.
11) „Kísiljárn“ merkir 75% kísiljárn og aðrar tegundir af kísiljárni, þar sem kísilinnihald er 95% hið mesta og 45% hið minnsta.
12) „Verksmiðjulóðin“ merkir eignarland það, sem leigja ber Járnblendifélaginu við Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, þar sem byggja á iðjuver Járnblendifélagsins.
13) „Lóðarleigusamningurinn“ merkir leigusamning þann, sem gera ber um leigu á verksmiðjulóðinni til Járnblendifélagsins.
14) „Verksmiðjan“ merkir iðjuver það til framleiðslu á kísiljárni ásamt tilheyrandi mannvirkjum, sem Járnblendifélagið mun reisa á verksmiðjulóðinni og við hana, eins og það er að gerð og búnaði á hverjum tíma.
15) „Hafnarsamningurinn“ merkir samning þann, er heimili Járnblendifélaginu afnot af aðliggjandi höfn við verksmiðjulóðina.
16) „Tæknisamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem fjalli um (a) afhendingu af hálfu ES á rafbræðsluofni og tilheyrandi búnaði til fyrsta áfanga verksmiðjunnar, ásamt kauprétti á öðrum ofni sömu gerðar og stærðar, (b) framsal af hálfu ES á tæknikunnáttu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur í sambandi við framleiðslu á kísiljárni, (c) reglubundna tækniaðstoð af hálfu ES varðandi framleiðslu á kísiljárni, og (d) byggingarstjórnun, er ES leggi til í sambandi við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar í samvinnu við Járnblendifélagið.
17) „Sölusamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem fjalli um sölu á framleiðsluvörum Járnblendifélagsins.

18) „Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn“ merkir samning þann milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, er fjalli um breytingu á tilteknum ákvæðum rafmagnssamnings frá 28. maí 1975 milli þessara aðila.
19) „Rafmagnssamningurinn“ merkir samning milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins dags. 28. maí 1975, sem fjallar um afhendingu Landsvirkjunar á raforku til reksturs verksmiðjunnar, eins og honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.
29) „Fyrsti afhendingardagur rafmagns“ merkir dag þann, sem svo er nefndur í 1. málsgr. 5. gr. rafmagnssamningsins og ákvarðaður eins og þar greinir, sem sá dagur, er Járnblendifélagið væntir þess að verða reiðubúið til að taka við rafmagni til reglubundinnar starfrækslu á fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar.

II. KAFLI
JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

2. gr.
Staða og skipulag félagsins.

1) Járnblendifélagið hefur verið löglega stofnað sem íslenskt hlutafélag og skal áfram vera skrásett í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
2) Tilgangur Járnblendifélagsins er að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárni, að vinna að sölu á kísiljárni og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti, sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir.
3) Um eignarhald, stofnun, rekstur og stjórn Járnblendifélagsins skal fara að íslenskum lögum, heimildarlögunum, samningi þessum og samningum þeim og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu.
4) Stjórn Járnblendifélagsins skal skipuð sjö mönnum, er hluthafar kjósa hlutfallskosningu á aðalfundi til árs í senn, að tiltölu við hlutafjáreign sína, ásamt jafnmörgum varamönnum.
5) Hlutabréf Járnblendifélagsins skulu vera almenn nafnbréf með atkvæðisrétti, skráð og útgefin á nöfn viðkomandi hluthafa, og skulu veita hverjum hluthafa forkaupsrétt að öllum og sérhverjum síðari aukningarhlutum Járnblendifélagsins, hvort sem er af sama eða öðrum flokki eða nafnverði, í hlutfalli við hlutafjáreign sína.
6) Að því áskildu, sem mælt er í 7., 8. og 9. málsgrein þessarar greinar, skulu hlutabréf í Járnblendifélaginu eigi framseljanleg án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins, og framsal hluthafa á hlutabréfunum ennfremur vera háð forkaupsrétti af hálfu hins eða hinna hluthafanna í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra.
7) Ef svo fer eftir að meira en 15 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, að ES óskar að selja hlutabréf sín í Járnblendifélaginu, öll eða að hluta, þar með talin hlutabréf í eigu dótturfélaga ES, hefur ríkisstjórnin rétt og skyldu til að kaupa hluti þá, sem ES býður fram, á verði, sem löggiltu endurskoðendafirma, er aðilarnir verða skriflega ásáttir um, er falið að ákveða. Ríkisstjórnin skal eiga kost á að greiða andvirði hlutanna með jöfnum árlegum afborgunum yfir fimm ára tímabil með þeim vöxtum, sem almennt gilda um venjulega viðskiptavíxla samkvæmt opinberri ákvörðun Seðlabanka Íslands.
8) Ef svo fer eftir að meira en 15 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, að ríkisstjórnin óskar að selja hlutabréf sín í Járnblendifélaginu þriðja aðila, öll eða að hluta, skal ES eiga forkaupsrétt að þeim hlutabréfum, enda sé ES hluthafi í Járnblendifélaginu á þeim tíma. Skal ES í því tilviki hafa níutíu daga frest til ákvörðunar um að kaupa þau hlutabréf ríkisins, sem um er að ræða, frá því að ES fær í hendur skriflega tilkynningu frá ríkisstjórninni þess efnis, að hún hafi áhuga á raunhæfu tilboði í hlutabréfin. Ber

þar að segja greinargóð skil á efni tilboðsins og geta um nafn og heimili tilboðsgjafans. Ef ES lætur hjá líða að póstleggja til ríkisstjórnarinnar á nefndum níutíu daga fresti tilkynningu um, að ES neyti forkaupsréttar síns að hlutabréfunum, skal ríkisstjórninni frjálst að selja hlutabréfin hinum umgetna þriðja aðila, og þá einungis með þeim kjörum og skilmálum, sem lýst var í tilkynningu ríkisstjórnarinnar til ES.

9) Þrátt fyrir ákvæði 6. málsgreinar þessarar greinar skal heimilt að framselja hlutabréf í Járnblendifélaginu í eigu ES til dótturfélaga ES og þeirra á meðal, og úr hendi þeirra til ES, en þó með því skilyrði, að sérhver framsalshafi afhendi stjórn Járnblendifélagsins skriflegt samþykki sitt við ákvæðum og skilmálum samnings þessa, sölusamningsins og tæknisamningsins, og við því að vera bundinn af þeim, eftir því sem við getur átt.

10) Eigi skal heimilt að leggja nein veðbönd á nokkur hlutabréf Járnblendifélagsins án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins.

11) Ákvæði 2. og 4. greinar í samningi þessum skulu leysa af hólmi samsvarandi ákvæði 2., 3., 7. og 9. greinar í stofnsamningi Járnblendifélagsins, er hafa ekki frekara gildi. Ef misræmi reynist milli ákvæða samnings þessa og ákvæða í stofnsamningi eða samþykktum Járnblendifélagsins, skulu ákvæði samnings þessa ráða.

12) Samþykktum Járnblendifélagsins skal breyta eins og lýst er á fylgiskjali I með samningi þessum, þannig að þær verði í samræmi við ákvæði þessarar greinar og önnur viðeigandi ákvæði samnings þessa. Aðilarnir eru sammála um að láta kveðja til aukafundar í Járnblendifélaginu í Reykjavík til þess að koma fram umræddum breytingum á samþykktunum með samhljóða atkvæðum sínum. Á þeim fundi skal ES kjósa þrjá aðalmenn og varamenn í stjórn Járnblendifélagsins ásamt einum endurskoðanda, er gegni embætti til aðalfundar á árinu 1977. Aukafundinn ber að halda án tafar eftir að samningur þessi hefur verið undirritaður, enda hafi skilyrði þau, sem vísað er til í stafliðum (g), (h) og (i) í 1. málsgrein 23. greinar samnings þessa jafnframt verið uppfyllt.

3. gr.

Slit fyrri samninga og núverandi fjárhagsstaða.

1) Ríkisstjórnin, Járnblendifélagið og Union Carbide hafa lokið öllum aðgerðum í sambandi við úrsögn Union Carbide úr Járnblendifélaginu, sem vísað er til í inngangi samnings þessa, og hefur úrsögnin verið leidd til lykta með fullu samkomulagi milli aðila. Meðal annars hafa Járnblendifélagið og Union Carbide slitið öllum samningum sín í milli og leyst hvort annað undan öllum skuldbindingum samkvæmt þeim, og á hvorugt þeirra neinar kröfur á hendur hinu, fjárhagslegar eða af öðru tagi, að frátalinni skuldbindingu Járnblendifélagsins um að nota ekki né opinbera tæknilegar upplýsingar, er Union Carbide lét því í té samkvæmt samningi þeirra um framsal á tæknikunnáttu.

2) Járnblendifélagið hefur samið um slit á öllum samningum varðandi útvegun á efni og tækjum og vinnu eða verkfræðiþjónustu fyrir verksmiðjuna, er gerðir höfðu verið fram til 30. júní 1976, að frátöldum samningum varðandi undirbúningsframkvæmdir á verksmiðjulóðinni, og er ekki háð neinum skuldbindingum samkvæmt slíkum samningum umfram það, sem lýst er í efnahagsreikningi Járnblendifélagsins miðað við þann dag.

3) Járnblendifélagið og Landsvirkjun hafa náð fullnaðarsamkomulagi um afleiðingar þeirra breytinga, sem Járnblendifélagið hefur gert á áætluninni um byggingartíma verksmiðjunnar, og greiðslum þeim, sem inna ber af hendi til Landsvirkjunar af þessu tilefni, er að fullu lýst í efnahagsreikningi Járnblendifélagsins miðað við 30. júní 1976.

4) Kaup ES á hlutabréfum í Járnblendifélaginu samkvæmt samningi þessum eru gerð á grundvelli efnahagsreiknings Járnblendifélagsins, sem stjórn félagsins

hefur látið gera miðað við 30. júní 1976 og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal II. Ríkisstjórnin ábyrgist, að Járnblendifélagið hafi undir höndum eignir þær, sem taldar eru í þeim efnahagsreikningi, og sé ekki háð neinum öðrum skuldbindingum en þar koma fram.

4. gr.

Hlutafé og kaup ES á hlutabréfum.

1) Stofnhlutafé Járnblendifélagsins skal vera jafnvirði tuttugu og fjögurra milljóna bandaríkjadala ($24 000 000) í íslenskum krónum, eins og ákveðið var við stofnun félagsins. Ríkisstjórnin hefur skrifað sig fyrir fimmtíu og fimm hundraðshlutum (55%) af hlutafénu ($ 13 200 000), og hefur þegar greitt jafnvirði 26% af hlutafjárloforði sínu ($3 432 000). Að auki hefur ríkisstjórnin fengið í hendur frá Union Carbide réttindi yfir greiddum hlutafjárskírteinum, er svara 26% af afgangi stofnhlutafjárins ($2 808 000), og hefur látið Járnblendifélaginu eftir til ráðstöfunar þau hlutabréf, sem skírteini þessi taka til, eins og vitnað er til í inngangi samnings þessa.
2) Með samningi þessum skrifar ES sig fyrir fjörutíu og fimm hundraðshlutum (45%) af stofnhlutafé Járnblendifélagsins ($ 10 800 000) með þeim skilmálum, sem kveðið er á í þessari grein. Hlutafjárloforð þetta tekur meðal annars til hlutabréfa þeirra, sem hlutafjárskírteini þau, er Union Carbide átti áður, svara til, og skulu þau hlutafjárskírteini hér eftir vera ógild.
3) Í skiptum fyrir hlutabréf að samanlögðu nafnverði sem nemur jafnvirði þriggja milljóna og tvö hundruð þúsunda bandaríkjadala ($ 3 200 000) af hlutafjárloforði sínu skal ES framselja til Járnblendifélagsins þá tæknikunnáttu og þekkingu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur, sem nauðsynleg er til að byggja og reka þau mannvirki verksmiðjunnar, sem ætluð eru til framleiðslu á kísiljárni, eins og nánar segir í tæknisamningnum. Hlutabréf þessi skulu vera fullnaðargreiðsla fyrir tæknikunnáttuframlag þetta, en verð þess hefur verið ákveðið á grundvelli verðmætis á frjálsum markaði. ES leggur fram afganginn af hlutafjárloforði sínu í reiðufé, og skal það vera jafnvirði sjö milljóna og sex hundruð þúsunda bandaríkjadala ($7 600 000).
4) Innan þrjátíu daga frá gildistöku samnings þessa skal ES hafa greitt Járnblendifélaginu að fullu jafngildi 26% af framlagi sínu í reiðufé ($1 976 000), sem skal innt af hendi eftir kaupgengi bandaríkjadals samkvæmt hinni opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands á greiðsludegi. Um leið og greiðslunni er lokið skal ES einnig talið hafa greitt 26% af verðmæti tækniframlags síns samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar ($ 832 000).
5) Ríkisstjórnin og ES greiða þá 74 af hundraði, er þá verða eftir af hlutafjárloforðum þeirra, á árunum 1977—1979, eftir því sem stjórn Járnblendifélagsins ákveður. Greiðslurnar skulu inntar af hendi á grundvelli eftirfarandi áætlunar, en stjórn Járnblendifélagsins hefur þó heimild til að breyta henni eftir því, sem fjárþarfir félagsins krefjast:

	Ríkisstjórnin	ES-reiðufé	ES-tækniframlag
Á árinu 1977	$ 4 400 000	$ 2 533 000	$ 1 067 000
Á árinu 1978	$ 4 950 000	$ 2 850 000	$ 1 200 000
Á árinu 1979	$ 418 000	$ 241 000	$ 101 000
Samtals	$ 9 768 000	$ 5 624 000	$ 2 368 000

Framlög hvers árs skulu hluthafarnir greiða samhliða eftir réttum hlutföllum sín í milli á þeim gjalddögum, sem stjórn Járnblendifélagsins tiltekur, þó þannig, að eftir greiðslu sé kallað með 30 daga fyrirvara hið skemmsta hverju sinni. Gildir þetta einnig um andvirði tækniframlagsins samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar, þannig að tiltölulegur hluti af því skal teljast greiddur sam-

hliða hverri greiðslu í reiðufé frá ES. Stjórn Járnblendifélagsins skal gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir hverri framlagsgreiðslu.

6) Hluthöfunum er heimilt að greiða framlög sín í íslenskum krónum eða í bandaríkjadölum eða öðrum gjaldmiðli, sem fullnægir ákvæðum 13. gr. samnings þessa, í Reykjavík eða á öðrum stöðum, sem Járnblendifélagið samþykkir, og með peningayfirfærslum eða með skuldajöfnuði, sem hluthafarnir kunna að eiga löglegan rétt til að framkvæma. Sérhver greiðsla í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadölum skal vera nægjanleg að fjárhæð til þess að skila þeirri upphæð í bandaríkjadölum, sem stjórn Járnblendifélagsins hefur tiltekið við viðkomandi innköllun, á þeim stað og tíma, þar sem yfirfærsla til Járnblendifélagsins eða uppgjör við það fer fram. Andvirði greiðslunnar skal bókfært hjá Járnblendifélaginu í íslenskum krónum miðað við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu samkvæmt hinni opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands á þeim degi, sem greiðslan er yfirfærð. Andvirði samhliða hluta af tækniframlagi ES samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar í íslenskum krónum skal reiknað á sama hátt.

7) Eins og fram kemur í stofnsamningi og samþykktum Járnblendifélagsins hefur nafnverð stofnhlutafjár Járnblendifélagsins, sem hluthafarnir hafa skrifað sig fyrir eins og skýrt er frá hér að framan ($ 24 000 000), í öndverðu verið ákveðið sem íslenskar kr. 3 614 400 000, í samræmi við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart krónunni hinn 28. apríl 1975 samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands (1:150,60). Fari svo vegna gengisbreytinga, að heildarandvirði greiddra hlutafjárframlaga í krónum verði hærra en samanlagt nafnverð þeirra hlutabréfa, sem hluthafarnir hafa skráð sig fyrir, skal nafnverð á hlutafé Járnblendifélagsins í krónum hækkað sem mismuninum nemur. Hefur stjórn Járnblendifélagsins heimild til að framkvæma þá hækkun við lok greiðslutímabils hlutafjárloforðanna. Verði heildarandvirði greiðslnanna hins vegar lægra en hið samanlagða nafnverð af sömu ástæðum, munu hluthafarnir beita sér fyrir lækkun á hlutafé félagsins sem því svarar, nema báðir verði ásáttir um aðra ráðstöfun á málinu. Mismuninum við hækkun eða lækkun á virði hlutafjárins í íslenskum krónum skal jafnað milli hluthafanna í hlutfalli við skráðar skuldbindingar þeirra (55:45), og skal útgáfa hlutabréfa í stað bráðabirgðaskírteina verða í samræmi við þetta.

5. gr.

Fjármögnun með lánsfé.

1) Fjár þess, sem með þarf til viðbótar hlutafé Járnblendifélagsins til þess að ljúka við byggingu verksmiðjunnar að þeirri afkastagetu, sem ráðgerð er í 7. grein samnings þessa, og tryggja hæfilegt rekstrarfé í upphafi starfrækslu verksmiðjunnar, skal aflað með lánum, sem Járnblendifélagið tekur í þeim tilgangi, eftir því sem unnt er. Lánskjör á fé þessu og lántökustaðir skulu háðir samþykki hluthafa Járnblendifélagsins, sem ber að aðstoða félagið sameiginlega í samningum við væntanlega lánveitendur. Um samþykki þetta skal ekki synjað að ástæðulausu.

2) Hluthafarnir eru sammála um, að lántökur Járnblendifélagsins frá þriðja aðila í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, megi ekki nema minna en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól til að upphæðin geti talist fullnægjandi. Hluthafarnir telja það nauðsynlegt skilyrði fyrir því að hefja framkvæmdir að afla í byrjun bindandi fyrirheita frá fjármálastofnunum, einni eða fleirum, sem geta veitt fjárfestingarlán til langs eða miðlungi langs tíma, um að leggja Járnblendifélaginu til lán, er svara þessu lágmarki, á byggingartíma verksmiðjunnar.

3) Til þess að greiða fyrir lántökum frá þriðja aðila í þeim tilgangi, sem um getur í 1. málsgr. þessarar greinar, taka hluthafarnir hér með að sér að sjá

Járnblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánum, sem gangi á eftir lánum frá öðrum lánardrottnum að því er varðar vaxtagreiðslur og endurgreiðslur á höfuðstól. Lán þessi skulu að svo stöddu ákvarðast sem 44 milljónir norskra króna hið minnsta að samanlögðum höfuðstól og ekki vera til ráðstöfunar fyrr en að liðnum greiðslutíma hlutafjárloforða, sem um ræðir í 5. málsgr. 4. greinar. Vextir af lánum þessum skulu vera í samræmi við venjulega vexti á lánamarkaðnum á hverjum tíma af lánum með sambærilegum greiðslutíma, nema um annað verði samið milli hluthafanna.

4) Öll fjárhagsaðstoð hluthafa Járnblendifélagsins í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar (að meðtöldum þeim lánum, sem um er fjallað í 3. málsgr.), skal innt af hendi af hvorum fyrir sig í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra (55:45), nema um annað verði samið á þeim tíma.

5) Fyrir utan fjáröflun í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, skal öll lánsfjáröflun til fjárfestingar og í öðru skyni háð undanfarandi samþykki ⅔ hluta stjórnar Járnblendifélagsins, nema um sé að ræða bankafyrirgreiðslu til skamms tíma eða viðskiptaskuldir, sem stofnað er til í venjulegum rekstri.

III. KAFLI
REKSTUR

6. gr.
Aðrir samningar.

1) Hluthafarnir skulu hlutast til um, að Járnblendifélagið undirriti eftirfarandi samninga svo fljótt sem unnt er og með skilmálum, sem báðir verða ásáttir um:

a) Tæknisamninginn við ES, í samræmi við 11. grein samnings þessa.
b) Sölusamninginn við ES, í samræmi við 12. grein samnings þessa.
c) Fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn við Landsvirkjun. Rafmagnssamningurinn skal tryggja nægjanlegt rafmagn til reksturs fyrsta og annars áfanga verksmiðjunnar.
d) Leigulóðarsamninginn við ríkissjóð. Leigulóðarsamningurinn skal tryggja félaginu verksmiðjulóð, er sé nægilega stór til að rúma ekki færri en fjóra bræðsluofna, ásamt nauðsynlegum réttindum Járnblendifélagsins til stöðugrar vatnsöflunar, er nægi til rekstursþarfa félagsins, svo og varðandi aðstöðu til þess að losna við hvers konar úrgangsefni.
e) Hafnarsamninginn við Hafnarsjóð Grundartangahafnar. Í hafnarsamningnum skal kveðið á um byggingu á hæfilegri hafnaraðstöðu við Grundartanga, er verði tilbúin til notkunar þegar rekstur hefst í verksmiðjunni.

Ríkisstjórnin og ES skulu undirrita ofangreinda samninga eða staðfesta samþykki sitt við þeim með undirskrift sinni, eftir því sem við á um hvern þeirra.

2) Hluthöfunum ber að aðstoða Járnblendifélagið við útvegun á þeim vegum á staðinn, tengivegum, þjónustu og annarri aðstöðu, sem ekki er þegar fyrir hendi, og nauðsynleg kann að vera fyrir hagkvæma byggingu og rekstur verksmiðjunnar og þá geymslu og flutninga, sem félagið hefur með höndum, með sanngjörnum kjörum og skilmálum.

7. gr.
Byrjun framkvæmda.

1) Um leið og samningur þessi hefur tekið gildi í samræmi við 23. grein skal Járnblendifélagið þegar hefjast handa um að byggja verksmiðjuna og öll mannvirki, sem nauðsynleg eru og viðeigandi í sambandi við hana, og koma verksmiðjunni af stað til framleiðslu í verslunarskyni í samræmi við nánari ákvæði þessarar greinar. Allar aðgerðir í þeim tilgangi fyrir gildistöku þessa samnings

skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar og ES og þeim takmörkunum, sem þau kunna að koma sér saman um.

2) Verksmiðjuna skal í upphafi byggja í tveimur áföngum og verði í fyrsta áfanga bræðsluofn með 30MW málraun fyrir 75% kísiljárn, en áætluð afkastageta hans er sem svarar 25 000 lestum á ári af söluhæfu kísiljárni, ásamt fylgibúnaði fyrir tvo bræðsluofna. Áætla skal að taka fyrsta bræðsluofninn í notkun á fyrsta afhendingardegi rafmagns eða fyrir þann dag. Ljúka ber við fyrsta áfanga verksmiðjunnar og útvega allar vélar, búnað, þjónustu, aðföng og aðstöðu, sem með þarf til að gera Járnblendifélaginu kleift að byrja starfrækslu verksmiðjunnar í verslunarskyni, svo fljótt sem unnt er.
3) Í öðrum áfanga verksmiðjunnar skal vera einn bræðsluofn fyrir 75% kísiljárn með eigi minna en 30MW málraun, en áætluð afkastageta hans er eigi minni en 25 000 lestir á ári af söluhæfu kísiljárni. Áætla skal að taka þennan annan bræðsluofn í notkun á öðrum afhendingardegi rafmagns, eins og hann verður ákvarðaður samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. rafmagnssamningsins, eða fyrir þann dag. Lokaákvörðun um stærð bræðsluofnsins skal háð samþykki hluthafanna.
4) Járnblendifélagið skal gera alla samninga, sem gera þarf varðandi hönnun, byggingu, tækjabúnað, aðföng og prófun verksmiðjunnar. Járnblendifélagið skal semja við ES um afhendingu tækjabúnaðar í sambandi við fyrsta bræðsluofn verksmiðjunnar samkvæmt 1. kafla tæknisamningsins. Járnblendifélagið og ES skulu á svipaðan hátt gera samning um kaup frá ES á tækjabúnaði í sambandi við annan bræðsluofn verksmiðjunnar með skilmálum, sem háðir skulu samþykki ríkisstjórnarinnar. Verð og aðrir samningsskilmálar fyrir afhendingu tækjabúnaðar frá ES fyrir fyrsta og annan bræðsluofn verksmiðjunnar skulu vera sanngjarnir og samkeppnishæfir og ákveðnir á grundvelli samninga milli óháðra aðila, með réttmætri hliðsjón af tækniframlaginu til Járnblendifélagsins samkvæmt 2. kafla tæknisamningsins.

8. gr.
Rekstur.

1) Eftir að framleiðsla í verslunarskyni er hafin, skal Járnblendifélagið halda framleiðslugetu hinna ýmsu áfanga verksmiðjunnar í horfi og framleiða kísiljárn í þeim mæli, sem æskilegur er í tæknilegu og efnahagslegu tilliti miðað við aðstæður á hverjum tíma. Framleiðslunni skal hagað í samræmi við þann grundvöll, sem lagður er með tæknisamningnum og sölusamningnum, í öllum atriðum sem við á.
2) Járnblendifélagið skal starfrækt með bestu hagsmuni hluthafa þess, starfsmanna og hins íslenska þjóðfélags fyrir augum.
3) Öllum nettóhagnaði Járnblendifélagsins, sem eigi þarf að verja til endurgreiðslu á lánum og eigi þarf eðlilega á að halda sem varasjóði, rekstrarfé eða til fjárfestingar, eða fyrir starfsemi félagsins og í viðskiptum þess, skal ráðstafað til arðsútborgunar og hann greiddur hluthöfum Járnblendifélagsins, eða lagður til hliðar til síðari greiðslu til hluthafa.

9. gr.
Umhverfis- og öryggismál.

1) Járnblendifélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar af hennar völdum, og hanna mannvirki verksmiðjunnar þannig, að þau fari sem best í umhverfinu.
2) Í samræmi við 11. gr. heimildarlaganna er verið að gera líffræðilega athugun á umhverfi verksmiðjunnar á kostnað Járnblendifélagsins, með hliðsjón af tillögum náttúruverndarráðs, þannig að fylgjast megi með áhrifum verksmiðj-

unnar á lífríkið. Athuguninni skal lokið áður en framleiðsla hefst í verksmiðjunni.

3) Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir á Íslandi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
4) Í samræmi við ákvæði þessarar greinar hefur Járnblendifélagið sótt um starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Járnblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á, svo fljótt sem unnt er.

10. gr.

Starfsfólk.

1) Starfsmenn, sem ES eða dótturfélög ES leggja Járnblendifélaginu til eða láta starfa að efndum á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum og tæknisamningnum, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar né eiga búsetu á Íslandi.
2) Við verksmiðjuna skal starfa samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn Járnblendifélagsins og starfsliði þess, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu Járnblendifélagsins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

11. gr.

Tæknileg aðstoð.

1) ES skal láta Járnblendifélaginu í té nauðsynlega tæknilega þekkingu og reynslu til þess að gera Járnblendifélaginu kleift að takast á hendur að byggja og reka verksmiðjuna og framleiða kísiljárn í verksmiðjunni, með framsali á tæknikunnáttu og með reglubundnum ráðleggingum og aðstoð eins og kveðið er á í 2. og 3. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir.
2) ES skal ennfremur leggja Járnblendifélaginu til eftirfarandi, eins og mælt er um í 1. og 4. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir:
   a) Tækjabúnað þann, sem heyrir til fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar, ásamt fylgitækjum, og teikningar og verklýsingar fyrir verksmiðjuna, svo og kauprétt á öðrum bræðsluofni sömu gerðar og stærðar.
   b) Byggingarstjórnarþjónustu við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar, í samráði við Járnblendifélagið.
3) Að áskildum ákvæðum tæknisamningsins skal sú þekking, þjónusta og önnur aðstoð, sem ES lætur Járnblendifélaginu í té, vera innt af hendi á þann hátt, sem best þjónar hagsmunum Járnblendifélagsins að öllu leyti.

12. gr.

Markaðsmál.

1) Sölu á öllu kísiljárni, sem Járnblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, ber að stunda á þeim grundvelli, sem mælt er um í þessari grein, að áskildum frekari ákvæðum sölusamningsins. ES skal hafa með höndum einkaumboð fyrir Járnblendifélagið til sölu á þessu kísiljárni, að undanskildu kísiljárni, sem selt er á Íslandi til innanlandsnota. Sem einkaumboðsaðili er ES ávallt skuldbundið til þess að gera sitt ítrasta í samræmi við bestu viðskipta- og söluhætti til að vinna að sölu á kísiljárni frá verksmiðjunni og nota til þess sömu atorku og beitt er við sölu á kísiljárni, sem framleitt er í eigin verksmiðjum ES í Noregi.
2) Sala á kísiljárni, sem Járnblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, skal fara fram gegnum sama sölukerfi og ES notar á hverjum tíma við sölu á eigin kísiljárnsframleiðslu og njóta jafnstöðu við þá framleiðslu í eftirfarandi tilliti:

a) Nettó FOB verð til verksmiðju skal vera hið sama fyrir kísiljárn af sama gæðaflokki, að áskilinni leiðréttingu vegna mismunar, sem um kann að vera að ræða á flutningskostnaði frá verksmiðju til kaupanda.
b) Nettó FOB verð til verksmiðju skal ákvarðað út frá brúttóverði til kaupanda, þannig að frá sé dreginn flutningskostnaður frá verksmiðju til kaupanda og sölukostnaður svo sem kostnaður við rekstur á söluskrifstofum, laun umboðsmanna og sölustjórnunarkostnaður. Þessi flutnings- og sölukostnaður skal reiknaður á meðaltalsgrundvelli samkvæmt þeirri meginreglu, að hver verksmiðja skuli bera tiltölulegan hluta hans.
c) Niðurjöfnun á vörusendingum á þeim tímabilum, þegar ekki má búast við að unnt sé að selja alla framleiðsluna vegna neikvæðra aðstæðna á markaðnum. Vörusendingar á þessum tímabilum skulu skornar niður í hlutfalli við reiknaða afkastagetu Járnblendifélagsins og reiknaða afkastagetu ES.

3) Að því er varðar niðurjöfnun á vörusendingum milli ES og Járnblendifélagsins, eins og vísað er til í 2. málsgr. þessarar greinar, skal hin reiknaða afkastageta ES ákvörðuð árlega fyrir hvert komandi almanaksár á grundvelli meðalársframleiðslu á söluhæfu kísiljárni hjá ES á næstliðnum fjórum almanaksárum, í fyrsta sinn miðað við byrjun þess almanaksárs, er fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu. Afkastagetan skal reiknuð sem heildarframleiðsla að frádregnum framleiðsluvörum, sem afhentar eru til notkunar í eigin vinnsluverksmiðjum ES eða verksmiðjum, sem dótturfélög ES eiga og reka. Hin reiknaða afkastageta Járnblendifélagsins skal ákvörðuð á sama hátt frá og með fyrsta árinu eftir að fjögur full almanaksár eru liðin frá því að annar bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu, og skal hún reiknuð sem heildarframleiðsla að frádregnum framleiðsluvörum, sem seldar eru á Íslandi til innanlandsnota. Á tímabilinu fram að því ári skal hin reiknaða afkastageta ákvörðuð eftir bráðabirgðareglum með vísan til þeirra daga, er fyrsti og annar bræðsluofn verksmiðjunnar verða teknir til reglubundinnar starfrækslu, svo sem nánar er mælt um í sölusamningnum. Í sölusamningnum skal jafnframt kveðið á um bráðabirgðareglur, er beita skuli í því tilviki, að ES eða Járnblendifélagið byggi eða eignist nýja bræðsluofna.

4) Í því skyni að styrkja stöðu Járnblendifélagsins á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar ábyrgist ES, að á tímabilinu fram til 30. júní 1982 skuli sala á kísiljárni frá verksmiðjunni á hverju almanaksári ekki vera minni en sem nemur eftirtöldu lágmarksframleiðslumagni, enda nái verksmiðjan þessu framleiðslumarki og hafi að auki komið upp framleiðsluvöruhirgðum í eftirtöldu magni við lok ársins, sem um er að ræða:

	Sala	Birgðir
a) Frá þeim degi, er fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu	20 000 tonn/ári	4 000 tonn
b) Frá þeim degi, er annar bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu	35 000 tonn/ári	7 000 tonn

5) Allt vörumagn, sem reikna þarf samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar greinar, skal reiknað hlutfallslega fyrir brot úr almanaksári (nema birgðir samkv. 4. málsgr.) og jafnframt umreiknað í kísiljárn með 75% kísilinnihaldi eftir því sem nánar er mælt um í sölusamningnum. Þegar rætt er um reiknaða afkastagetu ES og eigin kísiljárnsframleiðslu eða framleiðsluvörur ES í sambandi við þessa grein, er hvarvetna átt við afkastagetu, framleiðslu og framleiðsluvörur kísiljárnverksmiðja, sem ES á að öllu leyti eða að hluta í Noregi eða öðrum löndum utan Íslands, en bá jafnan að því áskildu, að sala á kísiljárni frá viðkomandi verksmiðju fari fram gegnum sama sölukerfi og sala frá kísiljárnverksmiðjum ES í Noregi, sem það á að öllu leyti.

6) Til endurgjalds fyrir umboðsmennsku þá fyrir Járnblendifélagið, sem ES tekur að sér, og jafnstöðu þá, sem Járnblendifélaginu er veitt samkvæmt sölusamningnum, skal Járnblendifélagið greiða ES jöfnunargjald að fjárhæð fjörutíu (40) norskar krónur fyrir hverja lest af kísiljárni (miðað við 75% kísilinnihald), sem seld er frá verksmiðjunni, svo sem nánar er á kveðið í sölusamningnum. Jöfnunargjald þetta ber að greiða frá því að starfræksla hefst í verksmiðjunni og út gildistíma sölusamningsins.
7) Sem einkaumboðsaðila ber ES að halda Járnblendifélaginu svo vel upplýstu sem unnt er um ástand á markaðnum fyrir kísiljárn, og að meta sölugetuna bæði til skamms og langs tíma. Við gerð framleiðslu- og söluáætlana og eftirfarandi endurskoðun þeirra skulu ES og Járnblendifélagið vinna saman í þeim tilgangi að komast að hagkvæmasta skipulagi frá sjónarmiði starfseminnar í heild. ES skal senda Járnblendifélaginu mánaðarlegar skýrslur um framleiðslu, vörusendingar og birgðir hjá eigin kísiljárnverksmiðjum sínum og um magn það, sem selt hefur verið á hinum ýmsu mörkuðum. Eftir ársfjórðung hvern skal ES senda Járnblendifélaginu skýrslu um þau nettó FOB verð, sem náðst hafa á ársfjórðungnum, ásamt markaðsskýrslu um helstu markaði fyrir kísiljárn. ES ber að öðru leyti að veita Járnblendifélaginu jafnóðum upplýsingar um meiriháttar breytingar á markaðsástandi. Allar markaðsupplýsingar, sem Járnblendifélagið fær frá ES eða sölufyrirtækjum þeim, sem ES notar, skulu einvörðungu vera til notkunar fyrir Járnblendifélagið sjálft og eigi látnar uppi við utanaðkomandi aðila.
8) Járnblendifélagið skal jafnan eiga rétt á að láta óháðan löggiltan endurskoðanda, sem það tilnefnir sjálft, kanna skjöl og bækur ES til sannprófunar á þeim upplýsingum, sem ES hefur veitt um sölu og framleiðslu.
9) ES skal eiga rétt til að fela sölu á kísiljárni því, sem Járnblendifélagið framleiðir, í hendur Fesil eða svipuðu sölufyrirtæki, sem ekki er rekið í ágóðaskyni, enda annist þetta sama sölufyrirtæki um sölu á framleiðslu kísiljárnverksmiðja þeirra í Noregi, sem eru í eigu ES að öllu leyti. Sú tilhögun skal ekki valda neinni breytingu á afstöðunni milli ES og Járnblendifélagsins, og einkum skal ákvörðunin á nettó FOB verði til Járnblendifélagsins haldast í samræmi við þær meginreglur, sem um ræðir í stafliðum a) og b) í 2. málsgr. þessarar greinar.

IV. KAFLI
FJÁRMÁLAÁKVÆÐI

13. gr.
Gjaldeyrismál.

1) Greiðslur af hálfu ES til Járnblendifélagsins á kaupverði hlutabréfa í félaginu og annars samkvæmt samningi þessum mega fara fram í þeim frjálsum gjaldeyri og á þann venjulegan hátt um peningasendingar, sem ES kýs. Venjuleg íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem við eiga eftir atvikum, skulu gilda um þessar greiðslur í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt af hendi til einhvers staðar utan Íslands, er óskylt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld. Ákvæði þessi skulu gilda um allar greiðslur af framangreindu tagi, sem ES kann að hlutast til um, að einhver dótturfélög þess greiði fyrir eigin hönd eða fyrir hönd ES.
2) Greiðslur til ES á arði, útlögðu fé, eða annars samkvæmt samningi þessum og samkvæmt tæknisamningnum eða sölusamningnum mega fara fram í norskum krónum eða þeim öðrum frjálsum gjaldeyri og á þann venjulegan hátt um slíkar peningasendingar, sem ES kann að kjósa, og skulu íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem um þær gilda, vera í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt frá stað utan Íslands, er óskylt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld.

14. gr.

Sköttun Járnblendifélagsins.

1) Járnblendifélagið skal greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð á Íslandi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í þessari grein og 16. grein, sbr. 7. og 9. grein heimildarlaganna.
2) Ef íslenskum lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld er breytt frá því, sem í gildi var hinn 26. apríl 1975, skal Járnblendifélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og skal félaginu ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila. Með hliðstæðri starfsemi í þessu sambandi skal telja orkufrekan iðnað og annan meiriháttar framleiðsluiðnað rekinn af aðilum, sem háðir eru almennum skattalögum á Íslandi á viðkomandi starfssviði, en þó að undanskildum iðnaði, sem sérstaklega er helgaður vinnslu íslenskra sjávarafurða og landbúnaðarafurða.
3) Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart Járnblendifélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum íslenskum lögum um þá skatta:

   a) Járnblendifélaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, að því marki, sem um ræðir í 2. málsgr. 17. greinar tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975 (lög nr. 68/1971, með breytingum skv. lögum nr. 7/1972 og öðrum áorðnum breytingum), og eftir þeim reglum, sem gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
   b) Járnblendifélaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsgr. 17. greinar tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.
   c) Járnblendifélaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsgr. D-liðs 1. málsgr. 7. gr. tekjuskattslaga, er í gildi voru hinn 26. apríl 1975.
   d) Járnblendifélagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0,5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum íslenskra skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkvæmt V. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

15. gr.

Um skattskyldu ES á Íslandi.

1) Um skattskyldu ES sem hluthafa í Járnblendifélaginu og að öðru leyti í sambandi við starfsemi þess samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum eða sölusamningnum skal fara eftir ákvæðum samnings milli Íslands og Noregs um að komast hjá tvísköttun, eins og hann er í gildi á hverjum tíma. Jafnframt skulu

eftirfarandi reglur gilda gagnvart ES án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum, sbr. 8. gr. heimildarlaganna, svo og gagnvart dótturfélögum ES, eftir því sem við á:

a) Tekjuskattur ES á arð af hlutafjáreign þess í Járnblendifélaginu, sem kann að vera skattskyldur samkvæmt tekjuskattslögum miðað við 26. apríl 1975 eða síðari lögum, skal vera 5% — fimm af hundraði — nema lögin eða millirikjasamningur milli Íslands og Noregs kveði á um lægra gjald, enda eigi ES þá ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé Járnblendifélagsins. Ber Járnblendifélaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til ES við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til ES, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.

b) ES skal ekki talið hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við Járnblendifélagið, og greiðslur til ES í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi. Hið sama skal gilda um greiðslur fyrir tækjabúnað samkvæmt tæknisamningnum.

16. gr.

Innflutningsgjöld og söluskattur.

1) Innflutningur af hálfu Járnblendifélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðjunnar og reksturs hennar og tengdra mannvirkja, skal undanþeginn íslenskum aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórnin mun einnig fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af efni og þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, innan þeirra marka, sem fjármálaráðuneytið ákveður á hverjum tíma á grundvelli heimildarlaganna.
2) Innflutningur af hálfu Járnblendifélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.
3) Undanþágur þær, sem kveðið er á um í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skulu skilgreindar nánar með reglum, sem fjármálaráðuneytið gefur út, og skal ráðuneytið jafnframt gefa út fyrirmæli um þær verklagsreglur, sem Járnblendifélaginu og verktökum þess og efnisseljendum ber að fylgja til að fá undanþáguna í hverju tilviki.
4) Raforka, sem afhent er til reksturs verksmiðjunnar, skal undanþegin íslenskum söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku og öllum öðrum sköttum eða gjöldum, sem álögð eru á Íslandi nú eða síðar á afhendingu, kaup, notkun eða neyslu rafmagns.
5) Ákvæði 1. og 4. málsgr. þessarar greinar skulu gilda um verksmiðjuna eins og hún er byggð og rekin á grundvelli rafmagnssamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn í samræmi við 1. málsgr. 23. greinar samnings þessa. Ef svo fer, að verksmiðjan verði stækkuð á grundvelli frekari breytinga á rafmagnssamningnum eða frekari rafmagnsafhendingar, sem Járnblendifélagið semur um með öðrum hætti, mun ríkisstjórnin ákveða á þeim tíma, hvort ákvæðin skuli gilda um þá stækkun og að hve miklu leyti.

V. KAFLI
FYRIRHEIT

17. gr.
Ríkisstjórnin.

1) Ríkisstjórnin skal gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru, til að hlutast til um, að Járnblendifélagið efni skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum, fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra.
2) Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til að framkvæma samning þennan, heimildarlögin og samninga þá og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, til að gera ES og öðrum aðilum að samningunum kleift að rækja hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt þeim, og til að tryggja, að síðari tíma löggjöf fari ekki í bága við þá.
3) Ríkisstjórnin mun gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til verndar ES og eignum, réttindum og starfsliði þess, sem á hverjum tíma er á Íslandi eða háð íslenskri lögsögu, og til að tryggja ES tafarlausar og fullar bætur fyrir og vegna allra þeirra eigna eða réttinda, sem skert kunna að verða eða það kann að verða svipt fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar eða einhverrar stjórnardeildar eða stofnunar hennar eða íslenska ríkisins.

18. gr.
ES.

1) ES skal efna hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum, fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra. ES skal hlutast til um, að dótturfélög ES, sem kynnu að taka á sig skuldbindingar samkvæmt umræddum samningum eða á annan hátt gagnvart Járnblendifélaginu eða ríkisstjórninni, efni þær skuldbindingar sínar á sama hátt.

19. gr.
Ýmis ákvæði.

1) Samningur þessi og samningar þeir og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, eru til þess ætluð að veita, staðfesta og vernda hin ýmsu réttindi, heimildir, eignir og hagsmuni ríkisstjórnarinnar, íslenska ríkisins, ES, dótturfélaga ES, Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, nema hið gagnstæða sé sérstaklega tekið fram.
2) Að frátöldu því, sem segir í 22. gr., skulu engin ákvæði samnings þessa eða samninga þeirra og annarra skjala, sem honum eru til fullnustu, valda því eða verða skýrð þannig, að ES eða dótturfélög ES verði talin háð annarri lögsögu en Noregs eða stunda atvinnu annars staðar en í því landi, nema þegar ES eða dótturfélag ES vinnur verkfræðivinnu á verksmiðjulóðinni.
3) Enda þótt hið gagnstæða kynni að felast í samningi þessum, eða í þeim samningum og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu, skal ES eigi þurfa að brjóta eða eiga á hættu að brjóta nokkur lög, reglur, fyrirmæli eða reglugerðir konungsríkisins Noregs eða nokkurrar stofnunar þess eða dómstóls þar í landi. Hið sama skal eiga við um dótturfélög ES gagnvart þeim þjóðlöndum, þar sem þau eru skrásett eða reka atvinnu.

VI. KAFLI
LÖG OG LAUSN DEILUMÁLA

20. gr.
Lög þau, sem fara skal eftir.

1) Um skýringu, túlkun og framkvæmd samnings þessa, tæknisamningsins og sölusamningsins skal fara og ráðast eftir íslenskum lögum.

21. gr.
Viðurkenndir textar.

1) Samningur þessi er gerður bæði á íslensku og ensku, og skulu báðir þeir textar vera viðurkenndir og jafnir að gildi og þýðingu. Tæknisamningurinn og sölusamningurinn skulu báðir gerðir á ensku, og skal sá texti vera hinn viðurkenndi texti þeirra.
2) Samningur þessi, tæknisamningurinn og sölusamningurinn skulu hver um sig undirritaðir og afhentir af samningsaðilum í þremur eintökum af hverjum viðurkenndum texta. Hvert slíkt eintak, sem verið hefur réttilega undirritað og afhent af samningsaðilum, skal vera viðurkennt frumrit og jafnt að gildi á við önnur sams konar eintök, er einnig hafa verið réttilega undirrituð og afhent af samningsaðilum.
3) Þær enskar eða norskar útgáfur, sem ES kann að óska eftir af stofnsamningi og samþykktum Járnblendifélagsins og þeim öðrum samningum og skjölum, sem samningi þessum eru til fullnustu eða til er vísað í honum, skulu gerðar af Járnblendifélaginu. Hið sama skal gilda um íslenskar útgáfur af tæknisamningnum eða sölusamningnum, sem ríkisstjórnin kann að óska eftir.

22. gr.
Deilumál.

1) Ef svo fer á þeim tíma, sem samningur þessi, tæknisamningurinn og sölusamningurinn, eða einhver þeirra, eru í gildi, eða síðar, að ágreiningur eða kröfumál rís af einhverjum samninganna eða í sambandi við þá, skýringu þeirra, merkingu, gildi eða framkvæmd, réttindi eða skyldur samkvæmt þeim, eða efndir eða vanefndir á einhverju af ákvæðum þeirra, skulu viðkomandi aðilar að þeim samningum, sem ágreiningurinn eða kröfumálið hefur risið af, freista þess að leysa málið án tafar með samkomulagi sín í milli.
2) Ef aðilum að ágreiningi eða kröfumáli, sem um getur í 1. málsgr. þessarar greinar, mistekst af einhverjum ástæðum að leysa málið skjótlega með samkomulagi, er hverjum málsaðila heimilt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og ES til lausnar á því með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og ES. Jafnframt þessu er ríkisstjórninni og ES, hvenær sem er, heimilt að krefjast þess, að sérhverjum slíkum ágreiningi eða kröfumáli verði vísað af aðilum málsins til ríkisstjórnarinnar og ES til lausnar með samkomulagi þeirra í milli. Ef ríkisstjórninni og ES tekst ekki af einhverjum ástæðum að leysa með samkomulagi einhvern ágreining eða kröfumál, sem um getur í 1. málsgr. þessarar greinar, skal málinu vísað til dómstóla eins og mælt er um hér á eftir.
4) Ríkisstjórnin og ES samþykkja hér með, að bæjarþing Reykjavíkur skuli eiga fulla lögsögu varðandi sérhvern ágreining eða kröfu, sem um getur í 1. málsgr. þessarar greinar, að áskildu málskoti til Hæstaréttar eftir því, sem heimilt er að lögum. Járnblendifélagið og dótturfélög ES fallast á þessa lögsögu á sama hátt með samþykki sínu við samningi þessum.

5) ES og dótturfélög ES skulu hvert um sig tilnefna skriflega fyrirsvarsmann búsettan á Íslandi, er hafi fullt umboð til að taka við stefnu fyrir þeirra hönd fyrir dómstóla á Íslandi í hverju máli, sem skotið er til þeirra dómstóla í samræmi við 4. málsgr. þessarar greinar, og sérhver slík stefna skal teljast nægilega til lykta leidd er hún hefur verið birt þessum fyrirsvarsmanni á þeim fresti, er lög mæla.
6) Hvers konar mót af hálfu ES eða dótturfélaga ES fyrir íslenskum dómstóli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal vera og teljast sérstakt mót í þeim tilgangi, sem þar er um að ræða, og skal ekki valda því, að ES eða dótturfélög þess verði annars háð íslenskri lögsögu.

VII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

23. gr.
Gildistími samningsins.

1) Samningur þessi skal öðlast gildi þann dag, er ríkisstjórnin og ES hafa undirritað hann og Alþingi hefur samþykkt heimildarlögin af nýju með þeim breytingum, sem taldar eru viðeigandi til þess að tryggja gildi allra ákvæða þessa samnings, og jafnframt að því tilskildu, að samningar þeir, sem taldir eru í stafliðum (a) til og með (e) hér að neðan, hafi verið undirritaðir eða samþykktir í því formi, sem ríkisstjórnin og ES samþykkja, og að þeim aðgerðum, sem vísað er til í stafliðum (f) til og með (i) hér að neðan, hafi verið lokið á grundvelli, sem ríkisstjórnin og ES telja fullnægjandi:

   a) Tæknisamningurinn.
   b) Sölusamningurinn.
   c) Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn.
   d) Lóðarleigusamningurinn.
   e) Helstu ákvæði hafnarsamningsins.
   f) Breytingar á samþykktum Járnblendifélagsins.
   g) Útgáfa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á starfsleyfi til handa Járnblendifélaginu.
   h) Útgáfa Noregsbanka á gjaldeyrisleyfi til handa ES.
   i) Staðfesting af hálfu fjármálastofnana á fyrirheitum um að veita Járnblendifélaginu lán eins og um ræðir í 2. málsgr. 5. gr. samnings þessa.

2) Gildistökudagur samnings þessa, svo sem hann er ákveðinn eftir 1. málsgr. þessarar greinar, skal tiltekinn skriflega og staðfestur með undirskrift ríkisstjórnarinnar og ES. Ef breytingarnar á heimildarlögunum hafa ekki verið samþykktar og þeim málefnum, sem um ræðir í stafliðum (a) til og með (i) í 1. málsgr. þessarar greinar, hefur ekki verið ráðið til lykta í öllum meginatriðum með þeim hætti, sem ríkisstjórnin og ES geta sætt sig við, innan þriggja mánaða frá undirskriftardegi samnings þessa, skal samningur þessi ekki öðlast gildi, nema ríkisstjórnin og ES semji skriflega um annað sín í milli.
3) Frá og með gildistökudegi samnings þessa samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skal samningur þessi haldast í gildi meðan í gildi eru tæknisamningurinn og sölusamningurinn og aðrir samningar milli ES eða dótturfélaga ES og Járnblendifélagsins, sem gerðir eru í þeirra stað eða í svipuðum tilgangi og ríkisstjórnin kann að samþykkja, svo og rafmagnssamningurinn, eða meðan einhverjir þessara samninga eru í gildi, og svo lengi sem ES (eða framsalshafi ES skv. 9. málsgr. 2. gr. eða 26. gr. samnings þessa) er hluthafi í Járnblendifélaginu eða lánardrottinn Járnblendifélagsins vegna hluthafalána eða einhverra svipaðra skuldbindinga eða er aðili að samningum við ríkisstjórnina, sem gerðir eru samningi þessum til

fullnustu, allt eftir því, sem við kann að þurfa vegna þeirra hagsmuna, sem samningi þessum er ætlað að staðfesta og vernda í hverju tilviki.

4) Ákvæði 14., 15. og 16. greinar samnings þessa skulu haldast í gildi um hinn upphaflega samningstíma rafmagnssamningsins og sölusamningsins, sem vísað er til í 7. og 9. málsgr. þessarar greinar, og um þann viðbótartíma annarshvors þessara samninga eða annarra samninga, er leysa þá af hólmi, sem ríkisstjórnin kann að ákveða við samningsframlenginguna eða samningsskiptin. Ef hinn tilgreindi gildistími nefndra ákvæða rennur út, skulu þau eigi að síður gilda áfram að því leyti, sem nauðsynlegt er til að ná tilgangi þeirra varðandi hagsmuni, sem skapast hafa á gildistíma þeirra.
5) Hinn óákveðni gildistími samnings þessa skal hvorki verða til að lengja né breyta á annan hátt neinum gildistíma, sem tilgreindur er í nokkrum öðrum samningum milli ríkisstjórnarinnar, ES, dótturfélaga ES, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar, eftir því sem við á.
6) Svo fremi, að eigi verði skriflega samið um annað milli ríkisstjórnarinnar og ES, skal 3. kafli tæknisamningsins vera í gildi í fimmtán (15) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar.
7) Sölusamningurinn skal haldast í gildi meðan ES er hluthafi í Járnblendifélaginu, en þó ekki í lengri tíma en tuttugu (20) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu ríkisstjórnin og ES þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á sölusamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum, sem báðir geti fellt sig við.
8) Ef sölusamningurinn rennur út, eða gildistíma hans lýkur á annan hátt, og ríkisstjórnin og/eða Járnblendifélagið, eftir því sem við á, æskja þess, að einhver annar aðili en þau sjálf selji framleiðsluvöru Járnblendifélagsins í útflutningssölu frá Íslandi, skal ríkisstjórnin veita, eða sjá til þess, eftir því sem í hennar valdi stendur, að Járnblendifélagið veiti, ES tækifæri til að fá þá samninga, sem ríkisstjórnin, eða eftir atvikum Járnblendifélagið, mundi veita viðvíkjandi útflutningssölu á framleiðsluvörum Járnblendifélagsins, með eigi lakari kjörum og skilmálum en öðrum á að bjóða, áður en öðrum eru gerð nokkur bindandi skilorðslaus tilboð eða veittur samningur.
9) Rafmagnssamningurinn skal haldast í gildi um tuttugu (20) ára skeið frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu Landsvirkjun, Járnblendifélagið og hluthafarnir þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á rafmagnssamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum, sem þessir aðilar geti fellt sig við.

24. gr.

Breytingar og uppsögn.

1) Heimilt er að breyta eða segja upp samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum hvenær sem er, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti, en einungis með skriflegum samningi, sem réttilega er undirritaður og afhentur bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES, svo og Járnblendifélagsins, eftir því sem við á, og að áskildu samþykki Alþingis, ef tilskilið væri samþykki þess í því tilviki, sem um er að ræða.
2) Samningur þessi, heimildarlögin og þeir samningar og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, skulu koma í stað allra fyrri samninga og viljayfirlýsinga. Frá og með þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi, skal hvorugur aðilanna vera bundinn af neinum undanfarandi bréfaskiptum eða viljayfirlýsingum eða af neinu, sem eigi er skriflegt og undirritað af þeim aðila, sem af því skal bundinn, eða felst í heimildarlögunum.

25. gr.

Óviðráðanleg öfl.

1) Ríkisstjórnin og eftir atvikum ES, Járnblendifélagið og dótturfélög ES, skulu ekki bera ábyrgð á neinum drætti eða vanefnd samkvæmt samningi þessum, ef dráttur eða vanefndin stafar af hernaði, eða af efnahagslegu umróti samfara honum; innflutnings- eða útflutningsbanni; skorti á vinnuafli, hráefni eða öðrum vörum, framleiðslutækjum eða flutningum; af vinnudeilum; hvers konar borgaralegum óeirðum; aðgerðum stjórnvalda eða hernaðaryfirvalda; eldsvoða; flóðum; jarðskjálftum; eldgosum; eða af nokkurri annarri ástæðu, hverju nafni sem nefnist, sem er óviðráðanleg þeim aðila, sem sagður er hafa vanefnt eða valdið drætti, og í öllum slíkum tilfellum skal sá aðili, sem vanefnt hefur eða valdið drætti, hefja efndir að nýju svo fljótt sem unnt er, og aðilunum hverjum um sig skal heimilt að grípa til allra aðgerða, er samrýmast samningi þessum, til að forða eða draga úr óhagstæðum áhrifum slíkrar vanefndar eða dráttar. Framanritað skal á sama hátt gilda um alla samninga, sem gerðir eru til fullnustu samningi þessum, þar sem ekki eru ákvæði um óviðráðanleg öfl.
2) Áskilið er og samþykkt, að gagnvart samningi þessum skuli allar aðgerðir íslenska ríkisins og hinna ýmsu stofnana þess taldar vera á valdi ríkisstjórnarinnar, nema ríkisstjórnin geti óvéfengjanlega sannað hið gagnstæða.

26. gr.

Framsal.

1) Samningur þessi verður hvorki framseldur með viljayfirlýsingu samningsaðila eða fyrir tilverknað lagaákvæða, nema til komi áður skriflegt samþykki gagnaðilans í formi breytingar á samningi þessum samkvæmt 1. málsgr. 24. greinar samningsins.
2) Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar skulu ekki verða eða vera talin því til fyrirstöðu, að ES framselji samning þennan einhverju dótturfélaga sinna, að einhverju eða öllu leyti, hvenær sem er, en þó þannig, að ES ber áður að takast á hendur skilorðslaust gagnvart ríkisstjórninni að ábyrgjast fullar og samviskusamlegar efndir af hendi sérhvers slíks framsalshafa.

27. gr.

Tilkynningar.

1) Allar tilkynningar, sem leyft er eða skylt er að senda samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar, og hafi viðtakandi ekki fallist á aðra aðferð, þá skulu þær sendar með símskeyti, er verði staðfest með ábyrgðarbréfi í flugpósti, eða sendandi sjálfur afhenda þær viðtakanda, á þann stað, sem tilgreindur er við nafn hans:

Ríkisstjórnin	Iðnaðarráðherra, Reykjavík, Íslandi.
ES	Elkem-Spigerverket a/s, Middelthunsgate 27, Osló, Noregi.

2) Hvorum samningsaðila er hvenær sem er heimilt að senda hinum aðilanum skriflega tilkynningu um breytingu á heimilisfangi í því tilliti, sem um ræðir í þessari grein.

28. gr.
Ýmislegt.

1) Hinir ýmsu titlar eða fyrirsagnir hinna ýmsu kafla, greina og málsgreina þessa samnings eru eingöngu til hagræðis við tilvísun og skipta eigi máli um skýringu eða túlkun á samningnum.

FRAMANRITUÐU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Gunnar Thoroddsen
iðnaðarráðherra

Fyrir ELKEM-SPIGERVERKET A/S

Karl Lorck
forstjóri

Nd. 188. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er um að ræða framlengingu á innheimtu 18% vörugjaldsins, sem fyrst var lagt á með bráðabirgðalögum í júlí 1975. Sú gjaldheimta átti í fyrstu aðeins að haldast til loka þess árs, en hefur síðan verið framlengd. Hér er um að ræða óeðlilegar og ranglátar álögur á landsmenn. Tekna þeirra, sem vörugjaldið skilar í ríkissjóð, mætti afla með réttlátari og skynsamlegri hætti. Þess vegna mun þingflokkur Alþýðuflokksins greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 15. des. 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 189. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um endurskoðun laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, í því skyni að endurnýja og gera ítarlegri öll ákvæði er varða almennar verslunarauglýsingar. Skal höfuðáhersla lögð á að gera lögin þannig úr garði, að þau feli í sér aukna vernd gegn háþróuðum auglýsingaiðnaði nútímans, með því m. a. að gera ákveðnar kröfur til heiðarleika, siðgæðis, sanninda og látleysis auglýsinga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 96. löggjafarþingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á viðskiptaháttum hér á landi. Hið dæmigerða neysluþjóðfélag blasir við okkur, hvert sem litið er. Þróun þessi hefur verið með ólíkindum hröð hérlendis, jafnvel svo, að þeir sem nú eru á miðjum aldri muna þjóðfélag fátæktar og skorts.

Þó að syrt hafi að um sinn hjá launafólki yfirleitt, er mikil kaupgeta enn áberandi hjá stórum þjóðfélagshópum. Verslun og viðskipti hafa tekið meiri stakkaskiptum á fáum árum heldur en aðrar atvinnugreinar landsmanna.

Flóð auglýsinga vöru og þjónustu er eitt einkenni nútíma viðskiptahátta. Blöð og tímarit, útvarp og sjónvarp flytja viðskiptavinum sínum daglega fjölda þessara auglýsinga í miklu úrvali. Sjónvarp hefur þó algera sérstöðu á þessu sviði sem nýr og einhver áhrifamesti fjölmiðill sem enn er fundinn upp. Framleiðendur, heildsalar og smásalar reyna með þessum hætti að ná athygli almennings, hver í kapp við annan, gylla vöru sína með öllum ráðum.

Auðvitað má segja sem svo, að í þjóðfélagi sem okkar gegni auglýsingar þýðingarmiklu hlutverki, bæði fyrir seljanda og neytanda, en innan hæfilegra marka þó. Auglýsingaflaumur allsnægtaþjóðfélagsins er kominn út fyrir gagnsemismörkin; hann grundvallast á þeirri staðreynd, að þörfum margra er fullnægt og meira en það. Þess vegna þarf að búa til þarfir, einkum þeim til handa, sem best hafa kjörin og mesta kaupgetu. Auglýsingar eru því reknar sem háþróuð vísindi, sálfræði, sem hefur það viðfangsefni að vekja hjá manninum löngun, sem hann fann ekki fyrir áður. Gamlar kennisetningar um lögmál framboðs og eftirspurnar eru fyrir löngu orðnar marklausar að þessu leyti varðandi fjölda fólks. Maðurinn er ekki lengur sjálfráður um þarfir sínar, aðrir búa þær til. Og það á við um sorglega marga.

Lögin um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum eru frá árinu 1933 og hafa að geyma gildandi lagafyrirmæli um auglýsingar. Samkvæmt þessum 42 ára gömlu lögum gilda eftirfarandi reglur um þessi mál, samkvæmt 1. gr.:

a) Hverjum þeim sem selur vöru eða hefur hana á boðstólum er óheimilt að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annars staðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum.

b) Enn fremur er sérstaklega bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár

eða önnur verslunarskjöl. En hvað sé villandi í skilningi laganna er síðan talið upp undir þrem stafliðum, ítarlega og tæmandi.

Samkvæmt 2. gr. laganna er það talið til sérstaks sakarauka, ef þessi villandi auðkenni, sem talin eru upp í 1. gr., eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingarspjöldum, sem mikið ber á.

Að viðbættum nokkrum ákvæðum öðrum í lögunum frá 1933 eru með þessu taldar reglur íslensks réttar um auglýsingar. — ákvæði sem vissulega standa fyrir sínu enn í dag og eru sjálfsögð og eðlileg, en eru á hinn bóginn langt frá nógu ítarleg.

Það gefur auga leið, að auglýsingar þurfa síður en svo að vera „villandi upplýsingar“ eða með skrumi og hæpnum fullyrðingum, þótt þær séu allt að einu óábyggilegar, skaðlegar eða óæskilegar. Eins og áður er sagt hafa auglýsingar tekið æ meira rúm í viðskiptaháttum síðari tíma og auglýsingatækni fleygt svo fram, að brýna nauðsyn ber til að lögfesta ýmis nýmæli í þessum efnum.

Auglýsingar gegna ákveðnu hlutverki, þær njóta viðurkenningar og fyrirgreiðslu þjóðfélagsins, þess vegna hvílir á þeim mikil þjóðfélagsleg ábyrgð. Gildi þeirra byggist á tiltrú neytenda, áhrif þeirra eru mikil og þess vegna nauðsynlegt að vanda til þeirra og koma í veg fyrir allar skaðlegar verkanir og óæskilegan boðskap.

Auglýsingar, hverju nafni sem nefnast, verða að vera heiðarlegar, sannar og ábyggilegar. Þær verða að vera þannig, að þær brjóti aldrei gegn almennu siðgæði. En auk þess skal bent á nokkur atriði til viðbótar.

— Auglýsingar eiga aldrei að vera þess eðlis, að þær færi sér í nyt reynsluleysi eða kunnáttuleysi þeirra, sem þeim er beint til.
— Auglýsingar eiga aldrei að höfða til hjátrúar og því síður til ótta.
— Auglýsingar eiga aldrei að bera með sér staðhæfingar, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir fólki eða vekja upp hugboð, sem er villandi um ástand eða eiginleika.
— Auglýsingar ættu aldrei að sýna eða lýsa atvikum, sem brjóta almennar varúðarreglur eða gætu ýtt undir vanrækslu í þeim efnum. T. d. hvað viðvíkur meðferð á rafmagni, vatni eða eldi, eða umferðarreglum og fyrirmælum stjórnvalda.
— Auglýsingum ætti aldrei að beina til barna eða unglinga. Og ekki ættu þær að bera með sér staðhæfingar eða myndir, sem gætu reynst börnum og unglingum skaðlegar sálrænt og siðferðilega eða hefðu skaðleg áhrif á uppeldi þeirra og afstöðu til uppalenda þeirra.
— Aldrei ættu auglýsingar að færa sér í nyt eðlilega trúgirni barna eða reynsluleysi.
— Auglýsingar ættu aldrei að færa sér í nyt vonir þeirra, sem haldnir eru sjúkdómum eða færa sér í nyt dómgreindarleysi sjúkra og þjáðra með loforðum um lækningu. Varast ætti allar auglýsingar, sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á þá, sem haldnir eru spila- eða veðmálafíkn.

Auðvitað eru atriði þessi ekki tæmandi, heldur tekin af handahófi. Þau ættu á hinn bóginn að vera nokkur vísbending um þau sjónarmið, sem flutningsmaður þessarar tillögu hefur í huga, og til leiðbeiningar fyrir þá sem til endurskoðunarinnar verða valdir, samþykki Alþingi tillöguna.

Segja má, að hver velji og hafni eftir viti og þörfum, því sé öll frekari takmörkun óþörf. En hér er ekki öll sagan sögð. Auk þess bendir margt til þess í auglýsingum okkar, að þær séu blátt áfram forheimskandi og til viðbótar við gróðasjónarmið, án allra takmarkana og siðgæðis, ætti það að nægja til þess að taka málið í heild fastari tökum.“

Sþ. **190. Tillaga til þingsályktunar** [131. mál]

um afurðalán.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að Seðlabankinn hækki afurðalán sín úr 55% í 85%. Þeirri kvöð verði jafnframt létt af viðskiptabönkunum að lána 28% ofan á afurðalánin. Sama regla verði látin gilda um rekstrarlánin og afurðalánin, að Seðlabankinn endurkaupi þau.

Greinargerð.

Með þeirri skipan, sem hér er lagt til, er ríkisbönkunum og útibúum þeirra gert jafnt undir höfði. Þeim er og veitt eðlileg samkeppnisaðstaða við aðra banka eða sparisjóði.

Svæðalegt misrétti, sem stafar af núverandi kerfi, er með öllu óþolandi. Þeir hlutar landsins, er hafa hagstæðasta hlutfallið í þjónustugreinum, búa við besta möguleika bankakerfisins til frjálsrar lánastarfsemi. Á mestu framleiðslusvæðunum verður ástandið verst.

Mismunun innan þeirra svæða er jafnframt ósanngjörn og getur haft byggðaleg áhrif. Tökum dæmi: Á Ísafirði eru tvö útibú ríkisbanka er annast afurðalán fyrir flesta staði á Vestfjörðum. Ofan á afurðalánin, sem fást úr Seðlabankanum, verða útibúin að lána 28%. Þar sem á Vestfjörðum er mikil framleiðsla, skerðir þessi kvöð lánsgetu útibúanna til uppbyggingar á Ísafirði og á sinn þátt í erfiðleikum staðarins varðandi uppbyggingu á þjónustustarfsemi og almenna uppbyggingu. Þeir staðir, sem hafa sparisjóði eða útibú sem ekki þarf að sinna afurðalánum, eru miklu betur settir.

Seðlabankinn hefur fjármagnað afurðalánin með bindiskyldu. Ljóst er að sú prósenta yrði að hækka. Það kemur ólíkt betur út en það kerfi sem nú er í gildi og hlýtur að leiða af sér harkalega mótleiki verði því ekki breytt.

Ríkisbankarnir virðast veita útibúum sínum ákaflega misjafnar heimildir til að skulda aðalbönkum.

Ég vil hér taka sýnishorn eftir kjördæmum af stöðunni hjá útibúum Útvegsbankans og Landsbankans um áramótin 1965 og 1972:

Skuld útibúanna við aðalbankana.

Áramót	Vestfirðir	Austfirðir
1965	181 millj. kr.	295 millj. kr.
1972	179 — —	547 — —

Þess má geta, að árið 1972 nam skuld Landsbankaútibúsins á Akureyri 511 millj. kr.

Vegna hinnar miklu gjaldeyrisöflunar þessara svæða og 28% reglunnar er ekki óeðlilegt að útibúin skuldi aðalbönkunum.

Hér er aftur á móti ekkert samræmi á milli svæða. Það má bæta því við að á Vestfjörðum fækkar fólki, en fjölgar á Austfjörðum. — Á bankapólitíkin þátt í því?

Ed. 191. Nefndarálit [126. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Bragi Sigurjónsson og Ingi Tryggvason.

Alþingi, 16. des. 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, varaform. Ólafur Þ. Þórðarson, frsm. Stefán Jónsson.
Albert Guðmundsson, með fyrirvara. Jón G. Sólnes.

Ed. 192. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Til fundar við nefndina komu starfsmenn fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis og veittu ýmsar upplýsingar. Einnig komu aðilar frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Verslunarráði Íslands. Sérstaklega var fjallað um vandamál iðnaðarins á fundum nefndarinnar.
Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Axel Jónsson.

Alþingi, 16. des. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.

Ed. 193. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Albert Guðmundsson.

Alþingi, 16. des. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 194. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Albert Guðmundsson.

Alþingi, 16. des. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Jón Árm. Héðinsson.
Jón G. Sólnes.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Ed. 195. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi:

Nefndinni er heimilt að stöðva um stundarsakir löndun á loðnu til bræðslu á ákveðnum svæðum. Getur nefndin ákveðið, að slík stöðvun taki einungis til ákveðinna stærðarflokka skipa. Skal nefndin stuðla að dreifingu aflans til fjarlægari hafna með greiðslu flutningastyrkja. Þá er nefndinni heimilt að stöðva allar veiðar á loðnu til bræðslu um stundarsakir, ef fyrirsjáanlegt er að löndunaröngþveiti muni skapast.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú er komið í ljós að bræðsluskipið Norglobal fæst ekki leigt til landsins til loðnubræðslu á næstu vetrarvertíð eins og tvö undanfarin ár. Jafnframt er trúlegt, að þátttaka í veiðunum mun aukast, m. a. vegna miklu hærra verðs á loðnuafurðum en á s. l. vetrarvertíð loðnu, auk þess sem mörg skip hafa verið lengd og yfirbyggð að undanförnu.

Fyrirsjáanlegt er, að mikið misræmi verður milli aflagetu þess flota, sem loðnuveiðar stunda og móttökuskilyrða í landi. Ef ekkert er að gert, munu veiðiskipin að jafnaði halda með aflann til þeirra hafna, sem næst eru veiðisvæðunum og skapast þar svo að segja strax löndunarbið, sem hefði í för með sér að aflinn mundi skemmast eða eyðileggjast.

Til þess að hindra þessa þróun er nauðsynlegt að auka vald loðnunefndar frá því sem nú er.

Því er lagt til að nefndin hafi skýlausa heimild til þess að loka um stundarsakir fyrir móttöku á loðnu til bræðslu í vissum höfnum og beina veiðiskipunum annað með aðstoð flutningastyrkja, í því skyni að dreifa löndduninni, auka þar með nýtingu verksmiðjanna, jafnframt því sem heildarafli mundi aukast verulega og betra og verðmeira hráefni fengist.

Þó er í frumvarpinu lagt til að Loðnunefnd sé heimilt að miða lokun á móttöku loðnu til bræðslu í vissum höfnum við stærð skipa, þannig að minni skipin þurfi ekki að sigla langar leiðir með aflann.

Þá er lagt til að nefndin fái heimild til að stöðva allar veiðar á loðnu til bræðslu um stundarsakir ef fyrirsjáanlegt er að siglingar til fjarlægari hafna eru ómögulegar vegna veðurs, þannig að löndurnaröngþveiti er óumflýjanlegt í þeim löndunarhöfnum, sem næst eru miðunum.

Frumvarpið er flutt að beiðni Félags ísl. fiskmjölsframleiðenda og með samþykki Landssambands ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nd. 196. Frumvarp til laga [133. mál]

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1977 að jafnvirði allt að 9 732 millj. kr.

2. gr.

Af fjáröflun skv. 1. gr. skal 6 870 millj. kr. varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1977. Auk þess er fjármálaráðherra heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 862 millj. kr. á árinu.

3. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1977.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 100 millj. kr., er sveitarfélög bjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1977 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1977. Er leitað heimildar til erlendrar lántöku allt að 9 732 millj. kr., þar af 2 862 millj. kr. til endurlána til Framkvæmdasjóðs og 6 870 millj. kr. til að fjármagna ríkisframkvæmdir. Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og athugasemdum með fjárlagafrumvarpi er gerð nákvæm grein fyrir ráðstöfun þess lánsfjár, sem ætlað er að standa undir opinberum framkvæmdum á næsta ári, og vísast til þess. Nauðsynlegra heimilda til innlendrar fjáröflunar í þessu skyni er leitað í fjárlagafrumvarpinu. Er þar um að ræða 1 700 millj. kr. verðbréfaútgáfu og 3 310 millj. kr. af innheimtu endurlánaðra spariskírteina, sem hækkar í 3 410 millj. kr. vegna breyttra verðlags-

forsendna. Er heildarfjáröflun þannig 10 280 millj. kr. vegna ríkisframkvæmda og endurlána til sveitarfélaga. Af erlendri lántöku til ríkisframkvæmda er gert ráð fyrir að 963 millj. kr. fáist í formi vörukaupalána en 5 907 millj. kr. með öðrum hætti. Á meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjáröflunar til ríkisframkvæmda eftir uppruna fjármagns.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Með þessari grein er leitað heimildar fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast lán til orkuframkvæmda sveitarfélaga á árinu, allt að 700 m. kr., fyrst og fremst vegna hitaveitu á Akureyri.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. laga nr. 20/1976 að öðru leyti en því, að fjárhæðin er nú 100 m. kr. í stað 200 m. kr. í þeim lögum, en sú heimild hefur ekki enn verið notuð.

Lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda 1977

	Erlend vöru-kaupalán	Önnur erlend lántaka	Innlend lántaka	Samtals
A-hluti fjárlaga:				
Laxastigi í Laxá	–	–	75	75
Flugöryggistæki	–	76	–	76
Vegagerð	–	–	1 600	1 600
Landshafnir	–	–	195	195
Hafnargerð við Grundartanga	–	–	150	150
Dýpkunarskip, kaup	225	–	75	300
	225	76	2 095	2 396
B-hluti fjárlaga:				
RARIK, almennar framkvæmdir	254	554	1 065	1 873
Sveitarafvæðing	–	–	200	200
Norðurlína	284	894	–	1 178
Lína Krafla—Eyrarteigur	–	500	–	500
Kröfluvirkjun:				
a. Stöðvarhús og vélar	–	1 876	–	1 876
b. Borholur og aðveitukerfi	–	913	–	913
c. Lína Krafla—Akureyri	–	155	–	155
Járnblendiverksmiðja	–	939	–	939
	538	5 831	1 265	7 634
Samtals A- og B-hluti	763[1])	5 907	3 360	10 030
Endurlán til sveitarfélaga vegna Grundartanga-hafnar			50	
			3 410	

1) Auk þess er gert ráð fyrir 200 m.kr. vörukaupaláni Pósts og síma.

Nd. 197. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess með tilteknum breytingum.

Nefndin fékk á sinn fund Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóra Iðnfræðsluráðs, og sr. Guðmund Sveinsson, rektor Fjölbrautaskólans í Breiðholti í Reykjavík. Magnús E. Guðjónsson kvaðst ekki hafa athugasemdir að gera við frv. sem leiddu til efnis- eða orðalagsbreytinga. Óskar Guðmundsson og sr. Guðmundur Sveinsson töldu eðlilegra að breyta orðalagi 1. gr. frv. (varðar 3. gr. laganna) þannig að skýrt kæmi í ljós að jafnan yrði samræmi í námsskrárgerð venjulegra iðnskóla og iðnfræðslusviðs fjölbrautaskóla. Telur nefndin mikilvægt að slíkt megi verða. Miðar umorðun á fyrra málslið 1. gr. að því að ná sem best því markmiði, þannig að menntamálaráðherra fari eftir reglum um námsskrárgerð samkvæmt iðnfræðslulögum, þegar hann setur reglur um iðnfræðslu í fjölbrautaskólum. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur aðferðarmun, sem nefndinni þykir einfaldari og aðgengilegri.

Þá leggur nefndin til að sett verði í lög ákvæði um námsskrárgerð fyrir aðrar kennslugreinar fjölbrautaskólans, sem ætlað er að veita starfsréttindi. Um það fjallar síðari málsgrein 1. gr. eins og hún hljóðar samkvæmt till. nefndarinnar.

2. gr. frv. miðar að því að koma á „sveigjanleika“ í stofnkostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þegar um fjölbrautaskóla er að ræða. Fellst nefndin á, að slíkur „sveigjanleiki“ eigi rétt á sér í þessu tilfelli, og mælir því með samþykkt 2. gr. óbreyttrar. Svava Jakobsdóttir tekur þó fram, að hún telji nú sem jafnan fyrr, að iðnskóla beri að stofna og að reka að öllu sem ríkisskóla.

Breytingartillögur nefndarinnar er að finna á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1976.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram.
Ey. Kon. Jónsson.	Magnús T. Ólafsson.	Svava Jakobsdóttir.
	Gunnlaugur Finnsson.	

Nd. 198. Breytingartillögur [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Við 3. gr. bætist:

Um iðnám fer eftir námsskrá, sem sett er af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námsskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.

Nd. 199. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin tók frv. til meðferðar á fundi sínum og kvaddi sér til ráðuneytis Hallgrím Dalberg ráðuneytisstjóra og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Eðvarð Sigurðsson og Magnús T. Ólafsson tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Jóhann Hafstein var fjarverandi.

Alþingi, 16. des. 1976.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. | Ellert B. Schram, fundaskr. | Ólafur G. Einarsson.

Stefán Valgeirsson.

Nd. 200. Frumvarp til laga [31. mál]

um byggingu og rekstur dagvistarheimla fyrir börn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. des.)

Samhljóða þskj. 31 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla, nr. 159/1969.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

9. gr. hljóðar svo:

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk eða leyfi til rekstrar dagvistarheimilis skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimilið sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

Ed. 201. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HÁ, JHelg, JGS).

1. Við 1. gr.
a) Eftirfarandi tollskrárnúmer breytast svo:

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
27.16	00	Bitúmenblöndur að meginstofni úr náttúrlegu asfalti, náttúrlegu bitúmeni, jarðolíubitúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. asfaltmastix og "cut backs") ..	35		10		0		0		0	
38.19	35	Prófefni (reagenser)	25		25		25		25		25	
44.15		Krossviður og aðrar áþekkar límdar trjávörur (þar með talinn spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur); innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri):										
	10	— Krossviður, eingöngu gerður úr viðarþynnum	15		0		0		0		0	
	20	— Aðrar áþekkar límdar plötur	15		0		0		0		0	
	30	— Annað	15		0		0		0		0	
44.16	00	Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum	30		0		0		0		0	
44.17	00	Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar	30		0		0		0		0	
44.18	00	Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar	15		0		0		0		0	
48.09	10	— Byggingarplötur úr pressuðum trefjum (hardboard)	15		0		0		0		0	
	20	— Aðrar	15		0		0		0		0	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
53.11		Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári:										
	10	— Vefnaður úr kembdri ull eða kembdu fíngerðu dýrahári sem í er 85% eða meira að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári ..	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	20	— Vefnaður úr greiddri ull eða greiddu fíngerðu dýrahári sem í er 85% eða meira að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	30	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári, blandað að mestu eða eingöngu með endalausum syntetiskum trefjum ..	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	40	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári, blandað að mestu eða eingöngu með stuttum syntetiskum trefjum ..	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	50	— Annar	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
55.09		Annar vefnaður úr baðmull:										
	20	— Annar vefnaður sem í er 85% eða meira að þunga af baðmull	14	8	4	0	0		0		0	
	40	— Annar vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af baðmull	14	8	4	0	0		0		0	
56.05												
	19	— Annað	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	20	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	30	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	40	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, öðr-										

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
		um en baðmull, ull eða fíngerðu dýrahári	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
		— Garn sem í er 85% eða meira að þunga af stuttum uppkembdum trefjum:										
	59	— Annað	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	60	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	70	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
		— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, eingöngu með trefjum öðrum en baðmull, ull eða fíngerðu dýrahári:										
	89	— Annað	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
56.07												
	10	— Vefnaður sem í er 85% eða meira að þunga af stuttum syntetískum trefjum	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	20	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	30	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	40	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	50	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, blandað að mestu eða										

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
		eingöngu með trefjum öðrum en baðmull, ull, fíngerðu dýrahári eða endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	60	— Vefnaður sem í er 85% eða meira að þunga af stuttum uppkembdum trefjum	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	70	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	80	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	85	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingnögu með endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	90	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með trefjum öðrum en baðmull, ull, fíngerðu dýrahári eða endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
57.06	00	Garn úr jútu og öðrum basttrefjum sem teljast til 57.03	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
58.04	21	— — Molskinn	17	10	5	0	0		0		0	
	29	— — Annar	17	10	5	0	0		0		0	
59.03	01	— Trefjadúkur	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
68.09	00	— Plötur, flísar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinarikinu	35		0		0		0		0	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
84.17	22	— — Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur ..	7		4		4		2		2	
84.18	11	— — Mjólkurskilvindur ...	7		4		4		2		2	
84.24	10	— Plógar	7		4		4		2		2	
	20	— Vélar til sáningar, plöntunar og umplöntunar; áburðar- og mykjudreifarar	7		4		4		2		2	
		— Vélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg (einnig hjá plöntum) og reyta illgresi; herfi:										
	31	— — Herfi	7		4		4		2		2	
	39	— — Aðrar	7		4		4		2		2	
		— Aðrar vélar og tæki:										
	41	— — Áburðardreifarar ...	7		4		4		2		2	
	49	— — Annars	7		4		4		2		2	
	50	— Hlutar	7		4		4		2		2	
84.25	20	— Sambyggðar uppskeru- og þreskivélar	7		4		4		2		2	
		— Aðrar uppskeruvélar og þreskivélar; slátturvélar, aðrar en garðsláttuvélar; hálm- og fóðurpressur:										
	31	— — Slátturvélar, aðrar en garðsláttuvélar	7		4		4		2		2	
	32	— — Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	7		4		4		2		2	
	33	— — Rakstrar- og snúningsvélar	7		4		4		2		2	
	39	— — Annars	7		4		4		2		2	
		— Vélar til hreinsunar á fræi, korni og belgávöxtum og flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu:										
	41	— — Flokkunarvélar	7		4		4		2		2	
	49	— — Aðrar	7		4		4		2		2	
	59	— — Aðrir	7		4		4		2		2	
84.26	10	— Mjaltavélar	7		4		4		2		2	
		— Aðrar mjólkurbúsvélar:										
	21	— — Mjólkurvinnsluvélar .	7		4		4		2		2	
	29	— — Annars	7		4		4		2		2	
	30	— Hlutar	7		4		4		2		2	
84.28	10	— Vélar og tæki	7		4		4		4		4	
	20	— Hlutar	7		4		4		4		4	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
84.30	15	— Flökunarvélar, flutningsvélar, sildarsöltunarvélar, roðflettingarvélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	7	2	6	2	4	0	4	0	4	0
b) Við bætist eftirfarandi ný tollskrárnúmer:												
38.19												
	41	— Jónskiptar			0		0		0		0	
	42	— Fljótandi polyklórdifenílar, fljótandi klórparafínar, blandaðir polyethylenglykolar			0		0		0		0	
	43	— Emulgatorar			0		0		0		0	
	44	— Samsett fylliefni og yfirborðsmeðhöndluð fylliefni til málningargerðar			0		0		0		0	
	45	— Efnablöndur til málmhúðunar með rafgreiningu			0		0		0		0	
	46	— Hitakeilur (úr leir til hitamælinga í leirbrennsluofnum)			0		0		0		0	
c) Fyrirsögn XIV. flokks orðist svo: Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; glysvarningur (imitation jewellery); mynt.												
d) Tollskrárnúmer 84.15 32 falli niður. Tollskrárnúmer 84.15 33 verði tollskrárnúmer 84.13.32 og tollskrárnúmer 84.15.34 verði tollskrárnúmer 84.15.33. Önnur undirnúmer í 84.15 breytast svo: Aftan við orðið „hlutar“ komi: (Þar með taldir eimarar og þéttar):												
84.15	41	Til véla í tollskrárnúmer 84.15 10 og 84.15 20	50		50		50		50		50	
	42	Til véla í tollskrárnúmer 84.15.31 og 84.15.32	35		35		35		35		35	
	49	Aðrir	0		0		0		0		0	

2. Við 3. gr.
a) Í stað orðsins „fjártryggingu“ í 4. tl. komi orðið: tryggingu.
b) Við 12. tl. bætist svo hljóðandi málsgrein:
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.

3. Við 40. gr. Við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hafi innflytjandi, áður en lög þessi öðlast gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, skal, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunum samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri aðflutningsgjöld, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 10 daga frá gildistöku laganna.

Ed. 202. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta tollafrv. er það þriðja, er fram kemur frá 1970 vegna aðildar Íslands að EFTA og er í samræmi við samninga um tollalækkanir milli aðildarríkjanna. Alþýðuflokkurinn styður því meginefni þessa frv. Frv. gerir ráð fyrir lækkun tolla í áföngum á næstu 4 árum og mun tollur á mörgum vélum og efni til iðnaðarins verða 0 árið 1980.

Þótt þessi breyting til lækkunar tolla sé í rétta átt, vantar enn mikið á, að eðlileg samræming sé í tollum hér á landi. Þetta er viðurkennt í athugasemdum við frv. á bls. 253, en þar segir: „Þá er og ljóst að þrátt fyrir að frv. þetta geri ráð fyrir verulegum tollalækkunum á næstu 4 árum verður tæplega hjá því komist að endurskoða enn frekar hæstu fjáröflunartolla til lækkunar á því tímabili."

Undirritaður vill undirstrika efni þessarar málsgreinar, og það er krafa þingmanna Alþfl. að staðið verði við að framkvæma boðaða endurskoðun og endurmat á fjáröflunartollum fyrir ríkissjóð.

Það er ekki lengur viðunandi að sjá mörg brýnustu heimilistækin í hæstu tollflokkum (80%) þegar margvíslegar miður nauðsynlegar vörur eru í 35% tollflokki eða minna.

Þá hefur ekki verið áætlað hvað tollalækkanir frv. gilda í vísitölu framfærslukostnaðar. Hins vegar er það rækilega undirstrikað að áhrif tollalækkana frv. muni rýra tekjur ríkissjóðs um liðlega þúsund milljónir króna.

Undirritaður telur að með lögfestingu 18% vörugjalds og eins að nú fellur allur söluskattur óskiptur í ríkissjóð sé tekjuþörf ríkissjóðs vel mætt, ef á annað borð sé um stjórnun á fjármálum ríkisins að ræða.

Alþingi, 15. des. 1976.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 203. Lög [11. mál]

um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Afgreidd frá Ed., 16. des.)

Samhljóða þskj. 152.

Ed. 204. Lög [12. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74 21. ágúst 1974.

(Afgreidd frá Ed., 16. des.)

Samhljóða þskj. 140 (sbr. 12).

Ed. **205. Lög** [13. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Afgreidd frá Ed., 16. des.)

Samhljóða þskj. 141 (sbr. 13).

Nd. **206. Lög** [25. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

(Afgreidd frá Ed., 16. des.)

Samhljóða þskj. 109 (sbr. 25).

Nd. **207. Lög** [58. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed., 16. des.)

Samhljóða þskj. 60.

Ed. **208. Nefndarálit** [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og mælir með samþykkt þess, með breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, með fyrirvara.
Helgi F. Seljan, með fyrirvara.	Jón Helgason, með fyrirvara.	Ólafur Þórðarson.

Ed. **209. Breytingartillaga** [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Fyrir „fasteignir“ komi: byggingar.

Ed. 210. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi þessu eru tollar lækkaðir af ýmsum ástæðum: sumpart vegna samninga Íslands við EFTA og EBE og sumpart til að styrkja stöðu íslensks iðnaðar með lækkun tolla á hráefni, vélum, rekstrarvörum og fjárfestingarvörum til iðnaðarframleiðslu innanlands. Minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar telur, að hin síðarnefnda tegund tollalækkana eigi fyllsta rétt á sér og sé sjálfsögð nauðsyn, en hin fyrri, þ. e. lækkun tolla vegna aðildar Íslands að EFTA og EBE, þurfi nánari athugunar við.

Hinn 28. október s. l. sendi Félag ísl. iðnrekenda bréf til viðskiptaráðuneytisins, þar sem minnt var á margítrekaðar óskir íslenskra iðnrekenda um framlengingu aðlögunartíma að EFTA og EBE fyrir allar greinar iðnaðarins, þar sem í ljós hafi komið, að grundvöllur nauðsynlegrar uppbyggingar á aðlögunartímanum hafi ekki verið fyrir hendi. Bréf þetta er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Í svari Þórhalls Ásgeirssonar, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, dagsettu 29. okt. s. l., til Davíðs Sch. Thorsteinssonar, formanns Félags ísl. iðnrekenda, segir m. a., að ráðuneytisstjórinn sé sannfærður um „að það sé hægt að fá samþykki a. m. k. EFTA fyrir því að framlengja aðlögunartíma fyrir ákveðnar vörutegundir, ef sýnt er fram á það með skýrum rökum og upplýsingum, **að tollalækkanir hefðu valdið miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein, sem við teldum æskilegt að vernda.**“

Í svarbréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda, dagsettu 5. nóv. s. l., til ráðuneytisstjórans er varað við því, að beðið sé eftir því að tollalækkanir valdi „miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein“, sbr. fyrrnefnd orð úr bréfi viðskiptaráðuneytisins, og bendir formaður Félags ísl. iðnrekenda á, að of seint sé að sækja um framlengingu eða „byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í“.

Í þessu bréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda koma m. a. fram þessar athyglisverðu upplýsingar:

„Útflutningur til EFTA/EBE án áls hefur **aukist um 577 m.kr.** milli áranna 1974 og 1975, **en innflutningur frá sömu ríkjum hefur aukist um 6 053 m.kr.**, og hlutdeild þess innflutnings, sem fær EFTA/EBE tollmeðferð, í almennum vöruinnflutningi var 20.5% 1975 samanborið við 14.5% 1974. Á sama tíma jókst hlutdeild útflutnings iðnaðarvara (án áls) til EFTA og EBE í heildarútflutningi landsmanna einungis úr 3% í 3.3%.

Tel ég þessar tölur sýna betur en mörg orð hverj stefnir og að markmið aðildar að EFTA og samnings við EBE, sem var að byggja upp iðnað á Íslandi, hefur ekki náðst. Virðast iðnfyrirtæki annarra aðildarríkja EFTA og EBE á hinn bóginn hafa hagnast vel á EFTA-aðild Íslands og samningi þess við EBE.“

Í samræmi við þessar ábendingar Félags ísl. iðnrekenda er það skoðun undirritaðs að frekari tollalækkanir frá ríkjum EBE og EFTA séu ekki tímabærar og þurfi að skoðast betur í ljósi þeirra vandamála, sem steðja að íslenskum iðnaði. Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við frv. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækkanir á tollum, sem stafa af aðild Íslands að EFTA og EBE, koma ekki til framkvæmda að svo stöddu. Ríkisstjórnin skal leita eftir því, að aðlögunartími íslensks iðnaðar gagnvart samkeppni frá EFTA- og EBE-löndum verði framlengdur, og leggja nýtt frumvarp til tollalaga fyrir Alþingi, þegar fengin er niðurstaða af þeirri umleitan. Aðrar lækkanir á tollum, m. a. á rekstrarnauðsynjum og fjárfestingarvörum íslensks iðnaðar, koma þegar til framkvæmda.

Jafnframt áskil ég mér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 16. des. 1976.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Viðskiptaráðuneytið
Arnarhváli
Reykjavík

28.10.76

Vegna fyrirspurnar hr. ráðuneytisstjóra Þórhalls Ásgeirssonar til formanns F. Í. I., Davíðs Sch. Thorsteinssonar, í gær um fyrir hvaða greinar iðnaðarins komi helst til greina að sækja um framlengingu á aðlögunartíma að EFTA og EBE, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Vér teljum að röksemdir þær, sem fram komu í hinni formlegu umleitan vorri til ríkisstjórnar Íslands, dags. 20.09.74, um framlengingu á aðlögunartíma, séu enn í fullu gildi.
2. Nýjustu tölur um þróun í afkomu framleiðsluiðnaðarins, sem fylgja hjálagðar, leiða í ljós þá staðreynd, að grundvöllur nauðsynlegrar uppbyggingar á aðlögunartímanum hefur ekki verið fyrir hendi. Afkoma framleiðsluiðnaðarins er enn verri árið 1975 en árin 1973 og 1974.

Íslendingar gengu í EFTA og gerðu samning við EBE í þeim tilgangi að auka útflutning iðnaðarvara. Þróun íslensks efnahagslífs og óviðunandi aðbúnaður iðnaðarins er meginorsök þess, að þróun í iðnaði og þar með aukning útflutningsiðnaðarvara hefur ekki orðið meiri en raun ber vitni.

Af þessum ástæðum teljum vér nauðsynlegt að sótt verði um framlengingu á aðlögunartíma fyrir allar greinar iðnaðarins.

Virðingarfyllst,

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Davíð Sch. Thorsteinsson,
formaður.

Ed. 211. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 95 31. desember 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

3. grein laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Hjá þeim, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

a. Hjá einsaklingum með tekjur til útsvars kr. 320 000 eða lægri og hjá hjónum með tekjur til útsvars kr. 570 000 eða lægri skal álag þetta alveg falla niður.
b. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til kr. 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
c. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 000 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.
d. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum b.- og c. liða skal að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um breytingu á lögum nr. 95 31. desember 1975 um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breytingu á 3. gr. laga nr. 95, 31. desember 1975 um álagningu og innheimtu svokallaðs sjúkratryggingagjalds á árinu 1976. Í

ljós hefur komið, að skýr ákvæði vantar í lögin um það, hvaða aðili skuli leggja umrætt gjald á og að álag þetta hefur verið lagt á tekjulitla elli- og örorkulífeyrisþega, en það var hins vegar ekki tilgangur laganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

3. grein laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Hjá þeim, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

a. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars kr. 320 000 eða lægri og hjá hjónum með tekjur til útsvars kr. 570 000 eða lægri skal álag þetta alveg falla niður.
b. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til kr. 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
c. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 100 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.
d. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum b.- og c. liða skal að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 6. ágúst 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Sþ. 212. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1976 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 24. janúar 1977.

Ed. 213. Breytingartillögur [119. mál]

við frumvarp til laga um tollskrá o. fl.

Frá Albert Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   a) Eftirtalin tollskrárnúmer breytast svo:

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
30.05		Aðrar vörur til lækninga ..	35		15		15		15		15	
33.06	12	Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur í settum falli niður.										
44.04		Trjábolir, kantaðir á tveim eða fjórum hliðum, en ekki frekar unnir:										
	10	Trjábolir af barrtrjám	25		12		8		4		0	
	20	Trjábolir af öðrum trjátegundum	25		12		8		4		0	
44.05		Trjáviður, sagaður eftir endilöngu, flettur eða birktur, en ekki frekar unninn, meira en 5 mm að þykkt:										
	11	Þilfarsplankar úr „Oregonpine", „pitchpine" eða „douglas-fir", 75X125 eða stærri ..	15		12		8		4		0	
	19	Annar	25		12		8		4		0	
82.09		Hnífar, sem ekki teljast til nr. 82.06, með skerandi eða sagtenntri egg:										
	09	Aðrir	80		25		25		25		25	
84.30	15	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingavélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	7	2	0	0	0	0	0	0	0	0
85.06		Rafmagnsknúin búsáhöld með innbyggðum rafmagnshreyfli:										
	20	Loftræstitæki og herbergisviftur	80		18		12		7		0	
87.02	31	Almenningsbifreiðar, þ. e.										
	32	grindur með hreyfli og ökumannshúsi, verði:										
		Grindur með hreyfli			30		25		25		25	
87.14		Önnur ökutæki án drifs og hlutar til þeirra:										
	49	Aðrir	30		30		30		30		30	
91.01		Vasaúr, armbandsúr og önnur svipuð úr	35		10		10		10		10	
90.17	20	Tæki og áhöld til tannlækninga	35		15		15		15		15	

		Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
		A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
				%	%	%	%	%	%	%	%
94.02	**Húsgögn fyrir læknisaðgerðir, þar með taldar tannlæknis- og dýralæknisaðgerðir o. fl.**	35		15		15		15		15	

2. Við 3. gr.
   a. Við 41. tl. „Að lækka toll úr 90% í 40%“ verði: Að lækka toll úr 90% í 30%.
   b. Við 54. tl. Í stað orðanna „Að endurgreiða eða lækka í 50%“ komi: að fella niður.
3. Við 4. gr.
   1. mgr. Á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5%“ komi: Ef um er að ræða muni sem sendir hafa verið utan til viðgerðar á göllum sem seljandi ber ábyrgð á, skal aðeins krafist tolls af flutningskostnaðinum, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.
4. Við 10. gr.
   Síðustu mgr. Í stað orðanna „og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar“ komi: skal tollyfirvald lækka tollverð vörunnar.
5. Við 20. gr.
   2. mgr. falli niður.
6. Við 21. gr.
   2. mgr. Í stað orðsins „fjártryggingu“ komi orðið: tryggingu.
7. Við 23. gr.
   Í niðurlagi falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila“.
8. Við 36. gr.
   Greinin falli niður.

Ed. 214 Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Jóni G. Sólnes og Jóni Helgasyni.

Við 3. gr. 27. tölulið:

a. Í stað „400“ komi 350.
b. Í stað „80“ komi 150.
c. Í stað „120“ komi 450.
d. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má þó ekki vera hærri en 500 þús. kr. Ákvæði þetta gildir þó eigi um þær 25 bifreiðar sem getið er um hér að framan.

Nd. 215. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 76/1975) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota

innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Ed. 216. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 67 20. apdíl 1971 um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Aftan við 40. grein komi ný 41. gr., svo hljóðandi:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur og 45. gr. nær ekki til, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

3. mgr. 46. gr., hefjist svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, annarra en ríkisspítalanna, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. grein tekur til, ásamt gjaldskrám sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Ný 4. mgr. 49. greinar hljóði svo:

Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hlutfallslegan kostnað hvers sjúkrasamlags af sjúkrahúsvist og gera tillögur um, hvernig jafna megi þann kostnað milli einstakra sjúkrasamlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1977 skal álagningaraðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar.
2. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tl. til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Heildarkostnaður við sjúkratryggingar á árinu 1977 er áætlaður að óbreyttum reglum 14 818 m.kr. á verðlagi fjárlagafrumvarps. Samkvæmt gildandi reglum ber sveitarfélögum að greiða 10% af tilteknum kostnaðarliðum sjúkratryggingganna, en nokkra kostnaðarliði ber ríkið að fullu. Að meðaltali hefur hlutur sveitarfélaganna miðað við heildarkostnaðinn verið mjög stöðugur á síðari árum, eða 7, 4%. Yrði kostnaðarhluti þeirra á árinu 1977 1 097 m.kr. skv. frumvarpsdrögum, en þar er að auki reiknað með því, að 1 200 m.kr. af útgjöldum sjúkratrygginga verði borinn af „sjúkragjaldi" (1% af útsvarsstofni með vissum undanþágum) eða með öðrum hætti í þess stað. Gjaldtaka þessi og raunar fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginga hefur sætt gagnrýni af hálfu sveitarfélaga vegna skorts á samræmi stjórnunaraðildar og fjárhagslegrar ábyrgðar.
2. Þessa gagnrýni má að ýmsu leyti telja eðlilega, og væri til mikilla bóta að auka slíkt samræmi. Í þessum tilgangi er sett fram sú hugmynd, að ríkið beri allan kostnað af þeim stofnunum, sem stjórnað er af ríkisaðilum, og er hér um að ræða ríkisspítalana. Þessar stofnanir myndu færast í A-hluta fjárlaganna og yrðu kostaðar af beinum fjárveitingum. Féllu þær þannig út úr daggjaldakerfinu. Annar kostnaður sjúkratrygginganna yrði borinn sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, en að sjálfsögðu breyttist þátttökuhlutfall hvors aðila í því, sem þá væri eftir. Hlutföllin yrðu 85% fyrir ríkissjóð og 15% fyrir sveitarfélög. Er hér eingöngu um skipulagsbreytingu að ræða, sem miðar að meiri samræmingu stjórnunarhlutdeildar og fjárhagslegrar ábyrgðar.
3. Aðstaða landsmanna til að njóta ókeypis þjónustu á ríkissjúkrahúsunum er afar misjöfn. Rétt þykir að kannað verði nánar, hve mikið þessi aðstöðumunur vegur í kostnaði sjúkrasamlaganna af sjúkrahúsvist, og að gerðar verði tillögur, sem stefna að jöfnuði, komi það í ljós, að um verulega hagsmuni sé þarna að tefla.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er talið að innheimta á árinu 1977 gjald hliðstætt sjúkratryggingagjaldi því, sem innheimt var 1976 skv. ákvæðum 3. gr. laga 95 31. desember 1975.

Lagt er til að eftirgreindar breytingar verði lögfestar á álagningu og innheimtu gjaldsins frá því, sem var 1976:

1. Álagning gjaldsins fylgi sömu reglum og álagning útsvars, þannig að aðrir greiði ekki þetta gjald en þeir, sem útsvar greiða. Af þessu leiddi m. a. það, að afsláttur eða niðurfelling á álögðu útsvari hefur í för með sér tilsvarandi afslátt eða niðurfellingu á sjúkratryggingagjaldinu.
2. Innheimtumenn ríkissjóðs hafi innheimtuna með höndum í stað álagningaraðila útsvara.

Sþ. 217. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um landhelgismál.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillöguna. Meiri hlutinn mælir með því að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar,** en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 17. des. 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form. Friðjón Þórðarson, fundaskr. Guðmundur H. Garðarsson, frsm.

Jóhann Hafstein. Tómas Árnason.

Sþ. 218. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda alþjóðasamning um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundum sínum og mælir einróma með samþykkt hennar.

Alþingi, 17. des. 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form., frsm.
Friðjón Þórðarson, fundaskr.
Guðmundur H. Garðarsson.
Gils Guðmundsson.
Tómas Árnason.
Benedikt Gröndal.
Jóhann Hafstein.

Ed. 219. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálaráðherra.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „Eigi er þó heimilt“ kemur: á árinu 1977.

Sþ. 220. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um landhelgismál.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir leggjum til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1976.

Gils Guðmundsson, frsm.
Benedikt Gröndal.

Nd. 221. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 222. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 223. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 224. Nefndarálit [126. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og mælir með því að það verði samþykkt. Magnús Kjartansson og Pétur Sigurðsson voru fjarverandi vegna lasleika.

Alþingi, 17. des. 1976.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Ingvar Gíslason.
Benedikt Gröndal, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 225. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Albert Guðmundssyni.

Aftan við almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Ekki skal beita samtollun við tollafgreiðslu vöru úr tollvörugeymslum, heldur skal farið eftir tollskrárnúmerum, flokkist vara undir sérstakt tollskrárnúmer.

Ed. **226. Frumvarp til laga**

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 147 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. breytast svo:

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
27.16	00	Bitúmenblöndur að meginstofni úr náttúrlegu asfalti, náttúrlegu bitúmeni, jarðoliubitúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. asfaltmastix og "cut backs")	35		10		0		0		0	
38.19	35	Prófefni (reagenser)	25		25		25		25		25	
44.15		Krossviður og aðrar áþekkar límdar trjávörur (þar með talinn spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur); innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri):										
	10	— Krossviður, eingöngu gerður úr viðarþynnum	15		0		0		0		0	
	20	— Aðrar áþekkar límdar plötur	15		0		0		0		0	
	30	— Annað	15		0		0		0		0	
44.16	00	Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum ..	30		0		0		0		0	
44.17	00	Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar	30		0		0		0		0	
44.18	00	Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar	15		0		0		0		0	
48.09	10	— Byggingarplötur úr pressuðum trefjum (hardboard) ..	15		0		0		0		0	
	20	— Aðrar	15		0		0		0		0	
53.11		Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári:										
	10	— Vefnaður úr kembdri ull eða kembdu fíngerðu dýrahári sem í er 85% eða meira að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0

		Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
		A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
				%	%	%	%	%	%	%	%
	20 — Vefnaður úr greiddri ull eða greiddu fíngerðu dýrahári sem í er 85% eða meira að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	30 — Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári, blandað að mestu eða eingöngu með endalausum synteiskum trefjum	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	40 — Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári, blandað að mestu eða eingöngu með stuttum syntetískum trefjum	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
	50 — Annar	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
55.09	Annar vefnaður úr baðmull:										
	20 — Annar vefnaður sem í er 85% eða meira að þunga af baðmull	14	8	4	0	0		0		0	
	40 — Annar vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af baðmull	14	8	4	0	0		0		0	
56.05											
	19 — Annað	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	20 — Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	30 — Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	40 — Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetískum trefjum, öðrum en baðmull, ull eða fíngerðu dýrahári	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	— Garn sem í er 85% eða meira að þunga af stuttum uppkembdum trefjum:										

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
	59	— Annað	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	60	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
	70	— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
		— Garn sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, eingöngu með trefjum öðrum en baðmull, ull eða fíngerðu dýrahári:										
	89	— Annað	7	2	4	0	4	0	4	0	4	0
56.07												
	10	— Vefnaður sem í er 85% eða meira að þunga af stuttum syntetiskum trefjum	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	20	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	30	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, blandað eð mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	40	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	50	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum syntetiskum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með trefjum öðrum en baðmull, ull, fíngerðu dýrahári eða endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
	60	— Vefnaður sem í er um 85% eða meira að þunga af stuttum uppkembdum trefjum	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	70	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með baðmull	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	80	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með ull eða fíngerðu dýrahári	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	85	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
	90	— Vefnaður sem í er minna en 85% að þunga af stuttum uppkembdum trefjum, blandað að mestu eða eingöngu með trefjum öðrum en baðmull, ull, fíngerðu dýrahári eða endalausu tilbúnu spunaefni	14	8	11	4	7	0	7	0	7	0
57.06	00	Garn úr jútu og öðrum basttrefjum sem teljast til 57.03	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
58.04	21	— — Molskinn	17	10	5	0	0		0		0	
	29	— — Annar	17	10	5	0	0		0		0	
59.03	01	— Trefjadúkur	17	10	13	5	9	0	9	0	9	0
68.09	00	— Plötur, flísar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu	35		0		0		0		0	
84.17	22	— — Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur)	7		4		4		2		2	
84.18	11	— — Mjólkurskilvindur	7		4		4		2		2	
84.24	10	— Plógar	7		4		4		2		2	
	20	— Vélar til sáningar, plöntunar og umplöntunar;										

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E	A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
		áburðar- og mykjudreifarar	7		4		4		2		2	
		— Vélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg (einnig hjá plöntum) og reyta illgresi; herfi:										
	31	— — Herfi	7		4		4		2		2	
	39	— — Aðrar	7		4		4		2		2	
		— Aðrar vélar og tæki:										
	41	— — Áburðardreifarar	7		4		4		2		2	
	49	— — Annars	7		4		4		2		2	
	50	— Hlutar	7		4		4		2		2	
84.25	20	— Sambyggðar uppskeru- og og þreskivélar	7		4		4		2		2	
		— Aðrar uppskeruvélar og þreskivélar; sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar; hálm- og fóðurpressur:										
	31	— — Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar	7		4		4		2		2	
	32	— — Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	7		4		4		2		2	
	33	— — Rakstrar- og snúningsvélar	7		4		4		2		2	
	39	— — Annars	7		4		4		2		2	
		— Vélar til hreinsunar á fræi, korni og belgávöxtum og flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu:										
	41	— — Flokkunarvélar	7		4		4		2		2	
	49	— — Aðrar	7		4		4		2		2	
	59	— — Aðrir	7		4		4		2		2	
84.26	10	— Mjaltavélar	7		4		4		2		2	
		— Aðrar mjólkurbúsvélar:										
	21	— — Mjólkurvinnsluvélar	7		4		4		2		2	
	29	— — Annars	7		4		4		2		2	
	30	— Hlutar	7		4		4		2		2	
84.28	10	— Vélar og tæki	7		4		4		4		4	
	20	— Hlutar	7		4		4		4		4	
84.30	15	— Flökunarvélar, flutningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	7	2	6	2	4	0	4	0	4	0

			Núverandi tollur A	E	Frá 1/1 1977 A	E	Frá 1/1 1978 A	E	Frá 1/1 1979 A	E	Frá 1/1 1980 A	E
					%	%	%	%	%	%	%	%
b) Við bætist eftirfarandi ný tollskrárnúmer:												
38.19												
	41	— Jónskiptar			0		0		0		0	
	42	— Fljótandi polyklórdifenílar, fljótandi klórparafínar, blandaðir polyethylenglykolar			0		0		0		0	
	43	— Emulgatorar			0		0		0		0	
	44	— Samsett fylliefni og yfirborðsmeðhöndluð fylliefni til málningargerðar			0		0		0		0	
	45	— Efnablöndur til málmhúðunar með rafgreiningu ..			0		0		0		0	
	46	— Hitakeilur (úr leir til hitamælinga í leirbrennsluofnum)			0		0		0		0	
c) Fyrirsögn XIV. flokks orðist svo: Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; glysvarningur (imitation jewellery); mynt.												
d) Tollskrárnúmer 84.15 32 falli niður. Tollskrárnúmer 84.15 33 verði tollskrárnúmer 84.13.32 og tollskrárnúmer 84.15.34 verði tollskrárnúmer 84.15.33. Önnur undirnúmer í 84.15 breytast svo: Aftan við orðið „hlutar" komi: (Þar með taldir eimarar og þéttar):												
84.15	41	Til véla í tollskrárnúmer 84.15 10 og 84.15 20	50		50		50		50		50	
	42	Til véla í tollskrárnúmer 84.15.31 og 84.15.32	35		35		35		35		35	
	49	Aðrir	0		0		0		0		0	

3. gr. breytist svo:

4. tölul. hljóðar svo:

4. Að heimila — án eða gegn fullnægjandi tryggingu um endurútflutning og greiðslu gjalda ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.

12. tölul. hljóðar svo:

12. Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu

vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.

27. tölul. hljóðar svo:

27. Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 350 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað, eða fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda af hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meira en 150 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 450 þúsund krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má þó ekki vera hærri en 500 þús. kr. Ákvæði þetta gildir þó eigi um þær 25 bifreiðar sem getið er um hér að framan.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er úrskurðar umsóknir um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá þriðji án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og tækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

21. gr. hljóðar svo:

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18. og 19. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka tryggingu upp í þau.

Heimila má farmflytjendum að afhenda neyðarsendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda taki farmflytjandi tryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., svo og 20. og 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt nefndum tollskrárlögum skulu halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Hafi innflytjandi, áður en lög þessi öðlast gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, skal, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunum samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri aðflutningsgjöld, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 10 daga frá gildistöku laganna.

Ed. 227. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. komi svofelld viðbót:

Eigi er þó heimilt á árinu 1977 að leggja fasteignaskatt á byggingar, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

„Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gilti fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati."

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ed. 228. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess. Axel Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Jón Helgason. Helgi F. Seljan. Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 229. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 7/1963, l. nr. 76/1967, l. nr. 10/1974, l. nr. 85/1974 og l. nr. 76/1975.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið til fundar við sig formann skilveitinganefndar sem veitti upplýsingar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn skilar sérálíti, en meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Albert Guðmundsson.
Jón G. Sólnes. Steinþór Gestsson.

Ed. 230. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Olíugjaldið svonefnda, sem á var lagt til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, átti aldrei að verða neinn tekjustofn fyrir ríkissjóð. Það var lagt á til þess að aðstoða það fólk, sem ekki átti annan kost en að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu þrátt fyrir gífurlega hækkun á olíuverði.

Í byrjun var gjaldinu varið eftir þessari reglu, og þá kom engum í hug að ráðstafa gjaldinu á annan veg. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum varð breyting á framkvæmdinni. Það var strax farið að klípa af gjaldinu og draga hlutfallslega úr greiðslum til þeirra, sem gjaldið áttu að fá, en verja því til orkumála. Og enn heldur ríkisstjórnin áfram á sömu braut, og nú er lagt til að ríkissjóður hirði þennan tekjustofn, en greiði að vísu áfram nokkurn olíustyrk.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum má áætla að gjaldstofn þessi gefi um 1 700 millj. kr. á næsta ári, og þar af verður aðeins varið 700 millj. kr. í olíustyrk.

Olíugjaldið — 1% á söluskattsstofn — greiða allir landsmenn jafnt. Samkvæmt því má áætla að þeir 70 000 landsmenn, sem verða að kaupa olíu til kyndingar húsa sinna, greiði um 32% af olíugjaldinu eða um 550 millj. kr. Eins og áður segir er gert ráð fyrir því að 700 millj. renni til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði þeirra sem hita hús sín með olíu eða rétt rúmlega það sem sömu aðilar greiða í olíugjaldið. Hér er því orðið um hreina sýndarmennsku að ræða. Olíugjaldið er ekki lengur lagt á til þess að aðstoða þá sem kaupa verða rándýra olíu, heldur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Við leggjum því til að frv. þetta verði fellt, en jafnframt staðið að greiðslum til þeirra, sem enn verða að nota olíu til þess að hita upp hús sín, á þann hátt sem upphaflega var lofað.

Alþingi, 17. des. 1976.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 231. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi, sem borist hafa um framlög af ríkisfé til flóabáta og vetrarflutninga. Nefndin kallaði á sinn fund Guðmund Einarsson, forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, og Halldór S. Kristjánsson, fulltrúa í samgönguráðuneytinu. Veittu þeir nefndinni ýmsar gagnlegar upplýsingar, sérstaklega að því er varðar rekstur hinna stærri flóabáta. Hagur þeirra flestra er þröngur og reksturinn erfiður. En öllum er það sameiginlegt, að þeir halda uppi föstum ferðum á ákveðnum leiðum og veita ómissandi þjónustu.

Í annan stað hafa margar umsóknir borist til nefndarinnar frá ýmsum aðilum, sem annast ferðir og flutninga í snjóþungum byggðarlögum. Hér er um að ræða beltabifreiðar og önnur ökutæki, sem henta til vetrarferða, flugvélar og smærri báta. Þessi farartæki þurfa að vera sterkbyggð og traust, svo að þau geti komist leiðar sinnar við erfið skilyrði og veitt nægilegt öryggi. Til þeirra þarf oft að grípa fyrirvaralaust, þegar slys eða annan bráðan vanda ber að höndum.

Eins og að líkum lætur er ærið kostnaðarsamt að gera út farartæki af því tagi, sem hér um ræðir. Það má því gott kallast, ef unnt er að komast hjá hallarekstri. Ljóst er, að margir þeir, sem slíka útgerð annast, leggja mikið á sig, en fá oft lítið í aðra hönd. En lengi hefur verið talið bæði rétt og skylt að styðja við bakið á þeim, sem veitt hafa svo mikilvæga þjónustu víðs vegar úti um byggðir landsins. Þess vegna hefur nefndin talið sjálfsagt að skoða hverja umsókn vandlega og reyna að koma til móts við óskir manna, þó að erfitt sé að sjálfsögðu að gera svo öllum líki í þessum efnum sem öðrum. Vonandi verður fé það, sem nefndin úthlutar að þessu sinni, umsækjendum til nokkurs stuðnings og góðra heilla.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur hefur um margra ára skeið haldið uppi ferðum frá Akureyri um Eyjafjörð, Ólafsfjörð og Siglufjörð, svo og til Hríseyjar og Grímseyjar. Hann annast flutning á mjólk og öðrum nauðsynjum. Rekstur hans virðist hafa gengið vel og áfallalaust. Báturinn er orðinn 17 ára. Viðhald er því allverulegt, m. a. þarf að gera vélina upp. Lagt er til, að styrkur til bátsins hækki um tæpar 5 millj. króna. — Hríseyjarbátur er í förum milli Dalvíkur og Hríseyjar. Hann er orðinn 18 ára gamall. Þörf fyrir nýjan ferjubát er aðkallandi. Nefndin leggur til, að styrkur til Hríseyjarferju hækki um 400 000 kr. — Grímseyjarflug verður styrkt með svipuðum hætti og verið hefur. — Veittur er styrkur til nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi og flugbjörgunarsveitar á Akureyri.

Austfjarðasamgöngur.

Á Austfjörðum sækir Mjóafjarðarbátur um hækkaða fjárveitingu, svo og sérstaka hækkun vegna vetrarferða að Dalatangavita. Fallist er á hækkun, er nemur 500 000 kr. Allt að einum tug snjóbifreiða á fjallvegum austanlands fær svipaðan styrk og verið hefur með hliðsjón af verðlagshækkunum. Þó er styrkur til snjóbifreiðar á Oddsskarði hækkaður verulega. Það er einn hæsti fjallvegur landsins, og talið er, að göng þau, sem þar er unnið að, verði vart fullgerð fyrr en eftir tvö ár.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar á langleiðum sunnanlands til hinna hafnlausu byggða í Skaftafellssýslu eru styrktir á svipaðan hátt og verið hefur. — Nokkur styrkur er veittur til vetrarferða í Víkurumdæmi. — Þá bætist við nýr liður, sem sjálfsagt þótti að taka til greina. Það er Vestmannaeyjaskipið Herjólfur, sem hóf göngu sína á þessu ári. Því eru ætlaðar 30 millj. kr. auk 1.7 millj. kr. vegna mjólkurflutninga. Segja má þó, að hér sé aðallega um tilfærslu að ræða, þar sem gamli Herjólfur var rekinn af Skipaútgerð ríkisins.

Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi reglubundnum ferðum á hinni fjölförnu leið milli Akraness og Reykjavíkur. Hf. Skallagrímur annast þá útgerð. Verkefni ferjunnar eru oft mikil, sérstaklega við bifreiðaflutning og farþega, og tekjur allmiklar. En útgerðin verður að standa straum af óhagstæðum lánum til skamms tíma frá því skipið var keypt til landsins, og veldur það talsverðu óhagræði eins og er. Lagt er því til, að styrkur verði 25 millj. kr. — Þá er lagt til, að Mýrabátur hljóti svipaðan styrk og verið hefur, eða 50 þús. kr. með hliðsjón af verðlagshækkunum.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Breiðafjarðarbáturinn Baldur, sem á lögheimili og varnarþing í Stykkishólmi, annast ferðir og flutninga um Breiðafjörð með líkum hætti og verið hefur undan-

farin ár. Hann fer vikulega til Reykjavíkur og reglubundnar ferðir til Flateyjar og Brjánslækjar á Barðaströnd, svo og um Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Vegna flokkunarviðgerðar og tjóna var hann í skipasmíðastöðinni Skipavík í Stykkishólmi frá því í okt. 1975 þar til í maíbyrjun 1976. Í ljós kom leynd tæring í gólfi, sem gera þurfti við. Reyndist það mjög kostnaðarsamt. Segja má, að framkvæmd hafi verið allsherjar viðgerð á skipinu. Lagt er til, að styrkur verði veittur að fjárhæð 30 millj. kr. — Á undanförnum árum hefur Langeyjarnesbátur verið styrktur til ferða frá Stykkishólmi um eyjarnar upp í Hnúksnes í Klofningshreppi, Dalasýslu. Talið er rétt, að svo verði gert áfram. — Veittir eru 3 smástyrkir til vetrarflutninga á Vesturlandi.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes annast ferðir og flutninga um Ísafjarðardjúp og mjólkurflutninga til Ísafjarðar, m. a. frá Dýrafirði og Önundarfirði. Rekstur bátsins hefur gengið erfiðlega að undanförnu, en send hefur verið nákvæm og skilmerkileg greinargerð um öll hans mál til nefndarinnar, sem leggur til, að hann fái styrk að fjárhæð 25 millj. kr. á fjárlögum 1977. — Þá er veittur nokkur styrkur til Dýrafjarðarbáts og 8 annarra aðila á Vestfjörðum, sem annast vetrarflutninga og ferðir, aðallega á snjóbílum.

Almenn ályktun.

Samvinnunefnd samgöngumála ítrekar ályktanir sínar frá fyrri árum þess efnis, að umsækjendur sendi umsóknir sínar í tæka tíð á hausti hverju til nefndarinnar, ásamt glöggum skilagreinum um rekstur og hag, störf og áætlanir sínar á þessu sviði. Svofelld tillaga frá Páli Péturssyni var samþykkt samhljóða: „Samvinnunefnd samgöngumála lýsir mikilli óánægju yfir því, að ályktun nefndarinnar frá 18. 12. 1975 um það, að áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins athugaði og gagnrýndi reikninga flóabátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað, hefur ekki verið framkvæmd. Nefndin óskar mjög eindregið eftir því, að þessi athugun verði gerð, annað hvort af Framkvæmdastofnun eða samgönguráðuneyti. Enn fremur verði gerður samanburður á fylgiskjölum og farmgjöldum bátanna. Telur nefndin algjörlega óviðunandi að taka ákvarðanir um svo háar fjárveitingar oftar án þess, að glögglega sé gengið úr skugga um það, að þessu fé sé skynsamlega varið og að fjárveitingar séu bráðnauðsynlegar vegna viðkomandi byggðarlaga.“ — Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta, verði hagað þannig í samráði við ráðuneytið, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Ekki náðist full samstaða í nefndinni um öll atriði. Tveir nefndarmenn undirrita álitið með fyrirvara. En heildartillaga nefndarinnar með hliðsjón af framansögðu er sú, að fjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga á fjárlagaárinu 1977 verði 152 500 000 kr. og skiptist sú fjárhæð, eins og greint er á þskj. 232.

Alþingi, 17. desember 1976.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Jón Helgason, form. Ed.-nefndar.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Nd.-nefndar, með fyrirvara.	Jón G. Sólnes.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Sverrir Hermannsson.	Stefán Jónsson.	Eggert G. Þorsteinsson.
Garðar Sigurðsson.	Páll Pétursson.	Jón Árnason.
Stefán Valgeirsson.	Steinþór Gestsson.	

Sþ. **232. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

		Þús. kr.
	Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar.	
	a. Fyrir „82 830“ kemur	152 500
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Flóabátar og vöruflutningar (10 321 03).	
1.	Norðurlandsbáturinn Drangur	18 000
2.	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	230
3.	Hríseyjarbátur	1 100
	Sami, stofnstyrkur	200
4.	Grímsey vegna flugferða	650
5.	Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði	250
6.	Mjóafjarðarbátur	1 400
	Sami, stofnstyrkur	50
7.	Snjóbifreið í Vopnafirði	250
8.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	3 000
	Sami, stofnstyrkur	500
9.	Snjóbifreið á Fagradal	350
	Sami, stofnstyrkur	250
10.	Snjóbifreið á Oddsskarði	3 000
	Sami, stofnstyrkur	500
11.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	220
12.	Snjóbifreið í Borgarfirði eystra	400
13.	Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur	350
14.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	2 600
15.	Hf. Skallagrímur	25 000
16.	Mýrabátur	50
17.	Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	160
18.	Breiðafjarðarbáturinn Baldur	30 000
19.	Langeyjarnesbátur	350
20.	Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	240
21.	Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	850
22.	Dýrafjarðarbátur	200
23.	Snjóbifreið um Botnsheiði	480
24.	Djúpbáturinn hf. Fagranes	25 000
	Sami, v/mjólkurflutninga úr Dýrafirði	250
25.	Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði	250
26.	Snjóbifreiðar á Akureyri	400
	Sami, stofnstyrkur	150
27.	Vetrarflutningar um Lónsheiði	550
	Sami, stofnstyrkur	300
28.	Snjóbifreið Axarfjörður—Kópasker	400
29.	Snjóbifreið á Hólmavík	300
30.	Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	300
31.	Vetrarflutningar Skarðshr., Dölum	100
32.	Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshr.	400
33.	Snjóbifreið, A.-Hún.	130
34.	Egilsstaðir, Seyðisfj. v/mjólkurflutninga	250
35.	Póst- og vöruflutningar á Jökuldal	130
36.	Vetrarferðir í Víkurumdæmi	130

		Þús. kr.	
37.	Vetrarferðir í Haukadal	150	
38.	Flugbjörgunarsveitin, Akureyri	300	
	Sami, stofnstyrkur	100	
39.	Snjóbifreið í Önundarfirði	130	
40.	Svínafell í Nesjum	50	
41.	Sandsheiði	150	
42.	Herjólfur, Vestmannaeyjaskip	30 000	
	Sami, v/mjólkurflutninga	1 700	
43.	Mjólkurflutningar í Önundarfirði	250	
			152 500

Nd. 233. Frumvarp til laga [137. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976).

I. KAFLI
SKATTSKYLDIR AÐILAR

Skattskylda manna

1. gr.

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum mönnum:

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar.
4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.—3. tl. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðilleg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Við ákvörðun á heimilisfesti skal miðað við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

Skattskylda lögaðila

2. gr.

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum lögaðilum:

1. Hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.
2. Gagnkvæmum vátryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.

3. Sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár, sem eigendur skuldbinda sig til að láta standa óhreyft í félaginu til félagsslita, svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili.
4. Samlögum og samtökum sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsaðila sinna, innkaup á rekstrarvörum eða þjónustu í beinum tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi þeirra, enda séu þau skráð í firmaskrá hér á landi og þess getið við skráningu að þau séu sjálfstæðir skattaðilar.
5. Félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tl. 4. gr., svo og dánarbúum, þrotabúum og öðrum búum sem hér er skipt.

Félag, sjóður eða stofnun telst eiga hér heimili ef það er skráð hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Fullnægi lögaðili skv. 1.—4. tl. þessarar greinar ekki skilyrðum til að teljast sjálfstæður skattaðili skal tekjum hans og eignum skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsaðila.

Takmörkuð skattskylda

3. gr.

Takmarkaða skattskyldu bera þessir aðilar, enda falli þeir ekki undir ákvæði 1. eða 2. gr. eða séu undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr:

1. Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga eða skemmri tíma á sama almanaksári.
2. Allir menn sem njóta frá íslenskum aðilum launa fyrir störf, þar með talin stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftirlauna, biðlauna, lífeyris, styrkja eða hliðstæðra greiðslna skulu greiða tekjuskatt af þeim greiðslum.
3. Allir aðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
4. Allir aðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
5. Allir aðilar sem eiga fasteign hér á landi eða hafa rétt yfir fasteign hér á landi er þeir hafa af tekjur eða teljast hafa af tekjur samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
6. Allir aðilar sem hafa hér á landi tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
7. Allir aðilar sem hafa tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
8. Erlendir sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja hér á landi og aðrir, sem úrlendisréttar njóta, skulu greiða tekjuskatt af tekjum sem þeir njóta frá innlendum aðilum og af tekjum sem um er rætt í 4.—7. tl.

9. Allir aðilar sem eiga eignir sem skattskyldar tekjur gefa skv. 4.—8. tl. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

Aðilar undanþegnir skattskyldu

4. gr.

Þessir aðilar greiða hvorki tekjuskatt né eignarskatt:

1. Forseti Íslands og maki hans.
2. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem ríkissjóður ber ótakmarkaða ábyrgð á.
3. Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.
4. Erlend ríki og alþjóðastofnanir, af fasteignum sem þær nota vegna viðurkenndrar starfsemi sinnar hér á landi.
5. Félög, sjóðir og stofnanir sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
6. Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.

Skattskylda hjóna og barna

5. gr.

Hjónum skal reikna tekjuskatt og eignarskatt hvoru í sínu lagi.

6. gr.

Barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, er ekki sjálfstæður skattaðili sé það á framfæri foreldra sinna (kjörforeldra, stjúpforeldra, fósturforeldra).

II. KAFLI
SKATTSKYLDAR TEKJUR

Almenn ákvæði

7. gr.

Til tekna skal telja og skiptir eigi máli hver innir greiðslu þeirra af hendi:

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem innt er af hendi fyrir annan aðila án tillits til viðmiðunar, þar með talin aflahlutur og aflaverðlaun fiskimanna. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun og eftirlaun, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, friðindi og hlunnindi. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

   Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.
2. Tryggingabætur, lífeyri, meðlög og styrki. Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. þó 2. tl. 28. gr.
3. Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir og rekstrarstöðvunarbætur.

4. Leigutekjur og arð af hvers konar lausafé, þar með talin skip og loftför.
5. Endurgjald til höfundar fyrir hvers konar hugverk eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.
6. Verðlaun og heiðurslaun, vinninga í happdrætti, veðmáli eða keppni. Framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.
7. Arð, landskuld og leigu eftir hvers konar fasteignir og fasteignarréttindi, þar með talin námaréttindi, vatnsréttindi, jarðvarmaréttindi, veiðiréttur og hvers konar fasteignatengd hlunnindi.

   Þegar heildarleigutekjur af einstökum íbúðum ná ekki hlunnindamati húsnæðis, sbr. 114. gr., skal reikna leiguna til tekna með því mati. Leigutekjur eða leigumat af íbúðarhúsnæði einstaklings eða hjóna sem eiga ekki fleiri íbúðir en þrjár, þar með talin íbúð til eigin nota, skal lækka um 20% og telja mismuninn til tekna, enda reiknast þá engin gjöld til frádráttar leigutekjum. Um leigutekjur þessara aðila af þeim íbúðum sem umfram eru þrjár fer eftir 1. málsl. þessarar málsgreinar og skulu þær íbúðir sem lengst hafa verið í eigu skattaðila falla undir ákvæði 2. málsl. þessarar málsgreinar. Af íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa skal hvorki reikna tekjur né gjöld, sbr. þó 4. tl. 64. gr.
8. Vexti, afföll og gengismun, sbr. 8. gr.
9. Arð af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 9. gr.
10. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra.
11. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum vegna viðskipta þeirra, enda séu þessi viðskipti í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans og talin þar til rekstrarútgjalda eða sé varið til fjárfestingar í eignum sem notaðar eru í atvinnurekstri.
12. Fé sem félög þau sem um ræðir í 4. tl. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum út í hlutfalli við viðskipti þeirra eða færa þeim til séreignar, hvort heldur í stofnsjóð eða á annan hátt.
13. Hagnað af sölu eigna, sbr. 10.—27. gr.
14. Sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskildar í lögum þessum eða sérlögum.

Skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður

8. gr.

Til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður skv. 8. tl. 7. gr. telst:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga og vextir af verðbréfum þeim sem með sérlögum hafa verið veittar hliðstæðar skattívilnanir og sparifé. Með vöxtum teljast áfallnar verðbætur á afborganir og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur, sem bera ekki vexti, og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tl. 2. gr.
3. Vextir hjá innlendum og erlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tl., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti. Með vöxtum teljast einnig áfallnar verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tl.
4. Afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Afföllin skal reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé krafan látin af hendi áður en afborgunartíma er lokið telst sá hluti

affallanna, sem ekki hefur þegar verið tekjufærður en fæst endurgreiddur í sölu- eða afhendingarverði, til tekna í einu lagi á afhendingar- eða söluári.

5. Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok. Gengishagnað af verðbréfum og öðrum langtímakröfum til lengri tíma en árs, talið frá lokum tekjuárs, ber að reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé enginn sérstakur gjalddagi tilgreindur eða umsaminn ber að reikna gengishagnaðinn og telja til tekna miðað við kaupgengi hlutaðeigandi gjaldeyris við hver árslok.

Frá gengishagnaði ársins þannig reiknuðum er heimilt að draga gengistap, sbr. 3. tl. 50. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengismun.

Skattskyldur arður, jöfnunarhlutabréf

9. gr.

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hlutareigandans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári, að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður, sbr. 10. tl. 31. gr. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, má ekki vera hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá 1. janúar 1973 eða frá stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Nú selur hluthafi hlutareign eða hlutabréf til hlutafélags þess er bréfin gaf út og skal þá teljast til arðs hjá seljanda mismunur söluverðs og nafnverðs hlutanna eða hlutabréfanna, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir ekki máli í því sambandi hvenær eða fyrir hvaða verð seljandi keypti hlutina eða hlutabréfin. Þó skulu ákvæði 17. gr. taka til sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs, svo lengi sem eða að því marki sem hlutfall eigin hlutabréfa hlutafélagsins við kaupdag fer ekki, þrátt fyrir kaupin, yfir 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 54. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvenær eða fyrir hvaða verð hlutirnir eða hlutabréfin hafa verið keypt.

Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna

10. gr.

Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga, áður fengins söluhagnaðar og verðbreytinga eftir því sem nánar er ákveðið í 11.—27. gr.

Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, af-

sláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.

Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna

11. gr.

Söluverð lausafjár, sem heimilt er að fyrna, færist til lækkunar á fyrningargrunni og fer um skattskyldu söluhagnaðar eftir ákvæðum 2. mgr. 37. gr.

12. gr.

Hagnaður af sölu fasteigna, sem heimilt er að fyrna skv. 2. og 3. tl. 32. gr., þ. e. fyrnanleg mannvirki, náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árið 1977 er honum heimilt að nota fasteignamat, eins og það er í ársbyrjun 1977, í stað stofnverðs. Hagnaðurinn telst þá mismunur á söluverði annars vegar og fasteignamati að frádregnum áður fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Til fyrninga í þessu sambandi teljast fyrningar sem skattaðili hefur notað frá og með árinu 1977 til söludags vegna hinnar seldu eignar og skiptir ekki máli hvort fyrningar hafa verið reiknaðar af stofnverði eða fasteignamati.

Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Á því ári sem skattskyldur söluhagnaður eigna samkvæmt þessari grein færist til tekna er skattaðila heimilt að lækka fyrningargrunn eða fyrna aðrar eignir, sem fyrndar eru eftir ákvæðum 36. og 40. gr., um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Eigi skattaðili ekki eignir, sem hann getur fyrnt á þennan hátt á því ári sem sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði þessara eigna um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem fyrna má skv. 36. eða 40. gr. innan þess tíma og lækki fyrningargrunn þeirra eða fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði, sbr. ákvæði sömu greina. Ef eignanna er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því að hann myndaðist að viðbættu 25% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

13. gr.

Hagnaður af sölu annarra fyrnanlegra eigna, sbr. 4. og 5. tl. 32. gr., telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum hins vegar.

Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna

14. gr.

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árið 1977 er honum heimilt að nota fasteignamat, eins og það er í ársbyrjun 1977, í stað stofnverðs.

Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af mannvirkjum, sem undir þessa grein falla, um tvenn áramót frá söludegi. Afli hann sér sams konar eignar í stað hinnar seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um söluhagnað af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum, enda hafi seljandi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef eignanna er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því að hann myndaðist að viðbættu 25% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um söluhagnað af íbúðarhúsnæði þeirra manna sem eiga þrjár íbúðir eða færri þegar salan fer fram, sbr. ákvæði 16. gr.

15. gr.

Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst því aðeins til skattskyldra tekna að skattaðili hafi átt hina seldu eign skemur en í tvö ár.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra hins vegar.

Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði

16. gr.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en fimm ár, en hafi hann átt hið selda í fimm ár eða lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um íbúðarhúsnæði sem er í eigu manna sem eiga þrjár íbúðir eða færri á söludegi. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði umfram það gilda ákvæði 14. gr. Ákvæði þeirrar greinar gilda einnig um meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði í eigu hvers konar lögaðila.

Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., hins vegar.

Þegar maður selur íbúðarhúsnæði, sem hann hefur byggt eða endurbætt og salan fer fram innan fimm ára frá því síðast var lagt í byggingarkostnað, skal einungis sá hluti söluhagnaðarins teljast skattskyldur sem svarar til þess hlutfalls af heildarbyggingarkostnaði sem í var lagt innan fimm ára frá söludegi. Áður en þetta hlutfall byggingarkostnaðar er reiknað skal umreikna hann samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki fyrirmælum laganna um skattskyldu þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðarhúsnæðis.

Þegar maður selur fleiri en eina íbúð á sama tíma og sala þeirra fellur bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um þær íbúðir sem lengur hafa verið í eigu manns.

Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

17. gr.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi skattaðili átt hin seldu hlutabréf skemur en fjögur ár. Hafi hann átt þau lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem hærra reynist. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 54. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Eignarhaldstími jöfnunarhlutabréfa, sem úthlutað hefur verið eða heimilt hefði verið að úthluta, skal teljast jafn eignarhaldstíma þeirra hlutabréfa sem réttinn veittu.

Nú skipta hendi yfir þrír fjórðu hlutar að nafnverði útistandandi hlutabréfa, á þann hátt að ætla megi að um sé að ræða raunverulega sölu eigna félagsins fremur en sölu hlutabréfa, og skal þá farið með söluna gagnvart öllum seljendum eins og um félagsslit væri að ræða, sbr. 3. mgr. 9. gr.

18. gr.

Hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi skattaðili átt hinn selda eignarhluta skemur en fjögur ár. Hafi hann átt hann lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna.

Hagnaður af sölu eignarhluta telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar. Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst sem hlutur hans í bókfærðu verði eigin fjár félagsins í byrjun þess árs, sem salan fer fram á, eða raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, hvort sem hærra reynist. Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 65% í skattalegum varasjóði.

Ýmis ákvæði um söluhagnað

19. gr.

Söluverð eigna telst heildarandvirði þeirra að frádregnum beinum kostnaði við söluna.

20. gr.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði telst hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Einnig telst ávallt til skattskyldra tekna söluhagnaður af rekstrarvörubirgðum og öðrum hliðstæðum eignum sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnurekstri.

21. gr.

Bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljast söluverð eigna og reiknast söluhagnaður og fer um meðferð hans eftir ákvæðum 10.—27. gr. eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er skattaðila þó heimilt að færa skattskyldan söluhagnað til tekna með jöfnum fjárhæðum á allt að fimm árum, í fyrsta sinn á söluári. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna er heimilt að verja söluhagnaðinum til öflunar sams konar eigna innan tveggja ára. Söluhagnaðurinn telst þá ekki til

tekna en færist til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

22. gr.

Við kaup og sölu eigna skulu tímamörk miðuð við ákvæði kaupsamnings um eigendaskipti.

Hafi skattaðili eignast hið selda við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma við sölu miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

23. gr.

Tap á sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári.

24. gr.

Við makaskipti skal stofnverð þeirrar eignar sem af hendi er látin, að viðbættum eða að frádregnum milligjöfum eftir því sem við á, teljast stofnverð þeirrar eignar sem móttekin er í skiptum.

25. gr.

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð eða landi, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, þar með talin sala íbúða.

26. gr.

Ríkisskattstjóri reiknar vísitölu mannvirkja og vísitölu lands og lóða ár hvert til notkunar við útreikning á söluhagnaði slíkra eigna, sbr. 12. gr. og 14. gr. Vísitala mannvirkja reiknast sem meðaltal vísitölu byggingarkostnaðar en vísitala lands og lóða ákveðst með hliðsjón af almennum verðbreytingum. Hafa skal samráð við Hagstofu Íslands um útreikning þennan.

27. gr.

Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og helmingur söluandvirðis hennar eða meira er greiddur með skuldarviðurkenningum til fimm ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja söluhagnaðinn eða neikvæðan mismun fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. 37. gr., til tekna með jöfnum fjárhæðum á sjö árum, í fyrsta sinn á söluári. Til skuldarviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir söludag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir, eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar.

Hvað ekki telst til tekna

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.
2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til

greiðslu. Einnig skaðabætur og vátryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 21. gr. Lækka skal stofnverð eignarinnar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.

3. Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila.
4. Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

   Þessi eignaauki skal þó skattlagður, að svo miklu leyti sem hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar, hafi hann myndast innan fimm ára fyrir söludag.
5. Fæði sjómanns er hann fær hjá útgerðarmanni um borð í skipi. Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild aflatryggingarsjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í íslenskum fiskiskipum.
6. Skattafslættir og barnabætur sem um ræðir í VI. kafla laga þessara.

III. KAFLI
FRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM

Almenn ákvæði

29. gr.

Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

Frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga þann rekstrarkostnað sem nauðsynlegur er til að afla teknanna og halda þeim við.

Frádráttur manna utan atvinnurekstrar

30. gr.

Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, má draga:

1. Þann hluta vaxtatekna, sbr. 1. tl. 8. gr., sem umfram er vaxtagjöld og verðbætur, sbr. 1. tl. 50. gr., enda stafi þessar tekjur og gjöld ekki af atvinnurekstri. Til vaxtagjalda og verðbóta í þessu sambandi teljast þó ekki hjá hjónum vextir og verðbætur af fasteignaveðlánum til fimm ára eða lengri tíma, þó eigi hærri fjárhæð en sem svarar til hæstu lögleyfðra fasteignaveðlánsvaxta af hámarksláni Húsnæðismálastjórnar ríkisins í árslok. Hjá einstaklingi skal þetta hámark vera helmingi lægra.
2. Vaxtatekjur barna innan 16 ára aldurs eftir sömu reglum og greinir í 1. tl. þessarar greinar.
3. Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 150 000 krónur hjá einstaklingi og 300 000 krónur hjá hjónum. Um arð, sem fellur til barns innan 16 ára aldurs, fer sem um arð einstaklings.
4. Vaxtatekjur af stofnsjóðseign, sbr. 2. tl. 8. gr.
5. Fé það sem fært hefur verið félagsmanni í félagi skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. til séreignar í stofnsjóð hans á árinu, að hámarki 5% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar.
6. Fjárhæð sem er jafnhá þeim tekjum barns innan 16 ára aldurs sem um er rætt í 1. tl. 7. gr., allt að 100 000 krónum, og að auki 60% af þeirri fjárhæð sem tekjur

þessar fara yfir 100 000 krónur. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 340 000 krónur.

7. Skyldusparnað samkvæmt lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem manni á aldrinum 16—25 ára er skylt að spara og innfærður er í sparimerkjabók hans á tekjuárinu.
8. Greidd meðlög og framfærslueyrir til maka, eða fyrrverandi maka hafi hjónin slitið samvistum, eða eftir lögskilnað, þó að hámarki sömu fjárhæð og ellilífeyrir einstaklings samkvæmt lögum um almannatryggingar.
9. Greidd meðlög með barni sem er innan 17 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og barnalífeyrir sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.
10. Fargjöld vegna ferða á vegum atvinnurekanda og vegna langferða milli heimilis og vinnustaðar í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
11. Útgjöld vegna móttekins risnufjár og ökutækjastyrkja í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
12. Þann hluta hlunninda sem veittur er með fatnaði, fæði, húsnæði og öðrum hliðstæðum hætti og innifalinn er í tekjum skv. 1. tl. 7. gr. en eigi er talinn skattaðila til hagsbóta með hliðsjón af heimilisaðstæðum og öðrum atvikum að mati ríkisskattstjóra. Eigi skiptir máli hvort hlunnindi þessi eru látin í té í reiðufé eða fríðu.
13. Tekjur skv. 6. tl. 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 118. gr.
14. Launatekjur sem greiddar eru vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

    Sama gildir um launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem erlendis starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum samkvæmt því sem ákveðið er í samningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir einnig um beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka sem íslenska ríkið er aðili að, enda mundi maðurinn hafa notið skattfrelsis af þessum launagreiðslum hefði hann starfað erlendis, sbr. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri

31. gr.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað sem inntur er af hendi og nauðsynlegur er til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

    Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. 7. gr. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Hafi það verið greitt skiptir heldur ekki máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum.
2. Aðstöðugjald og landsútsvör sem ákvörðuð eru samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig eignarskatt sem lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., greiða.
3. Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð.
4. Veittan afslátt og verðbætur af vörum eða þjónustu.

5. Fé það er innlend vátryggingafélög færa í árslok í iðgjaldasjóð vegna þess hluta iðgjalda sem fellur á næsta reikningsár og bótasjóð til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka.
6. Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 52. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári sem tapið myndaðist.
7. Helming þeirrar fjárhæðar er félög, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 7,5% af nafnverði hlutafjár.
8. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 2. og 4. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, þó eigi hærra hlutfall af hreinum tekjum félags en sem svarar hlutfalli viðskipta félagsmanna af heildarviðskiptum þess.
9. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr., færa félagsmönnum sínum til séreignar í stofnsjóð í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, allt að 5% af viðskiptum félagsmanna, þó aldrei hærri fjárhæð en 25% af hreinum tekjum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð skv. 8. tl. þessarar málsgreinar. Enn fremur vexti af stofnsjóði, þó að hámarki 15%.
10. Tillög sem skattskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. leggja í varasjóð. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—9. tl. þessarar greinar.

Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum með frádrætti skv. 7., 8. og 9. tl. þessarar greinar.

Sameiginleg ákvæði um fyrningar eigna

32. gr.

Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir, þó ekki íbúðarhúsnæði, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

1. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki.
2. Mannvirki, þar með taldar byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði.
3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.
5. Stofnkostnaður, svo sem kostnaður vegna skráningar fyrirtækis, öflunar atvinnurekstrarleyfa, kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja.

33. gr.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs sem þær eru fyrst nýttar við öflun tekna.

Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári sem nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ. e. bókfært verð til skatts. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

34. gr.

Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna.

Fyrningargrunnur lausafjár ákveðst skv. 35. gr. en fyrningargrunnur annarra eigna telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr. Þegar stofnverð eigna hækkar eða

lækkar eftir að hafin er nýting þeirra skal breytingin færð til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni þess árs sem breytingin verður.

Fyrning lausafjár

35. gr.

Fyrning lausafjár skv. 1. tl. 32. gr. reiknast í einu lagi af fyrningargrunni allra þeirra eigna í lok hvers rekstrarárs.

Fyrningargrunnur þessara eigna í lok rekstrarárs telst eftirstöðvar fyrningarverðs við upphaf ársins, þ. e. bókfært verð til skatts, að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á árinu á stofnverði þegar aflaðra eigna og að viðbættu stofnverði lausafjáreigna sem aflað hefur verið og teknar hafa verið í notkun á árinu, en að frádregnu söluverði, tjónbótum og hvers konar öðru andvirði slíkra eigna sem seldar hafa verið, eyðilagst hafa eða látnar hafa verið af hendi á rekstrarárinu. Þá er heimilt að færa söluhagnað fyrnanlegra mannvirkja til lækkunar fyrningargrunni, sbr. 4. mgr. 12. gr.

36. gr.

Fyrning skal að vali skattaðila ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni allra þeirra eigna sem falla undir 35. gr., að hámarki 30% á ári. Árlegt fyrningarhlutfall skal vera hið sama fyrir allt lausafé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári sem eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 50 000 kr. er á sama hátt heimilt að færa þær að fullu til gjalda á því ári sem þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.

Við sölu eigna sem færðar hafa verið til frádráttar tekjum samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári. Sama gildir um tjónbætur eða annað andvirði fyrir afhendingu slíkra eigna.

37. gr.

Þegar söluverð, tjónbætur eða annað afhendingarandvirði einstakra lausafjáreigna er lægra en upphaflegt verð þeirra, að frádregnum fengnum fyrningum, er heimilt að færa það sem eftir stendur að fullu til frádráttar tekjum á söluári, enda sýni skattaðili fram á hvernig sú fjárhæð myndast. Sama gildir um eignir sem verða ónothæfar án þess að tjónbætur eða annað endurgjald komi fyrir þær. Þegar heimild þessi er notuð má ekki fyrna viðkomandi eignir á því ári sem þær eru teknar úr notkun. Fyrningargrunnur skal í slíkum tilvikum lækkaður um ófyrndan hluta fyrningarverðs hinna seldu eða ónothæfu eigna.

Þegar fyrningargrunnur lausafjáreigna í heild í lok rekstrarárs skv. 35. gr. verður neikvæður vegna sölu, tjónbóta eða af öðrum ástæðum telst hinn neikvæði mismunur til tekna á því ári sem hann myndast. Á sama ári er skattaðila heimilt að fyrna eignir skv. 2. tl. 32. gr. með sérstakri fyrningu, sbr. 2. mgr. 40. gr. Eigi skattaðili ekki eignir sem fyrna má skv. 2. tl. 32. gr. á því ári sem hinn neikvæði mismunur myndast er honum heimilt að fresta tekjufærslu þessa mismunar um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna innan þess tíma sem fyrna má skv. 1. eða 2. tl. 32. gr. og lækki fyrningargrunn þeirra eða fyrni þær um þá fjárhæð. Ef eignanna er ekki aflað að fullu innan tilskilins tíma telst hinn neikvæði mismunur með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því að hann myndaðist að viðbættu 25% álagi. Frestun tekjufærslu er því aðeins heimil að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

38. gr.

Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegs lausafjár vegna tjóns má gjaldfæra á því ári sem viðgerð fer fram, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer

fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var áður en tjónið varð.

Fyrning mannvirkja, þar með taldar byggingar aðrar en íbúðarhúsnæði

39. gr.

Fyrning eigna skv. 2. tl. 32. gr. reiknast í lok hvers rekstrarárs af fyrningargrunni hverrar einstakrar eignar.

Þegar notkun einstakra eigna samkvæmt þessari grein er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt í hlutfalli við rúmmál, þó þannig að sé bygging notuð að 75% rúmmáls eða meira til sömu starfsemi skal byggingin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur, t. d. ef um er að ræða íbúð í fyrnanlegri eign, skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta í hlutfalli við rúmmál.

40. gr.

Fyrning mannvirkja skal að vali skattaðila ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna, að hámarki 10%. Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið lægra hámark fyrningarhlutfalls einstakra flokka eigna eftir notkun, gerð eða byggingarefni.

Til viðbótar fyrningu skv. 1. mgr. er heimilt að fyrna þessar eignir um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af eignum sem fyrndar eru samkvæmt þessari grein. Ennfremur er heimilt að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur neikvæðum mismun fyrningargrunns lausafjár á því ári sem hann er tekjufærður, sbr. 2. mgr. 37. gr. Eigi má mynda rekstrartap vegna þessarar fyrningar og ekki má nota hana til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

Eignir samkvæmt þessari grein má aldrei fyrna í heild meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af fyrningargrunni hennar.

41. gr.

Kostnaður við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra mannvirkja vegna tjóns má gjaldfæra á því ári sem viðgerð fer fram að svo miklu leyti sem kostnaður fer fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð.

Fyrning náttúruauðæfa o. fl.

42. gr.

Fyrningu eyðanlegra náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra skal miða við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

Fyrning keypts eignarréttar, stofnkostnaðar o. fl.

43. gr.

Fyrning eigna skv. 4. og 5. tl. 32. gr. reiknast í lok hvers rekstrarárs af fyrningargrunni hverrar einstakrar eignar, sbr. 34. gr.

Fyrning eigna samkvæmt þessari grein skal að vali skattaðila ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni, að hámarki 20% á ári, í fyrsta skipti á því ári sem eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna eða réttinda samkvæmt þessari grein er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári sem hann myndast.

Ýmis ákvæði um fyrningar

44. gr.

Við makaskipti skal fyrningargrunnur yfirteknu eignarinnar vera sá sami og eftirstöðvar fyrningarverðs þeirrar eignar sem af hendi var látin, þó að viðbættum eða frádregnum milligjöfum eftir því sem við á.

45. gr.

Verði eigendaskipti fyrir arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal fyrningargrunnur slíkrar eignar óbreyttur standa í hendi erfingja frá því sem hann var í hendi arfleifanda.

46. gr.

Nú er fyrnanleg eign nýtt að hluta til öflunar tekna og að hluta til eigin nota og skal þá einungis telja fyrningargrunn eignarinnar þann hluta hennar sem nýttur er til öflunar tekna, en hinn hluta hennar sem einkaeign utan atvinnurekstrareigna.

47. gr.

Á því ári sem rekstri er hætt, hann seldur eða látinn af hendi á annan hátt er ekki heimilt að fyrna eignir samkvæmt þessum lögum. Ákvæði 2. og 3. mgr. 36. gr. eiga ekki við á lokaári rekstrar.

48. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að gera öllum framtalsskyldum aðilum að halda skrá um fyrnanlegar eignir með þeim hætti er hann ákveður.

49. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum um fyrningarhlutfall. Enn fremur má heimila lengri frest til tekjufærslu neikvæðs mismunar fyrningargrunns lausafjár en ákveðinn er í 2. mgr. 37. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. vegna endurnýjunar eftir tjón. Ríkisskattstjóri veitir heimild til þessara frávika.

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp

50. gr.

Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr., teljast:

1. Vextir af skuldum, föstum og lausum. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað og árlegan eða tímabundinn fastakostnað eða þóknanir af lánum, þar með talið af víxillánum og stimpilgjöld af víxlum. Enn fremur dráttarvexti af skuldum, þó ekki dráttarvexti og viðurlög af opinberum gjöldum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á afborganir og vexti.
2. Afföll af seldum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldarviðurkenningum, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin skulu reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé skuld yfirtekin af öðrum eða falli greiðsluskylda niður áður en afborgunartíma er lokið teljast eftirstöðvar affalla ekki til frádráttar tekjum. Hafi skuld verið

yfirtekin í sambandi við eignasölu er seljanda þó heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum affallanna, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar.

3. Gengistap af hvers konar skuldum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við sölugengi hlutaðeigandi erlendis gjaldeyris í árslok. Gengistap af verðbréfum og öðrum langtímaskuldum og kröfum til lengri tíma en árs, talið frá lokum tekjuárs, ber þó að reikna til gjalda með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma.

   Frá gengistapi ársins þannig reiknuðu skal draga gengishagnað, sbr. 5. tl. 8. gr., og færa mismuninn til gjalda sem gengismun.

   Þegar langtímaskuld er yfirtekin af öðrum í sambandi við eignasölu og gengistap af henni hefur ekki verið að fullu gjaldfært er seljanda heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum gengistapsins.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðeins frádráttarbær séu þau tengd atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Gjöld skv. 1. og 2. tl., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, reiknast til frádráttar tekjuskatti þeirra sem afsláttur samkvæmt ákvæðum 3. tl. 64. gr.

Hvað ekki telst rekstrarkostnaður

51. gr.

Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja:

1. Gjafir, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf.
2. Dráttarvexti af opinberum gjöldum, viðurlög skv. 21. gr. laga nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, sektir samkvæmt lögum þessum og lögum um söluskatt og önnur opinber gjöld og sérhverjar aðrar sektir og viðurlög, þar með taldar dagsektir sem beitt er samkvæmt lögum.
3. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna lagabrota skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur rekstrarkostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum.
4. Þá fjárhæð sem atvinnurekandi greiðir í lífeyrissjóðstillög vegna manns í þjónustu sinni umfram 6% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum.
5. Arð eða vexti af framlögðu fé manns í atvinnurekstur eða til sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur rekstur er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr.

IV. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI UM TEKJUR

Ráðstöfun varasjóðs

52. gr.

Aðilum sem myndað hafa varasjóð samkvæmt ákvæðum 10. tl. 31. gr. ber að ráðstafa honum til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi sínu, sbr. 6. tl. 31. gr. Sama gildir um þann varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt ákvæðum fyrri skattalaga. Sé varasjóði ráðstafað á annan hátt skal telja þá fjárhæð, sem þannig er ráðstafað, að viðbættu 25% álagi til skattskyldra tekna.

Það telst m. a. óheimil ráðstöfun á varasjóði ef aðili ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

1. Veitir hluthöfum, aðilum samvinnufélaga, eigendum sameignarfélaga, stjórnendum þessara félaga eða aðilum þeim tengdum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins, eða veitir þeim nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun, venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur, eða úttekt af eigin fé (höfuðstól) í sameignarfélagi sem er meiri en svarar til 15% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins í byrjun úttektarárs þegar tekið hefur verið tillit til opinberra gjalda sem álögð eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til eigin fjár í þessu sambandi.
2. Kaupir eign á óeðlilegu háu verði eða selur eign á óeðlilega lágu verði að dómi skattyfirvalda. Skal þá meta hvort kaup- eða söluverð geti talist hæfilegt. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar telst óheimil ráðstöfun úr varasjóði.

Nú ráðstafar aðili á einhvern þann hátt sem greinir í 1. og 2. tl. 2. mgr. og fellur það þá til skattgreiðslu á ráðstöfunarárinu samkvæmt ákvæðum 1. mgr., þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins að viðbættu 25% álagi skv. 1. mgr. Óheimilt er að veita frádrátt frá tekjum skv. 10. tl. 31. gr. af þessari tekjufærðu fjárhæð.

Úttekt úr eigin rekstri

53. gr.

Heimilt er skattaðilum að taka út hreina eign sína í eigin rekstri eða eignarhlutdeild sína í rekstri eða á vegum sameignarfélags án þess að úttektin teljist þeim til skattskyldra tekna.

Hrein eign eða eignarhlutdeild í þessu sambandi telst hrein eign eða eignarhlutdeild í byrjun úttektarárs að teknu tilliti til opinberra gjalda sem álögð eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til hreinnar eignar í þessu sambandi.

Sameining félaga

54. gr.

Sé hlutafélagi slitið þannig að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Við slíkan samruna hlutafélaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

Þegar samvinnufélög sameinast eftir 27. gr. laga nr. 46 frá 1937 skal hið sameinaða félag taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.

Óvenjuleg skipti í fjármálum

55. gr.

Ef skattaðilar, einstaklingar eða félög, semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem að dómi skattyfirvalda er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði að dómi skattyfirvalda skal meta hvort kaup- eða söluverð geti talist eðlilegt. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.

Ákvörðun launa í eigin atvinnurekstri

56. gr.

Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. 7. gr., skal ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar. Skattstjóri ákvarðar síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglunum og skal þá gætt aðstöðu hlutaðeigandi, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta.

Telji skattyfirvöld að maður hafi talið til tekna sem tekjur barns síns innan 16 ára aldurs á tekjuárinu hærra endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. 7. gr. en barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila sem launþegi, skulu þau ákvarða tekjur barnsins til viðmiðunar við útreikning frádráttar skv. 6. tl. 30. gr.

Tekjutímabil

57. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ. e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

Ríkisskattstjóri getur heimilað þeim sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða srarfsemi og selja þjónustu að miða tekjuuppgjör atvinnurekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%. Enn fremur getur hann heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári. Einnig er ríkisskattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta.

V. KAFLI
TEKJUSKATTSSTOFN

Almenn ákvæði

58. gr.

Tekjuskattsstofn er sú fjárhæð sem skattur er reiknaður af og ákveðst þannig:

1. Tekjuskattstofn manna, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, telst tekjur samkvæmt II. kafla, eftir því sem við á, að teknu tilliti til þess frádráttar sem slíkum aðilum er heimilaður skv. 30. gr.
2. Tekjuskattstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur samkvæmt II. kafla, að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
3. Tekjuskattsstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er
   a. tekjur samkvæmt II. kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.,
   b. tekjur samkvæmt II. kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.

Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-lið mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa töluliðar verði neikvæður, telst tekjuskattstofn einungis tekjur samkvæmt a-lið.

Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 6. tl. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila.

Tekjuskattsstofn hjóna og barna

59. gr.

Hjón, sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar tekjur sínar og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða tekjur af sératvinnu eða séreign. Tekjuskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna tekjuskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 62. gr. Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, eiga rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, enda eigi þau sameiginlegt lögheimili og hafi átt um næstliðið tveggja ára skeið og óski þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

Þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði 1. mgr. þessarar greinar aðeins hluta úr ári, t. d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka, skulu telja fram sameiginlegar tekjur sínar á þeim tíma sem umrædd skilyrði voru uppfyllt og skulu skattlögð sem hjón þann tíma. Tekjur á öðrum tíma ársins skal telja fram hjá þeim, sem þær hafði, sem einstaklingi, og þær skattlagðar samkvæmt því. Um útreikning tekjuskatts og ónýtts persónuafsláttar samkvæmt þessari málsgrein fer eftir ákvæðum 2. mgr. 66. gr. eftir því sem við á. Þeim sem gengið hafa í hjúskap á árinu eða uppfyllt hafa skilyrði 3. málsl. 1. mgr. er þó jafnan heimilt að telja fram sameiginlega allar tekjur sínar á árinu sem hjón og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun ónýtts persónuafsláttar samkvæmt því. Á sama hátt er eftirlifandi maka heimilt að telja sameiginlega fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans.

Sé svo ástatt hjá hjónum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal fara með þann makann sem skattskyldur er hér á landi sem einstakling, sbr. 1. tl. 63. gr. Til tekna hjá honum skal telja allar sérafla- og séreignatekjur hans í samræmi við ákvæði um ótakmarkaða skattskyldu hér á landi að viðbættu sannanlegu framfærslufé frá hinum makanum. Sé eigi unnt að færa sönnur á slíkt framfærslufé skal skattyfirvöldum heimilt að áætla sanngjarnt og hæfilegt framfærslufé með hliðsjón af öllum ástæðum hjónanna.

Barnabætur og barnabótaauki skv. 65. gr. skulu skiptast milli þeirra aðila sem um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar og miðast við tímabil framfærsluskyldu. Sá aðili sem um er rætt í 3. mgr. þessarar greinar skal njóta helmings barnabóta skv. 1. mgr. 65. gr., eftir því sem við á, en ekki barnabótaauka.

60. gr.

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með tekjum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 65. gr.

Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni

61. gr.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

VI. KAFLI
TEKJUSKATTSÚTREIKNINGUR, AFSLÆTTIR OG BARNABÆTUR

Skattstigi manna

62. gr.

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 58. gr. sem hér segir:

1. Af fyrstu 900 000 kr. tekjuskattsstofni reiknast 20% en af tekjuskattsstofni yfir 900 000 kr. reiknast 40%.
2. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tl. skal draga persónuafslátt skv. 63. gr.
3. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tl., að frádregnum persónuafslætti skv. 2. tl., skal draga afslátt skv. 64. gr. en hann kemur því aðeins til greina að fjárhæð skv. 1. tl. sé hærri en persónuafsláttur. Sú fjárhæð sem þannig fæst telst tekjuskattur ársins.

Persónuafsláttur

63. gr.

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 62. gr., skal vera sem hér segir:

1. Fyrir einstakling 163 000 kr.
2. Fyrir hvort hjóna um sig, sbr. 59. gr., 115 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. og 2. tl. þessarar greinar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tl. 62. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé, sem nemur allt að þessum mun, og skal ráðstafa því fyrir hvern mann til greiðslu útsvars skattársins. Sá hluti persónuafsláttar sem enn er óráðstafað fellur niður.

Afsláttur frá skatti

64. gr.

Frá reiknuðum skatti að frádregnum persónuafslætti, sbr. 3. tl. 62. gr., skal draga eftirtalinn afslátt eftir því sem við á:

1. Heimilisafslátt að fjárhæð 60 000 kr. hjá hjónum sameiginlega, sbr. 59. gr., enda hafi þau bæði tekjur af störfum, öðrum en heimilisstörfum á eigin heimili, og samanlagt vinnuframlag þeirra nemur 24 vinnumánuðum á tekjuárinu. Þessi fjárhæð skal þó lækka um 5 000 kr. fyrir hvern mánuð sem á vantar að sameiginlegt vinnuframlag þeirra nái 24 vinnumánuðum.

Ef einstætt foreldri, er heldur heimili og framfærir þar barn sitt sem ekki er fullra 16 ára að aldri í byrjun þess almanaksárs er skattur er á lagður, hefur tekjur í 12 mánuði af öðrum störfum en heimilisstörfum á eigin heimili skal heimilisafsláttur þess einnig nema 60 000 kr. Þessa fjárhæð skal þó lækka um 5 000 kr. fyrir hvern mánuð sem á vantar að vinnuframlag nái 12 vinnumánuðum.

Nú búa foreldrar barns saman í óvígðri sambúð og skal þá hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri samkvæmt lögum þessum þótt þau framfæri á heimilinu barn sem þau hafa ekki átt saman.

Við ákvörðum heimilisafsláttar skal jafna námstíma við vinnuframlag að mati ríkisskattstjóra.

Skattstjóri hefur heimild til að meta vinnutíma þegar framtalin laun fyrir starf eru frábrugðin því sem almennt gerist miðað við vinnutíma. Ríkisskattstjóri setur skattstjórum viðmiðunarreglur um hvernig meta skuli störf til vinnutíma.

2. Launaafslátt er nema skal 2% af starfstengdum tekjum manna, sbr. 1. tl. 7. gr.
3. Vaxtaafslátt er nema skal 25% af vöxtum og afföllum, sbr. 1. og 2. tl. 50. gr., þó aldrei lægri fjárhæð en 10 000 kr. hjá einstaklingi og 20 000 kr. hjá hjónum sameiginlega.
4. Viðhaldsafslátt er nema skal 25% af greiddri viðhaldsvinnu við íbúð, sem maður á og hefur til eigin nota, þó aldrei hærri fjárhæð en 5 000 kr. hjá einstaklingi og 10 000 kr. hjá hjónum sameiginlega.
5. Sjómannaafslátt að fjárhæð 270 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslenskt skip telst stunda sjómannsstörf. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

   Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvernig dagafjöldi í þessu sambandi skal ákveðinn.

   Sjómenn á íslenskum fiskiskipum, sem þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði og njóta ekki fæðisgreiðslu frá áhafnadeild aflatryggingasjóðs, skulu, auk þess sem um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðar, fá fæðisafslátt fyrir hvern úthaldsdag að mati ríkisskattstjóra.
6. Fiskimannaafslátt er nema skal 3% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

Afslátt samkvæmt þessari grein skal reikna sameiginlega fyrir hjón og skipta síðan til helminga milli þeirra.

Sá hluti afsláttar samkvæmt þessari grein sem ekki nýtist til frádráttar skatti fellur niður.

Barnabætur

65. gr.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 47 400 kr. með fyrsta barni en 71 100 kr. með hverju barni umfram eitt.

Ef hjón, sbr. 59. gr., hafa bæði tekjur af störfum, öðrum en heimilisstörfum á eigin heimili, og samanlagt vinnuframlag þeirra nemur 24 vinnumánuðum á tekjuárinu skal auka barnabætur skv. 1. mgr. um fjárhæð sem nemur 18 600 kr. fyrir hvert barn. Þessa fjárhæð skal þó lækka um 1 550 kr. fyrir hvern mánuð sem á vantar að sameiginlegt vinnuframlag hjónanna nái 24 vinnumánuðum.

Ef einstætt foreldri, er heldur heimili og framfærir þar barn sitt sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, hefur tekjur í 12 mánuði af öðrum störfum en heimilisstörfum á eigin heimili skal auka barnabætur skv. 1. mgr. um fjárhæð sem nemur 18 600 kr. fyrir hvert barn. Þessa fjárhæð skal þó lækka um 1 550 kr. fyrir hvern mánuð sem á vantar að vinnuframlag nái 12 vinnumánuðum.

Við ákvörðun barnabótaauka skal jafna námstíma við vinnuframlag að mati ríkisskattstjóra.

Fjárhæð barnabóta og barnabótaauka skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

Barnabætur og barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. 62. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.
6. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga á eftirstöðvum barnabóta og barnabótaauka ár hvert. Ef foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, búa saman ógift og fullnægja ekki skilyrðum 59. gr., telst faðir barnsins framfærandi þess, svo og annarra barna sem þau framfæra saman á heimilinu, en draga skal frá barnabótum og barnabótaauka greiðslu opinberra gjalda móður barnsins að því marki sem eftirstöðvum nemur, á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 6. mgr. þessarar greinar.

Nú breytast aðstæður þannig að framfærandi barns telst annar er kemur að útborgun barnabóta eða barnabótaauka en var í byrjun þess árs er skattur var á lagður og getur þá sá er nú telst framfærandi barns óskað að útborgun eftirstöðva bótanna breytist í samræmi við það. Ósk þessa skal senda skattstjóra og sker ríkisskattstjóri endanlega úr ef ágreiningur verður.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur og barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

Tekjuskattur manna heimilisfastra á Íslandi hluta úr ári o.fl.

66. gr.

Hjá manni sem hefur tekjur sem um ræðir í 14. tl. 30. gr. skal við álagningu tekjuskatts á aðrar tekjur hans nota það skattþrep sem beita skyldi ef hann hefði ekki notið frádráttar sem þar um ræðir.

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 12. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 62. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 63. og 64. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 12 og margfalda útkomu með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvörðun ónýtts persónuafsláttar.

Dvalarmánuði skal telja í heilum mánuðum. Brot úr mánuði skal teljast sem heill mánuður.

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu.

67. gr.

Tekjuskatt aðila, sem skattskyldir eru skv. 3. gr., skal ákvarða sem hér segir:

1. Tekjuskatt manna, sem um ræðir í 1. tl. 3. gr., skal ákvarða á sama hátt og um er rætt í 2. mgr. 66. gr. Sama gildir ef um ónýttan persónuafslátt er að ræða.
2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tl. 3. gr., skal nema 30% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. af launum eða þóknun til listamanna og annarra þeirra, sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknun teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort maður kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila, eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila.

   Sá aðili sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar, en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 15% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.
3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tl. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. tl. 62. gr., að teknu tilliti til 2.—6. tl. 64. gr. eftir því sem við á. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 68. gr.

   Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

Tekjuskattur lögaðila

68. gr.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 53% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 58. gr.

VII. KAFLI
EIGNARSKATTUR

Skattskyldar eignir

69. gr.

Til skattskyldra eigna skal telja allar fasteignir, lausafé og hvers konar önnur verðmæt eignarréttindi, með þeim takmörkunum sem um ræðir í 71. gr., og skiptir ekki máli hvort eignirnnar gefa af sér arð eða ekki.

70. gr.

Við mat skattskyldra eigna gilda eftirfarandi reglur:

1. Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hliðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

   Eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.
2. Verð búpenings skal árlega ákveðið af ríkisskattstjóra og skal mat hans miðað við almennt verð í kaupum og sölum, miðað við haustdag. Auk þess skulu fóðurbirgðir í árslok taldar til eigna á matsverði sem ríkisskattstjóri ákveður.

3. Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiliðum og notuðum fyrningum. Séu upplýsingar um slíkt verð ekki fyrir hendi metur skattstjóri eignir þessar til verðs.
4. Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þar með taldar rekstrarvörubirgðir, svo sem hráefni, eldsneyti, veiðarfæri og vörur á framleiðslustigi, skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðsluverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum. Þó skal heimilt að draga 30% frá þannig reiknuðu matsverði vara, sem komnar eru í hús eða fullframleiddar og tilbúnar til sölu, og telja verðmæti þeirra þannig til eignar.
5. Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði. Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdag fyrir árslok.

   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að þær séu minna virði.
6. Erlenda peninga, innstæður og kröfur skal telja til eignar á kaupgengi í árslok.
7. Réttindi til stöðugra tekna skal telja til eignar eftir því endurgjaldi sem hæfilegt væri fyrir þau í lok hvers árs. Skattstjóri getur metið verð þessara réttinda.

Hvað ekki telst til eignar

71. gr.

Til eignar, sbr. 69. gr., telst ekki:

1. Skilyrt fjárréttindi, svo sem réttur til líftryggingarfjár sem ekki er fallið til greiðslu.
2. Réttur til eftirlauna, lífeyris, framfærslu eða annarra slíkra tímabilsgreiðslna sem bundinn er við einstaka menn.
3. Réttur til leigulauss bústaðar og hliðstæð afnotaréttindi, sbr. þó 2. mgr. 1. tl. 70. gr.
4. Til eignar hjá mönnum telst ekki fatnaður til einkanota, húsgögn, húsmunir, bækur og munir sem hafa persónulegt gildi.
5. Eigin hlutabréf hlutafélags, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr.

Frádráttur frá eignum

72. gr.

Frá eignum, sbr. 69. gr., skal draga skuldir skattaðila. Til skulda teljast í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddur afsláttur af verði seldra vara í árslok, enda sé skattaðila skylt að lögum, samþykktum sínum ef um lögaðila er að ræða, eða samningum að greiða félags- eða viðskiptamanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur.

Frá eignum aðila skv. 4. tl. 3. gr. má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

Frá eignum aðila, sem um ræðir í 5.—8. tl. 3. gr., má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.

73. gr.

Lögaðilum skv. 2. gr. er heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 69. gr., innborgað hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé.

74. gr.

Heimilt er manni að draga frá eignum sínum, sbr. 69. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og nafnverð verðbréfa,

sem veittur hefur verið hliðstæður réttur með sérlögum, að því marki sem innstæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir. Til skulda í þessu sambandi telst þó ekki hjá hjónum fjárhæð sem svarar til hámarksláns Húsnæðismálastjórnar ríkisins í árslok. Hjá einstaklingi skal þetta hámark vera helmingi lægra.

Tímaviðmiðun eignarskattsstofns

75. gr.

Eignarskatt skal miða við eignarskattsstofn skattaðila í árslok. Þó mega þeir, er með leyfi skattstjóra nota annað reikningsár en almanaksár, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan skattálagningu.

Eignarskattsstofn

76. gr.

Eignarskattsstofn eru þær eignir, sem eftir verða, þegar frá verðmæti eigna, sem um ræðir í 69. gr., hafa verið dregnar fjárhæðir, sem um ræðir í 72., 73. og 74. gr., eftir því sem við á.

Eignarskattsstofn skal reikna í heilum þúsundum króna og sleppa því sem umfram er.

77. gr.

Hjón, sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 79. gr. Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, eiga rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón sem samvistum eru, enda eigi þau sameiginlegt lögheimili og hafi átt um næstliðið tveggja ára skeið og óski þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

78. gr.

Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 65. gr., og gilda ákvæði 74. gr. einnig um þar greindar eignir barns.

Eignarskattsútreikningur

79. gr.

1. Eignarskattur einstaklinga reiknast þannig:
   Af fyrstu 6 000 000 kr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur.
   Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,8%.
2. Eignarskattur hjóna reiknast þannig fyrir hvort um sig:
   Af fyrstu 4 500 000 kr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur.
   Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,8%.

80. gr.

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 1,4% af eignarskattsstofni.

VIII. KAFLI
SKATTUMDÆMI, SKATTSTJÓRAR, RÍKISSKATTSTJÓRI, SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI, RÍKISSKATTANEFND O. FL.

Skattumdæmi

81. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi; nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi; nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra; nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra; nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi; nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi; nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
8. Vestmannaeyjakaupstaður.
9. Reykjanesumdæmi; nær yfir Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. mgr. segir.

Skattstjórar

82. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi. Fjármálaráðherra skipar skattstjóra. Engan má skipa skattstjóra nema hann

1. hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga,
2. sé lögráða og hafi forræði fjár síns,
3. sé íslenskur ríkisborgari,
4. hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Víkja má þó frá ákvæði þessa töluliðar ef maður hefur áður verið skipaður skattstjóri.

Umboðsmenn skattstjóra

83. gr.

Skattstjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkisskattstjóra að hafa umboðsmenn utan aðseturs síns. Hreppstjóra og oddvita er skylt að gegna störfum umboðsmanns sé þess óskað.

Ríkisskattstjóri skal gefa út erindisbréf fyrir umboðsmenn.

Ríkisskattstjóri o. fl.

84. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra. Engan má skipa í það embætti nema hann fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 82. gr. um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Fullnægja skulu þeir hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

Ríkisskattanefnd

85. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í ríkisskattanefnd til sex ára í senn. Hefur nefndin aðsetur í Reykjavík.

Í ríkisskattanefnd eiga sæti þrír menn og ákveður fjármálaráðherra hver skuli vera formaður hennar en hann skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérþekkingar á skattarétti og skattamálum. Skal seta í ríkisskattanefnd vera aðalstarf nefndarmanna og fer um heimild nefndarmanna til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954.

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á í lögum þessum. Allir nefndarmenn skulu úrskurða í hverju máli.

Ríkisskattstjóra er heimilt að leita álits nefndarinnar um skýringar á tilteknum atriðum varðandi framkvæmd á einstökum ákvæðum laga þessara og annarra laga um skatta og gjöld sem álögð eru af skattstjórum. Skal ríkisskattstjóri gera kröfur um að tiltekinn skilningur hans verði viðurkenndur og rökstyðja þá kröfu sína. Nefndin skal gefa upp rökstutt álit sitt í úrskurðarformi og tilkynna ríkisskattstjóra niðurstöðu sína. Er ríkisskattstjóri bundinn af úrskurði nefndarinnar varðandi verklagsreglur og fyrirmæli sín til skattstjóra. Slíkum fyrirfram úrskurði er ekki heimilt að skjóta til dómstóla.

Enginn má taka þátt í meðferð máls ef hann skyldi víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

Verði ríkisskattanefnd eigi fullskipuð vegna forfalla nefndarmanna, eða vegna þess að þeir mega ekki taka þátt í meðferð máls skv. 5. mgr. þessarar greinar, skal fjármálaráðherra skipa mann til að taka þátt í meðferð mála meðan þannig stendur á.

IX. KAFLI
FRAMTÖL OG SKÝRSLUGJAFIR

Framtals- og skattlagningarstaður

86. gr.

Menn, sem um ræðir í 1. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á síðasta tekjuári. Þó skulu menn, sem um ræðir í 2. tl. þar sem skip þeirra eða loftfar er skrásett.

Aðilar, sem um ræðir í 2. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga heimili, en heimili þeirra telst þar sem þeir eru skráðir, telja heimili sitt samkvæmt samþykktum sínum eða þar sem raunveruleg stjórn þeirra er. Dánarbú, þrotabú og önnur bú undir skiptum skulu telja fram og skattleggjast þar sem skipti 1. gr., telja þar fram og vera skattlagðir sem þeir áttu síðast lögheimili fyrir brottflutningsdag. Þá skulu þeir, er um ræðir í 4. tl. 1. gr. telja fram og vera skattlagðir fara fram.

Aðrir aðilar, sem hér eru skattskyldir, skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga eignir eða hafa tekjur.

Megi samkvæmt framangreindu skattleggja skattaðila á fleiri stöðum en einum eða sé annars vafi á hvar skattaðili skuli skattlagður skal ríkisskattstjóri skera úr.

Framtalsskýrslur

87. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga þessara, skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur á síðastlinu ári og eignir í árslok, svo og önnur atriði er máli skipta við skattálagningu. Skýrslu bókhaldsskyldra aðila skal fylgja rekstrar- og efnahagsreikningur í samræmi við ákvæði bókhaldslaga ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmis við ákvæði skattalaga. Skýrslu þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga, skal enn fremur fylgja rekstrar- og efnahagsreikningur.

Framtalsskyldan hvílir á hverjum einstaklingi og sameiginlega á hjónum. Fjárhaldsmenn skulu telja fram fyrir þá sem ekki eru fjárráða. Erfingjar skulu telja fram fyrir bú sem er undir einkaskiptum. Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu telja fram fyrir þrotabú, dánarbú og önnur bú er þeir hafa undir skiptum. Skýrslurnar skulu undirritaðar af framteljendum. Hjón skulu bæði undirrita skýrsluna. Ef um bókhaldsskylda aðila er að ræða skal rekstrar- og efnahagsreikningur, sbr. 1. mgr., undirritaður af sömu aðilum.

Framtalsskyldan hvílir á stjórnum lögaðila. Skulu stjórnir skrifa undir framtalsskýrslu. Í skráðum félögum er nægilegt að jafnmargir stjórnarmenn og binda félagið undirriti skýrsluna. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal skýrslunni fylgja rekstrar- og efnahagsreikningur, sbr. 1. mgr., undirritaður af stjórninni á sama hátt.

Ef skattaðili er búsettur erlendis, dvelur erlendis eða getur af öðrum ástæðum eigi talið fram sjálfur er honum heimilt að veita manni, er lögheimili hefur hér á landi, umboð til að gera framtalsskýrslu og undirrita hana og skal þá skriflegt umboð fylgja skýrslunni.

Nú er framtalsskyldur maður að mati skattstjóra ófær um að rita framtalsskýrslu sína sökum hrumleika, sjúkdóms eða annarra hliðstæðra ástæðna og skal þá skattstjóri eða umboðsmaður hans veita honum aðstoð til þess, en framteljandi skal láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn. Sá er aðstoð veitir, skal rita á framtalsskýrsluna yfirlýsingu um að hann hafi aðstoðað við gerð hennar.

Launaskýrslur o. fl.

88. gr.

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu um greiðslur þessar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ef framangreindar greiðslur eru inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila og sá, er unnið var fyrir, getur eigi látið umkrafðar upplýsingar í té, hvílir skýrslugjafarskyldan á milligönguaðilanum.

Allir, sem hafa á leigu eða hafa afnot gegn gjaldi af fasteign, námurétti eða veiðirétti, lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu um greiðslur vegna leigunnar eða afnotanna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Skylt er móttakanda greiðslu samkvæmt þessari grein að sýna greiðanda nafnskírteini sitt, en á greindum skýrslum skal nafnnúmers móttakanda getið.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið almenna skyldu til að afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi sem hann ákveður um önnur atriði sem máli skipta varðandi álagningu skatta samkvæmt lögum þessum, svo sem um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, kaup og sölu á hráefni og afurðum, hlutafé og arð, stofnfé og stofnfjárvexti og vinninga í happdrætti og keppni.

Framtalsfrestur

89. gr.

Framtalsskyldir menn, sbr. 86. gr., sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 10. febrúar ár hvert.

Skattstjóra er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til febrúarloka.

Aðrir framtalsskyldir aðilar, sbr. 86. gr., þurfa þó eigi að skila framtali fyrr en í marslok. Skattstjóri getur veitt þessum aðilum skilafrest, þó ekki lengur en til aprílloka.

Skráð vátryggingafélög þurfa þó eigi að skila framtali fyrr en 31. maí ár hvert.

Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 1. janúar ár hvert ákveða hvenær skila skuli gögnum er um ræðir í 88. gr.

Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir

90. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

Vegna eftirlits og rannsókna samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela eftirlits- eða rannsóknarstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi og getur þá ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri vísað sökinni til sakadómara til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera viðstaddur þá rannsókn eða láta fulltrúa sinn vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra er hlutast til um frekari meðferð máls eða hins skattalega þáttar þess að lögum.

X. KAFLI
ÁLAGNING, KÆRUR O. FL.

Álagning

91. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur og fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli yfirvalda. Enn fremur skal skattstjóri leiðrétta einstaka liði ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattaðila viðvart um slíkar breytingar.

Telji skattaðili eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 89. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó 109. gr.

92. gr.

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að framtal eða einstakir liðir þess eða fylgigögn séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði, skal hann skriflega skora á framteljanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þar með talið bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma leggur hann skatt á eða endurákvarðar skattinn samkvæmt framtali og fengnum skýringum og gögnum, sbr. þó 109. gr. Ef eigi er bætt úr annörkum á framtali, svar frá framteljanda berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er, send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg eða bókhald og önnur gögn, sem skattframtal byggist á, verða ekki talin nægilega örugg heimild um atvinnurekstur eða starfsemi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattaðila svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákveða eða endurákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó 109. gr.

Hafi skattaðili eigi talið fram til skatts og álagning skatta því byggð á áætlun, en síðar kemur í ljós að áætlun hefur verið of lág, skal áætla honum skattstofna að nýju og reikna skatta hans í samræmi við það. Á sama hátt skal ákveða eða endurákveða skattaðila skatt ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum eða ef ekki hefur verið lagt á skattaðila. Séu skattar endurákvarðaðir samkvæmt þessari málsgrein skal gæta ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, sbr. einnig 109. gr., eftir því sem við á.

Séu skattar endurákvarðaðir á grundvelli 1. eða 2. mgr. þessarar greinar skal tilkynna skattaðila endurákvörðun með ábyrgðarbréfi. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað skattaðila eða umboðsmanns hans má skattstjóri þó endurákvarða skatt án þess að tilkynna honum það. Þá skal skattstjóri tilkynna hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs um álagningu samkvæmt þessari grein og senda samrit þeirrar tilkynningar til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Hafi skattstjóri grun um að veruleg skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra sem ákveður hver annast skuli rannsókn í málinu.

93. gr.

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 92. gr. nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára, talið frá byrjun þess árs þegar endurákvörðun fer fram.

Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákveða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára, talið frá byrjun þess árs þegar endurákvörðun fer fram, þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág.

94. gr.

Eigi síðar en 15. apríl skulu skattstjórar hafa lokið álagningu skv. 91. gr. á alla menn er um ræðir í 1. mgr. 89. gr. Skal senda hverjum gjaldanda tilkynningu um þá skatta er á hann hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaði, að álagningu samkvæmt þessari málsgrein sé lokið. Þá skal skattstjóri senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er á hefur verið lagt í því umdæmi og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Skattstjóri skal hefja álagningu skv. 91. gr., sbr. 92. gr., á aðila er um ræðir í 3. og 4. mgr. 89. gr., þegar er framtöl berast og skal henni að fullu lokið fyrir 1. október ár hvert. Skal skattstjóri tilkynna gjaldendum álögð gjöld jafnharðan með ábyrgðarbréfi. Jafnframt skal skattstjóri tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs í viðkomandi umdæmi um álagninguna og senda samrit þeirrar tilkynningar til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 95. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi.

Kærur til skattstjóra

95. gr.

Nú telur einhver skattstofn eða skatt sinn eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 14 daga frá því er póstlögð var tilkynning um álagningu eða endurákvörðun. Sé um að ræða álagningu skv. 1. mgr. 94. gr. skal miða kærufrest við auglýsingu skattstjóra um að álagningu sé lokið. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu þegar í stað send ríkisskattstjóra. Breytingar á skatti skal jafnframt senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af skattstjóra eða af þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þess starfs.

Kærur til ríkisskattanefndar

96. gr.

Úrskurði skattstjóra, sbr. 95. gr., má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur skattaðila til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá uppkvaðningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum sem kærandi telur nauðsynleg.

Ríkisskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra endurrit kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskatt-

stjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattanefnd senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum, sem henni kunna að hafa fylgt, og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanefnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem hann telur ástæðu til. Greinargerð skal hann hafa sent ríkisskattanefnd innan mánaðar frá því að honum barst málið.

Skattaðila er heimilt að krefjast þess að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd. Ríkisskattanefnd getur einnig ákveðið sérstakan málflutning ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur ef ríkisskattanefnd ákveður. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Í þessum málum er nefndin ekki bundin við þau tímatakmörk um afgreiðslu máls sem sett eru í 8. mgr. þessarar greinar.

Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn eða álagning sé byggð. Úrslit skal tilkynna skattaðila, innheimtumanni skattsins og ríkisskattstjóra.

Ríkisskattanefnd skal gefa út úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal að úrskurðir, sem almennt gildi hafa, birtist þar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining má þó bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hana úrskurðað af ríkisskattanefnd, en það skal þó gert innan sex mánaða frá því að nefndin úrskurðaði málið.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kærur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda.

Tilkynningar til hjóna o. fl.

97. gr.

Álagða skatta á hjón, sbr. 59. og 77. gr., skal birta í einu lagi í skattskrá og skal ríkisskattstjóri kveða nánar á um þá birtingu.

Tilkynningar um álagða skatta, úrskurði og beiðnir um upplýsingar er varða framtöl og álagningu hjóna, sbr. 59. og 77. gr., nægir að senda öðru hjóna. Sama gildir um sérhver önnur samskipti skattyfirvalda og hjóna.

XI. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI UM SKATTYFIRVÖLD

Ríkisskattstjóri

98. gr.

Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa, sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að fullt samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim starfsreglur og verklagsreglur og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa um störf þeirra. Ríkisskattstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað framtöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um skatta og gjöld sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og aðilum sem um ræðir í 90. gr.

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákveðið skattaðila skattstofn og skatt að nýju, enda séu uppfyllt skilyrði 1. og 3. mgr. 92. og 93. gr., sbr. einnig 109. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra eftir reglum 95. og 96. þessara laga.

Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit

99. gr.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild er hafi með höndum eftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri stýrir starfsemi deildarinnar.

Skattrannsóknarstjóri skal hafa með höndum almennt eftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum. Hann skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. mgr. 92. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari málsgrein.

Þegar eftirlitsaðgerðir skattrannsóknarstjóra eða rannsóknir gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 98. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

Vanhæfi skattyfirvalda

100. gr.

Enginn maður má taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

Gerðabækur

101. gr.

Skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur um þau atriði og í því formi, er fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um. Þessir aðilar skulu gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þær ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

Eftirlit fjármálaráðherra

102. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar fram-

talsskýrslur og önnur gögn varðandi framtöl skattaðila og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

XII. KAFLI
INNHEIMTA OG ÁBYRGÐ

Innheimtuaðilar

103. gr.

Skattar, álagðir samkvæmt lögum þessum, renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra er heimilt að semja svo um við forráðamenn sveitarfélaga og annarra opinberra stofnana að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumanni ríkissjóðs, sveitarfélagi eða sérstakri innheimtustofnun. Öll réttindi og skyldur innheimtumanna ríkissjóðs, sveitarfélaga og stofnana vegna gjaldheimtu skulu þá færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Fjármálaráðherra skal setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd slíkrar sameiginlegrar gjaldheimtu.

Gjalddagar

104. gr.

Tekju- og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans gæta tekjubreytinga sem orðið hafa, svo og almenns efnahagsástands.

Hafi tekjur gjaldanda á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð sams konar fyrirkomulag og ákveðið er í þessari grein á fyrirframinnheimtu annarra þinggjalda.

105. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans. Ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða felldur niður skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. málsl., ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

Vextir

106. gr.

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur greitt meira en álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem fé var í vörslu ríkissjóðs.

Skyldur launagreiðanda

107. gr.

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni, sem þeir greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 88. gr., skulu senda innheimtumanni skrá um alla launþega sína. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra eða gjöldum þeirra aðila sem launþegarnir bera sjálfskuldarábyrgð á. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir og fjár, sem hann hefur vanrækt að halda eftir, samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða vanrækt hefur að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 106. gr. frá þeim tíma er launagreiðanda bar að standa skil á fénu til innheimtumanns.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur skatt til launagreiðanda, getur krafið innheimtumann ríkissjóðs um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Innheimtumaður getur ekki krafið gjaldanda um þann skatt, er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til innheimtumanns.

Ábyrgð á skattgreiðslum

108. gr.

Hjón, sbr. 59. og 77. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta, sem á þau eru lagðir, og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Þeir sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- og dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Þeir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Óheimilt er að slíta félagi fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið án þess að skattar hafi verið greiddir bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á skatti, til tryggingar þeim sköttum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr., setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum, svo og fyrir skattgreiðslum annara aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

XIII. KAFLI
VIÐURLÖG

Álag

109. gr.

Telji framteljandi ekki fram til skatts innan tilskilins frests skal skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Berist skattframtal, sem álagning verður byggð á, eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu skattstjóra er lokið, skal í stað álags skv. 1. málsl. bæta 1% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil hafa dregist fram yfir framtalsfrest, þó ekki hærra álagi en 15%. Berist framtal síðar skal beita 25% álagi.

Séu fyrir hendi annmarkar á framtali, sbr. 92. gr., eða séu einstakir liðir ranglega framtaldir, skal skattstjóri bæta 25% álagi við vanframtalda eða áætlaða skattstofna. Bæti skattaðili úr annmörkum eða leiðrétti einstaka liði á framtali af sjálfsdáðum eða eftir áskorun skattstjóra, áður en álagning fer fram, er skattstjóra þó aðeins heimilt að beita álagi að hámarki 15%.

Fella má niður álag samkvæmt þessari grein ef skattaðili færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann bætti úr annmörkum á framtali eða leiðrétti einstaka liði á því, gerði framtalsskýrslu eða hún kæmi til skila á réttum tíma.

Refsingar

110. gr.

Skýri skattaðili rangt frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn eða eignarskatt skal hann greiða sekt er nema má allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, þar með talið álag skv. 109. gr. Einnig er heimilt að sekta skattaðila, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 92. gr.

Skýri framteljandi rangt frá einhverjum atriðum, er varða framtal hans, má gera honum að greiða sekt er nemi allt að 1 000 000 kr. enda þótt hinar röngu upplýsingar hafi ekki haft áhrif á skattgreiðslur hans.

Beri framteljandi ekki skatt en hann skýrir rangt frá einhverjum atriðum, er varða framtal hans, má gera honum að greiða sekt er nemi allt að 1 000 000 kr.

Verði misferli, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, uppvíst við skipti dánarbús skal búið, auk réttra skatta, greiða sekt er nema má allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. þessarar greinar segir má gera búinu að greiða sekt er nemi allt að 500 000 kr.

Hver sá, sem af ásetningi gefur eða afhendir skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði er varða framtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 88. gr., skal greiða sekt er nemi allt að jafnhárri þeirri fjárhæð, sem undan skyldi dregin með hinum röngu eða villandi gögnum eða upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Hver sá, sem gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt ákvæðum 87. gr., sbr. 89. gr., eða 90. gr., skal greiða sekt er nema má allt að 1 000 000 kr., auk álags skv. 109. gr. eftir því sem við á.

Refsingin samkvæmt þessari grein má gera aðila vegna endurákvörðunar skatts sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurákvörðun fór fram, sbr. 1. mgr. 93. gr., enda verða ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Ákvörðun refsinga

111. gr.

Ríkisskattanefnd skal ákveða sektir skv. 10. gr. nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess að máli verði vísað til dómstóla. Við meðferð þessara mála hjá ríkisskattanefnd skal gæta ákvæða 96. gr., eftir því sem við á, og veita sökunaut færi á að koma að vörnum. Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður í þessum málum.

Sektir skv. 110. gr., sem úrskurðaðar eru af ríkisskattanefnd, skulu gerðar á hendur skattaðila, hlutdeildarmanni eða þeim sem ekki hefur gegnt skyldu sinni samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á, hvort sem það er maður eða lögaðili.

Sektir þessar renna í ríkissjóð og gilda sömu reglur að því er innheimtu varðar og um skatta samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

112. gr.

Brot gegn lögum þessum, sem eigi eru úrskurðuð af ríkisskattanefnd, sbr. 111. gr., skulu rekin að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum allt að 20 000 000 kr. Ef um ítrekuð brot eða miklar sakir er að ræða má auk sektar dæma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum.

Sá, er eigi hefur staðið skil á fé, er hann hefur haldið eftir af launum manna, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um fjárdrátt.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild og sviptingu starfsréttinda skal beita um brot gegn lögum þessum.

Nú hefur maður, sem er í fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila, framið athæfi sem er refsivert skv. 1. mgr., sbr. 110. gr., og er þá rétt að dæma einnig lögaðila þeim, sem hlut á að máli, fésekt skv. 1. mgr. og sviptingu starfsréttinda, sbr. 3. mgr., enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið ágóða af brotinu.

XIV. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

113. gr.

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum skv. 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

Þagnarskyldan helst þó menn þessir láti af störfum.

114. gr.

Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

115. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu opinberra gjalda við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. og 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum og eignum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðilans, að lækka tekjuskatt og eignarskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

116. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 89., 94., 95. og 96. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

117. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra, ríkisskattanefndar og innheimtumanna.

Ráðherra getur kveðið á í reglugerð um sérstakt bókhald skattskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

118. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljast ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

119. gr.

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 3. og 6. tl. 30. gr., 3. mgr. 36. gr., 1. tl. 62. gr., 63. gr., 1., 3., 4. og 5. tl. 64. gr., 65. gr. og 79. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1978.

120. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum og skulu þá skattstjórar leysa þau störf af hendi uns öðruvísi verður ákveðið.

121. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1978 vegna tekna á árinu 1977 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 85. gr. um ríkisskattanefnd skulu koma til framkvæmda 1. janúar 1978 og fellur niður frá sama tíma umboð ríkisskattanefndar sem skipuð er skv. 32. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 13. gr. laga nr. 7/1972. Frá sama tíma fellur niður umboð nefndar sem um ræðir í 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, svo og lög nr. 7 22. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafli laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafli laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafli laga nr. 20 5. maí 1976 um breyting á þeim lögum. Þó skulu ákvæði framangreindra laga gilda um álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1977 vegna tekna á árinu 1976 og eigna í lok þess árs.

Þá falla niður lög nr. 22 9. mars 1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda sem eru á förum úr landi o.fl. frá og með 1. janúar 1978, en til þess tíma gilda ákvæði laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á, að því er varðar þessa aðila.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

I

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og verið hafa sjálfstæðir skattaðilar en fullnægja ekki skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 2. gr., skulu eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1978 senda skattstjóra þar tilgreind gögn um að skilyrðum hafi verið fullnægt, æski þau þess að teljast áfram sjálfstæðir skattaðilar.

Hafi sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar, myndað varasjóð við gildistöku þessara laga, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 68/1971 og ákvæði eldri laga um sama efni, skal varasjóðurinn eins og hann er í ársbyrjun 1977 teljast með skattskyldum tekjum eigenda með fimm jöfnum fjárhæðum, í fyrsta sinn á árinu 1977. Í þessu sambandi skal tekið tillit til breytingar á varasjóði vegna rekstrar á árinu 1976, hvort sem um tillög er að ræða eða jöfnun á tapi.

II

Fyrningargrunnur lausafjár í ársbyrjun 1977, sbr. 2. mgr. 35. gr. þessara laga, skal teljast bókfært verð þessara eigna, þ. e. heildarfyrningarverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, þó að undanskilinni óbeinni fyrningu skv. 6. mgr. C-liðar 15. gr. þeirra laga, sbr. 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972.

III

Yfirfæranleg rekstrartöp í árslok 1976, sbr. 2. mgr. B-liðar 11. gr. laga nr. 68/1971, er heimilt að flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum uns þau hafa verið jöfnuð skv. 6. tl. 31. gr. þessara laga.

IV

Heimilt er aðilum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að endurmeta fyrnanlegar eignir sínar skv. 1. og 2. tl. 32. gr. þessara laga og skal matið fara fram á árinu 1977.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., skal vera jafnt gildandi fasteignamati 1. janúar 1977 og telst það nýr fyrningargrunnur þessara eigna.

Endurmatshækkun lausafjár, sbr. 1. tl. 32. gr., skal vera 50% af bókfærðu verði þessara eigna í árslok 1973, enda séu þær ennþá í eigu skattaðila á árinu 1977 og notaðar til öflunar tekna. Endurmatshækkun samkvæmt þessari málsgrein skal teljast til eignar og gjaldfærast sem sérstök fyrning með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Hún hefur ekki áhrif á önnur ákvæði þessara laga um fyrningar lausafjár eða meðferð söluverðs þeirra eigna.

Endurmatshækkun samkvæmt þessari grein telst ekki til tekna heldur færist til hækkunar hreinni eign. Þeir sem nota vilja heimild 3. mgr. til endurmats á lausafé skulu senda skattstjóra eigi síðar en með skattframtali 1978 greinargerð um matið, ásamt skrá um hinar endurmetnu eignir, aldur þeirra og notaðar fyrningar. Skattstjóri úrskurðar um matið og má skjóta úrskurði hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd matsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var boðað í stefnuræðu forsætisráðherra og framsögu fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpi í upphafi þings. Frumvarpið er þáttur í umfangsmikilli heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins sem á sér langan aðdraganda og rétt þykir að rifja hér upp.

Verk þetta hófst að tilhlutan Magnúsar Jónssonar, þáverandi fjármálaráðherra, í tengslum við undirbúning að aðild Íslands að EFTA. Nefnd, sem hann skipaði í málið, starfaði á árunum 1969—1971. Fjallaði hún aðallega um skattlagningu atvinnurekstrar og skilaði skýrslum þar að lútandi. Halldór E. Sigurðsson lét sem fjármálaráðherra halda þessu starfi áfram í höndum nýrrar nefndar sem hafði mun víðtækara verksvið og skilaði heildarskýrslu í nóvember 1973. Skýrslu þessari var dreift á Alþingi og víðar og hefur hún að geyma yfirlit yfir þetta verk fram til þess tíma, úttekt á tekjuöflunarkerfi ríkisins og drög að stefnumótun um nýtt tekjuöflunarkerfi, sem fullnægt gæti þeim ýmsu kröfum sem virk fjármálastjórn ríkisins gerir. Sem hluti af þessu starfi var unnið að nýju frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt og var slíkum drögum skilað skömmu eftir myndun núverandi ríkisstjórnar.

Í upphafi árs 1975 voru vinnuhópar settir á laggirnar til að gera tillögur um breytingar á ýmsum sviðum skattamála í framhaldi af því verki sem að framan er lýst. Greinargerðum hefur verið skilað um staðgreiðslu opinberra gjalda og um virðisaukaskatt. Unnið hefur verið að, og tillögum skilað, um ýmsa þætti tekjuskatts og samhæfingu skattgreiðslna og bóta almannatrygginga og leiddu þær tillögur til breytinga á tekjuskatts- og tryggingalögum vorið 1975. Frumvarp til nýrra tollskrárlaga hefur verið samið og lagt fram á Alþingi. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir er hluti af þeim áfanga verksins sem hófst 1975.

Allt það starf, sem hér hefur verið lýst, hefur gert þeim mun ljósara sem lengra hefur liðið, hversu brýna nauðsyn beri til að móta tekjuöflunarkerfi ríkisins frá grunni í átt við það sem lagt er til í nefndarskýrslu frá 1973. Má greina nokkrar meginástæður til þessa:

1. Fjöldi tekjustofna ríkisins er óhæfilegur. Við álagningu, eftirlit, innheimtu og aðra umsýslu verður hverjum tekjustofni um sig ekki nægilega sinnt nema með mikilli fyrirhöfn og kostnaði. Tekjur, sem ýmsir hinir smærri tekjustofnar gefa ríkissjóði, eru litlar samanborið við fyrirhöfn og störf við álagningu og innheimtu þeirra. Gæfu þau störf betri árangur ef þeim væri beint að hinum veigameiri tekjustofnum. Þannig verður að teljast brýnt markmið að tekjustofnum sé fækkað og jafnframt leitast við að tryggja, að því marki sem slíkt er unnt í löggjöf, öruggari framkvæmd álagningar og innheimtu þeirra tekjustofna sem eftir yrðu.
2. Einstakir skattar hafa í áranna rás orðið mjög flóknir með því að leiddar hafa verið í lög í mjög vaxandi mæli hvers konar sérreglur og undanþágur til hagsbóta fyrir ýmsa þjóðfélagshópa. Mest hefur þetta verið áberandi í tekju- og eignarskatti og verða því efni gerð nánari skil hér á eftir.

   Telja verður brýnt að hverfa frá þessum flóknu reglum við skattlagningu, eftir því sem frekast er kostur, bæði til að auðvelda og tryggja rétta framkvæmd og til að almenningur geti betur gert sér grein fyrir skattbyrði sinni. Þessu er til viðbótar að ýmis ákvæði, sem hér um ræðir, hafa haft allt önnur áhrif en ætla má að til hafi verið ætlast í upphafi.
3. Skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir gagnvart EFTA/EBE um tollalækkanir á árunum fram til 1980, svo og aðrar nauðsynlegar tollalækkanir, rýra tolltekjur ríkissjóðs verulega á þessum tíma eins og áðurnefnt tollskrárfrumvarp ber með sér. Ljóst er að núverandi tekjuöflunarkerfi getur ekki bætt þennan tekjumissi. Nýtt kerfi er því nauðsynlegt og þá jafnframt að tilflutningur tekju-

öflunar, sem þarna á sér stað, gerist með sem mestu öryggi fyrir ríkissjóð og sem minnstri röskun fyrir almenning og efnahagslífið.

4. Öll tekjuöflun ríkisins hefur verið lögfest smám saman með nýjum lögum um einstaka tekjustofna og lögum um breytingar á þeim lögum, eftir því sem þarfir fyrir auknar tekjur ríkissjóðs hafa risið. Samhliða yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar að setja heildartekjuöfluninni ákveðin mörk, sýnist tímabært að endurmeta í heild stefnuna á þessu sviði með þeim formlega hætti að móta alla tekjustofnalöggjöf frá grunni í einum lagabálki.
5. Tekjuöflun ríkisins hefur til þessa ekki verið ákveðin með það fyrir augum, að ríkisfjármálin séu virkur þáttur í hagstjórn og ráðandi afl um hvert sé eftirspurnastigið í hagkerfinu. Þessu er nauðsynlegt að breyta, eins og á hefur verið bent, ef ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis hverju sinni á að geta ráðið bót á þenslu eða samdrætti í efnahagslífinu. Ákvarðanir af þessu tagi þarf að vera unnt að taka innan ramma tekjuöflunarinnar sem einnar samstæðrar heildar.

Um fjölmargar aðrar ástæður til þessarar endurskoðunar vísast til fyrrgreindrar nefndarskýrslu.

Á þeim tíma, sem undirbúningur þessa verks hefur staðið, hefur margsinnis komið upp sú staða að meiri hluti Alþingis hefur talið knýjandi stjórnmálalega nauðsyn til þess að gera breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndir, sem að þessum undirbúningi hafa starfað, hafa ýmist í heild eða einstakir nefndarmenn tekið þátt í samningu slíkra breytinga. Hefur þá verið leitast við að breytingarnar samrýmdust langtímasjónarmiðum sem í nefndunum hafa verið ríkjandi. Heildarendurskoðun þessara laga hefur hins vegar alltaf verið endanlegt markmið, sem vænst er að ná með frumvarpi þessu.

Sem baksvið að þessari endurskoðun skattalaganna hafa verið miklar umræður um tekjuskatt og skattlagningu, á Alþingi, í fjölmiðlum og meðal fólksins í landinu. Auk þess sem frumvörp og þingsályktunartillögur hafa verið fluttar og ræddar á Alþingi, hefur hin almenna umræða borið með sér alvarlega gagnrýni á mismun í skattbyrði eftir því hvort gjaldandi launamaður eða atvinnurekandi og lífshættir ýmissa hinna síðarnefndu taldir í litlu samræmi við skattana sem þeir bera. Bent hefur verið á ýmis atriði sem færa þyrfti til betri vegar til einföldunar eða aukins réttlætis. Sumir hafa séð hinu eina réttlæti fullnægt ef tekjuskattur yrði lagður niður, aðrir hafa talið sanngjarnt að skattleggja hagnað af eignasölum og enn aðrir hafa gagnrýnt skattfrjálst brask með skip, svo dæmi séu tekin.

Ljóst er að tekjuskattur er mikilvægari tekjulind ríkissjóðs en svo, að niðurlagning hans sé hugsanleg. Sennilega eru hann og eignarskatturinn einu umtalsverðu tekjustofnar ríkisins sem hafa veruleg tekjujöfnunaráhrif. Þau nást þó því aðeins að skattframkvæmd takist með viðunandi hætti.

Í því skyni m. a. að bæta skattframkvæmd hefur það verið markmið í þessari endurskoðun að ná fram einföldun á skattlagningunni. Nú er það svo, að skattkerfi, sem er einfalt að gerð, gefur ekki færi á að taka tillit til séraðstæðna eða sérhagsmuna einstakra manna eða hópa. Sú hneigð, sem verið hefur ríkjandi í löggjöf á þessu sviði undanfarna áratugi, hefur getið af sér það flókna tekjuskattkerfi sem við nú búum við. Öll hefur þessi hneigð verið í nafni réttlætis og sanngirni, en hún hefur jafnframt á stundum leitt til mikillar mismununar í skattbyrði.

Með frumvarpinu er reynt að þræða hinn gullna meðalveg í þessu sambandi. Veruleg einföldun á ýmsum sviðum felst því í frumvarpinu. Þess má því vænta að lögfesting frumvarpsins leiði til nokkurrar röskunar á skattbyrði einstakra gjaldenda og einstakra hópa þeirra, þannig að skattbyrði sumra aukist lítillega en annarra minnki. Reynt hefur verið eins og frekast var kostur að koma í veg fyrir slíka röskun umfram það sem beinlínis er ætlast til með frumvarpinu. Af sjálfu sér leiðir

að slíkt er ekki unnt að fullu. Því verður að líta á slíka röskun annars vegar sem fórn, sem færa verður til að álagning tekjuskatts geti orðið einfaldari, en hins vegar sem endurmat á því hvað talist geti sanngjarnt og réttlátt í skattlagningu. Loks er þess að vænta að störf á skattstofum yrðu virkari eftir þær breytingar sem frumvarpið ráðgerir.

Meginstefnuatriði frumvarpsins

Höfuðþáttum frumvarpsins var lýst í framsöguræðu fjármálaráðherra með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1977.

Miðað er við að frumvarpið verði afgreitt á þessu þingi en fyrsta álagning tekjuskatts samkvæmt því yrði ekki fyrr en 1978 á tekjur ársins 1977. Þykir ekki við hæfi að breyttar reglur um skattlagningu hafi afturvirk áhrif, einkanlega að því leyti sem hin ráðgerða breyting kann í einstökum tilvikum að verða til aukningar skattbyrði. Ákvæði frumvarpsins hefðu því ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs 1977. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að fjárhagsnefndir Alþingis, sem um frumvarpið fjalla, kanni hvort einhver ákvæði frumvarpsins séu þess eðlis að þau gætu komið til framkvæmda þegar við álagningu 1977.

Helstu stefnubreytingar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Tekjuskattsstofni og útreikningsaðferð tekjuskatts er gerbreytt. Þannig er tekjuskattsgrunnur færður í svipað horf og nú gildir um útsvar, þ. e. flestir frádrættir eru felldir niður. Að því leyti sem frumvarpið gerir ráð fyrir að taka tillit til þeirra sjónarmiða, sem frádrættir þjóna í núgildandi skattlagningu, er þeim breytt í beinan afslátt frá skatti.
2. Aðferð við skattlagningu hjóna er breytt. Sérstakur frádráttur vegna launatekna giftrar konu er felldur niður samkvæmt hinni almennu reglu sem lýst er í 1. tl., en þess í stað tekin upp helmingaskipti tekna hjóna til skatts, án tillits til hvort annað eða bæði afla teknanna. Sarfi hjónin samtals utan heimilis meira en sem svarar 12 mánaða vinnu er þeim ætlaður sérstakur afsláttur frá skatti sem að nokkru kemur í stað núgildandi frádráttar. Eigi hjónin börn, jafnframt því sem þau vinna samtals lengur en sem svarar 12 mánuðum á ári, er þeim einnig ætlað að njóta barnabótaauka til viðbótar núgildandi barnabótum. Almennt sagt er þess að vænta, að hjón, þar sem eiginkonan starfar ekki utan heimilis, mundu hafa ávinning af þessari breytingu. Skattbyrði hjóna, þar sem eiginkonan aflar launatekna, eykst nokkuð, sérstaklega ef tekjur hennar eru mjög háar.
3. Skattmeðferð einstaklinga, sem fást við atvinnurekstur, er breytt verulega. Rekstrarútgjöld atvinnurekstrar og þar með tap af slíkum rekstri yrði samkvæmt frumvarpinu ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum mannsins. Hann gæti þannig t.d. ekki nýtt fyrningar í atvinnurekstri sínum til að firra sig skattgreiðslu af launatekjum sem hann kann að hafa.

   Að auki gerir frumvarpið ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi lögum að maður, sem stundar atvinnurekstur í eigin nafni eða sjálfstæða starfsemi, verði án tillits til afkomu rekstrarins skattlagður eins og honum væru greidd laun frá öðrum. Er með þessum hætti ráðgert að innleiða eins konar lágmarks skattskyldar tekjur einstaklings í atvinnurekstri.
4. Veruleg einföldun er ráðgerð á fyrningarreglum og sömuleiðis á reglum um skattlagningu söluhagnaðar, einkum af fyrnanlegum eignum.

   Að því er varðar fyrningar munar mest um þá ráðgerðu breytingu að lausafé skuli fyrnast af bókfærðu verði í árslok með allt að 30% í stað lægra hlutfalls mismunandi eigna af upphaflegu kostnaðarverði. Söluverð slíks lausafjár, þ.m.t. vélar, skip og bifreiðar, færist til lækkunar hinu bókfærða verði

en kaupverð nýrrar eignar því til hækkunar. Breytingunni er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að unnt sé að skapa sér nýjan fyrningargrunn með kaupum og sölum eigna eftir tiltekinn tíma með málamyndasölum milli félaga. Reglur um skattlagningu söluhagnaðar af öðrum eignum eru einnig endurbættar og gerðar nokkru strangari en nú gildir. Þannig er söluhagnaður af öllum mikilvægustu eigum gerður skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma.

5. Í þeim köflum laganna sem fjalla um framkvæmd skattlagningar og viðurlög eru gerðar nokkrar veigamiklar breytingar. Framlagningu skattskrár er seinkað þar til meginhluti úrskurða skattstjóra um kærur hefur farið fram, þannig að skattskrá verði réttari en sú frumskattskrá sem lögð er fram samkvæmt gildandi lögum.

Ríkisskattanefnd er breytt samkvæmt frumvarpinu í fastan úrskurðaraðila, eins konar skattdómstól þriggja manna sem ætlað er að hafa setu í nefndinni að aðalstarfi.

Loks eru viðurlög við skattsvikum samkvæmt frumvarpinu verulega þyngd, t.d. ákveðin há sektamörk. Veigamesta stefnubreytingin í þessu efni er þó að heimilað er, við ítrekuð brot eða miklar sakir, að dæma auk sektar varðhald eða fangelsi allt að 6 árum eins og nú gildir um þjófnað, fjárdrátt og önnur auðgunarbrot samkvæmt almennum hegningarlögum.

Hér á eftir fara nánari lýsingar á breytingum sem í frumvarpi þessu felast, skipt í eftirfarandi meginþætti:

I Breyting á reglum um tekjuskatt einstaklinga.
II Breyting á reglum um skattlagningu einstaklinga í atvinnurekstri.
III Breytt ákvæði um fyrningar og söluhagnað eigna.
IV Nokkrar breytingar varðandi eftirlit og framkvæmd álagningar, úrskurða og innheimtu.
V Breyting á viðurlagaákvæðum.

I Tillögur um breytingar á reglum um tekjuskatt einstaklinga

Vinnuhópur sá, er fjármálaráðherra fól með bréfi hinn 9. janúar 1975 að gera tillögur um samhæfingu tryggingakerfis og skattkerfis og að athuga hvort ekki mætti færa tekjuskattsgrunn einstaklinga nær heildartekjum þeirra o.fl., skilaði áfangaskýrslu í nóvember s.l. þar sem tillögur eru gerðar um breytingu á tekjuskatti einstaklinga. Tillögum þessum er fylgt í aðalatriðum í frumvarpi þessu, eins og nú skal nánar rakið:

1. Sami skattgrunnur verði til tekjuskatts og tekjuútsvars. Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru veittir frádrættir frá vergum tekjum áður en útsvar er á lagt. Þessir frádrættir gilda ekki allir til tekjuskatts. Á hinn bóginn eru veittir ýmsir og mun fleiri frádrættir frá vergum tekjum áður en tekjuskattur er ákveðinn eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sá skattgrunur sem hér er lagt til að verði sameiginlegur til tekjuskatts og tekjuútsvars er nánast hinn sami og nú gildir til útsvars. Við álagningu tekjuskatts í ár nam frádráttur frá brúttótekjum rösklega 21% brúttótekna en mismunur brúttótekna og tekjuskattsstofns samkvæmt frumvarpinu yrði hins vegar um 3%.

Yfirlit yfir þá frádrætti sem giltu til álagningar 1975 og innbyrðis skiptingu þeirra er að finna í fskj. nr. 1. Hinn sameiginlegi grunnur breytir ekki því að unnt sé að leggja á tekjuskatt og tekjuútsvar sitt í hvoru lagi og að útsvar sé mismunandi hlutfallstala eftir sveitarfélögum.

2. Skattlagningu hjónatekna verði breytt á þann veg að frádráttur af launatekjum giftrar konu falli niður, en þess í stað verði tekin upp helmingaskipti tekna hjóna áður en tekjuskattur er reiknaður.

Í gildandi tilhögun er gerður greinarmunur á hjónum, bæði eftir kyni og eftir því hvernig þau skipta með sér verkum, sem og á konum eftir hjúskaparstétt. Hinar nýju reglur eru hlutlausar að þessu leyti. Afnám 50% frádráttarins ylli að öðru óbreyttu talsverðri íþyngingu skattbyrði útivinnandi hjóna frá því sem nú er, jafnvel þótt tekjuhelmingaskiptin mildi hana að vissu marki. Þess vegna er gert ráð fyrir að veita útivinnandi hjónum afslætti frá tekjuskatti í hlutfalli við samanlagða útivinnu beggja umfram 12 mánuði og upp í 24 mánuði. Annars vegar er í frumvarpinu ákveðin krónutala fyrir hvern mánuð umfram 12, svonefndur heimilisafsláttur, óháð því hve mörg börn eru á framfæri hjónanna. Hins vegar kemur afsláttur til viðbótar barnabótum, svonefndur barnabótaauki, sem einnig er tiltekin fjárhæð fyrir hvert barn í hlutfalli við samanlagða útivinnu hjóna umfram 12 mánuði. Þessir afslættir gilda einnig um einstætt foreldri sem vinnur utan heimilis. Við hina breyttu tilhögun er ekki lengur þörf sérákvæðis um hámarksfrádrátt tekna eiginkonu af atvinnurekstri hjóna.

Yfirlit um tekjur giftra kvenna við álagningu 1975 er birt í fskj. nr. 2.

3. Af samræmingu álagningargrunns til tekjuskatts og útsvars leiðir að ívilnanir, sem áfram eiga að gilda til tekjuskatts og koma í stað núverandi frádráttarliða, verða að koma sem afslættir frá skatti. Þetta er einkum nauðsynlegt með tilliti til þess að beinn frádráttur frá tekjum mundi rýra hinn sameiginlega grunn (sem þá yrði lægri fjárhæð), mismunandi mikið eftir sveitarfélögum. Auk þess hefur flöt afsláttarprósenta tekjujöfnun í för með sér vegna þess að skattléttirinn verður óháður því í hvoru skattþrepi hlutaðeigandi er.

Þegar hefur verið getið heimilisafsláttar og barnabótaauka. Aðrir sérafslættir yrðu launaafsláttur, vaxtagjaldaafsláttur, viðhaldsvinnuafsláttur, fiskimannaafsláttur og sjómannaafsláttur.

Launaafsláttur kæmi í stað ýmissa gildandi frádráttarliða til tekjuskatts. Er hér einkum um að ræða eftirtalda liði:

Iðgjald af lífeyristryggingu,
iðgjald af lífsábyrgð,
stéttarfélagsgjöld launþega,
sjúkra- og slysadagpeninga,
gjafir til menningarmála,
kostnað við öflun bóka o.fl.,
giftingarfrádrátt,
björgunarlaun,
námsfrádrátt frá tekjum nemanda sjálfs,
frádrátt að námi loknu vegna námskostnaðar sem stofnað var til eftir 20 ára aldur,
verkfærakostnað,
flugfreyjufrádrátt,
messusöngsfrádrátt,
leikarafrádrátt o.fl.

Þessar frádráttarheimildir jafngilda 7—8% frádrætti frá launatekjum.

Vaxtagjaldaafsláttur kemur í stað gildandi frádráttar vaxtagjalda. Þó er sú breyting á gerð að allir fá tiltekinn vaxtagjaldaafslátt hið lægsta. Yrði þetta annars vegar til einföldunar við framtal til skatts hjá þeim sem lítið skulda og hins vegar kæmi þessi staðalafsláttur einnig til góða þeim sem ekki hafa vaxtagjöld vgena eigin húsnæðis og búa í leiguhúsnæði, en húsaleiga er ekki

frádráttarbær til skatts. Á hliðstæðan hátt yrði fiskimönnum og sjómönnum veitt áfram skattívilnun í svipuðum mæli og verið hefur, en sjómannafrádrætti og fiskimannafrádrætti breytt í sinn hvorn afsláttinn frá skatti.

Eftir þessar breytingar yrðu hjá flestum einstaklingum og hjónum, þar sem annað vinnur heima, ekki nema um einn til þrjá afslætti að ræða auk persónuafsláttar, þ.e. launaafslátt, vaxtagjaldaafslátt og viðhaldsvinnuafslátt. Hið flesta yrðu afslættirnir sjö, auk presónuafsláttar, þ.e. hjá fiskimanni sem á maka sem vinnur úti, hefur barn á framfæri sínu og á eigin íbúð. Þessir afslættir frá skatti kæmu í stað fjölmargra gildandi frádráttarheimilda frá tekjum.

4. Tekjur og gjöld af eigin íbúðarhúsnæði verði tekin út bæði tekjumegin og gjaldamegin. Er um að ræða annars vegar eigin húsaleigu en hins vegar fasteignagjöld, fyrningu og viðhaldskostnað annan en vegna greiddrar viðhaldsvinnu. Við álagningu 1975 voru bæði tekjur og gjöld íbúðarhúsnæðis reiknuð sem hlutfall af fasteignamati. Við álagningu 1976 var frádrætti breytt með reglugerð þar sem einungis fyrning er ákveðið hlutfall af fasteignamati en fasteignagjöld og viðhaldskostnaður frádráttarbær samkvæmt reikningi. Sé litið á eigin húsaleigu í heild annars vegar og heildargjöld af íbúðarhúsnæði hins vegar vógu þessir liðir nokkurn veginn salt við álagningu 1975. Sú tilhögun sem ríkti við álagningu í ár hefur ekki gefið eins góða raun varðandi betra framtal viðhaldsvinnu og vonir stóðu til, auk þess sem afar erfitt er að draga skýr mörk milli viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstakur afsláttur frá skatti verði veittur vegna greiddrar viðhaldsvinnu að vissu marki við eigin íbúð.

   Telja verður að þær breytingar, sem lýst hefur verið, auðveldi allar upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda, enda þótt ástæða kynni að vera til að ganga enn lengra í átt til einföldunar ef hún yrði lögleidd. Einnig er greinilegt að hin nýja tilhögun leyfir verulega einföldun skattframtals hjá öllum þorra einstaklinga. Ekki er síður um vert að þær ættu að létta störf skattyfirvalda að mun.

5. Skattlagningu tekna barna er breytt á þann veg að fyrstu krónurnar verða skattfrjálsar en þær síðustu eru skattlagðar þyngst. Í gildandi lögum er tiltekinn hluti skattlagður með tekjum foreldra, en sé sérsköttun heimiluð lækkar tekjuskattur niður í núll á tilteknu bili (og útsvar er greitt af ónýttum eftirstöðvum persónuafsláttar að vissu marki) eins og einstaklingur ætti í hlut.
6. Ákvæði um tekjuskattsfrelsi vaxtatekna eru nú miðuð við vaxtagjöld í stað skulda samkvæmt gildandi lögum. Arður er gerður frádráttarbær hjá móttakanda að vissu marki. Framtalsskylda er útvíkkuð, t.d. á sparifé.
7. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjur einstaklings af atvinnurekstri verði áfram á einkaframtali hans, eins og nánar er lýst, en sú breyting er á gerð að tap af rekstrinum verður einungis frádráttarbært frá tekjum af honum en ekki öðrum tekjum, svo sem launatekjum og lífeyri.
8. Reiknað er með að skattþrep verði áfram tvö og sömu hlutfallstölur gildi til útreiknings tekjuskatts.
9. Ýmsar aðrar tillögur um breytingar eru gerðar, svo sem um skattskyldu, og eru þær raktar í athugasemdum um einstakar greinar.

II Einstaklingar í atvinnurekstri

1. Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru engar heimildir til ákvörðunar launa af eigin atvinnurekstri manns eða sjálfstæðri starfsemi, umfram þær sem almennt gerist um einstaklinga. Í lögunum eru ekki sérstök ákvæði sem takmarka frádráttarbærni taps frá öðrum tekjum en af rekstrinum sjálfum.

Sé reksturinn hins vegar í félagsformi kemur tap af rekstri ekki til frádráttar tekjum utan rekstrarins.

2. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er heimild til að áætla manni tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi „ef sérstaklega stendur á", sbr. 23. gr. þeirra laga. Þessari grein hefur hins vegar lítt verið beitt í framkvæmd og ágreiningur ríkt meðal úrskurðaraðila um hvernig beri að túlka lagabókstafinn.
3. Þá er í 4. mgr. B-liðar 25. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt takmörkunarákvæði á greiðslu eftirstöðva ónýtts persónuafsláttar til greiðslu útsvars hjá aðila sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
4. Í frumvarpinu er lagt til að maður sem atvinnurekstur stundar í eigin nafni eða sjálfstæða starfsemi sitji við sama borð og eigandi félags af starfslaunum sínum frá félaginu. Er miðað við að maður skuli telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt starfið af hendi fyrir óskyldan aðila, hvort sem hann vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða þá hjá félagi sem honum er tengt. Endurgjald þetta yrði frádráttarbært sem kostnaður í atvinnurekstrinum en ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum. Við ákvörðun endurgjaldsins yrði tekið tillit til aðstæðna aðila, svo sem starfsaldurs, heilsufars og starfstíma hans hjá öðrum á árinu. Með þessu móti reiknar maður sér tekjur af atvinnurekstrinum óháð sveiflum á afkomu rekstrarins frá einu ári til annars. Jafnframt er ekki lengur þörf takmörkunarákvæðis skv. 4. mgr. B-liðar 25. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í fskj. nr. 3 er að finna yfirlit um tekjur og tekjuskatt einstaklinga í atvinnurekstri við álagningu 1975 og áætlaða hækkun tekjuskatts ef þessum aðilum væru reiknuð laun í samræmi við þær viðmiðunarreglur sem þá giltu við álagningu launaskatts.

III Söluhagnaður og fyrningar

Frumvarpið kveður á um veigamiklar breytingar á reglum um fyrningar og söluhagnað eigna. Breytingarnar eru í aðalatriðum þessar:

1. Söluhagnaður af þeim eignum í atvinnurekstri, sem heimilt yrði að fyrna, verði að fullu skattskyldur á söluári, óháð eignarhaldstíma. Í gildandi lögum er skattskyldan hins vegar bundin eignarhaldstíma, en mismunandi er eftir tegundum eigna hvenær hann leysir aðila undan skattskyldu að einhverju eða öllu leyti, sbr. E-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Að því er tekur til fyrnanlegs lausafjár færist söluverð samkvæmt frumvarpinu til lækkunar fyrningargrunns þess og verður söluhagnaður þannig óbeinlínis skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Fyrningar af lausafé reiknist af bókfærðu verði, samanber síðar. Heimild er í frumvarpinu til frestunar skattgreiðslu eða til flýtifyrningar annarra fyrnanlegra eigna ef fyrningargrunnur lausafjár verður neikvæður.
3. Hagnaður af sölu fyrnanlegra fasteigna, þ. m. t. mannvirki og fyrnanleg náttúruauðæfi, verður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins einnig að fullu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma og telst mismunur á söluverði annars vegar og stofnverði (kostnaðarverði) þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum, framreiknuðu með vísitölu verðbreytinga, hins vegar. Sá munur, sem þá stendur eftir sem söluhagnaður, ætti að svara til raunverulegs hagnaðar sem myndast hefur, t. d. vegna þjóðfélaglegra aðgerða eða breytinga, svo og vegna fenginna fyrninga umfram slit mannvirkis við öflun tekna. Heimild er til að nota fasteignamat 1977 í stað stofnverðs, hafi aðilar eignast hið selda fyrir þann tíma. Jafnan er heimilt að telja helming söluverðs til tekna sem söluhagnað. Einnig er heimild til frestunar skattgreiðslu eða fyrningar annarra fyrnanlegra eigna, lausafjár eða fasteigna. Með þessu ákvæði, samanber einnig sams konar ákvæði

um lausafé, er leitast við að hafa flutning eigna milli atvinnugreina sem greiðastan, t. d. milli fiskveiða og fiskvinnslu, eða úr útgerð í vefjariðnað, ef svo ber undir. Þá verður hagnaður af sölu annarra fyrnanlegra eigna en lausafjár og fasteigna að fullu skattskyldur á söluári.

4. Svipað ákvæði gildir um söluhagnað af ófyrnanlegum fasteignum, þ. m. t. lönd, lóðir og ófyrnanleg náttúruauðæfi, og um söluhagnað af fyrnanlegum fasteignum. Þó er skattaðila jafnan heimilt að telja helming söluverðs ófyrnanlegrar fasteignar til tekna sem söluhagnað, enda getur viðmiðun við fasteignamat 1977 eða framreikningur á gamalt stofnverð reynst erfiður í sumum tilvikum. Þetta þýðir í reynd að heildarskattur af söluhagnaðinum yrði rúm 25% hið mesta (í stað skattfrelsis eftir sex ára eða lengri eignarhaldstíma). Flutningur söluhagnaðar til lækkunar stofnverðs annarrar eignar er bundinn við sams konar eign, þ. m. t. söluhagnaður af landi bújarðar samkvæmt nánari ákvæðum.
5. Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna, svo sem einkabíla, telst því aðeins til skattskyldra tekna, að hlutaðeigandi hafi átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Ákvæði þetta tekur ekki til hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og félögum og er óbreytt frá gildandi lögum.
6. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, hvorki í eigu félaga né manna. Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis teljist að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi maður átt það skemur en fimm ár, en sé skattfrjáls eftir fimm ára eða lengri eignarhaldstíma, enda eigi hlutaðeigandi eigi fleiri en þrjár íbúðir á söludegi. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í eigu félaga svo og þeirra einstaklinga, sem eiga fleiri íbúðir en þrjár, fer eins og um söluhagnað af öðrum ófyrnanlegum mannvirkjum. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um flutning söluhagnaðar af seldu íbúðarhúsnæði á það, sem aflað er í staðinn.
7. Í gildandi lögum telst ágóði af sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum og samlögum að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi aðili átt hið selda skemur en tvö ár, að hálfu eftir tveggja ára eignarhaldstíma en skemmri en fjögur ár, en eftir fjögur ár eða lengri eignarhaldstíma telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Samkvæmt frumvarpinu er full skattskylda söluhagnaðar af þessum eignum, ef eignarhaldstími er styttri en fjögur ár, en engin skattskylda ef hann er fjögur ár eða lengri.
8. Ýmis ákvæði önnur eru í frumvarpinu um söluhagnað, svo sem af eignum sem einungis eru notaðar að hluta í atvinnurekstri, um altjón og eignarnám, tímamörk við kaup og sölu, arftöku, tap af sölu, makaskipti, um sölu fasteignar sem er seld í heild eða að hluta og sala hennar fellur undir mismunandi ákvæði, um ákvörðun vísitölu við ákvörðun söluhagnaðar o. fl.
9. Í gildandi lögum fer um fyrningar skv. 15. gr. en þær teljast til rekstrarkostnaðar skv. A-lið 11. gr. Í A-lið 15. gr. laganna er fyrnanlegum eignum skipt í fimm flokka og í 1. mgr. C-liðar sömu greinar er fyrning ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eigna, sem þar eru upp taldar, og innan vissra marka að því er fyrningarhlutfall varðar.

   Í aðalatriðum er árlegt fyrningarhlutfall lausafjár 8—15%, bygginga og annarra mannvirkja en íbúðarhúsnæðis 1—10% eftir gerð og byggingarefni, en keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum svo og sérstaks stofnkostnaðar 5—20%. Þá eru ýmis önnur ákvæði um fyrningu, þar á meðal þess efnis að yfirleitt skuli standa eftir sem niðurlagsverð eignanna 10% af heildarfyrningarverði þeirra.

   Auk þeirra föstu fyrninga, sem hér hafa verið taldar eru í lögunum ákvæði um tvenns konar heimildarfyrningar til viðbótar. Annars vegar er heimild í D-lið 15. gr. til að fyrna lausafé og mannvirki, önnur en íbúðar- og skrifstofuhúsnæði, með sérstakri fyrningu er nemi 30% af heildarfyrningarverði, en þó má aldrei nota meira en fimmta hluta hennar á einu ári. Þessi sérstaka fyrning má

ekki mynda rekstrarhalla eða notast til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum. Hins vegar er í 6. mgr. C-liðar 15. gr. veitt heimild til svonefndrar „stuðulfyrningar“ af lausafé og mannvirkjum öðrum en íbúðarhúsnæði. Er verðhækkunarstuðullinn ákveðinn af fjármálaráðuneytinu í samráði við Hagstofu Íslands og skal einkum miða hana við verðbreytingar á þeim eignum sem fluttar eru til landsins. Verðhækkunarstuðullinn hefur reiknast af fyrningu ársins en ekki fyrningargrunni.

Þeim þrenns konar fyrningum, sem hér hefur verið lýst, er í frumvarpi þessu steypt saman í eina árlega fyrningu. Ekkert árlegt lágmarkshlutfall fyrningar er tiltekið en hins vegar árlegt hámarkshlutfall.

Lausafé skal samkvæmt frumvarpinu fyrna af bókfærðu verði lausafjár í einu lagi, að hámarki 30%. Þetta þýðir, að sé kaupverð lausafjár 100 yrði hámarksfyrning 30% á 1. ári, 21% á 2. ári o. s. frv. Kaupverð nýrrar lausafjáreignar færist til hækkunar fyrningargrunns. Eins og áður er lýst færist söluverð lausafjáreignar beint til lækkunar fyrningargrunns. Af hinum nýju reglum leiðir að ekki er unnt að hagnast á því að selja eignir í því skyni að fá nýjan fyrningargrunn en sleppa við söluhagnað. Eign, sem seld er, myndar nýtt fyrningarandlag hjá kaupanda en rýrir fyrningargrunn seljanda að sama skapi.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði verði fyrnanlegt. Fasteignir, sem heimilt er að fyrna, verða samkvæmt frumvarpinu fyrndar af kostnaðarverði (stofnverði) að hámarki 10% á ári. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að árlegt fyrningarhlutfall stofnkostnaðar sé 20% að hámarki, en heimilt sé að fyrna hann að fullu á notkunartíma ef hann er skemmri en 5 ár. Einnig að heimilt sé að færa að fullu til gjalda eignir sem kosta minna en tiltekna fjárhæð.

Andstætt því sem er í gildandi lögum er engin lágmarksfyrning tiltekin og heimilt er að nota árlega fyrningu til fulls á kaupári en enga á söluári eignar. Ekki er heldur gert ráð fyrir tilteknu niðurlagsverði lausafjár en hins vegar mannvirkja eins og verið hefur. Töp yrði heimilt að færa milli ára án tímatakmörkunar.

Í gildandi lögum má flytja tap á atvinnurekstri milli ára um fimm áramót, en þann hluta rekstrartapa sem myndast hefur vegna fyrninga, annarra en flýtifyrningar, má flytja milli ára uns hann er að fullu jafnaður. Í frumvarpinu er einnig lögboðið að mæta skuli tapi áður en fé er lagt í varasjóð.

10. Í frumvarpinu eru ýmis önnur ákvæði um fyrningar, bæði til skýringar á hugtökum, hvað teljist fyrnanlegar eignir, um upphaf og lok fyrningartíma, fyrningargrunn, kostnað vegna tjóns o. fl. Ennfremur um makaskipti, arftöku, eignir sem eru einungis að hluta nýttar til öflunar tekna, um niðurlag rekstrar, skyldu til að halda skrá yfir eignir og um heimild ríkisskattstjóra til að víkja frá reglum um fyrningarhlutfall og veita frest til tekjufærslu neikvæðs fyrningargrunns lausafjár.

IV Framkvæmd, úrskurðir og eftirlit

Helstu breytingar frumvarpsins, er varða framkvæmd og úrskurði í skattamálum, eru þessar:

1. Í stað gildandi lagaákvæðis, sbr. 39. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um framlagningu skattskrár eigi síðar en 20. júní ár hvert er gert ráð fyrir að álagning á einstaklinga, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, fari fram þegar í apríl, en framtöl atvinnurekstrarins verði endurskoðuð áður en álagning fer fram og skattskrá síðan lögð fram eigi síðar en í árslok. Er með þessu vonast til að skattstjórum gefist tími til að skoða framtöl betur áður en skattskrá er lögð fram og hún gefi þá réttari mynd en verið hefur af álagningu gjalda sem þar birtast.
2. Í stað gildandi ákvæðis um skipan ríkisskattanefndar skal hún samkvæmt frumvarpinu skipuð þremur mönnum sem hafa setu í nefndinni að aðalstarfi.

3. Það nýmæli er í frumvarpinu að ríkisskattstjóri geti leitað álits ríkisskattanefndar á túlkun lagaákvæða í því skyni að tryggja að framkvæmd laganna verði í samræmi við skilning nefndarinnar.
4. Í frumvarpinu eru víðtækari ákvæði en í gildandi lögum um skatteftirlit og rannsóknir og verkefni skattrannsóknarstjóra í því sambandi.

V Viðurlög

Allmiklar breytingar eru gerðar á viðurlagaákvæðum. Eftir sem áður er meginreglan sú, að viðurlög eru ekki ákveðin af dómstólum nema sökunautur eða ríkisskattstjóri óski þess sérstaklega. Samkvæmt gildandi lögum eru sektir í málum, sem ekki fara fyrir dómstóla, úrskurðaðar af sérstakri skattsektanefnd. Hér er lagt til að þetta úrskurðarvald verði í höndum ríkisskattanefndar. Ætti þessi breyting að horfa til einföldunar enda gerir hin breytta skipan ríkisskattanefndar henni mögulegt að taka við auknum verkefnum.

Þá eru refsingar við brotum á lögunum verulega þyngdar frá því sem er í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Ákvæði um skattskyldu eru gerð afdráttarlausari. Ákvæði eru sett um lengd dvalartíma, sem leiðir til fullrar skattskyldu, um lengd skattskyldutíma eftir brottför úr landi, svo og um skattskyldu þeirra sem starfa um borð í loftfari eða skipi, skráðu hér á landi. Ákvæði frumvarpsins eru að þessu leyti svipuð þeim reglum sem í gildi eru annars staðar á Norðurlöndum.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 1. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt og að hluta í stað 1. mgr. 2. gr. sömu laga. Skv. 2. tl. gildir skattskylda í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag ef maður bregður heimilisfesti og sannar ekki skattskyldu sína annars staðar. Eftir gildandi lögum getur svo farið að maður, sem flytur úr landi, verði hvergi skattskyldur, a. m. k. um stundarsakir.

Í 3. tl. er mælt fyrir um að sá er dvelst hér á landi lengur en í 183 daga á sama almanaksári, að meðtalinni eðlilegri fjarveru, sé að fullu skattskyldur hér á landi af öllum tekjum sínum og eignum. Eðlilegt virðist að setja skýrari reglur að þessu leyti en í reynd yrði jafnframt tekið tillit til tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki við skattlagningu aðila sem þar eiga heimilisfesti. Eigi í hlut aðili frá ríki sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við má beita ákvæðum 3. mgr. 115. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 52. gr. gildandi laga, þess efnis að lækka megi tekjuskatt og eignarskatt slíks aðila með hliðsjón af skattgreiðslum hans annars staðar. Í 4. tl. er sams konar ákvæði og í 3. tl. um þá er starfa lengur en 183 daga á sama almanaksári um borð í loftfari eða skipi skráðu hér á landi.

Þar sem heimilisfesti samkvæmt þessari grein fellur ekki að öllu leyti saman við lagareglur um lögheimili er ríkisskattstjóra veitt úrskurðarvald um hverjir skulu teljast heimilisfastir hér á landi í skilningi skattalaga, en úrskurði hans má skjóta til dómstóla.

Um 2. gr.

Með lögaðila samkvæmt þessari grein og öðrum er átt við ópersónulegan aðila.

Ákvæði þessarar greinar koma í aðalatriðum í stað 5. gr. gildandi laga. Þeirri stefnu er fylgt að skilgreina skattskyldu fyrst en síðan undanþágur sérstaklega, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 3. tl. eru hert skilyrði þess að sameignarfélag sé sjálfstæður skattaðili. Ákvæði um frest til að fullnægja þessum skilyrðum er að finna í ákvæðum I til bráðabirgða. Þá er tekið fram í niðurlagi greinarinnar að fullnægi lögaðili ekki settum skilyrðum

til að teljast sjálfstæður skattaðili skuli skipta tekjum og eignum milli eignaraðila eftir eignarhlutföllum. Séu eignarhlutföll óljós eða óþekkt skal skipta tekjum og eignum jafnt milli eignaraðila.

Ákvæðin bera með sér að sameignarfélagi, sem er sjálfstæður skattaðili, er ekki unnt að skipta upp milli eignaraðila nema með félagsslitum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvaða aðilar, menn og ópersónulegir aðilar, bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Eru þessi ákvæði fyllri og víðtækari en í gildandi lögum, sbr. 1.—3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 5. gr. og 6. gr. gildandi laga. Undanþágur frá skattskyldu er að finna í 4. gr. frumvarpsins.

Þá eru í frumvarp þetta felld inn atriði úr lögum nr. 22 1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi o. fl.

Í 1. tl. er ákveðin tekjuskattsskylda þeirra sem starfa um borð í loftfari eða skipi skráðu hér á landi eigi lengur en 183 daga á sama almanaksári.

Í 2.—8. tl. er kveðið á um rýmkun skattskyldu vegna hvers konar launagreiðslna, leigugjalds eða arðs til aðila er ekki hafa heimilisfesti hér á landi og í 9. tl. er kveðið á um af hvaða eignum þessir aðilar skuli greiða eignarskatt hér á landi.

Um 4. gr.

Grein þessi er í meginatriðum hliðstæð 6. gr. gildandi laga, sbr. einnig A-lið 5. gr. laganna.

Í 1. tl. eru tekjur maka forseta Íslands lagðar að jöfnu við tekjur hans. Upptalning á kirkjusjóðum og sparisjóðum er sleppt þar sem þeir falla undir 6.tl. (þeir sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum).

5. tl. er efnislega hinn sami og 2. málsl. A-liðar 5. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Kveðið er á um að hjónum skuli reiknaður tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi. Um ábyrgð á skattgreiðslu fer eins og verið hefur, sbr. 108. gr. frumvarpsins. Er þetta efnisbreyting frá því sem verið hefur um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts hjá hjónum. Jafnframt fellur 50% frádráttur af launatekjum eiginkonu skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. gildandi laga niður. Í þessu sambandi er vísað til heimilisafsláttar skv. 64. gr. og barnabótaauka skv. 65. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í greininni er ótvírætt ákvæði um að barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sé ekki sjálfstæður skattaðili ef það er á framfæri foreldra sinna, þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar og fósturforeldrar, sbr. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Heimild til sérsköttunar, sbr. 2. mgr. 4. gr. gildandi laga, er felld niður. Frádráttur frá tekjum áður en tekjuskattur er reiknaður ákveðst skv. 6. tl. 30. gr. frumvarpsins.

Um. 7. gr.

7.—27. gr. samsvara 7. gr. gildandi laga, en þeirri reglu er fylgt að safna öllum frádráttum sem mest á einn stað, sbr. III. kafla frumvarpsins.

1. mgr. 1. tl. er fyllri upptalning en í A- og B-lið 7. gr. laganna á því hvaða launagreiðslur og starfstengd fríðindi og hlunnindi teljast til tekna.

2. mgr. 1. tl. er nýmæli. Mælt er fyrir um að maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan og ótengdan aðila, eins og nú gildir um mann sem vinnur hjá félagi í atvinnurekstri.

2. tl. felur í sér skýrari ákvæði en gildandi lög. Hvers konar bótagreiðslur eru skattskyldar en þetta ákvæði verður að skoða með hliðsjón af því hvað ekki telst

til tekna skv. 2. tl. 28. gr. frumvarpsins, svo og með tilliti til ákvæða 37., 38. og 41. gr., eftir því sem við á.

3.—5. tl. eru umorðun ýmissa atriða í B- og C-lið 7. gr. gildandi laga.

6. tl. er sama efnis og F- og G-liðir 7. gr. gildandi laga, sbr. einnig B-lið 7. gr. laganna varðandi gjafir og framlög.

1. mgr. 7. tl. er efnislega eins og upphaf 1. mgr. C-liðar 7. gr. gildandi laga. 2. mgr. 7. tl. er hins vegar breyting. Í fyrsta lagi er ákveðið að nái heildarleigutekjur af einstökum íbúðum ekki hlunnindamati skv. 114. gr. frumvarpsins skuli reikna húsaleiguna til tekna með því mati, að frádregnum 20%, enda reiknist þá engin gjöld til frádráttar tekjum. Þetta á við íbúðir í eigu manna sem ekki eiga fleiri en þrjár íbúðir, þ. m. t. íbúð til eigin nota. Um tekjur hjá mönnum sem eiga fleiri en þrjár íbúðir fer eins og um tekjur af íbúðarhúsnæði lögaðila. Í öðru lagi er kveðið á um, að ekki skuli reikna tekjur af íbúðarhúsnæði því sem skattaðili á og notar til eigin þarfa. Fellur svonefnd eigin húsaleiga af íbúð, sem eigandi notar sjálfur, þar með niður svo og frádráttarbærni gjalda af þeirri íbúð. Þó er veittur afsláttur í hlutfalli við viðhaldsvinnu að tilteknu marki, sbr. 4. tl. 64. gr. frumvarpsins.

Í 8. tl. eru taldar vaxtatekjur, afföll og gengismunur, sem nánar er skilgreint í 8. gr. frumvarpsins. Vísast í þessu sambandi til 1. og 3. mgr. D-liðar 7. gr. gildandi laga varðandi vexti og afföll en til 4. mgr. D-liðar 15. gr. laganna varðandi gengishagnað og til 2. mgr. B-liðar og 5. mgr. C-liðar 15. gr. sömu laga um gengistöp.

9. tl., ásamt 9. gr. frumvarpsins, kemur í stað 2. mgr. D-liðar 7. gr. gildandi laga. Um frádrátt sem heimilaður er af tekjum skv. 8. og 9. tl. fer samkvæmt ákvæðum 30. og 31. gr. frumvarpsins. Eins og þar kemur fram er frádráttarheimild arðs samkvæmt nánari skilmálum flutt að hluta frá félagi því er úthlutar og til móttakanda.

Í 10. tl. er tekið fram að fé sem kaupfélög, samvinnufélög o. fl. færa félagsaðilum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra teljist til tekna en á móti kemur frádráttur skv. 5. tl. 30. gr.

Í 11. tl. er kveðið á um að sé fé af viðskiptum félagsaðila í umræddum félögum greitt út teljist það einnig til tekna, séu viðskiptin í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans.

Í 12. tl. eru hliðstæð ákvæði og í 10.—11. tl. að því er varðar samlög og innkaupasamtök.

13. tl. þarfnast ekki skýringa.

14. tl. Hér eru tekin af öll tvímæli um að fyrri töluliðir þessarar greinar eru aðeins dæmi um skattskyldar tekjur og að ekki verði gagnályktað frá þeim.

Um 8. gr.

Vextir skv. 1., 2. og 3. tl. eru aðgreindir vegna mismunandi ákvæða um frádrátt frá tekjum, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

4. tl. er hliðstæður síðustu mgr. D-liðar 7. gr. gildandi laga. Einnig er tekið fram hvernig með afföll skuli fara sem tekjur ef krafa er seld eða látin af hendi.

Í 5. tl. er fjallað um gengishagnað, hvenær og hvernig skuli reikna hann. Eru þetta skýrari ákvæði og efnisbreyting frá 4. mgr. D-liðar 15. gr. laganna að því er tekur til tímalengdar tekjufærslu. Þá er í lokamálslið 5. tl. brugðið út af þeirri meginreglu að tekjur og gjöld skuli færð sérstaklega hvort um sig, þar sem heimilað er að færa jákvæðan gengismun til tekna, þ. e. gengishagnað ársins að frádregnu gengistapi. Á hinn bóginn er einnig heimilt að færa neikvæðan gengismun til gjalda, sbr. 3. tl. 50. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur að efni til í stað 2. mgr. D-liðar 7. gr. gildandi laga. Tímaviðmiðun eignarverðmætis þess sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa skal byggð á skal vera lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári og tekið skal tillit til opinberra gjalda á því ári við ákvörðunina. Þá er tekið fram að til hreinnar eignar, sem útgáfa bréfanna skal miðast við, teljist ekki varasjóður, sbr. 10. tl. 31. gr. frumvarpsins.

Ríkisskattstjóra er falið að ákveða hvernig reikna skuli þá almennu verðhækkun sem verðmæti jöfnunarhlutabréfa skal samsvara.

Ákvæði 2. mgr. um sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs eru sama efnis og um ræðir í 2. mgr. D-liðar 7. gr. laganna. Um sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs fer skv. ákvæðum 17. gr. frumvarpsins að því marki sem eign hlutafélagsins í eigin bréfum fer ekki yfir 10% að nafnverði hlutafjárins.

Ákvæði 3. mgr. eru í samræmi við þær reglur sem gilt hafa um skattskyldu úthlutaðs arðs umfram hlutafé við félagsslit.

Um 10. gr.

Í þessari grein er söluhagnaður skilgreindur svo og hvað telst stofnverð eigna. 10.—27. gr. koma í aðalatriðum í stað E-liðar 7. gr. gildandi laga.

Um 11.—13. gr.

Í sambandi við þessar og aðrar greinar um söluhagnað vísast jafnframt til almennra athugasemda hér að framan.

Í 11. gr. er kveðið á um að söluverð lausafjár, sem heimilt er að fyrna, skuli færast til lækkunar fyrningargrunni og er því óbeinlínis alltaf skattskylt. Samkvæmt gildandi lögum, sbr. E-lið 7. gr., telst ágóði af sölu fyrnanlegs lausafjár því aðeins til skattskyldra tekna á söluári að aðili hafi átt hið selda skemur en tvö ár. Hafi hann átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, telst helmingur ágóðans til skattskyldra tekna. Sé eignarhaldstími fjögur ár eða lengri telst hagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna.

Í 12. gr. er kveðið á um hagnað af sölu fasteigna, sem heimilt er að fyrna, og telst hann að fullu til skattskyldra tekna á söluári án tillits til eignarhaldstíma. Jafnframt er ávallt heimilt að telja til tekna helming söluverðs, sem söluhagnað, sem í reynd setur (efri) mörk á skattlagningu.

Hagnaður af sölu þessara eigna er mismunur á söluverði þeirra annars vegar og framreiknuðum eftirstöðvum fyrningarverðs hins vegar. Við framreikning er beitt vísitölu skv. 26. gr. frumvarpsins í því skyni að draga úr skattlagningu á rýrnun krónunnar. Í þessu sambandi er heimilt að nota fasteignamat 1977 í stað stofnverðs. Einnig eru ákvæði um heimild til að flytja söluhagnaðinn yfir á aðrar fyrnanlegar eignir með því að draga hann frá fyrningargrunni þeirra eða fyrna þær sérstakri fyrningu svo og um heimild til frestunar skattlagningar um tvenn áramót. Frestun tekjufærslu er háð því skilyrði að yfirfæranleg töp hafi verið jöfnuð. Sé hún ekki notuð telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist að viðbættu 25% álagi. Tímaviðmiðun þessi er skýrari en í gildandi lögum, þar sem ekki er kveðið tvímælalaust á um þetta atriði né heldur álag tiltekið.

Samkvæmt gildandi lögum, sbr. 3. mgr. E-liðar 7. gr., telst hagnaður af sölu umræddra fasteigna að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi skattaðili átt hina seldu eign skemur en þrjú ár, að þremur fjórðu hlutum ef selt er á fjórða ári, að hálfu sé selt á fimmta ári, að einum fjórða sé selt á sjötta ári, en eftir sex ára eignarhaldstíma telst hagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Athygli er vakin á að í gildandi lögum taka þessi ákvæði ekki til íbúðarhúsnæðis, hvort heldur er í eigu einstaklinga eða félaga.

Samkvæmt frumvarpinu, sbr. lokamálsgrein 14. gr., eiga ákvæði þeirrar greinar einnig við um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í eigu lögaðila svo og í eigu þeirra manna sem eiga fleiri en þrjár íbúðir þegar sala á sér stað.

Í 13. gr. er hagnaður af sölu annarra fyrnanlegra eigna talinn til skattskyldra tekna á söluári óháð eignarhaldstíma. Í gildandi lögum eru sömu söluhagnaðarákvæði um þessar eignir (keyptan höfundarétt, sérstakan stofnkostnað o. fl.) og um fyrnanlegt lausafé, sbr. 1. mgr. E-liðar 7. gr. og það sem áður er rakið hér að framan.

Um 14.—15. gr.

Skv. 14. gr. er hagnaður af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna, þ. m. t. ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir og ófyrnanleg náttúruauðæfi, að fullu talinn til skattskyldra tekna á söluári.

Eins og um fyrnanlegar fasteignir skal við útreikning á söluhagnaði tekinn mismunur söluverðs og framreiknaðs stofnverðs með vísitölu skv. 26. gr. frumvarpsins. Skattaðila er heimilt að nota fasteignamat 1977 í stað stofnverðs hafi hann eignast hið selda fyrir þann tíma. Jafnframt er honum jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna sem söluhagnað. Þetta ákvæði setur í reynd (efri) mörk á skattlagningu, sem nemur um 26,7% af söluandvirði, enda er um mikla breytingu frá gildandi lögum að ræða.

Sami frestur er heimilaður á skattlagningu söluhagnaðar af sölu ófyrnanlegra fasteigna skv. 14. gr. og varðandi fyrnanlegt lausafé og fyrnanlegar fasteignir. Hins vegar er einungis unnt að færa söluhagnaðinn til lækkunar stofnverði sams konar eigna. Þessi ákvæði gilda einnig um söluhagnað af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum bújarða, enda hafi seljandi stundað búrekstur á hinni seldu eign sem aðalstarf í a. m. k. fimm ár og hafi búrekstur með höndum í a. m. k. tvö ár á þeirri eign er keypt er í staðinn.

Í 15. gr. er kveðið á um, að hagnaður af sölu lausafjár sem eigi er heimilt að fyrna, t. d. einkabíla, annars en hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum og samlögum, teljist því aðeins til skattskyldra tekna að skattaðili hafi átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Er þetta eins og ákvæði gildandi laga, sbr. 2. mgr. E-liðar 7. gr.

Um 16. gr.

Í greininni eru ákvæði um skattskyldu hagnaðar af sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manns sem á þrjár íbúðir eða færri á söludegi. Um hagnað af sölu annars íbúðarhúsnæðis vísast til 14. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 16. gr. telst hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt það skemur en fimm ár, en eftir þann eignarhaldstíma er söluhagnaður skattfrjáls. Heimilt er að fresta skattlagningu um tvenn áramót eða færa söluhagnaðinn til lækkunar stofnverðs íbúðarhúsnæðis sem aflað er í staðinn, fullgerðs eða í byggingu.

Vísitala er ekki reiknuð á stofnverð þegar söluhagnaður er ákveðinn.

Þá er mælt fyrir um hvernig reikna skuli söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem selt er í byggingu, en söluhagnaðurinn er skattskyldur hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma.

Ákvæði þessi fela í sér bæði breytingu og skýrari reglur en í gildandi lögum, sbr. 4. mgr. E-liðar 7. gr. Þar miðast skattfrelsi söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði við þriggja ára eignarhaldstíma í stað fimm ára samkvæmt frumvarpinu. Á móti þessari lengingu eignarhaldstímans vegur öllu frjálsari heimild til endurfjárfestingar, þar sem endurkaup eru ekki háð því skilyrði að hið keypta íbúðarhúsnæði sé jafnstórt eða stærra að rúmmáli en hið selda, né heldur að hús sem byggt er í staðinn sé íbúðarhæft innan þriggja ára. Ákvæði um íbúðarhæfi hafa reynst erfið í framkvæmd. Þá er ekki skilgreint í gildandi lögum hvernig reikna skuli söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem byggt er á lengri tíma en einu ári og verðlag er breytilegt milli ára.

Ákvæði 5. mgr. um skattskyldu eigin vinnu eru efnislega hin sömu og í gildandi lögum, sbr. niðurlag 4. mgr. E-liðar 7. gr. Þá er í síðustu mgr. tekið fram hvernig með skuli fara ef maður selur fleiri en eina íbúð á sama tíma og sala þeirra fellur bæði undir ákvæði 14. og 16. gr. Skulu þá ákvæði 16. gr. ná til þeirra íbúða sem lengur hafa verið í eigu seljanda.

Um 17. gr.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst til skattskyldra tekna á söluári, sé eignarhaldstími styttri en fjögur ár, en er skattfrjáls eftir lengri eignarhaldstíma.

Í gildandi lögum, sbr. 1. mgr. E-liðar 7. gr., fer með skattskyldan söluhagnað af sölu hlutabréfa eins og af lausafé, þ. e. full skattskylda er ef selt er innan tveggja ára, að hálfu sé selt á 3. og 4. ári, en eftir lengri eignahaldstíma telst söluhagnaður ekki til skattskyldra tekna.

2. mgr. er nær samhljóða 8. mgr. E-liðar 7. gr. laganna.

3. mgr., sem kveður á um að eignarhaldstími jöfnunarhlutabréfa, sem úthlutað hefur verið eða heimilt hefði verið að úthluta, skuli teljast jafn eignarhaldstíma þeirra hlutabréfa er réttinn veittu, er viðbót frá gildandi lögum til að taka af tvímæli.

4. mgr. er nýmæli, en þar er sala á meira en þremur fjórðu hlutum af nafnverði útistandandi hlutabréfa talin jafngilda félagsslitum, ef ástæða er til að ætla að með þessu móti sé verið að selja eignir félagsins fremur en hlutabréfin sjálf.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um hagnað af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum til samræmis við ákvæði 17. gr. um sölu hlutabréfa.

2. mgr. er til skýringar á hvernig ákvarða skuli hagnað af sölu eignarhluta en nákvæma skilgreiningu vantar í gildandi lög.

Um 19. gr.

Í þessari grein er skilgreining á söluverði eignar.

Um 20. gr.

Ákvæði um að hagnaður af sölu eigna í atvinnurekstrartilgangi eða sölu í tekjuöflunarskyni skuli að fullu teljast til skattskyldra tekna á söluári.

Um 21. gr.

Greinin er hliðstæð 10.—11. mgr. E-liðar 7. gr. gildandi laga og kveður á um að bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljist jafngilda söluverði og að heimilt sé að jafna skattskyldu á allt að fimm ár. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna má verja hagnaðinum til öflunar sams konar eignar innan tveggja ára og færa söluhagnaðinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar.

Um 22. gr.

Kveður á um tímamörk kaupa og sölu, svo og um ákvörðun eignarhaldstíma hafi eign fengist í arf, sbr. 12. gr. E-liðar 7. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Grein þessi er efnislega hin sama og ákvæði sem að þessum eignum lúta í E-lið 7. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Ákvæði um hvað teljist stofnverð við makaskipti eigna. Ákvæði þess efnis er ekki í gildandi lögum.

Um 25. gr.

Ákvæði um skiptingu söluverðs, þegar mannvirki ásamt lóð eða landi er selt í heild eða að hluta, sbr. 7. mgr. E-liðar 7. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Ríkisskattstjóri skal reikna vísitölur til framreiknings stofnverðs eigna þegar mannvirki er selt, land eða lóð, og sala fellur undir 12. og 14. gr. Einnig er kveðið á um hvernig reikna skuli vísitölurnar.

Um 27. gr.

Heimild er veitt með vissum skilyrðum til að dreifa tekjufærslu söluhagnaðar af seldri eign á sjö ár. Ákvæði þessarar greinar er nýmæli.

Um 28. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 10. gr. gildandi laga. Hins vegar hefur efnisröðun verið breytt að nokkru.

1. málsl. A-liðar 10. gr. laganna þess efnis að eignarauki, sem stafar af því að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, teljist ekki til tekna, er felldur niður enda álitinn óþarfur. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum, en skattlagning á verðmætishækkun eigna kemur ekki til fyrr en við eigendaskipti frekar en verið hefur.

1. tl. þessarar greinar er hliðstæður B-lið 10. gr. laganna að því er eignarauka vegna arftöku varðar.

2. tl. felur í sér skýrari ákvæði en B-liður 10. gr. laganna, um skilyrði þess að greiðslur líftryggingafjár, dánarbóta, miskabóta, og bóta fyrir varanlega örorku teljist ekki til tekna, séu þær ákveðnar til greiðslu í einu lagi. Með því er átt við að greiðslur þessar séu ekki tímabilsgreiðslur um ótakmarkaðan tíma, heldur ákveðnar að fjárhæð í eitt skipti fyrir öll, enda þótt útborgun sé skipt í nokkrar greiðslur, verðtryggðar eða óverðtryggðar. Þá er í 2. tl. tekið fram að skaðabætur og vátryggingabætur fyrir tjón á eignum utan atvinnurekstrar teljist ekki til tekna. Um þess háttar bætur fyrir eignir í atvinnurekstri fer hins vegar samkvæmt ákvæðum 10.—27. gr. frumvarpsins, eftir því sem við á.

Ákvæði hliðstæð 3. tl. eru í C-lið 10. gr. laganna og hliðstæð 4. tl. í E-lið sömu greinar. Um 5. tl. vísast til G-liðar 10. gr. laganna og um 6. tl. til I-liðar sömu greinar.

Um 29. gr.

Ákvæði þetta er eins konar stefnumörkun um hvað sé frádráttarbært frá tekjum. Þeirri almennu reglu skal fylgt að frá tekjum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimilt að draga gjöld sem sérstaklega er kveðið á um í frumvarpinu. Frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga þann rekstrarkostnað sem nauðsynlegur er til öflunar tekna.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru taldar upp tekjur, hlunnindi og kostnaður sem mönnum, sem ekki stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er heimilt að draga frá tekjum sínum. Er um verulegar breytingar að ræða frá gildandi lögum, sérstaklega varðandi frádráttarheimildir, og vísast í því sambandi til almennra athugasemda.

Í 1. tl. er kveðið á um frádráttarbærni vaxtatekna af innstæðum í innlendum bönkum og sparisjóðum, sbr. 1. tl. 8. gr. frumvarpsins, en með 8. tl. 7. gr. frumvarpsins eru allir mótteknir vextir gerðir framtalsskyldir. Þann hluta vaxtatekna sem er umfram vaxtagjöld og verðbætur má draga frá tekjum. Í þessu sambandi telst þó ekki hjá hjónum til vaxtagjalda eða verðbóta fjárhæð er svarar til hæstu lögleyfðra fasteignaveðlánsvaxta reiknuðum af hámarksláni Húsnæðismálastjórnar ríkisins í árslok. Hjá einstaklingi skal hámark þetta vera helmingi lægra en hjá hjónum. Hér er horfið frá því að tengja skattfrelsi vaxta skuldum í árslok en þess í stað miðað við vaxtagjöld á árinu.

2. tl. kveður á um að börn skuli talin sérstaklega þegar ákvæðum 1. tl. er beitt. Þetta er ekki tekið fram í gildandi lögum. Þetta er nauðsynlegt þar eð heimild til sérsköttunar tekna barns er felld niður.

3. tl. kveður á um frádráttarbærni fengins arðs. Hliðstæður frádráttur er ekki í gildandi lögum.

4. tl. kveður á um að vextir af stofnsjóðseign félagsmanns í samvinnufélagi séu skattfrjálsir. Í gildandi lögum eru vextir af þessu tagi einnig skattfrjálsir án hámarks, sbr. 1. mgr. D-liðar 7. gr. laganna.

5. tl. kemur í stað 3. mgr. 17. gr. gildandi laga um skattfrelsi fjár sem félagsmanni er fært til séreignar í stofnsjóð hans á árinu og skal vera að hámarki 5% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar.

6. tl. leyfir frádrátt frá tekjum barns að tilteknu hámarki. Er þetta gert til samræmis við breytta skattalega meðferð tekna barna. Heimild til sérsköttunar þessara tekna skv. 4. gr. gildandi laga er felld niður, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

7. tl. þessarar greinar um skyldusparnað felur ekki í sér breytingu frá gildandi lögum.

8. tl. er nýmæli en samkvæmt honum eru greidd meðlög eða framfærslueyrir til maka eða fyrrverandi maka gerð frádráttarbær, þó að hámarki sem samsvarar ellilífeyri einstaklings.

9. tl. er breyting frá 16. gr. gildandi laga þar sem meðlagsgreiðslur með barni innan 17 ára aldurs eru gerðar að fullu frádráttarbærar í stað að hálfu áður.

10. tl. er í samræmi við C-lið 12. gr. laganna og matsreglur ríkisskattstjóra á fargjöldum vegna ferða á vegum vinnuveitanda og vegna langferða milli heimilis og vinnustaðar.

Í 11. tl. eru útgjöld vegna móttekins risnufjár og ökutækjastyrkja heimiluð til frádráttar, eins og verið hefur, í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

Í 12. tl. er veitt heimild til að draga frá tekjum hlunnindi sem veitt eru í fatnaði, fæði, húsnæði o. fl. sem eigi er viðtakanda til hagsbóta að mati ríkisskattstjóra með hliðstæðum hætti og verið hefur. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur í þessum efnum.

13. tl. þarfnast ekki skýringa.

Í 14. tl. er veitt heimild til að draga frá tekjum laun sem greidd eru vegna starfa í þjónustu íslenska ríkisins erlendis og ýmissa alþjóðastofnana. Er þetta fært til frádráttar, þar sem laun af þessu tagi eru nú gerð framtalsskyld eftir fyrirmælum 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. 2. mgr. 14. tl. þessarar greinar er hliðstæð 1. málsl. H-liðar 10. gr. gildandi laga.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum eru felldar niður ýmsar gildandi frádráttarheimildir frá tekjum manna en þess í stað veittur svonefndur launaafsláttur frá reiknuðum tekjuskatti, sbr. 64. gr. frumvarpsins. Þær frádráttarheimildir sem falla niður og sameinast í launaafslætti eru taldar upp þar.

Vaxtagjöld eru áfram frádráttarbær í formi afsláttar frá tekjuskatti, sbr. 64. gr. frumvarpsins. Sama gildir um frádrætti frá tekjum sjómanna og fiskimanna skv. 14. gr. gildandi laga, sbr. 64. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvað skuli draga frá tekjum lögaðila og þeirra manna sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi. Vísast í þessu sambandi til ákvæða 11. gr. gildandi laga um frádrátt frá tekjum.

Efnisbreytingar frá gildandi lögum eru aðallega þessar:

Atvinnurekanda, sem rekur eigið fyrirtæki, er gert að reikna sér laun sem eru frádráttarbær frá tekjum af rekstrinum.

Yfirfærsla rekstrartapa frá fyrri árum, sem eigi hafa verið jöfnuð með færslu úr varasjóði, er skv. 6. tl. ekki lengur háð tímatakmörkunum þeim sem nú gilda skv. B-lið 11. gr. laganna.

Frádráttarbærni arðs er færð frá félagi til móttakanda að nokkru leyti, sbr. 3. tl. 30. gr. Er félagi heimilað að draga frá tekjum helming útborgaðs arðs, þó eigi hærri fjárhæð en nemur 7,5% af nafnverði hlutafjár, sbr. 7. tl.

Í 8. tl. er við ákvörðun hámarksfrádráttar fjárhæðar, sem greidd er félagsaðilum í samvinnufélögum og samlögum, tekið mið af hlutfalli viðskipta félagsmanna af heildarviðskiptum þess. Gildandi ákvæði, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga, er erfitt í framkvæmd.

Í 9. tl. er mælt fyrir um hámark frádráttar fjárhæðar sem samvinnufélög færa félagsmönnum sínum til séreignar í stofnsjóð í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Skal frádráttur þessi vera allt að 5% af viðskiptum félagsmanna, þó aldrei hærri en 25% af hreinum tekjum félagsins.

Í 10. tl. er frádráttarbærni tillaga í varasjóði ákveðin í samræmi við það sem verið hefur, sbr. 2. mgr. 17. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Skilgreint er hvað teljist fyrnanlegar eignir og þær flokkaðar. Ákvæðin eru sama efnis og A-liður 15. gr. gildandi laga en sú breyting á gerð að ekki er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði.

Um 33. gr.

Fyrningartími eignar hefst við byrjun þess árs þegar hún er fyrst nýtt til öflunar tekna. Hins vegar er ekki heimilt að fyrna eign á því rekstrarári sem eign er seld eða tekin úr notkun. Í gildandi lögum eru upphaf og lok fyrningartíma hins vegar miðuð við brot úr ári, ef svo ber undir.

Í 2. mgr. þessarar greinar er veitt heimild til að gjaldfæra mismun sem myndast þegar söluverð er lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, sbr. hliðstætt ákvæði 7. mgr. C-liðar 15. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Skilgreint er hvað teljist fyrningargrunnur eigna.

Um 35. gr.

Sú breyting er á gerð, að allt lausafé er flokkað undir einn fyrningargrunn og telst hann eftirstöðvar fyrningarverðs við upphaf ársins (bókfært verð til skatts), að viðbættu kaupverði lausafjár eigna sem aflað er á árinu og að frádregnu andvirði seldra eigna, tjónbótum o. fl. Heimilt er að færa söluhagnað fyrnanlegra mannvirkja til lækkunar fyrningargrunns lausafjár.

Fyrningargrunnur lausafjár verður því bókfært verð í stað kostnaðarverðs samkvæmt gildandi lögum.

Fyrning annarra eigna reiknast hins vegar áfram af kostnaðarverði (stofnverði).

Um 36. gr.

Greinin kveður á um að árleg fyrning lausafjár skuli að vali aðila vera allt að 30% af fyrningargrunni lausafjár. Er þá hvorki kveðið á um lágmarksfyrningu né að eftir standi tiltekið niðurlagsverð, sbr. C-lið 15. gr. gildandi laga. Umrædd fyrning kemur í stað fyrninga skv. 1. mgr. C-liðar 15. gr., fyrningarheimildar skv. 6. mgr. sama töluliðar (stuðulfyrningar) og skv. 1. mgr. D-liðar 15. gr. (flýtifyrningar).

Í 2. mgr. þessarar greinar er heimilað að færa eignir, sem hafa styttri endingartíma en þrjú ár, til gjalda á kaupári. Á sama hátt er í 3. mgr. heimilað að gjaldfæra þegar í stað eignir sem kosta minna en tiltekna fjárhæð, óháð endingartíma þeirra. Hins vegar telst söluverð eigna, sem færðar hafa verið til gjalda, til tekna á söluári, sbr. 4. mgr.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hvernig með skuli fara þegar söluverð lausafjáreignar er lægra en upphaflegt verð að frádregnum fyrningum eða þegar eign verður ónothæf án þess að bætur komi fyrir. Er þá heimilt, en ekki skylt, að færa þann mismun sem eftir stendur til frádráttar tekjum og skal þá jafnframt lækka ófyrndan hluta fyrningarverðs að sama skapi. Hliðstæð ákvæði eru í 7. mgr. C-liðar gildandi laga.

Í 2. mgr. er tilgreint hvernig skuli fara með neikvæðan fyrningargrunn lausafjár. Telst hann til tekna á því ári sem hann myndast, en þá er nánast um skattskyldan söluhagnað að ræða. Heimild er þó veitt til frestunar tekjufærslu hins neikvæða mismunar um tvenn áramót, enda hafi aðili áður jafnað yfirfæranleg töp og afli sér eigna innan þess tíma sem heimilt er að fyrna og lækki fyrningargrunn þeirra um þá fjárhæð. Einnig er heimilt að fyrna mannvirki um fjárhæð sem hinum neikvæða mun nemur.

Komi ekkert af þessu til skal telja hinn neikvæða fyrningargrunn til skattskyldra tekna með 25% álagi á öðru ári frá því er hann myndast. Þessi frestunarheimild er sama efnis og 11. mgr. E-liðar 7. gr. laganna, nema að því leyti að þar er ekki mælt fyrir um álag ef til skattskyldu dregur.

Um 38. gr.

Kveðið er á um, að gjaldfæra megi kostnað vegna viðgerða eða endurbyggingar fyrnanlegs lausafjár á sama ári og til hans er stofnað, að því leyti sem hann fer fram úr tjónbótum, sbr. 4. mgr. D-liðar 15. gr. gildandi laga.

Um 39. gr.

Tekið er fram að skipta skuli fyrningargrunni mannvirkja í hlutfalli við rúmmál, ef þau falla ekki undir sama fyrningarhlutfall, í því tilviki að fjármálaráðherra hafi ákveðið mismunandi hámark fyrninga einstakra eigna eftir gerð og byggingarefni. Sé bygging notuð að 75% rúmmáls eða meira í þágu einnar starfsemi skal öll byggingin háð þeim hundraðshluta fyrningar sem hún lýtur. Einnig er tilgreint að lækka skuli stofnverð eignar í hlutfalli við rúmmál þess hluta hennar sem eigi er heimilt að fyrna.

Um 40. gr.

Árlegur hundraðshluti fyrningar af fyrningargrunni einstakra mannvirkja er 0—10% að vali framteljanda. Vísast í þessu sambandi til athugasemda við 36. gr. varðandi breytingar frá gildandi lögum. Þó er gerður sá greinarmunur á lausafé og mannvirkjum, að ávallt skal standa eftir sem niðurlagsverð 10% af fyrningargrunni þeirra, eins og nú er. Þó eru mannvirki ekki flokkuð sérstaklega til fyrningar, en svipað og í 3. tl. C-liðar 15. gr. gildandi laga er fjármálaráðherra heimilt að ákveða hámark hundraðshluta fyrningar einstakra flokka eftir notkun, gerð eða byggingarefni.

Í þessari grein er einnig mælt fyrir um að fyrna megi mannvirki sem nemur söluhagnaði af eignum samkvæmt þessari grein eða af lausafé, enda myndist ekki tap vegna þessarar sérstöku fyrningar og töp frá fyrri árum hafi verið jöfnuð. Eru þetta hliðstæð ákvæði og í gildandi lögum, sbr. 5. mgr. D-liðar 15. gr.

Um 41. gr.

Heimilað er að gjaldfæra á sama ári kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra mannvirkja vegna tjóna, að því leyti sem kostnaður verður hærri en tjónbætur. Er þetta í samræmi við framkvæmd, en ákvæði um hlutatjón er ekki í gildandi lögum.

Um 42. gr.

Grein þessi er nánast samhljóða 2. mgr. C-liðar 15. gr. gildandi laga, m.a. er hugtakið fyrningargrunnur notað í stað heildarfyrningarverðs.

Um 43. gr.

Fyrning eigna samkvæmt þessari grein skal að vali framteljanda vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni, þó að hámarki 20%. Ákvæðið er svipað og í gildandi lögum, en þar er lágmark 5% og hámark 20%, sbr. 4. tl. 1. mgr. C-liðar 15. gr.

Um 44. gr.

Ákvæðið er nýmæli en þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Greinin tekur af tvímæli um ákvörðun fyrningargrunns þegar eign er einungis að hluta nýtt til öflunar tekna. Er þetta í samræmi við framkvæmd.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimilar ríkisskattstjóra að ákveða að framtalsskyldir aðilar haldi skrá yfir fyrnanlegar eignir með tilteknum hætti svo að unnt sé að hafa gát á sölu slíkra eigna og færslu þeirra til lækkunar fyrningargrunni.

Um 49. gr.

Grein þessi er efnislega svipuð 7. mgr. C-liðar 15. gr. gildandi laga. Leyft er að víkja frá aðalreglu frumvarpsins um hámark hundraðshluta fyrninga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sams konar heimild er til lengingar á fresti til tekjufærslu neikvæðs mismunar fyrningargrunns lausafjár, svo sem í tjónatilvikum. Ríkisskattstjóri veitir undanþágurnar.

Um 50. gr.

Vaxtagjöld eru í 1. tl. skilgreind nákvæmar en í gildandi lögum. Er lántökukostnaður, þóknanir og stimpilgjöld af víxlum o. fl. talið til vaxta í þessu sambandi, svo og áfallnar verðbætur. Nýmæli er að dráttarvextir af opinberum gjöldum og viðurlög eru ekki frádráttarbær.

2. tl. fjallar um afföll af seldum verðbréfum, víxlum og öðrum skuldarviðurkenningum, sbr. A-lið 12. gr. laganna. Skulu afföllin reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma eins og gert hefur verið. Þá er til skýringar sagt hvernig með skuli fara ef skuld er yfirtekin af öðrum eða greiðsluskylda fellur niður áður en afborgunartíma er lokið. Teljast eftirstöðvar affalla þá ekki til frádráttar tekjum, en þetta hefur ekki verið ljóst í lögum. Einnig er nýtt ákvæði þess efnis, að yfirtaki seljandi skuld í sambandi við eignasölu, sé honum heimilt að lækka söluverð eignarinnar sem eftirstöðvum affallanna nemur, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar.

Í 3. tl. eru hliðstæð ákvæði um gengistap og um gengishagnað í 8. gr. frumvarpsins, þ. e. að gengistap skuli færa til gjalda á því ári sem það myndast. Gengistap af verðbréfum og öðrum langtímakröfum ber því að færa til gjalda með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert miðað við afborgunartíma. Heimilt er að reikna út mismun gengishagnaðar og gengistaps og færa hinn reiknaða mismun til gjalda.

Ákvæði þessi koma í stað ákvæða 2. mgr. B-liðar 15. gr., sbr. 4. mgr. C-liðar 15. gr. gildandi laga, þar sem gengistapi er ætlað að færast til hækkunar á hlutaðeigandi eign og fyrnast síðan. Eðlilegra þykir, eins og hér er lagt til, að gengismunurinn fylgi hinum erlendu skuldum fremur en eignunum.

Um 51. gr.

1. tl. er til að skera úr um að gjafir séu ekki frádráttarbærar. Þar með fellur úr gildi B-liður 12. gr. gildandi laga um frádráttarbærni einstakra gjafa til menningarmála o. fl. Sé hins vegar um að ræða gjafir sem jafngilda kaupauka og teljast til endurgjalds fyrir starf eða vinnu yrði farið með þær eins og laun.

Í 2. og 3. tl. eru nýmæli þess efnis að dráttarvextir af opinberum gjöldum, tiltekin viðurlög og sektir séu ekki frádráttarbær.

4. tl. er nýmæli og nauðsynlegt vegna þess að frádráttarbærni iðgjalda af lífeyristryggingu er felld niður hjá launþegum sem sérliður en launaafsláttur frá skatti veittur þess í stað, sbr. 64. gr. frumvarpsins.

Um 52. gr.

Ákvæði greinarinnar eru sama efnis og 9. gr. gildandi laga en fela í sér nokkrar breytingar.

Tekin er upp skylda aðila sem myndað hafa varasjóð skv. 10. tl. 31. gr. frumvarpsins, eða samsvarandi ákvæðum eldri laga, til að ráðstafa honum meðan hann endist til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi sínu, sbr. 6. tl. 31. gr. frumvarpsins.

Annars er greinin óbreytt að því frátöldu, að heimild til úttektar af höfuðstól sameignarfélags er hækkuð skv. 1. tl. úr 10% í 15%, til samræmis við arðsreglur og með hliðsjón af ríkjandi vaxtastefnu í þjóðfélaginu. Auk þess er álag til skatts vegna úttektar höfuðstóls hækkað úr 20 í 25%, til samræmis við önnur ákvæði í frumvarpinu um álag.

Um 53. gr.

Kveðið er á um að eigendur sameignarfélags megi taka út hreina eign sína án þess að úttektin teljist til skattskyldra tekna. Einnig er heimil úttekt hreinnar eignar úr eigin rekstri án skattskyldu. Greinin er ekki í gildandi lögum en er í samræmi við framkvæmd.

Um 54. gr.

1. mgr. um samruna hlutafélaga er samhljóða 8. gr. gildandi laga.

2. mgr. þessarar greinar um sameiningu samvinnufélaga er nýmæli en er hliðstæð ákvæðum 1. mgr. um samruna hlutafélaga.

Um 55. gr.

1. mgr. er samhljóða 3. mgr. 18. gr. gildandi laga.

2. mgr. tekur til kaupa á eign við óeðlilega háu eða lágu verði. Skal þá metið af skattyfirvöldum hvert sé eðlilegt kaup- eða söluverð og mismunur færður þeim til tekna sem hagsbóta nýtur. Ákvæði þetta er afdráttarlausara en í gildandi lögum.

Um 56. gr.

Grein þessa, sem er nýmæli, leiðir af ákvæðum 2. mgr. 1. tl. 7. gr. Mælt er fyrir um, að telji maður sér til tekna lægra endurgjald fyrir starf við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið fyrir sams konar starf sem launþegi hjá öðrum, skuli ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur í þessu efni. Skattstjóri ákveður síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglum og að teknu tilliti til aðstöðu hlutaðeigandi, aldurs, heilsu, starfstíma o. fl. Með þessum hætti er hverjum atvinnurekanda og þeim sem stunda sjálfstæða starfsemi ætlað að greiða til hinna sameiginlegu þarfa, jafnvel þótt rekstur hans skili ekki hagnaði.

Um 57. gr.

1. og 2. mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. 18. gr. gildandi laga.

3. mgr. er nýmæli. 1. málsl. er þess efnis að heimilt sé að miða við mótteknar fremur en áunnar tekjur í atvinnugreinum þar sem uppistaða seldrar þjónustu er laun. 2. málsl. 3. mgr. er einnig nýmæli en þar er listamönnum o. fl., sem hafa ójafnar tekjur milli ára af eigin verkum, veitt heimild til að jafna tekjum á fleiri ár, að fengnu samþykki ríkisskattstjóra. Hið sama gildir um björgunarlaun sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta. Jafnframt er B-liður 13. gr. laganna um helmingsfrádrátt björgunarlauna felldur niður.

Um 58. gr.

Hugtakið tekjuskattsstofn kemur í stað skattgjaldstekna eða hreinna tekna til skatts í gildandi lögum.

Gerður er greinarmunur á þrenns konar tekjuskattsstofnum. Í 1. tl. er skilgreindur tekjuskattsstofn manna sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Í 2. tl. er samsvarandi stofn lögaðila skilgreindur og í 3. tl. er tekjuskattsstofn manna sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Nauðsynlegt er að gera þennan mun vegna meðferðar taps af atvinnurekstri í eigin nafni eða sjálfstæðri starfsemi, sem ekki er lengur heimilt að draga frá öðrum tekjum en af rekstrinum sjálfum, sbr. 2. og 3. mgr. 3. tl. greinarinnar. Hins vegar er heimilt að draga tap frá tekjum sem síðar verða af rekstrinum án tímatakmörkunar.

Um 59. gr.

Greinin er nýmæli í samræmi við 5. gr. frumvarpsins og kveður á um að tekjuskattsstofni skuli skipt að jöfnu milli hjóna og tekjuskattur reiknaður af hvorum helmingi fyrir sig, sbr. 62. gr. frumvarpsins.

3. málsl. 1. mgr. um rétt karls og konu, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, til að telja fram og vera skattlögð sem hjón er sama efnis og 5. mgr. B-liðar 25. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Greinin er nýmæli til samræmis við breytingu á skattlagningu tekna barna skv. 6. gr. frumvarpsins. Tekjur barna skulu teljast með tekjum foreldra eða þess sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 65. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Grein þessi er efnislega eins og 52. gr. gildandi laga og nær samhljóða þeirri grein. Aðeins 6. tl. 52. gr. laganna hefur verið felldur niður.

Um 62. gr.

Grein þessi samsvarar A-lið 25. gr. gildandi laga. Af reglunni um tekjuhelmingaskipti hjóna leiðir að hver maður, þ. m. t. hvort hjóna, fær sinn skattstiga.

Í 3. tl. er ákveðið í hvaða röð afslættir skv. 63. og 64. grein frumvarpsins skuli dregnir frá reiknaðri fjárhæð af tekjuskattsstofni. Einungis eftirstöðvar persónuafsláttar eiga að nýtast til greiðslu útsvars og því er hann á undan í röðinni.

Um 63. gr.

Greinin er sama efnis og 1. og 2. mgr. B-liðar 25. gr. gildandi laga.

Einstætt foreldri situr við sama borð og einstaklingur, en fær heimilisafslátt eins og hjón skv. 64. gr. frumvarpsins í stað persónuafsláttar hjóna í gildandi lögum.

Önnur ákvæði 25. gr. gildandi laga eru felld niður eða flutt í aðra grein frumvarpsins.

Um 64. gr.

Eins og lýst er í almennum athugasemdum er ekki reiknað með frádrætti frá tekjuskattsstofni en tilteknum útgjöldum manna er breytt í afslætti frá reiknuðum skatti. Afslættir þessir nýtast ekki til greiðslu útsvars, ef eftirstöðvar verða, gagnstætt því sem er um persónuafslátt.

Í 1. tl. er hjónum veittur heimilisafsláttur í hlutfalli við útivinnu beggja umfram 12 mánuði á árinu. Einstætt foreldri fær samsvarandi afslátt og hjón enda verður persónuafsláttur þess hinn sami og einstaklings, sbr. 63. gr. frumvarpsins.

Við ákvörðun heimilisafsláttar skal jafna námstíma við vinnuframlag að mati ríkisskattstjóra.

Í 2. tl. er kveðið á um afslátt frá skatti í hlutfalli við starfstekjur manna en hann kemur í stað fjölda frádráttarliða gildandi laga.

Í 3. tl. þessarar greinar frumvarpsins er fjallað um vaxtaafslátt. Kemur hann í stað A-liðar 12. gr. gildandi laga um frádrátt vaxtagjalda o. fl. Skilgreining á því hvað telst til vaxtagjalda er þó breytt nokkuð. Sú breyting er einnig gerð að hver maður fær tiltekinn vaxtaafslátt óháð upphæð gjalda. Er þetta gert til að ein-

falda framtöl og koma jafnframt til móts við þá sem greiða húsaleigu sem ekki er frádráttarbær.

5. tl. kemur í stað 14. gr. laganna um fiskimannafrádrátt og sjómannafrádrætti en þeim er nú breytt í afslætti frá skatti. Jafnframt eru sjómannafrádrættirnir, sem farið hafa eftir vikufjölda á sjó, sameinaðir í einn. Í 6. tl. er fiskimannafrádrætti breytt í samsvarandi ívilnun sem afslátt frá skatti.

Afsláttur til handa hjónum samkvæmt þessari grein er reiknaður sameiginlega fyrir þau en síðan skipt til helminga milli þeirra.

Um 65. gr.

Grein þessi svarar til C-liðar 25. gr. gildandi laga með nokkrum breytingum.

1. mgr. er efnislega eins og 1. málsl. 1. mgr. C-liðar 25. gr. gildandi laga, en 2. málsl. greinarinnar er í 5. mgr. þessarar greinar frumvarpsins.

2. mgr. er nýmæli, sbr. ákvæði frumvarpsins um breytta skattlagningu hjóna og greinargerð um hina nýju tillögu í almennum athugasemdum.

Hjónum, sem bæði vinna úti, er veittur barnabótaauki fyrir hvert barn í hlutfalli við útivinnu beggja eftir sömu reglum og gilda um heimilisafslátt skv. 64. gr. frumvarpsins. Hliðstæð regla gildir um útivinnu einstæðs foreldris sem hefur barn á framfæri sínu.

Sá munur er á barnabótaauka og heimilisafslætti að barnabótaauki nýtist til greiðslu annarra þinggjalda auk tekjuskatts og er útborganlegur, ef svo ber undir, sbr. 6. mgr.

Í 7. mgr. er tekið fram að framfærandi barns samkvæmt þessari grein teljist sá aðili, sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess en ekki sá, er greiðir meðlag með því.

8. og 10. mgr. svara til gildandi ákvæða sama efnis.

9. mgr. er ný en vandkvæði hafa reynst á því að úrskurða hverjum beri barnabætur þegar aðstæður framfæranda breytast. Kveðið er á um að unnt sé að óska eftir því við skattstjóra að eftirstöðvar barnabóta greiðist til þess aðila sem er framfærandi eftir hinar breyttu aðstæður. Ríkisskattstjóri sker úr ef ágreiningur verður.

Um 66. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög nr. 22 9. mars 1956 verði felld niður en þessi grein frumvarpsins er sama efnis og 4. gr. umræddra laga.

Um 67. gr.

Greinin kveður á um útreikning tekjuskatts af tekjuskattsstofni þeirra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu. Er þetta efnisbreyting frá gildandi lögum, jafnframt því sem skattskylda er gerð víðtækari.

Um 68. gr.

Greinin er sama efnis og D-liður 25. gr. laganna um hundraðshluta tekjuskatts hjá lögaðilum.

Um 69. gr.

Greinin er sama efnis og fyrsti og síðasti málsl. 19. gr. gildandi laga.

Um 70. gr.

Greinin felur ekki í sér efnisbreytingu frá 22. gr. gildandi laga nema að því er varðar stofnfé sameignarfélaga.

Um 71. gr.

Fjórir fyrstu töluliðir eru nær orðrétt eins og ákvæði sama efnis í 20. gr. gildandi laga. Til skýringar er tekið fram í 5. tl. að eigin hlutabréf hlutafélags teljist ekki til eignar.

Um 72. gr.

Greinin fjallar um þau atriði 19. gr. gildandi laga sem ekki eru í 69. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er kveðið á um að frá eignum þeirra sem reka fasta starfsstöð hér á landi, sbr. 4. tl. 3. gr., megi einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

Um 73. gr.

Greinin er hliðstæð 23. gr. gildandi laga.

Um 74. gr.

Grein þessi þjónar sama tilgangi og 21. gr. gildandi laga að því er eignarskatt varðar. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir því að allar eignir, sem um ræðir í 21. gr. gildandi laga, verði framtalsskyldar að fullu.

Um 75. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð 1. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 76. gr.

Í 1. mgr. er eignarskattsstofn skilgreindur. 2. mgr. er hliðstæð 2. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 77. gr.

Hér er gerð sú efnisbreyting frá 3. gr. gildandi laga að eignarskattsstofni skal skipt að jöfnu milli hjóna til samræmis við reglur frumvarpsins um tekjuskattlagningu þeirra. Framtal verður áfram sameiginlegt.

Um 78. gr.

Kveðið er á um að eignir barns skuli teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins. Heimild til handa skattstjóra að ákveða börnum eignarskatt sem sjálfstæðum skattaðilum skv. 4. gr. gildandi laga er felld niður.

Um 79. gr.

Hér er gerð sú breyting á 1. tl. 26. gr. gildandi laga að hundraðshlutar eignarskatts verða hjá mönnum ávallt 0,8% af eignarskattsstofni. Eru hundraðshlutar eignarskatts ekki lengur stighækkandi. Reikningsaðferð eignarskatts hjá hjónum er breytt til samræmis við stefnu frumvarpsins við skattlagningu hjóna.

Um 80. gr.

Hliðstæð ákvæði og í 2. tl. 26. gr. gildandi laga.

Um 81. gr.

Grein þessi er samhljóða 28. gr. gildandi laga með þeim breytingum er leiða af fjölgun kaupstaða.

Um 82. gr.

27. gr. og 1. mgr. 29. gr. gildandi laga eru hér sameinaðar í eina grein, nær óbreyttar.

Um 83. gr.

Ákvæði svipaðs efnis er að finna í 2. mgr. 29. gr. og 30. gr. gildandi laga. Þær efnisbreytingar eru gerðar að ekki er lengur skylt að hafa umboðsmenn skattstjóra í öllum sveitarfélögum utan aðseturs þeirra enda er ekki þörf á umboðsmönnum í þeim sveitarfélögum er næst eru skattstofu. Þá er horfið frá því að lögbinda starfsvið umboðsmanna og er til þess ætlast að ríkisskattstjóri setji þeim erindisbréf sem getur verið misvíðtækt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Um 84. gr.

Grein þessi er sama efnis og 31. gr. gildandi laga og samhljóða henni, nema skattrannsóknarstjóri er settur við hlið vararíkisskattstjóra í 2. mgr.

Um 85. gr.

Hér er gert ráð fyrir nýskipan ríkisskattanefndar frá því sem nú er, sbr. 32. gr. gildandi laga. Í stað þess að seta í ríkisskattanefnd sé aukastarf sex manna er gert ráð fyrir að nefndin verði skipuð þremur mönnum, er hafi nefndarstarfið að aðalstarfi, og skipun fastra varamanna verði felld niður. Starf ríkisskattanefndar er orðið það umfangsmikið að fyllsta ástæða er til þess að styrkja hana með því að gera setu í nefndinni að föstu starfi þriggja manna. Ætti tilhögun þessi jafnframt að flýta úrskurðum.

Skipunartími nefndarmanna er lengdur úr fjórum árum í sex og skilyrði um embættisgengi hert frá því sem nú er.

Þá er í 4. mgr. þessarar greinar nýmæli þess efnis, að ríkisskattstjóri geti leitað álits nefndarinnar hvernig beri að skýra tiltekin atriði er varða framkvæmd á einstökum ákvæðum skattalaga. Skal ríkisskattstjóri gera kröfur um að tiltekinn skilningur hans verði viðurkenndur og rökstyðja skoðun sína. Rík þörf er á því fyrir gjaldendur og skattyfirvöld að geta fengið fyrirfram staðfest hvernig litið verði á framkvæmd tiltekins lagaatriðis af hálfu nefndarinnar. Getur t. d. verið bagalegt ef skilningur ríkisskattstjóra á ákveðnu atriði í verklagsreglum er úrskurðaður rangur af ríkisskattanefnd. Hinu er ekki að leyna að þetta fyrirkomulag er nýmæli í íslenskri réttarskipan og kunna ýmis vandamál að koma upp í framkvæmd. Þessum fyrirframúrskurðum nefndarinnar er ekki unnt að skjóta til dómstóla en að sjálfsögðu verður unnt að skjóta málum einstakra gjaldenda til þeirra eftir á og eru þeir þá óbundnir af áliti nefndarinnar.

Um 86. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mun ítarlegri en samsvarandi ákvæði 34. gr. gildandi laga.

Um 87. gr.

Greinin svarar til 35. gr. gildandi laga og fjallar um hverjir séu framtalsskyldir og á hverjum ábyrgð á framtali hvílir.

Kveðið er skýrar á um hvaða gögn skuli fylgja framtali bókhaldsskyldra aðila og hverjir skuli undirrita framtalsskýrslur. Er með síðargreinda atriðinu ætlað að kveða skýrt á um hver ábyrgð ber á framtali og er þá gert ráð fyrir að skattstjórar taki ekki gild framtöl sem ekki eru staðfest á lögmæltan hátt og að þeir sem undirrita framtal, þ. á m. stjórnarmenn, verði sóttir til saka ef framtöl reynast röng.

Í síðustu málsgrein eru skilyrði fyrir framtalsaðstoð þrengd nokkuð frá því sem nú er enda hefur þessi þjónusta verið misnotuð víða hin síðari ár og hefur það skapað mjög mikið vinnuálag fyrir skattstofurnar.

Um 88. gr.

Greinin svarar til 2. mgr. 36. gr. gildandi laga og að nokkru til 1. mgr. þeirrar greinar. Hér er um að ræða upplýsingar sem allir þeir sem í hlut eiga skulu senda skattyfirvöldum án þess að beiðast þurfi sérstaklega upplýsinga af hverjum og einum.

1. mgr. fjallar um svonefnda launamiða en með 2. og 4. mgr. er skylda til upplýsingagjafar aukin nokkuð og gert ótvírætt að ríkisskattstjóri getur krafið um almenn skil á öðrum gögnum en lögin ákveða beinlínis. Slík heimild hefur reyndar hingað til verið leidd af 1. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 89. gr.

Ákvæðin eru svipuð gildandi ákvæðum í 35. gr. laganna. Framtalsfrestur manna, sem ekki hafa atvinnurekstur með höndum, er lengdur um 10 daga og framtalsfrestur þeirra er atvinnurekstur stunda um einn mánuð. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að hingað til hefur mjög mikið kveðið að því að einstökum gjaldendum væri veittur viðbótarfrestur. Er ætlast til að slíkur frestur verði nú einungis veittur í algerum undantekningartilvikum.

Um 90. gr.

Hér er fjallað um skyldu til að gefa skattyfirvöldum upplýsingar um atriði sem þau beiðast sérstaklega. Greinin svarar til 1., 3. og 4. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Eftirlitsheimildir skattstjóra gagnvart framtalsskyldum aðilum eru rýmkaðar nokkuð. Gert er ráð fyrir að einungis ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geti krafist framlagningar bókhaldsgagna og aðgangs að starfsstöðvum aðila sem ekki eru framtalsskyldir, t. d. lánastofnana.

4. mgr. greinarinnar svarar til 3. mgr. 50. gr. í gildandi lögum.

Um 91. gr.

Greinin fjallar um þá lágmarksskoðun sem skattstjóri þarf að gera á framtali áður en hann leggur á skatt og svarar hún til upphafs 1. og 2. mgr. 37. gr. gildandi laga.

Um 92. gr.

Grein þessi svarar til síðari hluta 1. mgr. 37. gr. og 38. gr. gildandi laga og fjallar um heimildir og starfsaðferðir skattstjóra ef í ljós kemur, fyrir eða eftir frumálagningu, að framtal er tortryggilegt eða ófullnægjandi eða frumálagning er röng. Tekin eru af öll tvímæli um heimild til áætlunar ef framtal styðst ekki við fullnægjandi bókhald eða gögn, svo og að skattstjóra sé heimilt að endurskoða frumálagningu ef í ljós kemur að hún er röng enda þótt engar nýjar upplýsingar hafi komið fram.

Um 93. gr.

Hliðstæð ákvæði eru nú í 1. og 2. mgr. 38. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er það nýmæli að frestur til endurupptöku er styttur ef ástæðan fyrir henni er ófullnægjandi skoðun skattstjóra á framtali og fylgigögnum þess en ekki ófullnægjandi upplýsingar skattaðila. Þessi málsgrein á aðeins við ef upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, koma beinlínis fram í framtali eða fylgigögnum þess, en 1. mgr. gildir ef þessi gögn eru ófullnægjandi enda þótt skattstjóra hefði mátt vera ljóst vera fyrr að eitthvað var athugavert við framtalið.

Um 94. gr.

Hér er lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á hlutverki og þýðingu skattskrár og jafnframt skapaður grundvöllur til virkari vinnutilhögunar á skattstofum. Núgildandi lög gera ráð fyrir að skattskrá komi út fyrir 20. júní ár hvert. Þetta þýðir að skattstofurnar hafa þurft að fara yfir öll framtöl fyrir útkomu skrárinnar. Vegna hins stutta tíma frá lokum framtalsfrests til útkomu skattskrár hefur þessi yfirferð framtala víða verið ófullnægjandi og afleiðingin orðið sú að þurft hefur að fara aftur yfir mikinn hluta framtala eftir útkomu skattskrár. Af þessum sökum hefur skattskráin alls ekki gefið rétta mynd af gjöldum, sem endanlega eru lögð á, og hefur þessi vinnutilhögun haft í för með sér tvíverknað á skattstofunum.

Er því lagt til að álagning samkvæmt hinum einfaldari framtölum fari fram þegar í apríl og frekari skoðun þeirra verði látin bíða þar til eftir álagningu. Hins vegar verði hin flóknari framtöl atvinnurekenda fullskoðuð áður en á þá er lagt og álagningin verði birt viðkomandi aðilum jafnharðan og henni lýkur. Skatt-

skráin komi hins vegar ekki út fyrr en í árslok þegar skattstjórar hafa úrskurðað meginhluta af kærum. Með þessum hætti ætti skráin að geta gefið mun réttari upplýsingar en nú er um endanlega fjárhæð álagðra gjalda.

Um 95. gr.

Grein þessi samsvarar 40. gr. gildandi laga.

Um 96. gr.

Grein þessi svarar til 41. gr. gildandi laga og er að mestu óbreytt efnislega. 10. mgr. er færð til samræmis við sams konar ákvæði í söluskattslögum.

Um 97. gr.

Grein þessi er nýmæli og leiðir af þeirri nýskipan í skattalegri meðferð hjóna sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að skattyfirvöldum nægi að senda öðru hjóna tilkynningar varðandi þau bæði. Ástæðan er að ella mundi aukakostnaður hljótast af auknum póstburðargjöldum ábyrgðarbréfa og skriffinnska vegna þessara tilkynninga nær tvöfaldast á skattstofunum.

Um 98. gr.

Greinin svarar til 42. gr. gildandi laga og fjallar um verksvið ríkisskattstjóra. Efnislega eru ekki gerðar tillögur um breytingar að öðru leyti en því að ákvæðið um framkvæmd tvísköttunarsamninga er fellt niður. Þykir eðlilegra að það vald sé formlega hjá fjármálaráðherra en hann geti falið ríkisskattstjóra framkvæmd þessara mála, að því marki sem ástæða er til á hverjum tíma.

Um 99. gr.

Greinin svarar til 3. mgr. 42. gr. gildandi laga. Er verksvið skattrannsóknarstjóra hér nánar skilgreint en í gildandi lögum og aukin áhersla lögð á það hlutverk hans að fylgjast með og samhæfa eftirlitsstörf skattstjóra.

Um 100. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga.

Um 101. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 44. gr. gildandi laga.

Um 102. gr.

Greinin samsvarar 45. gr. gildandi laga. Með því að fjalla sérstaklega um ríkisskattanefnd í 2. mgr. er lögð áhersla á sjálfstæði ríkisskattanefndar gagnvart ráðherra við úrlausnir einstakra mála.

Um 103. gr.

Inn í þessa grein eru felld ákvæði laga nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda. Ekki felast í greininni efnisbreytingar frá gildandi reglum.

Um 104. gr.

Með þessari grein er lagt til að fyrirkomulagi fyrirframinnheimtu verði breytt frá því sem nú er en slík breyting er nauðsynleg vegna þeirrar breyttu álagningarframkvæmdar sem leiðir af frumvarpi þessu. Í stað þess að ákveða fyrirframgreiðslu í heild sem tiltekinn hundraðshluta álagðra gjalda síðasta árs (nú 60%) og skipta þeirri upphæð á fimm gjalddaga er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðslan á hverjum gjalddaga fram að álagningu verði ákveðinn hundraðshluti af gjöldum fyrra árs (t. d. 12%). Að öðru leyti felast ekki í greininni verulegar breytingar á gildandi

reglum en ýmsar af þeim reglum sem hér er lagt til að lögfestar verði eru nú í reglugerð.

Um 105. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. gildandi laga.

Um 106. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er að mestu samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 46. gr. gildandi laga.

Síðari málsgrein greinarinnar samsvarar 4. mgr. 46. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ríkissjóði er gert að greiða 1% vexti fyrir hvern mánuð í stað ½% vaxta áður. Stafar þessi hækkun af almennri vaxtahækkun í þjóðfélaginu og verða vextir, sem ríkissjóði ber að greiða eftir breytinguna, svipaðir vöxtum af almennum sparisjóðsbókum.

Um 107. gr.

Hér er kveðið á um skyldur launagreiðanda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna til greiðslu skatta. Eru reglur þessar að ýmsu leyti skýrari en reglur núgildandi laga en ekki er um verulega efnisbreytingu að ræða.

Um 108. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð á skattgreiðslum í ýmsum tilvikum og er að mestu efnislega óbreytt frá dreifðum ákvæðum í gildandi lögum. Í síðasta málslið 1. mgr. er lagt til að stjórnarmenn ýmissa félaga, sjóða og stofnana séu ábyrgir fyrir skattgreiðslum þessara lögaðila.

Í 2. mgr. eru m. a. ákvæði um ábyrgð á skattgreiðslum af launum til erlendra aðila enda er gert ráð fyrir að lög nr. 22/1956 falli niður ef frumvarp þetta verður að lögum. Þar eru og ákvæði um ábyrgð á ýmsum greiðslum sem greiddar eru til aðila sem skattskyldir eru skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 109. gr.

Greinin svarar til 47. gr. gildandi laga og fjallar um eins konar refsiskatt þegar framteljandi skilar ekki framtali eða það er ófullnægjandi. Að mestu eru þessi ákvæði efnislega óbreytt frá gildandi lögum en framsetning þeirra er gerð mun einfaldari. Ákvörðun álags er á valdi skattstjóra ef framteljandi bætir úr göllum á framtali sínu áður en álagning fer fram. Annmarkar, sem síðar er bætt úr, svo og vanræksla á því að telja fram á réttum tíma leiðir hins vegar samkvæmt lögunum til beitingar álags. Í 2. mgr. er heimild til niðurfellingar álags ef sérstaklega stendur á.

Um 110. gr.

Greinin svarar að meginefni til 48. gr. gildandi laga og kveður á um skattsektir vegna rangra upplýsinga til skattyfirvalda um atriði er varða framtöl eða skattskyldu þess er upplýsingarnar gaf eða annarra. Sektarmörk eru óbreytt frá gildandi lögum í 1. mgr. en sektir í 4. mgr. við að gefa rangar upplýsingar um framtöl annarra eru tvöfaldaðar frá því sem nú er. Þá er ákvæðunum um sektir á hendur dánarbúi breytt þannig að unnt er að taka tillit til aðstæðna en í gildandi lögum eru þær fastbundnar við tvöfalda þá fjárhæð sem undan skyldi draga.

Um 111. gr.

Samkvæmt greininni er ríkisskattanefnd falið að ákveða sektir skv. 110. gr. í stað þess að sérstök skattsektanefnd annist það verk. Horfir þetta til einföldunar auk þess sem breytt skipan ríkisskattanefndar gerir henni fært að takast á við aukin verkefni.

2. og 3. mgr. greinarinnar fjallar um hvaða aðilum skuli gert að greiða skattsektir og um innheimtu sekta. Svarar 3. mgr. að hluta til 51. gr. gildandi laga.

Um 112. gr.

Greinin kveður á um refsiramma mála sem ekki eru úrskurðuð af ríkisskattanefnd en ganga til dómstóla.

Eru refsingar mjög þyngdar frá gildandi lögum og gert ráð fyrir að ítrekuð brot eða miklar sakir geti leitt til sambærilegra fangelsisdóma og þegar um er að ræða fjárdrátt eða fjársvik. Sama máli gegnir um sviptingu starfsréttinda.

Nýmæli er í 4. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að lögaðila megi dæma til fésekta og til sviptingar starfsréttinda, samhliða dómi yfir fyrirsvarsmanni lögaðila sem naut hags af brotinu.

Um 113. gr.

Grein þessi svarar til 49. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 114. gr.

Með þessari grein er ríkisskattstjóra fengin heimild til mats á ýmsum hlunnindum, öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs. Efnislega felur hún ekki í sér nýmæli.

Um 115. gr.

1. mgr. greinarinnar samsvarar 4. mgr. 2. gr. gildandi laga, 2. mgr. er nýmæli en ákvæðum samnings um slíka aðstoð í skattamálum milli þjóða Norðurlanda hefur verið veitt lagagildi með sérstökum lögum.

3. mgr. samsvarar 3. mgr. 52. gr. gildandi laga.

Um 116. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. gildandi laga.

Um 117. gr.

Greinin samsvarar 55. gr. gildandi laga, að því viðbættu að ráðherra er hér heimilað að kveða á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og gagna sem varða skattframtöl.

Um 118. gr.

Grein þessi samsvarar F-lið 7. gr. gildandi laga.

Um 119. gr.

Greinin svarar til 53. gr. gildandi laga. Hér er lagt til að eignarskattsstiginn breytist eftir skattvísitölu en það gerir hann ekki samkvæmt gildandi lögum. Telja verður þörf á slíkum ákvæðum ekki síst með tilliti til þess að framvegis verður fasteignamat framreiknað árlega.

Um 120. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 121. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda við álagningu skatta árið 1978 vegna tekna ársins 1977 og eigna í lok þess árs og hin nýja ríkisskattanefnd taki til starfa 1. janúar 1978.

Skattlagning á útlendinga og aðra þá sem falla undir lög nr. 22/1956 mun þó fara eftir núgildandi skattalögum fram til ársloka 1977 enda þótt hún varði tekjur ársins 1977.

Um ákvæði til bráðabirgða I

Ákvæði þetta er nauðsynlegt vegna þess að hert eru skilyrði þess að sameignarfélag geti verið sjálfstæður skattaðili. Með 1. mgr. er félögum, sem verið hafa sjálfstæðir skattaðilar, gefinn kostur á að fullnægja skilyrðum 3. tl. 2. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. eru ákvæði um upplausn varasjóða þeirra félaga sem ekki fullnægja skilyrðum 1. mgr.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Ákvæði þetta, sem nauðsynlegt er vegna nýs fyrirkomulags lausafjárfyrninga, þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III

Hér er þeim félögum sem myndað hafa yfirfæranleg rekstrartöp samkvæmt ákvæðum gildandi laga heimilað að yfirfæra þau án tímatakmörkunar enda þótt um sé að ræða töp sem einungis eru yfirfæranleg um fimm áramót samkvæmt gildandi lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða IV

Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972. Endurmat samkvæmt þessu ákvæði nær til fyrnanlegs lausafjár og fyrnanlegra mannvirkja en þó með ólíkum hætti.

Endurmat lausafjár veitir einungis heimild til sérstakrar fyrningar á endurmatshækkuninni en hefur engin áhrif á reglur frumvarpsins um fyrningar eða sölu á lausafé.

Endurmatsverð mannvirkja hækkar hins vegar fyrningargrunn þeirra og leiðir því til hærri fyrninga samkvæmt almennum ákvæðum frumvarpsins.

Fylgiskjal 1.

Frádráttarliðir[1]) gildandi laga skv. úrtaki
Álagningarár 1975

Atriði	Heildar-fjárhæð þús. kr.	%	Meðal-upphæð þús. kr.	Nýtingar-hlutfall[2])	Meðal-upphæð ef not. þús. kr.	Fjöldi ef not.
Launafrádráttur vegna tekna eiginkonu (50%)	3 830 205	27,9	36,6	23,4	156,3	24 502
Frádráttur vegna tekna eiginkonu við atvinnurekstur hjóna	364 707		3,5	4,4	79,4	4 592
Vaxtagjöld	2 859 824	19,0	27,3	44,5	61,3	46 630
Fasteignagjöld og fyrning	1 974 330	13,1	18,9	44,9	42,0	47 026
Lífeyristrygging	1 503 320	10,0	14,4	65,4	21,9	68 500
Námsfrádráttur	1 360 739	9,1	13,0	20,1	64,6	21 059
Sjómannafrádráttur	834 648	5,6	8,0	9,0	88,2	9 461
Fiskveiðafrádráttur	628 099	4,2	6,0	8,2	73,0	8 610
Rekstrartöp	523 122	3,5	5,0	1,5	326,3	1 603
Stéttarfélagsgjöld	267 805	1,8	2,6	53,2	4,8	55 714
Frádráttur v/ sjúkradagpeninga	256 722	1,7	2,5	4,9	50,3	5 106
Lífsábyrgð	92 666	0,6	0,9	9,9	9,0	10 351
Fæði á sjó	81 701	0,5	0,8	7,1	10,9	
Annað	452 524	3,0				
Alls	15 030 412	100,0				

1) Lækkun skv. 52. gr. er ekki talin með né heldur frádráttur skv. III. lið framtals.
2) Með nýtingarhlutfalli er átt við fjölda þeirra, sem sýna frádrátt, sem hlutfall af öllum framteljendum.

Fylgiskjal 2.

Skipting tekna eiginkvenna tekjuárið 1974 samkvæmt úrtaki (með fjöldamargföldun 19.792)

Launatekjur eiginkonu [1] [2]

Þús. kr.

	0	50	100	200	300	400	500	700	1 000	1 400	Yfir 1 400	Samtals
Fjöldi	10 490	2 296	2 098	3 800	3 384	2 989	2 217	3 206	1 346	277	79	32 182
Hlutfallslegur fjöldi (%)	33	7	6	12	11	9	7	10	4	1	~0	100
Samansafnaður fjöldi	10 490	12 786	14 834	18 684	22 068	25 057	27 274	30 480	31 826	32 103	32 182	32 182
Hlutfallslegur samansafnaður fjöldi (%)	33	40	46	58	69	78	85	95	99	100	100	100
Meðaltekjur (þús. kr.)	0	23	74	145	248	347	451	591	810	1 118	3 446	221
Tekjur alls (millj. kr.)	0	52,8	155,3	551,0	839,2	1 037,2	999,9	1 894,7	1 089,4	309,7	193,2	7 122,4
Hlutfallslegar tekjur alls (%)	0	~0	2	8	12	15	14	27	15	4	3	100
Hlutfallslegar samansafnaðar tekjur (%)	0	~0	2	10	22	37	51	78	93	97	100	100

1) Í töfluna vantar, auk tekna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi hjóna, tekjur 317 eiginkvenna, þar sem eiginmaðurinn er tekjulaus, með samtals um 189 millj. kr. tekjur.

2) Talan 300 þús. kr. sýnir bilið frá 200—300 þús. kr. o.s.frv.

Fylgiskjal 3.

Yfirlit um tekjur einstaklinga í atvinnurekstri við álagningu 1975[1])

Álagður tekjuskattur að viðbættum áætluðum áhrifum „launaviðmiðunar" til hækkunar tekjuskatti hjá atvinnurekendum og þeim sem ekki féllu undir það hugtak, en hækkun þeirra síðarnefndu er innifalin í samtölu annarra framteljanda.

		Álagður tekjuskattur var		Áætluð hækkun tekjuskatts		Samtals álagður og áætlaður tekjuskattur	
		Fjárhæð í þús. kr.	Hundraðshluti	Fjárhæð í þús. kr.	Hundraðshluti	Fjárhæð í þús. kr.	Hundraðshluti
04	Bifreiðastjórar — sjálfstæð starfsemi	170 376,4	2,23	11 598,1	3,92	181 974,5	2,29
07	Læknar og tannlæknar — sjálfstæðir	258 956,8	3,38	6 734,4	2,28	265 691,2	3,34
15	Lífeyrisþegar og eignafólk	8 849,3	0,12	6 380,8	2,16	15 230,1	0,19
20	Þeir aðilar sem ekki flokkast í ákveðna atvinnustétt	61 421,4	0,80	0,0	0,00	61 421,4	0,77
2–	Búrekstur, gróðurhúsabú, garðyrkjubú o. þ. h.	189 342,4	2,47	44 959,4	15,20	234 301,8	2,95
3–	Fiskvinnsla — útgerð	52 143,5	0,68	38 738,7	13,10	90 882,2	1,14
4–	Iðnaður — annar en fiskvinnsla	136 506,0	1,78	11 905,2	4,03	148 411,2	1,87
5–	Byggingariðnaður	231 955,0	3,03	18 903,5	6,39	250 858,5	3,16
6–	Verslun	162 149,3	2,12	46 757,1	15,81	208 906,4	2,63
7–	Flutningastarfsemi	5 008,2	0,07	6 385,4	2,16	11 393,6	0,14
8–	Ýmis þjónustustarfsemi	210 674,5	2,75	36 716,6	12,41	247 391,1	3,11
	Samtals atvinnurekendur	1 487 382,8	19,43	229 079,2	77,46	1 716 462,0	21,59
	Samtals aðrir framteljendur[2])	6 166 021,8	80,57	66 648,4	22,54	6 232 670,2	78,41
	Heild tekjuskattsgreiðenda	7 653 404,6	100,00	295 727,6	100,00	7 949 132,2	100,00
	Atvinnurekendastéttir — samtala:						
	04, 07, 15 og 20	499 603,9	6,53	24 713,3	8,36	524 317,2	6,59
	2–	189 342,4	2,47	44 959,4	15,20	234 301,8	2,95
	3– til og með 8–	798 436,5	10,43	159 406,5	53,90	957 843,0	12,05
	Samtals atvinnurekendur	1 487 382,8	19,43	229 079,2	77,46	1 716 462,0	21,59
	Hlutföll innan atvinnurekendastéttanna:						
	04, 07, 15 og 20	499 603,9	33,59	24 713,3	10,79	524 317,2	30,55
	2–	189 342,4	12,73	44 959,4	19,63	234 301,8	13,65
	3– til og með 8–	798 436,5	53,68	159 406,5	69,58	957 843,0	55,80
	Atvinnurekendastéttir innbyrðis	1 487 382,8	100,00	229 079,2	100,00	1 716 462,0	100,00

1) Sem atvinnurekendur flokkast hér þeir framteljendur með hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sem eru jafnar eða hærri en launatekjur, svo og þeir sem sýna rekstrartap og hafa launatekjur 500 þús.kr. eða lægri, allt samkvæmt framtali 1975.

2) Aðrir framteljendur hér eru þeir sem telja fram einhverjar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 1975, en falla ekki undir 1).

Fylgiskjal 3 framh.

	Tekjuskatts-greiðendur skv. álagningu–heild		Áætluð fjölgun tekjuskatts-greiðenda		Samtals tekjuskatts-greiðendur		Fjöldi þeirra sem bera tekjuskatt en eru áætlaðir til hækkunar		Skattleysingjar — heild			
									Voru skv. álagningu		Verða að við-bættri teknaáætlun	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
04 Bifreiðastjórar — sjálfstæð starfsemi	1 105	2,06	138	6,57	1 243	2,22	158	9,50	355	0,70	217	0,45
07 Læknar og tannlæknar — sjálfstæðir	405	0,75	0	0,00	405	0,73	67	4,03	0	0,00	0	0,00
15 Lífeyrisþegar og eignafólk	83	0,15	108	5,14	191	0,34	0	0,00	1 188	2,33	1 080	2,21
20 Þeir aðilar sem ekki flokkast í ákveðna atvinnustétt	113	0,21	0	0,00	113	0,20	0	0,00	29	0,06	29	0,06
2– Búrekstur, gróðurhúsabú, garðyrkjubú o.þ.h.	2 440	4,54	572	27,24	3 012	5,39	368	22,13	2 666	5,24	2 094	4,29
3– Fiskvinnsla — útgerð	280	0,52	92	4,38	372	0,67	111	6,67	311	0,61	219	0,45
4– Iðnaður — annar en fiskvinnsla	578	1,08	71	3,38	649	1,16	71	4,27	239	0,47	168	0,34
5– Byggingariðnaður	699	1,30	38	1,81	737	1,32	131	7,88	144	0,28	106	0,22
6– Verslun	469	0,87	274	13,05	743	1,33	51	3,07	284	0,56	10	0,02
7– Flutningastarfsemi	52	0,10	0	0,00	52	0,09	37	2,22	3	0,01	3	0,01
8– Ýmis þjónustufyrirtæki	669	1,24	158	7,52	827	1,48	158	9,50	257	0,50	99	0,20
Samtals atvinnurekendur	6 893	12,82	1 451	69,09	8 344	14,93	1 152	69,27	5 476	10,76	4 025	8,25
Samtals aðrir framteljendur	46 893	87,18	649	30,91	47 542	85,07	511	30,73	45 418	89,24	44 769	91,75
Heild tekjuskattsgreiðenda	53 786	100,00	2 100	100,00	55 886	100,00	1 663	100,00	50 894	100,00	48 794	100,00
Atvinnurekendastéttir — samtala:												
04, 07, 15 og 20	1 706	3,17	246	11,71	1 952	3,49	225	13,53	1 572	3,09	1 326	2,72
2–	2 440	4,54	572	27,24	3 012	5,39	368	22,13	2 666	5,24	2 094	4,29
3– til og með 8–	2 747	5,11	633	30,14	3 380	*q*6,05	559	33,61	1 238	2,43	605	1,24
Samtals atvinnurekendur	6 893	12,82	1 451	69,09	8 344	14,93	1 152	69,27	5 476	10,76	4 025	8,25
Hlutföll innan atvinnurekendastéttanna:												
04, 07, 15 og 20	1 706	24,75	246	16,95	1 952	23,39	225	19,53	1 572	28,71	1 326	32,94
2–	2 440	35,40	572	39,42	3 012	36,10	368	31,95	2 666	48,68	2 094	52,03
3– til og með 8–	2 747	39,85	633	43,63	3 380	40,51	559	48,52	1 238	22,61	605	15,03
Atvinnurekendastéttir innbyrðis	6 893	100,00	1 451	100,00	8 344	100,00	1 152	100,00	5 476	100,00	4 025	100,00

EFNISYFIRLIT FRUMVARPS

I. KAFLI

SKATTSKYLDIR AÐILAR Gr.

Skattskylda manna 1
Skattskylda lögaðila 2
Takmörkuð skattskylda 3
Aðilar undanþegnir skattskyldu 4
Skattskylda hjóna og barna ..... 5—6

II. KAFLI

SKATTSKYLDAR TEKJUR

Almenn ákvæði 7
Skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður 8
Skattskyldur arður, jöfnunarhlutabréf 9
Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna 10
Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna ..... 11—13
Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna ..... 14—15
Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði 16
Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum ..... 17—18
Ýmis ákvæði um söluhagnað ..... 19—27
Hvað ekki telst til tekna 28

III. KAFLI

FRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM

Almenn ákvæði 29
Frádráttur manna utan atvinnurekstrar 30
Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri 31
Sameiginleg ákvæði um fyrningar eigna ..... 32—34
Fyrning lausafjár ..... 35—38
Fyrning mannvirkja, þ. m. t. byggingar aðrar en íbúðarhúsnæði 39—41
Fyrning náttúruauðæfa o. fl. 42
Fyrning keypts eignarréttar, stofnkostnaðar o. fl. 43
Ýmis ákvæði um fyrningu ..... 44—49
Vaxtagjöld, afföll og gengistöp 50
Hvað ekki telst rekstrarkostnaður 51

IV. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI UM TEKJUR

Ráðstöfun varasjóðs 52
Úttekt úr eigin rekstri 53
Sameining félaga 54
Óvenjuleg skipti í fjármálum 55
Ákvörðun launa í eigin atvinnurekstri 56
Tekjutímabil 57

V. KAFLI

TEKJUSKATTSSTOFN

Gr.

Almenn ákvæði 58
Tekjuskattsstofn hjóna og barna ..... 59—60
Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni 61

VI. KAFLI

TEKJUSKATTSÚTREIKNINGUR, AFSLÆTTIR OG BARNABÆTUR

Skattstigi manna 62
Persónuafsláttur 63
Afsláttur frá skatti 64
Barnabætur 65
Tekjuskattur manna heimilisfastra á Íslandi hluta úr ári o. fl. .. 66
Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu 67
Tekjuskattur lögaðila 68

VII. KAFLI

EIGNARSKATTUR

Skattskyldar eignir 69
Mat eigna 70
Hvað ekki telst til eignar 71
Frádráttur frá eignum ..... 72—74
Tímaviðmiðun eignarskattsstofns 75
Eignarskattsstofn ..... 76—78
Eignarskattsútreikningur ..... 79—80

VIII. KAFLI

SKATTUMDÆMI, SKATTSTJÓRAR, RÍKISSKATTSTJÓRI, SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI, RÍKISSKATTANEFND O. FL.

Skattumdæmi 81
Skattstjórar 82
Umboðsmenn skattstjóra 83
Ríkisskattstjóri o. fl. 84
Ríkisskattanefnd 85

IX. KAFLI

FRAMTÖL OG SKÝRSLUGJAFIR

Framtals- og skattlagningarstaður 86
Framtalsskýrslur 87
Launaskýrslur o. fl. 88
Framtalsfrestur 89
Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir 90

X. KAFLI

ÁLAGNING, KÆRUR O. FL. Gr.

Álagning ..... 91—94
Kærur til skattstjóra 95
Kærur til ríkisskattanefndar 96
Tilkynningar til hjóna o. fl. 97

XI. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI UM SKATTYFIRVÖLD

Ríkisskattstjóri 98
Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit 99
Vanhæfi skattyfirvalda 100
Gerðabækur 101
Eftirlit fjármálaráðherra 102

XII. KAFLI

INNHEIMTA OG ÁBYRGÐ

Innheimtuaðilar 103
Gjalddagar ..... 104—105
Vextir 106
Skyldur launagreiðanda 107
Ábyrgð á skattgreiðslum 108

XIII. KAFLI

VIÐURLÖG

Álag 109
Refsingar 110
Ákvörðun refsinga ..... 111—112

XIV. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI ..... 113—121

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA I—IV

FYLGISKJÖL 1—3

Sþ. **234. Skýrsla**

ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1977.

I
Inngangur

Fyrir ári lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi lánsfjáráætlun fyrir árið 1976. Áætlun þessi var hin fyrsta, sem tók til allrar lánastarfsemi í landinu. Í henni voru settar fram hugmyndir um þróun í lánamálum, sem væri í samræmi við og stefndi að yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Eins og eðlilegt má telja við hverja frumraun hefur ýmislegt farið öðruvísi en ætlað var. Í heild má þó telja, að lánsfjáráætlunin 1976 hafi gefið gagnlegt yfirlit yfir starfsemi allra lánastofnana í landinu og auðveldað stjórn lánamála. Nokkuð skortir enn á, að lánskjör og ýmis atriði önnur, sem áhrif hafa á lánahreyfingar, séu ákveðin með samræmdum hætti. Að þessu verður hugað sérstaklega við framkvæmd lánsfjáráætlunar næsta árs, sem hér er lögð fram.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1977 er samin í samvinnu Seðlabanka Íslands, fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjármálaráðuneytisins, Framkvæmdastofnunar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar. Undirbúningsvinna er að meginhluta unnin í hagfræðideild Seðlabankans að því er tekur til lánamála. Efni um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, dags. 7. des. 1976, og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar 1977. Lánsfjáráætlunin sýnir uppruna og ráðstöfun lánsfjár á árinu 1977 og skiptingu þess eftir lánveitendum og lánþegum.

II
Þjóðhagsleg markmið

Í stefnuræðu forsætisráðherra og í ræðu fjármálaráðherra við fyrstu umræðu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1977 var lögð áhersla á mikilvægi þess, að á árinu 1977 væri að því stefnt að minnka hallann á viðskiptajöfnuði þjóðarbúsins og draga verulega úr hraða verðbólgunnar, jafnframt því sem full atvinna væri tryggð og hagvöxtur vakinn á ný eftir afturkipp síðustu tveggja ára. Eigi að takast að ná þessum markmiðum öllum í senn, þarf samstillingu aðgerða á öllum sviðum efnahagsmála. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1977 er liður í þessari viðleitni.

Í samræmi við ofangreind markmið og það mat á núverandi stöðu og horfum, sem fram komu í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, er að því stefnt, að viðskiptahallinn við útlönd verði hálfu minni árið 1977 en árið 1976, eða 1.9% af þjóðarframleiðslu borið saman við 3.6% halla 1976 og 11½% halla 1975 og 1974. Eigi þessi árangur að nást, þarf að stilla aukningu þjóðarútgjalda mjög í hóf. Í þjóðhagsspánni er reiknað með, að þjóðarframleiðslan aukist um 1½% en raungildi þjóðartekna nokkru meira, eða 2½%, vegna heldur betri viðskiptakjara við önnur lönd en á þessu ári. Innan þessa ramma er reiknað með 3% vexti einkaneyslu, þ. e. að einkaneysla vaxi líkt og þjóðartekjur, að samneysla aukist um 2% en fjármunamyndun verði 5—6% minni en 1976. Samdrátt fjármunamyndunar má allan rekja til stórframkvæmda, og er því í reynd stefnt að 4% aukningu almennra framkvæmda. Í heild er þannig reiknað með um 1% aukningu þjóðarútgjalda. Með þessum hætti er að því stefnt að verja þriðjungi aukningar þjóðarframleiðslunnar, og

öllum viðskiptakjarabatanum, sem metinn er sem rúmlega 1% af þjóðarframleiðslunni, til þess að draga úr viðskiptahalla við útlönd.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á, að takast megi að draga úr verðhækkunum á árinu 1977. Eins og nú stendur á má telja, að fram til miðs næsta árs hafi verðbreytingum í meginatriðum verið markaður farvegur með þegar teknum ákvörðunum. Í árslok 1976 er almennt verðlag í landinu 12% hærra en meðallag ársins og byggingarkostnaðar 9% hærri. Fyrstu sex mánuði næsta árs er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir um 8—10% hækkun verðlags. Takist, eins og að er stefnt, að koma verðbreytingum frá miðju næsta ári til ársloka niður í 6—7%, þ. e. 12—15% á ári, væru þó engu að síður horfur á 23—24% meðalhækkun neysluverðlags og 21% hækkun byggingarkostnaðar 1977. Við þetta er miðað í fyrrgreindri bjóðhagsspá, og svo er einnig í lánsfjáráætluninni. Þó verður peningastærðum yfirleitt skorinn heldur þrengri stakkur en þessi forsenda felur í sér, þannig að lánakerfið vinni ekki gegn viðleitninni til að draga úr verðbólgu heldur styðji hana.

Til þess að markmiðin, sem hér hefur verið lýst, náist, verður framboð lánsfjár að takmarkast við nauðsynlegustu framkvæmdir og rekstrarþarfir atvinnuveganna. Einkum er brýnt að draga úr lántökum erlendis og úr peningaútstreymi úr Seðlabankanum. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að erlendar lántökur verði 20 860 m.kr. á næsta ári samanborið við 20 670 m.kr. á þessu ári. Erlendar lántökur verða því áfram afar miklar og því sérstök ástæða til þess að ganga hvergi lengra í lánveitingum en hér er áformað.

III
Lánsfjármarkaðurinn

Markmið lánsfjáráætlunar koma fram í viðastri mynd í töflukafla I um lánsfjármarkaðinn í heild sinni (1.—4. töflu). Þar eru allar lánahreyfingar, sem opinberar skýrslur ná til, sýndar í samræmdu formi nettóhreyfinga, þ. e. svarandi til breytinga á stöðutölum bankakerfis annars vegar og mismunar nýrra lánveitinga og afborgana af löngum lánum hins vegar.

Heildarframboð lánsfjár þannig reiknað hefur aukist verulega síðustu árin og þannig jöfnum höndum átt bátt í að milda áhrif efnahagsáfallanna, en það hefur haft í för með sér bjóðarútgjöld umfram bjóðartekjur, sem aftur hefur leitt af sér halla út á við, og fjármagnað hækkun peningalegra veltustærða af völdum verðbólgunnar. Mismunandi aðilar hafa á víxl verið virkastir við útstreymi lánsfjár, svo sem bankakerfið árin 1974 og í minnkandi mæli fram til 1976, fjárfestingalánasjóðir árin 1975 og 1976, og á lánþegahlið ríkissjóður og ríkisstofnanir árin 1974 og 1975 og ríkisfyrirtæki árin 1975 og 1976.

Til þess að hamla á móti óhóflegum umframútgjöldum bjóðarbúsins og fjármögnun frekari verðbólgu var það eitt meginatriði lánsfjáráætlunar ársins 1976 að draga að marki úr heildarframboði lánsfjár, og var opinbera geiranum ætlaður verulegur hlutur í því aðhaldi jafnframt útlánatakmörkunum innlánsstofnana. Það aðhald hefur að vísu ekki lánast svo vel sem að var stefnt, meðfram vegna þess að bensluöfl og verðbólgumyndun reyndust öflugri en vænst var og við varð ráðið. Af þessum sökum hefur verið enn brýnna en ella að slaka hvergi á aðhaldi að fjármálum ríkissjóðs. Frávik frá áætlun um lánsfjárnotkun ríkisaðila stafa þannig annars vegar af bókfærðri gengisuppfærslu lána og hins vegar af fyrirgreiðslum vegna ríkisframkvæmda utan hins eiginlega fjárhags ríkissjóðs skv. fjárlögum.

Með lánsfjáráætlun 1977 er aftur að því stefnt að draga úr heildarnotkun lánsfjár, en það er forsenda þess, að auðið verði að ná þeim bata í viðskiptajöfnuði og verðþróun, sem mið er tekið af. Er heildarstærð lánsfjármarkaðarins í fyrrgreindum skilningi áætluð 38 745 m.kr., eða 12,4% lægri að fjárhæð en í ár. Jafnframt er áætluð veruleg breyting innbyrðis hlutfalla. Á notkunarhlið er áætluð mikil lækkun á vegum opinberra aðila, meðan einkaaðilar ná litils háttar aukningu, sem öll er talin falla íbúðarbyggjendum í skaut. Á framboðshlið lánsfjármagns verður megináhersla á minni notkun erlends lánsfjár, sem hér er talið sem nettóhreyfing bæði langra og stuttra lána. Innan hins innlenda lánsfjármarkaðar er aðaláherslan lögð á minni fjármögnun bankakerfisins, en þar ætti að veitast færi á nokkurri aðlögun eftir mikla þenslu undangenginna ára. Að nokkru er um að ræða bein tengsl milli hlutfallabreytinga á báðar hliðar, einkum þannig að dregur úr stórum ríkisframkvæmdum, sem að miklum hluta eru kostaðar af erlendu lánsfé.

IV
Bankakerfið

Stefnan í útlána- og peningamálum bankakerfisins miðast við, að atvinnuvegunum verði séð fyrir nauðsynlegu rekstrarfé, án þess að með lánum sé ýtt undir umframeftirspurn, sem leiðir til óhóflegs innflutnings og verðhækkana. Stefnan verður því aðeins talin árangursrík, að það takist að tryggja jafna og hóflega aukningu útlána og peninga í umferð, sem samræmist verðmætasköpun hagkerfisins. Í töflum 5, 6 og 7 í töfluviðauka er stefnan sett fram í tölum, en hafa ber í huga, að atvinnuástand og þróun almennrar eftirspurnar geta gefið tilefni til endurskoðunar.

Höfuðmarkmið stefnunnar í peningamálum verður að bæta viðskiptajöfnuð og gjaldeyrisstöðu bankanna. Jafnframt er stefnt að því að færa aukningu peningamagns niður úr 32% á yfirstandandi ári í 24% á næsta ári. Á yfirstandandi ári byggist peningamyndun að verulegu leyti á útlánum innlánsstofnana, en horfur eru á því, að bætt greiðsluafkoma ríkissjóðs geti dregið nokkuð úr þensluáhrifum þeirra á síðasta ársfjórðungi. Takist að bæta gjaldeyrisstöðuna á næsta ári um 4,5 milljarða króna, eins og að er stefnt, munu gjaldeyrisviðskiptin leggja af mörkum stærri skerf til peningamyndunar en verið hefur á síðustu árum. Það þýðir að draga verður úr útlánaaukningu bankakerfisins, eigi tilætlaður árangur að nást í þróun peningamagns og viðskiptajafnaðar. Reynsla síðustu ára bendir til, að við 100 kr. útlánaaukningu aukist innflutningur að jafnaði um 60 kr. á sama ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1977 mun ríkissjóður enn leggja af mörkum verulegan skerf til þessa þáttar peningamálanna með því að grynna á skuldum við Seðlabankann, sem myndaðust aðallega á árunum 1974 og 1975. Áætlað er, að skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana í Seðlabankanum lækki um 2 200 m.kr. á árinu. Auk þess þarf ríkið að greiða um 1 800 m.kr. afborganir af erlendum lánum, sem Seðlabankinn hefur endurlánað, en endurlánað erlent lánsfé er ekki talið með útlánum bankakerfisins í töfluviðaukanum hér að aftan, heldur sem erlend lán.

Útlánagetu innlánsstofnana eru settar þröngar skorður, þar sem lausafjárstaða þeirra er rýr eftir óhagstæð gjaldeyrisviðskipti síðustu ára ásamt mikilli aukningu útlána í ár. Verður því nauðsynlegt að bæta stöðuna á næsta ári, en vafasamt er að hægt sé að setja markið hátt á þessu sviði, nema þróun gjaldeyrismála snúist mjög til hins betra. Vegna endurkaupa Seðlabankans er tryggt, að afurðarlán verða veitt með venjulegum hætti, en að öðru leyti hljóta útlán að takmarkast af aukningu innlána umfram það sem greiða ber inn á bundna reikninga í Seðlabankanum. Ofangreind markmið um gjaldeyrisviðskipti og lausafjárstöðu, ásamt áætlunum um aðra

þætti peningamálanna, benda til þess, að útlán innlánsstofnana að frádregnum endurseldum afurðalánum geti aukist um 19% eða u. þ. b. 4.4% á hverjum ársfjórðungi.

Í hnotskurn má lýsa stefnunni í peningamálum þannig, að markmiðin séu að bæta gjaldeyrisstöðu og lausafjárstöðu innlánsstofnana. Þessu verður náð með bættri stöðu ríkisins gagnvart Seðlabanka og með því að draga úr útlánaaukningu innlánsstofnana. Meginviðfangsefni á sviði peningamálanna verður því sem áður fólgið í stöðugu eftirliti með stöðu ríkissjóðs og útlánum innlánsstofnana. Á yfirstandandi ári hefur Seðlabankinn samið við viðskiptabankana um hámarksaukningu útlána í samræmi við lánsfjáráætlun 1976, en nú er ljóst að útlánin fara fram úr hámarkinu og stuðla að óheppilegri nýmyndun peninga. Þetta er þeim mun alvarlegra, þegar haft er í huga, að aðeins með samstilltu átaki er árangurs að vænta. Það er því afar mikilvægt nú að finna leiðir til að ná tökum á aukningu útlánanna.

V

Fjárfestingarlánasjóðir

Hlutverk fjárfestingarlánasjóða er að uppfylla þarfir atvinnuvega, íbúðabygginga og í vissum mæli sveitarfélaga fyrir stofnfjármagn, að því marki sem þjóðhagsleg arðsemi og gagnsemi réttlætir, og eðlilegt má teljast að afla lánsfjár á móti eigin fjármagni framkvæmdaaðila. Þrátt fyrir viðleitni til að meta hagsbætur af völdum fjárfestingar á mat af því tagi enn langt í land að verða fullkomið, en með athugun áforma og gagnrýni framlagðra áætlana stig af stigi hefur verið leitast við að færa þær nær raunhæfu arðsemismati.

Ákvörðun lánsfjárkjara, er séu í sem nánustu samræmi við raunverulegan kostnað fjármagns, er veigamikill þáttur í skynsamlegu aðhaldi að fjárfestingarlánum og í varðveislu eigin fjár þeirra, sem er grunnstofn lánastarfseminnar. Hefur því verið leitast við að tengja ákvörðun lánakjara sem nánast við gerð og framkvæmd lánsfjáráætlunar. Hafa síðustu tvö árin verið stigin veigamikil skref í átt til samræmdra og raunhæfra lánakjara, og mun þeirri viðleitni haldið áfram í beinu framhaldi af gerð þessarar lánsfjáráætlunar. Meðan fullum árangri hefur ekki verið náð og fjárfestingarlánasjóðir skaðast að marki af völdum verðbólgunnar, er þess heldur ekki að vænta, að þörfum framkvæmdaaðila fyrir lánsfé sé fullnægt svo sem æskilegt væri. Ber þar að sama brunni, að þröng staða þjóðarbúsins út á við leyfir aðeins að brýnum framkvæmdaþörfum sé annað.

Grundvallarviðhorf í stefnumótun fyrir starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna er því það, að þeir hafi yfir fjármagni að ráða til óbreyttrar hlutfallslegrar lánsfjármögnunar hlutaðeigandi framkvæmda í samræmi við þá fjármunamyndunarspá, sem gerð hefur verið og felld í umgerð almennrar þjóðhagsspár. Með því er reynt að tryggja það annars vegar, að staða þjóðarbúsins út á við haldi áfram að styrkjast, svo sem að er stefnt, og hins vegar að ekki sé veitt peningalegt svigrúm fyrir meiri verðbólgu en þegar er til stofnað og virðist óhjákvæmileg. Frá þessum megingrundvelli hefur verið gerð aðlögun til móts við skuldbindingar og fyrirheit, sem lög fela í sér eða ríkisstjórnin hefur tekist á hendur. Á þetta einkum við um lánastarfsemi til íbúðabygginga. Aukið lánsfé á því sviði hefur þannig ekki að sama skapi í för með sér þenslu framkvæmda, heldur fyrst og fremst aukna hlutfallslega fjármögnun innan marka hinna félagslegu kerfa. Á vettvangi atvinnuvegasjóða er í öllum aðalatriðum byggt á mati Framkvæmdastofnunar ríkisins á útlánaþörf þeirra sjóða, sem sækja fjármagn til Framkvæmdasjóðs, sem aftur styðst við frumáætlanir sjóðanna sjálfra.

Á undanförnum árum hefur starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna valdið verulegri lánsfjárþenslu, sem tengd er miklum fiskiskipakaupum og almennri þenslu framkvæmda, svo og aukningu fjármagnsfrekra félagslegra lánakerfa í íbúðabygg-

ingum, áherslu á byggðaþróun o. s. frv. Einkum varð aukning nýrra lánveitinga mjög mikil og verulega umfram verðlagsþróun árið 1975, með 68% hækkun lánveitinga. Varð aukning íbúðalána þá 53% og atvinnuvegasjóða 75%. Af einstökum veigamiklum sjóðum má nefna Fiskveiðasjóð með 87% og Byggðasjóð með 141% aukningu árið 1975.

Á árinu 1976 var reynt að taka þessi mál fastari tökum með gerð hinnar fyrstu almennu lánsfjáráætlunar. Sett var aukningarmarkmið 13% fyrir fjárfestingarlánasjóði í heild, 23% fyrir íbúðalánasjóði og 9% fyrir atvinnuvegasjóði. Ýmislegt hefur orðið til þess, að ekki hefur reynst unnt að halda fast við þá áætlun. Einstök vandamál voru ekki talin leyst með viðunandi hætti í áætluninni, svo að fallast varð á takmarkaðar ráðstafanir þeirra vegna. Verðbólga varð mun meiri en ætlað var, en hún leiddi til hækkaðra tekjustofna og mótframlaga, og ekki náðust full tök á aðfengnu lánsfé og ráðstöfun þess. Á móti þessu hækkaði viðmiðunargrundvöllur næstliðins árs nokkuð. Niðurstaðan skv. endurskoðaðri áætlun 1976 er 22,1% aukning lánveitinga allra sjóðanna, 34,1% hjá íbúðalánasjóðum og 17,1% hjá atvinnuvegasjóðum. Hér skakkar því mun minnu frá áætlun en aukinni verðbólgu nemur, svo að fjárfestingarlánasjóðirnir koma ekki fram sem sjálfstæður þensluvaldur í heild sinni. Hér er enn um áætlun að ræða, en ekki tilraun til endanlegs uppgjörs. Eigi að síður hefur verið lögð sérstök rækt við að draga saman reynsluna af framkvæmd fyrstu lánsfjáráætlunarinnar til betri viðbúnaðar við gerð hinnar næstu.

Heildarniðurstöður lánsfjáráætlunar 1977 falla mjög í sama farveg hlutfallslegra aukninga og árið áður, með 21,6% aukningu í heild, 32,5% á vegum íbúðalánasjóða og 16,4% á vegum atvinnuvegasjóða. Stafar mun meiri aukning íbúðalána af fyrrgreindum ástæðum félagslegra skuldbindinga, þ. e. vegna verkamannabústaða, leigu- og söluíbúða sveitarfélaga og leiguíbúða aldraðra og öryrkja, auk verulega hækkaðra lánveitinga út á eldri íbúðir.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit áætlaðra lánveitinga og fjármögnunar fjárfestingarlánasjóða árin 1976 og 1977, en fyllri sundurliðun er að finna í III. kafla töfluviðauka: 8.—12. töflu.

Fjárfestingarlánasjóðir: Áætluð útlán og fjármögnun

	Millj. kr.		Breyting %	
Útlán (lánveitingar):	1976	1977	1976	1977
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**15 050**	**18 295**	**22,1**	**21,6**
Íbúðalánasjóðir	4 820	6 385	34,1	32,5
Þ.a. Byggingarsjóður ríkisins	4 390	5 735	35,7	30,6
Atvinnuvegasjóðir	10 230	11 910	17,1	16,4
Þ. a. Framkvæmdasjóðskerfið	8 062	9 372	24,6	16,2
Þ. a. Framkvæmdasjóður	4 934	6 000	12,0	21,6
Fjármögnun:				
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**15 050**	**18 295**	**22,1**	**21,6**
Eigin fjármögnun, nettó	748	300	199,2	÷59,9
Framlög og markaðir tekjustofnar	5 904	8 005	28,5	35,6
Lántökur brúttó, alls	**8 398**	**9 990**	**12,2**	**19,0**
Lífeyrissjóðir	1 976	3 150	46,9	59,4
Bankakerfi	1 200	1 300	45,7	8,3
Skyldusparnaður (brúttó)	1 665	2 000	29,7	20,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	697	678	310,0	÷2,7
Erlend lán	2 860	2 862	÷17,6	0,1

Fjármögnunin ber með sér margvísleg vandamál, sem of langt yrði að rekja í nánari atriðum. Eigin fjármögnun úr rekstri sjóðanna leggur sáralítið af mörkum, þrátt fyrir langan feril framlaga og tekjustofna til þeirra. Gerir verðrýrnun af völdum verðbólgunnar áþreifanlega vart við sig í þessari mynd, og er reynt að fást við þennan vanda með ákvörðun raunhæfra lánakjara. Sjóðirnir eru þannig afar háðir opinberum framlögum, sem nema munu um 44% fjármögnunar á næsta ári. Hvort þau miklu framlög verða sjóðunum til varanlegrar styrkingar er háð lánskjörum fram á við, og þá einkum verðtryggingarákvæðum.

Meirihluti fjármagnsins er þó fenginn með lántökum. Einnig þar eru hlekkir sem treysta þarf. Lánveitingar bankakerfisins, miðaðar við 10% af innlánsaukningu jukust verulega fram úr áætlun á yfirstandandi ári. Á næsta ári verður aftur á móti að gera ráð fyrir, að almennt aðhald að peningamyndun í bankakerfinu verki til aðhalds að þessari aukningu, sbr. kaflann á undan um bankakerfið.

Um fjármagn sprottið af skyldusparnaði ríkir mikil óvissa vegna breytinga, sem gerðar kunna að verða á reikningshætti verðbóta. Er því gert ráð fyrir, að skyldusparnaður muni skila minna nettófé, en sá munur kemur fram á endurgreiðslu innan liðarins eigin fjármögnun nettó. Nánari athugun þarf að fara fram á horfum og möguleikum skyldusparnaðar til undirbúnings stefnumótun í þeim efnum.

Frá Atvinnuleysistryggingasjóði er gert ráð fyrir lánveitingu, sem nemi sömu fjárhæð og framlagi ríkissjóðs til sjóðsins, 678 m.kr. Samkvæmt gildandi lögum á fé sem þessu svarar að renna til skuldabréfakaupa af Byggingarsjóði ríkisins. Oftast hefur sjóðnum reynst kleift að lána einnig til annarra þarfa.

Lífeyrissjóðirnir eru orðnir mesta og örast vaxandi fjármagnsuppspretta í landinu. Á næsta ári er spáð, að á þeirra vegum muni falla til ráðstöfunarfé að fjárhæð 10 500 m. kr. Sést glöggt af því, hve geysiþýðingarmikið er, að þessum sparnaði verði við haldið og hann komi til sem gagnlegastra nota. Af þessari fjárhæð er aðeins áætlað að 30% komi til nota á vegum fjárfestingarlánasjóða, eða 3 150 m. kr. Á yfirstandandi ári vantar nokkuð upp á, að svo hátt hlutfall hafi komið til þeirra nota. Er ljóst, að vel verður að halda á málum, svo að áætlaðri fjárhæð verði að fullu til skila haldið. Ennfremur er óljóst, þar til á reynir, í hvaða hlutföllum atvinnuvega- og íbúðalánasjóða sala skuldabréfa verður auðveldust. Er því áformað, að fram fari könnun á því, hvernig þessi mál verði tekin fastari tökum. Yrðu þá lán lífeyrissjóða og Atvinnuleysistryggingasjóðs skoðuð í samhengi og hugsanleg miðlun beggja innan ramma lánsfjáráætlunarinnar og skv. nánari ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Er skipting þess fjár í meðfylgjandi töflum háð þessum fyrirvara.

Svo sem fram kemur af síðasta liðnum, hefur aðhald á þessu sviði haft í för með sér, að erlend lántaka þarf ekki að verða hærri á komandi ári en í ár, þ. e. 2 862 m. kr., en það er nokkru lægri fjárhæð í erlendum gjaldeyri. Hefur verið reynt að stilla þeirri lántöku í hóf með tilliti til heildarlántöku þjóðarbúsins erlendis.

VI

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Ríkisframkvæmdir

Eins og boðað var í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi 1977, verður hér gerð nánari grein fyrir ríkisframkvæmdum, sem ætlað er að fjármagna með lántökum á árinu 1977. Frá því að fjárlagafrumvarpið var samið hefur orðið ljóst, að ekki verður þörf allrar þeirrar fjáröflunar til járnblendiverksmiðju á árinu 1976, sem lánsfjáráætlun þess árs gerði ráð fyrir. Vegna nauðsynjar þess að flýta vissum framkvæmdum og vegna kostnaðarhækkana umfram áætlun yfirstandandi árs var ákveðið að nýta það fjármagn, sem ekki yrði þörf fyrir vegna framkvæmda

við járnblendiverksmiðju, til að mæta þessum þörfum. Er hér um að ræða samtals 588 m.kr., sem skiptast þannig á einstakar framkvæmdir:

Norðurlína	274 m.kr.
Krafla, boranir og aðveitukerfi	266 —
Bessastaðaárvirkjun	25 —
Vegagerð við Grundartanga	23 —
	588 m.kr.

Þessar tilfærslur fjármagns á árinu 1976 leiða til breytinga á áætlunartölum fjárlagafrumvarps 1977 að því er varðar einstakar framkvæmdir, bæði framkvæmdamagn og fjármagnsútgjöld. Auk þessa hefur farið fram endurmat á öðrum framkvæmdum og nýjar þarfir komið til, eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir. Niðurstaðan er sú, að nú er talið nauðsynlegt að afla samtals 10 030 m.kr. í formi lánsfjár til ríkisframkvæmda í stað 8 908 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi, og er hækkunin 1 122 m.kr. Auk þess er þörf 50 m.kr. fjáröflunar til að endurlána sveitarfélögum vegna hafnargerðar við Grundartanga, og er það 100 m.kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Loks þarf í sambandi við þennan framkvæmdaflokk að leita heimildar fyrir 200 m.kr. vörukaupaláni fyrir Póst og síma.

Framangreindar lántökur eru ætlaðar til að standa undir bæði raunverulegum framkvæmdum og fjármagnsútgjöldum, þ. e. afborgunum og vöxtum, þar sem ekki er séð fyrir slíkum endurgreiðslum annars staðar, svo sem í rekstri stofnana eða fjárveitingum á fjárlögum. Heildaryfirlit yfir ráðstöfun lánsfjárins er sýnt á töflu I í þessum kafla, en að öðru leyti skal hér gerð nánari grein fyrir fjárþörf til einstakra framkvæmdaverkefna og auk þess skýrð breyting frá tölum fjárlagafrumvarps.

A-hluti fjárlaga

Laxastigi í Laxá. Samkvæmt samkomulagi í maí 1973, í sambandi við lausn svonefndrar Laxárdeildu var ákveðið, að ríkissjóður stæði undir kostnaði við gerð laxastiga í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Talið er óhjákvæmilegt að ráðist verði í verk þetta á næsta ári og eru nú ætlaðar til þess 75 m.kr. Í fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir fjáröflun í þessu skyni.

Flugöryggistæki. Við gerð fjárlagafrumvarps lá ekki fyrir tillaga um skiptingu framkvæmdafjár til flugmála á árinu 1977. Nú hefur mál þetta verið athugað og liggja sundurliðaðar tillögur fyrir fjárveitinganefnd. Er talið nauðsynlegt að afla 76 m.kr. lánsfjár erlendis til kaupa á öryggistækjum, og kæmi það til viðbótar þeirri 300 m.kr. fjárveitingu, sem fjárlagafrumvarpið felur í sér.

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar, 1 600 m.kr., er í samræmi við tillögu til vegáætlunar 1977—1980, sem lögð verður fyrir þingið. Er hér um að ræða 100 m.kr. hækkun frá fjárlagafrumvarpi,, en vegáætlunin gerir ráð fyrir 5 650 m.kr. heildarútgjöldum til vegamála í stað 5 400 m.kr. í fjárlagafrumvarpi.

Landshafnir. Gert er ráð fyrir, að afla þurfi 195 m.kr. til landshafna og er það 95 m.kr. hækkun frá fjárlagafrumvarpi. Ástæðan er sú, að ákveðið var eftir að fjárlagafrumvarp var samið að flýta verkum við Þorlákshöfn, sem nam 50 m.kr., og auk þess fór heildarkostnaður ársins 45 m.kr. fram úr áætlun. Bráðabirgðalán vegna þessa kostnaðar þarf að endurgreiða 1977. Að öðru leyti er um að ræða lúkningu við gerð grjótgarðs í Njarðvíkurhöfn 65 m.kr. og framhald verka við Rifshöfn 35 m.kr.

Hafnargerð við Grundartanga. Nú er talið, að verk þetta muni frestast frá því sem áður var áætlað, og heildarkostnaður 1977 verði 200 m.kr. í stað 600 m.kr. samkvæmt tölum fjárlagafrumvarps. Yrði hlutur ríkissjóðs 150 m.kr. og hlutur sveitarfélaga 50 m.kr., sem ríkið mun afla og endurlána þeim.

Dýpkunarskip. Talin er brýn þörf á að festa kaup á nýju dýpkunarskipi í stað „Grettis", sem orðinn er úreltur og mjög dýr í rekstri. Tillaga um þessi kaup hafði ekki komið fram við samningu fjárlagafrumvarps. Heildarkostnaður er áætlaður 300 m.kr., og fengjust 225 m.kr. í formi vörukaupaláns en 75 m.kr. af innlendri lánsfjáröflun.

Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna. Gert er ráð fyrir að fella niður fyrirhugaða 40 m.kr. lántöku samkvæmt fjárlagafrumvarpi, enda fela tillögur um skiptingu olíufjár úr Orkusjóði í sér 350 m.kr. lánsframlag til jarðhitaleitar, m. a. til hliðstæðra verkefna og áætlun fjárlagafrumvarps miðaðist við.

B-hluti fjárlaga

RARIK, almennar framkvæmdir. Í fjárlagafrumvarpi var gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 1 619 m.kr. að frádregnum heimtaugargjöldum, en samkvæmt lánsfjáráætluninni er sú tala 1 996 m.kr., eða 377 m.kr. hærri. Í fjárlagaáætlun RARIK hafði kostnaður við aðveitustöðvar verið vanmetinn um 254 m.kr., eða sem svaraði vörukaupaláni, er fylgdi kaupunum, og hefur leiðrétting verið gerð vegna þessa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að framlag úr Orkusjóði af olíufé nemi 123 m.kr., þar af 63 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 60 m.kr. til virkjunarrannsókna við Bessastaðaár- og Austurlandsvirkjun. Sundurliðun á framkvæmdum og fjáröflun RARIK er sýnd á töflu II í þessum kafla.

Sveitarafvæðing. Hér er um að ræða fjáröflun til aukningar kerfisins, samtals 200 m.kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlagafrumvarpi. Er við það miðað, að þar með verði lokið áætlun um tengingu býla við samveitur, þar sem meðalfjarlægð milli býla er innan við 3 km.

Norðurlína. Í fjárlagafrumvarpi voru ætlaðar 1 144 m.kr. til Norðurlínu, en sú áætlun hefur riðlast vegna flýtingar verka á yfirstandandi ári, og vegna nauðsynlegra viðbóta við fyrri áætlun um framkvæmdir 1977. Er nú talið að afla þurfi 1 178 m.kr., eða 34 m.kr. umfram fyrri áætlun, sem skýrist þannig. Vegna flýtingar skuldagreiðslna o. fl. á árinu 1976, er nemur 274 m.kr., minnkar fjárþörf til framkvæmda um 77 m.kr. Mismunurinn, 197 m.kr., er vegna skuldagreiðslna, 104 m.kr., og 93 m.kr. eru vegna verðhækkana og kostnaðar við bráðabirgðatengingu o. fl., sem ekki nýtist til frambúðar og léttir því ekki á framkvæmdaþörf næsta árs. Þá hækka fjármagnsútgjöld vegna þessarar auknu lántöku í ár um 60 m.kr., þannig að nettólækkun vegna þessara atriða er 17 m.kr. Þá hefur ný endurskoðun leitt í ljós, að bæta þarf 51 m.kr. við fyrri framkvæmdaáform, þannig að nettóhækkun frá áætlun fjárlaga nemur 34 m.kr. Sundurliðun verkáfanga og fjármagnsútgjalda er sýnd á töflu III í þessum kafla.

Lína Krafla-Eyrarteigur. Ráðgert er að hefja lagningu línu frá Kröflu til Austurlands á árinu 1977 og er heildarkostnaðaráætlun um verkið 1 376 m.kr. Til þess að geta lokið verkinu á árinu 1978 þarf 500 m.kr. til framkvæmda á árinu 1977, þar af 480 m.kr. vegna línulagna og 20 m.kr. til inngreiðslu á pöntun aðveitustöðvar. Ekki var gert ráð fyrir fjáröflun til þessa verks í fjárlagafrumvarpi.

Kröfluvirkjun: *a. Stöðvarhús og vélar.* Framkvæmdakostnaður að fjárhæð 450 m.kr. flyst yfir á árið 1976 og verður fjármagnaður með bráðabirgðaláni. Á móti þessari lækkun framkvæmdakostnaðar á árinu 1977 hækka fjármagnsútgjöld um 337 m.kr., sem skýrist þannig, að til endurgreiðslu kemur framangreint bráðabirgðalán

með áföllnum kostnaði, 470 m.kr., en áætlun fjárlagafrumvarps um fjármagnsútgjöld lækkar um 133 m.kr., einkum vegna þess að erlent lán tekið á árinu 1976 verður afborgunarlaust fyrsta árið. Nettólækkun fjárþarfar verður þannig 113 m.kr., eða úr 1 989 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi í 1 876 m.kr. samkvæmt lánsfjáráætlun (sjá töflu IV í þessum kafla).

b. Borholur og aðveitukerfi. Fjárþörf hækkar úr 814 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi í 913 m.kr. samkvæmt lánsfjáráætlun, eða um 99 m.kr. Framkvæmdir ráðgerðar á árinu 1976 (umfram fyrrgreinda tilfærslu fjármagns frá járnblendiverksmiðju) að fjárhæð 90 m.kr. flytjast til ársins 1977 og endurskoðun fjármagnsútgjalda hefur leitt til 9 m.kr. hækkunar (sjá töflu IV í þessum kafla).

c. Lína Krafla-Akureyri. Fjárþörf er hin sama og í áætlun fjárlagafrumvarps, 155 m.kr., og er skipting í framkvæmdir og fjármagnsútgjöld sýnd á töflu IV í þessum kafla.

Járnblendiverksmiðja. Samkvæmt samningsdrögum, sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir 120 m.kr. hækkun á eiginfjárframlagi ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlagafrumvarpi. Á hinn bóginn lækka áður áætluð fjármagnsútgjöld um 78 m.kr. vegna minni lántöku árið 1976 en ráðgert hafði verið. Verður eiginfjárframlag 800 m.kr. og fjármagnsútgjöld 139 m.kr., eða samtals 939 m.kr.

Fjáröflun

Á töflu V í þessum kafla er sýnt, hvernig fyrirhugað er að afla fjár til einstakra ríkisframkvæmda samkvæmt lánsfjáráætluninni. Niðurstaðan er 10 030 m.kr. auk 50 m.kr. vegna endurlána til sveitarfélaga vegna hafnargerðar við Grundartanga og 200 m.kr. vörukaupaláns Pósts og síma, eða samtals 10 280 m.kr. Ráðgerð innlend fjáröflun er 3 410 m.kr. og erlend fjáröflun 6 870 m.kr. Heimild til innlendrar fjáröflunar felst í tölulið XXXIX í 6. gr. fjárlagafrumvarps, þ. e. 1 700 m.kr. með verðbréfaútgáfu, en innheimtufé af endurlánuðum spariskírteinum að frádreginni endurgreiðslu á spariskírteinafé útg. 1065, sbr. 1. gr. fjárlagafrumvarpsins, nemur 1 610 m.kr., sem hækkar í 1 710 m.kr. samkvæmt nýrri verðlagsforsendu sem frumvarpstölur verða aðlagðar fyrir samþykkt fjárlaga. Er því ekki þörf viðbótarheimildar til innlendrar lántöku. Hins vegar er í sérstöku lagafrumvarpi leitað heimildar til erlendrar lántöku að jafnvirði 6 870 m.kr. vegna ríkisframkvæmda og 2 862 m.kr. til Framkvæmdasjóðs, eða samtals 9 732 m.kr. Af erlendri fjáröflun til ríkisframkvæmda er almenn lántaka 5 907 m.kr. og vörukaupalán 963 m.kr. Vörukaupalánin skiptast þannig, að 225 m.kr. eru til kaupa á dýpkunarskipi, 254 m.kr. vegna aðveitustöðva RARIK, 284 m.kr. vegna aðveitustöðva Norðurlínu og 200 m.kr. vegna Pósts og síma.

Tafla I Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1977
Í m.kr.

	Fjárlaga-frumvarp	Breytingar	Lánsfjár-áætlun
A-hluti fjárlaga:			
Laxastigi í Laxá	–	75	75
Flugöryggistæki	–	76	76
Vegagerð	1 500	100	1 600
Landshafnir	100	95	195
Hafnargerð við Grundartanga	450	÷300	150
Dýpkunarskip, kaup	–	300	300
Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna	40	÷40	–
	2 090	306	2 396
B-hluti fjárlaga:			
RARIK, almennar framkvæmdir	1 619	254	1 873
Sveitarafvæðing	200	–	200
Norðurlína	1 144	34	1 178
Lína Krafla-Eyrarteigur	–	500	500
Kröfluvirkjun:			
a. Stöðvarhús og vélar	1 989	÷113	1 876
b. Borholur og aðveitukerfi	814	99	913
c. Lína Krafla—Akureyri	155	–	155
Járnblendiverksmiðja	897	42	939
	6 818	816	7 634
Samtals A- og B-hluti	8 908	1 122	10 030

Tafla II RARIK, almennar framkvæmdir 1977
í m.kr.

Virkjanir:	
Hofsárveita, lúkning	25
Bessastaðaárvirkjun, skuldagr.	70
Bessastaðaár- og Austurlandsvirkjun, rannsóknir	60
	155
Stofnlínur:	
Gemlufall—Breiðidalur	118
Breiðidalur—Bolungarvík	92
Ólafsfjörður, spennuhækkun	18
Húsavík, færsla	7
Grímsá—Reyðarfjörður	35
Hvolsvöllur—Selfoss, spennuhækkun	48
Vegamót—Ólafsvík, mæling	10
	328
Aðveitustöðvar:	
Stykkishólmur—Grundarfjörður	120
Ólafsvík	11
Patreksfjörður	72
Laxárvatn	15
Sauðárkrókur	49
Dalvík	122
Ólafsfjörður	82
Húsavík	47
Breiðdalsvík	97
Stöðvarfjörður	79
Djúpivogur	73
Vík í Mýrdal	10
Breiðidalur	11
Bolungarvík	10
Lagarfoss	20
Grímsá	20
Reyðarfjörður	20
Hornafjörður	15
Hvolsvöllur	40
	913
Innanbæjarkerfi	300
Sveitaveitur, styrking	133
Dísilstöðvar	40
Vélar og tæki	60
Aðstöðusköpun	42
Meiriháttar viðhaldsverk	60
	2 031
Heimtaugargjöld	35
	1 996
Fjáröflun:	
Framlög úr Orkusjóði	123
Erlend vörukaupalán	254
Önnur lánsfjáröflun	1 619
	1 996

Tafla III Norðurlína
í m.kr.

Línur:	
Vatnshamrar—Varmahlíð, lúkning	30
Varmahlíð—Akureyri, endurbætur	25
Grundartangi—Vatnshamrar	20
	75
Aðveitustöðvar:	
Vatnshamrar	280
Laxárvatn	223
Akureyri	223
Grundartangi	17
Varmahlíð	14
	757
Framkvæmdir, samtals	832
Fjármagnsútgjöld	346
Fjárþörf, samtals	1 178
Fjáröflun:	
Erlend vörukaupalán	284
Önnur fjáröflun	894
	1 178

Tafla IV Kröfluvirkjun
Í m.kr.

I Stöðvarhús og vélar:	
Framkvæmdir	688
Fjármagnsútgjöld	1 188[1])
	1 876
II Borholur og aðveitukerfi:	
Framkvæmdir	662
Fjármagnsútgjöld	251
	913
III Lína Krafla—Akureyri:	
Framkvæmdir	30
Fjármagnsútgjöld	125
	155
IV Samtals:	
Framkvæmdir	1 380
Fjármagnsútgjöld	1 564[1])
	2 944

1) Þar af greiðsla bráðabirgðaláns frá 1976 470 m.kr.

Tafla V Lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda

Í m.kr.

	Erlend vörukaupalán	Önnur erlend lántaka	Innlend lántaka	Samtals
A-hluti fjárlaga:				
Laxastigi í Laxá	–	–	75	75
Flugöryggistæki	–	76	–	76
Vegagerð	–	–	1 600	1 600
Landshafnir	–	–	195	195
Hafnargerð við Grundartanga	–	–	150	150
Dýpkunarskip, kaup	225	–	75	300
	225	76	2 095	2 396
B-hluti fjárlaga:				
RARIK, almennar framkvæmdir	254	554	1 065	1 873
Sveitarafvæðing	–	–	200	200
Norðurlína	284	894	–	1 178
Lína Krafla—Eyrarteigur	–	500	–	500
Kröfluvirkjun:				
a. Stöðvarhús og vélar	–	1 876	–	1 876
b. Borholur og aðveitukerfi	–	913	–	913
c. Lína Krafla—Akureyri	–	155	–	155
Járnblendiverksmiðja	–	939	–	939
	538	5 831	1 265	7 634
Samtals A- og B-hluti	763[1])	5 907	3 360	10 030
Endurlán til sveitarfélaga vegna Grundartangahafnar			50	
			3 410	

1) Auk þess er gert ráð fyrir 200 m.kr. vörukaupaláni Pósts og síma.

Aðrar opinberar framkvæmdir

Auk hreinna ríkisframkvæmda, sem koma til fjárlagameðferðar og gerð er grein fyrir hér að framan, er eftir atvikum gert ráð fyrir sérstökum lántökum á vegum fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga, og vegna sérstaklega lánshæfra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, svo sem hitaveituframkvæmda. Hér er þó engan veginn um tæmandi yfirlit skipulegs lánsfjármarkaðar að ræða, heldur þau takmörkuðu tilvik, þar sem hlutaðeigandi aðilar fá aðgang að erlendu lánsfé eða öðru fjármagni, sem hið opinbera hefur stjórn á.

Heildaryfirlit þessara lána kemur fram í 13. töflu í töfluviðauka. Fyrsti kafli töflunnar sýnir lánsfjármögnun á vegum ríkissjóðs, sem þegar er gerð grein fyrir. Í kafla ríkisfyrirtækja koma aðeins tveir liðir á árið 1977: Landsvirkjun með 2 000 m.kr. og Póstur og sími með 200 m.kr. vörukaupalán. Hér er í báðum tilvikum um að ræða fremur grófa áætlun út úr stærri heild framkvæmda til fleiri ára. Lántaka Landsvirkjunar lækkar milli áranna um þrjá fimmtu og stendur á næsta ári m. a. í sambandi við lokauppgjör framkvæmda fyrri ára, en fjárhæð framkvæmda á árinu hefur verið áætluð 1 700 m.kr., þar af 445 m.kr. vegna línu Geithálss-Grundartangi.

Á móti mikilli lækkun ofangreindrar lánsfjármögnunar verður mjög mikil aukning lánsfjár til hitaveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga. Af því lánsfé, sem hér er áætlað í þessu skyni, 2 045 m.kr., eru erlendar lántökur áætlaðar 1 595

m. kr., en 450 m.kr. af innlendum uppruna. Meginhluti þess er áætlað, að komi úr Orkusjóði, og er ráðgert, að þannig verði varið 300 m.kr., en að auki er rætt um takmarkaða skuldabréfaútgáfu á nýjum hitaveitusvæðum. Til viðbótar þeirri heildarfjárhæð, sem hér er tilgreind, er gert ráð fyrir, að Lánasjóður sveitarfélaga muni geta lánað 350 m.kr. í þessu skyni, þannig að alls verði lánsfé til hitaveituframkvæmda 2 395 m.kr. Ásamt eigin fé framkvæmdaaðiðla af heimtaugagjöldum og úr rekstri, alls 1 370 m.kr. að meðtalinni Hitaveitu Reykjavíkur, má þannig gera ráð fyrir hitaveituframkvæmdum fyrir 3 765 m.kr. Hitaveita Akureyrar er færð upp með 650 m.kr. lánsfé, en háð þeim sérstaka fyrirvara, að reynist við fullnaðarathugun fært að koma verulegum áfanga til nýtingar með tengingu hverfa og vatnssölu á árinu, stendur framkvæmda- og lánsfjárhæð til endurskoðunar.

Um aðra liði er þetta að segja. Lán til Grundartangahafnar stendur í sambandi við ríkishluta sömu framkvæmdar. Móti erlendu láni til Rafmagnsveitu Reykjavíkur kemur að nærri hálfu endurgreiðsla á stuttu láni. Rafveitur Akureyrar og Ísafjarðar búa einnig við fjármögnunarvanda, sem leysa verður eftir sömu leið. Undir afgangsliðnum „Annað“ er fyrirhugað að leysa úr fjárþörf, sem ekki er fullráðin enn, m.a. vegna Reykjavíkurhafnar og e. t. v. frekari hitaveituframkvæmda.

VII
Erlendar lántökur

Með lánsfjáráætlun 1976 var stefnt að því að draga úr erlendum lántökum, svo sem við yrði komið. Reynt hefur verið að halda sem fastast við upphaflega áætlun í þessu tilliti, en þrátt fyrir það er nú áætlað, að erlendar lántökur verði á árinu 1976 20 670 m.kr., eða rúmlega 2 000 m.kr. hærri en áætlað var við gerð lánsfjáráætlunar og er aukningin bæði vegna opinberra aðila og fjárþarfa stofnlánasjóða, að nokkru vegna þess að innlend fjáröflun verður í reynd minni en áætlað hafði verið. Viðhorf varðandi stefnumörkun í erlendum lántökum á árinu 1977 eru þau sömu og ríkjandi voru á fyrra ári, þ. e. heildarskuldin við útlönd er orðin svo há, að greiðslubyrði af erlendum skuldum stefnir næstu árin í óskyggilega hátt hlutfall af gjaldeyristekjum. Við ákvörðun um fjárhæð erlendrar lántöku verður því að hafa ríkt í huga, að frekari lántökur spilli hvorki lánstrausti þjóðarinnar erlendis né auki skuldabyrðina óhóflega. Nauðsynleg forsenda þess að ná því marki, að heildarskuldin við útlönd aukist ekki og hægt sé að stefna að lækkun hennar á næstu árum, er, að halli á viðskiptajöfnuði hverfi og hagstæður viðskiptajöfnuður náist.

Á árinu 1976 er áætlað, að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 8 800 m.kr., en það er lækkun um tæplega ⅔ hluta frá viðskiptahalla fyrra árs, ef miðað er við fast gengi. Áætlað er að nettóaukning langra erlendra lána verði 12 270 m.kr., og gengur það til jöfnunar á viðskiptahallanum ásamt því að bæta gjaldeyrisstöðuna um 3 500 m.kr. Á árinu 1977 er áætlað, að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 6 000 m.kr., en nettóaukning langra erlendra lána verði 10 260 m.kr., sem er um 2 000 m.kr. minni aukning en árið áður. Reiknað er með að gjaldeyrisstaðan batni um 4 500 m.kr. á árinu 1977.

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 20 860 m.kr. á árinu 1977, en afborganir af eldri lánum verði samtals um 10 600 m.kr. Af áætlaðri upphæð innkominna lána eru 11 350 m.kr. vegna framkvæmda opinberra aðila, að mestu leyti vegna orkumála, þar sem lántökur vegna raforkuvera, línulagna og dreifikerfa eru áætlaðar 8 025 m.kr. og vegna hitaveituframkvæmda 1 595 m.kr. Af opinberum lánum eru lán ríkissjóðs vegna A- og B-hluta fjárlaga 6 670 m.kr., sem sundurliðast þannig í m.kr.

Kröfluvirkjun ásamt línu til Akureyrar	2 944	m.kr.
RARIK, almennar framkvæmdir	808	m.kr.
Norðurlína	1 178	m.kr.
Lína Krafla — Austurland	500	m.kr.
Vegna hlutafjár til Íslenska járnblendifélagsins	939	m.kr.
Vegna kaupa á dýpkunarskipi	225	m.kr.
Vegna flugöryggistækja	76	m.kr.
Samtals	6 670	m.kr.

Lántökur Landsvirkjunar eru áætlaðar 2 000 m.kr. og notkun af vörukaupalánssamningi Pósts og síma er áætluð 200 m.kr. Áætlaðar lántökur bæjar- og sveitarfélaga og stofnana þeirra eru 2 480 m.kr. Þar af 1 595 m.kr. vegna hitaveituframkvæmda og 595 m.kr. vegna rafmagnsveitna. Innkomin lán lánastofnana eru áætluð 2 862 m.kr., sem er svipuð fjárhæð og áætlað er á árinu 1976. Er hér eingöngu um að ræða fjárvöntun Framkvæmdasjóðs, eftir að reiknað hefur verið með innlendri fjármögnun. Lántökur einkaaðila eru áætlaðar 6 648 m.kr., þar af eru 4 000 m.kr. vegna byggingar járnblendiverksmiðju og 1 925 m.kr. vegna skipa og flugvélakaupa.

VIII
Fjármunamyndun og fjármögnun

Fjármunamyndun

Samkvæmt fyrirliggjandi þjóðhagsspá 1977 er reiknað með, að á árinu 1977 verði í heild varið um 85.6 milljörðum króna til fjármunamyndunar í landinu. Er þá annars vegar gert ráð fyrir, að byggingarkostnaður verði að meðaltali um 21% hærri 1977 en 1976 og hins vegar, að raungildi fjármunamyndunarinnar verði um 5—6% minna en á árinu 1976. Meginástæða þess, að reiknað er með samdrætti í fjármunamyndun á árinu 1977 er, að á árinu mun að mestu lokið stórframkvæmdum þeim í raforkumálum, sem staðið hafa yfir við Sigöldu og Kröflu, án þess að þegar séu á döfinni aðrar framkvæmdir af því tagi. Í spánni er gert ráð fyrir, að til Sigöldu- og Kröfluvirkjana verði varið um 3.7 milljörðum króna á árinu 1977, en ætla má, að í ár muni framkvæmdakostnaður við þessar virkjanir nema um 10.8 milljörðum króna. Þá er reiknað með, að innflutningur skipa og flugvéla 1977 verði meira en helmingi minni en í ár og nemi um 3 000 m.kr., en þessi spá er reist á vitneskju um gerða samninga og veittar lánsheimildir. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna að Grundartanga eru hins vegar taldar munu vega upp samdráttinn í stórframkvæmdum og sérstökum innflutningi fjárfestingarvöru að verulegu leyti. Innflutningur til framkvæmdanna að Grundartanga er talinn verða um 2 900 m.kr. en heildarframkvæmdakostnaður um 5.5 milljarðar króna.

Fjármunamyndun, önnur en í sérstökum framkvæmdum og skipum og flugvélum, er talin aukast um 4% á næsta ári. Fjármunamyndun atvinnuveganna er í heild talin munu verða e. t. v. um 2% meiri en í ár, og stafar aukningin nær einvörðungu af framkvæmdum á Grundartanga. Að þeim frátöldum er því búist við, að fjármunamyndun atvinnuveganna verði e. t. v. um 12% minni 1977 en á þessu ári. Íbúðabyggingar á árinu 1977 eru taldar verða svipaðar að vöxtum og á þessu ári.

Opinberar framkvæmdir eru loks taldar munu dragast saman um 16% á árinu 1977. Raforkuframkvæmdir verða að líkindum tæpum helmingi minni 1977 en í ár, þar sem framkvæmdum við Sigölduvirkjun er þegar lokið að mestu og Kröfluvirkjun langt komin, án þess að hið opinbera hyggi á aðrar stórframkvæmdir í

orkumálum á næsta ári. Hitaveitufframkvæmdir munu hins vegar aukast talsvert og í heild er reiknað með, að umsvif við hita- og vatnsveitur á árinu 1977 verði um þriðjungi meiri en í ár. Þá er gert ráð fyrir, að til samgöngufframkvæmda verði á árinu 1977 varið nokkru meiri fjármunum en í ár, eða sem svarar til um 5—6% aukningar að raungildi. Loks er reiknað með um 5% aukningu í opinberum byggingum á árinu 1977.

Þessar spár um fjármunamyndun á árinu 1977 hafa, svo sem unnt hefur reynst, verið gerðar í samræmi við fjárveitingatillögur fjárlagafrumvarps og lántökuáform. Þær tillögur og ákvarðanir um opinberar framkvæmdir, sem þar koma fram, gefa til kynna, að hreinar ríkisframkvæmdir dragist saman um 39% á árinu 1977, en að frátöldum virkjunarframkvæmdum við Sigöldu og Kröflu aukast hreinar ríkisframkvæmdir um 7%. Af hreinum ríkisframkvæmdum er reiknað með, að raforkuframkvæmdir minnki um röskan helming og nemi tæpum 7½ milljarði króna samanborið við 13 milljarða króna í ár. Þar af er reiknað með, að framkvæmdakostnaður við Sigöldu og Kröflu verði innan við þriðjungur þess, sem hann verður í ár, en aðrar raforkuframkvæmdir aukist um 40%. Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eru taldar aukast um 15% og munar þar mest um hitaveitufframkvæmdir. Loks er reiknað með, að hreinar sveitarfélagaframkvæmdir aukist fimmtung á árinu 1977.

Fjármögnun

Samstilling fjármunamyndunar við alla þá fjármögnun, er til hennar rennur, er mjög flókin. Var heildar samstilling af því tagi fyrst reynd í lánsfjáráætlun 1976. Birtist endurtekning þess nú í töflukafla VI, 16.—22. töflu, en þær mynda samstæða og innbyrðis tengda heild. Viðfangsefni þessara taflna er ekki aðeins fjármunamyndunin heldur öll fjárfestingin að meðtöldum birgðabreytingum, þar eð fjármögnun þessara tveggja meginþátta er oft samtvinnuð. Hins vegar eru heimildir um birgðabreytingar takmarkaðar við útflutningsafurðir og bústofn. Með töfluverki þessu er rakið, hvern þátt helstu geirar þjóðarbúsins, þ. e. ríkið, bæjar- og sveitarfélög og einkaaðilar, eiga í fjárfestingu annars vegar og fjármögnun hins vegar, svo og hvernig fjárfesting hvers geira er fjármögnuð, að teknu tilliti til fjárhagslegra samskipta milli geiranna. Er á takmörkunum, að opinbert reikningshald og peningamálaskýrslur séu nægilega þróaðar fyrir verk sem þetta. Einkum er tilfinnanleg vöntun á skiptingu einkaaðila í atvinnurekstur annars vegar og einstaklinga og heimili hins vegar. Töflurnar ættu þó að veita nógu glöggar vísbendingar um meginhreyfingar.

Fjárfesting verður aðeins fjármögnuð af innlendum sparnaði eða með viðskiptahalla við útlönd, sem þá tekur ýmist á sig mynd lántöku erlendis eða rýrnunar gjaldeyrisstöðu, nema að því leyti sem einkafjármagn utan að kemur til. Fjármögnunaryfirlit þetta er því öðrum þræði greining á orsakaþáttum viðskiptahallans. Árið 1975 átti opinberi geirinn, ríki og sveitarfélög, þannig verulegan þátt í hallamyndun, frá sjónarhóli fjármögnunar séð, sbr. mismun fjármunamyndunar og sparnaðar þessara aðila í 16. töflu. Á árinu 1976 virðist bil þetta hafa verið svo til alveg brúað, að því er ríkið varðar, og á næsta ári er áætlað, að ríkið verði nettósparnaðaraðili sem svari um 7 000 m.kr. Sveitarfélögin halda að vonum áfram í nettófjárþörf, þar eð á þeirra vegum er engin skattheimta til sjóðakerfis, svo sem er hjá ríkinu.

Enda þótt sparnaður einkageirans nemi meirihluta alls innlends sparnaðar, ber áætlunin með sér, að hann fari hlutfallslega minnkandi, frá 71,6% af innlendum sparnaði árið 1975 í 58,5% 1977. Mótsvarar það vaxandi hlutdeild opinberu aðilanna í sparnaðinum. Hlutfall sparnaðar einkaaðila af fjármunamyndun þeirra hefur þó aukist um tæpt 1% og er 84,4% skv. áætlun 1977. Afstöður þessar myndu þó færast í hagstæðara horf, ef ekki kæmi til bygging járnblendiverksmiðjunnar, sem

telst hér til einkaaðila, en verður fjármögnuð af erlendum lánum og opinberu fé. Að öðru leyti spegla þessar afstöður annars vegar fjármagnsþörf atvinnuveganna og hins vegar nauðsyn á eflingu sparnaðar einstaklinga sem slíkra.

Áætlun um minnkandi viðskiptahalla ber með sér, að með þeim hætti verði fjármagnað sem svarar 7% af heildarfjárfestingu 1977, samanborið við 11,9% 1976 og 31,8% 1975.

Við mat á fjármögnunarhlutföllum hinna einstöku geira ber að sjálfsögðu að hafa innihald þeirra í nánari atriðum í huga. Hér er í meginatriðum enn ekki um að ræða fullburða geiraskiptingu í samræmi við formreglur þjóðhagsreikninga, heldur er reynt að fara svo nærri flokkun fjármunamyndunarskýrslna sem kostur er. Með opinbera geiranum, ríki og sveitarfélögum, er þannig talin fjárfesting í ýmiss konar opinberum rekstri í fyrirtækjaformi, er fellur undir þá málaflokka, sem hið opinbera hefur tekið óskerta ábyrgð á og almennt eru taldir til opinberra framkvæmda. Á þetta m.a. við um öll orkufyrirtæki hins opinbera, Ríkisútvarp, Póst og síma, hafnir, flugvelli, o.s.frv. Opinberir sjóðir og nýmyndun þeirra eða sparnaður koma hér með, svo sem Atvinnuleysistryggingasjóður, Tryggingastofnun ríkisins, Ríkisábyrgðasjóður, Hafnabótasjóður og Viðlagasjóður.

Til einkaaðila teljast hins vegar atvinnufyrirtæki, sem eru náin hliðstæða almenns atvinnurekstrar, enda þótt í opinberri eigu séu. Dæmi um það eru Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan, Kísiliðjan, Landssmiðjan og Skipaútgerð ríkisins. Kjarni þess geira er að sjálfsögðu einkafyrirtækin að meðtöldum samvinnufyrirtækjum, svo og fjárhagslegar athafnir einstaklinga og félagasamtaka. Lífeyrissjóðirnir og þar með sparnaður þeirra teljast til einkageirans í þá veru, að einstaklingarnir eru rétthafar þess kerfis, enda þótt opinberir aðilar leggi til verulegan hluta fjárins, svarandi til hlutdeildar hinnar opinberu starfsemi í athafnalífi og launagreiðslum.

Loks ber að hafa í huga, að ýmsar stærðir þessara taflna eru fundnar sem afgangsstærðir, einkum eigin sparnaður hvers geira. Eru þær stærðir að sjálfsögðu óáreiðanlegri en hinar, sem sjálfstæðar heimildir eru um.

IX
Töfluviðauki

I Lánsfjármarkaðurinn

Tafla 1 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Yfirlit 1975—1977
Tafla 2 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Lánsfjáráætlun 1977
Tafla 3 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Endurskoðuð áætlun 1976
Tafla 4 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Bráðabirgðatölur 1975

II Peningamál

Tafla 5 Bankakerfið 1975—1977
Tafla 6 Seðlabankinn 1975—1977
Tafla 7 Innlánsstofnanir 1975—1977

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 8 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1975—1977
Tafla 9 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1977
Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Endurskoðuð áætlun 1976
Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Greiðsluyfirlit 1975
Tafla 12 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1975—1977

IV Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Tafla 13 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 14 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum 1975—1977
Tafla 15 Greiðslujöfnuður við útlönd 1975—1977

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 16 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Heildaryfirlit
Tafla 17 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Ríkið
Tafla 18 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Sveitarfélög
Tafla 19 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Einkaaðilar
Tafla 20 Fjárflæði lánastofnana 1975—1977
Tafla 21 Fjárflæði gagnvart útlöndum 1975—1977
Tafla 22 Fjármagnstilfærslur 1975—1977

VII Fjármunamyndun

Tafla 23 Fjármunamyndun 1975—1977: Heildaryfirlit
Tafla 24 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1975—1977
Tafla 25 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1975—1977

I Lánsfjármarkaðurinn

Tafla 1 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Yfirlit 1975, 1976 og 1977
Nettó hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgða-tölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjár-áætlun 1977
Lánþegar:				
1	Opinberir aðilar, alls	17 214	13 292	7 010
11	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	8 338	2 252	÷660
12	Ríkisfyrirtæki	6 245	8 937	5 230
13	Sveitarfélög	411	943	785
14	Fyrirtæki sveitarfélaga	2 220	1 160	1 655
2	Einkaaðilar, alls	22 958	30 956	31 735
21	Atvinnufyrirtæki	14 585	18 552	17 730
22	Íbúðaeigendur	7 490	10 890	13 010
23	Aðrir einkaaðilar	883	1 514	995
3	Lán alls (1+2 = 4+5)	40 172	44 248	38 745
Lánveitendur:				
4	Innlend lán, alls	32 950	34 598	32 817
41	Lánastofnanir	30 556	32 125	30 985
411	Bankakerfið	17 138	16 350	11 950
412	Fjárfestingarlánasjóðir	9 872	11 145	13 435
413	Lífeyrissjóðir	3 546	4 630	5 600
42	Ríkið	708	544	132
43	Einkaaðilar	1 686	1 929	1 700
5	Erlend lán, alls	7 222	9 650	5 928
51	Löng erlend lán	12 054	10 870	8 338
52	Stutt erlend lán	÷4 832	÷1 220	÷2 410

Tafla 2 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra

Lánsfjáráætlun 1977. Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúðar-eigendur	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lána-stofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	÷1 115	÷150	615	60	÷590	19 402	13 010	995	33 407	32 817	1 200
11 Lánastofnanir	÷2 815	÷150	630	÷100	÷2 435	19 410	13 010	1 000	33 420	30 985	–
111 Bankakerfið	÷2 650	–	–	÷100	÷2 750	12 200	1 500	1 000	14 700	11 950	·
1111 Seðlabankinn	÷2 200	–	–	–	÷2 200	–	–	–	–	÷2 200	·
1112 Innlánsstofnanir	÷450	–	–	÷100	÷550	12 200	1 500	1 000	14 700	14 150	·
112 Fjárfestingarlánasjóðir	÷165	÷150	630	–	315	7 210	5 910	–	13 120	13 435	·
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	–	5 600	–	5 600	5 600	·
12 Ríkið	·	·	÷15	160	145	÷8	–	÷5	÷13	132	500
13 Einkaaðilar	1 700	–	–	–	1 700	·	·	·	·	1 700	700
2 Erlend lán, alls	455	5 380	170	1 595	7 600	÷1 672	–	–	÷1 672	5 928	÷2 578
21 Löng erlend lán	455	5 380	170	1 595	7 600	738	–	–	738	8 338	1 922
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	÷2 410	–	–	÷2 410	÷2 410	÷4 500
3 Samtals (1+2)	÷660	5 230	785	1 655	7 010	17 730	13 010	995	31 735	38 745	÷1 378

Tafla 3 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra

Endurskoðuð áætlun 1976. Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúðar-eigendur	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lána-stofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	1 417	÷138	828	450	2 557	19 637	10 890	1 514	32 041	34 598	1 290
11 Lánastofnanir	÷512	÷138	849	100	299	19 436	10 890	1 500	31 826	32 125	·
111 Bankakerfið	÷550	–	300	100	÷150	12 850	2 150	1 500	16 500	16 350	·
1111 Seðlabankinn	÷1 000	–	–	–	÷1 000	–	–	–	–	÷1 000	·
1112 Innlánsstofnanir	450	–	300	100	850	12 850	2 150	1 500	16 500	17 350	·
112 Fjárfestingarlánasjóðir	÷42	÷138	549	–	369	6 546	4 230	–	10 776	11 145	·
113 Lífeyrissjóðir	80	–	–	–	80	40	4 510	–	4 550	4 630	·
12 Ríkið	·	·	÷21	350	329	201	–	14	215	544	550
13 Einkaaðilar	1 929	–	–	–	1 929	·	·	·	·	1 929	740
2 Erlend lán, alls	835	9 075	115	710	10 735	÷1 085	–	–	÷1 085	9 650	÷2 100
21 Löng erlend lán	835	9 075	115	710	10 735	135	–	–	135	10 870	1 400
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	÷1 220	–	–	÷1 220	÷1 220	÷3 500
3 Samtals (1+2)	2 252	8 937	943	1 160	13 292	18 552	10 890	1 514	30 956	44 248	÷810

Tafla 4 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra

Bráðabirgðatölur 1975. Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar		Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúðar-eigendur	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lána-stofnanir
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1	Innlend lán, alls	7 494	÷86	345	468	8 221	16 356	7 490	883	24 729	32 950	944
11	Lánastofnanir	5 808	÷86	368	÷12	6 078	16 112	7 490	876	24 478	30 556	–
111	Bankakerfið	5 545	–	29	÷12	5 562	9 727	973	876	11 576	17 138	·
1111	Seðlabankinn	5 563	–	÷15	–	5 548	÷5	–	–	÷5	5 543	·
1112	Innlánsstofnanir	÷18	–	44	÷12	14	9 732	973	876	11 581	11 595	·
112	Fjárfestingarlánasjóðir	263	÷86	334	–	511	6 340	3 021	–	9 361	9 872	·
113	Lífeyrissjóðir	–	–	5	–	5	45	3 496	–	3 541	3 546	·
12	Ríkið	·	·	÷23	480	457	244	–	7	251	708	4
13	Einkaaðilar	1 686	–	–	–	1 686	·	·	·	·	1 686	940
2	Erlend lán, alls	844	6 331	66	1 752	8 993	÷1 771	–	–	÷1 771	7 222	7 793
21	Löng erlend lán	844	6 331	66	1 752	8 993	3 061	–	–	3 061	12 054	3 101
22	Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	÷4 832	–	–	÷4 832	÷4 832	4 692
3	Samtals (1+2)	8 338	6 245	411	2 220	17 214	14 585	7 490	883	22 958	40 172	8 737

II Peningamál

Tafla 5 Peningamál: Bankakerfið 1975—1977

		Staða 31/12/75 M. kr.	Hreyfingar í m. kr. 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	÷3 250	÷4 692	3 500	4 500
2	Innlendir liðir, nettó	61 601	17 912	16 500	14 500
21	Lán bankakerfisins	69 367	17 589	17 200	12 300
211	Seðlabanki	13 484	5 411	÷1 300	÷2 700
212	Innlánsstofnanir	55 883	12 178	18 500	15 000
22	Sjóðir í opinberri vörslu	÷2 605	1 533	÷1 400	÷500
23	Annað, nettó	÷5 161	÷1 210	700	2 700
3	Peningamagn og sparifé (1+2)	58 351	13 220	20 000	19 000
31	Peningamagn	18 797	5 098	6 000	6 000
32	Sparifé	39 554	8 122	14 000	13 000

	Hreyfingar í %		
Lán bankakerfisins	34,0	24,9	14,2
Lán Seðlabanka	88,6	÷9,6	÷ 22,2
Lán innlánsstofnana	26,7	33,3	20,1
Peningamagn og sparifé	29,3	34,3	24,2
Peningamagn	37,2	31,9	24,2
Sparifé	25,8	35,4	24,3

Tafla 6 Peningamál: Seðlabankinn 1975—1977

		Staða 31/12/75 M. kr.	Hreyfingar í m. kr. 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	÷4 417	÷5 271	3 500	4 500
2	Innlendir liðir, nettó	24 243	10 373	2 500	1 000
21	Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó	10 389	5 563	÷1 000	÷2 200
22	Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	2 943	÷132	÷300	÷500
23	Kröfur á innlánsstofnanir	17 375	4 837	5 150	1 300
231	Endurkaup	12 524	4 298	3 600	4 100
232	Aðrar kröfur	4 851	539	1 550	÷2 800
24	Kröfur á aðra aðila	152	÷20	–	–
25	Sjóðir í opinberri vörslu (innstæður = ÷)	÷2 605	1 533	÷1 400	÷500
26	Annað, nettó	÷4 011	÷1 408	50	2 900
3	Grunnfé	19 826	5 102	6 000	5 500
31	Innlánsstofnanir	13 576	3 598	4 400	4 300
311	Bundnar innstæður	11 410	2 816	4 300	4 200
312	Veltufjármunir	2 166	782	100	100
32	Seðlar og mynt í umferð	4 316	958	1 100	1 200
33	Innstæður fjárfestingarlánasjóða	1 934	546	500	–

	Hreyfingar í %		
Grunnfé	34,7	30,3	21,3
Seðlar og mynt í umferð	28,5	25,5	22,2
Bundnar innstæður	32,8	37,7	26,7

II Peningamál

Tafla 7 Peningamál: Innlánsstofnanir 1975—1977

	Staða 31/12/75 M. kr.	Hreyfingar í m. kr. 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
1 Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	473	1 029	÷1 700	1 300
11 Veltufjármunir	2 171	782	100	100
12 Skuldir	÷1 698	247	÷1 800	1 200
2 Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	1 167	579	–	–
3 Bundnar innstæður	11 410	2 816	4 300	4 200
4 Útlán	55 883	12 178	18 500	15 000
(útlán án endurkaupa)	(43 359)	(7 880)	(14 900)	(10 900)
5 Eignir = skuldir	68 933	16 602	21 100	20 500
6 Heildarinnstæður	52 101	11 716	18 400	17 800
7 Endurkaup	12 524	4 298	3 600	4 100
8 Verðbréf	3 157	785	÷250	÷1 600
9 Eigið fé og annað, nettó	1 151	÷197	÷650	200
		Hreyfingar í %		
Útlán		26,7	33,1	20,2
Útlán án endurkaupa		21,0	34,4	18,7
Útlán án endurkaupa og viðbótarlána		20,0	33,4	19,3
Heildarinnstæður		29,0	35,3	25,2
Endurkaup		52,2	28,7	25,4

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 8 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1975—1977

	Greiðsluyfirlit 1975		Endurskoðuð áætlun 1976		Lánsfjáráætlun 1977	
	m.kr.	Breyting frá fyrra ári %	m.kr.	Breyting frá fyrra ári %	m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
1 Fjárfestingarlánasjóðir, alls	12 330	68,3	15 050	22,1	18 295	21,6
2 Íbúðalánasjóðir	3 595	53,4	4 820	34,1	6 385	32,5
21 Byggingarsjóður ríkisins	3 236	64,1	4 390	35,7	5 735	30,6
22 Veðdeild Landsbanka Íslands	27	÷10,0	40	48,1	50	25,0
23 Byggingarsjóður verkamanna	332	÷2,9	390	17,5	600	53,8
3 Atvinnuvegasjóðir	8 735	75,4	10 230	17,1	11 910	16,4
31 Framkvæmdasjóðskerfið	6 468	66,4	8 062	24,6	9 372	16,2
311 Stofnlánadeild landbúnaðarins	1 390	32,4	1 660	19,4	1 745	5,1
312 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	49	88,5	48	÷2,0	70	45,8
313 Fiskveiðasjóður Íslands	3 735	87,1	4 230	13,3	4 935	16,7
314 Iðnlánasjóður	497	45,7	701	41,0	1 205	71,9
315 Verzlunarlánasjóður	70	÷9,1	196	18,0	215	9,7
316 Stofnlánadeild samvinnufélaga	36	89,5	58	61,1	76	31,0
317 Ferðamálasjóður	23	÷8,0	40	73,9	100	15,0
318 Lánasjóður sveitarfélaga	297	56,3	635	113,8	726	14,3
319 Framkvæmdasjóður, bein lán	371	127,6	494	33,2	300	÷39,3
(til annarra sjóða)	(4 035)	(97,8)	(4 440)	(10,0)	(5 700)	(28,4)
32 Byggðasjóður	1 515	141,6	1 468	÷3,1	1 773	20,8
33 Iðnþróunarsjóður	631	57,4	550	÷12,8	566	2,8
34 Aðrir atvinnuvegasjóðir	121	83,3	150	24,0	199	32,7
341 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	1	÷87,5	10	900,0	19	90,0
342 Veðdeild Iðnaðarbankans	72	260,0	58	÷19,4	80	37,9
343 Iðnrekstrarsjóður	48	26,3	82	70,8	100	22,0

Tafla 9 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1977

Í m.kr.

	Eigin fjármögnun nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur, brúttó: Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Erlend lán	Alls	Lánsfjáráætlun (1)+(2)+(9)
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1 Fjárfestingarlánasjóðir, alls	300	8 005	–	3 150	1 300	2 000	678	2 862	9 990	18 295
2 Íbúðalánasjóðir	÷735	3 615	–	1 127	–	1 700	678	–	3 505	6 385
21 Byggingarsjóður ríkisins	÷850	3 080	–	1 127	–	1 700	678	–	3 505	5 735
22 Veðdeild Landsbanka Íslands	50	–	–	–	–	–	–	–	–	50
23 Byggingarsjóður verkamanna	65	535	–	–	–	–	–	–	–	600
3 *Atvinnuvegasjóðir*	1 035	4 390	–	2 023	1 300	300	–	2 862	6 485	11 910
31 Framkvæmdasjóðskerfið	262	2 675	(5 700)	1 973	1 300	300	–	2 862	6 435	9 372
311 Stofnlánadeild landbúnaðarins	÷974	759	1 450	210	–	300	–	–	1 960	1 745
312 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	÷61	11	50	70	–	–	–	–	120	70
313 Fiskveiðasjóður Íslands	499	1 186	3 250	–	–	–	–	–	3 250	4 935
314 Iðnlánasjóður	309	446	450	–	–	–	–	–	450	1 205
315 Verzlunarlánasjóður	25	–	50	140	–	–	–	–	190	215
316 Stofnlánadeild samvinnufélaga	11	–	50	15	–	–	–	–	65	76
317 Ferðamálasjóður	÷25	25	100	–	–	–	–	–	100	100
318 Lánasjóður sveitarfélaga	178	248	300	–	–	–	–	–	300	726
319 Framkvæmdasjóður, bein lán	300	–	–	–	–	–	–	–	–	300
(til annarra sjóða)	–	–	–	1 538	1 300	–	–	2 862	5 700	(5 700)
32 Byggðasjóður	143	1 630	–	–	–	–	–	–	–	1 773
33 Iðnþróunarsjóður	566	–	–	–	–	–	–	–	–	566
34 Aðrir atvinnuvegasjóðir	64	85	–	50	–	–	–	–	50	199
341 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	÷16	35	–	–	–	–	–	–	–	19
342 Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands	30	–	–	50	–	–	–	–	50	80
343 Iðnrekstrarsjóður	50	50	–	–	–	–	–	–	–	100

Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Endurskoðuð áætlun 1976

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur, brúttó							Áætluð útlánageta (1)+(2)+(9)
				Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Erlend lán	Alls	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	748	5 904	–	1 976	1 200	1 665	697	2 860	8 398	15 050
2	Íbúðalánasjóðir	÷565	2 638	–	900	–	1 450	397	–	2 747	4 820
21	Byggingarsjóður ríkisins	÷525	2 168	–	900	–	1 450	397	–	2 747	4 390
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	40	–	–	–	–	–	–	–	–	40
23	Byggingarsjóður verkamanna	÷80	470	–	–	–	–	–	–	–	390
3	Atvinnuvegasjóðir	1 313	3 266	–	1 076	1 200	215	300	2 860	5 651	10 230
31	Framkvæmdasjóðskerfið	638	2 063	(4 190)	1 036	1 200	215	300	2 860	5 611	8 062
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	÷358	525	950	178	–	215	–	150	1 493	1 660
312	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	÷42	10	20	60	–	–	–	–	80	48
313	Fiskveiðasjóður Íslands	580	1 050	2 600	–	–	–	–	–	2 600	4 230
314	Iðnlánasjóður	173	278	250	–	–	–	–	–	250	701
315	Verzlunarlánasjóður	36	–	40	120	–	–	–	–	160	196
316	Stofnlánadeild samvinnufélaga	5	5	40	8	–	–	–	–	48	58
317	Ferðamálasjóður	÷15	15	40	–	–	–	–	–	40	40
318	Lánasjóður sveitarfélaga	85	180	250	–	–	–	–	120	370	635
319	Framkvæmdasjóður, bein lán	174	–	–	–	–	–	50	270	320	494
	(til annarra sjóða)	–	–	–	670	1 200	–	250	2 320	4 440	(4 440)
32	Byggðasjóður	95	1 123	(250)	–	–	–	–	–	250	1 468
33	Iðnþróunarsjóður	550	–	–	–	–	–	–	–	–	550
34	Aðrir atvinnuvegasjóðir	30	80	–	40	–	–	–	–	40	150
341	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	÷20	30	–	–	–	–	–	–	–	10
342	Veðdeild Iðnaðarbankans	18	–	–	40	–	–	–	–	40	58
343	Iðnrekstrarsjóður	32	50	–	–	–	–	–	–	–	82

Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Greiðsluyfirlit 1975

Í m.kr.

	Eigin fjármögnun nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur, brúttó								Útlán samtals (1)+(2)+(10)
			Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnuleysistryggingasjóður	Önnur innlend lán	Erlend lán	Alls	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Fjárfestingarlánasjóðir, alls	250	4 596	–	1 345	892	1 284	170	323	3 470	7 484	12 330
2 Íbúðalánasjóðir	÷333	1 827	–	808	–	1 105	170	18	–	2 101	3 595
21 Byggingarsjóður ríkisins	÷371	1 524	–	808	–	1 105	170	–	–	2 083	3 236
22 Veðdeild Landsbanka Íslands	9	–	–	–	–	–	–	18	–	18	27
23 Byggingarsjóður verkamanna	29	303	–	–	–	–	–	–	–	–	332
3 Atvinnuvegasjóðir	583	2 769	–	537	892	179	–	305	3 470	5 383	8 735
31 Framkvæmdasjóðskerfið	÷150	1 832	(3 791)	489	892	179	–	–	3 470	5 030	6 468
311 Stofnlánadeild landbúnaðarins	÷709	392	1 387	141	–	179	–	–	–	1 707	1 390
312 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	÷21	5	15	50	–	–	–	–	–	65	49
313 Fiskveiðasjóður Íslands	111	1 071	2 098	–	–	–	–	–	455	2 553	3 735
314 Iðnlánasjóður	161	219	117	–	–	–	–	–	–	117	497
315 Verzlunarlánasjóður	÷15	–	25	60	–	–	–	–	–	85	70
316 Stofnlánadeild samvinnufélaga	÷8	5	25	14	–	–	–	–	–	39	36
317 Ferðamálasjóður	8	15	–	–	–	–	–	–	–	–	23
318 Lánasjóður sveitarfélaga	48	125	124	–	–	–	–	–	–	124	297
319 Framkvæmdasjóður, bein lán	275	–	–	–	–	–	–	–	96	96	371
(til annarra sjóða)	–	–	–	224	892	–	–	–	2 919	4 035	(4 035)
32 Byggðasjóður	84	887	(244)	–	–	–	–	300	–	544	1 515
33 Iðnþróunarsjóður	631	–	–	–	–	–	–	–	–	–	631
34 Aðrir atvinnuvegasjóðir	18	50	–	48	–	–	–	5	–	53	121
341 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	÷24	25	–	–	–	–	–	–	–	–	1
342 Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands	19	–	–	48	–	–	–	5	–	53	72
343 Iðnrekstrarsjóður	23	25	–	–	–	–	–	–	–	–	48

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 12 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1975—1977

í m.kr.

	Bráðabirgða-tölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjár-áætlun 1977
Uppruni fjármagns:			
1 Eigið fé, nettó	2 300	3 700	5 200
12 Afborganir	800	1 200	1 700
13 Vextir	1 700	2 750	3 800
14 Annað, nettó	÷200	÷250	÷300
2 Framlög, nettó	3 700	4 400	5 300
21 Iðgjöld	5 100	6 500	8 200
22 ÷ Lífeyrir	÷1 300	÷1 950	÷2 700
23 ÷ Endurgreidd iðgjöld	÷100	÷150	÷200
3 Ráðstöfunarfé samtals (1+2 = 4+5)	6 000	8 100	10 500
Ráðstöfun fjármagns:			
4 Útlán, brúttó	5 600	7 600	10 000
41 Ríkissjóður, ríkisstofnanir	10	90	10
42 Bæjar- og sveitarfélög	5	5	5
43 Fjárfestingarlánasjóðir	1 345	1 976	3 150
44 Atvinnufyrirtæki	80	70	30
45 Sjóðfélagar o. fl.	4 160	5 459	6 805
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	400	500	500

IV Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Tafla 13 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir
Í m.kr.

		Endurskoðuð áætlun 1976	Lánsfjár-áætlun 1977
Framkvæmdir:			
1	Ríkissjóður	11 058	10 030
11	A-hluti fjárlaga	2 192	2 396
111	Vegagerð	1 623	1 600
112	Landshafnir	405	195
113	Grundartangahöfn	50	150
114	Þangverksmiðja	80	–
115	Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna	34	–
116	Dýpkunarskip	–	300
117	Laxastigi í Laxá	–	75
118	Flugöryggistæki	–	76
12	B-hluti fjárlaga	8 866	7 634
121	RARIK, almennar framkvæmdir	1 765	1 873
122	Sveitarafvæðing	150	200
123	Norðurlína	852	1 178
124	Lína Krafla—Eyrarteigur	–	500
125	Krafla	4 879	2 944
1251	Stöðvarhús og vélar	3 228	1 876
1252	Borholur og aðveitukerfi	996	913
1253	Lína Krafla—Akureyri	655	155
126	Jarðboranir ríkisins	40	–
127	Járnblendiverksmiðja, hlutafé og fjármagnsútgjöld	387	939
128	Landhelgisgæslan, flugvélakaup	600	–
129	Annað	193	–
2	Ríkisfyrirtæki	5 270	2 200
21	Landsvirkjun	5 100	2 000
	(þ. a. lína Geithals—Grundartangi)	(–)	(445)
22	Áburðarverksmiðja	70	–
23	Póstur og sími	100	200
3	Bæjar- og sveitarfélög	1 285	2 980
31	Hitaveitur	770	2 045
311	Hitaveita Suðurnesja	...	1 285
312	Hitaveita Akureyrar	...	650
313	Aðrar hitaveitur	...	110
32	Grundartangahöfn	–	50
33	Rafmagnsveita Reykjavíkur	220	440
34	Rafveita Akureyrar	–	70
35	Rafveita Ísafjarðar	–	85
36	Vestmannaeyjakaupstaður	65	–
37	Kópavogskaupstaður	110	–
38	Annað	120	290
4	Framkvæmdir = fjáröflun	17 613	15 210
Fjáröflun:			
5	Innlend lán	2 913	3 860
51	Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	1 513	1 710
52	Útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa	1 400	1 700
53	Önnur innlend lán	–	450
6	Erlend lán	13 605	11 350
61	Önnur löng erlend lán	11 765	10 387
62	Vörukaupalán	1 840	963
7	Önnur fjáröflun	550	–
8	Bráðabirgðalán	545	–

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 14 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum

Í m.kr.

	Reikningur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjár-áætlun 1977
I Opinberir aðilar, nettó	8 993	10 735	7 600
Innkomið	10 883	13 535	11 350
Afborganir	÷1 890	÷2 800	÷3 750
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	844	835	455
Innkomið	1 348	1 475	1 240
Afborganir	÷504	÷640	÷785
2. Ríkisfyrirtæki, nettó	6 331	9 075	5 380
Innkomið	7 447	10 775	7 630
Afborganir	÷1 116	÷1 700	÷2 250
4. Sveitarfélög	66	115	170
Innkomið	76	175	290
Afborganir	÷10	÷60	÷120
3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó	1 752	710	1 595
Innkomið	2 012	1 110	2 190
Afborganir	÷260	÷400	÷595
II Atvinnuvegirnir, nettó	3 061	135	738
Innkomið	6 171	4 915	6 648
Afborganir	÷3 110	÷4 780	÷5 910
III Framkvæmdasjóður, nettó	2 476	1 880	2 077
Innkomið	3 006	2 590	2 862
Afborganir	÷530	÷710	÷785
IV Fiskveiðasjóður, nettó	68	÷110	÷155
Innkomið	443	–	–
Afborganir	÷375	÷110	÷155
V Aðrar lánastofnanir, nettó	–	270	–
VI Seðlabankinn	557	÷640	–
VII Löng lán alls, nettó	15 155	12 270	10 260
Innkomin	21 060	20 670	20 860
Afborganir	÷5 905	÷8 400	÷10 600
Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka	(3 296)	(÷25)	...
Innkomin	(4 216)	(1 785)	...
Afborganir	(÷920)	(÷1 810)	(÷2 125)

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 15 Greiðslujöfnuður við útlönd

Í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Innfluttar vörur alls f.o.b.	÷68 040	÷79 100	÷92 200
Sérstakur innflutningur	÷14 895	÷16 700	÷15 300
Skip og flugvélar	÷6 960	÷5 500	÷3 000
Vegna Þjórsárvirkjana	÷1 160	÷2 500	÷400
Vegna Kröfluvirkjana	÷300	÷2 300	÷500
Vegna járnblendiverksmiðju	–	–	÷2 900
Vegna álbræðslu	÷6 475	÷6 400	÷8 500
Almennur innflutningur	÷53 145	÷62 400	÷76 900
(þar af olía)	(÷8 627)		
Útfluttar vörur alls f.o.b.	47 440	71 800	88 200
(þar af ál)	(5 045)	(12 000)	(14 100)
Vöruskiptajöfnuður	÷20 600	÷7 300	÷4 000
Þjónustujöfnuður	÷780	÷1 500	÷2 000
Innflutt þjónusta	÷25 530	÷32 200	÷38 500
Útflutt þjónusta	24 750	30 700	36 500
Viðskiptajöfnuður	÷21 380	÷8 800	÷6 000
Viðskiptajöfnuður % af GNP	÷11,5	÷3,6	÷1,9
Fjármagnsjöfnuður	16 580	12 300	10 500
Til útlanda, alls	÷10 940	÷9 620	÷13 010
Frá útlöndum, alls	27 520	21 920	23 510
Erlent einkafjármagn, langtíma	370	250	650
Erlent einkafjármagn, rekstrarfé	6 090	1 000	2 000
Langar lántökur, nettó	15 155	12 270	10 260
Innkomin löng lán alls	21 060	20 670	20 860
Afborganir	÷5 905	÷8 400	÷10 600
Innkomin lán einkaaðila	2 390	4 845	6 648
Afborganir af lánum einkaaðila	÷2 160	÷3 000	÷5 910
Innkomin lán opinberra aðila	11 875	12 965	11 350
Afborganir af opinberum lánum	÷2 050	÷2 900	÷3 750
Innkomin lán lánastofnana	6 795	2 860	2 862
Afborganir af lánum lánastofnana	÷1 695	÷2 500	÷940
Aðrar stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	÷5 035	÷1 220	÷2 410
Heildargreiðslujöfnuður	÷4 800	3 500	4 500

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 16 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Heildaryfirlit
Í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Fjárfesting			
1 Fjármunamyndun	63 560	75 300	85 600
11 Ríkið	17 050	21 630	18 120
12 Bæjar- og sveitarfélög	7 240	9 120	13 150
13 Einkaaðilar	39 270	44 550	54 330
2 Birgðabreyting	3 680	÷1 500	–
Samtals	67 240	73 800	85 600
Fjármögnun			
3 Innlendur sparnaður	45 860	65 000	79 600
31 Ríkið	9 587	20 958	25 254
32 Bæjar- og sveitarfélög	3 447	5 453	8 514
33 Einkaaðilar	32 826	38 589	45 832
4 Viðskiptahalli við útlönd	21 380	8 800	6 000
Samtals	67 240	73 800	85 600

Tafla 17 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Ríkið
Hreyfingar í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Ráðstöfun			
1 Fjármunamyndun	17 050	21 630	18 120
11 Ríkisfyrirtæki	9 727	13 880	8 810
12 Annað	7 323	7 750	9 310
2 Lánveitingar, nettó	712	1 094	632
21 Til sveitarfélaga	457	329	145
22 Til einkaaðila	251	215	÷13
23 Til lánastofnana	4	550	500
3 Fjármagnstilfærslur	6 675	9 845	11 680
31 Til bæjar- og sveitarfélaga	1 690	2 148	2 950
32 Til einkaaðila	560	1 960	871
33 Til lánastofnana	4 281	5 549	7 630
34 Til útlanda	144	188	229
4 Uppruni = ráðstöfun	24 437	32 569	30 432
Uppruni			
5 Sparnaður	9 587	20 958	25 254
6 Fjármagnstilfærslur	267	422	608
61 Frá sveitarfélögum	218	234	379
62 Frá útlöndum	49	188	229
7 Lántökur, nettó	14 583	11 189	4 570
71 Frá einkaaðilum	1 686	1 929	1 700
72 Frá lánastofnunum	5 722	÷650	÷2 965
73 Löng erlend lán	7 175	9 910	5 835

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 18 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Sveitarfélög
Hreyfingar í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Ráðstöfun:			
1 Fjármunamyndun	7 240	9 120	13 150
11 Fyrirtæki sveitarfélaga	3 630	4 540	6 960
12 Annað	3 610	4 580	6 190
2 Fjármagnstilfærslur	528	584	754
21 Til ríkisins	218	234	379
22 Til lánastofnana	310	350	375
3 Uppruni = ráðstöfun	7 768	9 704	13 904
Uppruni:			
4 Sparnaður	3 447	5 453	8 514
5 Fjármagnstilfærslur frá ríki	1 690	2 148	2 950
6 Lántökur, nettó	2 631	2 103	2 440
61 Frá ríki	457	329	145
62 Frá lánastofnunum	356	949	530
63 Löng erlend lán	1 818	825	1 765

Tafla 19 Fjárfesting og fjármögnun 1975—1977: Einkaaðilar
Hreyfingar í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Ráðstöfun:			
1 Fjármunamyndun	42 950	43 050	54 330
11 Atvinnufyrirtæki	25 810	29 070	35 600
12 Íbúðarhúsnæði	13 460	15 480	18 730
13 Birgðabreyting bústofns og útflutningsvara	3 680	÷1 500	–
2 Lánveitingar, nettó	2 626	2 669	2 400
21 Til ríkissjóðs	1 686	1 929	1 700
22 Til lánastofnana	940	740	700
3 Innstæður, seðlar, mynt og eigið fé	17 228	27 036	24 358
4 Uppruni = ráðstöfun	62 804	72 755	81 088
Uppruni:			
5 Sparnaður	32 826	38 589	45 832
(þar af sparnaður í lánastofnunum)	(2 592)	(2 236)	(58)
6 Fjármagnstilfærslur	7 020	3 210	3 521
61 Frá ríkinu	560	1 960	871
62 Frá útlöndum vegna fjárfestingar	370	250	650
63 Frá útlöndum vegna rekstrar	6 090	1 000	2 000
7 Lántökur, nettó	22 958	30 956	31 735
71 Frá ríki	251	215	÷13
72 Frá lánastofnunum	24 478	31 826	33 420
73 Löng erlend lán	3 061	135	738
74 Stutt erlend lán	÷4 832	÷1 220	÷2 410

Tafla 20 Fjárflæði lánastofnana 1975—1977
Hreyfingar í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Ráðstöfun:			
1 Lánveitingar	30 556	32 125	30 985
11 Til ríkis	5 722	÷650	÷2 965
12 Til sveitarfélaga	356	949	530
13 Til einkaaðila	24 478	31 826	33 420
2 Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	÷4 692	3 500	4 500
3 Uppruni = ráðstöfun	25 864	35 625	35 485
Uppruni:			
4 Fjármagnstilfærslur	4 591	5 899	8 005
41 Frá ríki	4 281	5 549	7 630
42 Frá sveitarfélögum	310	350	375
5 Lántökur, nettó	4 045	2 690	3 122
51 Frá ríki	4	550	500
52 Frá einkaaðilum	940	740	700
53 Frá útlöndum	3 101	1 400	1 922
6 Innstæður, seðlar, mynt og eigið fé	17 228	27 036	24 358
61 Einkaaðilar	14 636	24 800	24 300
62 Eigið fé	2 592	2 236	58

Tafla 21 Fjárflæði gagnvart útlöndum 1975—1977
Hreyfingar í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1975	Áætlun 1976	Lánsfjáráætlun 1977
Ráðstöfun:			
1 Lántökur í útlöndum	15 015	7 550	3 350
11 Löng lán, nettó	15 155	12 270	10 260
111 Ríkissjóður og ríkisstofnanir	7 175	9 910	5 835
112 Sveitarfélög	1 818	825	1 765
113 Einkaaðilar	3 061	135	738
114 Lánastofnanir	3 101	1 400	1 922
12 Stutt lán	÷140	÷4 720	÷6 910
121 Einkaaðilar	÷4 832	÷1 220	÷2 410
122 Lánastofnanir (= breyting á gjaldeyrisstöðu)	4 692	÷3 500	÷4 500
2 Framlög frá útlöndum	6 509	1 438	2 879
21 Til ríkisins	49	188	229
22 Til einkaaðila vegna fjárfestingar	370	250	650
23 Til einkaaðila vegna rekstrar	6 090	1 000	2 000
3 Uppruni = ráðstöfun	21 524	8 988	6 229
Uppruni:			
4 Viðskiptajöfnuður (halli = +)	21 380	8 800	6 000
5 Framlög til útlanda frá ríkissjóði	144	188	229

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 22 Fjármagnstilfærslur 1975, 1976 og 1977
í m.kr.

	Þiggjendur					
	Ríkið	Sveitar-félög	Einka-aðilar	Lána-stofnanir	Útlönd	Samtals
Veitendur:						
1975						
Ríkið	·	1 690	560	4 281	144	6 675
Sveitarfélög	218	·	–	310	–	528
Einkaaðilar	–	–	·	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	·	–	–
Útlönd	49	–	6 460	–	·	6 509
Samtals	267	1 690	7 020	4 591	144	13 712
1976						
Ríkið	·	2 148	1 960	5 549	188	9 845
Sveitarfélög	234	·	–	350	–	584
Einkaaðilar	–	–	·	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	·	–	–
Útlönd	188	–	1 250	–	·	1 438
Samtals	422	2 148	3 210	5 899	188	11 867
1977						
Ríkið	·	2 950	871	7 630	229	11 680
Sveitarfélög	379	·	–	375	–	754
Einkaaðilar	–	–	·	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	·	–	–
Útlönd	229	–	2 650	–	·	2 879
Samtals	608	2 950	3 521	8 005	229	15 313

Tafla 23 Fjármunamyndun 1976—1977

Í m.kr.

	Verðlag ársins 1976		Verðlag ársins 1977
	Spá 1976	Spá 1977	Spá 1977
Fjármunamyndun, alls	**75 300**	**71 020**	**85 600**
Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun og járnblendiverksmiðja	11 280	7 640	9 200
Innflutningur skipa og flugvéla	5 500	2 540	3 000
Önnur fjármunamyndun	58 520	60 840	73 400
I Atvinnuvegirnir	**29 070**	**29 700**	**35 600**
1. Landbúnaður	4 570	4 410	5 300
2. Fiskveiðar	4 350	4 100	4 920
3. Vinnsla sjávarafurða	3 270	3 015	3 620
4. Álverksmiðja	20	165	200
5. Járnblendiverksmiðja	500	4 580	5 500
6. Annar iðnaður (en 3.–5.)	4 380	4 470	5 340
7. Flutningatæki	6 350	3 300	3 900
8. Verslunar-, skrifstofu- og gistihús o. fl.	3 380	3 290	3 980
Einkamálalögin frá 1936 hafa að geyma ýmsar helstu meginreglur í íslensku réttarfari, og þykir því ástæða til að ræða stuttlega um þau. Umræður um nauðsyn rækilegrar endurskoðunar á helstu þáttum réttarfarslaga munu hafa verið nokkrar og staðið alllengi, áður en lögin voru sett. Á fjárlögum 1933 voru veittar 3 000 kr. „til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar", og var Einari Arnórssyni, sem þá var hæstaréttardómari, falið að hefja starfið. Samdi hann frumvarpsdrög um einkamálameðferð. Haustið 1934 samþykkti Alþingi ályktun um skipun lögfræðinganefndar „til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni". Nefndin var skipuð 12. desember 1934, og í henni áttu sæti Bergur Jónsson (formaður), Einar Arnórsson og Stefán Jóhann Stefánsson. Nefndin fór yfir drög Einars Arnórssonar og gekk frá frumvarpi, sem þeir Bergur og Stefán Jóhann lögðu fyrir Alþingi 1935. Þar varð málið ekki útrætt, en lög voru samþykkt árið eftir og byggð á frumvarpinu. Í greinargerð frumvarpsins sagði, að það ætti að stuðla að hraðari málsmeðferð með því að gera dómara virkari, meðan öflun gagna stæði yfir, og með því að innleiða munnlegan málflutning. Þá var bent á nauðsyn samstæðrar löggjafar í stað dreifðra og stundum óljósra lagareglna.

Nefnd sú, sem skipuð var 1934, fól Einari Arnórssyni að semja frumvarp um meðferð opinberra mála. Hann lauk því verki, og nefndin fór yfir frumvarpið, sem lagt var fyrir Alþingi 1939 og 1940, en náði ekki fram að ganga. Árið 1947 var þeim Einari Arnórssyni, Gizuri Bergsteinssyni og Jónatan Hallvarðssyni falið að semja frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Var frumvarp þeirra lagt fyrir Alþingi 1948. Í þessu frumvarpi voru ýmis merk nýmæli, m. a. það, að opinber ákærandi færi með ákæruvaldið, sem þá var í höndum dómsmálaráðherra. Sérstakur embættismaður, rannsóknastjóri, er lyti saksóknara, skyldi hafa á hendi stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og sækja fyrir héraðsdómi þau opinber mál í umdæmi sínu, sem sættu sókn og vörn eftir málshöfðun. Þá var heimild fyrir saksóknara að fela rannsóknarstjóra rannsókn mála annars staðar á landinu svo og sókn þeirra í héraði. Frumvarp þetta dagaði uppi, en var lagt fram á ný 1950 með þeim breytingum, að ákvæði um opinberan ákæranda og rannsóknastjóra voru numin brott. Var frumvarp þetta samþykkt sem lög nr. 27/1951. Sérstakt frumvarp um opinberan ákæranda og rannsóknastjóra náði hins vegar ekki fram að ganga, og var ákæruvaldið því enn um sinn í höndum dómsmálaráðherra. Með lögum nr. 57/1961 var hins vegar kveðið á um skipun saksóknara ríkisins, sem fara skyldi með ákæruvaldið. Á Alþingi 1969—1970 var lagt fram frumvarp, sem gerði ráð fyrir stofnun embættis rannsóknastjóra, er lyti lögreglustjóranum í Reykjavík. Rannsóknastjóri skyldi stýra lögreglurannsókn brotamála og fara með stjórn rannsóknarlögreglumanna. Þá skyldi heimilt að fela honum og lögreglustjóranum í Reykjavík tiltekin störf í öðrum lögsagnarumdæmum. Frumvarp þetta, sem að formi til var um breytingar á lögum nr. 98/1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. í Reykjavík, náði ekki samþykki.

Rétt er að geta þess sérstaklega, að tillögur um „sundurgreining umboðsvalds og dómsvalds" voru gerðar 1916 af milliþinganefnd, er skipuð hafði verið 9. desember 1914. Aðalverkefni nefndar þessarar voru ekki dómsmál heldur eftirlaun og laun ríkisstarfsmanna. Skýrslur og tillögur nefndarinnar voru prentaðar í sérstakri bók 1916.

Búningur tillagnanna.

Þegar réttarfarsnefnd tók að undirbúa tillögur sínar, þurfti að taka afstöðu til þess, í hvaða búningi þær skyldu vera. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að ekki væri rétt að gera nú tillögur um ný heildarlög í stað neinna ofantalinna laga. Ekki skyldi heldur stefnt að því að sameina nú lög í nýja bálka eða umbreyta með öðrum hætti því skipulagi, sem er á réttarfarslöggjöfinni. Væri þó vel hugsanlegt, að hér á landi væru til dæmis sérstök lög um dómstólakerfið, svipað og er í Noregi, en önnur lög um málsmeðferð fyrir dómstólunum. Réttarfarsnefnd gerir að vísu tillögur um mjög verulegar lagabreytingar, en telur ekki heppilegt að hafa þær enn víðtækari. Má því vera, að rétt þyki að ráðast í lagasmíð á ný eftir nokkur ár, eftir að nýjar reglur hafa verið reyndar í framkvæmd um skeið. Sérstök ástæða er til að geta þess, að nefndin ræddi ítarlega, hvort hún ætti að gera tillögur um breytingar á skipan lögsagnarumdæma hér á landi. Nefndin telur að vísu, að slíkar breytingar séu æskilegar, en hún telur ekki heppilegt, að þær séu hluti af tillögum um réttarfarsumbætur, sem m. a. gera ráð fyrir að draga úr dómstörfum sýslumanna og bæjarfógeta, enda má gera ráð fyrir, að í umræður um ný lögsagnarumdæmi fléttist atriði, sem eru réttarfarsumbótum óskyld.

Aðdragandi tillögugerðar réttarfarsnefndar um einkamálameðferð.

Árið 1952 skipaði Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða löggjöf um meðferð einkamála í héraði. Í nefndinni voru upprunalega Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, en síðar var Theodór B. Líndal skipaður til að taka sæti í henni. Einar Arnórsson hvarf hins vegar að eigin ósk frá störfum í nefndinni, er samning frumvarpsins var skammt á veg komin.

Frumvarp nefndarinnar var í 24 köflum og 302 greinum. Var það lagt fram á Alþingi 1955, sbr. Alþt. 1955 á bls. 176. Það náði ekki fram að ganga, en var endurskoðað og lagt fram á ný 1961, sbr. Alþt. 1961 A bls. 334. Enn fór sem fyrr, að frumvarpið varð ekki útrætt. Á þinginu 1962—3 voru sett lög um breyting á nokkrum atriðum einkamálalaganna frá 1936 (lög nr. 33/1963), en ekki var þar um veigamikla endurskoðun að ræða. Á Alþingi var síðan gerð ályktun hinn 13. maí 1964 „um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála". Höfðu þeir Ólafur Jóhannesson og Jón Skaftason flutt tillögu um málið. Var dómsmálaráðherra falið að „láta rannsaka, með hverjum hætti sé unnt að hraða rekstri og afgreiðslu dómsmála hér á landi, og gera síðan að rannsókn lokinni viðeigandi ráðstafanir eða leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi". Á Alþingi 1965—6 fluttu Björn Fr. Björnsson, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson og Ingvar Gíslason tillögu til þingsályktunar um athugun á breyttri héraðsdómskipun. Tillögumenn vildu, að skipuð yrði 5 manna nefnd til að kanna mál þetta „með það fyrir augum m. a. að stækka verulega umdæmi dómstóla og dómendum verði yfirleitt eigi fengin önnur störf en þau, sem varða dómsmál". Tillaga þessi var ekki afgreidd, og á sömu lund fór á næsta þingi, er tillagan var endurflutt.

Á Alþingi 1966—1967 var lögð fram skýrsla Jóhanns Hafstein dómsmálaráðherra um athugun á meðferð dómsmála og dómaskipun. Hafði skýrsla þessi verið tekin saman í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með aðstoð Sigurðar Líndal, nú prófessors. Skýrslan er ítarleg, og m. a. er þar að finna greinagerðir dómara og fleiri aðila um helstu orsakir þess, að tafir verða á meðferð dómsmála. Í greinargerðunum er einnig að finna ýmsar úrbótatillögur. Hið helsta í greinargerðunum er dregið saman í skýrslunni með þessum orðum:

1. Almennt um meðferð mála, bæði einkamála og opinberra mála.

A. Vöntun á starfsliði er atriði, sem velflestir víkja að, og er þá bæði átt við löglærða fulltrúa og skrifstofulið. Til úrbóta er helst bent á, að bæta þurfi launakjör starfsfólks.

B. Lélag aðstaða, svo sem óhentugt húsnæði. Að því er vikið í bréfi yfirborgardómarans í Reykjavík.

C. Ófullnægjandi tækjabúnaður og úrelt vinnubrögð. Er bent á meiri vélvæðingu og vinnuhagræðingu til úrbóta á þessu sviði bæði í bréfi yfirborgardómarans og yfirsakadómarans í Reykjavík.

D. Að dómsstörf séu aðeins lítill hluti af störfum dómenda. Benda þeir á þetta sýslumaður Húnavatnssýslu, sýslumaður Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeti Ólafsfjarðar, en þetta á að sjálfsögðu aðeins við um embættin utan Reykjavíkur.

E. Sérstakir erfiðleikar á samgöngum í sýslum, sbr. það sem sýslumaður Skaftafellssýslu segir um þetta efni, og ummæli sýslumanns Barðastrandarsýslu og fulltrúa sýslumanns Suður-Múlasýslu.

F. Örðugleikar á að ná til aðila, vitna og lögmanna, sbr. m. a. bréf lagadeildar Háskólans.

G. Um úrræði til bóta má vísa til þess, sem greinir hér á eftir, þegar fjallað er um hvorn málaflokkinn um sig, einkamál og opinber mál. Hér skal þó getið tillögu í bréfi lagadeildar Háskólans, sem er á þá leið, að skipuð verði föst nefnd, sem hafa skuli vakandi auga með framkvæmd réttarfars, fylgjast með nýjungum og gera tillögur til úrbóta.

2. Um opinber mál sérstaklega.

A. Breytt löggjöf.

Yfirsakadómarinn í Reykjavík gerir ýmsar tillögur um breytta löggjöf og skal hér talið það helsta, sem kemur fram hjá honum.

a) Aðskilnaður rannsóknarvalds og dómsvalds.

b) Að unnt verði að ljúka fleiri málum með dómssátt. Sú tillaga kemur einnig fram hjá sýslumanni Dalasýslu.
c) Að unnt eigi að vera að ljúka fleiri málum með lögreglusektum. Þá tillögu gerir einnig saksóknari ríkisins.
d) Gera eigi meðferð mála, þar sem játning sökunauts liggi fyrir, einfaldari.
e) Að gera eigi meðferð verðlagsmála einfaldari.

B. Breytt framkvæmdaatriði.

a) Að koma þurfi boðun sökunauts og vitna í betra horf, en mjög tefji það mál, hversu erfitt sé að ná til þeirra. Að þessu atriði víkja yfirsakadómarinn í Reykjavík, saksóknari ríkisins, settur bæjarfógeti á Siglufirði og sýslumaður Barðastrandarsýslu.
b) Að efla þurfi rannsóknarlögreglu. Þetta kemur fram hjá yfirsakadómara í Reykjavík og bæjarfógeta Akureyrar.
c) Að koma þurfi í betra horf bókhaldsrannsóknum í sambandi við sakamál, svo sem með því að ráða löggiltan endurskoðanda (eða endurskoðendur) í þjónustu ríkisins. Að þessu víkur einkum saksóknari ríkisins, sbr. einnig bréf yfirsakadómara og lagadeildar Háskólans.

3. Um einkamál sérstaklega.

A. Breytt löggjöf.

Fáir aðrir en yfirborgardómarinn í Reykjavík víkja að atriðum, sem lúta að breyttri löggjöf. Hann telur:

a) Að til bóta yrði að lögfesta frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem án árangurs hefur verið lagt fyrir Alþingi, en ekki fengið afgreiðslu þar.
b) Að dómsmálaskipunina í heild þurfi að endurskoða, þ. m. embættaskipunina í Reykjavík. Að þessu atriði er einnig vikið í bréfi lagadeildar Háskólans og einnig gerir það sýslumaður Húnavatnssýslu, en hann telur, að til athugunar væri að taka dómarastarfið að nokkru frá starfi sýslumanns.
c) Yfirborgardómari bendir og á, að lagabreytingu mundi þurfa, ef taka ætti upp vitna- og aðilaskýrslur vélrænt eða vélrita ætti jafnóðum framburði í þinghaldi.

B. Framkvæmdaatriði.

a) Skipulagsbreytingar innan embætta. Er einkum að þessu vikið, þar sem um borgardómaraembættið í Reykjavík er fjallað, sbr. það, sem fram kemur hjá yfirborgardómara, í bréfi Lögmannafélags Íslands og í framhaldi af greinargerð þess hjá Vagni E. Jónssyni hrl. Það, sem einkum virðist valda töfum á málum hjá því embætti er, hversu seint dómari sá, sem dæma á, fær málið í sínar hendur. Þyrftu því skipulagsbreytingar að miða að því, að dómari sá, sem dæmir, fengi hvert mál fyrr í hendur.
b) Þá er undirbúningi aðila og lögmanna þeirra alláfátt og valdi það töfum á málum, en af því leiði, að þeir æski endurtekinna fresta. Kemur þetta fram m. a. hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík, í bréfi lagadeildar Háskólans og ýmsum fleirum.
c) Bent er loks á mikla málamergð og sívaxandi málafjölda, sbr. einkum það, sem kemur fram hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík, svo og skýrslur þær, sem hér eru birtar.

Á árinu 1966 skipaði dómsmálaráðherra réttarfarsnefnd, sem starfaði til 20. desember 1972. Þegar nefndin hætti störfum, voru nefndarmenn 9, en í upphafi voru þeir færri. Formaður nefndarinnar var Baldur Möller ráðuneytisstjóri. Á vegum

þessarar nefndar sömdu Magnús Thoroddsen borgardómari og Stefán Már Stefánsson, nú prófessor, frumvarp til laga um áskorunarmál, en með því var stefnt að því að flýta meðferð einfaldari einkamála. Um þetta voru síðan sett lög nr. 49/1968, sem fyrr eru nefnd. Á vegum nefndarinnar samdi einn nefndarmanna, Theodór B. Lindal, frumvarp til laga um breyting á gjaldþrotaskiptalögunum, er stefndu að því að gera rannsóknir gjaldþrotamála einfaldari og fljótlegri. Voru sett um þetta efni lög nr. 32/1972.

Umbætur í dómsýslu hafa mikið verið ræddar meðal lögfræðinga og í fjölmiðlum. Réttarfarsnefnd vill sérstaklega nefna grein eftir Hrafn Bragason borgardómara í Tímariti Lögfræðinga 1. hefti 1969. Er meginefni tillagna Hrafns það, að 8 „fylkisdómar" taki við flestum verkefnum núverandi héraðsdómara í dómsýslu. Lagt var til, að einn fylkisdómur yrði í hverju kjördæmi, þó með minni háttar frávikum. — Að undanförnu hefur komið fram hörð gagnrýni á ástandið á dómsmálasviðinu í fjölmiðlum. Hafa m. a. samtök héraðsdómara látið uppi álit sitt í þessa átt. Réttarfarsnefnd telur athugasemdir um seinagang dómsmála viðamestar þess, er fram hefur komið í þessum umræðum.

Kostnaður.

Dómsmálum mun ekki fjölga við það eitt að stofnaðar verði tvær lögréttur á landinu. Rök fyrir fullyrðingu í þá átt eru engin. Þó er hinu ekki að leyna, að kostnaður getur aukist við meðferð málanna. Réttarfarsnefnd telur ólíklegt að unnt verði að bæta ástandið og hraða afgreiðslu dómsmála að óbreyttu dómstólakerfi nema með einhverri fjölgun dómara og annarra starfsmanna við dómsýsluna. Þó má ætla, að það myndi horfa til fljótari afgreiðslna, ef lögfestar væru þær breytingar einar, sem réttarfarsnefnd gerir tillögur um í frumvarpi um breyting á einkamálalögunum frá 1936. Líkur benda til þess, að stofnun lögréttnanna myndi leiða til þess, að fjölga yrði fólki eitthvað umfram það, sem vera myndi að óbreyttu kerfi. Stafar þetta einkum af því, að þrír menn sætu oftast í dómi, sem er mikilvægt réttaröryggisatriði. Þá myndi það og leiða til útgjalda, að hinir nýju dómstólar þyrftu húsnæði, sem vafasamt er, hvort hagræðing hjá héraðsdómsembættum kæmi á móti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að embættisdómarar í lögréttunum báðum verði ekki færri en 15. Að sjálfsögðu myndi mega fækka mönnum við ýmsa héraðsdómstóla verulega, ekki síst í Reykjavík. Réttarfarsnefnd hefur reynt að áætla fjölda lögréttumála á grundvelli þeirra upplýsinga um málafjölda, sem finna má í dómsmálaskýrslum Hagstofunnar um árin 1966—68 og 1969—71. Niðurstöðurnar eru háðar mörgum óvissuþáttum, og þykir því nægja að taka hér fram, að nefndin telur líkur til, að árlegur fjöldi einkamála á næstunni verði um 600 (þar af um 100 áfrýjanir) og árlegur fjöldi opinberra mála um 100 (þar af um 50 áfrýjanir). Ef þetta væri rétt, þyrftu dómarar í lögréttunum sennilega að vera 15—20 að tölu eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Á móti mætti ef til vill fækka borgardómurum, sakadómurum og öðrum héraðsdómurum um allt að 10 manns.

Um leið og ofanskráð er sagt um kostnað við að stofna lögréttur hér á landi í samræmi við þetta lagafrumvarp, verður þess að minnast, að fjölgun starfsmanna við dómstólana er hvort sem er óhjákvæmileg og að bæði öruggari og greiðari meðferð mála ætti að fást, ef frumvarpið verður lögfest. Skal þetta nú rökstutt nokkuð.

Markmið tillagna réttarfarsnefndar.

Í tillögum sínum hefur réttarfarsnefnd aðallega stefnt að tvennu:

Hraðari meðferð dómsmála.

Meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds.

Fyrra atriðið, hraðari málsmeðferð, hefur sem fyrr segir verið aðalefni þeirra umræðna, sem fram hafa farið að undanförnu í fjölmiðlum um dómsýslu í landinu. Leikur ekki á tveim tungum, að dómstólameðferð nær tilgangi sínum best, ef hún

tekur stuttan tíma. Oft eru mál hluti af fjármálaviðskiptum í atvinnurekstri eða milli einstaklinga, og er það oftast báðum aðilum til óhagræðis og stundum verulegs fjártjóns, ef það dregst að fá úrslit þrætu þeirra. Þó að mál snúist um annað en viðskipti, gildi langoftast hið sama. Síðara atriðið, meiri aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdavalds, er einnig stórt réttaröryggismál. Hefur það oft verið rætt, m. a. hafa komið fram tillögur á Alþingi, er mótast hafa af þessu sjónarmiði. Er fyrr að því vikið. Í greinargerð um þingsályktunartillögu Björns Fr. Björnssonar o. fl. á Alþingi 1965—6 sagði m. a.: Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála." — Væntanlega efast fáir um, að æskilegt sé að reyna að ná þeim tveimur meginmarkmiðum, sem réttarfarsnefnd hefur stefnt að með tillögum sínum, og verða þau ekki rædd frekar hér.

Hitt er vissulega mjög vafasamt og jafnframt umdeilanlegt, hvernig best sé að ná þessum markmiðum. Vert er að huga að þeim tillögum, sem fram komu 1966, þegar safnað var gögnum til skýrslu dómsmálaráðherra, sem fyrr er fjallað um. Til greina kemur fjölgun starfsliðs, bætt húsnæðisaðstaða og tækjabúnaður. Réttarfarsnefnd telur, að allt mundi þetta stuðla að auknum hraða í meðferð dómsmála, en það er ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla nánar um þessi atriði. Ábendingar komu fram um, að óheppilegt væri, hve lítill hluti af störfum ýmissa dómara dómstörfin væru. Ef tillögur réttarfarsnefndar ná lögfestingu, myndi fyrir þetta girt varðandi viðameiri mál. Í ábendingunum er rætt um samgönguerfiðleika og framkvæmdaerfiðleika við að ná til aðila og vitna. Vissulega má segja, að þetta verði ekki auðveldara, ef öll mál, er veruleg kveður að, eru sett í hendur tveggja dómstóla, sem aðallega starfa á tveimur stöðum. Þess er þó jafnframt að geta, að í frumvarpi um breytingar á einkamálalögunum er gert ráð fyrir svonefndum aðalflutningi mála og að þá komi fram allar eða flestar munnlegar skýrslur. Myndi þetta bæta skipulagið á þessu sviði og leiða til þess, að menn væru betur undir það búnir en nú mun oft vera að koma fyrir dóm til að gefa skýrslur. Ýmsar tillögur nefndarinnar um breytingar á málsmeðferð ættu að leiða til meiri hraða í meðferð fyrir dómstólunum, t. d. stytting dóma o. fl., sem áður er að vikið og nánar er rætt um í sambandi við annað frumvarp.

Loks er þess að geta, að það skiptir nokkru, að málafjöldi fyrir Hæstarétti er nú svo mikill, að veruleg töf verður oft á því, að mál séu flutt og dæmd. Þetta myndi vafalaust breytast, ef lögréttur yrðu settar á stofn.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. segir, að tvær lögréttur skuli starfa hér á landi.

Um 2. gr.

Í 2. gr. ræðir um dómarana í þessum dómstólum. Réttarfarsnefnd telur, að veruleg stjórnunarstörf muni leggjast á forseta lögréttnanna, og sé ekki heppilegt, að þeir séu valdir úr hópi embættisdómara til stutts tíma. Um það hafa hins vegar komið fram tillögur frá dómurum, a. m. k. við bæjarþing Reykjavíkur um þann dómstól. Eins og áður segir er nokkur óvissa um fjölda dómara, og því þykir heppilegt að hafa heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða töluna.

Um 3. gr.

Í 3. gr. segir um skipun dóms hvert sinn, og er ráðgert að aðalreglan verði sú, að dómendur verði þrír. Réttarfarsnefnd er að vísu þeirrar skoðunar, að stundum

verði þessa ekki brýn þörf, þó að skylt verði eftir frumvarpinu. Hitt er jafnvíst, að í því felst verulegt réttaröryggi, og telur nefndin ekki ástæðu til að ganga lengra í að heimila dómþing með einum dómara en gert er í 3. gr.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er heimilað að setja menn til dómstarfa, ef óhjákvæmilegt er. Ef maður er settur til tiltekins tíma, tekur hann laun eins og aðrir embættisdómarar, en sé hann settur til meðferðar einstaks máls, fær hann þóknun fyrir það. Er þetta önnur aðferð en tíðkanleg er nú í Hæstarétti, þar sem settir dómarar munu ætíð fá greitt fyrir hvert mál, einnig þegar setning stendur nokkurn tíma. Skv. 2. mgr. skal setja mann til að sinna forsetastarfi í lögréttu, ef forföll forseta og varaforseta standa viku eða lengur. Þetta hefur valdið nokkrum vafa við aðra dómstóla.

Um 5. gr.

Skilyrði til að fá skipun sem embættisdómari í lögréttu eiga skv. 5. gr. að vera hin sömu og héraðsdómaraefni þurfa að fullnægja, sbr. 32. gr. einkamálalaga. Það er nýmæli, tekið upp í samræmi við tillögur, er fram hafa komið í umræðum um dómaskipanina, að leita skuli umsagnar um umsækjendur hjá sérstakri nefnd. Umsögnin er ekki bindandi. Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra setji reglur, m. a. um val fulltrúa héraðsdómara (t. d. um fresti til að skila tilnefningum, stjórn kosningar o. s. frv.). Þá getur ráðherrann sett reglur um afleiðingar þess, að nefndarmenn eru ekki tilnefndir, um varamenn og um starfshætti nefndarinnar, t. d. fresti til að skila álitsgerðum.

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru ákvæði um, hvernig lögréttudómurum verði vikið úr starfi, og er það byggt á 35. gr. einkamálalaganna.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er heimild til að kveðja til sérfróða meðdómendur. Hliðstæðar heimildir eru í 200. gr. einkamálal. og 5., sbr. 8.—14. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Engin heimild er nú til að kveðja sérfróða meðdómendur til starfa í Hæstarétti. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að mönnum sé skylt að taka að sér meðdómendastörf í lögréttunum, og er það önnur regla en er í 8. gr. laga um meðferð opinberra mála. Að vísu er hugsanlegt, að erfitt verði að fá hina hæfustu menn, ef starfið er ekki borgaraleg skylda, en þó þykir illa eiga við að knýja menn til dómsstarfa, sem þeim af einhverjum ástæðum er óljúft að sinna. — Hin almennu skilyrði, sem tilgreind eru í frumv. eru hin sömu og í 9. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þó er þess ekki krafist, að meðdómandi hafi óflekkað mannorð. Er það hugtak nú lítt notað í lögum. Hitt er sjálfsagt, að formaður dóms gæti þess, að hinir sérfróðu meðdómmenn séu valinkunnir. — Með orðinu **málsástæðu** er átt við fullyrðingu um staðreynd, sem aðili byggir kröfu sína á. Þessi merking orðsins er ekki föst í lagamáli því að stundum eru lagarök einnig talin til málsástæðna, en merkingin, sem hér er notuð, þykir henta best. Með orðinu **aðila** er átt við þann, sem gerir dómkröfu eða sem slíkri kröfu er beint að. Sá sem er þátttakandi til réttargæslu er **ekki** aðili skv. þessari skilgreiningu. Ef hann gerir kröfu eða kröfu er beint gegn honum, sem telja verður að sé ranglega gert skv. núgildandi réttarreglum, verður þó að telja hann aðila, meðan ákvörðun dómsins um kröfuna liggur ekki fyrir. Réttast er að vísa slíkum kröfum strax frá dómi.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um hæfi til meðferðar einstaks máls, skal fara um það atriði eftir sömu reglum og í Hæstarétti, sbr. 6. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er mælt fyrir um annað starfslið en dómara. Er ákvæðið nægilega rúmt til að skipa eða ráða mætti löglærða aðstoðarmenn, ef heimild væri til þess í fjárlögum. Ekki þótti næg ástæða til að gera það að skilyrði, að skrifstofustjórar lögréttnanna hefðu lagapróf, en lögfræðingar í þessu starfi gætu unnið störf, sem ólöglærðir skrifstofustjórar gætu ekki, t. d. gefið út stefnur og leiðbeint aðilum, ef þess er brýn þörf, sbr. 46. gr. 2. mgr.

Um 11. gr.

Í 11. gr. eru fyrst ákvæði um bækur þær, sem halda skal í lögréttu, og um málaskrá. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstaka atkvæðabók, svo sem er í Hæstarétti, en sératkvæði ætti að sjálfsögðu að færa í dómabók. Gerðabók er ætluð til að skrá í hana athafnir, sem ekki eru dómsathafnir, t. d. um skipan dóms, sbr. 3. og 7. gr. Vegna þróunar í skrifstofutækni þykir rétt, að rúm heimild sé fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglur um gerð bókanna og málaskránna, m. a. að þær megi vélrita. Frv. um breyting á einkamálal. varðandi hljóðritanir liggur nú fyrir Alþingi.

Í síðari málsgr. 11. gr. segir, hverjir eigi rétt á endurritum eða ljósritum úr bókum eða af öðrum gögnum lögréttu. Hér er komið að allmiklu álitamáli. Í 44. gr. einkamálal. segir, að dómara sé skylt að láta „viðkomendur" fá staðfest eftirrit. Ekki er orðið „viðkomendur" skýrt í lögunum eða greinargerðinni, sem kom fram um þau í upphafi. Reglurnar gilda einnig um opinber mál, sbr. 19. gr. 2. mgr. laganna um meðferð opinberra mála. Þess munu dæmi, að vafi hafi verið um, hvort verða ætti við ósk um afhendingu dóms og skjala, einkum frá sakadómi. Ekki er unnt að segja, að um þetta hafi myndast glöggar venjureglur. Í Danmörku gildir um þetta atriði 41. gr. réttarfarslaganna, og er meginreglan sú, að rétt til að fá endurrit eiga aðillar og aðrir, sem „deri har retlig interesse". Nánari reglur eru um þetta í lögunum og venjur hafa myndast. Í 135. gr. norsku laganna um meðferð einkamála segir, að aðilar geti kannað bækur dómstóla og skjöl mála og fengið endurrit. Hið sama gildir um aðra, þegar báðir aðilar samþykkja, eða um lögvarða hagsmuni er að ræða. Allir geta krafist endurrits úr bókum dómstóla um það, sem í þær er skráð um þinghöld fyrir opnum dyrum, svo og um þinghöld fyrir luktum dyrum, þegar síðar er heimilað að birta það. Skv. norsku lögunum um meðferð opinberra mála, 131. gr., er það meginreglan, að aðilar og aðrir, sem það skiptir máli, geta fengið endurrit úr bókum og skjölum. Þær dönsku og norsku reglur, sem hér hafa verið raktar, sýnast einnig gilda um dómana sjálfa. — Í frv. þessu er lagt til, að dómar séu öllum aðgengilegir, þó að stundum skuli halda nöfnum leyndum, þ. e. þegar um einkamálefni er að ræða, sbr. 57. gr. 4. mgr. Reglan um að allir geti fengið endurrit dóma, er í samræmi við það sjónarmið, að dómstólarnir skuli viðhafa opinbera málsmeðferð og fá þannig nauðsynlegt aðhald. Það sýnist hins vegar vafasamt, að hið síðara eigi við um skjöl og færslur í bækur dómstólsins. Ekki hefur þótt ástæða til að taka upp sams konar reglu og gildir í Noregi, að öllum sé heimilt að fá endurrit um opin réttarhöld. Þess vegna munu t. d. blaðamenn, ef frv. þetta verður að lögum, ekki eiga rétt til að fá slík endurrit nema með samþykki aðila. Þó að orðið aðili taki yfirleitt ekki til þeirra, sem eru til réttargæslu, er eðlilegt að láta það ná til þeirra hér, nema dómara þyki lítið eða ekkert að þeim vikið í bókum eða skjölum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. kemur m. a. fram ráðagerð þess efnis, að lögréttuþing séu haldin utan Reykjavíkur og Akureyrar, og eru settar reglur um ákvarðanir um það atriði.

Um 13. gr.

Í 13. gr. felst sú meginregla, að þinghöld skuli vera opin í lögréttunum. Síðan eru reglur um ýmsar undantekningar, en líklegt er, að skýringar þessara reglna þyki stundum erfiðar. Þó þykir ekki unnt að hafa orðalagið með öðrum hætti í skýringum sínum verða dómarar í lögréttunum að hafa þá meginreglu í huga, að

dómþing skuli heyja í heyranda hljóði. Reglurnar eru að nokkru byggðar á 39. gr. einkamálalaga, 16. gr. laga um meðferð opinberra mála og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Um 14. gr.

Í 14. gr. eru fyrst reglur um, að íslenska sé þingmálið. Vísað er til 40. gr. einkamálalaga. Þó er þess gætt, sem segir í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að ákærði eigi „rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks, ef hann skilur ekki eða talar mál það, sem notað er fyrir dómi". Í 2. mgr. er nýmæli um aðstoð, þegar fólk kemur fyrir dóm, en getur ekki heyrt eða tjáð sig á venjulegan hátt.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um dómsvald lögréttumanna, þ. e. í raun um verkaskiptingu lögréttnanna og héraðsdómstólanna.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er sú meginregla fólgin, að í sumum málum séu lögréttumar fyrsta dómsstig, en í öðrum annað dómsstig.

Um 16. gr.

Í 16. gr. eru talin upp þau mál, sem lögréttumar skulu fjalla um sem fyrsta dómsstig. Með „almennum einkamálum" er átt við þau dómsmál, sem nú er fjallað um á bæjarþingum og aukadómþingum, svo og þau mál, sem nú er fjallað um í sjó- og verslunardómum og fasteignadómstólunum (merkjadómum í Reykjavík og á Akureyri, landamerkjadómum, vettvangsdómum). Athygli skal vakin á því, að í frv., sem réttarfarsnefnd hefur samið um breyting á einkamálal., er lagt til, að þessir sérdómstólar verði lagðir niður. Hugsanlegt er, að mál, sem nú eru úrskurðuð í sáttanefndum, geti farið fyrir lögréttu sem 1. dómstig, ef þetta frv. nær samþykki. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að verkefni flytjist til lögréttu frá fógeta-, uppboðs-, skipta- eða þinglýsingardómum, enda eru mál, sem nú koma fyrir þessa dómstóla, ekki talin „almenn einkamál", hvorki í frv. þessu né skv. almennri lagamálsvenju. Hið sama er að segja um þau mál, sem stjórn Lögmannafélags Íslands fjallar nú um, og hefur réttarfarsnefnd ekki gert tillögu um, að þeim úrskurðum stjórnarinnar, sem nú má skjóta til Hæstaréttar, skuli í þess stað skotið til lögréttnanna. — Hugtakið „opinber mál" táknar þau dómsmál, sem handhafar ríkisvalds, ákæruvalds, höfða til refsingar lögum samkvæmt, og mál, sem skv. 2. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skulu sæta rannsókn og meðferð eftir þeim lögum, sbr. hið sögulega yfirlit framar í þessari greinargerð. Telja verður mikið vafaatriði, hvaða opinber mál eigi að koma fyrir lögréttumar sem 1. dómstig, og þarf við ákvörðun um það að meta hagkvæmnissjónarmið og réttaröryggissjónarmið. Réttarfarsnefnd hefur eftir ítarlegar umræður orðið sammála um þá tillögu, sem fram kemur í 16. gr. þessa frumvarps. Ef frumvarpið nær samþykki, myndu verkefni siglingadóms og verðlagsdóms skerðast mikið, og er vafasamt, að ástæða sé til að þessir dómstólar starfi áfram. Nefndin telur, að þá ætti að leggja niður. Sem fyrr segir hefur nefndin lagt til, að sjó- og verslunardómar verði lagðir niður.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er reynt að koma í veg fyrir, að mistök við höfðun mála leiði til frávísana og óþarfa tafa.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er heimild fyrir ríkissaksóknara og dómsmálaráðherra til að fela lögréttunum að kveða upp úrskurði í opinberum málum. Aðrir, sem með ákæruvald fara, geta ekki tekið ákvörðun um þetta atriði.

Um III. kafla.

Um 20. gr.

Óþarft hefur þótt að hafa í lögréttulögunum ítarlegar reglur um réttarfarið, þegar lögrétturnar fjalla um mál sem 1. dómstig, þar sem nægja þykir að vísa til laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, svo og önnur ákvæði, sem minna máli skipta. Hér skulu talin heiti þeirra kafla einkamálalaganna, sem gilda eiga skv. frv. um lögréttumál:

IV. kafli Um sakaraðila.
V. kafli Er nú úr gildi fallinn.
VI. kafli Um sakarefnið.
VII. kafli Um varnarþing.
VIII. kafli Um stefnur.
IX. kafli Almennar reglur um málsmeðferð.
X. kafli Um sönnun og sönnunargögn.
XI. kafli Um gjafasókn.
XII. kafli Um málskostnað.
XIII. kafli Um réttarfarssektir.
XVII. kafli Um víxilmál og tékka o. fl.
XVIII. kafli Um mál til faðernis óskilgetinna barna.
XIX. kafli Um mál til ógildingar skjala o. fl.

Ekki er vísað í I.—III. kafla einkamálal., enda leggur réttarfarsnefnd til í öðru frumvarpi, að I. kafli (um sáttir) sé felldur úr gildi. Í II. kafla einkamálal. eru ákvæði um dómara o. fl., sem fjallað er um í frv. þessu. III. kafli laganna er um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl., sem um ræðir í þessu frv.

Um aðra kafla í einkamálal., sem ekki er vitnað til í 20. gr. frumvarpsins, er þessa að geta: Í XIV. kafla er mælt fyrir um dóma og úrskurði, en það efni er mælt fyrir um varðandi lögrétturnar í V. kafla frumv. XV. kafli einkamálal. er úr gildi, en XVI. kafli er um sjó- og verslunardómsmál og er lagt til í öðru frumv., að hann sé numinn úr gildi. XX. kafli einkamálal. á ekki við. — Þess er að geta, að XVII.—XIX. kafla einkamálal. verður sjaldan beitt í lögréttunum. Er aðalreglan sú, að þessi mál fari fyrir héraðsdóm í upphafi.

Þeir kaflar í lögunum um meðferð opinberra mála, sem skv. 20. gr. eiga að gilda um málsmeðferð í lögréttunum, nefnast:

III. kafli Um ákæruvaldið.
IV. kafli Um varnarþing.
VI. kafli Um hald á munum.
VII. kafli Um leit.
VIII. kafli Um handtöku.
IX. kafli Um gæsluvarðhald og aðra gæslu á sökunaut.
X. kafli Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.
XI. kafli Um sækjanda og verjanda.
XII. kafli Um vitni, mat, skoðun og skjöl.
XIII. kafli Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.
XIV. kafli Um mál ungmenna, sektarvald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.
XV. kafli Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.
XVI. kafli Um sakarkostnað.
XVII. kafli Um bætur til handa þriðja manni.
XVIII. kafli Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.
XIX. kafli Um sektir.

Í 20. gr. er ekki vísað til I. kafla laganna um meðferð opinberra mála í heild, en kaflinn fjallar um það, til hvaða mála lögin taki. Hitt er annað, að í 16. gr. segir,

að skilgreiningu laganna á því, hvað sé opinbert mál, skuli nota. Í I. kafla er 3. gr., sem gilda skal skv. 20. gr. frv. um lögrétturnar, en í grein þessari er almennt ákvæði um meðferð borgararéttarkrafna í opinberum málum, sbr. nánar XVII. og XVIII. kafla. Ekki er vísað í II. kafla um dómendur í héraði. Ástæða er til að geta þess, að í 6. gr. laganna er sagt fyrir um dómstörf sjó-og verslunardóms í opinberum málum, en það ákvæði yrði óvirkt, ef samþykkt yrði að afnema XVI. kafla einkamálalaganna. Ekki er í 20. gr. vitnað í XX. kafla laganna um meðferð opinberra mála, sem er um dóma og úrskurði, sbr. það, sem fyrr segir um einkamál hér að lútandi. Í 20. gr. er ekki heldur vikið að XXI. og XXII. kafla um kæru til æðra dóms og um áfrýjun. Þessir kaflar gilda um málskot til lögréttnanna samkvæmt 24. gr. Ekki er vikið að XXIII. kafla í 20. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um endurupptöku dæmdra opinberra mála, en í 58. gr. frv. er ákvæði, sem felur í sér, að þessum kafla yrði beitt um endurupptöku máls í lögréttu.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er sú regla sett fram, að í einkamálum skuli stefnur til lögréttnanna vera réttarstefnur. Aðilar sjálfir eða lögmenn þeirra geta þess vegna ekki gefið út stefnur þessar, eins og þeir geta, þegar stefnt er í héraði. Ákvæði 21. gr. þykir líklegt til að tryggja, að stefnu séu vandaðar og að ekki þurfi að koma til frávísana vegna galla á stefnum. Hins ber að geta, að aðsetur lögréttnanna verða í Reykjavík og Akureyri, ef frumv. þetta nær samþykki, og af þeim sökum er æskilegt, að héraðsdómarar um allt land geti gefið út stefnur til lögréttnanna, svo sem lagt er til í frumvarpinu.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er ákvæði um þingsókn af hálfu saksóknara í þeim opinberu málum, sem lögrétturnar fjalla um sem fyrsta dómsstig. Ekki þykir unnt vegna kostnaðar að setja þá reglu, að alltaf sé sótt þing fyrir ákæruvaldið, en þó er gert ráð fyrir, að það sé oftar gert en nú tíðkast.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla segir um heimild til að kæra mál og áfrýja til lögréttnanna og hvaða réttarfarsreglur skuli nota, þegar lögrétta fjallar um mál sem 2. dómstig. Mest er stuðst við hæstaréttarlögin nr. 75/1973, en samhengis vegna þótti rétt að taka upp í frumv. ákvæði, sem að öllu eru eins og í hæstaréttarlögunum. Um kæru og áfrýjun opinberra mála þótti nægja að vísa til XXI. og XXII. kafla laganna um meðferð opinberra mála, sbr. ummæli hér á undan.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Í 24. gr. segir, að um kæru og áfrýjun opinberra mála gildi nýnefndir kaflar laganna um þau mál. Sérstök ákvæði eru í 45. gr. frv. um ágrip dómsgerða, sem ekki skal útbúa nema sérstaklega standi á. Er því í 24. gr. gerð undantekning varðandi ákvæði í 180. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Í 2. mgr. 24. gr. eru ákvæði efnislega sams konar og í 13. gr. 2. mgr., 14. gr., 15. gr. og 16. gr. hæstaréttarlaganna. Þó er gert ráð fyrir því, að bæði ráðherra og forseti lögréttunnar hafi sjálfstæða heimild til að leyfa áfrýjun, þó að áfrýjunarfjárhæð sé ekki náð. Í hæstaréttarlögunum veitir ráðherra leyfið, en ekki má hann gera það nema Hæstiréttur mæli með því.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er sams konar regla og í 17. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 26. gr.

26. gr. svarar til 18. gr. að mestu. Þó er skv. frv. ekki unnt að skjóta máli til lögréttu til að fá staðfestan lokadóm úr héraði, enda sýnist lítil ástæða til slíks.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er sams konar regla og í 19. gr. hæstaréttarl. Vert er að geta þess, að orðið aðili er hér torskýrt, en ekki eru tök á að freista þess að hafa skýrari ákvæði í frv.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er sams konar regla og í 20. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 29. gr.

Í 29. gr. ræðir um kæruheimildir. Reglurnar eru hinar sömu um úrskurði héraðsdómara í almennum einkamálum og þær, sem um slíka úrskurði eru settar í 21. gr. hæstaréttarl. Ekki er heimilt að áfrýja úrskurðum, sem kæra má, fyrr en með aðalmálinu, en málið myndi sæta kærumeðferð skv. 3. mgr. 29. gr. Í frv. er lagt til, að allir úrskurðir skipta-, fógeta-, uppboðs- og þinglýsingardómstólanna verði kæranlegir. Nú er reglan sú eftir 21. gr. hæstaréttarlaganna, að hin viðameiri af þessum úrskurðum skal senda til Hæstaréttar með áfrýjun, en ekki kæru. Þessi tvískipting sýnist vera ástæðulítil. Ef frv. nær samþykki að þessu leyti, þarf að endurskoða ákvæði hæstaréttarlaganna um áfrýjun úrskurða nýnefndra dómstóla frá lögréttunum til Hæstaréttar.

Í 2. mgr. 29. gr. frv. er að nokkru byggt á 21. gr. hæstaréttarlaganna, en leitast við að gera ljósara en nú er, hvenær áfrýjunardómstóll getur lagt fyrir héraðsdómara, hvernig með mál skuli fara. Er efni hins nýja ákvæðis það, að kæra skv. þessari málsgrein getur ekki leitt til annars en áminningar, ef genginn er lokadómur í máli eða meðferð þess lokið formlega með öðrum hætti. Í slíkum tilvikum ber að kæra eftir 1. mgr. eða XXI. kafla laganna um meðferð opinberra mála — eða áfrýja. Ef mál er hins vegar enn fyrir héraðsdómi, á dómari vegna kæru skv. 29. gr. 2. mgr. kost þeirra úrræða, sem talin eru í 26. gr. frumvarps þessa.

Í 3. og 4. mgr. 29. gr. er leitast við að stemma stigu við frávísunum vegna þess, að ekki hafi verið notuð rétt málskotsleið.

Um 30. gr.

Í 30. gr. frumvarpsins er að mestu byggt á 22 gr. hæstarréttarlaganna.

Um 31. gr.

31. gr. er sama efnis og 23. og 24. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 32. gr.

Greinin er sama efnis og 25. og 26. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 33. gr.

Í 33. gr. er sama efni og í 27. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en efni hennar svarar að verulegu leyti til 28. og 29. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 35. gr.

Greinin er byggð á 30. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 36. gr.

Greinin byggir á 31. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 37. gr.

Greinin byggir á 32. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 38. gr.

Greinin byggir á 33. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 39. gr.

Í 39. gr. frumv. er rætt um áfrýjunarstefnu, og eru ákvæðin að mestu í samræmi við 34. gr. og 35. gr. hæstaréttarl. með þeirri breytingu, sem leiðir af ákvæði 21. gr. um útgefendur stefna til lögréttnanna og af ákvæði 12. gr. um þingdaga.

Um 40. gr.

Greinin er sama efnis og 36. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 41. gr.

Í 41. gr. er stuðst við 39. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 42. gr.

Í 42. gr. eru reglur um sömu atriði og 39. og 44.—46. gr. hæstaréttarl., en ekki eru reglurnar að öllu leyti sama efnis. Hér er tekið fram, að óþarft sé að stefnuvottar birti áfrýjunarstefnu, en nægilegt sé, að varnaraðili áriti hana um, að hann falli frá birtingu. Hið sama gildir um áritun lögmanns hans. Venjureglur um þetta atriði eru nú taldar þær, að þessi háttur sé löglegur um hæstaréttarstefnur, en ekki um stefnur til héraðsdóms. Um efni greinargerða segir hér nokkuð annað en í 44. gr. hæstarréttarl. Tekið er fram, að staðfestar dómsgerðir úr héraði skuli leggja fyrir lögréttu jafnskjótt og verða má, en afgreiðsla þeirra getur dregist, og er því ekki unnt að krefjast þess, að dómsgerðirnar séu lagðar fram við þingfestingu.

Í 2. mgr. 42. gr. segir, að nýjum kröfum megi koma að í lögréttu, ef sérstaklega stendur á. Er þetta látið velta á því einu, hvort afsakanlegt þyki, að krafan var ekki gerð í héraði. Nýjum málsástæðum má hins vegar eftir frumvarpinu jafnan koma að í lögréttu, þ. e. málsástæðum, sem ekki var getið í héraði. Er þetta rýmri regla en gildir skv. hæstaréttarlögunum, og svo er um annað í þessari málsgrein. Þótti þetta eðlilegt, einkum vegna þess, að hlutverk lögréttnanna er almennt hugsað líkara fyrsta stigi dómstóls en hlutverk Hæstaréttar er nú. Heimilt skal vera að koma að nýjum sönnunargögnum, svo sem nú er leyft í Hæstarétti yfirleitt, þótt ekki sé það lögfest um þann dómstól. Þá er hér heimilað að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, en það er ekki tíðkað í hæstaréttarmálum. Ekki er talin ástæða til að hafa hér fremur en í III. kafla ákvæði um útivist aðila, sbr. þó 22. gr. og 43. gr. Skv. 23. gr. fer um hana eftir 39. og 40. gr. hæstaréttarlaga, þegar um málskot er að ræða.

Um 43. gr.

Í 43. gr. segir um skyldu til þingsóknar af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 22. gr.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, sem gilda, hvort sem lögrétturnar starfa sem 1. eða 2. stigs dómstóll, en önnur ákvæði almenns eðlis eru í I. kafla.

Um 44. og 45. gr.

Í 44. og 45. gr. eru ákvæði um framlagningu skjala, og hefur ekki verið gerð tillaga um, að skylt sé að útbúa ágrip dómsgerða eins og í Hæstarétti. Aðalástæðan til þessa er kostnaðurinn, er ágripsgerðinni fylgir. Hins vegar er heimilað, að dómsformaður gefi fyrirmæli um sérstök tilvik.

Um 46. gr.

Í 46. gr. eru fyrirmæli um sáttaumleitan. Til greina kom að hafa 1. málsgr. nokkru ítarlegri til að hvetja dómsformann til sáttaumleitana. Er vafamál, hvernig með skuli fara, ef hann gengur langt í þessum tilraunum, því að hann kann þá að hafa tjáð sig um álit sitt á því, hver séu líkleg úrslit málsins. Leggja verður það á vald dómsformanns, hvaða aðferð hann notar, en eðlilegt er, að hann víki síðar sæti, ef hann hefur gengið langt í að segja hug sinn um málsefnið.

Í 2. mgr. 46. gr. er komið að vandasömu atriði, sem hefur leitt til talsverðs vafa bæði fyrr og síðar, þ. e. leiðbeiningarskyldu dómara. Um þetta er nú ákvæði í 114. gr. einkamálalaganna, þar sem segir: „Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera". Það er erfiðleikum bundið að samræma að vera dómari í máli og ráðunautur aðila, en um langt skeið hefur engu að síður þótt nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði um leiðbeiningaskyldu. Eftir að auðvelt varð að ná til lögmanna í stærri bæjum, er vafasamt, hvort þessi skylda á rétt á sér þar, en hún er þó enn í lögum sem fyrr segir. Lögrétturnar munu einkum koma saman í Reykjavík og á Akureyri, þar sem unnt á að vera að fá lögmenn til að annast málflutning, svo að rétt er, að vikið sé frá reglu einkamálal. Er þess vegna lagt til, að aðalreglan verði sú, að dómendur í lögréttu hafi alls ekki leiðbeiningaskyldu, en þó er sagt, að frá því séu undantekningar, þegar hætta er á verulegum réttarspjöllum. Þá skal dómari, sem ekki dæmir í málinu, eða lögréttustarfsmaður, sem ekki er dómari, veita leiðbeiningarnar.

Um 47. gr.

Í 47. gr. eru ákvæði um meðferð formsatriða, sem gætu leitt til frávísunar máls. Er hér stuðst við 108. gr. einkamálal., 124. gr. laganna um meðferð opinberra mála og 48. gr. hæstaréttarlaganna. Ekkert segir um, að skylt sé að hafa málflutning um frávísunarkröfu, enda fer það eftir atvikum, stundum nægir að bóka kröfur eftir stutt orðaskipti á dómþingi. Heimilt er hins vegar að mæla fyrir um formlegri flutning.

Um 48. gr.

Í 1. málsgr. 48. greinar eru aðilar að mestu látnir ráða því, hvort máli er frestað til gagnaöflunar. Einnig má að sjálfsögðu fresta máli til sátta, þótt ekki sé þess getið, og fresta yrði máli, ef veruleg töf hefur orðið á því, að dómsgerðir úr héraði séu afgreiddar. Tekið er fram skýrum orðum, að dómarar geti synjað um frest ex officio, ef mál hefur dregist úr hófi.

Í 2. málsgr. 48. greinar er vikið að einhverju mesta álitamáli í réttarfari, verkaskiptingu dómara og aðila (lögmanna). Sagt er, að í einkamálum skuli aðilar ráða málsástæðum og sönnunum, og er þetta í samræmi við meginefni hinnar svokölluðu málsforræðisreglu (þingunarreglu). Þá segir, að í opinberum málum gildi hið sama að því er varðar handhafa ákæruvalds, en í því felst, að dómari á ekki í lögréttumálum að hafa frumkvæðisskyldu um rannsókn atriða, sem ætla má að kanna þurfi til að sanna sekt sökunautar. Hins vegar þykir ekki unnt að fella niður slíka frumkvæðisskyldu varðandi þau atriði, sem ætla má, að verði sökunaut hagstæð, svo að hin svonefnda ákæruregla verður ekki í hreinni mynd innleidd, ef frumvarpið verður lögfest. Þau lög gilda nú hér á landi, að sökunautur, sem játar á sig afbrot, verður ekki dæmdur á grundvelli þeirrar játningar einnar saman, og er hvorki lagt til, að þessu verði breytt, né heldur treyst á frumkvæði sökunautar eða verjanda hans um upplýsingu máls. Þess er að geta, að ekki segir í 48. gr. 2. mgr., að aðilar hafi forræði varðandi réttarreglur, sem beitt er. Ætlast er til þess, að farið verði eins og tíðkast hefur eftir þeirri reglu, að dómurum beri að beita gildandi réttarreglum, þó að þær séu ekki nefndar eða ekki rétt skýrðar og tilgreindar af hálfu aðila. Að því er þær varðar er málflutningur því til leiðbeiningar og flýtisauka, en hefur ekki takmarkandi áhrif á störf dómenda. — Ekki er öll sagan sögð með þessu. Þó að aðilar ráði málsástæðum og framlagningu sönnunargagna hefur lengi tíðkast, að dómarar skuli hafa nokkurt frumkvæði og benda á það, sem þeir telja að þurfi að upplýsa. Erfitt er að orða nákvæma reglu um, hversu langt skuli ganga í þessu efni, en hér segir, að dómendur skuli fylgjast með máli og gefa bendingar.

Um 49. gr.

Í 49. gr. segir fyrst, að mál skuli að jafnaði flutt munnlega, en þó megi ákveða skriflegan flutning, og er þetta í samræmi við gildandi reglur bæði í héraði og Hæstarétti.

Í 2. mgr. 49. gr. eru settar fram reglur um tilhögun málflutnings, og er þar ekki heldur um veruleg nýmæli að ræða. Ætlast er til, að hver lögmaður tali tvívegis. Ef hann er fyrir fleiri aðila en einn verður hann líka að sæta því að tala aðeins tvisvar alls. Ef lögmenn eru fleiri en einn fyrir sama aðila, verður að ætla að gefa beri lögmönnum hans orðið tvívegis, en þeir ráði því, hvernig þeir skipta verkum í hvort sinn. Geta því ræður fyrir þennan aðila orðið fleiri en tvær alls, en loturnar þó aðeins tvær. Ef aðili er sjálfur á dómþingi og vill tala, en þó ekki taka flutning málsins í sínar hendur, má hann tala einu sinni, þegar lögmaður hans eða lögmenn hafa lokið ræðum sínum, og er þetta hið sama og nú er. Þó getur dómsformaður leyft aðila að tala fyrr á þinginu, ef þess þykir vera þörf.

Um 50. gr.

Í 50. gr. eru ákvæði, sem að mestu eru í samræmi við ákvæði í IX. kafla einkamálalaganna, 117. gr. laganna um meðferð opinberra mála og 56. gr. hæstaréttarlaganna. Reynt er að hafa nokkru skýrara orðalag um heimild dómara til að byggja á atvikum, sem koma fram í skjölum en ekki í málflutningi og um það, hvenær skuli endurupptaka mál að frumkvæði dómara eftir flutning þess. Hér er um veruleg lögfræðileg álitaefni að ræða, en byggt sem fyrr segir á því að mestu, sem önnur lög hafa að geyma um þau.

Um 51. gr.

Í 51. gr. eru ákvæði um fundi dómara, og eru þar nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi er tekið fram það sem sjálfsagt er, að dómarafundi fyrir dómtöku megi halda, enda er það oft gert, þótt ekki sé þess getið í gildandi lögum. Þá er í 2. mgr. fjallað um fundi dómara, eftir að mál hefur verið flutt, sbr. 52. og 53. gr. hæstaréttarlaganna. Nokkur fræðilegur vafi hefur verið um meðferð máls, ef ágreiningur er með dómurum, t. d. þannig, að þeir eru sammála um niðurstöðu en ekki forsendur eða sammála um, að dæma skuli refsingu eða bætur, en ekki sammála um hver refsing skuli vera eða hve háar bætur skuli dæma. Hér er leitast við að skera úr um þetta og 216. gr. dönsku réttarfarslaganna höfð að fyrirmynd að því er refsiákvörðun varðar. Eðlilegt er, að um dómarafundi sé stuttlega getið í gerðabók, en ekki gert ráð fyrir, að um mál sé annað bókfært eftir dómtöku en dómarnir sjálfir ásamt sératkvæðum í málum. Þá er það nýmæli í niðurlagi 51. gr., að dómarar geti látið bóka stuttar athugasemdir í þingbók, þegar dómur er kveðinn upp. Með því geta þeir gefið til kynna, að þeir hafi haft sérstakar athugasemdir að gera, sem þeir hafa þó ekki talið ástæðu til að láta koma fram í sératkvæði. Verður að telja þetta nægilegt oft og tíðum.

Um 52. gr.

Í 52. gr. er vísað til annarra laga um það, hvað dómur getur fjallað um. Skráðar reglur um þetta eru í 193. gr. einkamálalaga (t. d. um beitingu dagsekta, ekki má skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kynnu að koma fram), sbr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 53. gr.

Í 53. gr. segir, að forsendur skuli ekki fylgja úrskurðum lögréttu, og er þetta nýmæli. Smám saman hefur tekið að tíðkast, að forsendur úrskurða séu langar. Þó fjalla úrskurðir oftast um aukaatriði, venjulega réttarfarslegs eðlis, og er tímatöf, er leitt getur af samningu úrskurðar, ástæðulaus yfirleitt og oft til óhagræðis. Bent skal á, að dómari getur látið athugasemdir sínar fylgja, þegar mál er kært til Hæstaréttar, sbr. 27. gr. hæstaréttarlaga. Ætti þetta ákvæði að vera nóg til að sjónarmið lögréttnanna komist að, þegar þau skipta máli.

Um 54. gr.

Í 54. gr. er mælt fyrir um form dóma, og skulu þeir eins og nú skiptast í forsendur og dómsorð. Í greininni eru ekki mikilvæg nýmæli. Þó verður skylt að geta jafnan helstu lagaraka aðila, en svo er ekki nú í opinberum málum.

Um 55. gr.

Í 55. gr. segir m. a., að saksóknari skuli annast um birtingu dóma í opinberum málum. Það er nýmæli, þar sem dómarar í héraði annast þetta nú, sbr. 167. gr. laga um meðferð opinberra mála. Nú annast héraðsdómarar einnig birtingu hæstaréttardóma.

Um 56. gr.

Í 56. gr. segir, að almennar reglur gildi um réttarverkanir lögréttudóma, sbr. einkum 195. og 196. gr. einkamálalaga og 168. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í 2. mgr. er nýmæli um leiðréttingar að ósk aðila á frásögn í forsendum dóms um málavexti og lagarök. Ætlast er til, að þetta gildi aðeins um ummæli aðila eða lögmanna þeirra, en ekki um ályktanir dómenda um ágreining um atvik. Fyrirmynd þessa ákvæðis er 221. gr. 2. mgr. dönsku réttarfarslaganna. Frestur til að beiðast leiðréttinganna er hafður jafnlangur hinum almenna áfrýjunarfresti. Rök fyrir því að hafa slíka leiðréttingarheimild eru þau, að frásögn sú, sem til greina kemur að leiðrétta, er frá aðilum og því réttlætanlegt, að þeir geti komið að breytingum, ef um misskilning dómenda er að ræða. Þó að í ljós kynni að koma, að þessi misskilningur gæti haft áhrif á ályktanir dómara í forsendum eða á dómsorð, verður breytingum ekki komið við að því leyti nema með málskoti. Loks segir í þessari grein, að um málskot til Hæstaréttar fari eftir lögunum um þann dómstól (nú lögum nr. 75/1973), en þeim þarf að breyta, ef þetta frv. verður lögfest.

Um 57. gr.

Í 57. gr. er rætt um ársskýrslur um starfsemi lögréttnanna og sagt, að um gerð þeirra fari eftir reglugerð. Ástæða þótti til að hafa í 2. mgr. sérstakt ákvæði um skýrsluskyldu, ef fram kemur beiðni frá dómsmálaráðherra eða allsherjarnefnd á Alþingi, en þær nefndir fjalla nú um dómsmál, þar sem sérstakar laganefndir eru ekki skv. þingsköpum. Ráðherrann og nefndir þessar geta þurft að fjalla um atriði, sem varða starfsemi lögréttnanna almennt. Þannig ber ráðherranum að hafa almennt eftirlit með framkvæmd dómsvalds í landinu, og þingnefndirnar geta þurft á upplýsingum að halda vegna tillagna um lagabreytingar. Í greininni segir ekki berum orðum, hvort skylt sé að láta ráðherra og þingnefndum í té upplýsingar um dómsmál, sem fjallað hefur verið um fyrir luktum dyrum eftir 1. mgr. 13. greinar, um atriði, sem fram koma á fundum dómara eftir 7. mgr. sömu greinar, sbr. 3. og 5. mgr. Ekki segir heldur, hvort gefa skuli fyrrgreindum aðilum upplýsingar um þau atriði, sem óheimilt er að birta opinberlega eftir 57. gr. 4. mgr. Yfirleitt ætti ekki að gefa upplýsingar um slík atriði, þótt þess væri beiðst, en lagt er á vald dómenda að meta, hvort sérstakar knýjandi ástæður séu til staðar, er réttlætti slíkt. Mætti hugsa sér, að svo hörð gagnrýni hefði komið fram á meðferð tiltekins dómsmáls, að rétt væri að upplýsa, hvernig stæði á sérstökum töfum vegna langra umræðna milli dómara. Jafnvel gæti hugsast, að almenningshagsmunir réttlættu birtingu nafna, sem ella ætti ekki að gera opinber. Sem fyrr segir verða dómendur að meta þetta hverju sinni, oftast dómsforseti, en ella dómendur í tilteknu máli, sem til meðferðar er, þegar beiðni kemur fram.

Í 3. mgr. 57. gr. er heimilað að fara inn á nýja leið til að kynna almenningi störf dómstóla og til að gefa lögfræðingum tækifæri til að fræðast um starfsemi lögréttnanna. Í 4. mgr. eru ákvæði um nafnleynd.

Um 58. gr.

Í 58. gr. segir, að endurupptaka geti farið fram eftir reglum héraðsdómstólanna, sbr. XXIII. kafla laganna um meðferð opinberra mála. Þörf er á lagasetningu um endurupptöku einkamála í héraði.

Ákvæði VI. kafla sýnast ekki þarfnast skýringa. Um 60. gr. 2. mgr. má þó taka fram, að ljóst er, að lögrétturnar geta ekki, áður en í þær er skipað, tilnefnt fulltrúa í nefnd skv. 5. gr. Er því gert ráð fyrir bráðabirgðafyrirkomulagi, en aðeins í upphafi, meðan skipaðir eru fyrstu embættisdómarar lögréttnanna.

Ed. 288. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 85, 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

I. kafli laganna, um sáttir, falli niður.

2. gr.

29. gr. orðist þannig:

Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist.

Sá, sem settur er til að dæma ákveðið mál, skal kveða upp dóm á heimili sínu, nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

3. gr.

Í 42. gr. falli niður 4. og 5. töluliður 1. málsgreinar.

4. gr.

68. gr. orðist þannig:

Ef dómari telur sakarefnið eiga að sæta úrlausn annars héraðsdómstóls, skal hann vísa því þangað með úrskurði og senda þeim dómstóli skjöl málsins ásamt staðfestu endurriti þess, sem um málið segir í bókum embættis hans. Ef sá dómari, sem mál fær, telur það ranglega til sín sent, skal hann leggja þetta atriði í úrskurð þeirrar lögréttu, sem hans lögsagnarumdæmi heyrir til, og kveður hún upp úrskurð, þegar báðum dómurunum hefur verið gefinn kostur á að láta í ljós sitt álit.

5. gr.

105. gr. orðist þannig:

Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu, ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl, er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, málsástæðum og öðrum atvikum, ef þess þarf til að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo og framlögðum sönnunargögnum. Sé þess óskað, að dómari taki munnlegar skýrslur um atvik málsins, skal þess getið, og nefnd þau sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið, að þurfi að afla.

Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.

6. gr.

106. gr. orðist þannig:

Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn. Ef verjandi kýs að tjá sig munnlega um málið án þess að leggja fram skriflega greinargerð eða aðilaskýrslu, er honum það heimilt, og skal þá dómari bóka kröfur hans og ágrip helstu málsástæðna, ef mál hans er ekki dómtekið þá þegar.

Ef aðilar máls eiga forræði á sakarefninu, skal dómari leita sátta með þeim. Gerir hann það venjulega, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr., en ella, þegar hann telur það líklegt til árangurs. Dómsátt skal vera skrifleg. Dómsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, nema hún sé ekki að lögum gildur samningur eða fullnægi ekki formkröfum réttarfars.

7. gr.

110. gr. orðist þannig:

Ef mál skal flytja skriflega, má dómari veita aðilum frest til að afla skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal að jafnaði ekki taka munnlegar skýrslur, fyrr en þeim þætti gagnaöflunar er lokið. Báðum aðilum ber að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Þegar dómari telur aðila hafa haft nægan gagnaöflunarfrest, skal gefa þeim kost á að fá teknar á dómþingi skýrslur aðila, vitna og mats- og skoðunarmanna. Skal það að jafnaði gert á einu þingi. Þó má taka skýrslur, meðan öflun sýnilegra sönnunargagna fer fram, ef það þarf að gera í öðru lögsagnarumdæmi, ef sá, sem skýrslu skal gefa, er ekki skyldur til að koma fyrir dómara aðalmáls eftir 124. gr., eða ef hann verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla, þegar þing verður háð til skýrslutöku.

Lögmæt forföll eru:

a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra, er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Embættis- eða sýslunarstörf, sem fyrirfram eru ákveðin og þola ekki bið.
e. Áður ákveðið dómþing.

Veita má frest til að afla frekari gagna, eftir að öflun þeirra er lokið skv. framansögðu, einnig eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara. Aldrei má þó veita fresti, þótt þess sé beiðst ágreiningslaust af aðilum, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs, enda hafi aðili ekki haft nægilega fresti áður.

Staðhæfingar um málsástæður og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana.

Eftir að öll gögn eru komin fram, fer fram sókn og vörn máls. Af hálfu hvers aðila má leggja fram málflutningsskjöl tvívegis. Þó getur dómari leyft að leggja fram fleiri málflutningsskjöl, ef skort hefur á leiðbeiningar hans til aðila. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

8. gr.

111. gr. orðist þannig:

Ef mál skal flytja munnlega, má veita fresti til að afla sýnilegra sönnunargagna eftir sömu reglum og greindar eru í 110. gr. Um öflun munnlegra skýrslna, meðan þeir frestir standa, fer eftir sömu grein.

Þegar lokið er öflun gagna skv. 1. mgr., ákveður dómari, hvenær fram skuli fara skýrslutaka á dómþingi og munnlegur flutningur máls. Skal þetta að jafnaði fram fara í einni lotu. Um þinghaldið skal tilkynna aðila eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

3. mgr. 110. gr. gildir einnig um munnlega flutt mál.

9. gr.

Í 118. gr. 4. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

10. gr.

Í 124. gr. 2. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

11. gr.

190. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þingbók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna.

Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum, svo og þinglýsingarmálum, skal þó láta forsendur fylgja ályktarorði, ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til, enda sé um að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

12. gr.

192. gr. a bætist í lögin og hljóði þannig:

Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómendur eða aðilar telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal dómari skipa 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómara, eða tvo embættisdómara. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

Er meðdómari hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

Þegar meðdómari tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómara, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til lögréttu.

13. gr.

193. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum.

Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er upp kveðinn.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver þeirra er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómara.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins.
g. Kröfur.

h. Helstu rök fyrir niðurstöðu dómara.
i. Réttarfarssektir.
j. Málskostnað.

Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. þess, sem fullnægja má með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Þegar þeir eru samdir, skal haft í huga, að aðilar geti með aðstoð umboðsmanna sinna séð, hvaða rök liggja til niðurstöðu dómara, en í dómi skal ekki rekja atvik, málsástæður eða lagarök, sem aðilum má vera kunnugt um.

14. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardóm, falli niður.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5., 6. og 7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, 11., 12., 13. og 14. gr.

Lög um landamerki o.fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, II., III. og IV. kafli.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samsvarandi frumvarpi þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram efnislega óbreytt frá fyrra frumvarpi, en því fylgdi frá réttarfarsnefnd, sem samdi það, svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er eitt 5 frumvarpa, sem réttarfarsnefnd hefur samið og mynda eina heild að því leyti, að þeim er ætlað að stuðla að réttarbótum í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar frá 6. október 1972. Heildaryfirlit um störf nefndarinnar kemur fram í athugasemdum við frumvarp til lögréttulaga, og er vísað til þess um almenn atriði yfirleitt. Nefndin hefur með tillögum sínum fyrst og fremst stefnt að tvennu: hraðari meðferð dómsmála og meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds. Í þessu frumvarpi, sem fjallar um breytingar á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, felast aðallega svofelld nýmæli:

Sáttanefndir verði lagðar niður, en öll sáttastörf falin dómurum.

Tekinn verði upp aðalflutningur mála, þar sem fram komi þær skýrslur, sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur flutningur fram í beinu framhaldi af því.

Úrskurðir verði að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir frá því, er nú er algengast.

Ýmsir sérdómstólar verði lagðir niður: sjó- og verslunardómur, merkjadómar í Reykjavík og á Akureyri og fasteignadómar aðrir.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um einstök atriði, sem eiga að stuðla að glöggum reglum, en um sum þessara atriða er stuðst við venjur, sem skapast hafa, t.d. um skriflegar greinargerðir og aðilaskýrslur.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með tilskipunum 1795 og 1797 var svo fyrir mælt, að leita skyldi sátta, áður en mál væru borin undir dómstóla. Þetta hefur vafalaust stuðlað að hraðari meðferð ágreinings á sínum tíma, en nú eru ákvæðin um sáttanefndir þýðingarlítil. Í DÓMSMÁLASKÝRSLUM ÁRIN 1969—71, sem Hagstofa Íslands gaf út 1975, eru upplýsingar um sáttamál (tafla 16). Þar segir, að afgreiddar sáttir hafi verið 121 árið 1969, 50 árið 1970 og 63 árið 1971, langflestar í Reykjavík. Þegar haft er í huga, að þessi ár voru afgreidd einkamál 7393, 5409 og 5282 eftir sömu skýrslum, verður ljóst, hve þýðingarlítil starfsemi sáttanefndanna er nú. Í eml. (þ.e. lögum nr. 85/1936) er mælt fyrir um skilyrði þess, að gengið verði fram hjá sáttanefnd, og leiðir nokkra óvissu af þessum skilyrðum í sumum málum. Þykir einfaldast að fella ákvæðin um sáttanefndir niður, en taka efni nokkurra ákvæða í I. kafla eml. upp í aðrar greinar laganna.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér óverulega breytingu á gildandi ákvæði, en fellt er brott, að sérstök ákvæði skuli vera um dómendur í fasteignamálum, enda leggur réttarfarsnefnd til, að fasteignadómstólar verði afnumdir.

Um 3. gr.

Hér er einungis lagt til, að fellt verði niður það, sem nú segir í 42. gr. um bækur sjó-og verslunardóms og fasteignadómstóla utan Reykjavíkur.

Um 4. gr.

Nú segir í 68. gr., að dómari skuli vísa máli frá sér, ef hann telur það eiga að sæta úrlausn annars dómstóls. Lagt er til, að ekki komi til frávísunar máls og tafa, sem því fylgja, heldur skuli dómari senda það þeim dómstóli, er það ætti að réttu að vera hjá.

Um 5. gr.

Hér eru ákvæðin um skjöl, sem fram skal leggja við þingfestingu, gleggri en í gildandi lögum, m.a. er hér talað um greinargerð og aðilaskýrslur, sem venja er að leggja fram, en lögin frá 1936 nefna ekki.

Um 6. gr.

Í þessari gr. er, eins og í 4. gr., um að ræða breytingar í samræmi við venjur um framlagningu skjala, og í 2. mgr. eru tekin ákvæði um sáttir, sem að mestu eru í samræmi við efni 16. gr. laganna, eins og hún er nú, en réttarfarsnefnd leggur til, að hún verði felld úr gildi ásamt öðrum gr. í I. kafla.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um breytingu á 110. gr. eml., og kemur fram í greininni eitt af meginatriðunum í tillögum réttarfarsnefndar um hraðari málsmeðferð. Lagt er til, að munnlegar skýrslur séu teknar að mestu í einu lagi og að það gerist, eftir að skriflegra gagna hefur verið aflað. Þó má, eins og nú er algengast, taka munnlegar skýrslur fyrir, ef sérstaklega stendur á. Fyrirmynd þessa nýmælis er fengin frá Svíþjóð, og telur réttarfarsnefnd líklegt, að með réttri framkvæmd muni það stuðla að verulegum flýti við málsmeðferð. Í 7. gr. frv. eru einnig tekin upp ákvæði um það, hvað teljist lögmæt forföll, en um það segir nú í 9. gr. eml.

Um 8. gr.

Þessi grein, sem fjallar um munnlegan málflutning, er hliðstæð 7. gr., en hún er um skriflegan flutning.

Um 9. og 10. gr.

9. og 10. gr. varða þá breytingu, að 9. gr. eml. er felld niður, en ákvæði um það, hvað teljist lögleg forföll, sett í 110. gr.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum skylda til að láta forsendur fylgja úrskurðum. Þessi breyting mundi, að áliti réttarfarsnefndar, stuðla að því að tími dómara færi síður í þarflítil verk. Úrskurður er oftast um minni háttar atriði, ekki síst réttarfarsatriði, og skiptir mestu, að hann sé fljótt upp kveðinn. Sérstöðu hafa úrskurðir í fógeta, uppboðs og skiptamálum, því að þeir eru oft lokaákvörðun dómara í máli og því hliðstæðir dómum í almennum einkamálum. Af þeim sökum er lagt til, að forsendur fylgi þeim, ef aðili krefst eða dómari telur það rétt. Um úrskurði er fjallað í 53. gr. frv. til lögréttulaga, og er þar einnig lagt til, að lögréttuúrskurðir verði án forsendna.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að aftan við núverandi 192. gr. komi ný grein, 192. gr. a, þar sem ákvæði verði um meðdómendur. Nú segir lítið um þá í eml. annað en að þá megi kveðja til í vissum tilvikum. Skal það gert í málum út af verslunarskiptum kaupmanna o.fl., ef sérþekkingar er þörf. Fer málið þá í sjó- og verslunardóm, enda er ákvæðið í 200. gr. eml., sem er í XVI. kafla laganna (um sjó- og verslunardómsmál). Í sömu grein segir síðan: „Einnig getur héraðsdómari, ef honum þykir þess þörf, kvatt til sérfróða menn til að fara með og dæma mál um önnur teknisk atriði, svo sem húsbyggingu, meiri háttar mannvirki önnur o.s.frv.“ Ítarlegri ákvæði um meðdómendur eru í II. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Efni 12. gr. er í samræmi við venjur, sem skapast hafa um framkvæmd áðurgreinds ákvæðis í 200. gr. eml.

Um 13. gr.

Það sem hér segir um efni dóma er að mestu í samræmi við venjur, en í niðurlagi greinarinnar er reynt að stuðla að því, að dómar séu styttir frá því, sem nú er algengast. Er tekið fram, að þá skuli semja með aðila máls í huga, en aðilar þekkja að sjálfsögðu atvik, málsástæður og lagarök. Það sýnist fullkominn óþarfi að lengja dóma í því skyni, að þeir megi vera öllum ljósir um einstök atvik, einnig þeim, sem ekkert þekkir áður til málsins. Sárasjaldgæft er, að aðrir en aðilar og aðstoðarmenn þeirra lesi dóma, nema þeir fari til Hæstaréttar, en æði fyrirhafnarsamt að semja alla dóma með hliðsjón af hugsanlegu málskoti.

Um 14. og 15. gr.

Í 14. og 15. gr. felast tillögur um fækkun sérdómstóla. Réttarfarsnefnd telur, að lengra beri að ganga í því efni, þótt ekki sé réttur staður til þess í frv. Rök þau, sem að áliti nefndarinnar, vega þyngst, þegar þessi tillaga er gerð, eru þessi: Sérdómstólar skapa stundum óvissu um, fyrir hvaða dómstól skuli leggja mál og þetta getur þá eða síðar leitt til tafa. Sérdómstólar gera oftast óhjákvæmilegt, að dómur sé fjölskipaður, einnig í smámálum, þar sem þess er engin þörf. Þetta leiðir oft til tafa. Sérdómstólar byggja oft á sjónarmiðum, sem eru ekki hin sömu og ella í störfum dómstóla, enda er beinlínis til þess ætlast, að sérstakri þekkingu sé beitt í störfum þeirra. Þetta getur leitt til misræmis í dómvörslunni í landinu og er þá í ósamræmi við jafnréttisreglu þá, sem eðlilegt er að gildi. Oft er sagt, að þörf sé sérdómstóla til að hraða málum. Þetta gæti leitt til þess, að tiltekinn málaflokkur fengi hraðari meðferð en aðrir, og er það út af fyrir sig ósamrýmanlegt jafnréttisreglunni. Þó að sérstakar aðstæður geti réttlætt viss frávik í þessu sambandi, verður að fara afarvarlega í slíkri mismunun. Réttari leið væri að gera ráðstafanir

til að hraða öllum dómsmálum, eins og tillögur réttarfarsnefndar stefna að. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings, að sérdómstólar eigi að vera til. Mikilvægasta röksemdin varðar sérkunnáttu dómenda. Vegna rúmra heimilda, sem nú þegar eru fyrir hendi og verða það enn frekar, ef þetta frv. og aðrar tillögur réttarfarsnefndar ná fram að ganga, má skipa sérfróða meðdómsmenn í einstök mál, þegar sérkunnáttu er þörf. Er þar með fallin brott ástæða til að hafa sérstaka dómstóla með föstum sérfræðingum.

Ed. 289. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 32. gr. komi ný málsgr., sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Áður en embætti héraðsdómara er veitt, skal leita skriflegrar umsagnar nefndar 3ja manna, sem dómsmálaráðherra skipar til 3ja ára í senn. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Hæstarétti, og er hann formaður, einn tilnefndur af samtökum dómara úr hópi héraðsdómara landsins og einn skipaður án tilnefningar. Dómsmálaráðherra setur reglur um kjör dómarasamtakanna. Hann getur einnig sett reglur um tilnefningu varamanna, um fresti til að skila tilnefningum og um afleiðingar þess að nefndarmenn eru ekki tilnefndir, um fresti til að skila álitsgerðum, svo og um önnur framkvæmdaatriði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp um þetta efni var lagt fyrir Alþingi á sl. vori, en varð ekki afgreitt. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Lagafrumvarp þetta fjallar um einn þátt í undirbúningi að skipun í héraðsdómaraembætti, þ. e. að sérstök nefnd skuli fjalla um umsóknir um slík embætti.

Á síðustu áratugum hefur verið nokkur umræða víða um lönd um stöðu dómstóla og dómara í stjórnkerfinu og um sjálfstæði þeirra gagnvart öðrum aðilum stjórnkerfisins, einkum handhöfum framkvæmdavaldsins. — Umræða um þetta efni í ýmsum löndum, eftir heimsstyrjöldina síðari, mun ekki síst sprottin af reynslu borgaranna í mörgum ríkjum Vesturlanda á stríðstímum af mikilvægi styrkra dómstóla til tryggingar réttaröryggi. Annað atriði, sem veldur aukinni þörfinni styrkra dómstóla, er sú öra þjóðfélagsþróun, sem átt hefur sér stað á síðustu áratugum á skipulagsbákni „velferðarríkja" Vesturlanda, en af þeirri þróun hefur leitt stórfellda útþenslu á verksviði framkvæmdavaldsins. Félagsleg réttindi og örvggisreglur á ýmsum sviðum hafa leitt með sér stóraukna stjórnun. Af þessu hefur leitt, að dómstólar þurfa í miög auknum mæli að levsa úr ágreiningi milli borgaranna og stjórnvalda í sambandi við þá stjórnunarframkvæmd. Er þá lióst, að þess er brýn þörf að styrkja traust borgaranna á því, að dómstólarnir, við meðferð úrskurðarvalds síns, séu allsendis óháðir handhöfum framkvæmdavaldsins.

Einn þáttur þeirrar umræðu um sjálfstæði dómstólanna, sem að var vikið, hefur verið um fyrirkomulag á skipun í dómaraembætti. Hefur þar hvað mest verið um það rætt, hver afskipti dómstólanna, þ. e. starfandi dómara, skyldu vera af skipun í dómarastöður. Lagaákvæði og venjureglur um skipun í dómaraembætti og aðdraganda að henni eru með margvíslegum hætti í ýmsum löndum.

Þykir rétt að stuttlega sé gerð grein fyrir hvernig háttað er í þessu efni í nokkrum löndum og jafnframt að nokkru, hverjar tillögur hafa verið gerðar um fyrirkomulag þeirra mála. Verður þá fyrst vikið að aðstæðum hér á landi.

Íslenskar lagareglur um almenna dómstóla er að finna í lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, (sbr. einnig lög um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973), lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. nr. 74/1972 og lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973. Aðeins í síðastnefndu lögunum er ákvæði um afskipti annarra aðila en veitingavaldsins af ákvörðunartöku um veitingu dómaraembætta. Segir í 3. málsgr. 5. gr. hæstaréttarlaganna um veitingu dómaraembætta við Hæstarétt: „Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnir dómsins um dómaraefni". Embætti hæstaréttardómara eru auglýst með venjulegum hætti. Forseti Hæstaréttar er kjörinn af dómurum sjálfum „til eigi skemmri tíma en eins árs" (2. gr. l. nr. 75/1973). Ekki verður sagt, að veruleg málefnaumræða hafi farið fram hér á landi um þetta viðfangsefni. Stjórnmálaáðeilur um embættaveitingar hafa um áratugaskeið að vísu ekki hvað síst beinst að veitingu dómaraembætta, en þá ber að hafa í huga, að embætti sýslumanna og bæjarfógeta hafa um langt árabil verið einna mikilvægust embætti í stjórnkerfi okkar, sem til skamms tíma var heldur fáskrúðugt. Ennfremur er á það að líta, að stjórnmálamenn hafa hneigst til að álíta (e. t. v. með umdeilanlegum rétti a. m. k. á síðari árum), að þau embætti væru líkleg til stjórnmálaáhrifa. — Hafa verður einnig í huga, þegar rætt er um skipan í héraðsdómaraembætti, að sýslumenn og bæjarfógetar og embætti þeirra (sbr. einnig lögreglustjórar) fara með mjög umfangsmikil umboðsstörf, samhliða dómarastörfum, og má heita, að í þessu efni sé um sér-íslenskar aðstæður að ræða nær alla þessa öld. Má því í sjálfu sér búast við, að til fleiri hluta verði að líta, þegar veitt eru embætti sem fjalla samhliða um dómarastörf og umfangsmikil umboðsstörf. — Það er aðeins á síðustu árum, sem nokkur þróun hefur orðið í þá átt, á héraðsdómsstiginu, að til hafi komið héraðsdómarar, sem aðallega annist dómsstörf, fyrst í Reykjavík 1961, en 1972 við nokkur embætti bæjarfógeta og sýslumanna. Það getur verið fróðlegt að rifja upp, að snemma á öldinni var rætt á Alþingi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds, sbr. þingsályktun frá 1914 og álit milliþinganefndar frá 1916. Að vísu var höfuðtilgangur tillagna um þetta efni að leita eftir því að fækka sýslumannaembættum verulega, í sparnaðarskyni, þar sem komast mætti af með miklu færri dómara með því að ráðstafa umboðsstörfunum með öðrum og ódýrara hætti, að því er talið var. Milliþinganefndin klofnaði að vísu og tillögurnar fengu ekki stuðning þingsins, þótt allir teldu í sjálfu sér aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds æskilegan. Ekki munu menn síður í dag telja þá þróun æskilega.

Fyrir Alþingi hefur nú einnig verið lagt lagafrumvarp, sem ráðgerir mjög stórt spor í þá átt að skilja dómsvald frá umboðsvaldi. Mun Alþingi þá virða fyrir sér, hvort nú sé talið tímabært að stíga slíkt spor, en það verður ekki gert án þess að mjög verulegur kostnaður verði því samfara. Ennfremur er ekki víst, að menn sjái aðeins kosti við þá umbreytingu, sem því yrði samfara, sérstaklega í dreifbýli. Hitt er jafnvíst, að innan tíðar hlýtur sú framþróun eða þvílík, um aðgreiningu á meðferð dómsvalds, að verða í okkar landi, eins og öðrum, þrátt fyrir sérstöðu hins mikla fámennis í svo stóru landi. Það efni er ekki ástæða til að rekja hér frekar. — Á faglegum vettvangi hefur fyrirkomulag á veitingu dómaraembætta nokkuð verið rætt í félagssamtökum dómara og meðal lögfræðinga almennt. Ályktun um þetta efni var gerð í Dómarafélagi Reykjavíkur 19. janúar 1974 svohljóðandi: „Almennur félagsfundur í Dómarafélagi Reykjavíkur, haldinn 19. janúar 1974, ályktar að fela stjórn félagsins að vinna að því, að sérstök dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, svo sem tíðkast víða erlendis."

Á Norðurlöndum, öðrum, hefur svo sem vænta má meira verið um þetta efni fjallað í umfangsmiklum álitsgerðum nefnda og í lögfræðitímaritum o. s. frv. — Á 24. lögfræðingamótinu í Stokkhólmi 19666 var eitt umræðuefna um fyrirkomulag á

skipun í dómaraembætti, og var forseti Hæstaréttar Noregs, Terje Wold, frummælandi. Tillögur hans hnigu í þá átt, að ráðgjafarnefnd fjallaði um umsóknir um þau embætti.

Í Noregi hlíta dómaraembætti sömu meðferð veitingavalds og önnur embætti og engin ráðagerð er í lögum um að aðrir fjalli um umsóknir en veitingavaldið. — Nefndarálit kom út 1970, þar sem lagt var til, að stofnuð yrði ráðgjafarnefnd, „innstillingsråd". Hafa þær tillögur ekki enn náð framgangi. — Ekki er ágreiningur um, að meðferð þessara mála fari vel úr hendi í framkvæmd.

Í Danmörku eru engar lögfestar reglur um afskipti annarra aðila en veitingavaldsins af umsóknum um dómaraembætti. Hins vegar eru hefðbundnar venjureglur í framkvæmd á þá leið, að forsetar Landsréttanna (þeir eru tveir, Eystri- og Vestri Landsréttur, þ. e. milli-dómstig) taka við umsóknum um dómaraembætti í héraðsdómi eða Landsrétti frá þeim umsækjendum, sem heyra undir þá (þ. e. dómarar og dómarafulltrúar á þeirra embættissvæði) og senda síðan umsóknirnar til dómsmálaráðuneytisins, sem tekur jafnframt beint við umsóknum annarra umsækjenda, en sendir að umsóknarfresti liðnum allar umsóknir til forseta Landsréttar á því svæði þar sem embætti skal veita. Hann sendir umsögn sína um hendur forseta Hæstaréttar, sem einnig gefur umsögn, ef hann telur ástæðu til, um leið og hann sendir skjölin til ráðuneytisins. — Þar hefur síðustu 15 árin verið tíðkað, að fundir væru haldnir með embættismönnum ráðuneytisins og forsetum Hæstaréttar, Landsréttanna og Borgardóms Kaupmannahafnar og ræddar umsóknir, ef veita ætti mörg dómaraembætti samtímis eða einhver sérstök vandamál væru í sambandi við veitingu embættis. — Umsóknir um dómaraembætti í Hæstarétti sendir ráðuneytið til umsagnar Hæstaréttar, en á dómarafundi er svo tekin ákvörðun um það, hverjum rétturinn telur að veita beri embættið og leggur til, að þeim umsækjanda verði heimilað að greiða atkvæði til reynslu í 4 málum, til þess síðan að hljóta skipun, ef hann er talinn standast, en það hefur ekki komið fyrir á þessari öld, að svo færi ekki. Vart er talið hugsanlegt, að dómsmálaráðherra geri tillögu til konungs um, að skipaður væri umsækjandi, sem rétturinn hefði ekki fyrirfram talið hæfan. — Forsetar Hæstaréttar og Landsréttanna eru skipaðir af konungi eftir tillögu dómsmálaráðherra og án auglýsingar, en Hæstiréttur gefur til kynna, að eigin frumkvæði, hvern hann telji að skipa beri forseta. — Dómarembætti eru ekki veitt í ríkisráði, þannig að ekki fjalla um veitinguna aðrir ráðherrar en dómsmálaráðherra. Samvinna dómstóla og ráðuneytis er af beggja hálfu talin gefast mjög vel.

Í Svíþjóð hafa ýmist „hovréttirnir" (millidómstigið, 6 umdæmi) eða „forsetaráðið" þ. e. forseti Hæstaréttar, 6 forsetar hovréttanna, formaður og varaformaður almenna dómarafélagsins meginábrif um veitingu almennra dómaraembætta í héraði og í „hovréttinum". Ýmis meiri háttar dómaraembætti eru veitt án auglýsingar og í og með án ráðgjafar utan veitingavalds. Dómaraembætti í Hæstarétti eru ekki auglýst, en ráðfærsla er við réttinn. — Nýleg greinargerð, útkomin 1974, gerir tillögu um ráðgjafarnefnd um veitingu dómaraembætta með nýju formi, í sambandi við hugmyndir um að opna meira aðgang að almennum dómaraembættum, en hann er nú bundinn við þröngt markaða starfsleið í undirbúningsstörfum, þ. e. við dómstólana.

Í Finnlandi háttar nokkuð líkt til og í Svíþjóð, m. a. eru dómaraembættin skipuð eftir nokkuð lokaðri starfsleið. Þar hefur Hæstiréttur fremur en hovréttirnir lykilstöðu um ráðstöfun dómaraembætta og skipar sjálfur í ýmis þeirra. Forseti lýðveldsins skipar þó í meiri háttar dómarastöður, eftir ráðgjöf, sem að nokkru er bindandi. Í Finnlandi, eins og í Svíþjóð, hafa verið uppi raddir um breytingar og raunar enn róttækari. Í hvorugu landinu hafa hinar nýju tillögur komið til ákvörðunar.

Í ýmsum löndum Evrópu, svo sem **Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu** og **Austurríki** er meiri og minni þátttaka dómstólanna í undirbúningi að ráðstöfun dómaraembætta, jafnvel að nokkru bindandi fyrir veitingavaldið. Á **Ítalíu** er dóm-

stólunum beinlínis falin ráðstöfun dómaraembætta. Í **Japan** gilda nýleg dómstólalög, sem gera ráð fyrir afskiptum æðsta dómstólsins af veitingu almennra dómaraembætta, en staðfestingu í þjóðaratkvæðagreiðslu þarf fyrir skipun í embætti við æðsta dómstólinn. Í **Ísrael** er ráðgjafarnefnd með bindandi áhrif.

Á **Bretlandi** eru almennir dómarar skipaðir af þjóðhöfðingja að tillögum ýmist forsætisráðherra, Lord Chancellor eða innanríkisráðherra, án ráðgjafar og einvörðungu úr hópi málflutningsmanna (barristers). Í **Bandaríkjunum** eru dómarar, í einstökum ríkjum almennt kosnir í almennum kosningum til kjörtímabils, í sumum ríkjum þó af ríkisþingi eða skipaðir af ríkisstjóra með staðfestingu öldungadeildar ríkisþings. Alríkisdómarar (þar með hæstaréttardómarar) eru skipaðir af forseta án tiltekinnar ráðgjafar. Skipun þarf staðfestingu öldungadeildar Bandaríkjaþings. Alríkisdómarar eru skipaðir ævilangt.

Um 1. gr.

Auk þess að vísa til almennrar greinargerðar hér að framan, skal lítillega gerð grein fyrir þeirri tilhögun á ráðgjafarnefnd við skipun í dómaraembætti, sem felst í tillögu þessari um breyting á 32. grein einkamálalaganna. Almenn skilyrði um skipun í héraðsdómaraembætti hafa frá setningu einkamálalaganna verið í þeim lögum, og síðari lög, svo sem lög um meðferð opinberra mála og lög um skipan dómsvalds í héraði vísa til þeirra um það efni. Það þykir rétt að prófa þessa skipan, og þykir hún vera til þess fallin að létta störf veitingavalds, en ætti jafnframt að geta eytt tortryggni, sem ærið oft snýr að meðferð veitingavalds. Sú skipan sem upp væri tekin má ekki vera of flókin og þung í vöfum, enda ætti þess ekki að vera þörf í okkar fámenni og með þeim kunnugleikum, sem hér eru nærtækir. Rétt þykir að formaður ráðgjafarnefndar sé frá Hæstarétti. Er það í samræmi við tíðkanlegt fyrirkomulag í öðrum löndum.

Ed. 290. Frumvarp til laga [144. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, skal varið sem hér segir:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir. Greiðsla olíustyrks fyrir desember 1976 skv. lögum nr. 9/1976 skal innt af höndum með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.

Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni.

2. gr.

Olíustyrk til einstaklinga samkvæmt a-lið 1. gr. skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlögum 1977 er gert ráð fyrir, að verja kr. 698 millj. í styrk til einstaklinga og rafveitna í samræmi við þær reglur, sem giltu skv. lögum nr. 9/1976. Framlag til Orkusjóðs er nú sérstakur liður í fjárlögum 1977 kr. 1 000 millj., en fór áður eftir ákvæðum laga nr. 9/1976.

Rétt þykir að lögfesta grundvallaratriði í framkvæmd úthlutunar olíustyrksins og miðar þetta frumvarp að því. Ákvæði frv. eru ekki tímabundin, eins og var í fyrri lögum um þetta efni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að viðskiptaráðuneytið ákveði styrkinn miðað við fjárveitingu hverju sinni, en áður var fjárhæðin á einstakling lögbundin árlega.

Lög, nr. 9/1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., voru felld úr gildi með lögum nr. 111/1976 frá 1. janúar 1977. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að desembergreiðsla olíustyrks skv. þeim lögum verði greidd með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.

Að öðru leyti eru ákvæði frumvarpsins hliðstæð ákvæðum laga nr. 9/1976.

Ed. 291. Frumvarp til laga [145. mál]

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 29 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans úr 18.4 milljónum bandaríkjadollara í 22.2 milljónir bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans þann 1. maí 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlag Íslands til Alþjóða-

bankans í samræmi við reglubundna endurskoðun á stofnfé þessara alþjóðastofnana.

Síðasta aukning á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlagi til Alþjóðabankans átti sér stað með lögum nr. 28 frá 28. apríl 1970.

Um 1. gr.

Kvótahækkun sú fyrir Íslands hönd, sem hér er leitað heimildar til, er í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um kvóta aðildarlandanna. Við síðustu endurskoðun árið 1970 voru kvótar miðaðir við bandaríkjadollara, sem þá voru skráðir á föstu gullverði. Síðan hefur það gerst, að dollarinn er ekki lengur grunneining alþjóðagjaldeyriskerfisins og í stað hans hafa sérstök dráttarréttindi tekið við.

Fjórðung kvótahækkunarinnar ber að greiða í formi sérstakra dráttarréttinda. Er sá hluti kvótans talinn hluti af gjaldeyrisforða Íslands eftir sem áður, enda er hægt að taka samsvarandi upphæð að láni hvenær sem er og án skilyrða. Hinir þrír fjórðu hlutarnir eru greiddir í íslenskum krónum, sem látnar eru mynda inneign Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seðlabanka Íslands. Samkvæmt stofnskrá sjóðsins á það að standa sjóðnum til boða að lána þetta fé öðrum þjóðum eftir almennum reglum, ef staða landsins út á við leyfir. Ekki hefur verið farið fram á það hingað til.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur þá meginþýðingu, að lántökumöguleikar landsins hjá sjóðnum aukast, auk þess sem úthlutun sérstakra dráttarréttinda er ákveðin í hlutfalli við kvótann.

Um 2. gr.

Hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans kemur til vegna aukningar á hlutafé bankans um 7 milljarða bandaríkjadollara, sem samþykkt var í maí 1976. Hlutur Íslands í aukningu þessari er 3.8 milljónir dollara eða 38 ný hlutabréf á 100 000 dollara hvert. Er þá miðað við gullgengi dollarans eins og það var 1. júlí 1944, en þá svaraði ein únsa gulls til 35 dollara, en svarar til 42.22 dollara í þessum útreikningi. Hlutafjáraukning Íslands á núverandi gengi dollarans svarar því til 4 584 000 dollara.

Skilmálar við áskrift þessa nýja hlutafjár eru þeir, að tíunda hluta áskriftarverðsins ber að greiða, þannig að 1% áskriftarverðsins greiðist í upphafi, en hin 9% eftir því sem um semst í áföngum fram til 1. október 1980. Afgangurinn, 90%, er ábyrgðarfé, sem stendur til tryggingar á skuldbindingum bankans.

Nd. 292. Frumvarp til laga [146. mál]

um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933 um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Fjórtándi kapituli — Refsiákvæði

73. gr.

Refsa skal með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum, þeim:

a) sem gefur út tékka án þess að innstæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum, sbr. 4. gr., eða
b) sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innstæðu og hindrar á þann hátt, að tékki, sem hann hefur þegar gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrestsins, sbr. 29. gr.

Krafa um opinbera ákæru skal borin fram af handhafa tékka, sem ekki hefur fengið hann greiddan vegna ófullnægjandi innstæðu eða vegna þess að tékkinn hefur verið afturkallaður, eða af ábyrgðarmanni, sem af greindum ástæðum hefur leyst til sín tékka eða á yfir höfði sér að leysa til sín tékka, eða af greiðslubanka, sem hefur innleyst tékka án fullnægjandi innstæðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum nr. 94/1933 um tékka er flutt að tillögu nefndar, sem starfað hefur á vegum bankanna og ráðuneytanna frá því á síðastliðnum vetri að því verkefni að gera tillögur um breytta og bætta skipan tékkaviðskipta og markvissar aðhaldsaðgerðir til að sporna sem mest við misnotkun tékka.

Núgildandi tékkalög frá árinu 1933 hafa aldrei haft að geyma refsiákvæði, eins og t. d. sambærileg lög í Noregi. Hér á landi hefur verið refsað fyrir tékkamisferli eftir 248. gr. alm. hgl., þegar auðgunartilgangur hefur verið sannaður, annars eftir 261. gr. alm. hgl.

Nefndinni þótti rétt að gera það að tillögu sinni, að lögfest yrðu refsiákvæði, sem tengd yrðu sjálfum tékkalögunum. Það er álit nefndarinnar, að frumvarp þetta, verði það að lögum, verði til þess að sporna við misnotkun tékka og auðveldi dómstólum að koma lögum yfir þá, sem gerast brotlegir með því að gefa út innstæðulausa tékka.

Fyrirmynd þessa frumvarps er 66. gr. norsku tékkalaganna. Refsirammi þessa sérrefsilagaákvæðis er nokkuð þröngur, hámarksrefsing 3 mánaða fangelsi, en gert er ráð fyrir, að beitt verði ákvæðum alm. hgl., ef þyngri refsing liggur við broti.

Þrenns konar tilvik geta leitt til áfellisdóms samkvæmt frumvarpi þessu:

1) útgáfa innstæðulauss tékka,
2) afturköllun þegar útgefins tékka án sérstakrar ástæðu, og
3) ráðstöfun á innstæðu, sem hindrar greiðslu þegar útgefins tékka, þ. e. leiðir til þess að innstæða sé ekki næg við sýningu.

Eins og að framan getur er frumvarp þetta flutt að tillögu nefndar um tékkamál, er starfaði á vegum bankanna og dómsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis á árinu 1976, og er frumvarp þetta aðeins einn þáttur í endurskoðun tékkamálanna. Aðrir þættir þessa máls snúa að aðhaldsaðgerðum og fyrirbyggjandi aðgerðum innan bankakerfisins, einnig víðtækari upplýsingastarfsemi, sem beint er til nýrra og gamalla tékkareikningshafa.

Nd. 293. Frumvarp til laga [147. mál]

um Utanríkismálastofnun Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Utanríkismálastofnun Íslands er óháð rannsóknar- og fræðslustofnun, sem starfar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að auka þekkingu og skilning þjóðarinnar á utanríkis- og öryggismálum. Stofnunin safnar og dreifir hvers konar upplýsingum um þessi mál og stundar rannsóknarstörf á sviði þeirra. Stofnunin kemur upp heimildasafni og stendur fyrir útgáfu.

3. gr.

Utanríkismálastofnun Íslands er óháð þeirri stefnu í utanríkis- og öryggismálum, sem íslensk stjórnvöld hafa hverju sinni. Hún skal í öllu starfi sínu gæta óhlutdrægni gagnvart mismunandi skoðunum um þessi mál.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eiga sæti 14 menn kosnir hlutfallskosningu af utanríkismálanefnd Alþingis og einn fulltrúi Seðlabanka Íslands. Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara, og skipa þeir framkvæmdastjórn.

Kjörtímabil stjórnarinnar er þrjú ár. Stjórnin er ólaunuð.

5. gr.

Kostnað við rekstur Utanríkismálastofnunar greiðir Seðlabanki Íslands af tekjum af gjaldeyrisviðskiptum. Seðlabankinn endurheimtir helming upphæðarinnar frá viðskiptabönkum, sem versla með erlendan gjaldeyri.

Verði ágreiningur milli stjórnar stofnunarinnar og Seðlabankans um upphæð rekstrarkostnaðar eða annað í því sambandi, sker ríkisstjórn úr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Enda þótt utanríkis- og öryggismál hafi oft borið á góma í sjálfstæðisbaráttu íslendinga og um þau verið hugsað, hefur þjóðin ekki farið með þessi mál sín nema 37 ár. Því miður verður að viðurkenna, að þessi framhaldskafli sjálfstæðisbaráttunnar hefur mótast af sundurlyndi og ólíkum skoðunum á grundvallaratriðum. Í þessum ágreiningi felst hætta fyrir þjóðina, sem rík ástæða er til að reyna að draga úr í framtíðinni.

Millríkjamál og öryggismál eru völundarhús, sem vart verður skilið nema með miklum upplýsingum og mikilli rannsókn. Hverri sjálfstæðri þjóð er því nauðsyn að gera sérstakt átak til að fylgjast með þeim málum og öðlast þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til skynsamlegrar skoðanamyndunar og mótunar stefnu á þessu sviði.

Flestar eða allar þjóðir eiga eina eða fleiri rannsóknar- og upplýsingastofnanir á sviði utanríkismála. Þessar stofnanir hafa fyrst og fremst það hlutverk að safna saman á einn stað upplýsingum og hafa þær aðgengilegar fyrir hvern þann, sem á þeim þarf að halda. Jafnframt geta stofnanir þessar annast rannsóknarstörf eða stuðlað að því, að einstaklingar og stofnanir taki sér fyrir hendur slíkar rannsóknir.

Stofnanir þessar gegna margvíslegum verkefnum. Þær koma upp safni bóka, blaða, tímarita og annarra heimilda, sem getur verið mikils virði. Þær gefa út bæklinga eða tímarit, sem verða vettvangur fyrir stefnur og strauma í utanríkis- og öryggismálum viðkomandi þjóða. Þær geta að auki rannsakað og komið á framfæri nýjum hugmyndum á sviði utanríkismála og þannig orðið að miklu gagni.

Sem dæmi um slíka stofnun erlendis má nefna Utanríkismálastofnun Noregs. Hún byrjaði með 3 starfsmenn, en þeir eru nú 35. Fé er veitt til stofnunarinnar á fjárlögum, en hún heyrir undir menntamálaráðuneytið til að leggja áherslu á, að hún sé óháð utanríkisráðuneytinu og ekki verkfæri þess. Sú stofnun kostaði 1973 um 30 milljónir íslenskra króna og hefur mikla rannsóknar- og útgáfustarfsemi.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir sjálfstæðri stofnun, sem ekki verði háð stefnu ríkisstjórnar hverju sinni og gæti fyllstu óhlutdrægni gagnvart mismunandi stefnum og skoðunum íslendinga á utanríkismálum. Sá kostur hefur verið valinn að láta banka landsins sjá fyrir kostnaði stofnunarinnar, og er það byggt á því að gjaldeyrisviðskipti eru utanríkismál.

Ýmsar hugmyndir geta komið til greina um skipun stjórnar fyrir slíka stofnun. Virðist þó raunhæfast að viðurkenna hlut stjórnmálanna, sérstaklega af því að þar koma á einn eða annan hátt fram flest sjónarmið íslendinga í utanríkismálum. Oddamaðurinn frá Seðlabanka Íslands er að sjálfsögðu vegna þess, að sá banki og gjaldeyrisbankarnir eiga að greiða kostnaðinn. Komi til ágreinings um kostnaðarupphæð, er gert ráð fyrir að áfrýja megi málinu til ríkisstjórnar.

Hvað starfslið snertir, má gera ráð fyrir forstöðumanni, er annast geti rannsóknarstörf, aðstoðarmanni, er annast geti bókavarðarstörf, og ritara. Rekstur slíkrar skrifstofu mundi kosta um 7 milljónir króna. Er síðan rétt að gera ráð fyrir a. m. k. 2 milljónum til viðbótar til að koma upp bókasafni og kosta sérstakar fræðsluaðgerðir, útgáfu, fundi, o. fl., þannig að hér verði um að ræða rúmlega 9 milljón króna kostnað, og er ekki ástæða til að auka það verulega í næstu framtíð, nema hvað nemur verðbreytingum. Gera má ráð fyrir, að stofnunin geti aflað sér nokkurs fjár sjálf, sérstaklega til að standa undir tilgreindum verkefnum.

Sþ. 294. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um byggingu nýs þinghúss.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að hrinda af stað undirbúningi undir nýbyggingu fyrir Alþingi vestan við núverandi þinghús. Verði efnt til samkeppni um bygginguna og umhverfi hennar og stefnt að því, að fyrsta skóflustunga verði tekin á 100 ára afmæli alþingishússins 1981.

Greinargerð.

Undanfarna áratugi hafa öðru hverju sprottið upp umræður um byggingu nýs þinghúss, þar eð þrengsli eru mikil í alþingishúsinu og starfsemi þingsins fer nú fram í þrem öðrum byggingum. Skipaðar hafa verið nefndir til að fjalla um málið.

Því miður hefur aldrei náðst samkomulag um stefnu í byggingarmálum Alþingis. Hefur þetta stafað af ágreiningi um staðarval, fyrst og fremst hvort þingið eigi að vera kyrrt í kvos gamla miðbæjarins eða velja sér nýjan stað í borgarlandinu. Um skeið blönduðust áform um byggingu ráðhúss í Tjörninni inn í þetta mál.

Flutningsmönnum virðist þróun byggðar í Reykjavík smám saman hafa fækkað þeim kostum, sem eru á nýjum þingstað. Er nú vart um aðra staði að ræða en sunnarlega í nýja miðbænum eða á Ártúnshöfða, því varla er raunhæft að ræða um stórfellt niðurrif eða meiri háttar breytingar á umferð og umhverfi.

Vestan við alþingishúsið eru rúmgóðar lóðir, sem Alþingi sjálft á, og bendir allt til þess, að þar gæti farið mjög vel um framtíðarbyggingu þingsins. Rífa þyrfti nokkur timburhús, og verður þá aðeins einn Þrándur í Götu: Oddfellowhúsið. Sennilega væri hægt að reisa þinghúsbyggingu norðan við það, en varla verður komist hjá því fyrr eða síðar, að húsið verði rifið, svo að nýtt þinghús fái óskerta útsýn suður yfir Tjörnina.

Það er tilgangur þessarar tillögu að taka ákvörðun um staðarval og hefja fljótlega undirbúning nýrrar byggingar. Er sjálfsagt að láta fara fram samkeppni um gerð hússins og umhverfi þess.

Þar eð undirbúningur undir slíka samkeppni krefst mikillar vinnu og tíma, er gert ráð fyrir, að varla verði samkeppni og vali úrlausna lokið fyrr en 1979—80, og mætti þá taka fyrstu skóflustungu hinnar nýju byggingar á 100 ára afmæli gamla þinghússins 1981.

Nd. **295. Frumvarp til laga** [149. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Ellert B. Schram.

1. gr.

Við 26. gr. laganna bætist 4. og 5. mgr., svo hljóðandi:

Ef, samkv. 2. mgr. 5. gr. þessara laga, öryggisbelti eru í framsætum bifreiða, skulu ökumenn og farþegar nota þau. Ekki er skylt að nota öryggisbeltin, þegar ekið er aftur á bak eða í akstri á bifreiðastæðum, bensínstöðvum, umhverfi bifreiðaverkstæða eða undir viðlíka kringumstæðum. Þeim, sem eru undir 15 ára aldri, eða eru að líkamsstærð undir 150 cm, er ekki skylt að nota öryggisbelti. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um það, á hvern hátt annan veittar eru undanþágur frá því að nota öryggisbelti. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett nánari reglur, sem veita undanþágur frá notkun öryggisbelta við vissar akstursaðstæður.

Ökumenn bifhjóla eða bifhjóla með hliðarvagni og sérhver farþegi skulu í akstri nota öryggishjálm, viðurkenndan af Bifreiðaeftirliti ríkisins. Sama gildir um ökumenn léttra bifhjóla. Ekki er skylt að nota öryggishjálm í akstri á bifreiðastæðum, bensínstöðvum, svæðum við bifreiðaverkstæði eða undir viðlíka kringumstæðum. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um undantekningar frá því að nota öryggishjálm.

Ákvæði þetta tekur gildi 1. janúar 1978.

2. gr.

Á 6. mgr. 27. gr. laganna verði gerð svo hljóðandi breyting:

Í stað orðanna „og gildir í eitt ár frá útgáfudegi“ komi: og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

3. gr.

Í stað málsliðarins „Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi“ o. s. frv. í 6. mgr. 27. gr. laganna komi: Áður en ökuskírteini er endurnýjað, skal umsækjandi standast skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Skal prófi þannig hagað, að próftaki merki við rétt svör á prófverkefnablöðum, er dómsmálaráðuneytið leggur til.

4. gr.

Aftan við 27. gr. laganna bætist nýtt ákvæði:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal færð skrá í spjaldskrárformi yfir ökuferil handhafa ökuskírteina í öllum lögsagnarumdæmum landsins. Á skrána skulu færð brot, er varða öryggisreglur í umferð, svo sem ölvun við akstur, of hraðan akstur, brot á biðskyldu, stöðvunarskyldu eða almennum umferðarrétti, brot á reglum um umferðarljós o. s. frv. Í skrána skal enn fremur færð aðild ökumanna að umferðarslysum og óhöppum, sem lögregluskýrslur eru gefnar um, hvort sem aðili er talinn í sök eða ekki. Lögreglustjórar og dómarar tilkynni til ökuferilsskrár afgreiðslu á framangreindum brotum svo og aðild ökumanna að umferðarslysum eða óhöppum. Dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hvaða brot skuli færð á ökuferilsskrá og hvernig haga skuli upplýsingaskiptum milli ökuferilsskrár og einstakra lögsagnarumdæma. Komi í ljós að ökumaður eigi ítrekað sök á umferðarslysi eða gerist ítrekað brotlegur gegn öryggisreglum í umferð verði það tilkynnt lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Skal þá beitt ökuleyfissviptingu til bráðabirgða. Ríkissaksóknari gefi út leiðbeiningar um vægi einstakra brota og tímalengd í ökuferilsskrá, svo og um framkvæmd bráðabirgðaökuleyfissviptingar.

5. gr.

Upphaf 31. gr. laganna orðist svo:

Kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla mega löggiltir ökuskólar einir annast. Dómsmálaráðherra löggildir ökuskóla og forstöðumenn þeirra og setur reglur um starfsemi þeirra og tækjabúnað. Rétt til að stunda kennslu við ökuskóla hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra, en hann ákveður gjald fyrir hana og framlengingu hennar. Engum má veita slíka löggildingu o. s. frv.

6. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:

Vanræksla á notkun þess öryggisbúnaðar, sem getið er um í 26. gr. (4. og 5. mgr.), getur þó aldrei leitt til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Má ætla, að ágreiningur um 1. gr. þess, er fjallar um lögbundna notkun öryggisbelta í bifreiðum, hafi valdið þar mestu um. Önnur ákvæði frumvarpsins, sem fela í sér merkileg nýmæli í umferðarmálum, féllu algerlega í skuggann af umræðum og deilum um öryggisbeltin og var það miður farið.

Frumvarpið er hér nú endurflutt efnislega óbreytt, en með lítils háttar breytingum á greinargerð. Því er ætlað að koma fram ýmsum umbótum á íslenskri umferðarlöggjöf, auka öryggi í umferðinni, bæta umferðarmenningu landsmanna og hvetja almenning til aukinnar ábyrgðar í samvinnu við þá aðila, sem að umferðarmálum vinna. Lög og reglur koma lítt að gagni, sé ekki fyrir hendi skilningur almennings á réttmæti þeirra og nauðsyn.

Hin óvenjumikla tíðni slysa og dauðsfalla í umferðinni hér á landi undanfarin ár hefur vakið fólk til alvarlegrar umhugsunar um, að þörf sé ákveðinna aðgerða til úrbóta. Á s. l. ári létust 19 manns í umferðarslysum á Íslandi og 547 slösuðust, þar af 262 sem hlutu alvarleg meiðsli. Árið þar áður (1975) létust 33 manns í umferðarslysum, 674 slösuðust, þar af 262 sem hlutu alvarleg meiðsli. Á þessum tveimur árum hafa þannig 52 manns látist og 1221 slasast, þar af 524 það alvarlega að þeir bíða þess jafnvel aldrei bætur.

Þetta eru skelfilegar staðreyndir, sem valdið hafa miklum fjölda einstaklinga harmi og þjáningum, sem ekki verður mælt til fjár. Það mun þó mála sannast, að umferðarslysin kosta þjóðarbúið 2—3 þús. milljónir árlega. Það er réttilega bent á, að hér dugi ekkert eitt ráð til bóta, heldur þurfi að koma til margar samræmdar aðgerðir — öflugt og samstilt átak allra þeirra aðila, sem að umferðarmálum vinna: aukin fræðsla og leiðbeiningarstarfsemi, virkari framkvæmd löggjafar- og dómsvalds, aukin löggæsla og síðast, en ekki síst, breytt viðhorf, aukin ábyrgðartilfinning almennings í landinu.

Lækkandi tala umferðarslysa á nýliðnu ári er vissulega gleðiefni, þótt enn sé hún óhugnanlega há. Og ekki má hún leiða okkur til of mikillar bjartsýni og því síður til andvaraleysis. Hafa ber í huga eindæma hagstætt veðurfar það sem af er þessum vetri, og fimm dauðaslys í umferðinni nú í janúarmánuði hljóta að vera okkur áminning um að sofna ekki á verðinum.

1. gr. þessa frumvarps fjallar um öryggisbelti og hjálma, en síðan 1. jan. 1969 hafa verið í gildi hér á landi lög þess efnis, að í öllum fólksbifreiðum (8 farþega og færri) og sendiferðabifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm og eru skráðar í fyrsta skipti eftir 1. jan. 1969, skuli vera öryggisbelti fyrir ökumenn og farþega í framsæti. Þrátt fyrir verulegt fræðslustarf um gildi öryggisbelta er notkun

þeirra enn lítil. Má gera ráð fyrir, að hún sé innan við 5% í akstri í þéttbýli. Notkunin er þó mun meiri á þjóðvegunum, en er hins vegar bundin við mjög takmarkaðan tíma, þ. e. yfir sumarmánuðina. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að samkvæmt skýrslu Umferðarráðs um skráningu umferðarslysa verða um það bil 85% allra óhappa í umferð í þéttbýli, en 15% í dreifbýli. Á árunum 1971—73 létust 65 manns í umferðarslysum á Íslandi. Af þeim voru 30 ökumenn og farþegar í framsæti. Þrátt fyrir mjög takmarkaða notkun bílbelta hér á landi hafa þau þegar bjargað mörgum frá alvarlegum meiðslum og dauða. Niðurstöður af rannsóknum á þessum þætti umferðarmála sýna, að notkun bílbelta nái tilgangi sínum í a. m. k. 70% umferðarslysa. Hér er því annars vegar mikið slysavarnamál, sem þjóðir um allan heim veita vaxandi athygli. Í Svíþjóð var notkun bílbelta lögfest 1. jan. árið 1975. Síðan hefur meiri háttar meiðslum fækkað um 33%. Í Finnlandi voru öryggisbelti lögfest 1. júní 1975, í Noregi 1. sept. 1975 og í Danmörku 1. jan. 1976. Önnur lönd, sem tekið hafa upp lögleiðingu bílbelta, eru m. a. Ástralía, Nýja-Sjáland, Ísrael, Frakkland, Lúxembourg, Holland, Belgía, Sviss, Austurríki og Vestur-Þýskaland.

Fyrirhugað lagaákvæði um skyldunotkun öryggishjálma samkv. 2. mgr. 1. gr. þessa lagafrumvarps, er byggt á samnorrænni tillögu útgefinni af Nordisk Trafiksikkerhedsråd og birtist í skýrslu, sem gefin var út í okt. 1974. Skýrsla þessi var byggð m. a. á norskum rannsóknum, sem leiddu í ljós, að öryggishjálmurinn dró úr meiðslum hjá 82.5% þeirra, er notuðu hann, og bjargaði lífi ökumanna í 15% af tilfellum.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að gildistími bráðabirgðaökuskírteina skuli lengdur úr einu í tvö ár. Skýrslur um umferðarslys sýna, að slysatíðni er mjög há hjá ungum ökumönnum, sérstaklega þó 2—3 fyrstu árin. Eftir að ökumaður hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár fær hann samkv.. núgildandi lögum fullnaðarskírteini, sem gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Getur þetta m. a. leitt til þess, að ökuleyfishafi telji sér alla vegi færa með fullnaðarskírteini upp á vasann. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að fyrstu 5 ökumannsárin eru hættulegust. Lögleiðing bráðabirgðaskírteinis var nýmæli og skref fram á við, en til að slík ráðstöfun hafi enn meiri áhrif er nauðsynlegt að lengja þennan tíma í tvö ár að minnsta kosti. Ísland eitt Norðurlanda hefur lágmarksaldur til ökuprófs 17 ár. Á hinum Norðurlöndunum öllum er hann 18 ár og er svo víða annars staðar í Evrópu. Það kann að vera fullróttæk ráðstöfun að hækka lágmarksaldurinn. Þess í stað er mælt með því að gildistími bráðabirgðaskírteinis sé lengdur í tvö ár.

Samkv. 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga er heimilt að ákveða, að við endurnýjun fullnaðarskírteinis skuli hlutaðeigandi ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Þessari heimild hefur ekki verið beitt. Því er lagt til í 3. gr. þessa frv., að nú verði slíkt próf gert að skyldu. Hér er ekki átt við skriflegt próf sambærilegt því, sem fram fer við ökuprófið sjálft, heldur eingöngu könnun til upprifjunar á helstu umferðarreglum (t. d. 10—20 spurningar, sem svara verður á 15 mínútum). Þetta leiðir til þess, að flestir þeir. sem endurnýja ökuskírteini sitt, munu rifja upp umferðarreglurnar, enda nauðsynlegt, m. a. vegna breytinga, sem á þeim verða, lögleiðingar nýrra umferðarmerkja o. s. frv.

Mistakakerfið eða punktakerfið eins og það er stundum nefnt, er í dag talin ein árangursríkasta slysavörnin. Athygli manna víða um heim hefur í vaxandi mæli beinst að þessu kerfi. Hér er um að ræða aðferð til þess að auðvelda þeim, sem gefa eiga út ökuleyfi, að fylgjast með ökuferli manna og leggja mat á það hverjir þurfi endurhæfingar við og hvenær. Samkvæmt mistakakerfinu hafa brot á umferðarlögum og reglugerðarfyrirmælum mismunandi gildi eftir því hversu alvarleg þau eru. Mistakakerfið er fyrst tekið upp í Connecticut í Bandaríkjunum 1947. Síðan hefur það verið tekið upp í öllum ríkjum Bandaríkjanna og víða í Evrópu. Má nefna sem dæmi Frakkland, Þýskaland, Svíþjóð, Sviss og að nokkru í Englandi. Í Sovétríkjunum er einnig notað mistakakerfi, þótt það sé nokkuð frábrugðið því kerfi sem al-

mennt tíðkast. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur mælt eindregið með því að punktakerfið verði tekið upp í öllum löndum sem aðild eiga að ráðinu. Í nær öllum löndum eru reglur sem takmarka rétt manna til aksturs. Reglur þessar hafa fyrst og fremst byggst á læknisfræðilegum atriðum, svo sem að maður hefur skerta sjón eða að hann hafi orðið fyrir einhverjum veikindum sem gera hann óhæfan til aksturs. Í vaxandi mæli þarf að takmarka ökuréttindi vegna umferðarbrota. Þjóðfélagið verður að hindra, að óhæfur ökumaður sé á ferli í umferðinni. Réttindamissir getur undir mörgum kringumstæðum reynst árangursrík slysavarnaaðgerð, bæði frá sjónarmiði einstaklingsins og almennings. Viss fjöldi mistaka (punkta) veldur ökuskírteinissviptingu í ákveðinn tíma. Ökuleyfissvipting í fyrsta sinn er yfirleitt stutt eða tveir til þrír mánuðir og þá miðað við það, að viðkomandi fari á námskeið til þess að rifja upp helstu umferðarreglur. Forsenda þess, að unnt sé að koma upp slíku kerfi hér á landi, er að haldin sé ökuferilsskrá yfir alla ökumenn á einum stað. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ökuferilsskráin verði færð við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, enda gefa lögreglumenn í Reykjavík yfir helming allra lögregluskýrslna um umferðarslys og umferðarbrot. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur verið færð ökuferilsskrá um 10 ára skeið. Ljóst er að starf þetta hefur borið góðan árangur, og fyrir tveimur árum var tekin upp sú nýbreytni að boða þá ökumenn, sem höfðu slæman feril, til könnunar á akstursþekkingu. **Tillagan, sem í 4. gr. frv. felst, miðar að því að renna styrkari stoðum undir þetta starf og beita ökuleyfissviptingu í vaxandi mæli.** Það kemur einnig til greina, að ökuferilsskrá verði færð hjá embætti ríkissaksóknara, sem hefur með höndum sakaskrá ríkisins, eða hjá Umferðarráði, sem hefur með höndum skráningu umferðarslysa.

Hér á landi hefur nokkuð á annað þúsund manns rétt til að hafa á hendi ökukennslu. Flestir þessara aðila hafa ökukennslu að aukastarfi og margir hverjir kenna aðeins 1—2 nemendum á ári. 5. gr. frv. felur í sér þá meginbreytingu, að í stað þess að einstakir ökukennarar verði ábyrgir fyrir ökukennslunni, þá verði ökuskólar og forstöðumenn þeirra ábyrgir, en ökukennarar verði starfsmenn ökuskóla. Gert er ráð fyrir að ökuskólar verði reknir af einstaklingum eða samtökum þeirra og forstöðumenn ökuskóla hljóti sérstaka löggildingu dómsmálaráðherra, sem jafnframt setur reglur um starfsemi ökuskóla, bæði hvað varðar húsnæði og tækjabúnað. Það er skoðun flutningsmanna, að með tilkomu ökuskóla verði ökukennslan betur samræmd og tækifæri gefist til að auka verulega frá því sem nú er hinn fræðilega hluta ökunámsins. Á því er mikil nauðsyn, enda er fræðileg kennsla undir ökupróf mun skemmri hér en í flestum nágrannalöndum okkar. Þá þykir og nauðsynlegt að nota margs konar dýran tækjabúnað auk bifreiða til ökukennslu. Slíkt er einstaklingi algjörlega ofviða. Frv. gerir ekki ráð fyrir að skerða réttindi þeirra manna, sem hafa löggildingu til ökukennslu í dag. Þeir verði starfsmenn (og eigendur) ökuskóla, en forstöðumenn ökuskóla gefi eftirleiðis út kennsluvottorð. Hins vegar er ljóst að herða verður kröfur til menntunar ökukennara og gera það að skilyrði, að þeir, sem leggja ætla stund á ökukennslu í framtíðinni, sæki námskeið og hljóti starfsreynslu, áður en þeir fái löggildingu. Má sem dæmi nefna, að í Noregi verða ökukennaranemar að sitja á skólabekk í eitt ár áður en þeir gangast undir ökukennarapróf.

Ef frumvarp þetta verður að lögum verða því allir þeir, sem taka ætla almennt bifreiðastjórapróf, að sækja nám í ökuskóla. Rétt þykir að minna á það lofsverða framtak Ökukennarafélags Íslands, sem starfrækt hefur fræðslumiðstöð fyrir ökunema um árabil í Reykjavík. Ökunemar eru hins vegar ekki skyldugir til að sækja nám í fræðslumiðstöðinni, en þeir, sem sótt hafa fræðslu þangað, hafa átt kost á 4—5 kennslustunda umferðarfræðslu.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir viðbótarmálsgr. við 67. gr. núgildandi umferðarlaga um fébótaábyrgð og vátryggingu. Ef vanræksla á notkun þess öryggisbúnaðar

(þ. e. öryggisbelta og hjálma, sem þessi grein vísar til) leiðir til þess, að viðkomandi þess vegna hljóti meiðsli í umferðarslysi, þá vaknar sú spurning, hvort vanrækslan skuli höfð til hliðsjónar, þegar metin er eigin sök, og hvort hún ætti þá að leiða til lækkunar fébóta. Nordisk Trafiksikkerhedsråd komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni, að slíkt skyldi ekki vera. Það væri ósanngjörn afleiðing lagasetningar, sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja öryggi vegfarenda í umferðinni. Rétt þótti, að sama viðhorf gilti í íslenskum lögum um þetta efni.

Það er von flutningsmanna, að þetta lagafrumvarp fái jákvæða og skjóta afgreiðslu þingsins, þannig að þær umbætur á íslenskri umferðarlöggjöf, sem það felur í sér, komist sem fyrst til framkvæmda.

Ed. 296. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967 um fávitastofnanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

15. gr. hljóði svo:

Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

Skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967 um fávitastofnanir er kveðið svo á, að við aðalfávitahæli ríkisins skuli rekinn skóli til að sérmennta fólk til fávitagæslu.

Samkvæmt þessu hefur Þroskaþjálfaskóli Íslands verið starfræktur s. l. fimm ár. Skólinn hefur starfað samkvæmt reglugerð nr. 208/1971, sem sett var með stoð í fyrrnefndri 15. gr.

Nauðsynlegt var talið að skólinn væri starfræktur við aðalfávitahæli ríkisins, vegna þess að þar væri eini staðurinn sem gæfi nemendum kost á að umgangast stóran hóp vangefinna einstaklinga á ýmsum stigum og gæti veitt nemum þannig æskilega þjálfun. Þessi rök fyrir lögboðnum tengslum skólans og aðalfávitahælisins eiga ekki lengur við m. a. vegna þess að fávitastofnunum hefur fjölgað og verkaskipting þeirra vaxið síðan lög nr. 53/1967 voru sett. Því er það talið óæskilegt í dag að binda starfsemi skólans algjörlega við eina ákveðna stofnun, mun það líka einsdæmi þegar um er að ræða opinberan skóla.

Í 15. gr. núgildandi laga eru ennfremur ákvæði þess efnis, að forstöðumaður aðalfávitahælis ríkisins skuli vera skólastjóri skólans en vera um leið undanþeginn kennsluskyldu. Ekki kveða lögin neitt á um menntun hans sem skólastjóra. Slík skipan mála hlýtur að teljast óraunhæf í dag. Verkefni aðalfávitahælis ríkisins hafa aukist mjög undanfarin ár og hlýtur forstaða hælisins að vera ærið aðalstarf og óeðlilegt að bæta við það tímafreku starfi skólastjóra við örtvaxandi skóla. Þá er

skólastarfið einnig orðið það umfangsmikið, að eðlilegt og sjálfsagt er að skólastjóri við slíkan skóla gegni ekki öðru aðalstarfi.

Loks er nú talið nauðsynlegt að sérstök ákvæði séu sett um menntun skólastjóra og er þá m. a. höfð í huga sérstaða Þroskaþjálfaskóla Íslands og að skólastjórn slíks skóla krefst undirbúnings í námi og reynslu, sem að ýmsu leyti er annars eðlis en algengast er. Má í þessu tilfelli m. a. benda á að í lögum um Fósturskóla Íslands frá 26. mars 1973 eru ákvæði um skólastjóra og menntun hans.

Sþ. 297. Þingsályktun [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda alþjóðasamning um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. jan.)

Samhljóða þskj. 29.

Ed. 298. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer og tollur í 1. gr. verði þannig:

			Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A %	E %	A %	E %	A %	E %	A %	E %
39.07	19	Vörupallar úr plasti. („plastpallets")	0	0	0	0	0	0	0	0
39.07	20	Annað	22	12	19	8	16	4	12	0

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 20. mars 1970 tók gildi ný reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski. Í þeirri reglugerð er óvarið tré bannað til notkunar ef það kemst í snertingu við fisk. Þetta bann hefur þó ekki náð til trépalla sem hingað til hafa verið notaðir í fiskiðnaðinum til uppröðunar og hreyfingar á fiskafurðum, ef um beina snertingu hefur ekki verið að ræða. Hins vegar hefur það verið stefna Framleiðslueftirlits sjávarafurða að losna við tré úr fiskvinnslunni og ýta á að önnur efni verði notuð.

Til þessa hafa pallar úr plasti ekki verið fáanlegir, en nú er það breytt og „plastpallettur" fáanlegar frá norskum, sænskum og vestur-þýskum framleiðendum. Hafa ýmis fyrirtæki í fiskiðnaðinum hug á því að hagnýta þessa framför, en núverandi tollur á þessari vöru, 70%, útilokar það. Hér er því lagt til að þessari vöru verði fundinn tollflokkur og tollur felldur niður. Þessi tillaga hefur engin áhrif á tolltekjur ríkissjóðs.

Sþ. 299. Fyrirspurnir. [152. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um samstarf við grannþjóðir um sjávarútvegsmál.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, er samþykkt var á Alþingi 10. apríl 1973, um samstarf íslendinga, norðmanna og færeyinga að fiskveiðum og fisksölumálum?

II. Til viðskiptaráðherra um endurskoðun á lögum um hlutafélög.

Frá Jóhannesi Árnasyni.

Hvað líður endurskoðun á lögum nr. 77 frá 1921, um hlutafélög?

Ed. 300. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Flm.: Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson, Jón Helgason, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

12. gr. laganna breytist svo:

Í stað „Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn“ í 5. málsgr. komi: Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til eins árs í senn.

Í stað „Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð“ í 6. málsgr. komi: Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 40 000.00 í ríkissjóð.

2. gr.

Síðari málsliður 3. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Öll sala og afhending áfengis á útsölustöðum og póstafgreiðslustöðvum skal óheimil, nema gegn framvísun nafnskírteina með mynd skírteinishafa.

3. gr.

Síðasta málsgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Ungmennum yngri en 20 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

4. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Gæsluvistarsjóði ber að fjármagna „Leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum“, enda sé hún rekin sem sjálfstæð stofnun. Leiðbeiningarstöðinni ber fyrst og fremst að beita sér að ofdrykkjuvörnum í atvinnulífinu og skipuleggja starf sitt þannig að það nái til allra landshluta. Stöðin taki til starfa strax og aðstaða til skyndiafvötnunar (3—5 sólarhr.) er fengin, en þó eigi síðar en 1. júní 1977.

5. gr.

33. gr. laganna breytist svo:
Í stað „10 000— 50 000“ komi: 30 000— 80 000.
Í stað „20 000—100 000“ komi: 60 000—140 000.
Í stað „40 000—200 000“ komi: 80 000—300 000.
Í stað „400“ komi: 1 000.
Í stað „1 000—30 000“ komi: 5 000—80 000.
Í stað „400“ komi: 1 000.

6. gr.

34. gr. laganna breytist svo:
Í stað „5 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

7. gr.

36. gr. laganna breytist svo:
Í stað „5 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

8. gr.

37. gr. laganna breytist svo:
Í stað „2 000—20 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „4 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

9. gr.

39. gr. laganna breytist svo:
Í stað „2 000—20 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „4 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

10. gr.

40. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—10 000“ komi: 5 000—50 000.

11. gr.

41. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500— 5 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „1 000—20 000“ komi: 10 000—100 000.

12. gr.

42. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—20 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „1 000—40 000“ komi: 10 000—100 000.
Í stað „500— 4 000“ komi: 5 000— 50 000.

13. gr.

43. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—10 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „500— 5 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „500—20 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „500— 4 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „100— 500“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „800— 6 000“ komi: 5 000—50 000.

14. gr.

44. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—5 000“ komi: 5 000—50 000.

15. gr.

45. gr. laganna breytist svo:
Í stað „1 000— 5 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „2 000—10 000“ komi: 10 000—100 000.

16. gr.

46. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—40 000“ komi: 5 000—100 000.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þinginu 1974—75 var kjörin nefnd skipuð 5 mönnum, einum tilnefndum af hverjum þingflokki, til að kanna stöðu áfengismála í landinu og gera þar á nokkra úttekt. Nefndin vann að þessu verkefni sínu með almennri, víðtækri gagnasöfnun og átti viðtöl við marga þá, sem þessi mál snerta, beint og óbeint.

Nefndin fékk fjölda svara við spurningum sínum um umfang vandamálsins og leiðir til úrbóta.

Það var áberandi í svörunum, hve mönnum þótti á skorta um rétta og undanbragðalausa framkvæmd löggjafar þeirrar, sem í gildi er, en einnig komu fram gagnlegar ábendingar um breytingar á löggjöf. Niðurstaða nefndarmanna var sú að leita til Alþingis um flutning annars vegar frumvarps um nokkrar breytingar á áfengislögunum og hins vegar þingsályktunartillögu um fræðsluþáttinn. Leitað var til þingmanna úr öllum flokkum, og frumvarpið og þingsályktunartillagan sáu dagsins ljós, en urðu ekki útrædd, enda lifði skammt þings, þegar málin voru lögð fram.

Nú mun hvort tveggja reynt á nýjan leik, frumvarpið að vísu nokkuð breytt, en nefndin mun halda áfram starfi sínu og skila áliti til þingflokka um málið almennt á þessu þingi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um vínveitingaleyfi, annars vegar að leyfistími sé eitt ár í stað fjögurra nú. Stytting leyfistíma veitir ákveðið aðhald og bætt eftirlit. Lögð er hins vegar til tíföldun leyfisgjalds og miðað við lengd leyfistíma er um fertugfalda hækkun að ræða. Nefndin hefði þó gjarnan viljað gera tillögur um enn meiri hækkun, en lætur hér við sitja. Núgildandi upphæð er út í bláinn og svo fáránlega lág, að engu tali tekur.

Um 2. gr.

Eðlilegt hlýtur að teljast, að öll sala og afhending áfengis fari fram gegn framvísun nafnskírteinis með mynd. Aðhaldið verður að herða og þá kemur reyndar ekki síður að efni 3. greinar.

Í upphaflegum búningi frv. í fyrra var gert ráð fyrir sérstökum áfengiskaupaskírteinum og skráningu áfengiskaupa á nafn. Vegna mikillar andstöðu var þessu breytt, ef vera kynni að það auðveldaði framgang málsins í heild. Meginskoðun nefndarmanna stendur þó enn óhögguð.

Um 3. gr.

Hér er komið að viðkvæmu deiluatriði, þ. e. hvert aldursmark eigi að gilda inn á vínveitingastaði. Nefndin hefur hugað að öðrum tillögum, sem verða lagðar fram í allsherjarnefnd deildarinnar sem varatillögur. Hitt er öllum ljóst, að það

eitt er raunhæft, að aðgangur að vínveitingahúsi og leyfi til vínkaupa séu bundin við sama aldur. Til eru þeir, sem vilja færa markið niður í 18 ár gegn auknu aðhaldi og eftirliti, svo og sakir þess ástands, sem í skemmtanamálum er, þar sem vínveitingahúsin eru í yfirgnæfandi meiri hluta a. m. k. á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin hefur aflað sér víðtækra upplýsinga erlendis frá um áhrif lækkunar aldursmarks og verður nánar skýrt frá því í framsögu.

Um 4. gr.

Hér er rætt um sérstaka leiðbeiningastöð í ofdrykkjuvörnum sem þýðingarmikinn lið í baráttunni varðandi þá, sem þegar hafa farið halloka, en vilja snúa við. Hér er byggt á hugmyndum og starfsemi annarra þjóða í þessu efni, þar sem verulegur árangur hefur náðst. Tengingin við atvinnulífið og vinnustaðina og aðstoð í því efni yrði eitt meginverkefnið.

Bent er á það sérstaklega að forsendan sé aðstaða til skyndiafvötnunar.

Um 5.—16. gr.

Hér eru lagðar til verulegar breytingar á sektarupphæðum til nokkurs samræmis við verðlagsþróun síðustu ára. Þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Sþ. 301. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um vinnuvernd og starfsumhverfi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir þingið frumvarp til laga um vinnuvernd og starfsumhverfi og hafa um það samvinnu við Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Tilgangur laganna verði að tryggja öllum landsmönnum starfsumhverfi, þar sem ekki er hætta á líkamlegu eða andlegu heilsutjóni, en vinnuskilyrði eru í samræmi við lífskjör þjóðarinnar og tæknilega getu, stuðla að virðingu vinnunnar og starfsgleði.

Lögin geri ráð fyrir eðlilegum íhlutunarrétti vinnandi fólks varðandi starfsumhverfi sitt, en stefni að því, að verkefni og vandamál á því sviði verði sem mest leyst í samstarfi verkafólks og atvinnuveitenda, svo og af samtökum vinnumarkaðarins, allt innan ramma laga og reglugerða. Núverandi stofnanir, er gæta öryggis á vinnustöðum, fái aðstöðu til að annast óhjákvæmilegt eftirlit með því, að opinberum kröfum sé fylgt á þessu sviði.

Þá skulu lögin hafa ákvæði um starfsaðstöðu fyrir fólk, sem hefur skerta vinnugetu, og stuðla að því að það fái í sem ríkustum mæli vinnu með heilbrigðum á venjulegum vinnustöðum.

Lögin komi í stað laga um öryggi á vinnustöðum frá 1952.

Greinargerð:

Árið 1952 tóku gildi hér á landi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Samkvæmt þeim var komið á fót Öryggiseftirliti ríkisins, sem síðan hefur starfað samkvæmt lögunum og reglugerðum, er settar hafa verið samkvæmt þeim. Lög þessi voru á sínum tíma sett af framsýni og skilningi.

Meðal þess, sem fólk í þróuðum löndum hefur hvað mestan áhuga á, eru um-

hverfismál, það er meðferð mannsins á náttúrulegu umhverfi sínu, og atvinnulýðræði, sem veita á hverjum einstaklingi íhlutunarrétt um atvinnu sína og vinnustað til að gera hann að virkum þátttakanda í samfélaginu.

Þessi viðhorf hafa fætt af sér meiri kröfur til starfsumhverfis en áður hafa verið gerðar. Það hefur runnið upp fyrir verkafólki, að þau lífskjör, sem móta umhverfi á heimili, í skóla og félagslífi, eru ólíkt betri en það umhverfi, sem mikill fjöldi verður að sætta sig við á vinnustað, þar sem fólk dvelst þriðjung allrar starfsævi sinnar. Hví skyldu óhreinindi og margs konar óhollusta ríkja á vinnustöðum fólks, sem aldrei mundi sætta sig við annað en hrein, heilnæm og vistleg heimili, skóla, sjúkrahús, samkomustaði eða aðra dvalarstaði?

Jafnframt þessu hefur aukin tækni leitt til þess, að fjölgað hefur til muna störfum með margvísleg efni og efnasambönd, sem geta verið hættuleg. Mikill og vaxandi hávaði fylgir nútímalífi. Og margir vinnustaðir, sem ekki eru beinlínis hættulegir, geta er til lengdar lætur valdið streitu og ýmsum kvillum, er nú eru taldir til atvinnusjúkdóma og slíta fólki fyrir aldur fram.

Í tveim íslenskum atvinnugreinum hefur orðið þróun, sem sýnir hvað getur gerst og þarf að gerast á þessu sviði. Það eru fiskfrystihús og sláturhús, sem til skamms tíma hafa verið (og eru mörg enn) óhreinir og óhollir vinnustaðir. Ótti við kröfur heilbrigðiseftirlits í markaðslöndum leiddi til þess, að gert hefur verið stórátak með fjárfestingu fyrir milljarða króna til að gera þessi fyrirtæki svo úr garði, að þau standist ítrustu nútímakröfur, sem gerðar eru til matvælaframleiðslu. Jafnhliða hefur aðstaða starfsfólks batnað til muna, bæði við sjálft starfið, í fataherbergjum og matstofum, salernum, í hreinlætisaðstöðu allri og á fleiri vegu. Þar, sem þessar breytingar hafa tekist best, má sjá hvað hægt er að gera og verður að gera á flestum eða öllum vinnustöðum, ekki aðeins af ótta við kröfur erlendra kaupenda, heldur fyrir verkafólk okkar til þess að bæta hlutskipti þess.

Löggjöf eins og sú, er hér er farið fram á, hefur undanfarin ár verið í undirbúningi eða nýlega verið afgreidd á þjóðþingum hinna Norðurlandanna og fleiri ríkja. Danska þingið hefur þegar sett ný lög um starfsumhverfi (Lov om arbejdsmiljö) og koma þau í stað þriggja lagabálka, er allir náðu mun skemmra á þessu sviði. Norðmenn og Svíar hafa lagt mikið starf í undirbúning málsins. Hefur það verið og er til meðferðar á þingum þeirra.

Í fyrstu málsgr. þáltill. er rætt um „vinnuvernd og starfsumhverfi“, og er það mikil útvíkkun á hugtakinu „öryggi á vinnustöðum“, en öryggismálin eru þar öll innifalin. Sjálfsagt er að undirbúa slíka löggjöf í náinni samvinnu við samtök launþega og vinnuveitenda.

Í annarri málsgr. er skilgreindur tilgangur væntanlegra laga, en slík skilgreining ætti einnig að vera í lögunum sjálfum. Þar er ekki aðeins talað um að fyrirbyggja líkamlegt eða andlegt heilsutjón, heldur það markmið, að vinnustaðir verði í samræmi við lífskjör þjóðarinnar, eins hreinir, heilnæmir og vistlegir og unnt er að gera þá. Allt umhverfi á vinnustöðum verður í framtíðinni að stuðla að virðingu vinnunnar og starfsgleði hvers einstaklings. Þetta eru veigamikil mannréttindi.

Þá gerir þriðja málsgr. ráð fyrir eðlilegum íhlutunarrétti fólks um starfsumhverfi sitt. Er það grundvöllur lifandi lýðræðis, að hver einstaklingur hafi áhrif á næsta umhverfi sitt innan þjóðfélagsins og taki þátt í mótun ákvarðana, er varða daglega tilveru hans. Getur þetta gerst á margvíslegan hátt, til dæmis með kerfi samstarfsnefnda, starfi trúnaðarmanna eða fundum. Stefna skal að því, að verkefni og vandamál á þessu sviði verði sem mest leyst í samstarfi verkafólks og atvinnurekenda á hverjum vinnustað eða í hverju fyrirtæki eða stofnun. Samtök vinnumarkaðarins þurfa að sjálfsögðu að setja öllu þessu ákveðinn ramma með samkomulagi, enda er hugmyndin, að lögin verði fyrst og fremst rammalöggjöf, en nánari atvik verði skilgreind ýmist í reglugerðum eða samkomulagi.

Samkvæmt gildandi lögum er til öryggiseftirlit með stjórn og starfsliði, svo og öryggisráð, er um málefni laganna fjallar. Ekki er ætlunin að setja upp nýjar

stofnanir með hinum fyrirhuguðu lögum, heldur breyta verkefnum þessara aðila eftir nýjum ákvæðum, enda mun án efa reyna mest á opinbert aðhald á sviði öryggismálanna, eins og verið hefur, en önnur veigamikil atriði hvíla meira á samkomulagi starfsfólks og vinnuveitenda.

Fjórða málsgr. fjallar um fólk, sem hefur skerta starfsgetu af einhverjum ósjálfráðum ástæðum. Hópur „afbrigðilegra einstaklinga“ í nútíma þjóðfélagi fer sífellt vaxandi vegna framfara í læknavísindum og heilbrigðismálum, sem mjög hafa dregið úr barnadauða. Er það eitt af mestu félagslegu vandamálum nútíma þjóðfélags, hvernig hlúa skuli að þessum borgurum, tryggja þeim uppeldi og kennslu eftir getu hvers og eins og síðan starf og sem eðlilegasta sambúð við annað fólk, ef þess er kostur. Setja þarf ákvæði, er stuðlað gætu að því, að þetta fólk læki meiri þátt í almennum störfum með heilbrigðum, frekar en að loka það allt inni á stofnunum eða við sérstaka vinnu.

Alþýðuflokkurinn flytur þessa tillögu í þeirri trú, að með henni sé hrevft stórmáli, er varðar stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu. Stefnir málið að aukinni þátttöku hvers og eins í mótun umhverfis og þar með daglegs lífs, aukinnar virðingar vinnunnar og aukinnar starfsgleði.

Það er mikið og vandasamt verk að móta drög að löggjöf um þetta efni, en sem betur fer er unnt að kanna hugmyndir og reynslu frændþjóða okkar á þessu sviði og bera hana saman við íslenskar aðstæður.

Framkvæmd slíkra laga mundi ekki heldur verða hrist fram úr erminni. Hún mundi taka langan tíma, en leiða til stöðugra breytinga, uns þeim markmiðum er náð, sem sett eru. Hvert skref á þessari leið verður til góðs fyrir fleiri eða færri einstaklinga, svo og þjóðina alla.

Ályktun 33. þings Alþýðusambands Íslands.

Síðan tillaga þessi var fyrst flutt hefur 33. þing Alþýðusambands Íslands fjallað um þessi mál og gert um þau ítarlega ályktun. Fer hún hér á eftir:

„Einkennandi fyrir íslenskt atvinnulíf er hinn langi vinnutími verkafólks, sem dvelur a. m. k. þriðjung hvers sólarhrings á vinnustað, en flest mun lengri tíma starfsævinnar. Við gerum því þær kröfur, að á vinnustöðunum sé fullnægjandi öryggi og heilsuvernd og að allt sé gert til þess að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma.

Vinnustaðir eru um margt ólíkir. Vinnuumhverfi mótast af starfseminni, þ. e. húsnæði, tækjum og búnaði atvinnurekenda og svo af fólkinu sem þar vinnur. Vinnustaðirnir eru fyrst og fremst gerðir til þess að mæta kröfum framleiðslunnar, en öryggi, aðbúnaður og heilbrigði verkafólks aukaatriði.

Það er staðreynd, að afar mismunandi er búið að fólki á vinnumarkaðinum. Þegar gerður er samanburður á aðbúnaði þeirra, sem vinna annars vegar hjá opinberum stofnunum og stærri fyrirtækjum, við skrifstofu- og stjórnunarstörf, og hins vegar þeirra, sem vinna hvers konar framleiðslustörf, er miklu verr búið að þeim sem vinna framleiðslustörfin. Þessum mismun verður að breyta með stórbættu vinnuumhverfi verkafólks.

Þrátt fyrir samninga, lög og reglugerðir, sem tryggja eiga öryggi og heilbrigði verkafólks, er fjöldi vinnuslysa og atvinnusjúkdóma uggvænlegur, það sýna áþreifanleg dæmi í þessum efnum.

Öryggiseftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Reynslan hefur sýnt, að sú stofnun veldur ekki verkefninu sem henni er ætlað samkvæmt lögunum. Sama á við um Heilbrigðiseftirlit ríkisins og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga. Stofnanirnar beita ekki lagaákvæðum til þess að fá fram lagfæringar á lélegum aðbúnaði og hættulegum slysagildrum vinnustaðanna.

Forysta verkalýðsfélaga og verkafólk á vinnustöðum ber einnig sök á því ástandi, sem ríkir í þessum efnum. Það skortir skilning á gildi þess, hve vinnu-

staðurinn og vinnuumhverfið eru áhrifamiklir þættir í mótun lífs einstaklingsins. Í því efni er vinnustaðurinn jafnmikilvægur og heimili manna. Verkalýðshreyfingin verður að breyta hinu almenna, rótgróna viðhorfi, að vinnuumhverfi sé óumbreytanlegt frá því ástandi sem ríkir og ríkt hefur. Verkalýðshreyfingin sjálf verður að hafa það eitt af sínum meginverkefnum að stórauka fræðslu um gildi vinnuumhverfisins og áhrif þess á andlega og líkamlega heilsu fólks.

Til þess að breyta núverandi ástandi vinnuumhverfis verkafólks verður verkalýðshreyfingin að bera fram kröfuna um endurbætt vinnuumhverfi með sama þunga og kröfuna um styttan vinnutíma, orlof og greiðslur í veikindatilfellum. Verkalýðshreyfingin verður að vinna að eftirfarandi:

1. Að við gerð kjarasamninga verði vinnuverndarsjónarmiðið meginatriði og eigi látið víkja fyrir sérstökum greiðslum fyrir hættuleg og heilsuspillandi störf.
2. Að verkafólk öðlist rétt til fulls á við atvinnurekendur til ákvörðunar um tilhögun á vinnuumhverfinu.
3. Að trúnaðarmaður verkafólks á vinnustöðum hafi vald til að stöðva vinnu, sem að hans mati felur í sér slysahættu og/eða heilsuspillandi áhrif, þar til sameiginlegur úrskurður Heilbrigðiseftirlits eða Öryggiseftirlits og trúnaðarmanns liggur fyrir varðandi tilefni stöðvunarinnar.
4. Að verkafólki sé heimilt að leggja niður vinnu án þess að launagreiðslur falli niður til þess, ef atvinnurekandi framkvæmir ekki samningsákvæði um aðbúnað og hollustuhætti eða framkvæmir ekki fyrirmæli laga og reglugerða Heilbrigðis- og Öryggiseftirlits ríkisins.
5. Að heilbrigðisyfirvöld geri sér ljósa þýðingu vinnustaðanna með tilliti til þess að á þeim má finna ástæður margra alvarlegra sjúkdóma.
6. Að heilbrigðisyfirvöld sjái til þess að greinargóðar upplýsingar liggi fyrir um fjölda vinnuslysa og orsakir heilsutjóns á vinnustað.
7. Að Heilbrigðiseftirlit ríkisins geri starfsskrá varðandi eftirlit með heilbrigði og velferð verkafólks á vinnustöðum, sbr. 100. gr. heilbrigðisreglugerðar frá 8. febr. 1972.
8. Að verkalýðshreyfingin tryggi með samningum enn frekar en nú er, að á vinnustöðum sé allur tiltækur hlífðar- og öryggisbúnaður fyrir verkafólk og verkafólk noti þennan búnað undanbragðalaust.
9. Að þar sem óhjákvæmilegt er að vinna með skaðlegum efnum, eða undir óeðlilegu vinnuálagi skuli vinnutími styttur án launaskerðingar.
10. Að á vinnustöðum, þar sem myndast skaðleg úrgangsefni við framleiðsluna, skuli vera fullnægjandi búnaður, sem kemur í veg fyrir spillingu umhverfisins.

Þrítugasta og þriðja þing ASÍ telur að frumvarp til laga um vinnuvernd, sem samið var að tilhlutan félagsmálaráðherra 1973, hafi stefnt til bóta í vinnuverndarmálum, einkum vegna þess, að þar er gert ráð fyrir að öll lög varðandi vinnuvernd séu felld í einn lagabálk og sett undir eitt ráðuneyti. Frumvarpið er að nokkru leyti sniðið eftir norskri vinnuverndarlöggjöf. En svo var einnig um frumvarp um vinnuvernd er samið var af svonefndri „vinnutímanefnd", er skipuð var samkv. þingsályktun Alþingis á árinu 1965, en hlaut ekki verðskuldaða athugun og var aldrei lagt fyrir Alþingi.

Síðan frumvarpið var samið hefur margt breyst í þessum efnum, ný vandamál hafa skapast og þekking aukist varðandi vinnuverndarmál. Nú er unnið að nýrri vinnuverndarlöggjöf í Svíþjóð og Noregi. Samband Alþýðusambanda á Norðurlöndum hefur gefið út stefnuyfirlýsingu um vinnuverndarmál, og ráðagerðir um samræmda vinnuverndarlöggjöf fyrir Norðurlöndin öll hafa lengi verið á döfinni, en eigi er vitað hvenær þau áform ná fram að ganga.

Vegna þessa telur 33. þing ASÍ að vinnuverndarfrumvarpið frá 1973 þurfi að endursemja sem fyrst.

Við samningu nýs frumvarps á grundvelli hins gamla verður að tryggja að meginmarkmið verkalýðshreyfingarinnar um gjörbreytt vinnuumhverfi nái fram."

Sþ. 302. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga.

(Lögð fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

Alþingi ályktar að staðfesta niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga, sem undirrituð var hinn 4. febrúar 1977.

Niðurstaðan er prentuð sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja, sem fram fóru hinn 4. febrúar 1977 í Reykjavík, um heimildir annars vegar íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar færeyinga til loðnuveiða við Ísland. Niðurstaðan gerir ráð fyrir, að hvor aðili um sig hafi heimild til að veiða allt að 25 000 smálestum af framangreindum fisktegundum. Kolmunnaveiðarnar mega stunda 15 til 17 íslensk skip. Á sama hátt geta 15 færeysk skip stundað loðnuveiðarnar, þó aldrei fleiri en átta í senn. Þau fiskiskip, sem umræddar veiðar stunda, skulu hlíta sömu reglum og innlend skip við samskonar veiðar, þ. á m. að því er varðar friðunarsvæði og lokun svæða yfirleitt. Einnig telja aðilar æskilegt, að stofnað verði til samvinnu um rannsóknir á göngu kolmunna á svæðinu milli Íslands og Færeyja.

Fylgiskjal.

VIÐRÆÐUR
milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja.

Hinn 4. febrúar 1977 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um gagnkvæman rétt til fiskveiða og varð niðurstaðan þessi:

Veiðar innan fiskveiðimarka Íslands.

Innan íslensku fiskveiðimarkanna, eins og þau eru ákveðin með reglugerð nr. 299 frá 15. júlí 1975, skal 15 skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, heimilt að veiða loðnu til bræðslu í heimalandi á vetrarvertíðinni 1977, allt að 25000 smálestum samtals. Aldrei skulu fleiri en átta skipanna vera samtímis innan fiskveiðimarkanna.

Færeyska landsstjórnin lætur íslenskum stjórnvöldum í té lista yfir nefnd 15 skip til samþykktar. Skip þessi skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við

SAMRÖÐUR
millum umboð fyri íslendsku stjórnina og umboð fyri Föroya landsstýri.

Samröður hava verið í Reykjavík 4. februar 1977 millum umboð fyri íslendsku stjórnina og Föroya landsstýri um sínámillum fiskirættindi. Niðurstöðan varð:

Fiskiveiða á íslendsku landleiðini.

Á íslendsku landleiðini so sum fyrisett í reglugerð nr. 299 frá 15. julí 1975 verður heimilað 15 föroyskum skipum at veiða tilsamans 25 000 tons av loðnu til bræðingar í heimalandi skipanna í vetrarveiðitíðini 1977, tó mugu í mesta lagi 8 skip í senn vera innan íslendskt fiskimark í hesi vinnu.

Föroya landsstýri sendur íslendsku myndugleikunum növnini á 15 skipum til samtyktar. Hesi skip skulu lúka somu reglur sum íslendsk skip á loðnuveiðu

loðnuveiðar, þar á meðal reglum um friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning ofangreindra færeyskra skipa skal daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni, meðan þau stunda veiðar innan fiskveiðimarka Íslands. Við brottför af veiðisvæði hverju sinni skal skipstjóri hvers skips tilkynna Loðnunefnd hvar aflinn er veiddur og áætlað aflamagn, en staðfestar aflatölur skulu síðan sendar Fiskifélagi Íslands.

Veiðar innan fiskveiðimarka Færeyja.

Innan færeysku fiskveiðimarkanna skal 15 skipum, sem skrásett eru á Íslandi, heimilt að veiða kolmunna til löndunar í heimalandi frá byrjun mars til júníloka 1977, allt að 25000 smálestum samtals. Ef notaðar eru tveggja skipa vörpur eykst fjöldi skipa í 17.

Íslensk stjórnvöld láta færeysku landsstjórninni í té lista yfir nefnd skip til samþykktar. Skip þessi skulu hlíta sömu reglum og færeysk skip við kolmunnaveiðar, þar á meðal reglum um friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning ofangreindra íslenskra skipa skal daglega tilkynnt færeysku landhelgisgæslunni (vagtar- og bjargingartænastuni), meðan þau stunda veiðar innan fiskveiðimarka Færeyja. Einnig skal nefndri stofnun tilkynnt koma skips í fiskveiðilögsögu Færeyja og brottför þess þaðan. Aflamagn skal tilkynnt Sjávarútvegsstofnuninni (Fiskivinnustovuni) eftir hverja löndun.

Rannsóknir á göngu kolmunna.

Íslensk og færeysk stjórnvöld telja æskilegt, að stofnað verði til samvinnu íslenskra og færeyskra fiskifræðinga um rannsóknir á göngu kolmunna á svæðinu milli Íslands og Færeyja.

Skipan þessi er háð samþykki Alþingis og Lögþings Færeyja.

millum hesar, reglur um friðaðar leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.

Omanfyri nevndu föroysku skipini skulu dagliga boða íslendsku sjóverjuni frá, hvar tey eru stödd, meðan tey fiska innanfyri íslendska fiskimarkið. Skiparin á hvörjum skipi skal, hvörja ferð hann fer av veiðiökinum, boða Loðnunevndini frá, hvar veiðan er tikin og ætlaðu veiðinögdina. Váttað veiðinögd skal síðani sendast Fiskifélagi Íslands.

Fiskiveiða á föroysku landleiðini.

15 skipum skrásett í Íslandi verður heimilað at veiða tilsamans 25 000 tons av svartkjafti til at landa í heimalandinum frá fyrst í mars til síðast í juni 1977. Um partrol verður nýtt, gerst skipatalið 17.

Íslendsku myndugleikarnir senda Föroya landsstýri növnini á skipunum til samtyktar. Hesi skip skulu lúka somu reglur sum föroysk skip á svartkjaftaveiðu millum hesar, reglur um friðaðar leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.

Omanfyri nevndu íslendsku skip skulu dagliga boða Vagtar- og bjargingartænastuni í Föroyum frá, hvar tey eru stödd, meðan tey fiska innan fyri föroyska fiskimarkið. Somuleiðis skulu skipini boða nevnda stovni frá komu í föroyskan sjógv og fráferð. Fráboðan um veiðinögd skal aftaná hvörja landing verða send Fiskivinnustovuni.

Rannsöknir um svartkjaftagongdina.

Íslendskir og föroyskir myndugleikar eru samdir í ynskinum um, at samvinna verður tikin upp millum íslendskar og föroyskar fiskifröðingar um rannasöknir í svartkjaftagongdini á leiðini millum Íslands og Föroya.

Hendan skipan er treytað av samtykt Altingsins og Föroya lögtings.

Reykjavík, 4. febrúar 1977.

Staðfest:

Einar Ágústsson
Matthías Bjarnason.

Atli Dam
Pétur Reinert.

Sþ. 303. Fyrirspurnir. [156. mál]

I. Til samgönguráðherra um jöfnun símgjalda.

Frá Helga F. Seljan.

Hvers vegna var ekki við síðustu gjaldskrárhækkun Pósts og síma framkvæmd jöfnun símgjalda í samræmi við samþykkt Alþingis frá 25. mars 1974?

II. Til samgönguráðherra um niðurstöður athugana á vetrarvegi um Breiðadalsheiði.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Er lokið þeirri athugun, sem gera átti um gerð varanlegs vetrarvegar yfir Breiðadalsheiði, svo og kostnaðaráætlun því að lútandi?
2. Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöður þeirrar athugunar?
3. Hvenær má búast við að framkvæmdir geti hafist?

Sþ. 304. Nefndarálit [155. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar.

Alþingi, 8. febr. 1977.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Friðjón Þórðarson, fundaskr., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson.
Gils Guðmundsson.	Tómas Árnason.	Benedikt Gröndal.

Sþ. 305. Þingsályktun [155. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 302.

Sþ. 306. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um raforkusölu á framleiðslukostnaðarverði til orkufreks iðnaðar.

Flm.: Páll Pétursson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að eftirleiðis sé óheimilt að gera samninga um raforkusölu til orkufreks iðnaðar nema þeir séu þannig úr garði gerðir að tryggt sé að ætíð sé greitt meðalframleiðslukostnaðarverð fyrir heildarframleiðslu raforku í landinu,

þannig að öruggt sé að íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.

Þessi trygging sé þannig úr garði gerð að verðlag raforku sé endurskoðað árlega og samninga sé óheimilt að gera til mjög langs tíma.

Greinargerð.

Dapurleg reynsla af samningum þeim, sem íslendingar hafa gert um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar, gerir það brýna nauðsyn að Alþingi taki af skarið um það að þannig sé óheimilt að leggja drög að samningum. Það hefur verið leiðarljós íslenskra samningamanna að reikna út af mikilli bjartsýni orkuverð frá hverju orkuveri, sem í byggingu hefur verið, fyrir sig og gera síðan samninga til mjög langs tíma um sölu á mestallri orkunni á því verði sem þeir vonuðu að hægt yrði að framleiða hana í orkuverinu og verðjafna við eldri virkjanir sem afskrifaðar voru. Að sjálfsögðu hafa orkuverin sífellt orðið dýrari, orka frá Sigölduvirkjun dýrari en frá Búrfellsvirkjun, Hrauneyjarfossvirkjun verður dýrari en Sigölduvirkjun og orka frá Kröfluvirkjun kann að verða nokkru dýrari í framleiðslu en ráðherra spáði þegar hafist var handa um framkvæmdir við Kröflu. Þessari þróun valda ýmsar ástæður. Verðbólga hefur verið í veröldinni, vaxtakjör sífellt óhagstæðari, hagkvæmustu virkjunarvalkostirnir væntanlega teknir fyrst, ófyrirsjáanleg atvik geta hent í náttúrunni, þannig að næsta virkjun verður dýrari þeirri seinustu.

Samningar þeir, sem gerðir hafa verið — meira að segja við fyrirtæki í eigu útlendinga, hafa verið á þá lund að raforkunotendur hafa fyrr en varir verið farnir að greiða niður raforkuverðið til stóriðjunnar. Svo er nú komið, að orkuverð til stóriðju er hér verulega lægra en í nálægum löndum, t. d. helmingi lægra en í Noregi.

Norðmenn hafa í undirbúningi löggjöf um orkusölu Statskraftverkene til orkufreks iðnaðar, og gera þeir ráð fyrir ákveðnu lágmarksverði (áætlað 6 aurar 1. 1. 1976 við stöðvarvegg) og breytist það síðan árlega samkvæmt kostnaðarbreytingum. (Sjá St. prp. nr. 81 — 1975—76 Om pris og andre vilkår for Statskraftverkenes leveringer av kraft til kraftkrevende industri. Til rådning fra Industridepartementet av 9. jan. 1976 godkjent ved kongelig resolusjon samme dag. (Foredraget af statsråd Ingvald Ulveseth). Enn fremur Innst. S. nr. 211. Innstilling fra industrikomitéen fra 11. mars 1976).

Þrátt fyrir það að norðmenn ákveði lágmarksverð á stóriðjuraforku svo miklu hærra en íslendingar gera samninga um, þá er raforkuverð í Noregi samkvæmt upplýsingum Sambands ísl. rafveitna 11. 1. 1976 til heimilisnotkunar 5.29 kr. kwst., en á Íslandi (meðaltal á landinu) 12.54 kr. kwst. og heildsöluverð í júní 1976 miðað við 100 gwst. og 4500 stunda nýtingartíma í Noregi 1.89 kr. á móti 3.28 á Íslandi.

Flm. telja, að þetta ástand sé óviðunandi og óhjákvæmilegt sé að Alþingi setji reglur sem tryggi það að aldrei geti komið til þess að almennir notendur greiði niður raforkuverð til orkufreks iðnaðar og glati þannig því hagræði sem við ættum að geta haft af okkar dýrmætu orkulindum.

Nd. 307. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um könnun á hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu.

Flm.: Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé og tímabært að auka verðgildi íslenskrar krónu þannig að 100 krónur verði að einni. Við mat á hagkvæmni þessarar breytingar á verðgildi gjaldmiðilsins skal þess gætt, hvort hún stuðlar að hagkvæmri myntsláttu og seðlaútgáfu jafnframt því að auka

virðingu almennings og traust á gildi peninga. Í þessu sambandi er ríkisstjórninni falið að láta meta, hvort kostnaður við áðurnefnda gjaldmiðilsbreytingu yrði verulegur, ef hún yrði framkvæmd þannig að núgildandi seðlar og mynt yrðu í umferð að meira eða minna leyti samtímis nýjum gjaldmiðli í ákveðinn umþóttunartíma, t. d. 2—3 ár.

Greinargerð.

Alkunna er að verðmæti íslenskrar krónu hefur rýrnað gífurlega undanfarna áratugi og miklum mun meira en gjaldmiðill nágrannalanda. Á meðfylgjandi fylgiskjölum kemur fram hvernig þessi verðmætisrýrnun krónunnar hefur átt sér stað, bæði að því er varðar viðmiðun við gjaldmiðil annarra þjóða (þ. e. a. s. Bandaríkjadollar) svo og hvernig verðbólgan hefur rýrt verðgildi hennar mælt í ýmsum vísitölum. Fram kemur m. a. að þegar skráning var tekin upp á gengi 1941 fékkst bandaríkjadollar fyrir kr. 6.49, en hinn 25. jan. s. l. fékkst hann fyrir kr. 191.05.

Orsakir þessa verðfalls íslensku krónunnar á um það bil þriðjungi aldar frá því þjóðin öðlaðist sjálfstæði verða ekki raktar hér. Slíkt yrði of viðamikið og flókið mál, enda má ætla að skoðanir séu mjög skiptar um hvers vegna þessi óheillaþróun hefur orðið. Staðreyndin blasir við óhagganleg, og þegar rætt er um hvort ekki sé tímabært og hagkvæmt að breyta verðmæti gjaldmiðilsins sýnist einlægast að horfast í augu við þessa staðreynd og meta kosti og galla gjaldmiðilsbreytingar frá þeim sjónarhóli.

Fyrir skömmu var slegin krónumynt sem er svo léttvæg að hún flýtur á vatni. Til þessa ráðs mun hafa verið gripið til þess að kostnaður við myntsláttuna yrði meira í hátt við verðmæti myntarinnar en ella, þótt hvergi nærri hafi verið unnt að ná þar endum saman. Augljóst er að slík vatnsfleytikróna hefur miður góð áhrif á virðingu almennings fyrir gildi gjaldmiðils okkar, krónunnar, svo ekki sé dýpra tekið í árinni. Þá hefur verið frá því sagt í fjölmiðlum, að í undirbúningi sé útgáfa 10 000 króna seðils. Sannleikurinn er sá, að hvort tveggja er nauðsyn, eins og verðgildi krónunnar er nú. Auðvitað þarf að gæta hagsýni í myntsláttu og til þurfa að vera seðlar sem eru handhægir í viðskiptalífinu. Hvort tveggja þetta vekur þó spurningar um það, hvort ekki sé nú tímabært að breyta verðgildi krónunnar, — hvort það sé ekki bæði til þess að auka virðingu fólks fyrir íslensku krónunni og stuðli að hagkvæmari myntsláttu og seðlaútgáfu. Spyrja mætti hvort nú ætti ekki að slá 1 krónu sem jafngildi 100 króna seðli, því þörf er orðin brýn á stærri sleginni mynt. Í annan stað mætti spyrja: Er ekki hagkvæmara að gefa út myndarlegan — kannske stóran rauðan (sbr. gamla 100 kr. seðilinn) eitt hundrað króna seðil, sem jafngildi 10 000 núgildandi krónum, í stað þess að búa til nýjan 10 000 króna seðil?

Virðing fyrir gjaldmiðlinum.

Markmiðið með því að hundraðfalda verðgildi krónunnar er auðvitað fyrst og fremst að auka virðingu almennings fyrir verðmæti peninga. Traust almennings á verðgildi peninga er grundvallaratriði ef viðleitni til þess að hemja verðbólgu á að takast. Sé verðgildi gjaldmiðilsins aukið, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir, þannig að framkvæmdin valdi ekki tortryggni hjá almenningi, er einsýnt að slík verðgildisaukning yrði mikilvægur þáttur í auknu trausti fólks á stöðugra verðgildi peninga. Sú könnun, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir, yrði því að skoðast sem *liður í samræmdum aðgerðum til þess að hamla gegn þeirri miklu verðbólgu* sem staðreynd er að geisað hefur hér á landi einkum á síðustu árum og glöggt má sjá hve risavaxin er á fskj. III hér á eftir. Slík verðbólga er ólýsanlegt félagslegt og efnahagslegt þjóðarmein, sem verður að lækna sem fyrst ef ekki á illa að fara og

fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í hættu. Nú vinnur stjórnskipuð nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins, að úttekt á verðbólguvandanum og að tillögugerð til úrbóta. Hvort sem menn verða sammála um enn víðtækari úrræði en beitt hefur verið er einsýnt að stjórnvöld verða á næstu missirum hvað sem því líður að beita hörðum og víðtækum aðgerðum gegn verðbólgunni ef takast á að hemja hana innan þolanlegra marka. Í því sambandi kemur til álita sem einn liður í slíkum aðgerðum að auka verðgildi gjaldmiðilsins og er því nauðsynlegt að slík könnun fari fram sem þessi tillaga fjallar um.

Framkvæmd gjaldmiðilsbreytingar.

Hundraðföldun á verðgildi gjaldmiðilsins hefur í för með sér hagkvæmt kerfi myntar og seðla. „Nýkróna“ yrði stærsta myntin og jafngilti núverandi 100 króna seðli. Mikil þörf er orðin fyrir slíka mynt. Aurar yrðu slegnir á nýjan leik og er spurning hvort slá ætti minni mynt en 5 aura (jafngildi núgildandi 5 króna). Í nágrannalöndum okkar jafngildir minnsta mynteining yfirleitt nálægt 2 krónum íslenskum. Seðlakerfi „Nýkrónu“ yrði einnig handhægt: 5 króna seðill, 10 króna seðill, 50 króna seðill og 100 króna seðill, en hann jafngilti 10 000 krónum, en fyrir slíkan seðil er orðin þörf.

Auðvelt yrði að framkvæma slíka gjaldmiðilsbreytingu smátt og smátt á ákveðnu árabili. Ný mynt og seðlar yrðu tekin í notkun eftir þörfum og yrðu í umferð samtímis eldri myntinni. Gildi nýrrar myntar og seðla yrði einungis hundraðfalt á við eldri gjaldmiðil, en hann yrði smátt og smátt tekinn úr notkun. Kostnaður við þessa framkvæmd gjaldmiðilsbreytingar yrði miklu minni en ef framkvæma ætti hana í einni svipan. Slá þarf hvort eð er nýja mynt annað slagið vegna úreldingar þótt ekki sé breytt um gjaldmiðil. Sama máli gegnir um seðla. Kostnaðurinn við gjaldmiðilsbreytinguna yrði vafalaust einhver, en augljóst er að hann er hverfandi móti því ef breyta þyrfti um í einu vetfangi. Þá er þessi framkvæmd líkleg til þess að draga úr tortryggni fólks vegna breytingarinnar þar sem það gæti á nokkru árabili fengið nýja krónu fyrir núverandi 100 króna seðil o. s. frv.

Þessi framkvæmd gjaldmiðilsbreytingar er ekki óþekkt. Þannig var gjaldmiðilsbreyting framkvæmd í Frakklandi á sínum tíma og gafst vel.

Fyrri athuganir á gjaldmiðilsbreytingu.

Oft hefur áður verið rætt um það hér á landi, hvort taka eigi upp nýjan og stærri gjaldmiðil. Flestar tillögur um það efni hafa þó verið um tíföldun verðmætisins. Slík gjaldmiðilsbreyting er þó augljóslega erfiðari í framkvæmd en hundraðföldun, bæði reikningslega og einnig er hún dýrari, þar sem helst þyrfti í slíku tilviki að slá alla mynt og prenta nýja seðla og skipta á fáum dögum.

Árið 1962 starfaði nefnd á vegum þáverandi fjármálaráðherra, Gunnars Thoroddsens, að því að athuga hvaða breytingar væri heppilegt að gera á myntkerfinu. Í nefndinni voru Sigtryggur Klemenzson, og var hann jafnframt formaður hennar, en auk hans Jóhannes Nordal og Klemens Tryggvason. Nefndin gerði tillögur um, að verðmæti gjaldmiðilsins yrði tífaldað, og rökstuddi hún tillögur sínar með jákvæðum sálrænum áhrifum breytingarinnar og hagkvæmni þess að losna við smámyntir undir 10 aurum að þágildandi verðmæti. Tillögur þessar hlutu þó ekki hljómgrunn stjórnvalda, einkum vegna kostnaðar sem þær hefðu í för með sér.

Árið 1972 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi frá Birni Pálssyni. Meginefni hennar var að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvort tímabært þætti og hagkvæmt að auka verðgildi íslenskrar krónu þannig að 10 kr. verði að einni.

Allsherjarnefnd Sþ. fékk ítarlega umsögn frá Seðlabankanum um þessa tillögu. Þar kom fram að bankastjórnin taldi ekki tímabært að tífalda verðgildi krónunnar, en aðkallandi væri að gera tilteknar breytingar á myntkerfinu. Í greinargerð bankans segir á hinn bóginn svo í niðurstöðum:

„Loks telur bankastjórnin æskilegt, að kannað verði með almennum umræðum innan Alþingis og utan, hvort menn telja upptöku stærri gjaldmiðilseiningar gagnlega ráðstöfun og líklega til þess að auka virðingu og traust manna á gjaldmiðli þjóðarinnar. **Fái þessi hugmynd nægilega jákvæðar undirtektir, mætti hugsanlega stefna að því, að tekin yrði upp ný gjaldmiðilseining, er væri jafngildi 100 kr.** (leturbreyting flm.). Verður það varla fyrr en eftir nokkur ár, svo að nægur tími er til að athuga tæknihliðar málsins betur. Meðal annars þarf að áætla þann kostnað, sem gjaldmiðilsbreytingu yrði samfara, en hann hlyti að verða mjög verulegur."

Þessi umsögn bankastjórnarinnar frá 15. mars 1972 bendir til að hún telji nú tímabært að ræða hundraðföldun á verðgildi gjaldmiðilsins. Um kostnaðarhlið málsins vísast til þeirrar tilhögunar á gjaldmiðilsbreytingunni, sem að framan greinir, og hversu sú aðferð mundi draga mjög verulega úr kostnaði við breytinguna.

Fylgiskjal 1.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

2. febrúar 1977.

Helstu breytingar á skráðu gengi Bandaríkjadollars hjá íslenskum bönkum 1941—1973.

Tilgreint er meðalgengi kaups og sölu.

Skráð frá:		Skráð frá:	
4. apríl 1941	6.49	27. nóvember 1967	57.00
21. september 1949	9.34	12. nóvember 1968	88.00
20. mars 1950	16.29	19. desember 1972	97.75
22. febrúar 1960	38.05	30. apríl 1973	91.15
4. ágúst 1961	43.00		

Frá 15. júní 1973 varð gengi krónunnar fljótandi og hefur verið það síðan. (Sbr. fskj. II).

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Breyting á meðalgengi Bandaríkjadollars gagnvart íslenskri krónu.

Dagsetning	Meðalgengi	Breyting %	Dagsetning	Meðalgengi	Breyting %
15/6 1973	89.15		30/12 1974	118.50	0.25
25/6 1973	88.65	÷0.56	29/1 1975	118.80	0.25
29/6 1973	88.15	÷0.56	4/2 1975	119.50	0.59
3/7 1973	87.65	÷0.57	14/2 1975	149.40	25.02
16/7 1973	87.20	÷0.51	25/3 1975	149.60	0.13
18/7 1973	86.80	÷0.46	4/4 1975	150.10	0.33
14/9 1973	83.80	÷3.46	10/4 1975	150.50	0.27
3/1 1974	84.70	1.07	14/4 1975	150.80	0.20
7/1 1974	85.20	0.59	15/5 1975	151.20	0.27
8/1 1974	86.20	1.17	16/5 1975	151.40	0.13
15/1 1974	87.20	1.16	27/5 1975	151.60	0.13
1/2 1974	86.80	÷0.46	30/5 1975	152.20	0.40
5/2 1974	86.40	÷0.46	5/6 1975	152.40	0.13
12/2 1974	86.00	÷0.46	9/6 1975	152.70	0.20
15/2 1974	85.60	÷0.47	13/6 1975	153.00	0.20
4/3 1974	86.20	0.70	18/6 1975	153.20	0.13
13/3 1974	86.70	0.58	19/6 1975	153.40	0.13
1/4 1974	87.10	0.46	23/6 1975	153.60	0.13
3/4 1974	87.60	0.57	24/6 1975	153.80	0.13
9/4 1974	88.10	0.57	27/6 1975	154.10	0.20
22/4 1974	88.50	0.45	30/6 1975	154.30	0.13
2/5 1974	88.90	0.45	1/7 1975	154.60	0.19
15/5 1974	89.30	0.45	2/7 1975	154.80	0.13
17/5 1974	93.00	4.14	3/7 1975	155.00	0.13
29/5 1974	93.50	0.54	4/7 1975	155.20	0.13
30/5 1974	94.00	0.53	7/7 1975	155.50	0.19
24/6 1974	94.40	0.43	10/7 1975	155.80	0.19
25/6 1974	94.80	0.42	14/7 1975	156.10	0.19
11/7 1974	95.40	0.63	15/7 1975	156.40	0.19
26/7 1974	96.00	0.63	16/7 1975	156.80	0.26
30/7 1974	96.40	0.42	18/7 1975	157.00	0.13
6/8 1974	96.70	0.31	21/7 1975	157.30	0.19
8/8 1974	97.20	0.52	23/7 1975	157.70	0.25
12/8 1974	97.40	0.21	25/7 1975	158.00	0.19
13/8 1974	97.70	0.31	29/7 1975	158.50	0.32
16/8 1974	98.00	0.31	31/7 1975	158.90	0.25
19/8 1974	98.40	0.41	7/8 1975	159.30	0.25
2/9 1974	118.50	20.43	8/8 1975	159.70	0.25
9/10 1974	117.90	÷0.51	11/8 1975	160.00	0.19
18/11 1974	117.20	÷0.59	21/8 1975	160.30	0.19
21/11 1974	117.60	0.34	26/8 1975	160.70	0.25
26/11 1974	117.20	÷0.34	1/9 1975	160.90	0.12
2/12 1974	117.50	0.26	12/9 1975	161.40	0.31

Dagsetning	Meðalgengi	Breyting %	Dagsetning	Meðalgengi	Breyting %
13/12 1974	117.80	0.26	16/9 1975	161.70	0.19
19/12 1974	118.20	0.34	17/9 1975	162.30	0.37
18/9 1975	162.70	0.25	12/4 1976	178.60	0.11
22/9 1975	163.00	0.18	21/4 1976	179.00	0.22
23/9 1975	164.00	0.61	23/4 1976	179.50	0.28
29/9 1975	164.50	0.30	26/4 1976	179.90	0.22
30/9 1975	164.70	0.12	4/5 1976	180.20	0.17
3/10 1975	165.00	0.18	7/5 1976	180.40	0.11
15/10 1975	165.40	0.24	13/5 1976	180.60	0.11
28/10 1975	165.70	0.18	14/5 1976	180.80	0.11
4/11 1975	166.00	0.18	17/5 1976	181.60	0.44
5/11 1975	166.20	0.12	21/5 1976	182.30	0.39
6/11 1975	166.50	0.18	26/5 1976	182.60	0.16
11/11 1975	166.80	0.18	28/5 1976	183.00	0.22
12/11 1975	167.10	0.18	1/6 1976	183.30	0.16
14/11 1975	167.70	0.36	2/6 1976	183.80	0.27
17/11 1975	168.10	0.24	16/6 1976	183.60	÷0.11
18/11 1975	168.30	0.12	18/6 1976	183.90	0.16
24/11 1975	168.50	0.12	22/6 1976	184.10	0.11
26/11 1975	168.70	0.12	2/7 1976	183.90	÷0.11
27/11 1975	169.00	0.18	9/7 1976	184.20	0.16
28/11 1975	169.30	0.18	14/7 1976	184.00	÷0.11
8/12 1975	169.50	0.12	16/7 1976	184.40	0.22
10/12 1975	169.70	0.12	23/7 1976	184.60	0.11
12/12 1975	169.90	0.12	6/8 1976	184.80	0.11
19/12 1975	170.10	0.12	12/8 1976	185.00	0.11
30/12 1975	170.80	0.41	16/8 1976	185.20	0.11
9/1 1976	171.10	0.18	25/8 1976	185.50	0.16
2/3 1976	171.40	0.18	31/8 1976	185.70	0.11
4/3 1976	171.60	0.12	8/9 1976	185.80	0.05
5/3 1976	172.10	0.29	9/9 1976	186.10	0.16
8/3 1976	172.50	0.23	20/9 1976	186.30	0.11
9/3 1976	172.70	0.12	21/9 1976	186.50	0.11
10/3 1976	172.90	0.12	24/9 1976	186.90	0.21
11/3 1976	173.50	0.35	28/9 1976	187.30	0.21
12/3 1976	173.70	0.12	4/10 1976	187.50	0.11
15/3 1976	174.70	0.58	6/10 1976	187.70	0.11
16/3 1976	174.90	0.11	11/10 1976	187.90	0.11
17/3 1976	175.10	0.11	14/10 1976	188.10	0.11
19/3 1976	175.30	0.11	18/10 1976	188.60	0.27
22/3 1976	175.70	0.23	19/10 1976	188.80	0.11
23/3 1976	175.90	0.11	25/10 1976	189.10	0.16
24/3 1976	176.10	0.11	27/10 1976	189.30	0.11
29/3 1976	176.50	0.23	28/10 1976	189.50	0.11
30/3 1976	176.70	0.11	2/11 1976	189.70	0.11
1/4 1976	176.90	0.11	10/1 1977	190.00	0.16
2/4 1976	177.50	0.34	11/1 1977	190.20	0.11
5/4 1976	177.80	0.17	14/1 1977	190.40	0.11
6/4 1976	178.00	0.11	19/1 1977	190.70	0.16
9/4 1976	178.40	0.22	25/1 1977	191.05	0.18

Þróun verðlags 1950—1976.

Þjóðhagsstofnun

	Vísitala framfærslukostnaðar		Vísitala vöru og þjónustu		Vísitala byggingarkostnaðar		Verðlag þjóðarframleiðslu	
	Vísitala	Breyting frá f. ári %	Vísitala	Breyting frá f. ári %	Vísitala	Breyting frá f. ári %	Vísitala	Breyting frá f. ári %
1950	100.0	–	100.0	–	100.0	–	100.0	–
1951	127.7	27.7	134.6	34.6	127.9	27.9	126.6	26.6
1952	143.5	12.4	153.1	13.7	150.1	17.4	142.9	12.9
1953	142.7	÷0.6	151.3	÷1.2	152.2	1.4	149.3	4.4
1954	144.2	1.0	153.1	1.2	158.7	4.3	152.4	2.1
1955	150.3	4.2	160.2	4.6	171.8	8.3	160.0	5.0
1956	165.6	10.2	176.8	11.6	195.1	13.6	184.2	15.1
1957	172.4	4.1	186.8	4.5	212.4	8.9	196.9	6.9
1958	182.6	5.9	199.1	6.6	224.3	5.6	211.2	7.3
1959	185.1	1.4	202.1	1.5	244.4	9.0	234.1	10.9
1960	188.6	1.9	222.9	10.3	258.4	5.7	252.6	7.9
1961	197.6	4.8	249.0	11.7	293.3	13.5	287.5	13.8
1962	219.3	11.0	278.8	12.0	323.5	10.3	318.5	10.8
1963	247.7	13.0	313.3	12.4	348.6	7.8	345.2	8.4
1964	295.9	19.5	374.8	19.6	399.7	14.7	401.9	16.4
1965	317.0	7.1	402.6	7.4	466.4	16.7	453.0	12.7
1966	351.1	10.8	454.2	12.8	535.9	14.9	500.7	10.5
1967	362.8	3.3	469.2	3.3	550.9	2.8	515.5	3.0
1968	420.6	15.9	545.0	16.2	615.5	11.7	587.1	13.0
1969	511.7	21.7	676.3	24.1	756.8	23.0	707.6	20.5
1970	579.1	13.2	772.9	14.3	887.1	17.2	823.4	16.4
1971	616.1	6.4	829.7	7.4	994.8	12.1	930.3	13.0
1972	679.8	10.3	949.4	14.4	1 213.7	22.0	1 093.7	17.6
1973	830.7	22.2	1 183.9	24.6	1 551.2	27.8	1 440.3	31.7
1974	1 188.0	43.0	1 683.0	42.2	2 357.9	52.0	2 031.3	41.0
1975	1 769.8	49.0	2 528.4	50.2	3 850.6	42.1	2 866.2	41.1
1976 spá	2 336.1	32.0	3 337.5	32.0	4 188.3	25.0	3 777.6	31.8
Meðalbreytingar								
1951—1955		8.9		10.6		11.9		10.2
1956—1960		4.7		6.9		8.6		9.6
1961—1965		10.1		12.6		12.6		12.4
1966—1970		13.0		14.1		13.9		12.7
1971—1975		26.2		27.8		31.2		28.9
1951—1960		6.8		8.7		10.2		9.9
1961—1970		12.0		13.4		13.3		12.6
1951—1976		13.5		15.1		16.0		15.4

Aths.: Meðalbreytingar eru hér reiknaðar sem einföld meðaltöl breytinga frá fyrra ári í %.

Heimild: 1) Vísitölur framfærslukostnaðar, vöru og þjónustu og byggingarkostnaðar 1950—1975: Hagstofa Íslands, Tölfræðihandbók 1974, Hagtíðindi.
2) Verðlag þjóðarframleiðslu og spár 1976: Þjóðhagsstofnun.

Nd. 308. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Garðar Sigurðsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laga nr. 66/1963, sbr. lög nr. 108/1972, orðist þannig:

Bráðabirgðaákvæði.

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér þá tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 2. málsgr. 205. gr. laga þessara, sbr. 1. gr. laga nr. 108/1972:

1. Dánarbætur:
   a) 2 milljónir króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsgr. 35. gr. almannatryggingalaga.
   c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsgr. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar skv. 33. gr. almannatryggingalaga og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
   b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 6 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Haustið 1972 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á siglingalögum, nr. 66/1963, þess efnis að samræma ákvæði þeirra laga fyrirhuguðum breytingum á almannatryggingalögum. Við meðferð málsins í neðri deild Alþingis lögðu sex alþingismenn — þeir Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, Jón Skaftason, Garðar Sigurðsson og Pétur Sigurðsson — fram breytingartillögu við frv. þar sem m. a. var lagt til, að við siglingalögin yrði bætt nýju ákvæði, bráðabirgðaákvæði, þar sem tiltekið væri hvaða tryggingar útgerðarmaður þyrfti að kaupa fyrir skipverja til þess að teljast laus undan frekari ábyrgð skv. 1. gr. þessa frv. (2. mgr. 205. gr. siglingalaganna). Tillaga þingmannanna var á þá lund, að bráðabirgðaákvæði þetta hljóðaði sem hér segir:

„Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

1. Dánarbætur:
   a) 1 milljón króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsgr. 35. gr. almannatryggingalaga.
   c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsgr. sömu gr.
2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
   b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið."

Breytingartillaga þessi var samþykkt og frumvarpið ásamt þeirri breytingu samþykkt sem lög frá Alþingi 21. desember 1972.

Hinn 6. september s. l. voru gefin út bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna og með þeirri afgreiðslu lögfestir samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir voru sem fylgiskjöl með bráðabirgðalögunum. Eitt atriði þeirra samninga, sem þannig voru lögfestir, var sameiginlegt ákvæði fyrir vertíðarsamning, síldar- og loðnusamning og flutningasamning þess efnis, að um líf og örorkutryggingu færi samkvæmt ákvæðum framangreinds bráðabirgðaákvæðis siglingalaganna, með þeirri breytingu þó, að dánarbætur hækki úr 1 millj. kr. í 2 millj. kr. og örorkubætur úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr. Bráðabirgðaákvæði siglingalaganna hefur enn ekki verið breytt til samræmis við þetta, með þeim afleiðingum, að þessi hækkun á tryggingarupphæðum nær ekki til annarra sjómanna en þeirra, sem taka laun samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra samninga. Er því að þessu leyti um talsverðan aðstöðumun að ræða milli t. d. loðnuveiðisjómanna annars vegar og togarasjómanna hins vegar.

Eins og fram kemur við athugun á efni bráðabirgðaákvæðisins gætir nokkurs ósamræmis milli hinna einstöku tryggingafjárhæða, sem þar eru ákveðnar. Annars vegar er um að ræða bætur hverra bótafjárhæðir ráðast af ákvæðum almannatryggingalaga (stafliður b) og c) í tölulið 1. Dánarbætur, ásamt staflið a) í tölulið 2. Slysadagpeningar og örorkubætur), en skv. 78. gr. almannatryggingalaganna skulu þessar bótafjárhæðir breytast samkvæmt ákveðnum reglum til samræmis við breytingu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Hins vegar eru svo dánarbætur skv. staflið a) í tölulið 1 og örorkubætur skv. staflið b) í tölulið 2, en þessar bætur ákveðast af fastri upphæð, sem tiltekin er í lögum og breytast ekki nema lögunum verði breytt eða samningar takist þar um milli sjómanna og útvegsmanna.

Sjómenn hafa eðlilega unað þessari skipan mála illa — bæði því, að sömu reglur um breytingar skuli ekki gilda um tryggingabætur þeirra án tillits til þess hvers eðlis þær bætur eru, og ekki síður hinu, að með ört hækkandi verðlagi og rýrnun á gildi peninga glata bótafjárhæðir, svo sem eins og dánarbætur og örorkubætur, sem ákveðnar eru sem föst fjárhæð, fljótlega gildi sínu. Vísast í því sambandi m. a. til ályktunar um tryggingar- og öryggismál, sem samþykkt var á 10. þingi Sjómannasambands Íslands í október s. l., en þar er stjórn sambandsins falið að vinna að því, að lögum um slysa- og örorkutryggingu sjómanna verði breytt þannig, að tryggingaupphæðir haldi raungildi sínu.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er tvíþættur. Annars vegar að lögfesta í bráðabirgðaákvæði siglingalaganna, nr. 66/1963, þá hækkun á dánarbótum og örorkubótum, sem lögleidd var með bráðabirgðalögunum frá 6. september s. l. að tæki til

hluta sjómannastéttarinnar, þannig að sú hækkun bóta nái til allra sjómanna. Megintilgangurinn með flutningi frv. er þó annar — sá, að gengið sé til móts við óskir sjómanna um, að þessar tryggingaupphæðir haldi raungildi sínu. Í því sambandi mætti ganga út frá ýmsum viðmiðunum. Svo dæmi sé tekið mætti umreikna bótafjárhæðirnar reglulega til samræmis við breytingu á framfærsluvísitölu, kaupgreiðsluvísitölu eða vísitölu vöruverðs og þjónustu. Einnig mætti hugsa sér að áætla í upphafi árs breytingar á meðaltekjum sjómanna, sem verða kynnu á árinu, áætla tryggingaupphæðir í samræmi við þá spá og gera síðan endanlega upp við lok ársins, þegar tölur um raunverulegar breytingar á meðaltekjum liggja fyrir. Að athuguðu máli hefur sú leið þó verið valin hér að hafa sama hátt á og segir í 78. gr. almannatryggingalaga — þ. e. a. s. að miða við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skuli ráðherra svo innan sex mánaða breyta upphæðum bótanna til samræmis við það. Ástæður þess, að sú „verðbótaleið" var valin, eru ýmsar, m. a. sú, að þá ríkir fullt samræmi í ákvörðun bótaupphæða hinna ýmsu bótategunda, sem bráðabirgðaákvæðið tekur til, og auk þess fullt samræmi við sambærilegar ákvarðanir bótaupphæða almannatrygginga. Í öðru lagi er tiltölulega mjög auðvelt og fyrirhafnarlítið að ákvarða breytingar á umræddum tryggingabótum sjómanna með þessum hætti þar eð ráðherra þarf hvort eð er að láta gera alla þá útreikninga, sem til þarf, í sambandi við ákvörðun bótafjárhæða almannatrygginga. Flm. er ljóst, að þótt frv. þetta verði samþykkt næst ekki full trygging þess, að tryggingaupphæðir til sjómanna haldi raungildi sínu, því vissulega getur verðbólga — og hefur — verið meiri en nemur hækkun vikukaups í almennri verkamannavinnu, en talsvert ætti þó að hafa miðað í rétta átt ef sú breyting verður gerð sem felst í frv.

Skýringar við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Allar mgr. 1. gr. að síðustu mgr. eru óbreyttar frá gildandi bráðabirgðaákvæði að öðru leyti en því, að í staflið a) í tölulið 1 er fjárhæð dánarbóta hækkuð úr 1 millj. kr. í 2 millj. kr. og í staflið b) í tölulið 2 eru örorkubætur hækkaðar úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr. Er þessi hækkun til samræmis við ákvæði bráðabirgðalaga um kaup og kjör sjómanna frá 6. september 1976.

Síðasta mgr. 1. gr. er tekin óbreytt úr 78. gr. almannatryggingalaganna og hefur í för með sér, að sömu ákvæði gilda um breytingar á upphæðum dánarbóta og örorkubóta og gilda um breytingar á upphæðum annarra bótagreiðslna í greininni.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 309. Frumvarp til laga [160. mál]

um umboðsmann Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosning gildir til fjögurra ára frá og með 1. janúar eftir kjör.

Umboðsmaður Alþingis skal vera þeim kostum búinn, er þarf til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ef umboðsmaður Alþingis andast eða verður af öðrum orsökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis, skal sameinað þing kjósa af nýju umboðsmann til fjögurra ára. Sama hátt skal á hafa, ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá starfi eða sameinað þing samþykkir með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða að svipta hann starfanum.

Ef umboðsmaður Alþingis getur ekki um stundarsakir sinnt starfi sínu sakir veikinda eða annarra atvika, er sameinuðu þingi rétt að kjósa staðgengil til að leysa starf hans af hendi, meðan hann er fjarri.

2. gr.

Sameinað þing kýs 5 manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður skal njóta sömu launakjara og hæstaréttardómarar. Að auki má veita honum viðbótargreiðslur, dagpeninga o. s. frv., eftir því sem þurfa þykir.

Umboðsmaður má ekki án samþykkis umboðsmannsnefndar sameinaðs þings taka sér stöðu eða starf í fyrirtæki eða stofnun í eign hins opinbera eða einkaaðila.

3. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur og segir upp starfsliði sínu. Um starfslið, tölu þess og launakjör, skal ákveða nánar í reglugerð um starfsemi umboðsmanns.

4. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum.

5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess og gegnir starfi sínu samkvæmt lögum þessum og reglugerð, sem sameinað þing setur um starfsemi hans. Að öðru leyti framkvæmir umboðsmaður starf sitt sjálfstætt og óháður Alþingi.

6. gr.

Umboðsmaður Alþingis fjallar um opinbera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum á verksviði, sem hér skal greina:

1) Í ríkiskerfinu eru eftirtaldar stofnanir skildar undan verksviði umboðsmanns:
   a) Alþingi.
   b) Dómstólar í dómsathöfnum.
   c) Þjóðkirkjan um trúarkenningar.
2) Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum, sem hér skal greina:

a) Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður eingöngu til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr.

b) Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga, ber honum að hyggja að sérhögum þeirra.

3) Sameinað þing getur kveðið nánar á um verksvið umboðsmanns í reglugerð um starfsemi hans.

7. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði.

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann, sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum.

Sá, sem sviptur hefur verið frelsi, á rétt til að bera mál undir umboðsmann í lokuðu bréfi.

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Öll tiltæk sönnunargögn skal hann láta fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs, frá því að stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur.

Ef stjórnsýslugerningi má skjóta til æðra stjórnarvalds, er ekki unnt að kvarta undan honum, fyrr en æðra stjórnarvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Þá hefst ársfrestur samkvæmt 5. mgr.

Umboðsmaður sker úr, hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar.

8. gr.

Umboðsmaður Alþingis á heimtingu á, að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju, sem hann þarfnast til framkvæmdar starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o. s. frv.

Réttur umboðsmanns til að krefjast vitneskju sætir þeim takmörkunum, sem taldar eru upp í 2. tl. 125. gr., 2. og 4. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 94 gr. laga nr. 74/1974.

Umboðsmaður getur kvatt mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik, sem máli þykja skipta. Gilda þá, eftir því sem við á, bæði reglur laga nr. 74/1974 um rannsókn opinberra mála fyrir dómi, sbr. X. kafla þeirra laga, og reglur þeirra laga um vitni, mat skoðun og skjöl. Heimilt er þeim, er hlut á að máli að vera viðstaddur vitnaleiðslur. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974. Ákveða má, að vitnaleiðslur þessar fari fram fyrir luktum dyrum.

9. gr.

Umboðsmaður Alþingis skal hafa frjálsan aðgang að skrifstofu, vinnustað, þjónustustofnun eða öðru húsnæði stjórnarvalds og hverri þeirri starfsemi, sem verksvið hans tekur til.

10. gr.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnarvaldi, skal þá skýra frá efni kvörtunar, nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess.

11. gr.

Svo framarlega sem ekki leiðir annað af starfi umboðsmanns samkvæmt lögum þessum og reglugerð um starfsemi hans, ber honum að gæta þagnarskyldu um atvik, sem honum verða kunn í starfi, enda þurfi þau eðli máls samkvæmt að fara leynt og séu ekki þegar á almennings vitorði. Þagnarskylda helst, þótt umboðsmaður láti af starfi. Sama þagnarskylda hvílir á starfsliði hans.

12. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur sagt álit sitt á hverju því máli, sem kemur til meðferðar hans.

Umboðsmaður getur bent á, að stjórnarvaldi eða opinberum sýslunarmanni hafi orðið á mistök, vanræksla, ranglæti eða hvaðeina annað, er ábótavant þykir. Ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, að stjórnsýslugerningur brjóti í bág við lög, skorti stoð í lögum eða sé ógildur o. s. frv., getur hann látið það álit sitt í ljós.

Umboðsmaður getur látið mál niður falla, að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnarvalds.

Umboðsmaður getur látið saksóknara eða handhafa ögunarvalds vita, á hvern hátt hann telur hæfilegt að hafast að gagnvart opinberum starfsmanni.

Umboðsmaður getur lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Umboðsmaður getur lagt til við saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna ætlaðs afbrots í opinberu starfi, sbr. þó 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

13. gr.

Ef umboðsmaður Alþingis verður áskynja meinbuga á gildandi lögum eða reglugerðum, skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn.

14. gr.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnarvalds, getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut, getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur, hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál, skal hann skýra frá, hvað stjórnarvald, er í hlut á, hefur fært fram sér til varnar.

15. gr.

Lög þessi taka gildi frá og með 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Fyrri flm. frumvarps þessa flutti í fyrsta sinn á Alþingi veturinn 1970—1971 tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Tillagan var þá eigi útrædd og var því endurflutt á þinginu 1971—1972. Hinn 16. mars 1972 samþykkti Alþingi framangreinda þingsályktunartillögu sem er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkissjórninni að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum.

Frumvarp þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Með tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Á liðnum árum hefur þeirri skoðun margoft verið hreyft, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um sérstakan umboðsmann Alþingis. Tilgangurinn með slíkri embættisskipan á að vera skilyrðislaus möguleiki þegnanna til þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi jafnt yfir alla einstaklinga þess. Verður í því efni ekki gerður

mismunur á þeim hlunnindum, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, né þeim skyldum, sem á þá eru lagðar, sem og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Þessu máli hefur margoft verið hreyft hér á landi. Má t. d. nefna af því, sem flm. þessarar þáltill. hefur kynnt sér, fróðlega tímaritsgrein í Stefni, málgagni Sambands ungra sjálfstæðismanna, veturinn 1964—65, eftir Hörð Einarsson hdl., og erindi, sem prófessor Ólafur Jóhannesson flutti á fundi Orators, félags lögfræðinema, þann 25. apríl 1966. Enn fremur greinargerð Kristjáns Thorlacius, formanns B. S. R. B. þáverandi varaþingmanns Framsóknarflokksins, er hann flutti ásamt fleiri þingmönnum till. til þál. um þetta mál. Fjallaði tillaga hans um nefndarskipan til athugunar á málinu og var fyrst flutt á þinginu 1964—65 og endurflutt 1966 og 1967, þegar hann átti sæti um stuttan tíma, hverju sinni, á Alþingi.

Þessi þáltill. er nú flutt m. a. af eftirfarandi ástæðum:

1. Löggjöf grannþjóða okkar um umboðsmann þjóðþinganna hefur verið í gildi um langt árabil. Á þessu tímabili hafa auk dýrmætrar og jákvæðrar reynslu ýmsir vankantar komið í ljós, er leitt hafa til þýðingarmikilla breytinga nú á allra síðustu árum (Noregi 1. jan. 1969).
2. Ýmsir þeir atburðir hafa gerst fyrr og síðar, sérstaklega í samskiptum einstaklinga við embættismenn og starfsmenn bæjar- og ríkisstofnana, sem kalla á slíka löggjöf.
3. Þeir alþingismenn, er fyrstir hreyfðu máli þessu á Alþingi í tillöguformi, eiga annaðhvort ekki setu á Alþingi nú eða sýna málinu ekki þann áhuga að taka það upp að nýju.
4. Flm. þessarar till. telur, að tímabært sé að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til l um embætti þetta og treysta með því frekari rétt einstaklingsins í þjóðfélagi okkar."

Dómsmálaráðherra fól Sigurði Gizurarsyni hæstaréttarlögmanni að semja frv. til l. um umboðsmann Alþingis. Skilaði hann frumvarpi og greinargerð í marslok 1973. Voru nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu í samráði við ráðuneytið.

Frumvarpið var svo lagt fram í Nd. Alþingis 3. des. sem stjórnarfrumvarp og var tekið til umræðu 10. desember. Fylgdi dómsmálaráðherra málinu úr hlaði og vitnaði til hinnar ítarlegu greinargerðar Sigurðar Gizurarsonar hrl. sem með frv. fylgdi.

Í framsöguræðu sinni skýrði ráðherrann frá hliðstæðri löggjöf á hinum Norðurlöndunum og reynslu sem þar hafði fengist af embætti umboðsmannsins. Orðrétt sagði hann m. a. þetta:

„Vissulega eru aðstæður hér hjá okkur að ýmsu leyti aðrar en hjá fjölmennari þjóðum og jafnvel hjá okkar nágrannaþjóðum. En ég er ekki í vafa um, að stofnun umboðsmannsembættis mundi á ýmsan hátt leiða til bættrar stjórnsýslu og horfa til réttaröryggis fyrir þegnana. Fyrir slíkt er mikið gefandi. Hinu er ekki að leyna, sem Alþingi verður einnig að hafa í huga og meta, að hér er um stofnun nýs embættis að ræða, sem hafa mun í för með sér verulegan kostnað. Ég tel því mjög eðlilegt, að Alþingi gefi sér góðan tíma til að athuga þetta mál. Ég persónulega álít eðlilegt, að þingnefnd sú, sem fær þetta mál til meðferðar, leiti umsagnar ýmissa aðila, bæði stjórnarvalda og fyrirsvarsmanna almannasamtaka, og ég tel ekkert óeðlilegt, þó að um jafnmikilvægt nýmæli í lögum og hér er um að ræða sé fjallað á tveim þingum, en það verður auðvitað Alþingis að ákveða, hversu skjótt það vill afgreiða þetta mál."

Frumvarpinu var að umræðu lokinni vísað til allshn. deildarinnar. Hún skilaði áliti í byrjun maí 1974 og mælti einróma með samþykkt þess, en nefndarmenn áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Nefndin lagði til að breyting yrði gerð við 6. mgr. 12. gr. frv. Þessi breytingartillaga er tekinn inn í frv. nú og svo ákveði í 15. gr. um að lögin, ef frv. verður samþykkt, taki gildi 1. janúar 1978.

Ástæður þess, að frv. þetta er flutt nú, eru þær sömu og fram komu í grg. með þáltill. og birtar eru hér að framan.

Þá hefur nýlega verið lagt fram, frv. um „**umboðsnefnd** Alþingis". Er það nú í athugun hjá nefnd. Telja flm. rétt að frv. það, sem hér er nú flutt, fái jafnhliða athugun að nýju, m. a. í ljósi ýmissa atburða síðustu ára.

Aldrei hafa jafnveigamikil skref verið stigin og nú að undanförnu til að efla réttarkerfi okkar á sviði rannsókna og dóma. Virðast fáir verða til þess nú að draga úr þessari viðleitni, þrátt fyrir mikinn aukinn kostnað sem verður þessum úrbótum samfara.

Kostnaðaraukinn á ekki heldur að vera lengur til hindrunar því, að Alþingi setji löggjöf þar sem stefnt verði að því að tryggja réttindi borgaranna og hindra að misrétti og valdníðslu sé beitt við einstaklinga og þá oft lítilmagnann, sem ekki hefur efni á að standa á rétti sínum.

Eftirfarandi greinargerð er samin af Sigurði Gizurarsyni og birtist hér eins og hún var prentuð með stjórnarfrv. árið 1973.

Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um stöðu og starf umboðsmanns Alþingis.

Hvað er „umboðsmaður"?

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er nýmæli hérlendis. Ráðgert er með lagafrumvarpi þessu, að til starfa taki umboðsmaður Alþingis.

„Umboðsmaður" er embættismaður, sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnarvöldum og sýslunarmönnum landsstjórnarinnar frá fólki, sem þykir misgert við sig. Umboðsmaður rannsakar þessar kvartanir, og ef þær skoðast á rökum reistar, leggur hann til, hvað sé til bóta því, sem áfátt er. Jafnframt því að leysa þannig vandræði manna, er hlutverk umboðsmanns að stuðla almennt að bættri stjórnsýslu. Þeirri skoðun vex fylgi, að umboðsmannskerfið sé ómissandi í réttarríkjum, þ. e. þjóðfélögum, þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til þess að tryggja sjálfstæði umboðsmanns sem best gagnvart stjórnarvöldum er víða höfð sú skipan á, að umboðsmaður starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess.

Uppruni og útbreiðsla hugmynda um umboðsmenn.

Hugmyndin um umboðsmann Alþingis er sótt til hinna Norðurlandanna. Þjóðir þessara landa búa við sömu réttarhefð og Íslendingar.

Fyrst var embætti umboðsmanns sett á stofn í **Svíþjóð** árið 1809. Nýlunda starfs hans og stöðu var einkum sú, að umboðsmaður kom fram fyrir hönd Ríkisþingsins og stóð utan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þannig var stuðlað að sjálfstæði hans gagnvart þeim stjórnarvöldum, sem hann átti að veita aðhald. Sænsku umboðsmennirnir störfuðu síðan mann fram af manni í meira en heila öld, án þess að starf þeirra ætti sér nokkra hliðstæðu á öðrum löndum.

Finnar urðu næstir til að setja á laggir embætti umboðsmanns. Þeir bjuggu við mjög áþekka stjórnhætti og Svíar. Umboðsmaður finnska þjóðþingsins tók til starfa árið 1919, rétt eftir að Finnar höfðu öðlast sjálfstæði.

Á síðustu árum sívaxandi stjórnsýslu og valds opinberra starfsmanna þykir umboðsmaður hafa sannað ágæti sitt sem ómissandi stofnun í réttarríkjum.

Danir stofnsettu árið 1954 embætti umboðsmanns Þjóðþingsins. Starfshættir hans eru þó í ýmsu frábrugðnir sænska fyrirkomulaginu.

Nokkrum árum síðar fetuðu **Norðmenn** í fótspor Dana og lögfestu umboðsmannstilhögunina. Umboðsmaður norska Stórþingsins tók til starfa í ársbyrjun 1963. Fer hann í flestu að á líkan veg og danski umboðsmaðurinn.

Til fróðleiks skal þess geta, að hugmyndir um umboðsmann hafa borist víða um heim og skotið rótum. Oftast nær er fyrirmyndin sótt til Norðurlanda, þótt mótuð sé í framkvæmd á ýmsa vegu.

Á **Nýja-Sjálandi** var umboðsmannsstaða sett á laggir árið 1962. Gætti þar mjög danskra áhrifa. Hann starfar á vegum þingsins (Parliamentary Commissioner) og rannsakar það, sem kvartað er undan í ríkisstjórnsýslunni.

Árið 1966 var í stjórnlögum **Guyana** kveðið á um stofnsetningu umboðsmannsstöðu. Um fyrirkomulag hennar var í mörgum greinum litið til Nýja-Sjálands.

Árið 1966 kvað stjórnarskrá **Tansaníu** á um rannsóknarnefnd á vegum þjóðþingsins. Hlutverk hennar er að rannsaka atferli fulltrúa almannavaldsins, hvernig þeir beita valdi sínu eða hvort þeir misbeita því. Rannsóknarnefndin tekur við kvörtunum á hendur stjórnarvöldum.

Á **Stóra-Bretlandi** var árið 1967 stofnuð staða umboðsmanns þingsins (Parliamentary Commissioner for Administration). Gætir í starfsháttum hans bæði einkenna norrænu umboðsmannanna og hins nýsjálenska.

Á **Norður-Írlandi** tók til starfa árið 1969 umboðsmaður með sams konar verksviði og brezki umboðsmaðurinn.

Um frekari útbreiðslu umboðsmannshugmynda má nefna:

Í **Kanada** hafa verið lagðar fram tillögur um umboðsmenn á vegum sambandsríkisins. Þrjú ríki innan ríkjasambandsins hafa fengið umboðsmann, Alberta (1967), New Brunswick (1967) og Manitoba (1969).

Hin nýja stjórnarskrá **Ghana**, sem lögfest var 1969, geymir ákvæði um umboðsmann.

Í **Indónesíu** stofnuðu sex félög lögfræðinga árið 1967 til starfsemi, sem hefur það hlutverk að fjalla um kvartanir einstaklinga vegna meðferðar yfirvalda og þjóðfélagsins á málum þeirra.

Í **Írska lýðveldinu** stendur til að stofna embætti umboðsmanns.

Í **Ísrael** hefur eftirlitsmaður ríkisins (State Controller) talið sig hafa vald til að fjalla um kvartanir á hendur stjórnarvöldum. Nú er í undirbúningi lagasetning um umboðsmann sem deild innan embættis eftirlitsmanns ríkisins. Borgirnar Jerúsalem og Tel Aviv hafa umboðsmenn.

Í **Malasíu** var árið 1958 sett á laggir stofnun til baráttu gegn spillingu (Anti Corruption Agency) sem deild í forsætisráðuneytinu. Er hún talin gegna að nokkru leyti sama hlutverki og umboðsmaður mundi gegna.

Í **Niðurlöndum** lagði hollenska ríkisstjórnin fyrir þjóðþingið frumvarp til laga um umboðsmann, sem þingið skyldi ráða til starfa. Í því er gert ráð fyrir, að sérstök þingnefnd fjalli um kvartanir, áður en þeim er vísað til umboðsmanns.

Í **Bandaríkjum Norður-Ameríku** verður víða vart áhuga á umboðsmannstilhöguninni. Hafa bæði verið lögð fram frumvörp til alríkislaga og til laga innan sambandsríkja um umboðsmann. Á Hawaii starfar umboðsmaður frá árinu 1969. Sama ár var stofnuð staða umboðsmanns í Oregon ríki. Einnig hafa komið fram frumvörp um umboðsmann í New York borg, Philadelphia, Minneapolis og öðrum borgum.

Umboðsmannstilhögunin í hnotskurn.

Hér að upphafi má nefna helztu einkenni umboðsmanns.

Hann:

1. Starfar í þágu þegna þjóðfélagsins og auðveldar þjóðþingi að veita stjórnarvöldum aðhald.
2. Er sjálfstæður bæði gagnvart stjórnarvöldum framkvæmdarvalds og þjóðþingi um úrlausn einstakra mála.
3. Nýtur virðingar og áhrifa sakir sjálfstæðis, hlutleysis, mikillar þekkingar og sanngirni.
4. Tekur við kvörtunum út af rangindum stjórnarvalda eða á sjálfur frumkvæði að könnun á atferli stjórnarvalda.

5. Rannsakar mál á hlutlausan hátt, aflar skjala og vitneskju með skýrslum stjórnarvalda og einstaklinga.
6. Viðhefur málsmeðferð, sem er skjótvirk, einföld og kostnaðarlítil.
7. Hefur ekki vald til að ákveða viðurlög við misgerðum. Í Svíþjóð og Finnlandi eru umboðsmenn þó saksóknarar. Hann hefur ekki heldur vald til að afturkalla, ógilda eða breyta stjórnsýslugerningum. Aðaltæki hans eru álitsgerðir.
8. Gefur víðast hvar árlega skýrslu um starfsemi sína. Er hún prentuð og birt opinberlega.
9. Gefur kvartanda skýringu, ef hann vísar kvörtun frá, með því að hún er utan verksviðs hans eða ekki á rökum reist.
10. Hefur rétt til að skoða skrifstofur, dvalarheimili, fangelsi o. s. frv. til almenns aðhalds eða til rannsóknar einstakra mála.
11. Er til aðstoðar hverjum og einum þegn, sem til hans vill leita. Ekkert kostar að bera fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal ekki þurfa að útvega sér aðstoð lögfræðings á eigin kostnað. Umboðsmaður fylgir máli hans fram með nægilegum hraða.
12. Er almennt athugull um, hvort ekki sé einhvers staðar að finna brotalamir eða ósamræmi í lögum eða reglugerðum, og gerir tillögur til endurbóta.

Áhrif lífshátta vorra tíma á réttaröryggi þegna.

Þjóðfélagsþegnar hlutu margvísleg mannréttindi gagnvart valdhöfum, þegar hin frjálslegu stjórnlög voru sett víða í Norðurálfu á 19. öld. Þá skaut sú regla rótum, að yfirvöld gætu ekkert aðhafst án lagaheimildar. Hér var endurborin gamla reglan: „Með lögum skal land byggja“. Meginregla þessi er uppistaðan í hugmyndum um réttarríkið.

Á allra síðustu árum er þó öllu fremur tíðrætt um velferðarríkið. Og um leið og allt kapp er lagt á að hrinda í framkvæmd hugmyndum um velferðarríkið, tefla menn stundum í tvísýnu þeim verðmætum, sem réttarríkinu eru tengd.

Umfangsmikil félagsmála- og efnahagslöggjöf vorra tíma nær ekki fram að ganga, nema með víðtækum afskiptum yfirvalda af gerðum þegna. Venjulega er afskiptum þannig hagað, að réttindi og skyldur stofnast með opinberum stjórnsýslugerningi. Efni hans ákveður stjórnarvald með meira eða minna frjálsu mati. Á þennan hátt er fólk í fjölda mörgum atriðum orðið háð ákvörðunum opinberra sýslunarmanna.

Mistök eru förunautar athafna. Gildir þar einu, hverjar sem þær eru og hver sem í hlut á. Opinbera sýslunarmenn henda mistök eins og aðra. Og þótt vandað sé til, tekst val þeirra misvel.

Vitaskuld er réttaröryggi þegna þjóðfélagsins hætta búin af auknu valdi og sýslu opinberra starfsmanna. Þegar mál manna eru komin í hendur annarra er hætt við, að umhyggjan verði ekki söm og áður. Starf umboðsmanna erlendis sýnir langan lista alls kyns kvartana og ásakana á hendur opinberum starfsmönnum og stjórnarvöldum. Kvartanir beinast gegn mistökum eða vanrækslu, einföldustu pennaglöpum, yfirsjónum, skeytingarleysi, ófullnægjandi könnun máls, ósanngirni, skorti á nærgætni, hrottaskap, seinagangi og töfum, hlutdrægni og mannamun, vanrækslu að gera viðvart, skilningsleysi, handahófi og gerræði, hroka, sleifarlagi, röngum og ófullnægjandi forsendum ákvörðunar, kúgun, lögbrotum, misnotkun valds og hvers konar ranglæti.

Varnaglar réttar- og stjórnkerfisins til tryggingar góðri stjórnsýslu voru flestir slegnir, þegar fyrirferð almannavaldsins var ólíkt minni en nú gerist. Gera verður allt sem unnt er til að tryggja réttarstöðu þegna sem bezt gagnvart stjórnarvöldum. Því er nú horfið að því ráði hér á Íslandi að leggja frumvarp fyrir Alþingi um embætti umboðsmanns Alþingis.

Hvernig hefur góð stjórnsýsla og réttarstaða þegnanna verið tryggð hingað til?

Fjölmörg atriði í löggjöf og þjóðfélagsskipulagi eiga að tryggja góða stjórnsýslu og jafnframt réttarstöðu þegna gagnvart opinberum stjórnarvöldum. Má raða þessum atriðum saman í eins konar „tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu". Skal hér vikið að helztu atriðum:

A. Eftirlit.

Í stjórnkerfi hins opinbera fer fram eftirlit yfirmanna með undirmönnum. Enn fremur starfa ýmsar stofnanir eða sýslunarmenn til eftirlits á vissum sviðum. Skulu þess nefnd dæmi:

1) Sameinað þing kýs 3 yfirskoðunarmenn til að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og til að gæta þess, hvort tekjur landsins séu allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar, sbr. 43. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
2) Ríkisendurskoðandi hefur yfirstjórn sérstakrar stofnunar, sem yfirfara skal bókhaldslega alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana, sbr. lög nr. 61/1931.
3) Félagsmálaráðuneytið hefur auk þess eftirlit með sveitarstjórnum, sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar á meðal fjárreiðum þeirra, sbr. lög nr. 58/1961. Sýslunefndir fylgjast og með fjárreiðum hreppsnefnda, sbr. 2. mgr. 58. gr. nefndra laga.
4) Ýmsar stofnanir eru starfandi á vegum ríkisins til almenns eftirlits á vissum sviðum, eins og t. d. heilbrigðiseftirlit, brunavarnaeftirlit, rafmagnseftirlit o. s. frv. Tekur eftirlit þetta til ríkisstofnana sem annarra aðila í þjóðfélaginu.

B. Viðurlög.

1) Opinberir starfsmenn bera refsiábyrgð á mistökum og vanrækslu í starfi. Í XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er lögð refsing við ýmiss konar brotum í opinberu starfi. Þar er m. a. um að ræða ýmiss konar misgjörðir opinberra starfsmanna í skiptum þeirra við almenning.
2) Opinberir starfsmenn bera skaðabótaábyrgð á tjóni, sem þeir kunna að valda í sýslu sinni eftir almennum skaðabótareglum.
3) Ráðherrar bera bæði refsi- og skaðabótaábyrgð samkvæmt sérstökum lögum um ráðherraábyrgð, sbr. lög nr. 4/1963. Í þeim málum dæmir Landsdómur, sbr. lög nr. 3/1963.
4) Starfsmenn ríkisins kunna að sæta viðurlögum yfirmanna sinna. Veita má áminningu vegna yfirsjóna og vanrækslu í ögunarskyni, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur má veita starfsmanni lausn frá starfi, ef hann vanrækir starf sitt eða á annan hátt brýtur starfsskyldur sínar, sbr. III. kafla laga nr. 38/1954. Starfsmaður, sem brotlegur gerist, kann með dómi að verða sviptur rétti til að gegna stöðunni, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1954.

C. Málskot.

1) Einstaklingi, sem vill ekki sætta sig við ákvörðun stjórnarvalds í máli hans, er almennt talið heimilt að skjóta ágreiningnum til æðra stjórnarvalds til úrskurðar. Stundum eru skýr ákvæði í lögum um slíka stjórnlega kæru, en það er alls ekki alltaf.
2) Enn fremur er jafnan heimilt hér á landi að bera ágreining við stjórnarvöld undir dómstóla, nema ágreiningur sé skilinn undan lögsögu dómstóla, með fortakslausu ákvæði í settum lögum, sbr. m. a. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944.

Að jafnaði er það ekki nauðsynlegt, að maður hafi notað heimild sína til að skjóta máli til æðra stjórnvalds, áður en hann freistar þess að rétta hlut sinn með dómsúrskurði, sbr. ritið „Stjórnarfarsrétt“ eftir Ólaf Jóhannesson á bls. 321.

D. Reglur um málsmeðferð.

Í lögum og reglugerðum um stjórnsýslu eru víða reglur um, hverri meðferð mál skuli sæta. Markmiðið er að stuðla að svo vandaðri málsmeðferð, að ákvörðun verði ekki tekin á grundvelli ófullnægjandi eða rangra forsendna.

E. Aðhald þjóðþingsins.

Alþingi veitir stjórnarvöldum aðhald. Ríkisstjórn og ráðherrar bera ábyrgð gagnvart Alþingi á því, að sýslunarmönnum framkvæmdarvaldsins fari starfið vel úr hendi. Ríkisstjórn og einstakir ráðherrar eru af eðlilegum ástæðum undir vökulli gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðu.

Sem ein þriggja megingreina ríkisvaldsins hefur Alþingi það hlutverk að halda framkvæmdarvaldinu í skefjum, sbr. m. a. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Að baki er sú hugsun, að þannig megi forðast ofvöxt valds og yfirtroðslur gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

Þjóðþing hafa hönd í bagga með framkvæmdarvaldi á ýmsan hátt:

a) Samkvæmt þingræðisreglunni verða ríkisstjórnar og einstakir ráðherrar að beygja sig fyrir samþykktum þjóðþings í meginstefnumálum. Ríkisstjórn, sem ekki nýtur stuðnings þingmeirihlutans, skal fara frá völdum. Þingræðisreglan gildir í aðalatriðum hér á landi.
b) Stjórnarvöld mega ekki hafast að nema með fullkominni lagaheimild, hvort heldur er að ræða um boð, bönn eða aðra íhlutun.
c) Þjóðþing kýs stjórnir, ráð og nefndir innan stjórnkerfis framkvæmdarvalds, sbr. t. d. hér á landi kjör Alþingis í Menntamálaráð, Útvarpsráð, Húsnæðismálastjórn, stjórn Seðlabanka og annarra ríkisbanka og sjóða.
d) Ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum er stundum skylt að hafa samráð við þingnefndir um vissa málaflokka, sbr. t. d. hér á landi 16. gr. laga nr. 61/1958 og 5. gr. laga nr. 54/1972 um utanríkismálanefnd.
e) Þingmenn hafa það hlutverk að gagnrýna gerðir framkvæmdarvaldshafa. Einstakir þingmenn eiga þess kost að beina fyrirspurnum til ráðherra og krefja þá sagna um gerðir sínar og sinna undirmanna í stjórnsýslu, sbr. hér á landi 31. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis og 10. gr. laga nr. 54/1972, sbr. og 9. gr. laga nr. 54/1972 um ráðherraskýrslur.

Varnaglarnir halda ekki lengur?

Það tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu, sem vér búum við og nú var greint frá, þykir ekki duga nógsamlega. Svo mjög hafa völd og umsvif stjórnarvalda aukist.

1) Málskot til æðra stjórnarvalds hefur að líkindum veitt þegnum virkasta vernd gegn röngum stjórnsýslugerningum fram til þessa. Kæruleið þessi er ekki flókin og kostar ekki mikið fé. Dómstólaleiðin er hins vegar venjulega bæði dýr og seinfarin, svo að hún vex fólki í augum.

   En annmarki kæruleiðarinnar er sá, að æðra stjórnarvald lendir iðulega í aðiljaaðstöðu vísvitandi eða óafvitandi. Því hættir til að leggjast á sveif með lægra settu stjórnarvaldi, sem á í deilu við þegn.
2) Valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds hefur jafnframt raskast frá því, sem áður var.

a) Áður höfðu þingmenn góða innsýn í verkefni hins einfalda stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þá veitti gagnrýni þeirra valdhöfum við stjórnsýslu mikið aðhald. Nú verður ekki ávallt sagt, að svo sé. Ráðherrar bera að formi til ábyrgð á gerðum embættismanna, sem vinna að sérhæfðum verkefnum. En embættismennirnir bera sjálfir hina raunverulegu ábyrgð. Fyrirspurnum þingmanna getur ráðherra oft ekki svarað, nema með því að endurtaka orð embættismanna eða að leggja fram sérfræðilega skýrslu þeirra. Á framlögðum skýrslum er oft sérfræðilegt málfar og röksemdaleiðsla, sem erfitt er að hrekja með almennum rökum. Þetta bil til sérfræðanna veldur því iðulega, að gagnrýni þingmanna hittir ekki í mark. Á móti þessu er m. a. reynt að vega með sérfræðilegri aðstoð við þingflokka, sbr. lög nr. 56/1971.

b) Frumkvæði stjórnmálalegrar leiðsögu er á síðustu árum að miklu leyti komið úr höndum þjóðþings til ríkisstjórnar og sérfræðinga framkvæmdarvalds. Þingmenn anna ekki sakir tíma- og sérþekkingarskorts hinum flóknu og fjölbreytilegu verkefnum lagasetningar nú á tímum.

Ríkisstjórnir fá ekki stjórnað, svo að lag sé á, nema þær geti stuðst við öruggan þingmeirihluta. Ef þingið synjar stefnumálum ríkisstjórnar samþykkis, getur það haft miklu víðtækari afleiðingar en áður var. Þess vegna m. a. hefur flokksagi farið vaxandi. Verða þingmenn að beygja sig fyrir honum, ef vinna á skipulega. Í reynd er framvinda þessi takmörkun á þingræðisreglunni.

Í æ ríkara mæli er jafnframt gripið til þess ráðs að framselja sérhæfðum stjórnarvöldum með víðtækum heimildarlögum vald til að setja reglugerðir, sem eru löggjafareðlis. Á hverju einstöku sérsviði stjórnsýslu þarf oftast nær að marka sérstaka stjórnarstefnu. Fá sérfræðingar með þessum hætti í reynd stjórnmálalegt, stefnumarkandi vald.

Endurbót á stjórnkerfinu: Umboðsmaður Alþingis.

Skipulag ríkis og sveitarfélaga hefur gengið úr fyrri böndum með ýmsum hætti, eins og á hefur verið drepið hér að framan. Umboðsmanni Alþingis er ætlað að ráða bót á agnúum, er af hafa hlotist.

a) Umboðsmaður Alþingis stendur utan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem sjálfstæður og hlutlaus aðili. Hann fjallar um þau mál, sem fólk ber undir hann, þegar því þykir stjórnarvald hafa gengið á hlut sinn. Þannig á umboðsmaður að geta orðið hlífiskjöldur lítilmagnans, þegnsins, gegn mistökum, vanrækslu og öðrum rangindum frá hendi stjórnarvalda. Hann rannsakar mál og segir álit sitt. Þetta gerir hann fólki að kostnaðarlausu og með sem skjótustum hætti. Hann kannar mál með hlutlausum hætti og verður því ekki „málflytjandi almennings“ gegn stjórnarvöldum. Fyrir þá sök eru stjórnarvöld líklegri til að virða álit hans. Hlutleysis og sjálfstæðis skal umboðsmaður gæta ekki aðeins gagnvart þegn og stjórnarvaldi, heldur einnig gagnvart Alþingi. Gildir þar einu, þótt umboðsmaður sé trúnaðarmaður Alþingis. Það skal ekki hafa áhrif á afgreiðslu hans á einstökum málum. Á hinn bóginn verður umboðsmaður vitaskuld að fara eftir ákvæðum laga um umboðsmann og ákvæðum reglugerðar, sem sameinað þing kann að setja um starfsemi hans.

b) Umboðsmaður auðveldar Alþingi að veita stjórnarvöldum aðhald. Hann kemur fram sem trúnaðarmaður Alþingis í heild, en hvorki stjórnarliðs né stjórnarandstöðu sérstaklega. Samstaða þingmeirihluta og ríkisstjórnar leggur hömlur á þingmenn meirihlutans, svo að þeir eru jafnan ekki skeleggir í gagnrýni á gerðir framkvæmdarvalds. Þeir vilja ekki koma ríkisstjórn í vandræði. Á hinn bóginn freista þingmenn í stjórnarandstöðu að nota fyrirspurnir til ráðherra út í æsar í baráttu sinni. En eins og drepið hefur verið á, eiga þeir iðulega

óhægt um vik. Stjórnarvöld skipa sér gjarnan í varnarstöðu. Umboðsmaður er allt öðruvísi settur. Hann hefur víðtækar heimildir til að krefjast vitneskju frá stjórnarvöldum með skýrslugjöf og framlagningu skjala. Og hann á ekki á hættu tortryggni stjórnarvalda með sama hætti og þingmenn. Umboðsmaður hefur þjálfuðu starfsliði á að skipa til málskönnunar. Að lokinni gagnasöfnun er aðstaða hans ólíkt betri en þingmanna til að leggja dóm á gerðir stjórnarvalds. Þannig verður umboðsmaður nýr þáttur í valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds. Starf hans getur og orðið til að létta tímafrekum erindrekstri af þingmönnum. Kjósandi beiðist ef til vill, að þingmaður greiði götu hans gagnvart stjórnarvaldi. Þingmaður á óhægt með að skorast undan, þótt hann þekki málavexti aðeins, eins og kjósandi lýsir þeim. Fyrir áhrif þingmanns afgreiðir stjórnarvald ef til vill málið, þótt það telji kjósanda eiga vafasaman rétt til þess. Ef umboðsmaður er til staðar, getur þingmaður vísað kjósanda til umboðsmanns með slík mál, sem áður hafa mætt tregðu frá hendi stjórnarvalds. Þar fær málið hlutlausa afgreiðslu.

c) Alþingi kýs umboðsmann sem trúnaðarmann sinn. Honum er þannig skipaður sess utan stjórnkerfis framkvæmdarvalds. Og tengsl hans við Alþingi eru til þess fallin að auka honum álit og veita orðum hans mikla þyngd. Staða umboðsmanns stendur og fellur með því áliti, sem hann nýtur, því að hann hefur ekki vald til að knýja fram vilja sinn og skoðun. Til starfsins þurfa því að veljast menn, sem almennrar viðurkenningar njóta. Umboðsmaður þarf að vera þeim kostum búinn, sem krafist er af hæstaréttardómurum. Lögfræðikunnátta er þar ómissandi.

d) Umboðsmaður tekur mál til meðferðar, þ. e. gagnaöflunar og rannsóknar, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Kvörtun getur hver og einn borið fram, sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Að sjálfs sín frumkvæði tekur umboðsmaður mál til meðferðar, ef honum þykir tilefni til, t. d. ef í dagblöðum er sneitt óþyrmilega að stjórnarvaldi.

e) Þá er kvörtun berst umboðsmanni, tekur hann hana fyrst til frumkönnunar. Kemur þá oft í ljós, að kvörtun er augljóslega ekki á rökum reist eða fellur utan verkahrings umboðsmanns. Vísar umboðsmaður henni þá þegar í stað frá með skýringu sinni. Ef kvörtun fellur hins vegar innan verkahrings umboðsmanns og hefur hugsanlega við rök að styðjast, tekur hann hana til meðferðar. Hann aflar allra tiltækra gagna frá stjórnarvaldi og þegn, svo sem skjala og skýrslna. Að lokinni rannsókn máls segir umboðsmaður álit sitt, eftir því sem honum þykir við eiga. Hann gefur ráð og leiðbeiningar. Hann gagnrýnir. Álit hans geta beinst að hverju því, sem ábótavant þykir í stjórnskýslu, sbr. nánar hér á eftir um 12. gr. frv. Er einkar mikilvægt, að umboðsmaður hafi rétt og skyldu til að segja álit sitt á öllum þáttum samskipta þegns og stjórnarvalds. Kvartanir fólks eru tíðum á þann veg, að stjórnarvald hafi að vísu ekki gengið í berhögg við bókstaf laga, en þó farið ranglega með vald sitt, skort sanngirni, nærgætni o. s. frv.

f) Stjórnarvöldum er í sjálfsvald sett, hvort þau fara eftir álitsgerðum umboðsmanns Alþingis. Honum er ekki ætlað að leggja hönd á sjálfa stjórnsýsluna. Hann stendur utan hennar. En álit hans, þekking, sanngirni og hlutleysi munu væntanlega vega svo þungt, að oftast nær taki stjórnarvald orð hans til greina. Sú hefur raunin orðið í Danmörku og Noregi, þar sem þessi háttur er hafður á valdi umboðsmanns.

g) Umboðsmaður kemur ekki til skjalanna, fyrr en eftir á. Starf hans á ekki að stuðla að auknu umstangi í stjórnsýslu. Hann getur m. a. leiðbeint í því efni. Hann á ekki heldur að draga úr einurð stjórnarvalda. Í starfi sínu þarf hann að vega hvora gegn annarri, þörfina á vönduðum undirbúningi ákvörðunar eða athafnar og þörfina á skilvirkni og framkvæmdarhraða. Norrænir umboðsmenn gagnrýna oft seinagang stjórnarvalda við afgreiðslu mála.

h) Umboðsmaður getur fjallað um tiltekin vinnubrögð eða ástand í stjórnsýslu, sem kann að snerta marga aðila og fjölda mála samtímis. Í því efni getur hann gert tillögur um endurbætur á lögum eða reglugerðum, ef honum þykir þar gæta ósamræmis, ranglætis eða annarra meinbuga, sbr. 13. gr. frv.

i) Umboðsmaður fjallar um nær alla stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Vissar takmarkanir eru þó gerðar í verksviði hans:

1) Alþingi er skilið undan verksviðinu. Umboðsmaður stendur ekki utan Alþingis, heldur starfar á vegum þess og er trúnaðarmaður þess. Alþingi hefur sárasjaldan á hendi stjórnsýslu, heldur gegnir aðallega löggjafarhlutverki og veitir stjórnarvöldum aðhald, eins og áður greinir. Af þessum ástæðum þykir rétt, að umboðsmaður skipti sér ekki af gerðum Alþingis, hvorki gerðum þingmanna né skrifstofu Alþingis.
2) Umboðsmaður fjallar ekki um dómsathafnir. Ef embætti fylgja bæði dómsathafnir og stjórnsýsla, getur umboðsmaður fjallað um stjórnsýslugerningana. Ef umboðsmanni þykir mikils um vert að fá úrlausn dómstóla um tiltekin vafaatriði í lögum, getur hann leiðbeint í því efni og mælt með því við Dómsmálaráðuneyti, að það veiti gjafsóknarleyfi.
3) Umboðsmaður fjallar ekki um trúarkenningar þjóðkirkjunnar, enda er þar ekki um stjórnsýslu að ræða.
4) Að öðru leyti ber alla stjórnsýslu ríkisins undir verksvið umboðsmanns, þar á meðal stjórnsýslu ríkisstjórnar og ráðherra. Stjórnsýslustörf ríkisstjórnar og ráðherra eru í reynd að jafnaði unnin af embættismönnum. Álitsgerðir umboðsmanns beinast því raunverulega gegn embættismönnum, þótt stjórnsýslugerningur sé gerður í nafni ráðherra eða ríkisstjórnar. Starfsemi umboðsmanns hefur ekki í för með sér neina takmörkun á stjórnmálalegri og stjórnskipulegri ábyrgð ríkisstjórnar eða ráðherra gagnvart Alþingi. Undir verksvið umboðsmanns ber alla stjórnsýslu opinberra sýslunarmanna, þótt þeir séu aðeins kjörnir til starfans um skamman tíma eða gegni honum sem algjöru aukastarfi.
5) Nokkrar takmarkanir eru hins vegar gerðar á afskiptum umboðsmanns af stjórnsýslu sveitarstjórna. Til meðferðar með venjulegum hætti tekur hann ákvarðanir sveitarstjórnarvalds, sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins. Hins vegar tekur hann eingöngu að sjálfs sín frumkvæði til meðferðar stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna, ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv.

Stutt sögudrög.

Til fróðleiks skal hér stuttlega rekja sögu umboðsmanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

a) Svíþjóð.

Árið 1809 settu Svíar sér ný stjórnlög. Gætti þar sjónarmiða valdskiptingarkenningarinnar. Ríkisþingið gat ekki samkvæmt þeim lögum haft afskipti af ákvörðunum konungs og framkvæmd laga. Til að vega upp á móti afskiptaleysi þessu átti umboðsmaður Ríkisþingsins (Riksdagens Justitieombudsmann eða JO), sem nú kom til skjalanna, að gæta þess, að konungsvaldið seildist ekki út fyrir vébönd sín með ólöglegum athöfnum undirmanna konungs við stjórnsýslu.

Öðrum þræði höfðu menn og í huga, að umboðsmaður gæti treyst réttaröryggi þegna gegn yfirtroðslum og gerræði frá hendi konungsmanna. Í reynd var umboðsmaður fyrst og fremst hlífiskjöldur þegna gagnvart stjórnarvöldum konungs, því að þingræði komst á, áður en langt um leið, og fékk þá framkvæmdarvaldið aðhald frá Ríkisþinginu.

Samkvæmt 96. gr. sænsku stjórnlaganna skal umboðsmaður í umboði Ríkisþingsins hafa almenna umsjón með, að dómendur og aðrir embættis- og starfsmenn ríkisins fari að lögum og öðrum fyrirmælum. Ef umboðsmaður verður áskynja ólöglegs athæfis í embættissýslu, skal hann draga opinberan starfsmann til ábyrgðar fyrir dómstólum.

„Reglugerð fyrir umboðsmenn Ríkisþingsins“ var síðast gefin út 29. desember 1967. Þar segir í 2. mgr. 2. gr. m. a.:

„Umboðsmaður skal vera sérstakur saksóknari og höfða mál, þegar einhver, sem eftirliti hans sætir, hefur í framkvæmd þjónustu sinnar brotið gegn lögum eða öðrum fyrirmælum eða á annan hátt vanrækt þjónustuskyldu sína.“

Þá segir enn fremur í 1. mgr. 2. gr.:

„Eftirlit sitt framkvæmir umboðsmaður með eftirlitsferðum, rannsókn og ákvörðunum, sem nauðsyn þykir bera til, vegna þess sem fram hefur komið við athugun á eftirlitsferð, í kæru eða á annan hátt.“

Í 2. mgr. 3. gr. segir:

„Umboðsmaður skal þá fyrst og fremst grípa í taumana, þegar réttaröryggi einstaklinga er skert eða teflt í hættu eða einhver hefur vanrækt þjónustuskyldu sína í eiginhagsmunaskyni, sakir manngreiningarálits eða stórfellds skeytingarleysis.“

Embætti sænska umboðsmannsins var skipt árið 1915. Var þá sett á stofn sérstakt embætti fyrir hermál.

Verksvið sænska umboðsmannsins var rýmkað árið 1957. Upp frá því fjallaði hann einnig um stjórnsýslu sveitarfélaga. Allir sem bera fulla embættisábyrgð eru háðir eftirliti umboðsmanns.

Starfi umboðsmanns var skipt á milli þriggja manna árið 1968. Skipta þessir þrír menn með sér verkum, en embættið er eitt eftir sem áður. Allir þrír bera þeir titilinn umboðsmaður, og hver og einn þeirra starfar sem umboðsmaður.

Sænskri stjórnsýslu er um margt á annan veg farið en danskri og norskri. Sænskir ráðherrar eru ekki sjálfstæðir yfirmenn stjórnsýslu. Þeir hafa að jafnaði ekki úrskurðarvald. Og þeir geta ekki heldur skipað lægra settum stjórnarvöldum fyrir. Þátttaka í ríkisstjórn er þeirra höfuðhlutverk. Af þessari ástæðu tekur verksvið sænsku umboðsmannanna ekki til ráðherra.

Mestmegnis taka lægra sett stjórnarvöld stjórnsýsluákvarðanir í Svíþjóð. Æðri stjórnarvöld geta ekki gripið í taumana um úrlausn einstakra mála og ekki heldur sett almennar starfsreglur. Sá starfsmaður ríkisins, sem um mál fjallar, tekur að jafnaði ákvörðun á eigin ábyrgð. Og ekki er heldur um að ræða fyrirspurnir á Ríkisþinginu frá þingmönnum til ráðherra, er veitt geti stjórnarvöldum aðhald.

Réttmæti stjórnsýslugerninga má í Svíþjóð fá kannað með kæru („besvär“). Fer mál annaðhvort til fullnaðarúrskurðar yfirvalds eða til stjórnsýsludómstólsins („Regeringsrätten“).

Þess er þó getandi, að láta má reyna á lögmæti stjórnsýslugernings fyrir almennum dómstólum með því að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmanni. Stjórnsýslugerningi verður að vísu ekki haggað með dómi í því máli. En sé þar staðfest, að starfsmaður hafi gerzt sekur um mistök eða vanrækslu, dæmist hann til refsingar og skaðabóta. Sænskir ríkisstarfsmenn bera ríka refsiábyrgð á starfi sínu. Samkvæmt refsilögum getur starfsmaður bakað sér ábyrgð sakir „vanrækslu, skilningsskorts eða gáleysis“. Sakamál á hendur sænskum ríkisstarfsmönnum eru alls ekki fátíð. Og það eru einmitt sænsku umboðsmennirnir, sem hafa það hlutverk að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmönnum.

Jafnframt umboðsmönnunum hefur réttarkanslarinn (Justitiekanslern eða JK) það hlutverk að líta eftir því, hvort opinberir starfsmenn rækja skyldu sína. Hann er hinn eiginlegi saksóknari ríkisins. En akkilesarhæll hans er, að hann er maður ríkisstjórnarinnar. Það er því talið treysta mjög tilfinningu manna fyrir réttarör-

yggi og tiltrú almennings til opinberrar stjórnsýslu, að einnig má leita til umboðsmanns, sem er með öllu óháður ríkisstjórninni og þar með stjórnarvöldum.

Sænsku umboðsmennirnir geta átt sjálfir frumkvæði að rannsókn mála. Tilefni finnast í fjölmiðlum og við athugun á eftirlitsferðum. Til eftirlitsferðar þykir hæfilegt, að umboðsmaður verji 4—5 vikum á ári hverju. Embætti ríkis og sveitarfélaga úti á landsbyggðinni eru sótt heim, þar er skoðaður allur rekstur og aðbúnaður og sýnishorn tekin úr bókum. Helzt verða fyrir valinu dómstólar, lögregla, fangelsi, saksóknarar og lénstjórnir.

Sumir umboðsmenn hafa gefið dómstólum talsverðan gaum, en vitaskuld er stjórnsýsla framkvæmdarvaldsins aðalverkefnið.

Sænsku umboðsmennirnir hafa ýmis önnur verkefni lögum samkvæmt. Ef Ríkisþingið afræður að höfða landsréttarmál á hendur ráðherra, skal umboðsmaður vera sækjandi. Sjálfur getur umboðsmaður einnig átt frumkvæði slíks máls.

Hver og einn þegn eða félagsskapur þegna getur kært mál til umboðsmanns í Svíþjóð. Hann rannsakar málið. Á hann þá heimtingu á, að stjórnarvöld láti honum í té öll nauðsynleg gögn.

Samkvæmt orðum reglugerðar um starfsemi umboðsmanns hefur umboðsmaður ekki vald til ögunar né fyrirskipana gagnvart stjórnarvöldum. Hlutverk hans er samkvæmt reglugerðinni að höfða sakamál. En í reynd framkvæmir umboðsmaður drjúgan þátt starfs síns án þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Á eftirlitsferðum gefst umboðsmanni tækifæri til að gefa opinberum starfsmönnum ráð og leiðbeiningar. Og verði umboðsmaður var við mistök stjórnarvalds, getur hann látið við það sitja að benda stjórnarvaldi á mistök. Ef um er að ræða túlkun á lögum, getur umboðsmaður látið málsókn farast fyrir, að því tilskildu að starfsmaður fallist skýlaust á lögskýringu hans og heiti því að fara eftir henni framvegis. Ef einhver hefur beðið tjón af völdum opinbers starfsmanns, getur umboðsmaður látið saksókn velta á því, hvort tjón er bætt. Það meginsjónarmið hefur orðið ofan á, að umboðsmaður höfðar ekki sakamál, nema nauðsynlegt teljist sakir réttaröryggis. Þá er ekki höfuðmarkmiðið að fá opinberan starfsmann dæmdan, heldur hitt að fá staðfest með dómi, hvað sé rétt túlkun laga eða rétt beiting hins frjálsa mats.

Sænsku umboðsmennirnir fjalla aðallega um lagaleg atriði stjórnsýslunnar og stundum einnig um hrein matsatriði hennar. Umboðsmaðurinn Bertil Wennergren segir í bæklingi sínum „JO-riksdagens ombudsmän“ m. a. um grundvallarreglur laga:

„Meðal almennra grundvallarreglna réttarins, sem umboðsmaður skal hafa vakandi auga með, að virtar séu, þykir hér hlýða að nefna sérstaklega lagaheimildarregluna (legalitetsprincip: engin íhlutun án lagastoðar), hlutlægnisregluna (objektivitetsprincip: sams konar tilvik skulu sæta sams konar meðferð) og hlutleysisregluna (þess skal gæta að halla ekki máli). Umboðsmaður beitir enn fremur oft þurftarreglunni og hlutfallsreglunni, sem svo má kalla. Reynir einkanlega á gildi þeirra, þegar um er að ræða mál lögreglu og saksóknara, heilsu- og náttúruverndar, barnaverndar og bindindis, en jafnframt í málum um herskyldu og aðbúð nemenda. Með þurftarreglu er átt við, að íhlutun skal ekki eiga sér stað, nema á knýi raunveruleg, brýn þörf. Hlutfallsreglan felur í sér, að íhlutun að því er varðar tegund, stærð og varanleik, skal standa í sanngjörnu hlutfalli við markmið sitt (ekki meiri íhlutun en nauðsyn krefur).“

Orð sænska umboðsmannsins þykja gefa nokkra innsýn í, hvaða meginreglur Svíar telja máli skipta í stjórnsýslu.

Umboðsmenn gefa Ríkisþinginu skýrslu. Hún er prentuð og gefin út opinberlega í ítarlegu máli. Þar segir frá höfðuðum dómsmálum og ýmsu öðru, svo sem álitsgerðum umboðsmanna, og því, sem þeir telja til almennra gagnsmuna.

Fjörutíu og átta kjörmenn Ríkisþingsins kjósa umboðsmennina til 4 ára í senn. Sá sem kosinn er, skal vera kunnur fyrir lögþekkingu sína og einstaka ráðvendni.

Oftast eru það dómarar, sem kosningu hljóta, en stundum málflutningsmenn eða háskólakennarar. Viðurkennt er, að embætti umboðsmanns stendur og fellur með áliti þeirra, sem það hafa á hendi. Þess vegna er rík áhersla lögð á að fá sem mikilhæfasta menn til starfsins.

b) Danmörk.

Danskur umboðsmaður hefur starfað frá árinu 1954. Þegar eftir síðari heimsstyrjöld var í Danmörku vakin athygli á, að umboðsmannsfyrirkomulag Svía væri eftirbreytnivert. Sérstakri nefnd hafði verið falið árið 1946 að endurskoða stjórnarskrána. M. a. fjallaði hún um lögfestingu umboðsmannstilhögunar, þegar hún kannaði, hvernig stjórnarvöldum yrði veitt aðhald. Á þessum árum uxu mjög verkefni danskrar stjórnsýslu.

Niðurstaða stjórnarskrárnefndarinnar var, að taka bæri upp sænska fyrirkomulagið að breyttu breytanda. Í nýju stjórnarskránni, sem gekk í gildi árið 1953, var tekið ákvæði þess efnis, að þjóðþingið skyldi kjósa einn eða tvo menn til umboðsmannsstarfs gagnvart starfsmönnum framkvæmdarvaldsins.

Lög um umboðsmann Þjóðþingsins (Folkatingets ombudsmand) voru sett árið 1954 og reglugerð um starfsemi umboðsmanns árið 1956. Þótt sænska umboðsmannsfyrirkomulagið væri haft að fyrirmynd, þótti, eins og áður segir, þó nauðsyn bera til að aðlaga starfsháttu umboðsmanns að dönskum aðstæðum.

Danskir ráðherrar hafa sjálfstætt stjórnsýsluvald, en það hafa sænskir starfsbræður þeirra ekki. Þeir geta gefið lægra settum stjórnarvöldum fyrirskipanir. Iðulega hafa þeir úrskurðarvald um málefni stjórnsýslu. Danska Þjóðþingið hefur meira vald en sænska Ríkisþingið til afskipta af stjórnsýslu. Þingmenn geta m. a. beint fyrirspurnum til ráðherra á þingi. Höfundar danska lagafrumvarpsins um umboðsmann voru þeirrar skoðunar, að stjórnskipulegs og stjórnmálalegs aðhalds Þjóðþingsins gætti einungis í meiri háttar málum. Auk þess væri fátítt, að ráðherrar bæru raunverulega ábyrgð á málum, er ráðuneyti afgreiddu. Stjórnsýslugerningar yrðu að vísu til í nafni ráðherra og þeir bæru ábyrgð að formi til. En þeir fengju allt að einu ekki vitneskju um fjölda mála, sem afgreidd væru í ráðuneytum þeirra. Því þótti einsýnt, að verkahringur umboðsmanns ætti að taka til ráðherra að formi til. Á hinn bóginn var ekki talið ráðlegt að tefla sjálfstæði dómstóla í tvísýnu með afskiptum umboðsmanns. Sérstakur kærudómstóll fjallar í Danmörku um mál á hendur dómurum sakir dómaraverka. Öll embættissýsla dómstóla var undanskilin verksviði umboðsmanns.

Upphaflega fjallaði danski umboðsmaðurinn eingöngu um stjórnsýslu ríkisins. Prófessor Stephan Hurwitz, sem fyrst valdist til hins nýja umboðsmannsstarfs og ávann því mikinn hróður, lagði til, að verksvið umboðsmanns yrði rýmkað, svo að það tæki einnig til stjórnsýslu sveitarstjórnar. Var sú rýmkun gerð árið 1961 með vissum takmörkunum.

Umboðsmaður danska Þjóðþingsins tekur mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Hann á heimtingu á skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, þar á meðal vinnugögnum stjórnarvalds. Hann rannsakar mál með svipuðum hætti og sænski umboðsmaðurinn. Ef fram er komin kvörtun, biður hann um skýringar, á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi.

Umboðsmaður er ekki saksóknari. En hann getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að höfða opinbert mál. Þessarar heimildar mun danski umboðsmaðurinn þó ekki hafa neytt, heldur haldið sig við að segja álit sitt á máli. Jafnan hefur verið farið eftir álitsgerðum hans.

Umboðsmaður getur tekist á hendur eftirlitsferðir til embætta, fangelsa, dvalarheimila o. s. frv., en ekki er gert ráð fyrir slíkum ferðum sem föstum þætti í starfi hans, eins og tíðkast í Svíþjóð.

Á árunum 1957—66 voru alls um 11000 mál lögð fyrir danska umboðsmanninn. Þar af snerti 721 mál stjórnarvöld í sveitarfélögum, eftir að umboðsmaður tók að fjalla um málefni þeirra árið 1962.

Venjulega hefur rannsókn leitt í ljós, að ekki var ástæða til gagnrýni á hendur þeim opinberu sýslunarmönnum, sem kvartað var undan. Í þessu felst ekki, að kvartanir hafi verið ástæðulausar eða óskynsamlegar. Oft ber við, að stjórnarvald greinir ekki ákvörðunarástæður sínar, og þar eð kvartandi hefur ekki næga vitneskju um grundvöll ákvörðunar, fær hann ekki skilið hana. Í allmörgum málum hefur umboðsmanni með því að skýra málið í smáatriðum tekizt að gera kvartanda skiljanlegt, að meðferð máls og ákvörðun gáfu ekki tilefni til gagnrýni.

Af þeim málum, sem voru rannsökuð á árunum 1957—66, gáfu 456 mál tilefni til að gagnrýna stjórnarvald. Til viðbótar voru ráðleggingar gefnar stjórnarvöldum í 157 málum. 1808 mál, eða 75% þeirra mála, er rannsökuð voru, gáfu ekki tilefni til aðgerða af hálfu umboðsmanns. Hlutfall þeirra mála, er gáfu tilefni til gagnrýni eða ráðlegginga, kann að þykja fremur lágt, en hugfesta verður, að almenn varnaðaráhrif umboðsmanns skipta jafnvel meira máli en þau einstöku mál, sem árangur bera.

Danski umboðsmaðurinn hefur farið varlega í sakir, þegar um er að ræða svokallað frjálst mat stjórnarvalds. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um starfsemi hans segir, að umboðsmanni beri að athuga, hvort nokkur maður, sem verksvið hans tekur til, stefni að ólöglegu markmiði, taki handahófskenndar eða ósanngjarnar ákvarðanir eða á annan hátt gerist sekur um mistök eða vanrækslu við framkvæmd starfs síns. Ákvæði þessu beitir umboðsmaður með ýtrustu varúð. Hann gagnrýnir þá því aðeins ákvarðanir á sviði hins frjálsa mats, þegar hann getur til stuðnings máli sínu skírskotað til kenninga sérfræðinga og hann getur bent á áreiðanlegar skjalfestar sannanir fyrir því, að ákvörðun er handahófskennd eða óskynsamleg.

Alls kyns kvartanir berast umboðsmanni. Margar beinast gegn mismunun. Því er haldið fram, að stjórnarvöld taki mismunandi ákvarðanir í sams konar málum. Oftast hefur rannsókn leitt í ljós, að mál kvartanda er frábrugðið „sams konar" máli í einhverju veigamiklu atriði. En þó hafa kvartanir í nokkrum slíkum málum haft við rök að styðjast. Skattayfirvöld hafa t. d. metið tvær sams konar íbúðir í sama fjölbýlishúsi mismunandi til skatts. Mismunandi auðvelt hefur verið eftir landshlutum að fá ökuleyfi að nýju eftir sviptingu þess sakir aksturs undir áhrifum áfengis. Umboðsmaður hefur lagt til, að meira samræmi sé komið á þau mál. Í nokkrum málum hefur reynt á spurninguna, hvort opinber sýslunarmaður sé vanhæfur til að hafast að, t. d. þátttaka prófessors í umræðum háskóladeildar um doktorsritgerð tengdasonar hans. Umboðsmaður benti háskólanum á mikilvægi reglna um vanhæfi, og háskólinn setti síðan ítarlegar reglur um þátttöku kennara í meðferð mála, þar sem frændur eða tengdafólk hefur hagsmuna að gæta. Tíðari eru þó kvartanir um vanhæfi, þar sem opinber starfsmaður, sem áður hefur tekið þátt í meðferð máls, á aftur hlut að meðferð þess á málskotsstigi. Þannig hafa ýmsir ráðuneytisstjórar átt sæti í eða jafnvel verið formenn stjórnsýsludómstóla, sem málum á þeirra stjórnsýslusviði er skotið til. Jafnvel þótt slíkt fyrirkomulag hafi við viss rök hallkvæmis að styðjast, hefur umboðsmaður álitið það ganga svo í berhögg við undirstöðurök stjórnsýsludómstóla, að hann hefur lagt til endurskoðun reglna á þessu sviði.

Umboðsmaður hefur fjallað um valdþurrð stjórnarvalda, t. d. hvort skólastjóra sé heimilt að segja starfsmanni upp án þess að leggja málið fyrir skólanefnd. Í allmörgum málum hefur umboðsmaður fjallað um, hvort stjórnarvald hafi haft næga lagaheimild til að taka ákvörðun. Umboðsmaður kannaði þannig mál, þar sem lögreglustjóri hafði bannað eiganda leigubifreiðar að leita eftir viðskiptavinum á leigubílastæði um mánaðarskeið, af því að eigandi átti í deilu við nokkra starfsbræður sína. Niðurstaða umboðsmanns var, að lögreglustjórinn hefði ekki haft næga laga-

heimild til að banna eiganda leigubifreiðarinnar að nota stæðið. Í nokkrum málum hefur sú spurning verið lögð fyrir umboðsmann, hvort gildandi lög veiti stjórnarvaldi heimild til að setja þegnum almennar reglur á tilteknu sviði. Iðulega hefur umboðsmaður tekið til meðferðar mál, þar sem opinber starfsmaður hefur ekki farið eftir lögmætum reglum um málsmeðferð, t. d. þar sem lögregla hefur ekki virt reglur um handtöku og leit. Hann hefur sömuleiðis sagt álit sitt á málum, þar sem stjórnarvald hefur látið undir höfuð leggjast að leiðbeina þegn um, að honum sé heimilt að skjóta úrskurði til æðra stjórnarvalds. Margar kvartanir hafa snúist um seinagang við afgreiðslu mála og orðið umboðsmanni tilefni til gagnrýni. Hefur umboðsmaður m. a. rannsakað afgreiðsluhátt mála á breiðum grundvelli í því skyni að finna nýjar aðferðir til að stytta afgreiðslutímann. Árangur slíkra almennra rannsókna hefur jafnan verið ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda um endurbætur. M. a. hefur hann bent stjórnarvöldum á gamla reglugerð fyrir stjórnarvöld, sem kveður svo á, að mál milli stjórnarvalda skuli sæta meðferð án skriffinnsku og án ónauðsynlegra millilliða og að allrar vitneskju skuli afla eftir beinni boðleið en ekki krókaleiðum. Þá hefur umboðsmaður gagnrýnt í nokkrum málum, að stjórnarvald hefur ekki kannað mál nægilega, áður en það tók ákvörðun.

Þjóðþingið kýs umboðsmann. Hann skal vera lögfræðingur og má ekki eiga sæti á þingi. Danir álíta árangur af umboðsmannsstarfinu velta á virðingu þess manns, er embættinu gegnir.

c) Noregur.

Árið 1953 lagði stórþingsmaðurinn Lars Ramndal fram lagafrumvarp um umboðsmann fyrir Noreg, sem hann hafði sjálfur samið. Frumvarpið hlaut ekki samþykki þingsins, en lýðum varð ljóst, að nýmæli þetta átti sér marga stuðningsmenn. Árið áður höfðu verið sett lög um umboðsmann fyrir hermál. Nokkrum árum síðar samþykkti Stórþingið frumvarp til laga um umboðsmann. sem stjórnsýslunefnd þingsins hafði samið.

Umboðsmaður Stórþingsins hóf störf árið 1963. Meginröksemdin var, að heppilegt væri að gefa fólki kost á stofnun, þar sem það gæti sér að kostnaðarlausu fengið kvartanir sínar rannsakaðar á einfaldan hátt.

Fyrsti umboðsmaður Norðmanna, Andreas Schei, fyrrverandi hæstaréttardómari, er enn við störf.

Norsku umboðsmannslögin eru í aðalatriðum sniðin eftir dönsku lögunum Þykir því ekki ástæða til að endurtaka það hér í öllum atriðum.

Reglugerð um starfsemi umboðsmanns mælir svo fyrir, að álíti hann kvörtun rakalausa, skuli hvorki látið getið nafns kvartanda né opinbers starfsmanns eða stjórnarvalds. Í reynd hefur nafn ekki heldur verið getið, þegar kvörtun hefur haft við rök að styðjast.

Í umræðum Stórþingsins um ársskýrslu umboðsmanns hefur komið fram almenn ánægja með umboðsmannsstarfið. Taka bæði stjórnarvöld og almenningur undir það. Og léttara þykir nú að hreyfa erindum við stjórnarvöld en áður.

Norski umboðsmaðurinn hefur á að skipa auk skrifstofufólks fjórum ráðunautum og skrifstofustjóra. Eru þeir allir lögfræðingar. Ráðunautar binda sig ekki við tiltekið málefnasvið.

Umboðsmaður les allar kvartanir og útdeilir til ráðunauta þeim kvörtunum, sem ekki er vísað frá þegar í stað. Þeir rannsaka málið og leggja niðurstöður sínar fyrir umboðsmann. Hann leggur síðan síðustu hönd á verkið og gefur álitsgerð í eigin nafni.

Umboðsmanni er rétt að heimta allar nauðsynlegar skýrslur og skjöl af stjórnarvöldum. Þeim hefur þó ekki verið talið skylt að láta honum í té vinnugögn til undirbúnings ákvörðun. Umboðsmaður beiðist þó venjulega slíkra gagna, enda geyma þau

iðulega veigamikla vitneskju um ákvörðunarástæður. Árið 1967 gengu í gildi í Noregi lög um opinbera stjórnsýslu. Samkvæmt þeim skal stjórnarvald greina frá ákvörðunarástæðum að sjálfs sín frumkvæði eða eftir beiðni.

Að hætti starfsbróður í Danmörku getur norski umboðsmaðurinn ekki knúið stjórnarvöld til eins eða neins né heldur afturkallað stjórnsýslugerninga eða ógilt.

Á hinn bóginn getur hann ekki aðeins kannað lögmæti ákvörðunar heldur og þá spurningu, hvernig frjálsu mati hefur verið beitt í ýmsum atriðum.

Umboðsmaður fjallar ekki um dómstóla, hvorki dómsathafnir né stjórnsýsluathafnir þeirra.

Árið 1967 tók norski umboðsmaðurinn við 1089 kvörtunum. Að sjálfs sín frumkvæði tók hann 14 mál til meðferðar. Um tveimur þriðju hlutum kvartana var strax vísað frá, með því að þær féllu utan valdsviðs umboðsmanns. Þar má geta kvartana á hendur dómstólum eða einstaklingum, kvartana í málum, þar sem kvartandi hafði ekki notað kæruleið til æðra stjórnarvalds, og kvartana, sem augljóslega voru ekki á rökum reistar. Kvörtunum af þessu tagi fækkar ekki með árunum, þótt starfsemi umboðsmanns verði æ kunnari með almenningi.

Árlega hafa um 300—400 mál þótt verðskulda rannsókn norska umboðsmannsins. Af þeim hafa um 250 mál verið látin niður falla, með því ekkert athugavert þótti koma þar fram. Afgangurinn, um 100 mál, hefur borið árangur að nokkru eða öllu leyti. Stjórnarvöld hafa breytt ákvörðun sinni eða komist að samkomulagi við kvartanda í um það bil 50 málum árlega. Oftlega hefur riðið baggamuninn, að umboðsmaður hefur bent á þungvæg málsatriði. Milli 50 og 100 mál hafa árlega í för með sér gagnrýni eða ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda.

Fjöldi mála snýst um almannatryggingar og lífeyri. Tíðar eru kvartanir um vinnuaðstöðu og launamál. Þá er iðulega kvartað undan því, að synjað hafi verið um leyfi til eins eða annars. Margar eru kvartanir á hendur saksóknarvaldinu fyrir að það hefur látið hjá líða að höfða sakamál vegna misgerðar, og sama er að segja um kvartanir, vegna þess að lögregla þykir ekki hafa verið nógu ötul við málsrannsókn. Komið hefur stöku sinnum fyrir, að kvartað er undan því, að lögreglumenn gerist offarar í starfi. Fjölmennir meðal kvartenda eru þeir, sem sitja í fangelsum. Kvartanir þeirra snúast m. a. um meðferð í fangelsi eða synjun fangelsisstjóra á beiðni fanga um að vera látinn laus til reynslu. Sjúklingar á geðveikrahælum senda enn fremur nokkrar kvartanir árlega.

Oftast nær beinast kvartanir gegn ákvörðun stjórnarvalds. Ýmist er því haldið fram, að lögum hafi verið ranglega beitt eða að mál hafi ekki verið rannsakað nægilega og ákvörðun því reist á röngum grundvelli málsatvika. Ef um frjálst mat stjórnarvalds er að ræða, snúast kvartanir m. a. um mismunun, sem ekki styðjist við réttlát rök.

Um það bil fjórði hluti kvartana varðar málsmeðferð stjórnarvalds. Er þar helzta kvörtunarástæða óhóflegur seinagangur stjórnarvalds við afgreiðslu máls.

Afar fáar kvartanir beinast gegn einstökum opinberum sýslunarmönnum.

Meðal kvartenda eru vitaskuld nöldurseggir, en þeir eru ekki margir, og ásókn þeirra veldur umboðsmanni ekki neinum vandkvæðum.

Eftir nokkurra ára starf norska umboðsmannsins telja Norðmenn fullvíst, að hans hafi verið þörf. Af þeim 1719 málum, sem voru rannsökuð á fyrstu fimm starfsárunum, báru kvartanir árangur í 496 eða 24.8%. Fyrir utan beinan árangur í einstökum málum eru almenn varnaðaráhrif umboðsmannskerfisins ekki álitin skipta minna máli. Vitneskja stjórnarvalda um, að þegn geti ávallt leitað til umboðsmanns, er stjórnarvaldi hvöt til að rækja starf sitt svo samvizkusamlega sem best má verða. Á hinn bóginn eyðir starf umboðsmanns einatt órökstuddum grunsemdum í garð stjórnarvalda. Fólk ber meira traust til álitsgerðar umboðsmanns en skýringa stjórnarvaldsins sjálfs.

Um einstakar greinar lagafrumvarpsins.

Skal nú víkja að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing Alþingis kýs umboðsmann. Kjör umboðsmanns kann að fara fram, hvenær sem er á kjörtímabili Alþingis. Ekki er víst, að umboðsmaður sitji út kjörtímabil sitt, sbr. 3. mgr. 1. gr. frv. Ef umboðsmaður lætur af starfi, skal kjósa nýjan umboðsmann til 4 ára. Alþingi kann að verða rofið, áður en 4 ára kjörtímabili þess lýkur, sbr. 24. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Kjörtímabil Alþingis og umboðsmanns þurfa ekki að falla samaan.

Ráð er fyrir því gert, að Alþingi ákveði sjálft, eftir hvaða reglum umboðsmannskjör skuli fara fram. Þykir rétt, að inn í þingskapalög Alþingis séu felldar reglur um það efni.

Um 2. mgr. 1. gr.:

Kjörgengi umboðsmanns er sama og embættisgengi hæstaréttardómara, sbr. 5. gr. laga um Hæstarétt nr. 75/1973, sbr. og almenn dómaraskilyrði í 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Um 3. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing getur svipt umboðsmann starfi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Er þar tekin upp regla norsku laganna, sem þykir eðlilegri en danska reglan um, að meirihluti Þjóðþingsins geti svipt umboðsmann starfi.

Um 4. mgr. 1. gr.:

Staðgengill umboðsmanns um stundarsakir skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. 2. gr.:

Sameinað þing kýs 5 manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns. Nefnd þessi á að hafa á hendi það trúnaðarsamband, sem er á milli Alþingis og umboðsmanns. Getur umboðsmaður því ávallt snúið sér til hennar með erindi sín við þingið. Er eðlilegt, að umboðsmannsnefndin leggi drög í samráði við umboðsmann að reglugerð um starfsemi hans, sbr. 2. gr. frv.

Um 2. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. frv. um launakjör umboðsmanns miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði í starfi á borð við hæstaréttardómara og þá virðingu, sem því er samfara að njóta launa á við þá.

Um 3. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. frv. skal stuðla að því að gera umboðsmann sem sjálfstæðastan og óháðastan og tryggja sem best hlutleysi hans í hverju máli.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. frv. á enn fremur að stuðla að sjálfstæði umboðsmanns. Þess vegna skal hann vera sjálfráður um, hverja hann velur sem aðstoðarmenn sína.

Um 4. gr.

Umboðsmanni Alþingis er ekki ætlað að halda uppi reglubundnu eftirliti með opinberri stjórnsýslu í stóru og smáu. Því fær hann ekki annað með takmörkuðu

starfsliði. Hann bregður jafnan ekki við nema að gefnu tilefni, er honum berst kvörtun eða honum verður kunnugt um gagnrýni á hendur stjórnarvaldi, sem honum þykir rétt að kanna nánar, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Í frumvarpi þessu er því sniðgengið að kalla starfsemi umboðsmanns „eftirlit“.

Hlutverk umboðsmanns er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu, og að stjórnarvöld beiti ekki nokkrurn mann rangindum. Með þessari yfirlýsingu 4. gr. frv. er mörkuð sú stefna, sem umboðsmaður skal fylgja í starfi sínu. Samkvæmt henni er það réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Ákvæði 4. gr. frv. skal skilja þannig, að einnig einkafyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög og hvers konar félög geta leitað aðstoðar umboðsmanns og borið fram kvartanir við hann. Mál, sem umboðsmaður tekur til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, þurfa þó ekki beinlínis að varða réttaröryggi einstakra þegna eða félaga gagnvart stjórnarvöldum. Hvers konar hugsanleg lögbrot, óreiðu og vanstjórn í opinberri stjórnsýslu getur umboðsmaður tekið til rannsóknar. Einn þáttur í starfi umboðsmanns skal vera að gera tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu. Þar á meðal skal hann gera tillögur til að ráða bót á meinbugum á lögum og reglugerðum, sem hann kemur auga á, sbr. 13. gr. frv.

Um 5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess. Af því þykir leiða, að hann getur ekki tekið þátt í stjórnmálum né átt setu á Alþingi.

Umboðsmaður getur af þessari ástæðu ekki fjallað um kvartanir á hendur Alþingi eða einstökum þingmönnum vegna starfa þeirra sem þingmenn. Umboðsmaður fjallar því ekki um umræður á Alþingi, nefndarálit o. s. frv. Og hann skal að jafnaði ekki taka afstöðu til álitamála af stjórnmálatoga eða til mála, sem teflt geta í tvísýnu trausti almennings til hlutleysis hans. Verður umboðsmaður sjálfur að skera úr, hvað hann telur rétt að hætta sér langt í þeim efnum. Sjá nánar um 12. gr. frv.

Af trúnaðarsambandi umboðsmanns og Alþingis leiðir ekki, að það geti boðið honum eða bannað varðandi úrlausn einstakra mála. Um úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður vera óháður Alþingi að öðru en því, sem Alþingi hefur þegar ákveðið í lögum um umboðsmann og í reglugerð um starfsemi hans.

Rétt þykir, að sameinað þing hafi samráð við umboðsmann þann, sem kosinn verður, um setningu reglugerðar um starfsemi hans. Getur það orðið verkefni þingnefndar þeirrar, sem fjalla skal um málefni hans, sbr. 1. mgr. 2. gr. frv.

Um 6. gr.

Verksvið umboðsmanns Alþingis tekur bæði til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í 6. gr. frv. eru þó settar nokkrar takmarkanir á verksviðið.

Í 6. gr. frv. er sniðgengið að tala um „opinbera starfsmenn“, þótt í reynd hljóti rannsókn mála að beinast gegn stjórnsýslu þeirra. Eins og lögin eru orðuð getur könnun umboðsmanns tekið til stjórnsýslu hvers þess, sem starfar sem „opinber sýslunarmaður“, þótt hann gegni starfi aðeins stuttan tíma sem borgaralegri kvöð.

Í stað þess að tala um „opinbera starfsmenn“ eða „opinbera sýslunarmenn“ er í lögunum oftast talað um „stjórnsýslu“, „stjórnarvöld“, „stofnanir“ o. s. frv. Er álitið miklu skipta í hinu fámenna íslenska þjóðfélagi, að aðgerðir umboðsmanns beinist sem minnst gegn persónu þeirra, sem við opinbera stjórnsýslu fást, sbr. þó 2., 4., 5. og 6. mgr. 12. gr. frv.

Um 1. tl. 6. gr.:

a) Alþingi er, eins og áður segir, skilið undan verksviði umboðsmanns, sbr. það, sem segir um 5. gr. frv. Gildir það bæði um löggjafarmálefni og stjórnsýslu. Skrifstofa Alþingis er því undanskilin verksviði hans. Sama máli gegnir, ef Alþingi tekur sér fyrir hendur að fremja einstaka stjórnsýslugerninga.

b) Dómstólar eru undanskildir verksviði umboðsmanns um dómsathafnir. Stjórnsýsluathafnir dómstóla getur umboðsmaður hins vegar fjallað um. Hér á landi fara sýslumenn og bæjarfógetar bæði með dómsmál og stjórnsýslu. Þar sem stjórnsýsluathafnir eru svo stór þáttur starfs þeirra, þykir ekki rétt að þiggja þá að því leyti undan verksviði umboðsmanns. Verður umboðsmaður að skera úr vafaatriðum um, hvort um dómsathöfn eða stjórnarathöfn sé að ræða. Sama regla gildir um öll dómaraembætti, svo fremi þau fást einnig við stjórnsýslu.

c) Þjóðkirkjan er skilin undan verksviði umboðsmanns um trúarkenningar sínar. Sker umboðsmaður úr, hvort um trúarkenningar sé að ræða.

d) Samkvæmt 1. tl. 6. gr. frv. fellur stjórnsýsla ráðherra og ríkisstjórnar undir verksvið umboðsmanns. Í reynd hafa embættismenn þessa stjórnsýslu á hendi, þótt stjórnsýslugerningar séu gefnir út og undirritaðir af ráðherra. Beinist hugsanleg rannsókn og gagnrýni því venjulega ekki að ráðherrum, heldur að embættismönnunum.

Um 2. tl. 6. gr.:

Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum, sem hér skal greina:

Þær ákvarðanir stjórnarvalda sveitarfélaga, sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins, tekur umboðsmaður til meðferðar með sama hætti og ákvarðanir ríkisstjórnarvalda.

Málskot til æðra stjórnarvalds er jafnan talið heimilt, ef lægra sett stjórnarvald er eðlilegur þáttur í föstu stjórnkerfi ríkisins. Samkvæmt því má jafnan skjóta ákvörðunum stjórnarvalda sveitarfélaga til ráðuneytis eða annars ríkisstjórnarvalds, þótt ekki sé til þess sérstök heimild í settum lögum, ef ríkisstjórnarvaldið hefur yfirstjórn þess málefnis, sem sveitarstjórnarvaldið fjallar um.

Hins vegar eru sums staðar í lögum sérstök ákvæði um slíka kæruheimild, sbr. t. d. lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Barnaverndarnefndir eru kostnar af hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, sbr. 6. gr. þeirra laga. Barnaverndarnefndarúrskurðum má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs, sbr. 1. mgr. 56. gr. laganna. Ráðherra skipar barnaverndarráð.

Sú almenna takmörkun á verksviði umboðsmanns, sem getið er í 6. mgr. 7. gr. frv., gildir vitaskuld, þegar um er að ræða ákvarðanir sveitarstjórnarvalds, sem skjóta má til ríkisstjórnarvalds. Getur umboðsmaður því ekki tekið slíka kvörtun á hendur sveitarstjórnarvaldi til meðferðar, fyrr en kvartandi hefur neytt kæruheimildar til ríkisstjórnarvalds og það fellt úrskurð í málinu. Ef svo ber við, leiðbeinir umboðsmaður kvartanda um notkun kæruheimildar.

a) Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til. Honum er hins vegar ekki skylt að taka stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna til meðferðar eftir kvörtun.

Með þjóðkjörnum sveitarstjórnum er átt við aðalstjórnvöldin í sveitarfélögum, sveitarstjórnir, sem kjörnar hafa verið í almennum kosningum. Eru það hreppsnefndir, bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur.

b) Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga, ber honum að hyggja að sérhögum þeirra. Annars vegar á það sérstaklega við, þegar umboðsmaður tekur mál upp að sjálfs sín frumkvæði gagnvart þjóðkjörnum sveitarstjórnum. Þær eru eins konar smækkuð mynd Alþingis. Hins vegar er stjórnsýsla smærri sveitarfélaga, einkum hreppsfélaga, mjög almenns eðlis. Starfsmenn þeirra eru ekki sérhæfðir og reisa ákvarðanir sínar gjarnan á þekkingu á staðháttum og fólki í sveitarfélagi. Þar myndast því síður reglubundin stjórnsýsluiðkun eins og í stærri sveitarfélögum.

Um 3. til. 6. gr.:

Rétt þykir, að sameinað þing hafi heimild til að afmarka verksvið umboðsmanns frekar, ef því þykir nauðsyn til bera. Má þá setja þær reglur í reglugerð um starfsemi umboðsmanns, sbr. 5. gr. frv.

Um 7. gr.

Um 1. mgr. 7. gr. frv.:

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar, hvort heldur er, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Allar kvartanir tekur hann fyrst til frumkönnunar. Leiðir hún þá til þess, að vísað er frá þeim kvörtunum, sem umboðsmaður hefur ekki vald til að fjalla um eða eru augljóslega ekki á rökum reistar o. s. frv. Aðrar kvartanir tekur umboðsmaður til meðferðar.

Að sjálfs sín frumkvæði getur umboðsmaður tekið til meðferðar hvers konar atferli stjórnarvalda, sem honum þykir rannsóknar vert. Er gert ráð fyrir, að hann fái vitneskju um slík mál aðallega í gegnum fjölmiðla, dagblöð, útvarp o. s. frv. Umboðsmaður er þá ekki bundinn við rannsókn eins einstaks máls, heldur getur tekið til könnunar ákveðið ástand innan stjórnsýslunnar, sem enginn einn, starfsmaður eða stjórnarvald, er riðið við. Þó er gert ráð fyrir, að meginverkefni umboðsmanns verði rannsókn einstakra mála, þar sem kvörtun hefur borist á hendur einstöku stjórnarvaldi.

Þegar umboðsmaður tekur mál til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, er hann ekki bundinn af ákvæði 6. mgr. 7. gr. frv. Æðra stjórnarvald þarf því ekki hafa fellt úrskurð í máli að undangengnu málskoti, sbr. orðalag 6. mgr. 7. gr. frv.

Um 2. mgr. 7. gr.:

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann, sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Kvörtunarheimild takmarkast því ekki við þá, sem hafa íslenskt ríkisfang.

Um 3. mgr. 7. gr.:

Sá, sem sviptur hefur verið frelsi, á rétt til að bera mál sitt undir umboðsmann í lokuðu bréfi. Mikilsvert þykir, að þeir, sem lokaðir eru inni í fangelsum eða á hælum, eigi þess kost að bera fram kvartanir, án þess að þær fari í gegnum hendur yfirmanna þessara stofnana, sem þær oft beinast gegn.

Um 4. mgr. 7. gr.:

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Umboðsmaður tekur því ekki við nafnlausum bréfum. Enn fremur skal kvartandi láta fylgja öll þau gögn, sem stoða kunna mál hans. Reynslan á hinum Norðurlöndum sýnir, að margt fólk á mjög óhægt með að skrifa upp hugsanir sínar skipulega. Er því gert ráð fyrir, að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. frv., geti fólk gengið inn á skrifstofu umboðsmanns og greint frá kvörtun sinni. Aðstoðar starfsfólk umboðsmanns við að semja skriflega kvörtun og leiðbeinir um útvegun allra tiltækra sönnunargagna.

Um 5. mgr. 7. gr.:

Kvörtun skal bera fram innan árs, frá því að gagnrýndur stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur. Er þá miðað við, hvenær kvörtun berst umboðsmanni. Nauðsyn þykir bera til að setja ákveðinn frest, sem unnt sé að bera fram kvartanir á, því að endalaust skulu menn ekki geta tekið upp gerðir stjórnarvalda og kvartað undan þeim við umboðsmann. Þykir eitt ár hæfilegur frestur.

851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
861 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegar.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að vegamótum Skógavegar.
867 Axarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að vegamótum Eiðisvegar.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.

96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
911 Gunnarsstaðavegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi nálægt Hölkná að Gunnarsstöðum.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
921 Eyjavegur: Af Hlíðarvegi móts við Fögruhlíð um Hnitbjörg og Eyjasel á Hlíðarveg nálægt Bakkagerði.
922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg sunnan við Unaós.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjamýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.

954 **Helgustaðavegur:** Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur í Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 **Dalavegur:** Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða yfir Breiðdalsá hjá Flögu um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
984 Hoffellsvegur: Af Austurlandsvegi vestan Hoffellsárbrúar að vegamótum Miðfells.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

1 **Suðurlandsvegur.**

30 **Skeiða- og Hrunamannavegur:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

31 **Skálholtsvegur.**

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.

34 **Eyrabakkavegur.**

35 **Biskupstungnabraut:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

36 **Þingvallavegur.**

38 **Þorlákshafnarvegur:**
Þrengslavegur — Þorlákshöfn.

39 **Þrengslavegur.**

40 **Hafnarfjarðarvegur.**

41 **Reykjanesbraut.**

43 **Grindavíkurvegur.**

44 **Hafnavegur:**
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur.

45 **Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut — Sandgerði.

412 **Vífilsstaðavegur.**

415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.

1 **Vesturlandsvegur.**

51 **Akranesvegur.**

53 **Hvítárvallavegur.**

54 **Ólafsvíkurvegur.**

55 **Heydalsvegur.**

56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.

57 **Snæfellsnesvegur.**

574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.

60 **Vestfjarðavegur.**

61 **Djúpvegur.**

62 **Barðastrandarvegur.**

63 **Bíldudalsvegur.**

68 **Hólmavíkurvegur.**

1 **Norðurlandsvegur.**

72 **Hvammstangavegur.**

75 **Sauðárkróksbraut.**

76 **Siglufjarðarvegur.**

82 **Ólafsfjarðarvegur.**

85 **Norðausturvegur.**

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyðri vegamót Kristnesvegar.

845 **Aðaldalsvegur.**

1 **Austurlandsvegur.**

92 **Norðfjarðarvegur.**

93 **Seyðisfjarðarvegur.**

96 **Suðurfjarðavegur.**

99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

3.3.1. Kaldadalsvegur (40 km):

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2. Kjalvegur (165 km).

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3. Fjallabaksvegur nyrðri (80 km):

Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi.

3.3.4. Sprengisandsleið (536 km):

Af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (827) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (189 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (75 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökulsdalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. UM FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1977—1980

1.1.1. Markaðar tekjur:

Tekjuáætlun þessi byggir að mestu á sömu forsendum og tekjuspá þingsályktunartillögu um vegáætlun 1976—1979. Að magni til er þó gert ráð fyrir heldur minni tekjum, sem eingöngu stafar af minni fjölgun bifreiða en þar var gert ráð fyrir. Á síðustu tveim árum hefur innflutningur bifreiða verið mjög lítill og langt frá því að nægja til að standa undir eðlilegri endurnýjun bifreiðaflota okkar. En miðað við bifreiðafjölda, þyrfti að flytja inn árlega a. m. k. 8 þús. bifreiðar til að standa undir eðlilegri endunýjun.

Gerð hefur verið spá um innflutning bifreiða og bifreiðaeign á áætlunartímabilinu. Áfram er reiknað með litlum innflutningi en þróunin að öðru leyti áætluð þessi:

Tafla 1. Bifreiðafjöldi.

Ár	Fjöldi 1. jan.	Innfl.	Afskráð	Fjöldi 31. des.	Fjöldi 1. júlí	Þar af með bensínhr.
1977	73 100	4 400	2 800	74 700	73 900	65 910
1978	74 700	4 900	2 800	76 800	75 800	67 610
1979	76 800	5 500	2 800	79 500	78 200	69 750
1980	79 500	6 100	2 800	82 800	81 200	72 430

Í samræmi við ofangreindar forsendur um bifreiðafjölda hefur verið gerð áætlun um markaðar tekjur vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Þar er gert ráð fyrir að notfærð verði lagaheimild um hækkun gjaldstofna í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar. Ef sú ráðstöfun nægir ekki verður að afla fjár með öðrum hætti.

Tafla 2. Heildartekjur vegasjóðs.

(fjárhæðir í m. kr.):

	1977	1978	1979	1980
Bensíngjald	2 435	3 305	3 380	3 490
Þungaskattur	780	940	970	1 030
Gúmmígjald	81	85	92	100
Markaðar tekj. br.	3 296	4 330	4 442	4 620
Endurgr. innfl.gj.	25	30	35	35
Markaðar tekjur nettó	3 271	4 300	4 407	4 585

1.1.2. Ríkisframlag.

Á vegáætlunartímabilinu verður ríkisframlag eins og hér segir:

1977	1978	1979	1980
779	900	793	815

1.2.1. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun til vegagerðar er 1600 m. kr. á árinu 1977, 1800 m. kr. árin 1978 og 1979 og 1600 m. kr. 1980. Innifalið í þessum tölum er sala happdrættisskuldabréfa skv. heimild í lögum nr. 36/1975 um fjáröflun til Norður- og austurvegar.

2. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0.0. Verðgrundvöllur vegáætlunar.

Þegar byrjað var að vinna við endurskoðun vegáætlunar sl. haust, voru reiknaðar út vísitölur þar sem tekið var tillit til umsamdra kauphækkana á árinu 1977. Fjárv. til viðhalds á árinu 1977 tekur mið af þeirri vísitölu.

Frá þeim tíma sem liðinn er síðan fyrrgreindar vísitölur voru áætlaðar, hafa ekki orðið neinar hækkanir á vísitölu vega- og brúagerðar, en hinsvegar hefur viðhaldsvísitala hækkað um tæplega 6%.

Fyrirsjáanlegt er, að fram til sumars eiga þessar vísitölur eftir að hækka talsvert, þar sem samningar eru lausir nú í vor og ekki hefur enn verið tekið tillit til hækkunar taxta vinnuvéla, en þeir hafa ekki breyst frá því í maí 1976.

Líklegt má telja, að hækkun vísitölu nýrra framkvæmda frá vísitölu í ágúst 1976 verði um 25%, en vísitölu viðhalds um 35%.

Framkvæmdavísitölur:

	Vegagerð	Brúagerð	Viðhald
1. Vísitölur ág. '76	4 643	6 808	5 302
2. Áætl. vísit. '77 (umsamdar hækkanir)	5 039	7 881	6 200
Hækkun 1—2	14.5%	9.0%	16.9%

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.0. Launagreiðslur.

Fyrir hendi eru nú 136 heimilaðar stöður hjá Vegagerð ríkisins og gert er ráð fyrir að fjölga um 3 á áætlunartímabilinu.

Alls voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins í árslok 1976 477 sbr. meðfylgjandi yfirlit, sem sýnir fjölda starfsmanna eftir starfsstéttum og skiptingu í umdæmi.

Ársmenn hjá Vegagerð ríkisins í lok árs 1976.

	Rvík Reykjanes	Suður-land	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Brúarsm. í Borgar-firði	Samtals des '76
Skrifstofa, yfirstjórn	23	2	3	1	2	4	2		37
Verkfr.l. undirbúning.	28	4	5	3		6	4		50
Vegaeftirlit	4								4
Starfs. áhh. skv. lfl. BSRB	15	1				1	1		18
Iðnlærðir verkstjórar	6	1	1		2	3	2	2	17
Vegaverkstjórar	11	9	14	8	6	12	15	2	77
Iðnaðarmenn	33	2	9	1	1	11	6	11	74
Vélamenn	23	11	23	12	10	21	18	3	121
Verkamenn	16	1	8	2	3	11	1	20	62
Ráðskonur, matr.k.	10					3		4	17
Fastir starfsm. í lok árs '76	169	31	63	27	24	72	49	42	477

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Hækkun þessa liðar 1977 stafar eingöngu af verðhækkunum þar sem byggt er á sama starfsmannafjölda og áður.

S. l. fjögur ár hefur verið fylgt þeirri stefnu hjá Vegagerð ríkisins að leysa þörfina fyrir bókhaldsþjónustu utan Reykjavíkur með því að skipta landinu í sex stór umdæmi og setja þar á stofn skrifstofur með sérþjálfuðu starfsfólki. Er þessi skipan nú komin í nokkuð fast form og hefur reynst bæta mjög öll vinnubrögð.

S. l. þrjú ár hefur allt bókhald Vegagerðar ríkisins verið unnið í tölvu og á s. l. ári var unnið að því að koma upp tölvuunnu birgðabókhaldi, sem koma mun að miklum notum í framtíðinni, m. a. með því að koma í veg fyrir, að meira fé sé bundið í birgðum hverju sinni en brýna nauðsyn ber til.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Kostnaður við verkfræðilegan undirbúning er áætlaður 182 m. kr. á árinu 1977. Fjárveitingu er ætlað að bera að mestu leyti hönnunarkostnað af verkefnum, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og kostnað við ýmis konar athuganir, rannsóknir og áætlanagerð.

2.1.3. Umferðartalning og vegaeftirlit.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 26,0 m.kr. á árinu 1977 en 27,0 m.kr. á árunum 1978—80. Fjárveiting er miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningu að verulegu leyti. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Samhliða vegaeftirlitinu hefur verið veitt almenn upplýsingaþjónusta um færð á vegum og ástand þeirra. Þá annast vegaeftirlitsmenn einnig eftirlit með ökumælum díselbifreiða fyrir fjármálaráðuneytið.

Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara til að telja umferð allt árið, en þessir teljarar spara mikið mannahald í sambandi við aflestra. Landinu hefur nú verið skipt í fjögur talningarsvæði, og er við það miðað að telja sumarumferð á hverju svæði fjórða hvert ár til viðbótar talningu þeirri sem fram fer allt árið.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaun til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra, ásamt nokkurra fyrrv. verkamanna, sem unnið hafa áratugum saman hjá Vegagerðinni, eru miðuð við 60% af fullum eftirlaunum samkv. launaflokkum ríkisstarfsmanna B-11 og B-6. Er þar fylgt sömu reglu og undanfarin ár, sem byggist á því, að Vegagerðin hefði greitt 60% af iðgjaldinu, ef þessir menn hefðu greitt í lífeyrissjóð á sínum tíma.

Hér er um að ræða menn, sem ýmist hafa ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði, þar sem þeir hafa aldrei neitt iðgjald greitt, eða þeir hafa aðgang að lífeyrissjóðum, sem starfað hafa skamman tíma og greiða því mjög lágan ellilífeyri. Í því tilfelli greiðir Vegagerðin það sem á vantar til þess að þeir nái sömu krónutölu og hinir.

Á s. l. ári nutu 14 fyrrv. verkstjórar, 14 verkstjóraekkjur og 8 fyrrv. verkamenn þessara eftirlauna, en 5 verkstjórar og 6 verkamenn munu bætast við á áætlunartímabilinu.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Viðhald þjóðvega er skipt niður í þrjá meginþætti, sumarviðhald, vetrarviðhald og vegmerkingar.

Í meðf. töflu er gerð grein fyrir æskilegu fjármagni til sumarviðhalds vega ásamt tillögum um fjárveitingar 1977 og hlutfall þess miðað við þörf.

	Þörf m.kr.	Tillaga 1977 m.kr.	Hlutfall af þörf %
1. Viðhald malarvega	986	677	82
2. Viðhald vega með bundið slitlag	170	140	82
3. Viðhald brúa	100	70	70
4. Viðhald varnargarða	20	5	25
5. Vegheflun	300	300	100
6. Rykbinding	115	60	52
7. Vinnsla efnis	405	260	64
8. Vatnask. og ófyrirséð	110	81	74
	2 206	1 593	72%

Lagt er til, að fjárveiting á árinu 1977 verði 1 593 m.kr., en hækki í 2 129 m.kr. á árinu 1978.

Tillaga um fjárveitingu til vetrarviðhalds er við það miðuð, að aukning verði á snjómokstri sem svarar til 25% aukningar á snjómoksturskostnaði frá fyrri árum vegna breytinga á snjómokstursreglum á þjóðvegum, sem tóku gildi í ársbyrjun 1977.

Tillaga um fjárveitingu til vegmerkinga er við það miðuð, að haldið verði áfram endurnýjun á vegvísum og leiðarmerkjum samkv. áætlun.

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds þjóðvega hvorki fylgt verðlagi né verið tekið tillit til aukinnar umferðar með ári hverju. Á öllu landinu eru um 190 km af malarvegum með meiri umferð en 750 bíla á dag miðað við sumarumferð og 376 km af malarvegum með umferð meiri en 500 bíla á dag.

Gerð hefur verið úttekt á sumarviðhaldskostnaði þjóðvega miðað við umferðarþunga 750—1 000 bíla á dag. Sú úttekt var gerð í fyrsta lagi miðað við fjárveitingu til sumarviðhalds 1976, í öðru lagi miðað við olíumalarborinn veg og í þriðja lagi miðað við að þörf sumarviðhalds til núverandi vega væri fullnægt.

Meðfylgjandi tafla sýnir niðurstöður þessarar úttektar.

Kostir	Kostn. á km þús. kr.	Hlutfall %
1. Miðað við fjárveitingu til sumarviðhalds malarvega 1976	475	60
2. Miðað við olíumalarborinn veg	600	76
3. Miðað við að þörf sumarviðhalds til malarvega væri fullnægt	790	100

Eins og sést af þessari töflu var fjárveiting til sumarviðhalds einungis 60% af þörfinni og hefði þurft að auka fjárveitinguna um 66%. Kostnaður við viðhald á olíumalarvegum við áðurnefndan umferðarflokk er um 76% af kostnaði við samsvarandi malarveg. Ef miðað er við, að fjárveitingar til viðhalds vega samsvari þörf eins og stefnt er að með þessari tillögu og áðurnefndir 190 km væru olíumalarbornir, þá mundi það þýða um 36 m.kr. sparnað á ári við sumarviðhald þessara vega.

Gerður hefur verið útreikningur á reksturskostnaði bifreiða fyrir umferðarflokk 750—1 000 bílar/dag miðað við sumarumferð, í fyrsta lagi miðað við ástand malarvega okkar í dag, í öðru lagi miðað við að vegunum væri við haldið sem malarvegum samkv. þörf og í þriðja lagi að vegirnir væru olíumalarbornir. Meðfylgjandi tafla sýnir niðurstöður.

Kostir	Reksturskostn. bifreiða kostn. á km á ári. Upphæðir í þús. kr.	
	Með sköttum	Án skatta
1. Miðað við ástand malarvega í dag	9 344	5 074
2. Miðað við góðan malarveg	8 431	4 636
3. Miðað við veg með olíumöl	6 716	3 687

Þjóðhagslegur sparnaður í rekstri bifreiða, sem aka áðurnefnda 190 km, yrði því 264 m.kr. ef þeir væru lagðir olíumöl, en sparnaður ökumanna yrði 499 m.kr., hvorutveggja á ársgrundvelli.

Í fylgiskjali 2.2.1-1 er viðhaldskostnaður á árunum 1965—76 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags á árinu 1976, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1976, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í milljónum km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1976.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir því, hve mikið fjármagn þarf til sumarviðhalds þjóðvega til þess að unnt sé að þjóna þeirri umferð sem um vegina fer.

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð en úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag eins og hér er tilgreint:

Sumardagsumferð bílar/dag	Ár á milli endurnýjunar slitlags	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endurnýjun slitlags km
Minni en 50	9.0	3078	342
50— 100	7.5	1613	215
100— 200	6.4	1398	218
200— 300	5.2	1007	194
300— 500	3.7	694	188
500— 750	2.5	183	73
750—1000	1.6	112	70
Meiri en 1000	1.3	78	60
Samtals		8163	1360

Árið 1976 voru mölbornir 702 km og árið 1975 voru mölbornir 606 km.

Á þessum tveim árum voru mölbornir rétt tæpur helmingur þess sem gert er ráð fyrir, að nauðsynlegt sé að framkvæma á einu ári. Með sama áframhaldi verða vegir í lægsta umferðarflokki mölbornir með tæplega 20 ára millibili, en vegir með umferð 300—500 bíla/dag verða mölbornir með 7.5 ára millibili.

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggist og veldur það stórhættu fyrir umferðina. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Á síðasta ári var liðlega 53% af fjármagni til viðhalds vega varið til mölburðar. Magn malar, sem ekið var út, var um 427 þús. m^3 og einingarverð á hvern m^3 reyndist um 580 kr./m^3.

Árið 1976 var varið til mölburðar um 247 m.kr., en til annarra verkefna í viðhaldi malarvega 207 m.kr. eða samtals 454 m.kr. Á grundvelli áðurnefndra upplýsinga um mölburð áranna 1975 og 1976 hefði fjárveiting til mölburðar fyrir árið 1976 þurft að vera 510 m.kr. Samkvæmt reynslu vegaverkstjóra og tæknimanna Vegagerðarinnar hefði þurft að veita minnst 30—40% hærri fjárveitingu til annarra liða viðhalds malarvega eða um 279 m.kr.

Á áætluðu verðlagi í júlí 1977 þyrfti að veita til viðhalds malarvega 986 m.kr., en lagt er til að fjárveiting á árinu 1977 verði 677 m.kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundið slitlag.

Á síðasta ári var varið til vega með bundið slitlag 90.9 m.kr.

Til nýrra slitlaga var varið 47.5 m.kr. eða 52.3%, en til annarra verkefna 47.7%.

Ekki hefur verið gerð úttekt á endurnýjun slitlaga næstu árin, enda gæti sú úttekt ekki orðið örugg af mörgum ástæðum. Á árinu 1977 er gert ráð fyrir að leggja ný slitlög fyrir um 82 m.kr., en aðrir liðir eru áætlaðir svipaðir frá ári til árs. Á næstu árum þarf að leggja ný slitlög fyrir hærri upphæðir, þar sem leggja þarf yfir langa samfellda kafla og lengd bundins slitlags eykst sífellt. Æskilegt fjármagn til viðhalds vega á árinu 1977 er um 170 m.kr., en lagt er til að fjárveiting á árinu 1977 verði 140 m.kr.

2.2.1.3. **Viðhald brúa.**

Á síðasta ári var varið til viðhalds brúa 59,3 m.kr. Ekki hefur verið gerð nein úttekt á því, hve mikið fjármagn þyrfti til viðhalds brúa, en ljóst er að vegna fjárskorts á undanförnum árum hefur viðhald brúa verið stórlega vanrækt, og þyrfti því þessi fjárveiting að hækka verulega. Er gert ráð fyrir því í tillögunni að hækka fjárveitingu nokkuð.

2.2.1.4. **Viðhald varnargarða.**

Á undanförnum árum hefur verið byggt mikið af varnargörðum, bæði til að veita vatni undir brýr og verja vegi. Viðhaldsþörf garðanna, einkum endurnýjun grjótvarnar, hefur farið vaxandi og mun á næstu árum aukast mjög. Kostnaður vegna þessa viðhalds hefur hingað til að mestu verið greiddur af viðhaldi brúa, en hér er lagt til, að sérstakur liður af viðhaldsfé fari til þessara framkvæmda, en byrjað í smáum stíl.

2.2.1.5. **Vegheflun.**

Á síðasta ári varð kostnaður við heflun malarvega 274,0 m.kr., þrátt fyrir mjög strangt aðhald og að reynt var að minnka heflun eins og unnt var vegna fjárskorts.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að verði langt tímabil á milli heflinga myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina valda því, að næsta heflun verður mun dýrari.

Í tillögu um fjárveitingu er gert ráð fyrir aukningu á fjárveitingu til vinnslu efnis og til mölburðar ásamt rykbindingu. Þetta gerir það að verkum, að vegheflun minnkar eftir því sem vegunum er betur við haldið. Hér verður því ekki gert ráð fyrir aukningu á heflunarfé, heldur hækkun með tilliti til áætlaðs verðlags í júlí 1977, þannig að fjárveiting verði 300 m.kr.

2.2.1.6. **Rykbinding.**

Á árinu 1976 var varið til rykbindingar 36,0 m.kr., en rykbundnir voru um 178 km. Sé það markmið sett að rykbinda alla vegi með meiri umferð en 500 bíla á dag og einnig að rykbinda alla þá vegarkafla sem liggja nálægt byggðum bæjum, þjónustumiðstöðvum og í nágrenni þéttbýlis, þó að þar sé minni umferð, þarf að rykbinda eftirfarandi fjölda km:

1.	Malarvegi með meiri umferð en 500 bílar/dag	376 km
2.	Vegkaflar við býli, þjónustumiðstöðvar o. fl.	60 km
	Samtals	436 km

Árið 1976 var mjög rigningasamt á Suður- og Vesturlandi og var af þeim sökum rykbinding í lágmarki. Kostnaður á km reyndist um 170.000 kr., en gera má ráð fyrir, að sá kostnaður verði um 220 000 kr. á km í venjulegu árferði. Æskilegt fjármagn til rykbindingar er um 115 m.kr. á ári. Lagt er til, að fjárveiting á árinu 1977 verði 60 m.kr.

2.2.1.7. **Vinnsla efnis.**

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum og minnkar við það nauðsynleg vegheflun.

Þær kröfur sem nauðsynlegt væri að gera eru eftirfarandi:

1. Mulið efni á vegi með umferð meiri en 200 bílar/dag.
2. Harpað efni á vegi með umferð meiri en 50 bílar/dag.
3. Óunnið efni í aðra vegi.

Á hverju ári þyrfti því að vinna efni í malarslitlög sem hér segir:

1. Mulið efni ..... 250 þús. m^3.
2. Harpað efni ..... 208 þús. m^3.

Á síðasta ári voru malaðir 118 þús. m^3 og harpaðir 174 þús. m^3 og var kostnaður 180,8 m.kr. Hver m^3 við mölun kostaði um 936 kr. á síðasta ári, en 434 kr. við hörpun.

Miðað er við einingarverð frá árunum 1975 og 1976 og áðurnefnt magn til að finna út nauðsynlegt fjármagn, sem er um 405 m.kr. Lagt er til, að fjárveiting á árinu 1977 verði 260 m.kr.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur stórfé verið varið til viðgerða vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Sé tekið mið af reynslu fyrri ára væri æskilegt fjármagn til þessa liðar um 110 m.kr., en lagt er til, að fjárveiting á árinu 1977 verði 81 m.kr.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 300,4 m.kr. á ári miðað við verlag 1976 þ. e. vísitölu 5302. Í tillögu til þingsályktunar um vegaáætlun fyrir árin 1974—1977 sem samþykkt var á Alþingi vorið 1975 var reiknað með að snjómoksturs-reglum yrði breytt á vegáætlunartímabilinu, en eins og sést í eftirfarandi töflu var snjómoksturskostnaður á árunum 1974 og '75 mjög mikill vegna mikils fannfergis, og þótti því ekki tiltækt að breyta reglunum þá.

Lagt er til að fjárveiting til vetrarviðhalds verði 445 m.kr. á árinu 1977, en 525 m.kr. árin 1978—'80 og er þá reiknað með að hækkanir þessar nægi til að standa undir auknum snjómoksturskostnaði, sem breyttar reglur hafa í för með sér.

Ár	Vetrar-viðhald m.kr.	Vísitala viðhalds-kostn.	Verðlag 1976 m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1967	28.7	571	266.5	88.7
1968	32.7	665	260.7	86.8
1969	34.1	812	222.7	74.1
1970	49.9	902	293.3	97.6
1971	54.7	1 046	277.3	92.3
1972	54.1	1 252	229.1	76.3
1973	99.1	1 550	339.0	112.8
1974	164.0	2 339	371.7	123.7
1975	321.7	3 989	427.6	142.3
1976	315.8	5 302	315.8	105.1
Meðaltal áranna 1967—1976			300.4	

2.2.3. Vegmerkingar.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 26,0 m.kr. á árinu 1977, en hækki í 29,0 m.kr. á árinu 1978—'80, og er reiknað með, að haldið verði áfram að endurnýja vegvísa og leiðarmerki við vegamót. Það er gert samkvæmt áætlun um endurskipu-

lagningu vegvísakerfis, sem gert var í samræmi við vegnúmerakerfi, sem samþykkt var fyrir nokkrum árum.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkjum.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1.—2.3.2. **Stofnbrautir og þjóðbrautir.**

Með breytingum þeim á vegalögum, sem samþykktar voru á Alþingi fyrr á þessum vetri, var flokkun þjóðvegakerfisins breytt verulega. Nú flokkast þjóðvegir einungis í tvo flokka, þ. e. stofnbrautir og þjóðbrautir, í stað þriggja áður þ. e. hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Þjóðbrautir heita nú þeir vegir, sem áður hétu landsbrautir, en stofnbrautir taka til þeirra vega, sem áður töldust til hraðbrauta og þjóðbrauta.

Í tillögu þessari eru fjárveitingar til sérstakra áætlana felldar inn í fjárveitingar til stofnbrauta og þjóðbrauta. Á þetta við um Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun, Djúpveg og Norður- og austurveg. Er þetta gert til að fá betri yfirsýn yfir áætlanagerðina, auka samræmingu hennar og auðvelda hana á margan hátt.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega eru í heild svipaðar 1977 og var í vegáætlun 1976, og er þá miðað við þá upphæð, sem fór til allra vegflokka svo og í sérstakar áætlanir það ár. Skipting innbyrðis milli stofnbrauta og þjóðbrauta er á þann veg, að þjóðbrautir fá hlutfallslega stærri skammt en áður. Fjárveitingar 1978 hækka nokkuð, en haldast síðan í svipuðu horfi.

2.3.3. **Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.**

Fjárveiting á þessum lið er 40,0 m.kr. á árinu 1977 og 60,0 m.kr. á árinu 1978—'80.

Í árslok 1976 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga skv. girðingalögum alls um 311 m.kr. svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1976. Tveimur þriðju þessarar fjárveitingar hefur á undanförnum árum verið varið til girðinga en ⅓ til sáningar. Á fjórum árum mun því um 220,0 m.kr. verða varið til girðinga eða sem nemur 71% af lögmætum kröfum um síðustu áramót.

⅓ hluta þessarar fjárveitingar verður eins og á undanförnum árum varið til landgræðslu og sáningar meðfram vegum.

2.4. Til fjallvega o. fl.

2.4.1. **Til aðalfjallvega.**

Samkvæmt 3.3 eru aðalfjallvegir taldir um 900 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 14,0 m.kr. á árinu 1977, en 15,0 m.kr. á árunum 1978—'80.

2.4.2. **Til annarra fjallvega.**

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 17,0 m. kr. á árinu 1977, en 20,0 m.kr. á árunum 1978—'80.

2.4.3. **Reiðvegir.**

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 1,0 m.kr. á árinu 1977, en 2,0 m.kr. á árunum 1978—'80.

2.4.4. **Þjóðgarðsvegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.**

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 12,0 m.kr. á árinu 1977 og 13,0 m.kr. á árunum 1978—'80.

2.5. Til brúagerða.

Fjárveitingar til brúagerða 1977 og 1978 eru hækkaðar lítillega frá því sem var í áætlun 1976. Verður að verja þeim að langmestu leyti til endurbyggingar gamalla brúa, en gamlar og mjóar brýr eru víða þrándur í götu fyrir því að bifreiðar með þeirri breidd og þyngd, sem algengastar eru, komist um vegakerfið.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Þann 1. desember 1976 var þetta tímakaup 380,40 kr./klst.

Samkvæmt þeim breytingum sem gerðar voru á vegalögum í desember 1976 er innheimt sýsluvegasjóðsgjald tvöfaldað miðað við það sem áður var samkvæmt 21. og 26. gr. vegalaga, og jafnframt því var ríkisframlagi breytt þannig, að nú sé það eigi lægra en tveimur og hálfum sinnum heimaframlag í stað tvöföldunar áður. Þessi breyting hefur veruleg áhrif á ríkisframlagið á árunum 1978—'80.

Samkvæmt fyrrnefndum breytingum á vegalögum er áætlað, að tekjur sýsluvegasjóða samkv. 23. gr. vegalaga verði 17,6 m.kr. á árinu 1977, en 18,5 á árunum 1978—'80, en það hefur einnig veruleg áhrif á ríkisframlag á árunum 1978—'80.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1977—'80 áætlaðar eins og hér segir:

	Upphæðir í m. kr.							
	1977		1978		1979		1980	
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga		97,4		116,9		116,9		116,9
Samkv. 23. gr. vegalaga		17,6		18,5		18,5		18,5
Aukaheimaframlag		7,2		8,7		8,7		8,7
Aukaríkisframlag	18,1		21,7		21,7		21,7	
Ríkisframlag samkvæmt 21. gr. 23. og 26. gr. vegalaga	111,3	129,4	287,5	309,2	338,5	360,2	338,5	360,2
Samtals		251,6		453,3		504,3		504,3

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt vegalögum verður skipting þéttbýlisfjár eins og hér segir (í m.kr.):

	1977	1978	1979	1980
Framlag samkvæmt 32. gr.	297	403	413	430
Framlag samkvæmt 34. gr.	99	135	138	143
Til skipta	396	538	551	573

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands er tala íbúa á þéttbýlisstöðum með yfir 200 íbúa áætluð 191 500. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 1550 kr. árið 1977.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar fyrir árin 1977— 1980 er gert ráð fyrir, að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa hækki frá fyrri vegáætlun í 30 m. kr. á árinu 1977 og síðan í 40 m. kr. á næstu árum eða alls 150 m. kr. á áætlunartímabilinu.

Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftarfé véla verði eins og að undanförnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúagerða o. s. frv.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1977 er gert ráð fyrir, að fjárveiting hækki í 50 m. kr., en verði síðan hækkuð í 60 m. kr. á árunum 1978—1980.

Fjárveitingum þessum verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum, eins og t. d. byggingu áhaldahúsa í Ólafsvík, en þar hefur Vegagerð ríkisins enga aðstöðu, á Ísafirði, en þar er gamalt áhaldahús Vegagerðarinnar komið inn í mitt íbúðarhverfi auk þess sem skrifstofa umdæmisverkfræðingsins þar er á hrakhólum. Á Sauðárkróki og Húsavík er starfsemi Vegagerðarinnar í gömlum bröggum, sem eru í alla staði ófullnægjandi. Á Reyðarfirði þarf að stækka vélaverkstæði.

Auk þessa verður þessum fjárveitingum einnig varið til þess að sinna öðrum minni en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á minni bækistöðvum vegagerðarinnar.

Á árunum 1976—77 var lagt til í vegáætlun, að fjárveiting á þessum lið yrði hækkuð með það fyrir augum að byggja hús fyrir vegamálaskrifstofuna í Reykjavík, en hún er nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli, en af því leiðir augljóslega óhagræði og verulegan aukakostnað í daglegum rekstri. En þar sem fjármagn til áhaldahúsabygginga er ekki meira en sem þessu nemur þykir ekki ráðlegt að hefja framkvæmdir við þetta hús fyrr en kostnaðaráætlun og fjármagn liggur fyrir til að ljúka framkvæmdum. Kostnaðaráætlun að þessum framkvæmdum mun liggja fyrir síðar á þessu ári.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er ½% af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt lögum.

Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

2.10. Halli á vegáætlun.

Halli á vegáætlun frá árinu 1976 er 92 m. kr. og er í tillögum þessum gert ráð fyrir, að á árinu 1978 greiðist 30. m. kr. af þessum halla, en 31 m. kr. hvort ár 1979 og 1980.

3. UM FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga, eins og hún er eftir nýgerða breytingu á vegalögum, en á sjálfu vegakerfinu hafa ekki orðið breytingar frá vegáætlun 1976.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgisskjali 2.3.0. — 01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta og þjóðbrauta miðað við kjördæmi eins og þær eru samkvæmt fyrrnefndri upptalningu.

Þær breytingar, sem eru frá 1. janúar 1976 eru m. a. vegna endurskoðunar á vegalengdum og breytingar, sem orðið hafa vegna nýbyggingar vega á tímabilinu.

3.2.1. Stofnbrautir.

Stofnbrautir eru allir þeir vegir, sem samkvæmt vegáætlun 1976 töldust hraðbrautir og þjóðbrautir, að viðbættum Bíldudalsvegi (62) og Seyðisfjarðarvegi (93).

3.2.2. Þjóðbrautir.

Þjóðbrautir eru allir þeir vegir, sem samkvæmt vegáætlun 1976 töldust landsbrautir að undanskildum Bíldudalsvegi (62) og Seyðisfjarðarvegi (93).

3.3. Aðalfjallvegir.

Aðalfjallvegir eru taldir þeir sömu og í vegáætlun fyrir árið 1976, 900 km.

Fskj. 2.2.1.—01

Sumarviðhald þjóðvega.

	Viðhalds-kostn. m.kr.	Vísi-tala við-halds	Viðhalds-kostn. miðað við verðlag 1976 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhalds-kostn. á km miðað við verðl. 1976 þús. kr.	Bílafj. í árs-byrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhalds-kostn. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1976 kr.
1965	87.0	531	758	8 335	90.9	31 924	226	3.4
1966	108.9	570	884	8 880	99.6	34 959	241	3.7
1967	129.9	571	1 053	8 910	118.2	39 278	256	4.1
1968	149.0	665	1 037	8 920	116.3	42 117	272	3,8
1969	150.2	812	856	8 186	104.6	43 606	290	3.0
1970	179.3	902	920	8 186	112.4	43 576	308	3.0
1971	218.1	1 046	965	8 184	117.9	47 011	328	2.9
1972	303.6	1 252	1 123	8 164	137.2	52 489	349	3.2
1973	334.0	1 550	997	8 104	123.0	57 155	371	2.7
1974	680.0	2 339	1 346	8 211	163.9	63 189	395	3.4
1975	840.0	3 989	975	8 336	117.0	71 364	420	2.3
1976	1 146.3	4 629	1 146	8 336	137.5	71 459	420	2.7
1977	1 593.0							
1978	2 129.0							
1979	2 129.0							
1980	2 129.0							

Fskj. 2.3.0.—01

Þjóðvegir 1. janúar 1977.

	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	462,6	1 126,0	12,0	1 600,6
Reykjaneskjördæmi	178,7	191,0	53,3	423,0
Vesturlandskjördæmi	542,2	847,5	9,2	1 398,9
Vestfjarðakjördæmi	794,0	524,4	15,1	1 333,5
Norðurlandskjördæmi vestra	349,4	766,2	10,1	1 125,7
Norðurlandskjördæmi eystra	569,8	670,8	11,1	1 251,7
Austurlandskjördæmi	859,6	583,5	20,5	1 463,6
Samtals	3 756,3	4 709,4	131,3	8 597,0

Fskj. 2.3.1.—01

Stofnbrautir 1. janúar 1977.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	14,7	447,9	462,6
Reykjaneskjördæmi	8,1	170,6	178,7
Vesturlandskjördæmi	5,3	536,9	542,2
Vestfjarðakjördæmi	0	794,0	794,0
Norðurlandskjördæmi vestra	0	349,4	349,4
Norðurlandskjördæmi eystra	12,8	557,0	569,8
Austurlandskjördæmi	0	859,6	859,6
Samtals	40,9	3 715,4	3 756,3

Fskj. 2.3.2.—01

Þjóðbrautir 1. janúar 1977.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	5,7	1 120,3	1 126,0
Reykjaneskjördæmi	0	191,0	191,0
Vesturlandskjördæmi	40,2	807,3	847,5
Vestfjarðakjördæmi	9,0	515,4	524,4
Norðurlandskjördæmi vestra	31,4	734,8	766,2
Norðurlandskjördæmi eystra	3,6	667,2	670,8
Austurlandskjördæmi	17,6	565,9	583,5
Samtals	107,5	4 601,9	4 709,4

Fskj. 2.5.—01

Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

	1. apríl 1974		1. jan. 1976	
	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	6	4	6	4
Reykjaneskjördæmi	3	1	3	1
Vesturlandskjördæmi	1	2	1	2
Vestfjarðakjördæmi	2	3	1	0
Norðurlandskjördæmi vestra	3	5	2	3
Norðurlandskjördæmi eystra	3	1	3	1
Austurlandskjördæmi	13	3	9	3
Alls	31	19	25	14

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fskj. 2.5.—02

Óbrúaðar ár á sýsluvegum.

	1. apríl 1974		1. jan. 1976	
	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	6	1	6	1
Reykjaneskjördæmi	1	2	1	0
Vesturlandskjördæmi	2	5	2	2
Vestfjarðakjördæmi	12	2	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	2	4	1	4
Norðurlandskjördæmi eystra	1	2	1	0
Austurlandskjördæmi	19	11	18	8
Alls	37	27	35	17

Fskj. 2.5.—03

Aldur brúa 10 m og lengri.

Byggingarár	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	Reiknað álag
1900–1909		1	1	2	Mannþröng: 400 kg/m²
1910–1919		0	18	18	Mannþröng: 400 kg/m²
1920–1929		5	41	46	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1930–1939		17	75	92	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1940–1949		33	80	113	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6–20 tonn
1950–1959	4	75	166	245	Vagn 20–34 tonn
1960–1969		81	99	180	Vagn 20–34 tonn
1970–1976		40	82	122	Vagn 20–63 tonn
Alls	4	252	562	818	

Fskj. 2.6.—01

Sýsluvegir 1. jan. 1976.

	Samkv. a–c lið 19. gr.				Skv. d–e lið 19. gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
Vestur-Skaftafellssýsla		42,4	84,9	127,3	0,2	127,5	
Rangárvallasýsla		17,3	227,5	244,8	40,8	285,6	
Árnessýsla			248,2	248,2	5,4	253,6	
							666,7
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6	
Kjósarsýsla		8,6	68,2	76,8		76,8	
							83,4
Borgarfjarðarsýsla		6,0	79,5	85,5	4,0	89,5	
Mýrasýsla	0,7	28,6	107,5	136,8	28,4	165,2	
Snæf. og Hnappadalssýsla	1,7	16,3	115,1	133,1	31,7	164,8	
Dalasýsla	7,2	19,2	53,1	79,5	13,0	92,5	
							512,0
Austur-Barðastrandarsýsla		18,2	16,0	34,2	60,9	95,1	
Vestur-Barðastrandarsýsla		17,5	23,5	41,0	34,8	75,8	
Vestur-Ísafjarðarsýsla		18,6	27,8	46,4	76,7	123,1	
Norður-Ísafjarðarsýsla	0,1	21,0	24,5	45,6	39,7	85,3	
Strandasýsla		17,4	44,1	61,5	90,1	151,6	
							530,9
Vestur-Húnavatnssýsla	2,8	21,8	101,1	125,6	37,4	163,0	
Austur-Húnavatnssýsla	0,8	17,7	84,1	102,6	1,0	103,6	
Skagafjarðarsýsla	11,2	52,1	135,9	199,2	6,9	206,1	
							472,7
Eyjafjarðarsýsla	2,1	19,9	88,1	110,1		110,1	
Suður-Þingeyjarsýsla	12,6	90,0	83,8	186,4	2,0	188,4	
Norður-Þingeyjarsýsla	39,4	73,3	42,8	155,5		155,5	
							454,0
Norður-Múlasýsla	0,2	77,8	130,8	208,8	21,1	229,9	
Suður-Múlasýsla	0,2	47,4	93,0	140,6	25,3	165,9	
Austur-Skaftafellssýsla	0,9	19,2	50,2	70,3	22,4	92,7	
							488,5
Samtals	79,9	652,2	1 934,3	2 666,4	541,8		3 208,2

Fskj. 2.7.—1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1976.

	Í notkun, lengd m			Ófullgert, lengd m		
	1	2a	2b	2a	Óbyggt	Samtals
Suðurlandskjördæmi	5 130	1 470	5 045		320	11 965
Reykjaneskjördæmi, Rvík	33 425	2 925	4 540		12 400	53 290
Vesturlandskjördæmi	4 795	590	3 805			9 190
Vestfjarðakjördæmi	5 015	720	9 400			15 135
Norðurlandskjördæmi vestra	3 560	2 220	4 365			10 145
Norðurlandskjördæmi eystra	2 810	2 135	3 680	435	2 015	11 075
Austurlandskjördæmi	12 075	1 540	6 895			20 510
Samtals	66 810	11 600	37 730	435	14 735	131 310

Skýringar:
1 Bundið slitlag.
2a Undirbygging fullgerð.
2b Undirbygging ófullkomin.

Ed. 312. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Axel Jónsson.

Alþingi, 14. febr. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Albert Guðmundsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 313. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Axel Jónsson.

Alþingi, 14. febr. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Albert Guðmundsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 314. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Axel Jónsson.

Alþingi, 14. febr. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr., frsm. Jón Árm. Héðinsson.
Albert Guðmundsson. Jón G. Sólnes.

Nd. 315. Frumvarp til laga [163. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

I. KAFLI
Um hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja og stofnana.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til fyrirtækja og stofnana, sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, sameignarfélögum, einstaklingum, ríkinu eða sveitarfélögum og hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni samkvæmt reglum, sem nánar eru ákveðnar í lögunum.

2. gr.

Með lögum þessum öðlast starfsmenn, sbr. 1. gr., rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku á vegum fyrirtækja eða stofnana, ýmist með aðild að stjórn þeirra, ef um er að ræða hlutafélög, samvinnufélög eða ríkisfyrirtæki, sem lúta sérstakri stjórn, eða með þátttöku í samstarfsnefndum, eins og nánar er ákveðið í lögunum. Fulltrúar starfsmanna í stjórnum eða samstarfsnefndum sitja þar með öllum sömu réttindum og fulltrúar eigenda, forstöðumanna eða stjórnunarnefnda.

II. KAFLI
Um samstarfsnefndir.

3. gr.

Séu þeir starfsmenn einkafyrirtækis, sameignarfyrirtækis eða fyrirtækis eða stofnunar, er ríki eða sveitarfélög starfrækja, sem skila 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjörutíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár, þá skal setja á fót við slíkt fyrirtæki eða stofnun samstarfsnefnd. Undanþegin þessu ákvæði eru þó Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan.

4. gr.

Samstarfsnefnd skal skipuð fjórum mönnum ásamt jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir af starfsmönnum fyrirtækisins eða stofnunarinnar samkvæmt reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur.

Tveir aðalmenn ásamt varamönnum þeirra skulu tilnefndir af hálfu eigenda, ef um sameignarfyrirtæki eða einkafyrirtæki er að ræða, en af stjórnunarnefnd, ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun, sem ríki eða sveitarfélag starfrækir — forstöðumanni, ef engin stjórnunarnefnd er starfandi.

Skipun samstarfsnefndar skal vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert og gilda til eins árs í senn.

5. gr.

Samstarfsnefnd skal vera stjórnendum fyrirtækisins eða stofnunarinnar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Ávallt skal leita umsagnar nefndarinnar um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði, starfsháttum og vinnuskipulagi og í skyldum málum. Samstarfsnefndin skal einnig að eigin frumkvæði fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera tillögur til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir. Beri slíkar tillögur ekki árangur ber nefndinni að gera viðvart þeim aðilum, sem eiga að annast lögboðið eftirlit með því, að lágmarksreglum um slík atriði sé fullnægt.

Engar samþykktir samstarfsnefndar eru bindandi fyrir fyrirtækið eða stofnunina né heldur stjórnendur eða eigendur.

III. KAFLI

Um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921.

6. gr.

V. kafli. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. breytist þannig:

a) 2. málsliður 4. mgr. 30. gr. orðist svo:
Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga félagsins.

b) 1. mgr. 32. gr. orðist svo:
Engan má kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og sé fjár síns ráðandi. Þá má hluthafafundur eigi kjósa neinn þann í stjórn hlutafélagsins, sem eigi á hlut í félaginu og eigi fullnægir lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka, og til að mega eiga þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignast.

7. gr.

Aftan við V. kafla. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. komi nýr kafli, er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

VI. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.

38. gr. Séu starfsmenn hlutafélags, sem skila að meðaltali 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjörutíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár, öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn hlutafélagsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af hluthafafundi þá tölu stjórnarmanna, sem samsvarar því að sem næst ⅓ hluti stjórnarmanna hlutafélagsins sé kjörinn af starfsmönnum þess, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skylt er að láta slíka kosningu fara fram, ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn hlutafélagsins eða ef meira en helmingur starfsmanna hlutafélagsins sendir um það skriflega ósk til stjórnar þess. Slík ósk verður að hafa borist stjórn hlutafélagsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan hluthafafund (ársfund), ella er hlutafélaginu ekki skylt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn hlutafélagsins borist lögmæt ósk um, að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látið fara fram, og skal þá stjórn hlutafélagsins án tafar tilkynna þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, svo og starfsmönnum sjálfum um, að slík kosning verði látin fara fram.

39. gr. Sérstök kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum hlutafélagsins og þremur varamönnum þeirra skal annast undirbúning og framkvæmd kosninganna. Stjórn hlutafélagsins tilnefnir úr hópi starfsmanna félagsins einn fulltrúa sinn í kjörnefndina og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem trúnaðarmenn eiga á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, tilnefna hina tvo fulltrúana í kjörnefndina og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að lögmæt ósk hefur borist stjórn hlutafélagsins um að kosning verði látin fara fram á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins.

Kjörnefndin ákveður fjölda þeirra stjórnarmanna, sem kjósa skal skv. 38. gr., ákveður kjördag og auglýsir hann með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara. Jafnframt auglýsir kjörnefndin reglur þær, sem gilda um kosningarrétt, kjörgengi, framboð og um kosninguna sjálfa, gengur frá kjörskrá til birtingar, auglýsir kærufrest og úrskurðar um kjörskrárkærur, tekur við tillögum um framboð og sker úr um lögmæti þeirra, gengur frá prentun kjörseðla, stýrir kjörfundi og annast talningu atkvæða. Rísi ágreiningur út af störfum kjörnefndar má skjóta ágreiningsefninu til félagsmálaráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Hlutafélagið greiðir allan kostnað af starfi kjörnefndar og allan beinan kostnað við framkvæmd kosninganna.

40. gr. Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins, sem unnið hafa samfellt starf hjá hlutafélaginu í hið minnsta þrjá mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins, sem fullnægja ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. og hafa auk þess unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

45. gr. Grein þessi mælir svo fyrir m. a., að hafi kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram, þá þurfi ekki að kjörtímabili þeirra loknu að endurtaka allan aðdraganda slíkra kosninga eins og þegar þær fóru fyrst fram — þ. e. a. s. með skriflegum tilmælum meiri hluta starfsmanna eða viðkomandi verkalýðsfélaga innan tilskilins tíma, sbr. ákvæði 38. gr. — heldur verði kosningar á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins endurteknar sjálfkrafa reglulega einu sinni á ári, svo lengi sem hlutafélagið uppfyllir ákvæði 1. mgr. 38. gr. um fjölda starfsmanna. Í greininni eru einnig ákvæði um, hvenær heimilt er að láta slíka kosningu niður falla þótt starfsmönnum hlutafélags hafi eigi fækkað. Til þess að svo megi verða þarf meiri hluti starfsmanna hlutafélagsins að samþykkja það svo og viðkomandi verkalýðsfélög að mæla með því. Fari svo hverfa fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélagsins að sjálfsögðu úr stjórn þess þegar kjörtíma þeirra er lokið. Komi síðar upp ósk um, að starfsmenn slíks hlutafélags fái á ný að kjósa fulltrúa í stjórn þess, verður framgangsmátinn sá hinn sami og þegar slík kosning var látin fara fram í fyrsta skipti, þ. e. a. s. eins og mælt er fyrir um í 38. gr.

Við 8. gr.

8., 9. og 10. gr. eru í sérstökum kafla í frv. og fjalla um breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögum um samvinnufélög í því skyni, að starfsmenn samvinnufélaga og samvinnusambanda, sem hafa 40 manns eða fleiri í þjónustu sinni, öðlist rétt til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins samkvæmt reglum, sem nánar eru ákveðnar.

Þar sem breytingar þessar eru efnislega samhljóða þeim, sem frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á lögum um hlutafélög og þegar hefur verið fjallað um, vísast í meginatriðum til þeirra skýringa, sem þegar hafa verið gefnar þar um.

Breytingarnar, sem lagt er til í 8. gr. frv. að gerðar verði á IV. kafla laganna um samvinnufélög, nr. 46/1937, eru sambærilegar við þær breytingar, sem 6. gr. frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á V. kafla laganna um hlutafélög — þ. e. a. s. hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar, en ekki efnisbreytingar, til þess gerðar að unnt sé að kjósa í stjórn samvinnufélags annars staðar en á aðalfundi — þ. e. á kjörfundi starfsmanna. Einnig er orðalagi síðustu mgr. 20. gr. laganna breytt á þá lund, að **aðalfundur** megi engan kjósa í stjórn samvinnufélags nema hann sé félagsbundinn. Slík skilyrði eru ekki sett fyrir kjörgengi manns, sem boðinn er fram sem fulltrúi starfsmanna í stjórn samvinnufélags.

Við 9. gr.

9. gr. frv. er á sama hátt og 8. gr. þess fyrst og fremst orðalagsbreyting á 1. málslið 32. gr. gildandi laga og markmiðið hið sama — þ. e. a. s. að hægt sé að kjósa í stjórn samvinnusambands af öðrum en þeim, sem sækja aðalfund, og er þar að sjálfsögðu átt við starfsmenn samvinnusambanda.

Við 10. gr.

Í þessari grein er lagt til, að nýjum kafla verði bætt inn í lög um samvinnufélög frá 13. júní 1937. Verði kafli þessi VII. kafli laganna og hljóti heitið: „**Um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.**“ Í þessari grein er því fólgin sú meginbreyting, sem lagt er til að gerð verði á lögunum um samvinnufélög í því skyni að tryggja starfsmönnum samvinnufélaga og samvinnusambanda rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku á vegum þeirra.

Í þessum nýja kafla, sem tillaga er gerð um að bætt verði inn í lögin um samvinnufélög, eru alls átta greinar, sem verða, ef frv. verður að lögum, 34. til og með 41. gr. laganna um samvinnufélög. Þessar greinar eru efnislega alveg samhljóða þeim greinum, sem í 7. gr. frv. er lagt til að komi í sérstökum kafla inn í lögin um hlutafélög frá 27. júní 1921 og þegar hefur verið fjallað um. Um skýringar við 10. gr. frv. er því vísað til skýringanna hér að framan við 7. gr. frv.

Við 11. gr.

11. gr. frv. er sérstakur kafli í frv. og fjallar um breytingu, sem lagt er til að gerð verði á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 frá 16. apríl 1971. Áburðarverksmiðjan ásamt Sementsverksmiðjunni (sbr. 12. gr.) eru þau tvö ríkisfyrirtæki, sem lagt er til í frv. að starfsmenn öðlist rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn hjá. Við öll önnur ríkisfyrirtæki og stofnanir svo og fyrirtæki sveitarfélaga og stofnana þeirra, sem hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri, er lagt til að komið verði á fót samstarfsnefndum, sbr. 4. og 5. gr. frv.

Í 11. gr. er lagt til, að breytingar verði gerðar á 6. gr laganna um Áburðarverksmiðju ríkisins þess efnis, að starfsmenn verksmiðjunnar skuli kjósa, til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af sameinuðu Alþingi, tvo úr sínum hópi til setu í stjórninni og verði stjórnarmenn verksmiðjunnar því níu í stað sjö áður. Kosning fulltrúa starfsmanna í stjórn verksmiðjunnar fari fram skv. reglugerð, sem landbúnaðar-

ráðherra setur, og er gert ráð fyrir því, að við samningu þeirrar reglugerðar verði stuðst við ákvæði frv. um hvernig hagað skuli kosningum á fulltrúum starfsfólks í stjórn hlutafélaga. 11. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að þessari nýskipan verði komið á með breytingu á 1. málslið 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. 2. málsliður 1. mgr. er hins vegar óbreyttur í frv. frá gildandi lögum og sömuleiðis 2. mgr. 6. gr. Í 11. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að 3. mgr. 6. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins verði breytt á þann veg, að til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þurfi undirskrift fimm stjórnarmanna í stað fjögurra, eins og segir í gildandi lögum. Þessi breyting er afleiðing þess, að skv. frv. yrði stjórnarmönnum verksmiðjunnar fjölgað úr sjö í níu.

Við 12. gr.

12. gr. frv. er sérstakur kafli, VI. kafli, í frv. og lýtur að breytingu, sem lagt er til að gerð verði á lögum um sementsverksmiðju, nr. 35 frá 1. apríl 1948. Almennt um þá breytingu vísast til þess, sem áður hefur verið sagt í skýringu við 11. gr.

Í 12. gr. frv. er lagt til, að þær breytingar verði gerðar á 1. málslið 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, að í viðbót við þá 5 stjórnarmenn sementsverksmiðjunnar, sem Alþingi kýs, skuli starfsfólk verksmiðjunnar kjósa tvo fulltrúa sína í stjórn hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Þá er lögð til sú breyting við 2. málslið sömu greinar laganna, að í stað þess, sem þar segir, að atvinnumálaráðherra skipi formann verksmiðjustjórnar, komi það í hlut iðnaðarráðherra. 3. málsliður 4. gr. er óbreyttur í frv. frá gildandi lögum, en 4. málsliður sömu gr. breytist þannig, að í stað atvinnumálaráðherra setur iðnaðarráðherra stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Þá er lagt til í 12. gr. frv., að ný mgr. — 2. mgr. — bætist við 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, þar sem segi, að til þess að skuldbinda verksmiðjuna þurfi undirskrift fjögurra stjórnarmanna. Er þessi breyting gerð til samræmis við 3. mgr. 6. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins og er engin meginefnisbreyting, heldur aðeins til samræmis.

Við 13. gr.

13. gr. frv. er um gildistöku, þar sem gert er ráð fyrir því, að ákvæði frv., ef að lögum verður, öðlist gildi 1. janúar árið 1978.

Sþ. 316. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla.

Flm.: Pálmi Jónsson, Ingi Tryggvason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf, sem kveði á um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla á þann hátt, að hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri verði hin sama án tillits til námsefnis.

Greinargerð.

Oft er rætt um eflingu verkmenntunar og nauðsyn þess að auka virðingu hennar til jafns við bóknám meðal þjóðarinnar. Þótt nokkuð hafi miðað áleiðis í þessum efnum virðist borin von, að markinu verði náð án þess að ráðist sé að rótum þess fjárhagslega misræmis, sem ríkir á milli einstakra menntastofnana á framhaldsskólastiginu.

Eins og nú standa sakir eru menntaskólar kostaðir alfarið af ríki, bæði að því er snertir stofnkostnað og rekstur. Við fjölbrautaskóla ber ríkissjóður 60% stofnkostnaðar, auk þess laun að fullu og annan rekstrarkostnað að hálfu. Sveitarfélög standa undir því, sem á vantar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Við iðnskóla skiptist stofnkostnaður að jöfnu á milli ríkis og sveitarfélaga. Ríkissjóður greiðir laun, en sveitarfélög annar rekstrarkostnað. Aðrir skólar á framhaldsskólastiginu, sem flestir eru sérskólar, eru yfirleitt kostaðir af ríkissjóði, þó ekki undantekningarlaust, þannig hafa t. d. húsmæðraskólarnir, sem nú heita hússtjórnarskólar, verið kostaðir af sveitarfélögum að hluta.

Það misræmi í hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði og rekstri einstakra framhaldsskóla, sem hér hefur verið lýst, er einkar óheppilegt að dómi flm. þessarar þáltill. Það felur í sér viss forréttindi a. m. k. menntaskólanámsins fram yfir þá verkmenntun, sem iðnskólar veita, og hefur átt þátt í því að torvelda eðlilega uppbyggingu iðnskólanna. Um leið hefur ýmsum virst þykja það nokkru meira í munni að stunda menntaskólanám en verklegt nám, t. d. í iðnskóla. Þessu þarf að breyta. Námsefni framhaldsskólastigsins þarf að njóta jafnréttis og jafnrar virðingar, hvort sem um er að ræða bóklegt eða verklegt nám.

Með þessari tillögu er lagt til, að samræmdur verði fjárhagslegur grundvöllur framhaldsskólanna á þá lund, að hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði þeirra og rekstri verði hin sama án tillits til námsefnis. Mótframlag sveitarfélaganna verði og hið sama til einstakra skóla, ef þátttaka þeirra verður ákveðin í kostnaði við framhaldsskólastigið, sem flm. telja þó æskilegt.

Þessu skal samt ekki slegið föstu hér né hversu hlutdeild sveitarfélaganna skuli vera mikil ef af verður, vegna þess að ákvörðun um það kann að tengjast stefnumótun um nýja verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þó er ljóst, að erfiðleikar eru því samfara, að sveitarfélögin taki á sig að hluta kostnað við suma skóla, einkum einstaka sérskóla, enda verður að gera ráð fyrir að þeir geti orðið undanskildir þeirri samræmingu, sem hér er rætt um. Að öðru leyti er hún nauðsynleg og tímabær.

Ed. 317. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Jón G. Sólnes var fjarverandi.

Alþingi, 10. febr. 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Eggert G. Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Geir Gunnarsson.

Ed. **318. Breytingartillögur** [51. mál]

við frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Til viðbótar 5. gr. komi:
   Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.
2. 1. málsgr. 6. gr. orðist svo:
   Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum í 2. málsgr. 15. gr. þessara laga.
3. Við 10. gr.
   a. 1. og 2. málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja skilyrðum 2. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.
      Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 2. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.
   b. Niðurlag 4. mgr. greinarinnar hljóði svo:
      Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.
4. Svo hljóðandi viðbótarákvæði komi aftan við 11. gr.:
   Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.
5. Við 20. gr.
   a. Til viðbótar 2. mgr. greinarinnar komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.
   b. 3. mgr. greinarinnar, sem verður 4. mgr., hljóði svo:
      Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.
6. Aftan við 22. gr. komi svofelld viðbót:
   Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.

Nd. 319. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Benedikt Gröndal og Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Hjón eru hvort um sig sjálfstæðir skattaðilar og skal þeim reiknaður tekju- og eignarskattur hvoru í sínu lagi.
2. Við 59. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Launatekjur og tekjur af séreign hvors hjóna skulu skattlagðar hjá því hjóna, sem þeirra aflar. Tekjur hjóna af hjúskapareign og aðrar sameiginlegar tekjur skulu skattlagðar hjá því hjóna, sem hærri sértekjur hefur.
3. Við 63. gr. Greinin orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 62. gr., skal vera 163 000 kr. fyrir hvern einstakling og hvort hjóna um sig.
   Nemi persónuafsláttur skv. þessari grein hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tl. 62. gr., skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þessum mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars skattársins.
   Sá hluti persónuafsláttar annars hjóna, sem enn er óráðstafað, skal notaður til lækkunar skatti hins hjóna eða til greiðslu útsvars þess fyrir skattárið.
   Sá hluti persónuaflsáttar, sem þá er enn óráðstafað fellur niður.
4. Við 64. gr. 1. mgr. 1. tölul. orðist svo:
   Heimilisfrádrátt, að fjárhæð 30 000 kr., hjá hvoru hjóna, enda hafi þau bæði tekjur af störfum, öðrum en heimilisstörfum á eigin heimili, og samanlagt vinnuframlag þeirra nemi 24 vinnumánuðum á tekjuárinu. Þessi fjárhæð skal þó lækka um 1/12 fyrir hvern mánuð, sem á vantar að vinnuframlag annars hvors aðilans nái 12 vinnumánuðum.
5. Við 65. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:
   Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur, er nemi 47 400 kr. með fyrsta barni, en 71 100 kr. með hverju barni umfram eitt. Hvoru hjóna skal greiddur helmingur barnabótanna.
   Ef hjón hafa bæði tekjur af störfum, öðrum en heimilisstörfum á eigin heimili, og samanlagt vinnuframlag þeirra nemur 24 vinnumánuðum á tekjuárinu, skal auka barnabætur skv. 1. mgr. um fjárhæð, sem nemur 18 600 kr. fyrir hvert barn, og skal hvoru hjóna greiddur helmingur þessa barnabótaauka. Þessa fjárhæð skal þó lækka um 1/12 fyrir hvern mánuð, sem á vantar að vinnuframlag annars hvors aðilans nái 12 mánuðum.
6. Við 77. gr. Greinin orðist svo:
   Sérhver einstaklingur skal greiða eignarskatt af eign sinni, og á þetta einnig við um hjón, sem samvistum eru.

Ed. 320. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá Jóni G. Sólnes.

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 1. gr. og orðist svo:

2. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er þó heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og til útflutnings, sem hefur inni að halda meira en 2½%

af vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um vörugjald.

Áfengt öl, sem selt er innanlands, skal undanþegið ákvæðum laga um meðferð og sölu áfengis.

Ed. 321. Breytingartillaga [67. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. l. nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum.

Frá Jóni Helgasyni.

Við 10. gr. Í stað orðanna „Ákvæði 1. gr." komi: Ákvæði 2. gr.

Ed. 322. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. febr.)

Samhljóða þskj. 73 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1975.

Nd. 323. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Frv. þetta var athugað í nefndinni og urðu nefndarmenn ekki sammála um afstöðu til þess.

Meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt, þar sem hann telur eðlilegt, að lögin frá 1975 um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð sem heild að liðnum hæfilegum reynslutíma, en einn þáttur ekki tekinn út úr eins og frv. gerir ráð fyrir.

Fjarverandi voru Ragnhildur Helgadóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi, 15. febr. 1977.

Jón Skaftason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. **324. Frumvarp til laga** [165. mál]

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

2. gr.

Póst- og símamálastofnun fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum, sem gilda um póstmál og fjarskipti.

3. gr.

Starfsemi póst- og símamálastofnunar skal beinast að því að tryggja sem best, að hér á landi sé kostur á hagkvæmri og fullkominni póst- og símaþjónustu.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu, bæði innan hins íslenska ríkis og í samskiptum við önnur ríki, svo og hafa eftirlit með innflutningi og viðurkenningu á búnaði í því sambandi. Nánar skal kveðið á um framkvæmd einkaréttar stofnunarinnar í póstlögum og lögum um fjarskipti, svo og í reglugerðum, sem ráðherra setur, og í fjölþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að.

4. gr.

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamálastofnun forstöðu.

Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr. Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun, upp að tilteknu launamarki, enda sé við val starfsmanna gætt sömu reglna og um hærra launaðar stöður.

5. gr.

Starfsemi póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta stofnunarinnar og rekstrshluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild.

Rekstrshluti stofnunarinnar skiptist í fjögur póst- og símaumdæmi.

Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi. Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.

6. gr.

Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

Helstu verkefni hverrar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild;** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætlanir vegna reksturs og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald,

fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild**; tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetning á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radíósambönd stofnunarinnar, radíóeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild**; skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, skóla- og fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og rekstur mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild**; mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og -varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.

7. gr.

Póst- og símaumdæmin skulu annast allan rekstur stofnunarinnar hvert á sínu svæði.

Umdæmi I nær af Skeiðarársandi í Gilsfjarðarbotn, umdæmi II þaðan að mörkum Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, umdæmi III þaðan að mörkum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, umdæmi IV þaðan á Skeiðarársand.

Umdæmisstjórar hafa hver í sínu umdæmi yfirstjórn og eftirlit með rekstri póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og öðrum rekstri á vegum póst- og símamálastofnunar í umdæminu, í samræmi við rekstursáætlanir og önnur þau fyrirmæli, er gilda um rekstur stofnunarinnar. Umdæmisstjóri skal hafa eftirlit með fjárreiðum og birgðum hjá póst- og símastöðvum og öðrum þeim, sem fara með fjárreiður eða eignir stofnunarinnar í umdæminu. Hann skal eiga frumkvæði að tillögugerð um framkvæmdir stofnunarinnar og bættan rekstur.

Nánar skal kveðið á um starfssvið og skyldur umdæmisstjóra og starfsskiptingu innan umdæmisins í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr.

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum stofnunarinnar. Á þeim fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram reksturs- og framkvæmdaáætlanir sbr. 9. gr. til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar.

9. gr.

Póst- og símamálastjóri lætur gera, til fjögurra ára í senn, áætlun um framkvæmdir stofnunarinnar. Skal áætlunin taka mið af 1. mgr. 3. gr. laga þessara, byggja á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum raðað eftir forgangsröð.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega, þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára.

Áætlunin skal greina markmið stofnunarinnar á einstökum þjónustusviðum og hafa að geyma yfirlit um æskilegar þjónustubreytingar á áætlunartímanum. Þá skal áætlunin innihalda rekstraráætlun í meginatriðum og fjármögnunaráætlun fyrir sama tímabil.

Póst- og símamálastofnun skal senda samgönguráðuneytinu framkvæmdaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Samgönguráð-

herra leggur framkvæmdaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. Endurskoðaða áætlunin skal lögð fyrir Alþingi á sama hátt, en árleg töluleg endurreiknun skal fylgja fjárlagatillögum stofnunarinnar.

10. gr.

Komið skal á fót starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, skipuðu fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.

Ráðherra setur reglur um skipan og starfssvið starfsmannaráðs, þar sem leitast skal við að tryggja gott samstarf og samheldni milli starfsfólksins og stjórnenda stofnunarinnar.

11. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja.

Að því skal stefnt, að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

12. gr

Starfsmaður sá, sem skipaður hefur verið í stöðu hjá póst- og símamálastjórn samkvæmt eldri lögum skal við gildistöku laga þessara talinn skipaður til hliðstæðs starfs hjá Póst- og símamálastofnun, en þó skal honum skylt að hlýta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu, sem leiða kann af lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

13. gr.

Ráðherra er rétt að setja nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 8 9. jan. 1935 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, lög nr. 11 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum o. fl., svo og önnur ákvæði, sem í bága kunna að fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áætlanir þær, sem um er fjallað í 9. gr. skulu gerðar í fyrsta skipti til tveggja ára og sendar samgönguráðuneytinu eigi síðar en 31. maí 1977, og ná til áranna 1978 og 1979.

Á árinu 1978 skal póst- og símamálastofnun gera áætlun til fjögurra ára fyrir tímabilið 1979—1983 í samræmi við 9. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgönguráðherra skipaði 19. mars 1973 til að gera allsherjarathugun á skipulagi og rekstri pósts og síma. Í nefndina voru skipaðir Jón Skúlason, póst- og símamálastjóri, sem jafnframt var skipaður formaður hennar, Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, og Hörður Sigurgestsson, rekstrarhagfræðingur. Jón E. Böðvarsson, deildarstjóri, hefur starfað með nefndinni síðan 28. október 1974, og tekið virkan þátt í störfum hennar frá þeim tíma.

Nefndin lét eftirfarandi greinargerð fylgja tillögum sínum:

„Rekstur póst- og símaþjónustu er meðal elstu greina ríkisrekstrar hér á landi.

Elstu ákvæðin um póstmál á Íslandi felast í tilskipuninni um póstmál, frá 13. maí 1776. Póstþjónusta skyldi kostuð af opinberu fé, og var hún undir stjórn embættismanna, stiftamtsmanns, amtmanna og sýslumanna. Um 1785 var þessi þjónusta komin í það horf, sem hún hélst síðan í um 100 ára skeið, þ. e. tiltekinn fjöldi ferða landpósta, milli aðsetursstaða helstu embættismanna. Með tilskipun 26. febrúar 1872 var þó gerð sú breyting, að sett var upp „póstskrifstofa“ í Reykjavík og skipaður þar póstmeistari, sem ætlað var að hafa umsjón með „hirðing brjefa“ um allt land. Landshöfðingi hafði þá á hendi „stjórn póstmála innanlands“.

Með póstlögunum nr. 43/1907 er sú breyting gerð í samræmi við stofnun Stjórnarráðs 1904, að póstmeistarinn í Reykjavík, skyldi hafa á hendi „stjórn hinna íslensku póstmála“, undir yfirstjórn Stjórnarráðs Íslands.

Með breytingu á póstlögunum frá 1907, nr. 64/1919, var sett á fót embætti aðalpóstmeistara í Reykjavík, með póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn sér við hlið, og auk þess póstmeistara í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.

Síminn var lagður hingað til lands og frá Seyðisfirði til Reykjavíkur árið 1906. Var sú nýbreytni byggð á löggjöf frá 1905. Með l. nr. 13/1905, um ritsíma, talsíma o. fl., var einkaréttur ríkisins lögfestur til að „stofna og starfrækja ritsímasambönd og málþráða, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd til skeytasendinga á Íslandi og í landhelgi við Ísland“. Lög um „forstjórn landssímanna“ voru sett nr. 31/1907, og var þar í stuttu máli gerð grein fyrir helstu þáttum í starfi forstjóra starfseminnar og launum hans.

Þannig má segja, að málin hafi staðið í meginatriðum þegar sameining pósts og síma kom fyrst til alvarlegrar athugunar upp úr 1920.

Eru því máli gerð rækileg skil í áliti póst- og símamálanefndar, sem skipuð var 16. október 1928, og er álitið prentað sem fskj. með frv. til laga um stjórn póstmála og símamála 1929 (sbr. Alþ.tíð., 41. löggjafarþing, þskj. 195).

Úrslit málsins 1929 voru í bili ráðin með l. nr. 40/1929, um stjórn póstmála og símamála, en með þeim lögum er stefnt að hægfara sameiningu póst- og símstöðva utan Reykjavíkur „eftir því sem stöðvarnar losna“. Jafnframt var embættisheiti „aðalpóstmeistara“ breytt í „póstmálastjóra“ og embættisheitið „landssímastjóri“ lögfest.

Yfirstjórnin var því í höndum tveggja embættismanna og allt bókhald og reikningsskil tvískipt.

Þessi sameining, samkv. l. nr. 40/1929, þótti innan skamms ganga of hægt og á Alþ. haustið 1935 var flutt frv. til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sem skipulagsnefnd atvinnumála hafði samið. Samkvæmt þessu frv., sem samþ. var og birt sem l. nr. 8/1935, var yfirstjórn pósts og síma sameinuð hjá einum embættismanni, póst- og símamálastjóra. Kveðið var á um skipulag stofnunarinnar og taldar upp helstu stöður, svo og umdæmaskipting. Utan Reykjavíkur skyldi sami maður gegna starfi yfirmanns pósts og síma, nema sérstaklega stæði á, að dómi ráðherra.

Umrædd lög, nr. 8/1935, fjalla um skipulag pósts og síma í víðri merkingu, en hafa síðan að geyma ýmsar heimildir fyrir ráðherra til að kveða nánar á um tiltekin atriði í reglugerð. Þessi gömlu lög eru enn í gildi og hafa allar síðari reglugerðir um stjórn pósts og síma verið á þeim byggðar.

Stofnunin heyrir nú samkvæmt lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands undir samgönguráðuneytið, en allt frá 1935 til 1970 heyrði stofnunin beint undir ráðherra samgöngumála og póst- og símamálastjóri hafði stöðu til jafns við ráðuneytisstjóra gagnvart ráðherra.


Samkvæmt l. nr. 8/1935 voru helstu skipulagseiningarnar í stofnuninni undir stjórn eftirtalinna embættismanna, sem allir heyrðu undir póst- og símamálastjóra.

Sjá einnig **skipurit 1.**

1. Póstmeistarinn í Reykjavík.
2. Ritsímastjórinn í Reykjavík.


SKIPURIT 1

YFIRSTJÓRN PÓSTS OG SÍMA 1935



SKIPURIT 2

YFIRSTJÓRN PÓSTS - SÍMA 1956



3. Bæjarsímastjórinn í Reykjavík.
4. Yfirverkfræðingur.
5. Loftskeytastöðvarstjóri.

Starfsheiti póstritara, sem stóð næstur póst- og símamálastjóra varðandi póstmál, en sú staða hafði árum saman verið til, virðist af vangá hafa fallið út úr lögunum, enda starfaði hann áfram eftir að lögin frá 1935 voru gengin í gildi. Þessu starfsheiti var síðar breytt í starf skrifstofustjóra póstmála, og enn síðar í starf forstöðumanns póstmálaskrifstofunnar. Ennfremur var loftskeytastöðvarheitið í ofangreindum lögum byggt á misskilningi. Voru tildrögin þau, að á árinu 1934 var þáverandi stöðvarstjóri loftskeytastöðvarinnar settur til að gegna starfi skrifstofustjóra landssímans og starfaði hann síðan fullan starfsdag sem slíkur jafnframt því, sem hann hafði umsjón með loftskeytastöðinni. Starfsheiti skrifstofustjórans var síðar breytt í forstöðumann símarekstursdeildar. Starfsemi Loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík var árið 1963 flutt í Gufunes og sameinuð Radíóflugþjónustunni þar.

Árið 1956 var viðfangsefnasviði yfirverkfræðingsins skipt í tvennt og tæknisviðinu skipt í radíótæknideild og símatæknideild. Sjá **skipurit 2.**

Samkvæmt reglugerð um stjórn og skipulag pósts og síma nr. 177/1960 voru helstu skipulagseiningarnar fjórar aðaldeildir og fjórar sérdeildir. Var skipting viðfangsefna á milli þessara deilda í aðalatriðum þessi:

Aðaldeildir:

1. **Hagdeild:** Aðalendurskoðun og sjóðskoðanir, helstu skýrslugerðir, yfirlit yfir fjárreiður, almenn starfsmannamál og gerð endanlegra fjárlagatillagna.

2. **Rekstursdeild:** Almenn viðskiptamál pósts og síma, þ. m. t. fjárreiður stofnunarinnar og gjaldeyrismál, almenn póstmál og reglugerðir, umsjón með rekstri allra póst- og símastöðva á landinu utan þess, sem sérdeildum var falið, ennfremur aðalbókhald. Hún sá einnig um frímerkjaútgáfu.

3. **Radíótæknideild:** Öll radíótæknimál símans, þ. m. t. rekstur radíóstöðva og radíósambanda, þar undir komu einnig lóranstöðvarnar á Reynisfjalli og Gufuskálum og allar framkvæmdir á þessu sviði, einnig framleiðsla á radíótækjum.

4. **Símatæknideild:** Öll símatæknimál önnur en þau, sem ofan er getið eða sérdeildum var falið. Þar undir komu allar sjálfvirkar símstöðvar og sæstrengir, og ennfremur aðalbirgðavarsla símans og húsbyggingar.

Sérdeildir:

Aðalpóststofan í Reykjavík: Rekstur póststofunnar, þ. m. t. póstafgreiðslur til og frá útlöndum ásamt útibúum í Reykjavík.

Bæjarsíminn í Reykjavík: Rekstur bæjarsímanna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og nágrenni svo og verklegar framkvæmdir.

Ritsíma- og langlínumiðstöðin í Reykjavík: Viðskiptalegur rekstur ritsímans og langlínustöðvarinnar í Reykjavík, svo og umsjón með rekstri símstöðvanna í suðurlandsumdæmi nema þeirra málefna, sem voru falin Bæjarsímanum og Aðalpóststofunni í Reykjavík.

Rekstur póstgíróstofunnar, er annast rekstur gíróstarfsemi pósts og síma, kom síðar til.


Þessi verkefnaskipting er dregin upp á **skipuriti 3.**

Með hliðsjón af almennum skipulagssjónarmiðum og nútíma stjórnunarþekkingu var ljóst þegar er málið var íhugað, að þáverandi skipulag pósts og síma hafði ýmsa galla. Þeir helstu voru:

1. Skilgreining á ábyrgðar- og valdsviðum einstakra aðaldeilda og undirdeilda var óljós.

SKIPURIT 3

YFIRSTJÓRN PÓSTS OG SÍMA 1960



2. Skortur á skilgreiningu á valdi og almennum reglum um starfshætti leiddi til þess, að ákvarðanataka jafnt um smáa hluti sem stóra svo og sérfræðiþekking safnaðist á hendur æðstu yfirmanna stofnunarinnar í Reykjavík.
3. Eitt umdæmi, Suðurlandsumdæmi, heyrði undir sérdeild, en önnur undir rekstrardeild. Það hafði í för með sér, að póst- og símastöðvar í Suðurlandsumdæmi heyrðu undir ritsímastjórann í Reykjavík, en allar almennar póst- og símastöðvar utan Suðurlandsumdæmis og Reykjavíkur undir rekstrardeild.
4. Stýrikerfi í formi rekstraráætlana fyrir einstaka ábyrgðareiningar ásamt rekstrareftirliti hafði ekki almennt verið komið á, og það ekki talið unnt, nema með skýrara skipulagi og verkefnaskiptingu.
5. Þótt miklar framfarir hafi orðið á almennri áætlanagerð og fjárlagatillögugerð stofnunarinnar, hafði ekki tíðkast að gera reglubundið heildaráætlanir til nokkurra ára um rekstur og framkvæmdir stofnunarinnar, þar sem fram kæmu meginmarkmið, sem stofnunin þyrfti að ná, til að geta á hverjum tíma mætt þeim kröfum, sem ríkisvaldið og viðskiptamenn stofnunarinnar gerðu til hennar.

Sem fyrsta skrefi til þess að koma á breyttum starfsháttum í stofnuninni var ákveðið að breyta skipulagi hennar og var það gert með reglugerð nr. 384/1974 og nr. 227/1976.

Frumvarp þetta er í höfuðatriðum byggt á sömu grundvallarsjónarmiðum og reglugerðir nr. 384 20. des. 1974 og nr. 227 3. júní 1976, sem settar voru samkv. l. nr. 8/1935. Með þessum reglugerðarbreytingum var mörkuð eftirgreind stefna í skipulagsmálum og starfsemi pósts og síma:

1. **Aðskilnaður stefnumörkunar og rekstrar.** Leitast er við að aðskilja annars vegar þær deildir, sem hafa þau meginverkefni að annast yfirstjórn, áætlanagerð og aðra stefnumörkun, og hins vegar þær deildir stofnunarinnar, sem annast daglegan rekstur í einstökum umdæmum, stöðvum og öðrum starfseiningum. Leggja þarf meiri áherslu á, að hverju stefnt skuli með rekstri stofnunarinnar og hvernig markmiðum hennar skuli náð. Aukna áherslu verður að leggja á heildaryfirsýn og horfa lengra fram í tímann og létta ákvarðanatöku daglegs rekstrar af þeim, sem fást við yfirstjórn stofnunarinnar.
2. **Valddreifing.** Flytja ber meira af rekstrarstjórnuninni þ. e. ákvarðanatöku, almenna skipulagningu, framkvæmd og eftirlit, tækniþekkingu og aðra þekkingu í umdæmi, þar sem hinn eiginlegi rekstur fer fram. Með því verði stytt boðleiðin á milli vandamálanna og þeirra, sem geta tekið ákvarðanir um lausn þeirra. Gera ber rekstrareiningarnar, sem dreifðar eru um landið, sjálfstæðar um sinn rekstur innan ramma rekstraráætlana og almennra rekstrarfyrirmæla.
3. **Aukin formleg stefnumörkun og rekstraryfirlit.** Með stefnumörkun er átt við skipulega setningu markmiða fyrir stofnunina í heild og undirmarkmið fyrir einstakar starfseiningar og áætlanir í samræmi við þessi markmið, sem geri grein fyrir, hvernig menn hyggjast ná markmiðunum. Liður í þessu verði kerfisbundið rekstrareftirlit með virku stjórnunarbókhaldi og samanburði við áætlanir, sem liggi fyrir, áður en það verður saga ein.
4. **Aukin kynningar- og fræðslustarfsemi.** Með kynningarstarfsemi er átt við aukna áherslu á að kynna starfsemi stofnunarinnar út á við, og hvað hún hefur viðskiptamönnum sínum upp á að bjóða. Með auknu fræðslustarfi er átt við meiri áherslu á menntun og endurmenntunarstarfsemi innan stofnunarinnar, þar sem m. a. verði lögð sérstök áhersla á aukna stjórnunarfræðslu og stjórnunarþekkingu.
5. **Stjórnunarleg sameining póst- og símaverkefna.** Leggja ber áherslu á sameiningu og samræmingu póstverkefna og símaverkefna innan sömu stjórnunareininga, eftir því sem nokkur kostur er.


6. **Starfaskipulag.** Áhersla hefur verið lögð á skipulag miðað við aðalstarfssvið og veitta þjónustu, en ekki tæknisvið eða sérþekkingu.

Til að ná þessum markmiðum var ákveðið að skipta starfsemi stofnunarinnar í tvo meginhluta, stjórnunarhluta og rekstrarhluta. Stjórnunarhlutinn skiptist í fjórar aðaldeildir og rekstrarhlutinn í fjögur umdæmi.

Þessi breyting felur í sér verulega uppstokkun eldra skipulags og eru höfuðbreytingarnar þessar:

SKIPURIT 4

GRUNDVALLARSKIPULAG PÓSTS- OG SÍMA 1976



1. Gerður er aðskilnaður í stórum dráttum á milli stefnumörkunar og rekstrar. Stefnumörkun og heildaráætlanir verði í aðaldeildum, en rekstur í umdæmunum. Þetta hefur í för með sér verulegan flutning á verkefnum og forsjá mannafla úr aðaldeildum til umdæma.
2. Umdæmum fækkar frá því, sem nú er, en stefnt er að því að nýju umdæmin verði stærri og sjálfstæðari starfseiningar. Starf umdæmisstjóra verði til muna meira að umsvifum og ábyrgð. Þeir verða meðal áhrifamestu stjórnenda pósts og síma. Allar stöðvar eru settar undir umdæmi og umdæmin heyra undir póst- og símamálastjóra.
3. Aðaldeildum fjölgar í fjórar. Nýrri tæknideild svipar til eldri tæknideildar nema hvað rekstrarmál eru lögð undir umdæmin, fjármáladeild fer að mestu með mál sem áður voru hagdeildar og rekstrardeildar, umsýsludeild fer að mestu með mál sem áður voru undir hagdeild eða tæknideild, en aðalbreytingin er stofnun viðskiptadeildar, sem ber ábyrgð á þeim viðfangsefnum, sem lúta að þróun, áætlunargerð, og rekstri þeirra þátta, sem annast hina beinu þjónustu við almenning.

Þetta skipulag skýrist í meginatriðum með **skipuriti nr.** 4 sem sýnir aðaldeildir og umdæmi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eins og drepið var á hér að framan heyrði póststjórnin beint undir ráðherra árin 1919—1929 og stofnunin í heild frá gildistöku l. nr. 8/1935, þar til 1. janúar 1970, er lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands og reglugerð nr. 96/1969 um sama efni, tóku gildi.

Í 16. gr. laganna um Stjórnarráð Íslands segir, er talin hafa verið upp nokkur lagafyrirmæli, sem falla úr gildi við gildistöku laganna, að auk þess falli þá úr gildi „önnur lagaboð, er fara í bága við lög þessi", en 16. gr. var skýrð í athugasemdum við frumvarpið með þessum orðum:

„Meðal lagaboða, sem fara í bága við hin fyrirhuguðu lög og eiga því að falla úr gildi, eru sérákvæði í lögum, er skipa stjórnarmálefnum til tilgreindra ráðuneyta".

Umrædd 16. gr. Stjórnarráðslaganna, var talin nægja til að breyta ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 8/1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að haldið verði þeirri stefnu, sem Stjórnarráðslögin og reglugerðin nr. 96/1969 marka, og stofnunin teljist heyra undir samgönguráðuneytið. Í því felst ekki bein efnisákvörðun, þar sem ráðherra fer í krafti embættis síns með yfirstjórn ráðuneytisins, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. l. nr. 73/1969. Þessi ákvörðun um það hvort stofnun heyri undir ráðherra eða ráðuneyti varðar einungis hið ytra form samskipta stofnunar og ráðherra og hans skrifstofu, ráðuneytisins.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sú ríkisstofnun, sem er kölluð „póstur og sími" fái heitið „póst- og símamálastofnun".

Póstur og sími eru hlutlæg orð og of þröng til að eiga við öll hin fjölbreyttu viðfangsefni þessarar stofnunar, og er því lagt til að hið nýja nafn verði lögfest á stofnunina.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er að finna það meginmarkmið stofnunarinnar að tryggja landsmönnum sem hagkvæmasta og fullkomnasta póst- og símaþjónustu, miðað við það sem þekkt er á hverjum tíma. Samkvæmt 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að höfð sé hliðsjón af þessu meginmarkmiði við ákvörðun gjalda, sem stofnuninni er heimilað að taka fyrir þjónustu sem hún veitir.

Í gildandi lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ekki beint ákvæði um einkarétt stofnunarinnar, en um þau atriði er fjallað í sérlögum, póstlögum nr. 31/1940 og fjarskiptalögum nr. 30/1941. Rétt þykir þó að staðfesta þetta grundvallaratriði sem meginreglu, og er það gert í 2. mgr., þótt vísað sé í sérlög um nánari framkvæmd einkaréttarins.

Um 4. gr.

Ákvæði 2. mgr. virðast í fljótu bragði nokkuð þrengri en orðalag 4. mgr. 3. gr. l. nr. 8/1935, en þó í samræmi við venju síðustu ára. Í framkvæmd hefur ráðuneytið falið póst- og símamálastjóra að auglýsa stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður upp að ákveðnum launaflokki og er lagt til að sú skipan verði heimil, ef ráðherra ákveður.

Um 5. gr.

Hér að framan hefur verið rakið, að hverju hið nýja skipulag stofnunarinnar stefnir.

Lagt er til, að aðaldeildirnar verði fjórar og umdæmin jafn mörg, sbr. 6. og 7. gr.

Verði hver þessara aðaldeilda undir stjórn framkvæmdastjóra, sem heyri beint undir póst- og símamálastjóra.

Verkefni þessara aðaldeilda verði að vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, gerð almennra fyrirmæla og starfsreglna um rekstur stofnunarinnar og vinna að öðrum þeim stjórnunarmálum, sem varða stofnunina í heild. Lagt er til, að innbyrðis skipting viðfangsefna á milli þessara aðaldeilda verði í samræmi við reglugerð nr. 227/1976.

Rekstrarhluta stofnunarinnar er skipt í fjögur póst- og símaumdæmi undir stjórn umdæmisstjóra, sem heyra beint undir póst- og símamálastjóra. Undir umdæmin kemur starfsemi allra póst-, síma- og radíóstöðva á viðkomandi svæði. Það er verkefni umdæmisstjóranna að annast og bera ábyrgð á skipulagningu, almennri áætlanagerð og daglegum rekstri póst- og símastarfseminnar í umdæminu á grundvelli þeirrar stefnu, reglna og heildaráætlana, sem póst- og símamálastjóri og aðaldeildirnar setja.

Í heild er nýmæli að binda tölu og verkefni aðaldeilda og fjölda umdæma í lögum, en miklu skiptir að hér verði um fast fyrirkomulag að ræða, en ekki unnt að breyta því í reglugerð eins og nú er án rækilegrar athugunar.

Um 6. gr.

Með þessari tilhögun, sem tók gildi 1. júlí þ. á., var fjölgað um eina aðaldeild frá því, sem áður var.

Athygli skal vakin á því, að með viðbótardeild er ekki verið að stofna nýja deild með algjörlega nýjum viðfangsefnum, heldur er verið að skipta frekar upp þeim viðfangsefnum stofnunarinnar, sem þegar voru fyrir hendi. Þessi skipting leggur meiri áherslu á megin viðfangsefni stofnunarinnar, þjónustuna við viðskiptamenn hennar.

Skipting aðaldeilda í undirdeildir er nú með eftirfarandi hætti. Hér er gerð grein fyrir höfuðatriðum.

Skipurit nr. 6.

FJÁRMÁLADEILD

1. **Aðalbókhald**
2. **Fjárreiðudeild**
3. **Áætlana- og skýrsludeild**
4. **Innkaupa- og birgðadeild**
5. **Aðalendurskoðun**

SKIPURIT 6

PÓST-OG SÍMAMÁLASTOFNUN
Póst- og símamálastjóri
Skrifstofa Póst- og símamálastjóra
FJÁRMÁLADEILD
Aðalbókhald
Fjárreiðudeild
Aðalendurskoðun
Áætlana og skýrsludeild
Innkaupa og Birgðadeild
TÆKNIDEILD
Tæknisamræming
Sjálfv. símstöðvar ritsími, telex
Sambönd
Radíó
Tæknirekstur
UMSÝSLUDEILD
Starfsmannahald
Póst- og símaskóli
Hagsýsludeild
Þjónustudeild
Fasteignadeild
VIÐSKIPTADEILD
Póstmáladeild skrifstofa
Póstgangna-skrifstofa
Póstgíró
Símamála-skrifstofa
Upplýsinga skrifstofa
UMDÆMI II (ÍSAFJ.)
UMDÆMI III (AKUREYRI)
UMDÆMI I
UMDÆMI IV (SEYÐISFJ.)

TÆKNIDEILD

1. **Tæknisamræming**
2. **Sjálfvirkar símstöðvar, ritsími og telex**
3. **Sambönd**
4. **Radíó**
5. **Tæknirekstur**

UMSÝSLUDEILD

1. **Starfsmannahald**
2. **Hagsýsludeild**
3. **Þjónustudeild**
4. **Fasteignadeild**
5. **Skólamál stofnunarinnar**

VIÐSKIPTADEILD

1. **Póstmáladeild**
2. **Póstgangnadeild**
3. **Póstgíródeild**
4. **Símamáladeild**
5. **Upplýsingadeild**

Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri og hefur hann sér til aðstoðar ritara eða aðra aðstoðarmenn.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir skiptingu rekstrarhlutans í fjögur póst- og símaumdæmi þannig:

Umdæmi I: Frá Skeiðarársandi í Gilsfjarðarbotn, þ. m. t. allur póst- og símarekstur á höfuðborgarsvæðinu. Skrifstofa og aðalsetur umdæmisins verður í Reykjavík.

Umdæmi II: Frá Gilsfjarðarbotni og vestur um að mörkum Strandasýslu og V-Húnavatnssýslu. Stöðin á Brú í Hrútafirði komi undir þetta umdæmi ásamt Strandasýslu. Skrifstofa og aðalsetur verði á Ísafirði.

Umdæmi III: Frá sýslumörkum Strandasýslu og V-Húnavatnssýslu að vestan og að mörkum N-Þingeyjarsýslu og N-Múlasýslu að austan. Skrifstofa og aðalsetur verði á Akureyri.


Umdæmi IV: Frá sýslumörkum N-Þingeyjarsýslu og N-Múlasýslu að norðan og suður um á Skeiðarársand. Skrifstofa og aðalsetur verði á Seyðisfirði.

Skipting í umdæmi sést nánar af mynd hér á eftir:

Umdæmi voru áður fimm að tölu með aðalsetri í Reykjavík, Ísafirði, Brú, Akureyri og Seyðisfirði. Miðað við núverandi aðstæður eru ekki lengur rök til þess, að Brúarumdæmið verði sjálfstætt, og er því lagt til, að núverandi viðfangsefnum þess sé skipt á umdæmi II og III.

Með skipulagi samkvæmt tillögum nefndarinnar verður sú höfuðbreyting, að verið er að dreifa ábyrgð á starfseminni til umdæmanna, sem munu gegna mun þýðingarmeira hlutverki en áður. Til þess að þau geti sinnt þessu hlutverki að fullu verður að byggja upp starfskjarna á aðalsetrum umdæmanna utan Reykjavíkur í mun ríkara mæli en nú er. Óraunhæft er að gera ráð fyrir, að hægt sé að byggja upp marga kjarna af þessu tagi með nauðsynlegri sérþekkingu og sérstöðu, eins og verkstæðum og lagerum. Því er lögð höfuðáhersla á það, að umdæmin verði ekki fleiri en fjögur.

TILLAGA AÐ UMDÆMASKIPTINGU PÓST- OG SÍMAMÁLASTOFNUNAR



Fækkun umdæmanna úr fimm í fjögur var ákveðin með reglugerð nr. 227/1976, sem tók gildi 1. júlí 1976, en samkvæmt 4. gr. l. nr. 8/1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, skyldi ráðherra ákveða tölu og takmörk póst- og símaumdæma, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og var umrædd breyting að öllu leyti samkvæmt tillögu póst- og símamálastjóra.

Þótt breyting á tölu og mörkum umdæmanna geti gerst á einum degi er það þó ekki meginatriði þeirrar nýskipulagningar, sem að sumu leyti er ákveðin með reglugerð nr. 227/1976, en að nokkru leyti ráðgerð eftir því sem nauðsynlegar heimildir fást. Meginatriði málsins er það, að umdæmin verði sem sjálfstæðust, innan þeirra almennu marka sem stjórnunardeildirnar ákveða. Til þess að svo megi takast til verður að safna á aðalsetrum í umdæmunum og á hnútstöðvum í umdæmunum fullnægjandi sérþekkingu og aðstöðu til að leysa dagleg rekstrarvandamál umdæmisins sem mest óháð Reykjavík.

Stefnt er að því, með öðrum orðum, að flytja verulegan hluta þeirrar rekstrar- og viðhaldsþjónustu, sem nú er stjórnað frá Reykjavík, til aðalsetra umdæmanna út um land. Þetta á við um tæknistörf, bókhalds- og fjármálaeftirlit.

Af þessu má vera ljóst, að slík breyting, sem krefst mikilla flutninga starfsfólks landshorna á milli, er of viðamikil til að unnt sé að gera hana í einu vetfangi. Reynsla af valddreifingu sem þessari er þegar fyrir hendi hjá Vegagerð ríkisins, en þar hefur henni verið komið á, á s. l. 10 árum. Er hún talin hafa reynst þar vel.

Nokkur munur verður á innra skipulagi umdæmanna vegna mismunandi stærðar þeirra. Í umdæmi I er umfang starfseminnar orðið það mikið í aðalstarfskjarnanum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, að eðlilegt er talið að skilja póstrekstur og símarekstur að í sitt hvorri undirdeildinni. Svipuðu máli gegnir með Akureyri í umdæmi III, þar sem gert er ráð fyrir, að póstreksturinn hafi sérstakan yfirmann og símareksturinn annan. Í umdæmum II og IV er gert ráð fyrir, að þessir tveir þjónustuþættir séu sameinaðir.

Áður er vikið að því, að megineinkenni þessara skipulagsbreytinga sé, að umdæmin verði sjálfstæð um allan rekstur innan umdæmanna. Gert er ráð fyrir, að allur rekstur á svæði umdæmis komi undir umdæmisstjórann. Nær þetta einnig til rekstrar radíóstöðva, sem ekki heyra til almenns fjarskiptarekstrar eða eru reknar fyrir aðra aðila, svo sem ICAO eða Ríkisútvarp, svo og verkstæðarekstrar og birgðahalds í umdæminu.

Ætlast er til, að það sé ekki einungis hlutverk umdæmisins og umdæmisstjórans að stjórna almennum rekstri, sem felst í afgreiðslu og þjónustustörfum, heldur einnig að annast hina tæknilegu hlið rekstrarins og hafa á hendi eftirlit með fjárreiðum. Ennfremur er gert ráð fyrir, að mestur hluti reikningshalds umdæmisins sé unninn í umdæminu.

Þar við bætist, að nú er ætlast til að aukin áhersla sé lögð á áætlanagerð, rekstrareftirlit og heildaryfirsýn. Gert er ráð fyrir, að frumkvæði að rekstrar- og fjárfestingaráætlunum sé að verulegu leyti hjá umdæmunum.

Um 8. gr.

Að efni þessarar greinar er að nokkru vikið í skýringum við 9. gr. frumvarpsins.

Póst- og símamálastjóri kallar saman þá átta embættismenn, sem um getur í 5. gr., eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skulu þar ræddar rekstrar- og framkvæmdaáætlanir og önnur megin stefnumál og fjárhagslegar forsendur.

Á slíkum fundum verða saman komnir helstu burðarásar bæði úr stjórnunarhluta stofnunarinnar og rekstrarhluta.

Um 9. gr.

Hér er lagt til, að tekin verði upp gerð stefnumarkandi heildaráætlana, um fjárfestingar til 4 ára í senn, sem verði endurskoðaðar árlega þannig að ávallt sé fyrir hendi 4 ára áætlun. Hingað til hefur slíkt ekki verið skylt, en stjórnendur

stofnunarinnar gert fjárfestingaráætlanir um einstök meiriháttar viðfangsefni hennar. Hafa þær oft verið fremur sem markmið stofnunarinnar en bindandi áætlun.

Hjá stofnun eins og póst- og símamálastofnun er enn frekari nauðsyn en hjá ýmsum öðrum ríkisstofnunum, að skyggnst sé fram í tímann og gerðar langtíma áætlanir. Ör tækniþróun, sérþjálfað starfslið og langur afgreiðslutími á tækjum og búnaði gerir áætlanir til nokkurra ára nauðsynlegar og sjálfsagðar.

Hinir norsku sérfræðingar, sem störfuðu með skipulagsnefnd pósts og síma segja um þetta atriði:

„Fyrir stofnunina væri það mjög mikilvægt, að fjárfestingaheimildir lægju fyrir fleiri ár fram í tímann. Hið opinbera fjárheimildakerfi gerir stofnuninni erfitt fyrir, en finna verður leiðir, sem byggðar verði á meðferð á tillögum stofnunarinnar að langtíma fjárfestingaráætlunum og mati á arðsemi fjárfestingar, samanborið við fjárfestingaþörf og ráðstöfunarfé.

Ef hægt væri að gefa stofnuninni lengra tóm til áætlanagerða, sem fylgja myndi langtíma fjárfestingaheimildum, kæmist hún hjá því álagi, að verða stöðugt að vinna að áætlanagerð í flýti, eða breyta og vinna upp að nýju áður gerðar áætlanir. Það liggur líka beint við að álíta, að við innkaup megi ná hagstæðari verðtilboðum með langtíma afgreiðslusamningum".

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að póst- og símamálastjóri hafi forgöngu um gerð áætlunar um framkvæmdir póst- og símamálastofnunar, en endurskoða skuli áætlunina annað hvort ár og umreikna hana árlega til verðlags viðkomandi árs.

Frumvarpið ætlast til að stofnunin setji sér sjálf þau markmið, sem stefna þurfi að, svo að stofnunin geti sem best staðið að því meginverkefni, sem felst í 1. mgr. 3. gr. frv., þar sem segir:

„Starfsemi póst- og símamálastofnunar skal beinast að því að tryggja sem best, að hér á landi sé kostur á hagkvæmri og fullkominni póst- og símaþjónustu".

Frumtillögur vegna árlegra rekstraráætlana og vegna framkvæmdaáætlana hlióta að eiga uppruna sinn hjá einstökum rekstrareiningum, stöðvum og umdæmum, og berast þaðan til fjármáladeildar stofnunarinnar, sem gerir í samráði við aðrar aðaldeildir hennar, frumdrög að áætlunum, sem rædd verða síðar á fundum póst- og símamálastjóra, framkvæmdastjóra aðaldeilda og umdæmisstjóra.

Póst- og símamálastjóri ber ábyrgð á endanlegri gerð allra áætlana hjá stofnuninni.

Framkvæmdaáætlanir skal senda samgönguráðuneytinu um svipað leyti og fjárlagatillögur og skal ráðuneytið síðan, að athugun lokinni, senda þær Alþingi.

Um 10. gr.

Í 25. gr. starfsmannareglna landssímans, frá 27. febrúar 1935, kom vísir að starfsmannaráði landssímans fyrst til. Var þar sett upp sjö manna ráð, „landssímastjóra til aðstoðar" og skyldu mál borin undir ráðið „þegar landssímastjóra þykir ástæða til."

Þetta fyrsta póst- og símaráð starfaði mjög lítið og hélt aðeins 10 til 15 fundi þau 18 ár, sem það var við líði, en það var fellt niður, er reglugerðin um starfsmannaráð landssímans var sett, nr. 146, 20. júlí 1953.

Hið nýja ráð skyldi fjalla um mál, sem vörðuðu launakjör og starfsaðstöðu starfsfólks, skipun og setningu í stöður og frávikningar, svo og mál er vörðuðu einstaka starfsmenn eða starfshópa.

Megingallinn á þessu starfsmannaráði var sá, að póstmenn áttu enga aðild að ráðinu. Voru margar tilraunir gerðar til að ná samkomulagi um starfsmannaráð, þar sem báðir meginþættir stofnunarinnar ættu fulltrúa. Tókst loks nú alveg nýlega samkomulag um betta og var ný reglugerð um starfsmannaráð pósts og síma gefin út 8. október 1976.

Í jafn stórri stofnun og póst- og símamálastofnun er mjög nauðsynlegt að tryggja sem best samstarf og samheldni milli starfsfólks og stjórnenda stofnunar.

Enda þótt eldra starfsmannaráð skyldi fylgjast með hag og rekstri símans, munu þó störf þess fyrst og fremst hafa beinst að starfsmannamálum. Í nýju reglugerðinni um starfsmannaráð pósts og síma er svipað ákvæði.

Þótt umrædd 10. gr. frumvarpsins feli aðeins í sér rúma heimild fyrir ráðherra til að setja á fót starfsmannaráð skipað stjórnendum og fulltrúum starfsmanna stofnunarinnar, og nefnd séu nokkur helstu verkefni slíks ráðs, er þó ýmislegt annað, sem eðlilegt væri að kynna starfsmannaráði, t. d. ársreikninga stofnunarinnar, fjárhagsstöðu og áætlanir.

Myndi slíkt vera vísir að hlutdeild starfsfólks í stefnumörkun og rekstri stofnunarinnar og ætti að geta aukið skilning starfsfólks póst- og símamálastofnunarinnar á því, hvers stofnunin er megnug og hverju hún fær risið undir.

Verði frv. þetta að lögum, sýnist rétt að endurskoða nýjustu reglugerð um starfsmannaráð og gefa út aftur, en með 10. gr. frumvarpsins fengist bein og fortakslaus heimild til setningar slíkra reglna, sem ekki er í lögum nr. 8/1935.

Um 11. gr.

Í lögum nr. 8/1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er í 8. gr. allrúm heimild til handa ráðherra til reglugerðarsetninga.

Þó hafa gjaldskrár pósts og síma jafnan verið byggðar á ákvæði 13. gr. póstlaga, nr. 31/1940, að því er til burðargjalda og annarra póstgjalda tekur, og öll símgjöld á 12. gr. l. nr. 30/1941, um fjarskipti.

Í frv. þessu er fjallað um starfshætti pósts og síma á annan og ýtarlegri hátt en í l. nr. 8/1935, og m. a. gert ráð fyrir meginstefnumörkun, sem áætlanagerð sú, sem frv. gerir einnig ráð fyrir, á að byggjast á. Því er eðlilegt, að í sömu lögum sé einnig gerð grein fyrir hvernig tekna sé aflað, þótt samkynja og raunar miklu ýtarlegri ákvæði séu í sérlögum um tæknileg mál og önnur sérmál, er varða póst og síma.

Póstur og sími hefur lengst af stuðst bæði við eigin tekjur og framlag á fjárlögum.

Eftirfarandi tafla sýnir árlegar tekjur og gjöld póstsjóðs og landssímans frá 1935, svo og fjárlagaframlög meðan reikningar þessara tveggja þátta stofnunarinnar voru aðskildir og sameiginlegan reikning pósts og síma, eftir að fjárhagsleg og bókhaldsleg samræming þessara tveggja þátta komst á 1960.

	Póstur				Sími				Samtals		Gr. til ríkis	
Ár	Tekjur	Gjöld	Mism.	Rfrl*)	Tekjur	Gjöld	Mism.	Rfrl.	Tekjur	Gjöld	Póstur	Sími
1935	691	620	71		2 192	1 715	477		2 883	2 335		95
1936	639	596	43		2 266	1 741	525		2 905	2 337		185
1937	726	663	63		2 440	1 926	523		3 175	2 589		110
1938	824	663	161		2 512	1 937	575		3 336	2 600	46	194
1939	879	719	160		2 823	2 082	741		3 702	2 801	46	303
1940	946	985	÷ 39		3 677	2 577	1 100		4 623	3 563		671
1941	1 884	1 386	449		5 024	3 944	1 080		6 908	5 330	282	144
1942	2 161	2 055	131		7 544	7 272	272		9 705	9 327	31	
1943	2 435	2 815	÷ 380	207	10 350	9 660	690	÷1 763	12 785	12 475	32	
1944	3 934	3 548	386		10 728	10 091	637	1 900	14 662	13 639		
1945	4 202	4 731	÷ 529		13 689	14 106	÷ 417		17 891	18 837		
1946	4 321	6 061	÷1 740		17 126	14 941	2 185	1 500	21 447	21 002		
1947	6 034	6 837	÷ 803		20 729	19 831	898	562	26 763	26 668		
1948	5 870	67 35	÷ 865		21 523	19 894	1 629	3 369	27 393	26 629		
1949	6 005	7 679	÷1 674	1 000	23 445	24 198	÷ 753	÷2 941	29 450	31 877		
1950	8 655	8 445	210	325	31 079	26 281	4 796	÷2 776	39 734	34 720	500	
1951	7 987	7 887	100	750	35 081	31 734	3 347	2 800	43 068	39 621		
1952	10 037	10 908	÷ 871		40 506	34 768	5 738		50 543	45 676		
1953	10 755	11 836	÷1 081		44 250	38 423	5 827		55 005	50 259	4	
1954	12 082	12 875	÷ 793	159	47 415	42 618	4 797	2 520	59 497	55 493		

	Póstur				Sími				Samtals		Gr. til ríkis	
Ár	Tekjur	Gjöld	Mism.	Rfrl*)	Tekjur	Gjöld	Mism.	Rfrl.	Tekjur	Gjöld	Póstur	Sími
1955	12 557	14 452	÷1 895		51 202	46 754	4 448	4 450	63 759	61 206		
1956	17 127	18 864	÷1 737		58 856	60 708	÷1 852	1 890	75 983	79 572		
1957	20 704	21 874	÷1 170		75 252	70 818	4 434	1 716	95 956	92 692		
1958	27 746	27 564	182		91 856	86 845	5 011	4 718	119 602	114 409		
1959	30 801	30 348	453		110 263	100 920	9 343	3 318	141 064	131 268		
1960	41 429	34 707	6 722		137 031	129 604	7 427		178 460	164 311	3 636	
1961									207 545	204 109		
1962								(585)[1]	231 461	230 895		
1963									281 384	281 340	(38)[2]	
1964									346 723	346 663		
1965									395 291	427 669		
1966									508 944	459 559		
1967									545 341	552 336		
1968									540 609	574 881		
1969									805 647	786 806		
1970									939 296	932 005		
1971									1 130 676	1 194 940		
1972									1 430 456	1 585 950		
1973									1 867 218	2 056 740		
1974									2 762 222	3 380 361		
1975									4 308 484	4 805 715		

*) Rfrl. = ríkisframlag.
[1]) Mismunur færður á biðreikning ríkissjóðs
[2]) Greitt ríkissjóði og póstsjóði.
Allar tölur í þús. kr.

2. mgr. 10. gr. frv. felur í sér, að gjaldskrá stofnunarinnar skuli vera þannig, að með henni sé stefnt að því, að stofnuninni sé jafnan gert kleift að ná því höfuðmarkmiði, sem felst í 1. mgr. 3. gr. frv.

Grein þessi miðast við að gjaldskrártekjur nægi jafnan til almennra fjárfestinga og ekki má túlka hana svo, að lántökur til stórframkvæmda eða fjárútvegun á annan hátt komi ekki til greina.

Um stefnu stofnunarinnar í gjaldskrármálum að öðru leyti skal hér ekki fjölyrt, enda er lagt til í frv. þessu, að það mál sé í höndum ráðherra, eins og hingað til. Oft hefur þó verið kvartað yfir, að póstburðargjöld og þó einkum símagjöld séu of há. Um slíkt má alltaf deila, en eftirfarandi samanburður á hækkun nokkurra póst- og símagjalda og þrenns konar vísitalna frá 1. jan. 1962 þar til nú, sýnir, að gjaldskrár pósts og síma hafi almennt ekki hækkað jafn ört og þær, sem samanburðurinn nær til.

Samanburður þessi, sem gerður er af fjármáladeild pósts og síma fer hér á eftir.

Samanburður á helstu póst- og símagjöldum og vísitölum árin 1962 til 1976.

VÍSITALA PÓSTBURÐARGJALDA
01.01. 1962 = 100

	01.01. 1962	01.01. 1963	01.10. 1963	01.01. 1968	01.11. 1970	01.05. 1972	01.07. 1973	01.04. 1974	01.01. 1975	01.10. 1975	01.05. 1976
Almenn bréf ... 0—20 g	100,0	114,3	128,6	142,9	200,0	257,1	371,4	485,7	657,1	771,4	1 000,0

VÍSITALA SÍMAGJALDA
01.01. 1962 = 100

	01.01. 1962	01.01. 1963	01.10. 1963	01.01. 1966	01.01. 1969	01.11. 1970	01.04. 1972	01.06. 1973	01.04. 1974	01.01. 1975	01.09. 1975	01.04. 1976
Stofngjald	100,0	107,0	117,0	167,0	200,4	250,0	268,0	283,0	333,0	453,3	526,7	666,7
Afnotagjald ...	100,0	107,0	128,0	150,0	173,0	200,0	220,0	256,0	300,0	408,0	470,0	580,0
Skrefgjald	100,0	113,0	138,0	163,0	200,6	238,0	263,0	387,5	487,0	662,5	762,5	937,5

ALMENNAR VÍSITÖLUR
01.01. 1962 = 100

Ársbyrjun:	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Vísitala tímakaups	100,0	109,1	141,6	150,1	182,2	202,6	209,8	233,7	274,5	374,0	409,7	511,4	691,5	972,0	1 271,7
Vísitala vöru og þjónustu ...	100,0	111,9	125,8	150,5	161,6	182,4	188,4	218,8	271,6	310,4	333,1	381,2	475,4	675,8	986,9
Vísitala byggingarkostn.	100,0	107,1	117,3	131,0	158,9	177,4	–	205,3	254,7	312,0	323,2	410,1	543,4	866,0	1 182,0

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði 6. gr. l. nr. 8/1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og er því bæði ætlað að tryggja stöðu þeirra starfsmanna, sem nú gegna störfum hjá stofnuninni og um leið að undirstrika, að svo ber að líta á, að eldri skipunar- og ráðningarbréf haldi gildi sínu, þótt stofnunin breyti um nafn Síðari málsliður er einnig efnislega í samræmi við téða 6. gr. l. nr. 8/1935 og verður nú sem þá að teljast eðlilegur.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Varðandi l. nr. 11/1929, sem lagt er til að felld verði úr gildi, skal tekið fram, að þau lög hafa fyrir löngu misst gildi sitt, þar er öll einkasímafélög, sem stofnuð voru samkvæmt nefndum lögum, hafa fyrir löngu verið lögð niður að frumkvæði hlutaðeigandi aðila, og hafa símarnir verið innlimaðir í hið almenna símakerfi landsins.“

Hér endar greinargerð nefndarinnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ljóst er, að frumvarp þetta fjallar um veigamikið mál, enda er póstur og sími stærsta stofnun ríkisins. Málið hefur fengið langan og ýtarlegan undirbúning og frv. þetta er byggt á 40 ára reynslu stofnunarinnar sem og á tillögum norskra hagræðingarfræðinga, sem unnið hafa að sams konar málum hjá hliðstæðum stofnunum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Það er því von samgönguráðuneytisins, að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi Alþingi.

Samning fjögurra ára framkvæmdaáætlunar er þó meira verk en svo, að unnt sé að ljúka því fyrir lok maímánaðar þ. á., nema að undangengnum margvíslegum athugunum.

Póst- og símamálastjóri hefur hins vegar talið unnt, að stofnunin gæti haft áætlun fyrir árin 1978 og 1979 tilbúna fyrir lok maí þ. á. Samkv. 9. gr. frv. er gert ráð fyrir að áætlunin sé endurskoðuð árlega, enda er slíkt jafnan nauðsynlegt vegna verðsveiflna á erlendu efni. Myndi þá tillögum um nýja áætlun skilað samgönguráðuneytinu fyrir lok maí 1978, til fjögurra ára, endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1979 og nýrri áætlun fyrir 1980, 1981 og 1982. Árleg endurskoðun og eins árs viðbót myndi síðan fylgja, þannig að alltaf væri fyrir hendi a. m. k. þriggja ára áætlun, auk fjórða ársins þar sem endurskoðun áætlunar stæði fyrir dyrum.

Með þessu fyrirkomulagi er ætlað að koma í veg fyrir þann vanda, sem skapaðist fyrstu ár vegáætlunarkerfisins, sem tók gildi 1964, en var síðan breytt með l. nr. 98/1970, þannig að þegar vegáætlun hefur gilt í tvö ár, er samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár, svo að ávallt er fyrir hendi vegáætlun fyrir a.m. k. tvö ár.

Svipuð hugmynd liggur að baki áætlana þeirra, sem fjallað er um í frv. þessu.

Sþ. 325. Fyrirspurnir. [166. mál]

I. Til forsætisráðherra um flutning ríkisstofnana.

Frá Helga F. Seljan.

1) Er ætlunin að leggja fram á þessu þingi frumvarp um flutningsráð ríkisstofnana?
2) Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst eða ákveðið varðandi álit stofnananefndar, sem fram kom í árslok 1975?

II. Til félagsmálaráðherra um atvinnumál aldraðra.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 14. maí 1975 um atvinnumál aldraðra?

III. Til sjávarútvegsráðherra um framkvæmdir við Síldarverksmiðjur ríkisins í Siglufirði og á Skagaströnd.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni og Pálma Jónssyni.

1) Hvað miðar framkvæmdum við endurnýjun Síldarverksmiðja ríkisins í Siglufirði og hve viðtækar verða þær? Er hugmyndin að taka SRN eða SR-30 í notkun?
2) Eru uppi áform um endurnýjun verksmiðju Síldarverksmiðja ríkisins á Skagaströnd?

Ed. 326. Frumvarp til laga [51. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. febr.)

Samhljóða þskj. 52 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, sem hann hefur leyfi fyrir.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.

6. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum í 2. málsgr. 15. gr. þessara laga.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda tilnefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast framleiðsluna.

Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal, hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

10. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja skilyrðum 2. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 2. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þeir hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

11. gr. hljóðar svo:

Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.

20. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

22. gr. hljóðar svo:

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.

Sþ. 327. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Flm.: Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að láta athuga nú þegar með hvaða hætti best verði tryggðar sem öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.
3. Lýsingu vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugunum þessum skal hraðað svo sem frekast er kostur með það fyrir augum að niðurstöður geti legið fyrir hið allra fyrsta og í síðasta lagi haustið 1977.

Greinargerð.

Ekki verður annað sagt en þróun flugmála hér á landi þau 40 ár, sem liðin eru síðan hún hófst, hafi verið hröð. Fjöldi flugvalla í landinu er talinn vera um eitt hundrað. Margir þeirra eru að vísu vart annað en nafnið tómt og tækja- og öryggisbúnaður í öllum tilfellum vægast sagt af skornum skammti. Aðeins átta þessara flugvalla hafa það fullkomna lýsingu, að lending í myrkri sé möguleg. Enginn slíkur flugvöllur er til á Vestfjörðum þrátt fyrir þá staðreynd, sem enginn mælir á móti, að Vestfirðir eru sá landshluti, sem hvað verst er settur hvað varðar samgöngur á vetrum.

Á veturna eru Vestfirðir svo vikum skiptir einangraðir frá öllum samgöngum við aðra landshluta. Það verður því að teljast mjög svo brýnt að gera allt sem hægt er til að bæta alla þá aðstöðu, sem gerir mögulegt að tryggja vestfirðingum greiðfærari og tryggari samgöngur en nú er. Einn þessara samgönguþátta og ekki sá minnsti er flugið. Flugsamgöngur við Vestfirði eru oft á tíðum mjög stopular og kemur þar margt til. Að því er varðar flug til Ísafjarðar, þá eru aðstæður til aðflugs á Ísafjarðarflugvelli mjög svo erfiðar vegna þrengsla, engrar lýsingar og einnig vegna óhagstæðrar vindáttar, sem í meinleysisveðri getur hamlað flugi dögum saman. Vart mun þess að vænta, að lausn finnist varðandi þessi óhagstæðu skilyrði að því er varðar vindátt við Ísafjarðarflugvöll.

Það er því brýnt, að athugað verði hvort ekki sé hægt að snúast gegn þessu vandamáli með stækkun og endurbótum á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík og nota þær í þeim tilvikum sem ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. Enginn vafi er á því, að slík lausn mundi mjög treysta og bæta flugsamgöngur við norðanverða Vestfirði.

Varðandi lýsingu á Ísafjarðarflugvelli og aðflugi að honum, þá hefur verið haldið fram, að framkvæmdir í þeim efnum væru svo kostnaðarsamar, að litlar sem engar líkur væru á að í slíkar framkvæmdir yrði ráðist. Fullyrðingar um það hafa þó ekki, að því er best er vitað, við nein rök að styðjast þar sem engar athuganir í ljósi nútímatækni hafa farið fram. Þó mun hafa komið fram hugmynd um flóðlýsingu á þessu svæði, sem gegndi öllu í senn: lýsingu til aðflugs að vellinum, lýsingu Ísafjarðarflugvallar og lýsingu Ísafjarðarkaupstaðar.

Að því er varðar suðurhluta Vestfjarða, þá er Patreksfjarðarflugvöllur miðdepill í flugsamgöngum með stærri flugvélum. Engin lýsing er á þeim flugvelli, en brýn nauðsyn að henni verði komið upp og öryggi og aðbúnaður þar að öðru leyti bætt.

Eins og áður er að vikið, eru Vestfirðir sá landshluti sem í öllum skilningi er verst settur að því er varðar samgöngur, a. m. k. að vetri til.

Þessi þingsályktunartillaga er aðeins um einn þátt samgöngumála, þ. e. flugið. Tillagan er flutt vegna þeirrar skoðunar flutningsmanns, að vegna þessarar sérstöðu Vestfjarða varðandi mjög svo ófullnægjandi samgöngur sé til þess sérstök ástæða að taka þann landshluta út úr hinni almennu könnun úrbóta í flugmálum og hraða þessari athugun að því er Vestfirði varðar eins og frekast er kostur, svo hægt sé að hefjast handa um úrbætur.

Það er skoðun flutningsmanns, að athugun þessari eigi að geta verið lokið á hausti komanda og þannig hægt að taka tillit til framkvæmda við gerð fjárlaga fyrir árið 1978. Einnig ætti að vera augljóst öllum, að miðað við þær aðstæður, sem vestfirðingar nú búa við varðandi flugsamgöngur, ættu framkvæmdir til úrbóta í flugmálum á Vestfjörðum að njóta forgangs.

Ed. 328. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ásgeir Bjarnason og Albert Guðmundsson.

Alþingi, 22. febr. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Helgi F. Seljan.
Eggert G. Þorsteinsson. Steinþór Gestsson.

Ed. 329. Breytingartillaga [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar, né heldur þá, sem vistaðir eru á elli- eða hjúkrunarheimilum, né langlegusjúklinga á öðrum sjúkrastofnunum eða í heimahúsum.

Hjá þeim öðrum, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

a. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
b. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 000 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.

c. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum a- og b-liða, skulu að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.
Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

Nd. 330. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Lögin um dvalarheimili aldraðra, sem sett voru 1973, gerðu ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi þriðjung af kostnaði við byggingu slíkra stofnana, tækja þeirra og búnaðar.

Árið 1975 var þetta ákvæði numið úr lögum að frumkvæði núverandi stjórnvalda undir yfirskini verkefnaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, og með því ákveðið að sveitarfélögin ein bæru kostnað þennan að fullu.

Þessi breyting, sem er mjög svo óréttlát, hefur valdið sveitarfélögunum margvíslegum erfiðleikum og geysilegu misrétti milli sveitarfélaga.

Dvalarheimili fyrir aldraða eru stofnanir sem nauðsynlegt er að koma á fót sem víðast á landinu. Það er hins vegar ljóst, að fjöldinn allur af sveitarfélögum víðs vegar um landið hefur ekki bolmagn til að fjármagna slíkar framkvæmdir að öllu leyti, og hlýtur því að teljast eðlilegt að ríkisaðstoð komi hér til, eins og lögin frá 1973 gerðu ráð fyrir.

Það er því skoðun minni hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar, að allt mæli með því að breyta lögunum í hið fyrra horf, og leggur hann því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. febr. 1977.

Karvel Pálmason, Sigurður Magnússon.
frsm.

Nd. 331. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög.

Flm.: Sigurður Magnússon, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

1. töluliður 3. gr. laganna orðist svo:
Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag, sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og má þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist:
Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.

3. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi ný grein, 27. gr., er orðist svo (og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það):

Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.

4. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag", „samvinnufélag", „pöntunarfélag", „framleiðslusamvinnufélag" eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samvinnuhreyfingin á Íslandi er öflug, áhrif hennar á atvinnu- og efnahagslíf í landinu mikil, og hefur svo verið lengi. Uppbygging hennar og það eðli, að safna kröftum með átaki fjöldans, hefur reynst alþýðufólki haldbesta ráðið, auk skipulagðrar verkalýðsbaráttu, til að öðlast áhrif á uppbyggingu og þróun atvinnuvega landsins, — fyrr á tímum til að hrekja af höndum sér erlent einokunarvald og síðar til að draga úr valdi innlendrar eiginhagsmunastéttar.

Algengustu samvinnufélögin eru samvinnufélög bænda og neytenda, kaupfélögin úti á landsbyggðinni, sem er einkum ætlað það hlutverk að annast dreifingu og sölu á afurðum bænda og innkaup á vörum til framleiðslu þeirra, ásamt annarri verslunarstarfsemi. Þessi samvinnufélög hafa einnig víða komið á fót iðnaði til vinnslu úr hráefnum landbúnaðarins, ullar- og skinnaverksmiðjum, mjólkurvinnslu og fleira þess háttar. Auk þeirra eru fjölmenn og sterk samvinnufélög neytenda í bæjum, svo sem pöntunarfélög og verslunarsamvinnufélög, eins og Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sem hafa að markmiði að útvega félagsmönnum ódýrar vörur til almennrar neyslu.

Sjaldgæft er hins vegar að stofnuð hafi verið sérstök samvinnufélög til þjónustu og framleiðslu í tiltekinni starfsgrein eða iðngrein, þótt ætla megi að samvinnufélagsformið henti þar ekki síður. Þó hefur á síðustu árum komið fram vaxandi áhugi á slíku samvinnuformi meðal tiltekinna starfshópa, — áhugi sem einkum er sprottinn af þeirri umræðu um atvinnulýðræði, sem verið hefur innan verkalýðshreyfingarinnar hin síðari ár.

Þannig hefur skotið upp kollinum ný tegund samvinnufélaga, sem nefnd hafa verið framleiðslusamvinnufélög, vegna þess að í þeim binst verkafólk samtökum um vinnu sína til framleiðslu og þjónustu. Félög þessi sameina fjármagn og vinnu og standa því nær því en nokkur önnur félög innan samvinnuhreyfingarinnar að geta framkvæmt fullkomið atvinnulýðræði. Hafa nú á nokkrum árum t. d. orðið til tvö framleiðslusamvinnufélög rafiðnaðarmanna, sem þegar eru orðin öflugustu rafverktakafélög í landinu, með hátt á annað hundrað rafiðnaðarmenn sem félagsmenn. Innan fleiri starfsgreina hafa slík framleiðslusamvinnufélög verið stofnuð, og annars staðar er mikill áhugi á slíkri félagsstofnun meðal verkafólks.

Hins vegar má ætla að samvinnulögin, sem nú eru orðin áratugagömul, séu nokkur þrándur í götu þessarar þróunar, þar sem þau gera ekki ráð fyrir slíkum félögum. Í núverandi samvinnulögum er það gert að skilyrði, að samvinnufélög

séu öllum opin, en vegna þessa hafa þau framleiðslusamvinnufélög, er stofnuð hafa verið, orðið að hafa með sér deildaskiptingu, þ. e. a. s. eina almenna deild, sem er öllum opin, og síðan sérdeild eða fagdeild, sem annast atvinnustarfsemi félagsins. Þetta fyrirkomulag er óhentugt og þungt í vöfum, enda í eðli sínu ekki samrýmanlegt markmiðum slíkra framleiðslusamvinnufélaga.

Með lagabreytingu þessari er gert ráð fyrir að þetta skilyrði samvinnulaganna eigi ekki við um framleiðslusamvinnufélög og löggjafinn auðveldi með þeim hætti verkafólki í tilteknum starfsgreinum að stofna samvinnufélag um vinnu sína og hvetji til þeirrar þróunar sem þegar er hafin.

Í frumvarpinu er einnig vikið að samskiptum framleiðslusamvinnufélaga við verkalýðshreyfingu, en það þótti rétt þar sem engin ákvæði eru í núverandi vinnumálalöggjöf um atvinnurekstur af þessu tagi. Eðlis síns vegna hljóta framleiðslusamvinnufélög að skipa sér í sveit með verkalýðshreyfingunni, þar sem það er markmið beggja að auka hagsæld félaga sinna með aukinni hlutdeild í arði vinnunnar og áhrifum á vinnustað sinn, vinnutilhögun og umhverfi. Enda er reyndin sú í þeim framleiðslusamvinnufélögum, er stofnuð hafa verið, að félagsmenn þeirra og starfsmenn eru einnig meðlimir viðkomandi verkalýðsfélaga og félögin utan allra samtaka atvinnurekenda. Álit verkalýðshreyfingarinnar liggur einnig fyrir um þetta, en hún hefur talið að félög af þessu tagi eigi að vera utan við samtök atvinnurekenda. Í frumvarpinu er því kveðið á um náið samráð þessara aðila í kaupgjaldsmálum, en þarft væri síðar að skilgreina frekar samskiptareglur þessara aðila í vinnumálalöggjöf, eftir að frekari reynsla hefur fengist af starfsemi framleiðslusamvinnufélaga.

Um leið og lagt er til, að samvinnulögunum verði breytt til aðlögunar að hinu nýja samvinnufélagsformi, framleiðslusamvinnunni, er lögð til nokkur breyting á 20. gr. samvinnulaganna til að tryggja rétt starfsmanna samvinnufélaga til kjörgengis í trúnaðarstöður, svo sem félagsstjórn. Í eldri lögum er reyndar ekkert sem meinar starfsmönnum samvinnufélaga kjörgengi, en í samþykktum nokkurra samvinnufélaga eru ákvæði þessa efnis. Rétt er að ógilda þær samþykktir og koma þannig til móts við háværar kröfur samtaka samvinnustarfsmanna um aukinn rétt samvinnustarfsmanna á stjórn samvinnufélaga. Þegar hafa ýmis samvinnufélög fellt slíkar samþykktir brott úr lögum sínum, svo sem Kaupfélag Árnesinga, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, Kaupfélag Vestmannaeyja, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, svo einhver séu nefnd. Ljóst er því, að þróunin er í þessa átt, með vaxandi umræðum samvinnustarfsmanna um aukið lýðræði og áhrif manna á daglega stjórnun og rekstur samvinnufélaganna. Og þótt þessi breyting nú tryggi á engan hátt fullkomið starfsmannalýðræði innan samvinnufélaga, er hún eðlilegt skref í þá átt, og ætla má að hún muni frekar hvetja til þróunar í átt til atvinnulýðræðis.

Ed. 332. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Flm.: Stefán Jónsson, Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson, Ingi Tryggvason.

1. gr.

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er ökumanni og farþega bifhjóls að nota hlífðarhjálm við akstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfuðmeiðsli, er leiða til örkumla eða bana, eru uggvænlega tíð í bifhjólaslysum. Löggæslumenn og læknar eru samdóma um að bifhjólamönnum sé mikil vörn í hlífðarhjálmum — og nefna þess dæmi. Notkun hjálma þessara hefur færst í vöxt síðari árin, en æskilegt er talið að kveðið verði á um hana í lögum.

Sþ. 333. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um staðarval til stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á heppilegasta staðarvali til stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa orðið allmiklar umræður um hugsanlegar stóriðjuframkvæmdir umfram þær, sem þegar hafa verið ákveðnar. Hafa þær einkum beinst að byggingu annarrar álverksmiðju með hliðsjón af umræðum, sem fram hafa farið við norska fyrirtækið Norsk Hydro. Var í fyrstunni einkum rætt um tvo staði á Norðurlandi austanverðu, Eyjafjörð og Húsavík, en síðar hefur verið rætt um ýmsa staði á Suður- og Suðvesturlandi.

Flutningsmenn telja fráleitt að velja fleiri stóriðjufyrirtækjum stað á Suðvesturlandi. Ef að ráði yrði að reisa enn eitt slíkt stórfyrirtæki, ætti staðarvalið að vera norðanlands eða austan. En yrðu þau tvö, ætti sitt að vera í hvorum landshlutanum. Þarf varla að rökstyðja þessi sjónarmið.

Ljóst er, að tillaga þessi hnígur ekki að því að tekin sé ákvörðun um frekari stóriðjuframkvæmdir. Hins vegar er eðlilegt að hafa handbæra athugun á hugsanlegum stöðum fyrir slíkt fyrirtæki í þeim landshlutum, sem til greina koma, en bæði á Norðurlandi og Austurlandi eru fjölmargir staðir, sem til álita koma, hvort sem af framkvæmdum yrði fyrr eða síðar.

Vart mun hvarfla að nokkrum manni, að enn ein stórvirkjun verði byggð á eldvirknisvæði, eftir að framkvæmdum lýkur við Hrauneyjafoss, sem raunar hefði verið eðlilegra að skjóta aftur fyrir stórvirkjanir á Norðurlandi og Austurlandi, ef rannsóknum og undirbúningi þar hefði miðað lengra.

Við athugun þá, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, yrði að sjálfsögðu haft fullt samráð við stjórnvöld í hverju héraði, og ekki er hugmynd flutningsmanna, að á málum verði haldið á neinn þann veg, sem gengi á snið við vilja heimamanna.

Sþ. 334. Fyrirspurnir. [171. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um tengingu byggðalínu við orkuveitukerfi Skagafjarðar.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvenær tengist orkuveitukerfi Skagafjarðar við byggðalínu milli Akureyrar og Reykjavíkur með byggingu spennistöðvar við Varmahlíð?

II. Til heilbrigðisráðherra um rannsóknir á mengun í álverinu í Straumsvík.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hefur farið fram rannsókn á mengun innan veggja álversins í Straumsvík eða öðrum atriðum, sem kunna að vera hættuleg heilsu starfsmanna?
2. Hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins látið í ljós álit sitt á starfsumhverfi innan veggja álversins og heilsugæslu þar?

III. Til sjávarútvegsráðherra um útflutningsgjald af grásleppuhrognum.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hversu hárri upphæð nam útflutningsgjald af grásleppuhrognum árið 1976?
2. Hvernig var þessari upphæð ráðstafað og hvaða aðilar nutu þess fjármagns er inn kom í þessu útflutningsgjaldi af grásleppuhrognum?
3. Hvað var mikið verðmæti unnið hér á landi árið 1976 úr söltuðum grásleppuhrognum, og hvert voru þessar afurðir seldar?

Ed. 335. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Við 40. gr. laganna bætist 5. málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ítrustu varúð við akstur frá biðstöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið umræður um það víða um lönd hvort veita beri almenningsvögnum forgang við akstur af biðstöðvum út í umferð. Þannig var þetta mál rætt á ráðstefnu, sem haldin var á vegum Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg í október 1968. Í ályktun ráðstefnunnar er mælt með því við aðildarlöndin, að þau taki upp í löggjöf sína ákvæði um þetta efni. Á ráðherrafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var í Genf á árinu 1971, var þetta mál einnig rætt og afgreitt á svipaðan hátt og á Vínarráðstefnunni. Norræna umferðalaganefndin, sem vinnur að samræmingu á umferðarlögum, hefur gert tillögu um forgang almenningsvagna í samræmi við samþykkt áður nefnds Vínarfundar.

Framangreindar samþykktir leiddu til þess, að ákvæði um forgang almenningsvagna frá biðstöðvum hafa verið lögleidd í ýmsum löndum. Á Norðurlöndum hafa þannig Svíþjóð, Danmörk og Noregur lögtekið ákvæði um þetta efni. Um Finnland er ekki vitað.

Hér á landi hafa þessi mál verið til umræðu hin síðari ár, m. a. á nokkrum fundum stjórnar SVR og umferðarnefndar Reykjavíkur. Hefur þar komið fram það álit Strætisvagna Reykjavíkur, að forgangur til handa almenningsvögnum muni flýta

fyrir ferðum vagnanna og auðvelda þeim þannig að standast tímaáætlun. Er það álit ekki vefengt, enda þótt vitað sé, að margir ökumenn láti almenningsvögnum í té forgang þegar ekið er frá biðstöð, án þess að um lagaskyldu sé að ræða.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 21. júní 1973 var þetta mál á dagskrá, og á þeim fundi samþykkti borgarstjórn svo hljóðandi tillögu:

„Borgarstjórn felur umferðarnefnd og borgarráði að beita sér fyrir þeirri breytingu á umferðarlögum, að almenningsvögnum verði veittur forgangur við akstur af viðkomustöðum þeirra út í umferð."

Umferðarnefnd mælir með því, að sú breyting, sem hér um ræðir, verði gerð á umferðarlögunum.

Ed. 336. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Eins og fram kemur í greinargerð þess er hér um að ræða mjög gamalt skip sem ekki er heimilt að flytja til landsins nema með sérstöku leyfi ráðherra. En samkv. 27. gr. laga nr. 52 1970 getur ráðherra veitt það, ef um er að ræða skip, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi. Meðmæli siglingamálastjóra þarf þó til slíks leyfis.

Í bréfi siglingamálastjóra til samgönguráðuneytisins um málið kemur fram, að hann telur réttara, vegna þess fordæmis, sem innflutningur þessa skips gæti valdið, að Alþingi taki ákvörðun um heimild til kaupa á því, eins og lagt er til í þessu frv.

Vegna þess sérstaka verkefnis, sem þessum pramma er ætlað, telur nefndin rétt að veita slíkt leyfi og mælir því með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón Árnason, Jón G. Sólnes og Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 23. febr. 1977.

Jón Helgason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
	Stefán Jónsson.	

Ed. 337. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 23. febr. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form.	Jón Helgason, fundaskr., frsm.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.	Albert Guðmundsson.	

Ed. 338. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við b-lið 1. gr. komi tveir nýir liðir, sem orðist svo:
   c) Til að styrkja þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. a-lið.
   d) Til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi, sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist þann tíma, sem skóli starfar, vera sambærilegur við það sem veitt er á hvern einstakling skv. a-lið.
2. Við 2. gr. Í stað „a-lið 1. gr.“ komi: a-, c- og d-liðum 1. gr.

Sþ. 339. Nefndarálit [34. mál]

um till. til þál. um öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa helstu starfsstétta á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar um tillöguna hjá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þjóðhagsstofnun.

Launþegasamtökin mæla öll eindregið með samþykkt tillögunnar. Það gerir Vinnuveitendasambandið einnig, en vekur athygli á, að „nauðsynlegt er að bera saman lengd raunverulegs dagvinnutíma á Norðurlöndum, yfirborganir og álagsgreiðslur hinna ýmsu starfshópa, umfang hvetjandi launakerfa af ýmsu tagi og kaupgreiðslur samkvæmt þeim, verðlag á vörum og þjónustu, skattgreiðslur og félagslega fyrirgreiðslu, svo sem í formi byggingar verkamannabústaða o. fl.“

Vinnuveitendasambandið telur að athugun þessara atriða sé forsenda þess að tillagan nái tilætluðum árangri.

Þjóðhagsstofnun sendi eftirfarandi umsögn:

„Þjóðhagsstofnun hefur fengið til umsagnar frá yður tillögu til þingsályktunar um öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa helstu starfsstétta á Íslandi og öðrum Norðurlöndum (1976—77 (98. löggjafarþing) — 34. mál). Af þessu tilefni vill stofnunin taka fram, að á hennar vegum er unnið að öflun upplýsinga um það efni, sem í þingsályktunartillögunni greinir. Verkefnið er reyndar tvíþætt. Fyrri þátturinn snýr að tölum um þjóðartekjur á mann og hlutdeild launa og einkaneyslu í þeim á Norðurlöndum. Um þetta efni er til allmikið efni, sem þegar hefur verið samræmt af alþjóðastofnunum, eftir því sem kostur er, þótt ætíð sé örðugt að bera tölur af þessu tagi saman milli landa. Síðari þátturinn, sem snýr að samanburði kaupgjalds helstu starfsstétta milli landa og kaupmáttar þess, er mun torveldari í framkvæmd vegna þess hve upplýsingar um launakjör eru sundurleitar í löndum þeim, sem samanburðinum er ætlað að ná til, þar sem launakerfi, vinnutími og vinnutilhögun eru afar breytileg frá landi til lands, auk annarra vandkvæða á samanburði af þessu tagi, sem stafar af mismunandi verðhlutföllum og skattakerfum. Af þessum ástæðum er sýnt að athugun á þessum síðari þætti hlýtur að taka alllangan tíma og verður unnið að henni í samráði við Kjararannsóknarnefnd og samtök launþega og vinnuveitenda.“

Allsherjarnefnd er samþykk efni framkominnar þingsályktunartillögu, en vísar til ábendinga Vinnuveitendasambandsins og Þjóðhagsstofnunar og með hliðsjón af

því, að að þessum verkefnum er unnið, leggur nefndin til að tillögunni sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Er mælst til þess, að ríkisstjórnin leggi áherslu á að öflun upplýsinga verði hraðað svo sem kostur er og að þær verði birtar við fyrsta tækifæri.

Alþingi, 23. febr. 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.	Jónas Árnason.
	Magnús T. Ólafsson.	

Nd. 340. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við orðin „vinnuafl til verksins“ bætist: vatn.
2. Við **2. gr.**
   a. Í stað orðanna „31. mars“ komi: 1. mars.
   b. Í stað orðanna „fé er komið á hús“ komi: fé er yfirleitt komið á hús.
3. Við **3. gr.**
   a. Aftan við orðin „reglum um böðun“ í 1. mgr. bætist: og óþrifa þá ekki orðið vart.
   b. Í stað orðanna „3 ár“ í sömu mgr. komi: 4 ár.
   c. Upphaf 2. mgr. orðist svo: Verði vart kláða eða annarra óþrifa í fé á svæði.
4. Við 4. gr. Upphaf fyrri mgr. orðist svo: Fjáreigendum og öðrum, er starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár, er skylt.
5. Við **5. gr.**
   a. Á eftir 2. málsl. síðari mgr. bætist nýr málsliður svo hljóðandi: Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf.
   b. Aftan við síðari mgr. bætist: og birt í Lögbirtingablaðinu.
6. Við 6. gr. Fyrri málsl. síðari mgr. orðist svo: Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.
7. Við 7. gr. Á eftir fyrri málsl. síðari mgr. bætist: Baðstjóra skal vegna skyldustarfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum fjáreiganda til eftirlits. Skylt er fjáreiganda eða umráðamanni að framvísa öllu því fé, sem hann hefur undir höndum, til böðunar þegar baðstjóri óskar eftir því.
8. Við 11. gr. Fyrri málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.
9. Á eftir 11. gr. komi ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Böðun samkvæmt 2. gr. laga þessara skal fram fara fyrsta sinn veturinn 1978—1979.

Alþingi, 24. febr. 1977.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.	Pálmi Jónsson.	Benedikt Gröndal.
	Eðvarð Sigurðsson.	

Sþ. **341. Tillaga til þingsályktunar** [173. mál]

um orkusparnað.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á orkubúskap íslendinga og að hefja markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni, þar sem þess er kostur.

Greinargerð.

Miklar umræður um orkumál hafa farið fram hér á landi á síðustu missirum. Almenningi er nú að verða ljóst, að íslendingar eru um lífskjör sín mjög háðir orku, bæði aðkeyptri og innlendri, og að þjóðinni er nauðsyn á því að gera heildarúttekt á orkubúskap sínum. Niðurstaða slíkrar úttektar gæti svo orðið grundvöllur að aðgerðum til að tryggja stöðu þjóðarinnar í þeirri orkukreppu, sem nú veldur jarðarbúum örðugleikum.

Mikið er rætt um hér á Íslandi að nýta jarðvarma og raforku unna með innlendum orkugjöfum í stað innflutts eldsneytis. Á s. l. ári var flutt inn eldsneyti að verðmæti yfir 10 milljarða króna og er það einn veigamesti þátturinn í óhagstæðum greiðslujöfnuði þjóðarbúsins út á við. Enn eru fram undan miklar hækkanir á olíu, enda fyrirsjáanlegt að hún muni ganga til þurrðar á næstu áratugum. Þótt kolabirgðir jarðar endist mannkyni í nokkrar aldir, þá erum við illa búnir nú til þess að taka þann orkugjafa aftur í notkun í stað olíunnar.

En þótt varmi og raforka séu unnin með innlendum orkugjöfum, þá er ekki þar með sagt að gjaldeyrisútgjöldum linni að sama skapi. Orkuverin og dreifingarkerfin eru gerð úr innfluttu efni og öll fjárfesting á þessu sviði er að miklu leyti gerð fyrir erlent lánsfé og notkun þess fylgir hár erlendur kostnaður.

Þjóðir heims leggja nú sívaxandi áherslu á orkusparnað sem eina af þeim leiðum, sem fara verður til þess að mæta áhrifum orkukreppunnar. Hafa margvíslegar aðgerðir til orkusparnaðar fengið forgangsröð hjá ríkisstjórnum Vesturlanda.

Hér á landi er ekki síður ástæða til þess að hefja samræmdar aðgerðir til orkusparnaðar. Með því að skera niður orkunotkun sína getur þjóðin bæði minnkað innflutning á eldsneyti og eins dregið úr þörf fyrir stöðugt nýjar virkjanir og stækkun orkuflutningskerfa. Stjórnvöld eiga og verða að hafa virka forustu um aðgerðir til orkusparnaðar, en af einstökum aðgerðum mætti nefna:

1. **Auknar kröfur til orkunýtingar við húshitun og heimilishald.**

Gera mætti auknar kröfur um einangrun húsa, gluggastærðir, sjálfvirk stjórntæki og aðra þá þætti, sem minnkað geta orkuþörf við húshitun og loftræstingu húsnæðis. Talið er líklegt að fram til næstu aldamóta verði byggt jafnmikið húsnæði og nú er fyrir í landinu, þannig að mikilvægt er að byggingarlöggjöf verði nú breytt á þann hátt, að hús verði framvegis byggð með það í huga, að orkuþörf til hitunar þeirra verði sem minnst.

Þá er nauðsynlegt að þegar í stað verði hafist handa um tilraunir með notkun varmadælu til húshitunar, en slíkar vélar geta unnið allt að 60 stiga varma úr lágum umhverfisvarma og sparað raforku til hitunar um ⅔.

Með auknum kröfum um orkunýtingu heimilistækja og upplýsingastarfsemi til almennings mætti minnka orkunotkun heimilanna um allt að 25% án þess að það þyrfti að rýra vellíðan manna á nokkurn hátt.

2. Orkunýting í atvinnurekstri.

Víða er hægt að ná verulegum orkusparnaði í iðnaði og öðrum atvinnurekstri, ef menn á annað borð einbeita sér að því viðfangsefni. Þar má nefna atriði eins og bætta nýtingu tækja og nýtingu varma, sem myndast við margs konar vélanotkun. Nú eru komin á markað einföld tæki, sem geta unnið varma t. d. úr útblásturslofti loftræstingar og nýtt hann aftur við upphitun húsnæðis. Þá kröfu verður að gera til atvinnufyrirtækja, að þau semji áætlanir um aðgerðir til orkusparnaðar, og mætti veita þeim hvatningu til nauðsynlegra fjárfestinga á því sviði með sérstökum ívilnunum í skattgreiðslum.

3. Samgöngur.

Samgöngur eru mjög orkufrekur þáttur í þjóðarbúskap íslendinga, og sú orka, sem til þeirra er notuð, er innflutt eldsneyti. Á þessu sviði mætti draga stórlega úr orkuþörf með aukinni notkun almenningsbifreiða í stað einkabifreiða og með því að setja strangar kröfur um eldneytisnýtingu nýrra bifreiða.

Þá er rétt að gera samanburðarathuganir á orkuþörf við vöruflutninga með bifreiðum annars vegar og með skipum hins vegar, og einnig væri rétt að hefja undirbúning að gerð samgöngukerfis með rafknúnum vögnum í þéttbýli.

Notkun einkabíla þykir nú svo sjálfsögð með þjóðinni, að talsverða hugarfarsbreytingu þarf til að fá menn til að draga úr henni og til þess að nota almenningsbifreiðar meira að sama skapi. Hér þarf öfluga áróðursherferð til og bætt rekstrarskilyrði sérleyfishafa og strætisvagna, t. d. tollfríðindi við innflutning viðeigandi bifreiða. Aukinn farþegafjöldi mundi líka bæta afkomu fyrirtækjanna.

Opinberar stofnanir gætu gengið á undan með góðu fordæmi og beitt sér fyrir aukinni notkun starfsmanna sinna á strætisvögnum og öðrum slíkum bifreiðum.

Hér hefur lauslega verið minnst á þrjú atriði, en ótal fleiri mætti nefna, svo sem beitingu gjaldskrárákvæða til að örva orkusparnað, ný þvottaefni, sem gera notkun á heitu vatni til þvotta óþarfa, og endurvinnslu dýrmætra efna og orku úr úrgangi. Hér er ekki ætlunin að gefa tæmandi lista yfir þá fjölmörgu möguleika, sem við eigum til orkusparnaðar, en það léttir alla viðleitni til þeirra hluta, að hér er um alþjóðlegt viðfangsefni að ræða og góðar lausnir geta víða átt við.

Það ætti að vera eitt af meginverkefnum Orkustofnunar að fylgjast með orkubúskap íslendinga og að gera tillögur um aðgerðir til þess að gera hann hagkvæmari. Það ætti svo fyrst og fremst að vera hlutverk iðnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðherra að koma þeim tillögum í framkvæmd og hafa forgöngu um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera.

Nd. 342. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um opinberar fjársafnanir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heim-

ilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. málsl. 6. gr. skal og birta með sama hætti.

Alþingi, 24. febr. 1977.

Ellert B. Schram, form.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Friðjón Þórðarson.
	Páll Pétursson.	

Nd. 343. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Garðari Sigurðssyni.

Við 64. gr. 6. tölulið. Í stað „Fiskimannaafslátt er nema skal 3% af beinum tekjum af fiskveiðum“ komi: Fiskimannaafslátt er nema skal 4% af beinum tekjum af fiskveiðum.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um atvinnumál öryrkja.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta útbúa og leggja fram á Alþingi fyrir árslok frumvarp til laga um atvinnumál öryrkja. Skal frumvarpið miða að því, að öllum með skerta starfsgetu sé tryggður réttur til vinnu við sitt hæfi, annaðhvort á sérstökum vinnustöðum á vegum ríkis og sveitarfélaga eða með því að opna þeim aðgang að hinum almenna vinnumarkaði með sérstökum ráðstöfunum.

Greinargerð.

Félagsleg samhjálp og félagsleg löggjöf af ýmsu tagi hefur rutt sér æ meira til rúms á undanförnum áratugum með flestum siðmenntuðum þjóðum. Tilgangur þessa er að leitast við að jafna lífskjör þegnanna og tryggja með íhlutun hins opinbera, að engin stétt eða einstaklingur verði útundan og undir í lífsbaráttunni.

Pólitísk meðvitund íslensku verkalýðshreyfingarinnar og stöðug barátta fyrir jöfnuði og samhjálp hefur borið mikinn árangur. Við íslendingar búum e. t. v. við hvað mestan jöfnuð nálægra þjóða.

En þjóðfélög taka stöðugum breytingum, viðhorf og þarfir breytast og fólk breytist. Þess vegna verður félagsleg samhjálp að vera vakandi og stöðugt viðfangsefni. Hverjum þarf að hjálpa og hvernig?

Við flokkum þegnana gjarnan í hópa í þessu augnamiði. Einn þeirra eru öryrkjar.

Með almannatryggingum eiga örykjar kost á örorkubótum eða lífeyri. Enda þótt bætur almannatrygginga séu nú og hafi oftast verið smánarlega litlar, tryggja þær þó ákveðinn lágmarkslífeyri, sem með örlitlum viðbótartekjum ætti að nægja til að bægja frá hungri og kulda, þó að öðru og meira beri þar að stefna.

En hvernig er unnt að afla þessara viðbótartekna?

Fyrst og fremst er þar um að ræða vinnutekjur, en þar eru nú í dag mörg ljón á veginum fyrir þetta fólk.

Þó margt hafi verið gert í þessum efnum, mest þó af öryrkjum sjálfum og samtökum þeirra, til að auðvelda þeim að afla sér viðbótartekna, þá er mikill fjöldi öryrkja í dag, sem annað tveggja á engan kost atvinnumöguleika eða þá þeir þurfa að stunda atvinnu, sem á engan hátt er við þeirra hæfi.

Öryrkjum eða fólki með skerta starfsgetu er þó síst minni nauðsyn en öðrum að eiga starfsmöguleika sem fjölbreyttasta og með sem greiðustum aðgangi. Hér koma inn í beinar félagslegar þarfir þessa fólks auk hinna fjárhagslegu, nauðsyn aukinna samskipta við aðra á vettvangi starfsins er svo ótvíræð og lífshamingja og lífsfylling þessa hóps er þessu meir bundin en flestra annarra, ef grannt er að gáð.

Hér þarf því, samhliða hinu ágæta framtaki öryrkjanna sjálfra, beina forgöngu ríkis og sveitarfélaga, einkum með tilliti til verndraðra vinnustaða í stærri sveitarfélögunum, og sömuleiðis mætti benda á, að breytingar eru hugsanlegar á lögum um vinnumiðlun varðandi skyldur atvinnurekenda við fólk með skerta starfsgetu og þá með vissri aðstoð ríkis og sveitarfélaga þar við.

Að hinum ýmsu leiðum, sem unnt er að fara að þessu marki, verður nánar vikið í framsögu, en aðeins á það bent, að sjálfsagt er að huga samhliða að framkvæmd tillögu um atvinnuaðstöðu aldraðra, sem samþykkt var 1975, því hér eru um sumt þau tengsl á milli leiða, sem gaumgæfilega þarf að samhæfa, þar sem það er unnt og þykir hæfa.

Sþ. 345. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um skipulag sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í sem flestum greinum læknisfræðinnar á heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar og auka og bæta þannig þá þjónustu, sem heilsugæslustöðvarnar eiga að veita skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Áætlun um þessa sérfræðiþjónustu verði gerð af heilbrigðisráðuneytinu og liggi fyrir eigi síðar en 1. nóv. þessa árs og jafnframt verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Óþarft er að hafa mörg orð uppi til rökstuðnings þessari tillögugerð.

Lögin um heilbrigðisþjónustu frá 1973 stefndu ekki hvað síst að því að tryggja íbúum landsbyggðarinnar í hvívetna bætta þjónustu sem allra fyrst. Alveg sérstaklega átti þetta og á við sérfræðiþjónustu og nauðsynlegustu rannsóknir á sjúklingum. Í dag verða menn að sækja þessa þjónustu til höfuðborgarinnar að langmestu leyti með þeim mikla tilkostnaði og óþægindum, sem slíkt hefur í för með sér.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa áður í frumvarpsformi reifað það hér á þingi, að sjúkratryggingarnar greiddu hluta af ferðakostnaði þessa fólks. Það frumvarp fékk þá afgreiðslu, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar, m. a. í því skjóli, að verið væri að koma þessari þjónustu inn á heilsugæslustöðvarnar. Þessa sjást hins vegar lítil merki og er greinilegt að til þarf skipulegt átak til þess að úr verði bætt af myndarskap, svo sem yfirlýstur tilgangur laganna um heilbrigðisþjónustu var og er. Hins vegar gera flm. sér það vel ljóst, að ekki er unnt að veita þessa þjónustu nú þegar í því formi, að hún sé stöðug, heldur yrði fyrst að því keppt, að sérfræðingar heimsæktu heilsugæslustöðvarnar með vissu millibili, og mætti þar hafa í huga þá mikilvægu þjónustu sem augnlækningaferðir á vegum heilbrigðisyfirvalda hafa veitt um langt árabil. Efalaust eru margir annmarkar á þessari framkvæmd, bæði

hvað snertir vilja sérfræðinga í þessum efnum og rannsóknaraðstöðu á heilsugæslustöðvunum. En hér er um hvort tveggja að ræða: öryggismál fyrir íbúana, einkum hvað snertir fyrirbyggjandi aðgerðir, og gífurlegt fjárhagslegt hagræði, og ef við viljum framfylgja lögunum og anda þeirra ber einskis að láta ófreistað til að hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst og best.

Jöfn aðstaða allra landsmanna til heilsugæslu byggist ekki hvað síst á þessum þætti, og ef okkur er alvara í þeim efnum, þá hljótum við að stuðla hér að sem skjótast. Því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 346. Nefndarálit [114. mál]

um till. til þál. um útgáfu fiskikorta.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundi sínum og mælir einróma með samþykkt hennar.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Alþingi, 24. febr. 1977.

Páll Pétursson, form.	Sverrir Hermannsson, frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Karvel Pálmason.

Ed. 347. Frumvarp til laga [144. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl.

Eftir 2. umr. í Ed., 28. febr.

1. gr.

Fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, skal varið sem hér segir:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir. Greiðsla olíustyrks fyrir desember 1976 skv. lögum nr. 9/1976 skal innt af höndum með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.

c) Til að styrkja þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. a-lið.

d) Til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi, sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist þann tíma, sem skóli starfar, vera sambærilegur við það sem veitt er á hvern einstakling skv. a-lið.

Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni.

2. gr.

Olíustyrk til einstaklinga samkvæmt a-, c- og d-liðum 1. gr. skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 348. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

Flm.: Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir einni breytingu frá gildandi lögum um brunavarnir og brunamál. Í stað orðsins „karlmenn“ í 8. gr. komi orðið „menn“.

Á jafnréttistímum verður ekki við það unað að óheimilt sé að lögum að skipa konur í slökkvilið.

Nd. 349. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Lárus Jónsson og Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi, 1. mars 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Tómas Árnason. Lúðvík Jósepson.

Gylfi Þ. Gíslason. Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 350. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um nýtingu á lifur og hrognum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum og mælir með samþykkt þess með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um, að gerð verði hið fyrsta könnun á því hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar og hrogna úr fiskafla landsmanna.

Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars 1977.

Páll Pétursson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Guðmundur H. Garðarsson.	Sverrir Hermannsson.	Karvel Pálmason.

Ed. 351. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið fulltrúa þroskaþjálfa á sinn fund.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. mars 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Helgi Seljan.	Albert Guðmundsson.	Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Friðjón Þórðarson, Gylfi Þ. Gíslason, Ingvar Gíslason, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd 7 þingmanna, er hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla, nr. 32 frá 3. nóv. 1915. Kirkjumálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. nóv. 1977.

Greinargerð.

Sams konar till. til þál. og að ofan er skráð var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp til laga um veitingu prestakalla var flutt á Alþingi 1972—1973 og endurflutt á þinginu 1973—1974. Frumvörpin voru flutt af menntamálanefnd Ed. að beiðni kirkjumálaráðherra. Í hið fyrra sinn var frv. sent víða til umsagnar, en fékk ekki frekari afgreiðslu. Í síðara skiptið þótti menntamálanefnd Ed. þó eigi nóg að gert og lagði til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Frumvörp um sama efni voru flutt tvívegis á árunum 1962—1964, en urðu í hvorugt skiptið útrædd.

Lög um veitingu prestakalla eru orðin 60 ára gömul. Þeirri skoðun hefur stöðugt vaxið fylgi meðal leikra manna sem lærðra, að tímabært sé að endurskoða þau miðað við breyttar þjóðfélagsaðstæður.

Kirkjuþing hefur a. m. k. fjórum sinnum mælt með slíkri breytingu og síðast samhljóða 1974. Prestastefna Íslands hefur á sama hátt ítrekað mælt með breytingu. Nokkuð einróma álit barst og frá öllum héraðsfundum prófastsdæmanna í landinu.

Alþingi getur því ekki lengur að mati flutningsmanna skotið sér undan því að taka málið til alvarlegrar athugunar og afgreiðslu.

Með tilliti til þeirrar afgreiðslu, sem málið fékk á Alþingi 1973—1974, þykir rétt að nefnd alþingismanna endurskoði áðurnefnd lög og skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Skylt er að leiðrétta eina minni háttar villu, sem fram kemur í greinargerðinni, þ. e. að á Kirkjuþingi 1974 komu fram 2 mótatkvæði gegn þeirri skipan, sem þingið lagði til að upp yrði tekin. Hins vegar voru ákveðnar breytingar á núgildandi skipan, sem allir voru sammála um að næðu fram að ganga.

Kirkjuþing 1976 samþykkti aftur á móti í einu hljóði þau drög, sem samþykkt voru á þinginu 1974. Hins vegar kom þar fram, að ekki væri útilokað að ná samkomulagi milli Alþingis og Kirkjuþings um breytingar á þeim frumvarpsdrögum, er fyrir lágu. Í því skyni kaus Kirkjuþing 1976 þriggja manna nefnd til að vinna að málinu.

Flutningsmenn þessarar þáltill. telja æskilegt, að Alþingi kjósi nefnd 7 þingmanna til að vinna að lausn málsins. Henni verður falið það verkefni m. a. að kanna virkni laganna frá 3. nóv. 1915 í nútíma þjóðfélagi, sambærilega löggjöf á hinum Norðurlöndunum og viðhorf leikra manna sem lærðra innan íslensku þjóðkirkjunnar. Verkefnið ætti ekki að vera viðameira en svo, að því yrði lokið 1. nóv. 1977.

Nd. 353. Frumvarp til laga [104. mál]

um sauðfjárbaðanir.

Eftir 2. umr. í Nd., 2. mars.

1. gr.

Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heldur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, enn fremur að leggja til nægilegt vinnuafl til verksins, vatn og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

2. gr.

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 1. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er yfirleitt komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslunefnda, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum, þar sem ræki lega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun og óþrifa þá ekki orðið vart, enda mælir yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því, að undanþága sé veitt. Umsóknum sýslunefnda skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og garnaveikisbólusetningarmanna, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um, að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin 4 ár eða lengur.

Verði vart kláða eða annarra óþrifa í fé á svæði, þar sem undanþágan gildir, tellur hún þegar niður. Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef þurfa þykir, að fyrirskipa kláðaskoðun á kostnað sauðfjáreigenda til þess að kanna hvort óþrif eða kláði leynast í sauðfé á svæðinu.

Ráðherra getur enn fremur veitt frest eða undanþágu frá böðun á einstökum búum, ef héraðsdýralæknir telur, að heilbrigði fjárins sé svo háttað, að því stafi hætta af böðun um sinn eða böðun geti valdið útbreiðslu smitsjúkdóma.

4. gr.

Fjáreigendum og öðrum, er starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár, er skylt að hafa vakandi auga á því, hvort sauðfé sé haldið fjárkláða, lús eða öðrum óþrifum.

Allir þeir, sem hafa með höndum heilbrigðisskoðun á sláturhúsum, skulu fylgjast vel með því, hvort óþrif leynast á sláturfé og hvaðan slíkt fé er upprunnið. Skulu þeir halda skýrslur um það efni og tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni strax að lokinni sláturtíð.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eigenda, uns dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis, sérstaka útrýmingarböðun, þ. e. tvíböðun, í hólfinu eða á svo stóru svæði sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ítarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varast samgang fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hverrar einstakrar skepnu. Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf. Yfirdýralæknir getur hlutast til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði. Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í ríkisútvarpinu og birt í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverju sýslufélagi eða hluta úr sýslufélagi eða bæjarfélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefnda eða bæjarstjórna.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu og undirbúning sauðfjárbaðana, hver í sínu umdæmi. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi og hætta er á samgangi fjár á milli eftirlitssvæða, skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana. Þeir skulu hlutast til um, að verslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórum reglur um framkvæmd sauðfjárbaðana, upplýsa þá um verkanir baðlyfja og annað, er máli skiptir í því sambandi.

Þeir ákveða í samráði við sveitarstjórn og baðstjóra hvenær innan þeirra tímamarka, er kveðið er á um í 2. gr., skuli baðað í hverjum hreppi. Skylt er að skipuleggja böðun þannig í hverjum hreppi, að henni verði alls staðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs. Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið, og skal þá sá, er finnur, einangra kindurnar og tilkynna hreppstjóra, er hlutast til um í samráði við eftirlitsmann, að féð sé baðað án tafar.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kaupbaðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitasjóði eða bæjarsjóði.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir. Skal sú útnefning fullbúin og tilkynnt baðstjórum eigi síðar en 20. október það ár, sem baða skal. Skal einn eða fleiri baðstjórar starfa í hverjum hreppi eftir því, sem þörf krefur, svo hægt sé að framkvæma böðun í hreppnum á skömmum tíma. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því, að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu. Baðstjóra skal vegna skyldustarfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum fjáreiganda til eftirlits. Skylt er fjáreiganda eða umráðamanni að framvísa öllu því fé, sem hann hefur undir höndum, til böðunar þegar baðstjóri óskar eftir því. Skulu baðstjórar leita fulltingis sýslumanns og hreppstjóra, vilji sauðfjáreigendur ekki fylgja settum reglum um böðun.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra fyrirskipar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra aukaböðun vegna þess að fjárkláða hefur orðið vart, sbr. 5. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins, eins og það kostar á næsta verslunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Í slíkri reglugerð er heimilt að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigandi hefur eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda þess.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að jafnvirði 300 kg af 1. fl. dilkakjöti í næstliðinni sláturtíð, og renna þær í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 23/1959, um sauðfjárbaðanir, og lög um breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 102/1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Böðun samkvæmt 2. gr. laga þessara skal fram fara fyrsta sinn veturinn 1978—1979.

Ed. 354. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. mars.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar, né heldur þá, sem vistaðir eru á elli- eða hjúkrunarheimilum, né langlegusjúklinga á öðrum sjúkrastofnunum eða í heimahúsum.

Hjá þeim öðrum, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

a. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
b. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 000 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.
c. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum a- og b-liða, skulu að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 355. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Magnússyni.

Við 30. gr. bætist nýr töluliður, töluliður 15., er hljóði svo:

Kostnað hjóna við stofnun heimilis á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 250 000 kr. Telji hjón fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra. Sama rétt hefur sambýlisfólk, er sannanlega hefur búið saman í tvö ár, þótt það hafi ekki stofnað til hjúskapar.

Sþ. 356. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hvernig best megi vinna verðmæti úr sláturúrgangi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 3. mars 1977.

Páll Pétursson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Steingrímur Hermannsson.
Guðmundur H. Garðarsson, Jón G. Sólnes. Karvel Pálmason.
Sverrir Hermannsson.

Ed. 357. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.
Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 3. mars 1977.

Ingi Tryggvason, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Jón G. Sólnes.
Eggert G. Þorsteinsson. Albert Guðmundsson.

Ed. 358. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur skoðað málið og fengið umsagnir frá nokkrum aðilum. Í umsögn Orkustofnunar segir m. a.:

„Fylgiskjöl með frumvarpinu eru ákaflega ófullkomin, svo ófullkomin að þau eru ekki frambærileg með frumvarpi sem lagt er fyrir Alþingi."

Orkustofnun bendir á að af þessum ástæðum sé ekki unnt að bera saman hagkvæmni Kljáfossvirkjunar við hagkvæmni ýmissa annarra virkjana. Einnig er vakin athygli á því, að viðhorf manna breytast mjög með aukinni flutningagetu byggðalínu. Með aukinni samtengingu er jafnframt nauðsynlegt að samræma virkjunarframkvæmdir á öllu hinu samtengda svæði.

Minni hluti iðnaðarnefndar telur að Alþingi eigi því aðeins að veita heimild til svo viðamikilla framkvæmda eins og virkjana að málið sé vel rannsakað og nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir, þannig að þingmenn geti sjálfir tekið afstöðu til hagkvæmni umræddrar framkvæmdar.

Þar sem ýmislegt bendir til þess að umrædd virkjun geti reynst hagkvæm telur minni hlutinn þó ekki rétt að fella frumvarpið, en leggur til, að Alþingi samþykki að **vísa frumvarpi til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði til ríkisstjórnarinnar**, og leggur áherslu á að hagkvæmni þeirrar virkjunar, verði rannsökuð nánar, en málið lagt fyrir Alþingi að nýju ef virkjunaraðilar á samtengdu orkukerfi komast að þeirri niðurstöðu að virkjunin sé hagkvæm og rétt sé að ráðast í virkjun Kljáfoss með heildarhagkvæmni fyrir hið samtengda svæði fyrir augum.

Alþingi, 3. mars 1977.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Stefán Jónsson.

Sþ. 359. Breytingartillaga [65. mál]

við till. til þál. um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Frá Ragnari Arnalds, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Steingrími Hermannssyni, Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi í þingbyrjun næsta haust frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni.

Nd. 360. Frumvarp til laga [49. mál]

um opinberar fjarsafnanir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 50 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. málsl. 6. gr. skal og birta með sama hætti.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár, þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.

Sþ. **361. Tillaga til þingsályktunar** [178. mál]

um raforkumál Vestfjarða.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hún láti þegar í stað hefja nauðsynlegan undirbúning að ákvarðanatöku um lagningu raflínu frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar að Mjólkárvirkjun á Vestfjörðum, þannig að Alþingi gefist kostur á að taka afstöðu til þeirrar framkvæmdar við gerð fjárlaga fyrir árið 1978. Undirbúningur að ákvarðanatöku þessari miðist við tillögur, sem þegar liggja fyrir um gerð slíkrar línu, línusvæði, áfangaskipti framkvæmda o. fl., og við það miðað, að lögn línunnar og gerð aðveitustöðva geti verið lokið eigi síðar en um áramót 1979—1980.

Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að hraða gerð áætlana um næstu vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum þar sem m. a. verði skorið úr um, hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur, án þess þó að brotið sé í bága við náttúruverndarsjónarmið, og tillögur um virkjunarstað, stærð og gerð virkjunar og kostnaðaráætlanir liggi fyrir sem allra fyrst, svo af þeim sökum sé unnt að taka ákvörðun um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum í samræmi við orkuþarfir svæðisins.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi tillögu þessarar er sá, að Alþingi marki þá ákveðnu stefnu í raforkumálum vestfirðinga, sem líklegust er til þess að leysa sem fyrst úr brýnni raforkuþörf, sem nálgast nú hreint neyðarástand. Engar framkvæmdir hafa verið ákveðnar í þeim efnum, en þó langt komið margvíslegri undirbúningsvinnu, þannig að ákvarðanir er hægt að taka á grundvelli hennar, en á það hefur skort.

Tillagan gerir ráð fyrir, að sem fyrsti kostur til úrbóta verði sú leið valin, sem talsvert er nú um liðið síðan könnuð var rækilega, að lögð verði lína frá byggðarlínu í botni Hrútafjarðar til Mjólkárvirkjunar, en sú framkvæmd hefur nú um nokkurt skeið verið að mestu tilbúin til ákvörðunar. Þá er jafnframt lagt til að hraðað verði athugunum, sem raunar er sumum hverjum þegar lokið, á líklegustu virkjunarstöðum á Vestfjörðum og endanlega skorið úr um hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur, án þess þó að með þeirri virkjun sé brotið í bága við náttúruverndarsjónarmið. Verði síðan unnið að hönnun slíkrar virkjunar og gerð kostnaðaráætlana, þannig að skortur á nægjanlegum undirbúningi standi ekki í vegi fyrir ákvarðanatöku um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum þegar þörf krefur, eins og verið hefur.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í mörgum landshlutum — þ. á m. á Vestfjörðum — er ríkjandi mikill skortur á raforku. Sá raforkuskortur hefur þegar skapað umtalsverða erfiðleika, þar sem eftirspurn er nú þegar orðin meiri en framboð, með þeim afleiðingum að ráðast hefur þurft í kaup á dísilvélum til raforkuframleiðslu og keyra þær vélar lengi, en raforka frá dísilstöðvum er, eins og kunnugt er, mun dýrari en sé hún framleidd í vatnsorkuverum. Þá hefur raforkuskorturinn einnig orðið umræddum landssvæðum fjötur um fót svo af hlýst mikið tjón og margvíslegir erfiðleikar, ekki aðeins fyrir íbúa þessara landshluta, sem einnig eiga undir högg að sækja varðandi ýmis önnur mál, svo sem félagslega þjónustu, heldur einnig fyrir þjóðarbúið í heild, því t. d. á Vestfjörðum eru framleidd til útflutnings meiri verðmæti á íbúa en víðast hvar annars staðar í landinu. Raforkuskortur hefur

í för með sér kyrrstöðu í þeirri framleiðslu, auk þess sem öllum öðrum atvinnurekstri, svo sem iðnaði, er þröngur stakkur skorinn. Þá hefur raforkuskorturinn einnig orðið til þess að auka mjög á mismunun í hitunarkostnaði, en á hinum orkusveltu svæðum eiga menn ekki annarra kosta völ en að hita hús sín með dýrasta orkugjafanum, innfluttri olíu, sem hefur í för með sér allt að fjórföldum kostnaði við húsahitun miðað við kyndingarkostnað á hagkvæmustu hitaveitusvæðunum og auk þess mikla eyðslu á dýrmætum gjaldeyri. Á sama tíma og þetta á sér stað eru önnur orkuveitusvæði í landinu, sem hafa mikið af ódýrri orku umfram eftirspurn, og vandamálið þar er að útvega kaupendur að raforkunni. Afleiðingin hefur m. a. orðið sú, að samið er við útlenda aðila um kaup á ódýrustu íslensku raforkunni á sama tíma og hluti landsmanna sjálfra situr uppi með dýrustu raforku, sem unnt er að framleiða í landinu — og fær auk þess ekki nema hluta þeirrar raforku sem þarf. Af þessum sökum, auk margra annarra, er eitt hið mesta nauðsynjaverk að tengja saman orkuveitusvæði landsins, svo hægt sé að nýta virkjanir sem best og flytja ódýra raforku, sem t. d. er að fá á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, til þeirra svæða þar sem orkuskortur er ríkjandi. Slík ráðstöfun er einnig í sumum tilvikum, t. d. á Vestfjörðum, sú ráðstöfun, sem fljótast getur bætt úr brýnni þörf.

Eins og nú er ástatt í raforkumálum vestfirðinga er óhætt að fullyrða, að algert neyðarástand sé á næsta leiti. Á s. l. ári var tekin í notkun stækkun á Mjólkárvirkjun, svonefnd Mjólkárvirkjun II, með 5.7 MW afli. Þegar sú stöð var tekin í notkun var vitað, að framleiðsla hennar mundi ekki duga nema til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem þegar var orðin eftir raforku á veitusvæði Mjólkár, og því ekkert til afgangs, en samanlagt afl vatnsaflsvirkjana á veitusvæði Mjólkárvirkjunar eftir tilkomu Mjólkárvirkjunar II er aðeins 9.6 MW. Eins og nú standa sakir er afl þessara virkjana hins vegar mun minna sökum þess, að Mjólkárvirkjun II fær vatn að hluta til af vatnasvæði Mjólkárvirkjunar I, þannig að í vetur hefur ekki verið unnt að keyra vélar Mjólkárvirkjunar I nema með hálfu afli. Af þeim sökum hefði raforkuskömmtun verið nær óumflýjanleg á veitusvæði Mjólkárvirkjunar í vetur ef svo hefði ekki viljað til, að Rafveita Ísafjarðar hafði með ærnum tilkostnaði lokið kaupum og uppsetningu á nýrri 2.1 MW dísilstöð. Sú stöð átti að vera varastöð fyrir Ísafjarðarkaupstað, en dísilrafstöðvar Rafveitu Ísafjarðar í Engidal eru gamlar og úr sér gengnar og geta brugðist hvenær sem er, en hafa þó verið og eru enn keyrðar jafnt og þétt á vetrum. Þessi nýja dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar hefur reynst það haldreipi, sem forðað hefur frá algeru neyðarástandi í raforkumálunum, því Rafmagnsveitur ríkisins náðu samningum við Rafveitu Ísafjarðar um kaup á raforku frá þessari dísilstöð til dreifingar á Vestfjörðum. Með þessum hætti verður í aprílmánuði n. k. búið að framleiða um 1 milljón kwst. fyrir RARIK í dísilrafstöð Rafveitu Ísafjarðar.

Að vísu er nú verið að vinna vatnsmiðlunarframkvæmdir á vatnasvæði Mjólkárvirkjunar við svonefnda Hófsárveitu, sem vonast er til að tryggi aflvélum Mjólkárvirkjunar I nægilegt vatnsmagn á næsta ári, en engin reynsla hefur enn fengist af því, hvort sú framkvæmd skilar fullum árangri. Jafnvel þótt svo verði nægir samanlögð orkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum hvergi nærri til þess að fullnægja eftirspurn, þannig að auðsætt er, að á næstu árum verður í enn ríkara mæli að treysta á dísilstöðvar til raforkuframleiðslu, og hefur það ekki aðeins í för með sér mikinn kostnað við framleiðslu rafmagns, heldur er með því ekki síður tekin sú mikla áhætta, að langtímum saman er ekkert varaafl til á svæðinu og sumar dísilstöðvarnar auk þess að því komnar að falla úr notkun, en slíkt mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér ólýsanlega erfiðleika fyrir vestfirðinga og gífurlegt fjárhagstjón. Um raforku til húsahitunar er að sjálfsögðu tómt mál að tala, svo lengi sem þetta ástand varir. Kemur þetta t. d. glöggt í ljós, ef miðað er við nýútkomna endurskoðaða orkuspá fyrir Vestfirði og sú spá borin saman við framframleiðslugetu virkjana á svæðinu. Þá má einnig hafa til hliðsjónar eftirfarandi upplýsingar um orkuþörf og orkuframleiðslu á veitusvæði Mjólkárvirkjunar, sem Vestfjarðaveita RARIK hefur saman tekið.

Eins og fyrr sagði er sameiginlegt afl vatnsaflsvirkjana á svæðinu alls 9.6 MW. Sé miðað við áætlun Vestfjarðaveitu RARIK um húsahitun með rafmagni í áföngum og 20% álagi vegna tapa verður orkuþörf Mjólkárvirkjunarsvæðisins sem hér segir:

Árið 1978 alls 81.7 Gwst. og orkuvöntun 26.3 Gwst.
Árið 1979 alls 94.5 Gwst. og orkuvöntun 39.1 Gwst.
Árið 1980 alls 107.6 Gwst. og orkuvöntun 52.2 Gwst.

Ef ætti að anna þessari orkuvöntun með orkuframleiðslu frá dísilstöðvum mundi það kosta sem hér segir:

Árið 1978 473.4 m.kr.
Árið 1979 703.8 m.kr.
Árið 1980 939.6 m.kr.

Hér er reiknað með því, að kostnaðarverð á kwst. frá dísilstöðvum sé um 18 kr., en það er það verð, sem kostar að framleiða hverja kwst. í hinni nýju dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar. Einnig er við það miðað, að framkvæmdir við Hófsárveitu skili fullum árangri þannig að afl Mjólkárvirkjunar I nýtist til fulls.

Af framansögðu má augljóst vera hvert neyðarástand blasir nú við í raforkumálum vestfirðinga — og er raunar þegar orðið. Jafnvel þótt húsahitun kæmi ekki að ráði til greina geta vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum hvergi nærri annað eftirspurn eftir raforku til almennra nota, og fer ástandið hríðversnandi.

Þrátt fyrir það ástand, sem hér hefur verið lýst, hafa engar ákvarðanir verið teknar um frekari virkjunarframkvæmdir á Vestfjörðum. Að vísu var 14. maí árið 1975 samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar frá þingmönnum frá Vestfjörðum þess efnis, að ríkisstjórninni væri falið að heimila smávirkjun — 2 MW — við Suður-Fossá á Rauðasandi. Fljótlega eftir samþykkt tillögunnar var hafist handa um nokkrar undirbúningsframkvæmdir, en síðan ekki söguna meir. Bendir nú ýmislegt til þess, að ekki verði af frekari virkjunarframkvæmdum þar, m. a. vegna þess að frekari athuganir hafi leitt í ljós, að virkjunin væri mun óhagkvæmari en fyrst var talið. En jafnvel þótt svo færi, að haldið yrði áfram framkvæmdunum við Suður-Fossá, er hér um svo litla virkjun að ræða, að orkan, sem hún gæti framleitt, yrði nánast eins og dropi í hafið þegar miðað er við þörfina. Þá voru samþykkt lög á Alþingi 18. maí 1976 um Orkubú Vestfjarða. Lagasetning þessi er um skipulag raforkumála fjórðungsins, en í henni felst engin ákvörðun um frekari virkjanir eða aðrar ráðstafanir til þess að leysa úr raforkuvandkvæðum vestfirðinga. Annað og meira en það, sem hér er upp talið, hefur ekki verið aðhafst í raforkumálum á Vestfjörðum og því óhætt að fullyrða, að eindæma sinnuleysi hafi ríkt hjá stjórnvöldum og æðstu yfirstjórn orkumála í landinu gagnvart raforkumálum vestfirðinga, enda munu þeir aðilar hafa talið sig þurfa um annað að hugsa í raforkuframkvæmdum en að bæta úr brýnni þörf þess fólks, sem byggir Vestfirði.

Þeim mun augljósara er þetta sinnuleysi þar sem vitað er, að tillögur hafa nú um nokkra hríð legið fyrir um aðgerðir til úrbóta, en ákvarðanir á grundvelli þeirra hefur ekki verið hirt um að taka. Svo eitt dæmi sé tekið, þá er nú liðið alllangt síðan athugunum lauk varðandi gerð, stæði, kostnað og framkvæmdir við byggingu línu frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar í Króksfjarðarnes og þaðan vestur um að Mjólkárvirkjun. Á sínum tíma gerðu Rafmagnsveitur ríkisins tillögu til ríkisstjórnarinnar við undirbúning fjárlaga um að línubyggingin yrði hafin, og ef á þá tillögu hefði verið fallist væri gerð línunnar hafin þegar þetta er ritað. Ríkisstjórnin hafnaði hins vegar þessum tillögum Rafmagnsveitna ríkisins og hefur enn ekki fengist til að fallast á þær. Svo annað dæmi sé tekið, þá fékk iðnaðarráðherra í júlímánuði árið 1976 í hendur frá Rafmagnsveitum ríkisins tvær viðamiklar skýrslur um næstu hugsanlegar vatnsaflsvirkjanir í Vestfirðingafjórðungi — fullgerða frumhönnun að meðalstórri vatnsaflsvirkjun í Dynjanda í Arnarfirði

og frumáætlun um virkjun við Þverá á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp. Svo undarlega var með mál þetta farið, að þingmenn vestfirðinga hafa enn ekki fengið um það að vita, að t. d. frumhönnun virkjunar í Dynjanda væri lokið og sú virkjun því fyrir allnokkru komin á ákvörðunarstig. Svo virðist vera sem iðnaðarráðherra hafi af einhverjum ástæðum ekki viljað að þingmönnum bærist vitneskja um á hvaða stig þessar athuganir eru komnar, en bæði þingmenn og forsvarsmenn vestfirðinga heima í héraði hafa verið látnir standa í þeirri trú, að undirbúningur undir ákvarðanatöku væri mun skemmra á veg kominn af hálfu sérfræðinga en raun ber vitni. Hvað sem því líður er það staðreynd, að þótt talsvert langt sé um liðið frá því aðgerðir til úrbóta í raforkumálum vestfirðinga — lagning Vestfjarðarlínu og hönnun nýrrar vatnsaflsvirkjunar á Vestfjörðum — eru hvað undirbúning varðar komnar á ákvörðunarstig, þá hefur dregist von úr viti að ákvarðanir séu teknar og jafnvel verið haldið þannig á málum, að ástæða er til þess að ætla, að stjórnvöld séu vísvitandi að koma sér hjá því að taka ákvarðanir á grundvelli framkominna tillagna og beiti m. a. til þess þeim ráðum að halda leyndu fyrir vestfirðingum, hversu langt sérfræðilegur undirbúningur er kominn, til þess að þurfa síður að sæta þrýstingi frá heimamönnum um að ákvarðanir verði teknar. Er þessi „varkárni" í talsvert miklu ósamræmi við þá málsmeðferð og þá framkvæmdahætti, sem eru ríkjandi hjá ráðamönnum í ýmsum öðrum raforkuframkvæmdum í landinu, þótt síður en svo sé verið að óska þess, að þeir starfshættir verði almennt teknir til fyrirmyndar um orkuframkvæmdir á Íslandi.

Eins og málum er nú komið er því óhjákvæmilegt annað en Alþingi marki stefnuna í úrbótum í raforkumálum vestfirðinga á grundvelli þeirra tillagna og áætlana, sem þegar liggja fyrir. Í þáltill. þessari er lagt til, að markmiðið með þeirri stefnu verðið að leysa sem fyrst og með sem hagkvæmustum hætti úr raforkuvandkvæðum á Vestfjörðum. Fljótvirkasta leiðin, sú sem skilað gæti vestfirðingum mestri raforku á skemmstum tíma og eftir þörfum, eins og þær eru hverju sinni, og jafnframt sú leið, sem er í fyllsta samræmi við þá stefnu um samtengingu orkuveitusvæða, sem hvað brýnust er fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar, er að lögð sé Vestfjarðarlína — þ. e. a. s. lína frá byggðalínu úr botni Hrútafjarðar til Króksfjarðarness og þaðan vestur um til Mjólkárvirkjunar. Tillögur liggja þegar fyrir um gerð þessarar línu, línustæði, styrkleika og framkvæmdaáfanga, þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að hefjast þegar handa við gerð hennar eftir að ákvörðun hefur verið tekin og fjármagn útvegað. Þar sem talað er um í tillögunni, að ríkisstjórnin láti þegar ljúka undirbúningi að ákvarðanatöku um byggingu línunnar, þannig að unnt verði að taka ákvörðun um framkvæmdina við afgreiðslu næstu fjárlaga, er því fyrst og fremst átt við fjármagnsútvegun.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um línu þessa, er kostnaður við gerð línunnar sjálfrar áætlaður 1263 m.kr. á núverandi verðlagi og kostnaður við aðveitustöðvar 900 m.kr., einnig á núverandi verðlagi, þannig að heildarkostnaðurinn er áætlaður 2 163 m.kr. á núverandi verðlagi. Gert er ráð fyrir, að línan verði byggð í tveimur áföngum á tveimur árum: Fyrri áfanginn frá botni Hrútafjarðar til Króksfjarðarness með aðveitustöð þar. Síðari áfangi frá Króksfjarðarnesi til Mjólkárvirkjunar með aðveitustöð þar.

Línan er hönnuð eftir sömu forsendum og byggðarlínan — þ. e. a. s. er miðuð við flutning á allt að 50 MW afli. Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, og með hliðsjón af spám um orkuframboð og orkueftirspurn á Landsvirkjunarsvæðinu má fastlega gera ráð fyrir, að þegar Vestfjarðalína væri tekin til notkunar fyrir áramót 1979—1980 yrði til staðar minnst 10 MW afl — eða u. þ. b. 50 Gwst. orka — til flutnings frá byggðalínu um Vestfjarðalínu til Vestfjarða, þótt ekki sé gert ráð fyrir neinni raforkuframleiðslu frá Kröfluvirkjun og byggðalínan þurfi því jafnframt að þjóna allri orkuþörf Norðurlands. Er hér um að ræða orku, sem gerir meira en að uppfylla þarfir vestfirðinga fyrir raforku, þ. á m. til húsahitunar í áföngum. Að sjálfsögðu má svo enn auka flutningsgetu byggðalínunnar með byggingu annarrar 50 MW spennistöðvar, og áætlanir Landsvirkj-

unar benda eindregið til þess, að nægilegt framboð af ódýrri raforku verði á orkuveitusvæði virkjunarinnar til flutnings eftir byggðalínu til Norður-, Austur- og Vesturlands. Ef allar áætlanir standast um raforkuframleiðslu Kröfluvirkjunar, kemur raforkuframleiðsla hennar svo þar til viðbótar inn á kerfið og þar með eykst framboðið enn, þótt flm. vilji ekki undir neinum kringumstæðum gera ráð fyrir því, að sú orka verði að sama skapi ódýr og hún kann að verða mikil.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, er eftirfarandi því ljóst:

1. **Tillögur um alla gerð Vestfjarðalínu, þ. á m. framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlanir, eru fyrir hendi, hægt að hefjast handa um gerð slíkrar línu þegar í stað, eftir að ákvörðun hefur verið tekin, og ljúka henni á tveimur árum.**
2. **Engin önnur ráðstöfun getur með jafnskjótum hætti leyst úr raforkuþörf vestfirðinga og engin önnur ráðstöfun er jafnhentug með það fyrir augum, að vestfirðingar geti fengið alla þá raforku, sem þeir þurfa, á hagstæðu verði og jafnframt í því magni, sem þeir þurfa hennar með á hverjum tíma — þ. á m. með hliðsjón af framkvæmdahraða við raforkunot til húsahitunar.**
3. **Engin önnur ráðstöfun fellur jafnvel að þeirri heildarstefnu í raforkumálum um samtengingu orkuveitusvæða, sem er forsenda fyrir hagkvæmustu nýtingu virkjana fyrir landið allt.**
4. **Gerð Vestfjarðalínu útilokar ekki byggingu nýrra vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum í náinni framtíð með sama hætti og t. d. ákvörðun um að ráðast í slíka virkjun nú — í stað þess að leggja línuna — mundi útiloka gerð Vestfjarðalínu í náinni framtíð, — en bæði línan og frekari vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum eru það sem að ber að stefna til þess að tryggja öryggi í raforkumálum þessa landshluta á sama hátt og annarra.**

Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að við gerð byggðalínu til Vestfjarða — Vestfjarðalínu — sé unnið með hliðstæðum hætti og unnið hefur verið að gerð byggðalínunnar norður og línunnar frá Kröflu til Akureyrar. Með þessu er að sjálfsögðu átt við það, að það er t. d. ekki frekar verkefni Orkubús Vestfjarða að byggja þá línu en það hefur verið verkefni orkuöflunar- og dreififyrirtækja á Norðurlandi að byggja byggðalínuna norður eða Kröfluvirkjunar að leggja og kosta gerð línunnar Krafla—Akureyri. Hins vegar verður að sjálfsögðu fyrr eða síðar að taka ákvörðun um, hver á að eignast þessar samtengilínur orkuveitusvæða og með hvaða skilmálum og hver á að reka þær, og kemur þá Orkubú Vestfjarða að sjálfsögðu til greina varðandi Vestfjarðalínu með sama hætti og t. d. hugsanlegt sameiginlegt orkufyrirtæki Norðlendinga varðandi Norðurlínu o. s. frv.

Í síðari mgr. tillögunnar er svo vikið að því, að áfram verði unnið að undirbúningi vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum og m. a. úr því skorið, hver sé fýsilegasti virkjunarkosturinn þar. Verði síðan lokið við að hanna gerð þeirrar virkjunar, sem hagfelldust er talin, og lokið við gerð kostnaðaráætlana, þannig að ákvarðanataka um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum geti farið fram til samræmis við þarfir — en á það hefur mjög skort, eins og lýst hefur verið.

Á það skal að endingu bent til samanburðar við þá leið, sem valin hefur verið sem fyrsti kostur af flm. þáltill. þessarar — þ. e. a. s. byggðalína til Vestfjarða — að samkvæmt þeim áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar um vatnsaflsvirkjun í Dynjanda — en áætlangerð um þá virkjun er lengst komin af öllum athugunum á virkjunarkostum vestra — er þar aðeins um tiltölulega litla virkjun að ræða, sem t. d. gæti ekki leyst rafhitunarmál með sama hætti og Vestfjarðalína. Í annan stað mundu líða a. m. k. 5 ár frá því að ákvörðun um slíka virkjun væri tekin og þar til framkvæmdum væri lokið og hún kæmist í gagnið — a. m. k. 8 ár ef um stærri virkjun væri að ræða. Er því ljóst, að Vestfjarðalína er bæði nærtækasti og æskilegasti kosturinn og jafnframt sá, sem alls ekki útilokar hinn valkostinn — vatnsaflsvirkjun í héraði — heldur þvert á móti er til styrktar slíkri framkvæmd, sem einnig þarf að vinnast til þess að tryggja öryggi og hagkvæmni og til samræmis við aðstæður í orkumálum eins og þær eru á hverjum tíma.

Sþ. 362. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um mengunarvarnir og heilbrigðisgæslu í álverinu í Straumsvík.

Flm.: Sigurður Magnússon, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirfarandi ráðstafanir til mengunarvarna og heilbrigðisgæslu í álverinu í Straumsvík:

1) Tryggja þegar uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja sem vinni gegn ytri sem innri mengun á umhverfi verksmiðjunnar. Jafnframt tilkynni ríkisstjórnin ÍSAL, að verði hreinsitæki ekki komin upp innan árs verði rekstur verksmiðjunnar stöðvaður.
2) Komið verði upp aðstöðu til heilsugæsluþjónustu í sérstöku húsnæði við verksmiðjuna undir umsjón heilsugæslulæknis. Hlutverk heilsugæslustöðvarinnar auk almennrar læknisþjónustu sé að vinna að slysavörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum til að tryggja hollustu og heilbrigði. Skal unnið að þeim málum m. a. með almennu heilbrigðiseftirliti, skoðun vinnustaða og umhverfis og vinnuaðstöðu, reglubundinni læknisskoðun, heilbrigðisleiðbeiningum og virkri starfsemi að heilbrigðis- og hollustumálum meðal starfsfólks.
3) Komið verði á sérstöku starfi heilbrigðis- og öryggismálafulltrúa, kjörins af starfsfólki verksmiðjunnar. Hlutverk hans er fyrir hönd starfsliðsins að fylgjast með, að öllum ákvæðum laga, reglugerða eða sérstakra samninga um heilbrigðis- og öryggismál sé framfylgt, bæði hvað varðar skyldur ÍSALS og starfsfólks verksmiðjunnar.
4) Komið verði á samstarfsnefnd skipaðri 5 fulltrúum starfsmanna og 5 fulltrúum verksmiðjueigenda, ásamt jafnmörgum varamönnum, auk heilsugæslulæknis, sem skal vera oddamaður samstarfsnefndarinnar og kalla hana saman. Velur hann sér varamann. Heilbrigðis- og öryggismálafulltrúi starfsfólks skal sitja fundi nefndarinnar þótt hann sé ekki kosinn í hana af starfsfólki.

   Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsfólks og vera til samstarfs aðilum og til ráðuneytis. Nefndin skal koma saman minnst annan hvern mánuð, eða oftar óski einhver nefndarmanna eftir því.
5) Semja skal við ÍSAL um greiðslu alls kostnaðar af mengunarrannsóknum, sem nauðsynlegt er að framkvæma að mati heilbrigðisyfirvalda, til eftirlits með mengun og áhrifum hennar á ytra sem innra umhverfi verksmiðjunnar með tilliti til áhrifa á lífríki og heilsufar.

Greinargerð.

Er lögin um álverksmiðjuna í Straumsvík voru á sínum tíma til umræðu á Alþingi, vöruðu þingmenn Alþýðubandalagsins alvarlega við áhrifum mengunar sem stafa mundi af rekstri verksmiðjunnar, bæði á lífríkið umhverfis hana og á heilsufar starfsmanna hennar. Þannig vakti Alfreð Gíslason læknir og þáverandi þingmaður Alþýðubandalagsins sérstaklega athygli á þeirri hættu, sem starfsfólki álversins væri búin vegna ryks og flúormengunar, og varaði við þeim sjúkdómum sem slíkri mengun gætu verið samfara. Um þetta segir hann í þingræðu 29. apríl 1966:

„Það er algengt í heiminum, að flúorvetni og önnur uppleysanleg flúorsambönd valdi mönnum heilsutjóni og dauða, enda eru þau talin í röð allra sterkustu eiturefna, sem til eru. Sjúkdómseinkennin, sem þessar eiturtegundir valda, geta verið með margvíslegu móti og fara aðallega eftir því, hvernig efnin berast inn í líkamann. Ef áhrifin eru sterk og snögg og verka á líkamann utan frá, erta þau og særa húð

og slímhúðir, geta valdið brunasárum á húð og skaddað stórlega slímhúðir, valdið lungnakvefi með hósta og andarteppu og fleiri hastarlegum einkennum.“

Síðar segir hann í sömu ræðu: „Hægfara flúoreitrun er til og hún lýsir sér fyrst og fremst með mjög sérkennilegum breytingum á beinum líkamans og bandvef. Beinin verða eins og mölétin, beinaukar vaxa út úr beinum hér og þar og kalk sest í liðaböndin. Þessu fylgja ýmiss konar þrautir og óþægindi. Þessi tegund eitrunar, sem nefnd er flúorosis, er algeng í sambandi við verksmiðjurekstur.“

Jafnframt því, sem þannig var varað við sjúkdómahættu af völdum mengunar í álverinu, var varað alvarlega við þeirri hættu sem lífríkinu umhverfis bræðsluna stafaði af flúormengun, jafnt gróðri sem dýralífi.

Þessum aðvörunarorðum þingmanna Alþýðubandalagsins var ekki sinnt, og í samningunum var Alusuisse ekki skyldað til að koma upp hreinsitækjum, enda var sem íslenskir ráðamenn tryðu þá fullyrðingum svisslendinganna um þarfleysi slíkra mengunarvarna. Þetta kemur m. a. fram í svari þáverandi iðnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi um öryggisútbúnað álverksmiðjunnar í Straumsvík 1. mars 1967, er hann segir: „Þannig hefur verið vitað, frá því fyrst var farið að ræða um byggingu álbræðslu hér á landi, að viss mengun gæti stafað af rekstri hennar, aðallega vegna uppgufunar á flúorvetni frá bræðsluofnum hennar. Má segja, að þetta sé sú eina tegund mengunar, sem orð sé á gerandi í sambandi við fyrirhugaða álbræðslu í Straumsvík. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, er full ástæða til þess að ætla, að flúormengun muni ekki skapa teljandi vandamál í sambandi við vinnu verkamannanna og annarra í verksmiðjunni sjálfri, þar sem loftræsting í bræðsluofnum hennar og önnur vinnuskilyrði verða góð.“

Ákafi þeirra stjórnmálaflokka, sem stóðu að samningunum um álverið, þ. e. a. s. Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, var slíkur að þeir létu öll aðvörunarorð sem vind um eyru þjóta og töldu ekki ástæðu til að vefengja umsagnir svissneska álhringsins, sem gerði ekkert úr þessu vandamáli. Undirlægjuháttur einkenndi því þennan þátt samningsgerðarinnar eins og reyndar samninginn allan.

Reynslan hefur hins vegar sannað, að það var ekki ástæðulaust að óttast mengun frá álverinu í Straumsvík og það var ábyrgðarlaus greiðasemi við auðhringinn að spara honum þann kostnað að koma þegar í upphafi upp fullkomnustu hreinsitækjum.

Margvíslegar athuganir hafa farið fram á gróðri í nágrenni álversins, og hafa þær sýnt skaðleg áhrif flúormengunar. Nú síðast kom fram í skýrslu, sem heilbrigðisráðherra gaf Alþingi 1. mars s. l., að um mjög alvarleg tilfelli atvinnusjúkdóma er að ræða hjá starfsmönnum álversins. M. a. kemur þetta fram í niðurstöðum rannsókna á vinnuskilyrðum í álverinu, sem framkvæmdar voru eftir ósk verkalýðsfélaga, en um þá segir m. a. orðrétt í skýrslu heilbrigðisráðherra:

„1. Vinnustaðir verksmiðjunnar skoðaðir og var niðurstaða skoðunarinnar sú, að allmikið ryk væri í þessum vinnustöðum og fann skoðunarmaður fyrir óþægindum frá öndunarfærum vegna hins mengaða lofts.
2. Rannsakað var loftkennt flúormagn (flúorvetni) í kerskála, en niðurstöðu þeirra rannsókna er ekki getið í skýrslunni. Aftur á móti eru til rannsóknir á flúorvetni frá nóv. 1971, en þar er sagt að niðurstöður séu lægri en búast mátti við, sennilega vegna vandkvæða við sýnishornatökuna.
3. Brennisteinssýrlingur (S_2) var rannsakaður í andrúmslofti í kerskála og skautasmiðju og reyndist vera að meðaltali 0.14 mg/rúmm, en hæstu tölur einstakra mælinga fóru upp í 0.475 mg/rúmm, og var talið að þessar tölur væru innan uppgefinna hættumarka.
4. Ryksýni voru tekin í kerskála og skautasmiðju, en ekki rannsökuð með tilliti til magns eða efnasamsetningar.
5. Teknar voru upp stikkprufur af innihaldi andrúmslofts á kolsýrlingi (Co) og súrefni (0_2) og reyndust þessar lofttegundir innan eðlilegra marka.
6. Raka- og hitastig var mælt og álitið eðlilegt við viðkomandi aðstæður og starfsemi.

7. Flúor í sólarhringsþvagi var rannsakað frá 10 starfsmönnum fyrirtækisins, þar af 3 skrifstofumönnum. Reyndist það vera frá 0.6 mg/lítri til 3.2 mg/lítri, en miðað er við 4.8—5 mg/lítri sem hættumörk miðað við 48 tíma.
8. 7 menn af 8, sem veikst höfðu í álverinu, voru kallaðir til viðtals og tekin af þeim nákvæm sjúkrasaga og aflað upplýsinga um rannsóknir á þeim frá öðrum læknum eða stofnunum. Allir höfðu reynst einkennalausir við læknisskoðun þegar þeir hófu störf hjá álverinu.

Niðurstöður þessara rannsókna leiddu í ljós að þessir menn þjáðust af einkennum frá öndunarfærum, sem í sumum tilvikum voru mjög slæm. Einnig kom fram ofnæmi hjá sumum þessara manna, en auk þess bar mikið á sleni og þreytu að vinna lokinni. Flestir höfðu unnið í kerskála, en margir við súrálsuppskipun og haft mikla yfirvinnu.

Talið var að mengun andrúmslofts á vinnustöðum þessara manna svo og visst næmi fjögurra af sjö mönnum væri orsök og samverkandi orsök sjúkdómseinkenna þeirra og öll veikindatilfelli ættu að flokkast undir atvinnusjúkdóma. **Þannig er talið af Heilbrigðiseftirliti ríkisins að aðstæður í Straumsvík séu þannig að hætta sé á atvinnusjúkdómum hjá starfsmönnum."**

Síðar í skýrslunni kemur fram, að hávaðamælingar hafi farið fram í álverinu í febrúar 1974, framkvæmdar af heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Framkvæmdar voru heyrnarmælingar á 117 starfsmönnum og reyndust 97 hafa skerta heyrn og þar af 30 með verulegt heyrnartap. Segir að niðurstöður mælinganna bendi til óeðlilegrar tíðni heyrnartaps hjá starfsmönnum fyrirtækisins.

Þessar rannsóknir tala sínu máli um mengunarhættuna í Straumsvík og er ekki lengur hægt að afgreiða gagnrýni á ástandið þar sem „vondan áróður alþýðubandalagsmanna."

Þeim, sem stóðu að samningsgerðinni við Alusuisse um álverið í Straumsvík, er hollast að viðurkenna mistök sín og bregðast við vandanum á þann eina hátt, sem sæmandi er, og knýja á tafarlausa uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja í verksmiðjunni, jafnframt því sem komið verði þar á reglubundnu heilbrigðiseftirliti og mengunarrannsóknum. Allar nauðsynlegar heimildir eru til í lögum og reglugerðum til að krefja auðhringinn um slíkan hreinsitækjabúnað og aðrar heilbrigðisvarnir. Það eina, sem á skortir, eru fyrirmæli og einurð stjórnvalda. Lengur verður ekki unað við að forráðamenn álversins séu einungis viðræðugóðir í þessum efnum, sem er það orð er eftirlitsaðilar öryggis- og heilbrigðismála hafa gefið þeim. Ráða verður þegar bót á hinum alvarlegu mengunarmálum, bæði innan dyra og utan.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til að stjórnvöld megi finna vilja Alþingis í þessu máli, en hún gerir ráð fyrir, ef samþykkt verður, annars vegar uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja, að viðlagðri rekstrarstöðvun ella, og svo hins vegar almennum reglum til að tryggja sem best heilsugæslu meðal starfsfólks og rannsóknir og eftirlit með mengun og áhrifum hennar.

Sþ. 363. Breytingartillaga [162. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá Friðjóni Þórðarsyni og Jóni Árnasyni.

Við III. Flokkun vega. 3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum. Vesturlandskjördæmi. 568 Skógarnesvegur. Liðurinn orðist svo:

Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði um Hömluholt, Hausthús, Syðra- og Ytra-Skógarnes, Miklholt og Litlu-Þúfu á Ólafsvíkurveg hjá Stóru-Þúfu.

Nd. 364. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 1960.

Frá Garðari Sigurðssyni.

1. gr.

Á eftir 15. tölulið 6. gr. laganna bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
16. Kjöt og kjötvörur.
17. Raforkusala frá rafmagnsveitum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verðbólgan og lágur kaupmáttur almennra verkalauna eru höfuðvandamál þjóðfélagsins um þessar mundir, og fátt eitt hefur verið gert til þess að ráðast að þessum vanda. Með frumvarpi þessu er aðeins snúist gegn einum þætti þessa samtvinnaða viðfangsefnis. Gífurleg gjaldtekja ríkisins með óbeinum sköttum, sem leggjast á vörur og þjónustu sem allir landsmenn nota, er mikill verðbólguvaldur og bitnar auk þess þyngst á þeim, sem minnst hafa milli handa.

Kjöt og kjötvörur eru ásamt fiski brýnustu nauðsynjar almennings. Með því að kjöt er greitt niður er það algjör þversögn að leggja ofan á söluverð þess 20% söluskatt. Skattheimta af þessu tagi eykur að sjálfsögðu verðbólgu, eins og áður er sagt, en hefur auk þess þau áhrif að draga úr neyslu innanlands, sem aftur þýðir að enn meiri útflutningsbætur þarf að greiða á kjöt, sem selt er úr landinu.

Um rafmagnið er það að segja, að það er ein brýnasta nauðþurft í nútíma þjóðfélagi, þess þurfa allir með. Því miður er rafmagn ekki enn selt á sama verði um land allt, en að því verður að stefna sem fyrst.

Útsöluverð á rafmagni er hærra hér en erlendis, þótt framleiðslukostnaður þess sé lægri hér en ytra. Kemur þar ekki síst til óeðlileg gjaldtaka hins opinbera af raforkunni með álögðum söluskatti; er söluskattur af útseldri orku margfalt hærri á kWst. en sjálft orkuverðið sem útlendingar greiða hér á landi.

Afnám söluskatts á raforku ætti bæði að draga úr verðbólgu og vera einn liður í því að minnka þá dýrtíð, sem þjóðin á nú við að búa. Niðurfelling þessarar skattheimtu kemur þeim best sem minnst hafa ráðstöfunarfjár, svo sem jafnan er við lækkun flatrar skattheimtu.

Sþ. 365. Fyrirspurn [181. mál]

til landbúnaðarráðherra um landbúnaðaráætlanir.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi landbúnaðaráætlana fyrir Vatnsnes og Skaga?

Nd. 366. Lög [67. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 7. mars.)

Samhljóða þskj. 322 sbr. 73.

Ed. 367. Lög [106. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíuverslun innflutning á olíupramma.

(Afgreidd frá Ed. 7. mars.)

Samhljóða þskj. 125.

Nd. 368. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Aftan við síðari málslið 20. gr. laganna bætist: né heldur haglabyssur sem taka fleiri en tvö skothylki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir rúmum 20 árum gerðust íslendingar aðilar að **Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.**

Þegar samþykkt þessi er borin saman við lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, sést, að við gerð þeirra laga hefur í stórum dráttum verið höfð hliðsjón af samþykktinni. Þó er eitt atriði, sem ekki hefur komist inn í fuglafriðunarlögin, og það er e-liður í 5. grein samþykktarinnar, þar sem aðilar skuldbinda sig til að banna haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, — marghlaðnar eða sjálfhlaðnar byssur. Notkun slíkra vopna hefur farið mjög í vöxt hér á landi undanfarin ár, bæði við rjúpna- og gæsaveiðar. Eru þau einkum í höndum viðvaninga, sem bæta sér upp takmarkaða skotfimi með því að skjóta öllum skotunum í einu á rjúpna- og gæsahópa í von um að eitthvað liggi dautt eftir þegar hópurinn tekur flugið, og má geta nærri að margur fuglinn flýgur hættulega særður frá slíkri hríð.

Að sögn kunnugra hafa öll nágrannalönd okkar bannað þessi skotvopn. Með frumvarpi þessu er lagt til að við íslendingar gerum slíkt hið sama.

Nd. 369. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess eins og það hefur verið afgreitt frá efri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Friðjón Þórðarson var fjarverandi.

Alþingi, 8. mars 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Páll Pétursson.
Sighv. Björgvinsson.	Svava Jakobsdóttir.	Ingólfur Jónsson.

Sþ. 370. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um þjónustustarfsemi sjúkrasamlags, lögreglu, rafmagnsveitna og síma í Vestur-Húnavatnssýslu.

Flm.: Ragnar Arnalds, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að aukin verði þjónusta opinberra aðila á Hvammstanga við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu og m. a. verði þar starfrækt skrifstofa sjúkrasamlags, lögregluvarðstofa og viðhaldsþjónusta frá Landssímanum.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er Hvammstangi þjónustumiðstöð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Eftir að sjúkrasamlög hreppanna voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald Sjúkrasamlags vestur-húnvetninga færst út úr sýslufélaginu. Stjórn sjúkrasamlagsins ákvað í desember 1974, að skrifstofuhald sjúkrasamlagsins skyldi verða á Hvammstanga frá ársbyrjun 1975, en Tryggingastofnun ríkisins hefur komið í veg fyrir, að sjúkrasamlagsstjórnin fengi þessu ráðið, eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi, sem birt er hér sem fylgiskjal. Þessi afskiptasemi miðstjórnarvaldsins í Reykjavík af málefnum sjálfstæðs sjúkrasamlags úti á landi er að sjálfsögðu óþolandi með öllu. Hér er um stefnumarkandi mál að ræða, sem varðar fleiri staði en Hvammstanga og Vestur-Húnvatnssýslu, enda er ljóst, að ofríki Tryggingastofnunar ríkisins í málum héraðssjúkrasamlaganna er mjög óheppilegt fyrir starfsemi þeirra. Það er að sjálfsögðu lágmarkskrafa, að stjórn héraðssjúkrasamlagsins ráði því, hvar skrifstofa sjúkrasamlagsins er, án utanaðkomandi afskipta manna, sem lítið þekkja til staðhátta. Auk þess er rétt að geta þess, að hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur boðið sjúkrasamlaginu samvinnu um skrifstofuhald og er því ekki líklegt, að kostnaður við rekstur sjúkrasamlagsins verði minni annars staðar. Hins vegar yrði þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu að sjálfsögðu talvert meiri.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur lengi krafist þess, að lögreglumaður yrði ráðinn til starfa á Hvammstanga, en þeirri kröfu hefur ekki verið sinnt. Lögreglustörf á Hvammstanga hafa að undanförnu verið unnin í aukavinnu manns, sem gegnir öðru starfi. Á Blönduósi eru tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Sýslumaður hefur skrifstofuaðstöðu á Hvammstanga og kemur hann þangað eða fulltrúi hans einu sinni í viku.

Megn óánægja er ríkjandi heima fyrir með skipan þessara mála, og á fundi manna úr öllum hreppum Vestur-Húnavatnssýslu 12. maí 1975 var samþykkt að beina því til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, **„hvort ekki sé tímabært, að sýslunefndin óski eftir því við viðkomandi yfirvöld, að Vestur-Húnavatnssýsla verði gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi, en með því ætti opinber þjónusta í sýslunni að geta batnað til muna frá því, sem nú er“.**

Á sýslunefndarfundi var svo slík samþykkt gerð.

Vafalaust er mikil andstaða gegn því af kostnaðarástæðum, að sýslumannsembættum verði fjölgað. En flutningsmönnum þessarar tillögu virðist ekki til of mikils mælst, að skrifstofuaðstöðu sýslumanns verði nú a. m. k. breytt í lögregluvarðstofu með fastráðnum lögreglumanni, og má segja, að það sé lágmarksúrlausn á þessum vanda.

Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og hreppsnefnd Hvammstangahrepps hafa óskað eftir því, að viðgerðarmenn frá Rafmagnsveitum ríkisins og Landssímanum hafi fasta búsetu á Hvammstanga eða annars staðar í Vestur-Húnavatnssýslu. Þegar bilanir verða í vondum veðrum er sérlega illt að þurfa að sækja þessa þjónustu langan veg. Virðist eðlilegt og sanngjarnt að orðið sé við þessari kröfu. Síðan tillagan var flutt s. l. vor hafa Rafmagnsveiturnar fallist á þessa beiðni fyrir sitt leyti.

Fylgiskjal I.

Hvammstanga, 10. des. 1974.

Tryggingastofnun ríkisins,
sjúkratryggingadeild,
Reykjavík.

Stjórn Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu hefur gert eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu ákveður að frá næstu áramótum skuli skrifstofuhald Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu flutt frá Blönduósi til Hvammstanga.

Þess er óskað að Tryggingastofnun ríkisins vinni að því í samráði við stjórn samlagsins að flutningur skrifstofuhaldsins geti farið fram á tilteknum tíma. Aðkallandi er t. d. að huga fljótt að ráðningu á starfskrafti og aðstöðu fyrir skrifstofuhaldið, en líklegt er að hér sé um hálft starf að ræða.

Í sambandi við ákvörðunina um flutning skrifstofuhaldsins skal eftirfarandi tekið fram:

Síðan hreppa-sjúkrasamlögin voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald Sjúkrasamlags V-Hún. verið á Blönduósi í Austur-Húnavatnssýslu og unnin af sýsluskrifstofu. Þó skal þess getið, að sýslumaður eða fulltrúi hans er hér með viðtalstíma oftast ca. 3—4 klst. í viku og sinnir þjónustu fyrir sýslumannsembættið og þá erindum varðandi sjúkrasamlagið um leið.

Á það hefur margoft verið bent af Vestur-Húnvetningum, að þetta fyrirkomulag á þjónustu sjúkrasamlagsins sé með öllu óeðlilegt og óviðunandi. Eðlilegt og sjálfsagt hlýtur að teljast að Sjúkrasamlag V-Húnavatnssýslu, sem þjóna á Vestur-Húnvetningum, sé með sína þjónustuskrifstofu á Hvammstanga, þar sem þjónustu- og verslunarmiðstöð héraðsins er, en þangað eiga allir sýslubúar erindi.

Í V-Húnavatnssýslu eru íbúar nú ca. 1400—1500, þeir mynda því nægilega stóra heild til að gera þá kröfu, að þeir þurfi ekki að sækja lögboðna þjónustu eins og þjónustu sjúkrasamlags í önnur héruð."

F. h. stjórnar Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu.

Þórður Skúlason
(formaður).

Fylgiskjal II.

Hvammstanga, 6. febr. 1976.

Til dómsmálaráðuneytisins, Reykjavík,
og sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps fer þess hér með á leit við dómsmálaráðuneytið og sýslumann Húnavatnssýslu að þessir aðilar hlutist til um, að nú þegar ráðinn verður nýr lögreglumaður til starfa við sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu, þá verði hann staðsettur á Hvammstanga.

Benda má á að með aukinni umferð, fólksfjölgun og umsvifum á Hvammstanga sé óforsvaranlegt að næsti lögreglumaður sé í 60 km fjarlægð. Þá má einnig minna á að á svæðinu frá Blönduósi til Borgarness er enginn lögreglumaður staðsettur og frá Blönduósi til endamarka lögsagnarumdæmisins að vestan er 100 km akstur en 40 km frá Hvammstanga, en stóraukin umferð um þjóðvegi krefst sífellt aukinna afskipta lögreglumanna.

Að vísu hefur nú um tíma verið staðsettur á Hvammstanga maður, sem vinnur starf lögreglumanns í aukavinnu, en engar líkur eru þó á að sá háttur geti orðið á til

frambúðar, vegna þess að nú þegar er starf þessa manns orðið það mikið að nær ómögulegt er að sinna því með öðru starfi. Laun þessa manns fyrir aukavinnu við löggæslu á s. l. ári námu rúmlega 600 þús. krónum.

Á Blönduósi hafa nú að undanförnu starfað tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Eðlilegra væri að í öllum þéttbýlisstöðum sýslunnar, Skagaströnd, Blönduósi og Hvammstanga, væri einn lögreglumaður á hverjum stað og mundi lögreglumaðurinn á Hvammstanga fyrst og fremst þjóna vestursýslunni. Þó Blönduós sé nokkru umsvifameiri staður en t. d. Hvammstangi ætti að vera auðvelt fyrir lögreglumenn á Blönduósi og Skagaströnd að hafa nána samvinnu ef á þarf að halda, vegna lítillar fjarlægðar á milli staðanna.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Hvammstangahr.

Þórður Skúlason.

Sþ. 371. Fyrirspurn [184. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

I.

1. Hvers vegna hefur ákvæðum laga um að skipta skuli iðgjöldum og framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs á sérreikninga einstakra verkalýðsfélaga ekki verið framfylgt?
2. Er ekki tímabært, að stjórn sjóðsins sé gert skylt að framkvæma þessi ákvæði laganna sem önnur til þess að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins fái glöggt yfirlit yfir framlag einstakra atvinnugreina og stéttarfélaga í myndun og þróun Atvinnuleysistryggingasjóðs?

II.

1. Hversu há hafa árleg framlög og iðgjöld verið til sjóðsins tímabilið 1968—1976?
2. Heildarupphæðir óskast sundurliðaðar eftir kjördæmum og stéttarfélögum.

III.

1. Hversu miklar hafa árlegar heildargreiðslur atvinnuleysisbóta verið tímabilið 1968—1976?
2. Hvernig skiptast þessar greiðslur eftir:
   a) kjördæmum,
   b) stéttarfélögum?

IV.

1. Hverjar voru heildargreiðslur fæðingarorlofs hjá Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1976?
2. Hvernig skiptast þessar greiðslur eftir stéttarfélögum?

V.

1. Hvernig hefur lánveitingum sjóðsstjórnar samkvæmt 22. gr. laga um Atvinnuleysistryggingasjóð verið háttað tímabilið 1968—1976?
2. Óskað er sundurliðunar á árlegum heildarlánveitingum þessarar tegundar og einnig eftir kjördæmum.
3. Á hvaða lánskjörum hafa þessi lán verið veitt og hvernig hafa þau innheimst?

Óskað er skriflegra svara við fyrirspurninni.

Sþ. 372. Fyrirspurn [185. mál]

til menntamálaráðherra um löggjöf um íslenska stafsetningu.

Frá Halldóri Blöndal.

Verður löggjöf um íslenska stafsetningu lögð fyrir þetta þing, sbr. þingsályktun frá 16. maí 1975?

Nd. 373. Tillaga um að vísa til ríkisstjórnarinnar [41. mál]

málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra.

Frá Ragnhildi Helgadóttur, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Pétri Sigurðssyni.

Með hliðsjón af því, að nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar vinnur að endurskoðun á lögum þeim sem gilda um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, er lagt til að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ed. 374. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 85 21. desember 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Síðari efnismálsgr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðastliðin áramót rann út frestur sá, sem ráðherra hafði heimild til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi áunnist í endurbyggingu sláturhúsa, er fyrirsjáanlegt, að enn um sinn verður að leyfa slátrun í ólöggiltum húsum, þar sem slátrun verður framkvæmd á viðunandi hátt að mati yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis.

Ber því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum.

Sþ. **375. Tillaga til þingsályktunar** [187. mál]

um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sem miði að því að henni verði skipt í tvær deildir: Austurlands- og Vestfjarðadeild með aðsetri á Reyðarfirði og Ísafirði.

Skal tekið mið af tillögum stofnananefndar um þetta frá árinu 1975 og þegar á næsta þingi lagt fram frumvarp hér að lútandi.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þessarar tillögu hefur af eigin reynslu verið það ljóst lengi, að bæta yrði þjónustu Skipaútgerðar ríkisins við landsbyggðina og um leið gera átak til að skipuleggja þannig heildarstarfsemina hjá stofnuninni að henni yrði gert þetta kleift.

Hér er um veigamikinn þátt að ræða í almennri aðstöðujöfnun, þar sem vörudreifing til landsbyggðarinnar og um leið ráðstafanir til minni flutningskostnaðar og lægra vöruverðs. En þar þarf fleira til að koma og að því lýtur þessi tillögugerð. Raunar hafa báðir flm. reifað þessa hugmynd áður á Alþingi, ýmist með tillögum um skipakaup eða beinum hugmyndum um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins sem lið í dreifingu opinberra stofnana og stjórnsýslu.

Um það, hversu raunhæf þessi deildaskipting yrði, fer mest eftir framkvæmdinni og því, hver vilji forráðamanna er til að vinna að verkefninu og endurskipuleggja alla starfsemi og rekstur út frá þessu sjónarmiði. Það er hins vegar ótvírætt skoðun flm., að auk þeirrar þýðingar, sem deildaskiptingin hlýtur að hafa fyrir viðkomandi byggðarlög, þá sé margvíslegt hagræði að aukinni hlutdeild heimaaðila í rekstrinum til hagsbóta fyrir íbúða þessara svæða.

Ef rétt er að málum staðið efast flutningsmenn ekki um þjóðhagslega jafnt sem byggðalega hagkvæmni af þessari skipan, svo sem nánar verður greint frá í framsögu.

Höfuðrök sín sækja flm. hins vegar í einróma álit stofnananefndar frá árinu 1975 um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins, en þar segir svo orðrétt:

„Skipaútgerð ríkisins skiptist í strandferðadeild, landhelgisgæsludeild og hafrannsókna- og fiskirannsóknadeild; tvær síðarnefndu deildirnar annast skipakost viðkomandi stofnana og tengjast því fyrst og fremst starfsemi þeirra. Nefndin fjallar þess vegna hér fyrst og fremst um strandferðadeild sem aðallega fæst við vöruflutninga til og frá landsbyggðinni, einkum Vestfjörðum og Austfjörðum. Starfsemi Skipaútgerðar ríkisins hefur dregist mjög saman á síðari árum og þjónar stofnunin nú aðallega þessum tveimur landshlutum. Þar eð þessi tegund starfseminnar er einkum hagsmunamál tveggja landshluta leggur nefndin til að strandferðadeild verði skipt í tvo hluta, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild, sem fái aðsetur á Ísafjarðarsvæði og Austfjarðasvæði. Deildirnar fái hvor fyrir sig ákveðin skip til umráða sem annist flutninga innan þessara landshluta og við aðra landshluta, einkum Reykjavík og Akureyri. Deildum verði veitt verulegt sjálfstæði við rekstur skipanna. Í Reykjavík verði áfram afgreiðsla og vörugeymsluhús. Nefndin telur eðlilegt að sú starfsemi, sem einkum á að þjóna ákveðnum landshlutum, hafi aðsetur í þeim. Nefndin leggur jafnframt til að aðrir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafi óbreyttan aðsetursstað. Gera má ráð fyrir að við skiptingu strandferðadeildar muni auk áhafna skipanna 5—10 menn fylgja hvorri deild, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild. Nefndin telur að slíkur flutningur muni færa stjórn flutninganna nær hagsmunum viðkomandi landshluta og þannig hafa fjölþætt áhrif á viðgang marg-

vislegrar starfsemi á þessum svæðum. Kostnaður við slíkar breytingar væri einkum fólginn í útvegun skrifstofuhúsnæðis. Á móti kæmi minni þörf stofnunarinnar fyrir slíkt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu."

Á það má benda, að einn þeirra nefndarmanna, er að þessu áliti standa, er núverandi forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, en mjög væri eðlilegt að fela byggðadeildinni að vinna að þessu verkefni ásamt viðkomandi ráðuneyti og stofnuninni sjálfri.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Nd. 376. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Við 7. gr. 2. mgr. hljóði svo:
   Eigi er heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna, skotfæra eða sprengiefna nema með sérstöku leyfi dómsmálaráðherra, sem setur frekari reglur um innflutning greindra efna og tækja.
2. Við 14. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Handhöfum skotvopnaleyfa ber að endurnýja leyfi sín á 10 ára fresti og gera þá grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem þeir hafa leyfi til að fara með.
3. Eftir 14. gr. komi ný gr., sem verði 15. gr. og hljóði svo:
   Skotvopnaleyfi skal greiða með grundvallarverði meðaldilks að hausti, og skal gjald þetta renna í sjóð sem varið skal til námskeiða í meðferð skotvopna. Skal gjaldið ákveðið skv. þessu hinn 1. nóv. ár hvert fyrir fram. Námskeið í meðferð skotvopna skulu lögreglustjórar halda árlega í septembermánuði. Skal það standa einn dag og eigi skemur en átta klukkustundir. Í lok þess ganga nemendur undir hæfnipróf.
4. Við 15. gr. (sem verður 16. gr.).
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Nýr liður 2. mgr., er verði 2. liður, hljóði svo:
      Hefur sótt námskeið lögreglustjóra í meðferð skotvopna.
   c. 3. liður 2. mgr. (sem verður 4. liður) hljóði svo:
      Hefur staðist hæfnipróf í lok skotvopnanámskeiðs, er andlega heilbrigður og er að öðru leyti hæfur til að fara með skotvopn.
5. Við 23. gr. (sem verður 24. gr.) bætist: í samráði við sérfróða menn.
6. Við 32. gr. (sem verður 33. gr.). Upphaf 3. mgr. hljóði svo:
   Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt o. s. frv.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Eftir 1. málsl. 1. tölul. komi:
   Fyrir leyfin skal greitt skv. 15. gr. Skulu fyrrverandi leyfishafar sýna þekkingu sína á meðferð þeirra vopna, sem þeir sækja um leyfi til, en eru undanþegnir ákvæði 16. gr. um að hafa sótt námskeið.

Nd. 377. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. mars 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Halldór Blöndal.
Þórarinn Þórarinsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.

Nd. 378. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið til fundar við sig Davíð Ólafsson seðlabankastjóra og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra, sem veittu ýmsar upplýsingar varðandi málið.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. mars 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Halldór Blöndal.
Þórarinn Þórarinsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.

Ed. 379. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 16 1958.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tíma- eða vikukaupsmaður telst hafa verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1500 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 125 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn.

2. gr.

Í stað „150 klukkustundum á mánuði" í 3. gr. laganna komi: 125 klukkustundum á mánuði.

Greinargerð.

Lög þessi, sem tryggja verkafólki mánaðar uppsagnarfrest og 14 daga veikindaleyfi með óskertum launum, ef það hefur unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, voru á sínum tíma miðuð við 48 stunda vinnuviku. Í lögunum er „eitt ár í vinnu hjá sama atvinnurekanda" skilgreint sem a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Eftir að vinnuvikan var stytt í 40 stundir hefði þurft að breyta þessum ákvæðum laganna til samræmis. En það hefur enn ekki verið gert, og kemur það sér illa fyrir verkafólk í sumum tilvikum. Er því ekki seinna vænna að þessum lagaákvæðum verði breytt til samræmis við gildandi samninga.

Sþ. **380. Tillaga til þingsályktunar** [189. mál]

um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglur um launakjör hreppstjóra.

Greinargerð.

Í 7. gr. laga um hreppstjóra frá 1965 segir svo:

„Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði í hlutfalli við íbúatölu umdæmisins miðað við 1. desember næsta ár á undan. Reiknast launin þannig, að í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7 500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8 400 kr. o. s. frv., þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa."

Í 8. gr. laganna segir jafnframt:

„Nú verða almennar breytingar á launum starfsmanna ríkisins og er fjármálaráðherra þá heimilt að breyta launum hreppstjóra að sama skapi."

Laun hreppstjóra árið 1976 voru eins og hér segir:

1— 100 íbúar	.....	63 503 kr/ár
100— 150 íbúar	.....	71 156 kr/ár
150— 200 íbúar	.....	78 845 kr/ár
....		
501— 550 íbúar	.....	132 115 kr/ár
....		
1001—1050 íbúar	.....	207 702 kr/ár

Nemur hækkun um hverja 50 íbúa um 7 570 kr.

Í 250—300 íbúa þorpi er þóknun sú, sem hreppstjóri fékk 1976, um 94 185 kr. eða 1811 kr. á viku. Nær vikuþóknun e. t. v. fjögra tíma kaupi verkamanns.

Skyldur hreppstjóra eru ákveðnar í sömu lögum.

Hreppstjóri er ábyrgur gagnvart sýslumanni. Fyrst og fremst fer hann með hvers konar löggæslu í sínu umdæmi, ef þar er ekki lögreglustjóri og lögregla. Auk þess annast hann iðulega innheimtu í umboði sýslumanns. Fara stundum miklar fjárhæðir um hendur hreppstjóra í litlum hreppum. Það mun vera algjörlega á valdi sýslumanns, hvort hreppstjórar fái einhverja þóknun fyrir slíka innheimtu, og mun það raunar vera fátítt.

Störf hreppstjóra eru að sjálfsögðu mjög breytileg eftir því, hvort um rólegan sveitahrepp er að ræða eða útgerðarstað þar sem annir eru miklar, hreyfing mikil á fólki og stundum óregla og róstusamt. Á slíkum stöðum getur hreppstjóri átt von á því að þurfa að starfa alla daga, jafnt á virkum dögum sem á helgidögum, jafnt á degi sem nóttu.

Athugull hreppstjóri í sjávarþorpi af þeirri stærð, sem að ofan er nefnt, hefur áætlað, að meðalvinnutími sé u. þ. b. 4 tímar á dag. Er þá tímakaupið u. þ. b. 90 kr.

Störf hreppstjóra eru ákaflega mikilvæg, ekki síst í sjávarþorpum, þar sem löggæsla er ekki önnur. Til slíkra starfa verða að veljast hæfir og ábyggilegir menn. Þótt það hafi í flestum tilfellum tekist, stuðlar sú þóknun, sem greidd er í dag, ekki að því. Er því lagt til með þessari þingsályktunartillögu, að þóknunin verði endurskoðuð og m. a. metin eftir umfangi starfsins á hverjum stað.

Ed. **381. Frumvarp til laga** [190. mál]

um breyting á lögum nr. 97 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Stefán Jónsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður:

7) að fara með stjórn Fiskeldissjóðs, sbr. VII. kafla laga þessara.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð og Fiskeldissjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim.

3. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði, Byggðasjóði og Fiskeldissjóði og annast athugun þeirra.

4. gr.

2. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Handbært fé Framkvæmdasjóðs, Byggðasjóðs og Fiskeldissjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Á eftir 33. gr. laganna komi ný grein (sem verður 34. gr) í nýjum kafla (sem verður VII. kafli) með fyrirsögninni **Um Fiskeldissjóð.** Greinin orðist svo:

Fiskeldissjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

6. gr.

Við bætist ný grein sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur Fiskeldissjóði til 600 milljónir króna með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1978.

7. gr.

Við bætist ný grein er verður 36. gr., svo hljóðandi:

Fiskeldissjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskeldissjóðs. Nú tekur Fiskeldissjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

8. gr.

Við bætist ný grein er verður 37. gr., svo hljóðandi:

Hlutverk Fiskeldissjóðs er að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsókna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.

9. gr.

Við bætist ný grein er verði 38. gr., svo hljóðandi:
Ákvæði 24. gr. ná einnig til Fiskeldissjóðs.

10. gr.

35. gr. laganna (sem verður 40. gr.) orðist svo:
Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður, Fiskeldissjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjón með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hafa aðrar þjóðir, svo sem sovétmenn, japanir, bretar og norðmenn, þegar byrjað fiskaeldi í sjó með góðum árangri. Eru þegar tiltækar upplýsingar um niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði og um árangur þar sem fiskirækt hefur verið komið upp á grundvelli þeirra. Nefna má laxeldi sem norðmenn stunda nú í sjó með furðugóðum árangri og nýta úrgang frá fiskiðjuverum til fóðrunar. Hefur nýting þessa ódýra fóðurs verið með ólíkindum drjúg, þannig að fjögur til sex kílógrömm af fiskúrgangi nægja til framleiðslu á einu kílógrammi af laxi. Miðað við núgildandi verðlag á þessu fóðri og markaðsverð á laxi mun óhætt að fullyrða, að í engri grein búskapar sé fóðurkostnaður jafnlítill og í fiskaeldi, enda mun fiskúrgangurinn, sem norðmenn nota í þessu skyni, gefa meira verð en sjálf matvaran sem fiskiðjuverin framleiða úr fiskinum.

Ljóst er að hér á landi fellur til fiskúrgangur, sem nægja mundi til framleiðslu þúsunda lesta af dýrmætum matfiski — og ef reiknað væri með hagnýtingu loðnu í þessu skyni, þá til framleiðslu á tugþúsundum lesta af laxi. Tilraun, sem gerð hefur verið hérlendis á vegum Fiskifélags Íslands til laxeldis í sjó, bar ekki þann ávöxt sem menn gerðu sér vonir um, enda var til hennar stofnað af vanefnum í ýmsum skilningi. Þó má til sanns vegar færa að þar hafi ekki með öllu verið til einskis unnið, því sannreynt var að sjór á svæðinu frá Austfjörðum norður um landið alla leið í Hvalfjörð er of kaldur til þess að þar verði stunduð laxfiskarækt svo einhlítt sé, þar eð fiskurinn horast á vetrum og nær ekki að vaxa. Þetta á við um allt strandsvæðið þar sem firðir og vogar bjóða upp á nauðsynlegt skjól fyrir haföldu til þess að haga mætti fiskaeldinu með svipuðum hætti og þeim, sem norðmenn hafa upp tekið, og er því sýnt að hér verðum við að bregða á annað ráð. Nú hafa verið gerðar merkilegar tilraunir á þessu sviði af hálfu líffræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við embætti veiðimálastjóra, um áhrif umhverfisþátta á vöxt og þroska laxfiska. Er þar um undirstöðurannsóknir að ræða, en fjárskortur stendur í vegi fyrir því, að þeim tilraunum verði lokið, og torveldar jafnframt uppsetningu þeirra eldisstöðva sem nauðsynlegar eru til sannprófunar á niðurstöðum tilraunanna.

Fyrrgreindar tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu íslenskra líffræðinga, hafa meðal annars beinst að kynblöndun laxfiska þeirra sem best sameina vaxtarhraða og saltþol tveggja tegunda, og einnig að því, hvert vera muni æskilegt hlutfall seltu og hitastigs eldisvatnsins.

Enda þótt lokaniðurstöður fyrrgreindra rannsókna liggi ekki fyrir þykja líkur benda til þess, að fiskaeldi með þessum hætti nái ekki fullri hagkvæmni annars staðar en þar sem hægt er að hita upp sjóinn, annað hvort með jarðvarma eða heitu afrennslisvatni frá fiskiðjuverum, og þá jafnframt að stjórna seltustigi aðrennslisvatnsins. Hins vegar hagar svo til mjög víða að tiltækt er heitt vatn í þessu skyni.

Við flest fiskiðjuverin utan jarðhitasvæðanna er bæði aðstaða til að koma upp eldisþróm og nægilegt vatn frá vélum til þess að halda honum volgum, og má nú heita að ekki vanti nema þann herslumun sem fjárveitingavaldið eitt getur látið í té, til þess að hægt sé að hefja hér fiskirækt í stórum stíl víðs vegar um landið.

Sem fyrr segir hafa tilraunir þær, sem gerðar hafa verið af sérfræðingum hérlendis, fyrst og fremst beinst að eldi lax og silungs, en líkur benda til þess að þeirra dómi að hægt sé að rækta á sama hátt í stórum stíl ýmiss konar verðmæt skeldýr og krabbadýr, og hentaði sá búskapur vel með eldi fyrrgreinds sporðfénaðar. Auk þess liggja fyrir upplýsingar um tilraunir erlendis með ræktun ýmissa verðmætra sjávarfiska, sem vel mundu henta til eldis hér á landi og þá einkum, sem að líkum lætur, á þeim svæðum þar sem tiltækur er heitur jarðsjór. Í þessu sambandi er eðlilegt að hugleiða sérstaklega möguleika á því að nýta jarðsjó þann sem til mun falla í sambandi við fyrirhugaða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi — og geta má þess að líkur þykja benda til þess að álíka aðstaða muni vera til fiskiræktar í Öxarfirði norður.

Sþ. 382. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um samræmt framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp um stofnun framhaldsskóla á Norðurlandi vestra með fjölbrautasniði. Skólastarfið fari fram á nokkrum stöðum í fræðsluumdæminu og verði byggt upp sem ein heild með náinni samvinnu og verkaskiptingu milli skólastaða. Stefnt skal að því, að sem flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins, sem annars staðar er að finna í menntaskólum, iðnskólum, vélskóla, tónlistarskólum eða öðrum sérskólum, verði stundaðar á a. m. k. einum þessara skólastaða.

Samræmt fjölbrautanám á Norðurlandi vestra með eðlilegri verkaskiptingu milli skólastaða miðist við eftirtalin meginsvið:

I. Á tveimur skólastöðum sé starfrækt **bóknámsbraut,** á öðrum til tveggja ára og á hinum til fjögurra ára, er samsvari menntun til stúdentsprófs, og skiptist í nokkrar námsbrautir, eftir því sem aðstæður leyfa, t. d. tungumáladeild, raungreina- og náttúrufræðideild.

II. **Iðn- og tæknibraut** skiptist milli skólastaða, eftir því sem hagkvæmast þykir, t. d. þannig að sjómennska, matvælatækni, vélstjóranám og annað það iðn- og tækninám, sem tengdast er siglfirsku atvinnulífi, hafi aðsetur þar, en flestir aðrir þættir iðnfræðslunnar verði á Sauðárkróki, eins og þegar hefur verið ákveðið.

III. Á einum skólastaðnum verði **viðskipta- og verslunarbraut** sem samsvari fjögurra ára námi, en á öðrum verði um að ræða tveggja ára nám.

IV. Á öllum skólastöðunum geti nemendur stundað bóknámsþætti **námsbrauta í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði,** en að öðru leyti fari námið fram í búnaðar- og hússtjórnarskólum að Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi. Skal við það miðað, að þessar námsbrautir verði ekki lengur sem einangraðar blindgötur í skólakerfinu, heldur verði séð til þess, að nemendur geti haldið námi áfram á framhaldsskólastiginu að þessum áfanga loknum.

V. **Námsbrautir á sviði lista** skiptist milli skólastaðanna, eftir því sem aðstæður leyfa, og kemur þar einkum til greina tónmennt, myndlist og önnur handmennt.

Vegna fámennis og margbreytileika námsins verði skólastarfið skipulagt í áfangakerfi, sem sameini námshópa úr ýmsum námsbrautum án tillits til hefðbundinnar bekkjaskiptingar og geri framkvæmanlegt að fá sérmenntaða kennara til að fara milli skólanna og standa fyrir námskeiðum.

Um kostnað við stofnun og rekstur fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra skal fylgt þeim ákvæðum, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Skólaráð skal fara með stjórn fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra í samvinnu við skólastjóra og undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Skólaráð skal skipað eftir tilnefningu fræðsluráðsins á Norðurlandi vestra. Jafnframt skulu nemendur árlega tilnefna fulltrúa í skólaráð.

Greinargerð.

Í tillögu þessari felst veruleg breyting frá fyrra skipulagi á framhaldsskólafræðslu í anda þeirrar stefnu, sem kennd hefur verið við fjölbrautanám. Fordæmi er fengið með lögunum um fjölbrautaskóla, sem fyrst og fremst eru miðuð við stofnun tilraunaskóla í Reykjavík. Hins vegar hefur þessi nýja skipan skólamála ekki enn verið útfærð á landsmælikvarða. Ljóst er, að meðan það hefur enn ekki verið gert, er lítil von til þess, að skólamál í einu af minni kjördæmum landsins verði skipulögð á þennan veg. Meðal annars þess vegna hef ég nokkrum sinnum flutt hér á Alþingi ásamt Helga F. Seljan tillögu til þingsályktunar um skólaskipan á framhaldsskólastigi, þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa frumvarp, er leggi grundvöll að samræmdum framhaldsskóla. En ástæðurnar til þess, að ég flyt sérstaka tillögu um skólamál á Norðurlandi vestra, eru þessar:

Ég vil minna á, að enda þótt enn sé ekki unnt að stunda nám, er leiði til stúdentsprófs, á Norðurlandi vestra, er full ástæða til þess að svo verði í framtíðinni. Ég vil vekja athygli skólayfirvalda og heimamanna á nauðsyn þess, að unnið sé að þessu markmiði á skipulegan hátt, og ég tel sérstaka þörf á því, þar sem Norðurland vestra á í hlut, því að í engu öðru kjördæmi landsins er uppbyggingarstarf fræðslumála á framhaldsskólastigi jafnskammt á veg komið. Má nefna því til sönnunar, að í öllum öðrum kjördæmum er menntaskólanám ýmist stundað eða a. m. k. í undirbúningi, og á fjárlögum er fé veitt til iðnskólabygginga í öllum kjördæmum öðrum en á Norðurlandi vestra. Ég tel, að skólastarf á framhaldsskólastigi eigi að færast heim í héruðin í miklu ríkara mæli en nú er, og fyrir Norðurland vestra, þar sem hvort eð er þarf að byrja svo að segja frá grunni, liggur beinast við, að ekki verði um að ræða menntaskólanám með hefðbundnu sniði, heldur verði nú stefnt að alhliða fjölbrautanámi, sem skipulagt verði á svæðinu öllu sem einni heild.

Ef til vill spyr einhver, hvort Norðurland vestra sé ekki of fámennt til að standa undir menntaskólanámi — hvað þá enn margbreytilegra námi fjölbrautaskólans. Því er til að svara, að aldursárgangar barna á Norðurlandi vestra eru svipaðir að stærð og á Vestfjörðum og Austurlandi, en í báðum þessum kjördæmum verða menntaskólar starfandi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Með því hefur Alþingi viðurkennt í reynd, að sífelld samþjöppun framhaldsnáms á höfuðborgarsvæðinu sé óæskileg og í þess stað verði að byggja upp menntunaraðstöðu á framhaldsskólastigi í öllum kjördæmum landsins.

Óneitanlega fylgir því nokkur sparnaður að hafa skólana mjög fáa og að sama skapi stóra. En þar á móti kemur, að þá þarf að byggja þeim mun fleiri heimavistir, sem eru mjög dýrar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Uppeldisfræðilegir og félagslegir ókostir þess að safna saman mestöllu framhaldsskólanámi á örfáa staði á landinu eru augljósir. Frá sjónarmiði byggðastefnu er einmitt mjög mikilvægt að reyna að halda unga fólkinu sem lengst í grennd við heimahéruð, því að reynslan

sýnir, að því yngri sem unglingar neyðast til að hverfa að heiman til náms í öðrum landshlutum, þeim mun meiri eru líkurnar á því, að þeir aðlagist endanlega nýju umhverfi og slitni úr tengslum við heimabyggð sína.

Að sjálfsögðu eru ákveðin takmörk fyrir því, hve mikið má dreifa skólastarfinu. Skólastaðir mega ekki verða fleiri en svo, að unnt sé að byggja upp nægilega stórar skólaeiningar. **Í tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að miðstöðvar fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra verði á fleiri en einum stað, m. a. í þeim tilgangi að viðhalda tengslum nemenda við heimaslóðir eins lengi og unnt er, með því að gera sem flestum nemendum fært að sækja framhaldsskóla, gangandi eða akandi að heiman. Er hugsanlegt að aðalskólastaðir gætu orðið tveir eða þrír, en afmarkaðir þættir skólastarfsins færu jafnframt fram í nokkrum öðrum skólum. Helstu skólastaðir, sem einkum koma til greina, m. a. með hliðsjón af staðháttum, eru Siglufjörður, Sauðárkrókur, Blönduós og Reykir í Hrútafirði.**

Skal nú vikið nánar að nemendafjöldanum.

Að meðaltali eru nú um 237 börn í hverjum aldursárgangi á Norðurlandi vestra. Sett hefur verið fram spá um skólasókn unglinga að loknum grunnskóla og er þar um að ræða hámarksspá, sem vafalaust verður ekki að veruleika úti um land fyrr en að nokkrum árum liðnum. Miðað við þessa spá yrði nemendafjöldi á Norðurlandi vestra á hverju skólaári framhaldsskólastigsins sem hér segir:

1. ár framhaldsskóla	85%	árgangs	202 nemendur
2. ár —	70%	—	166 —
3. ár —	55%	—	130 —
4. ár —	30%	—	71 —
Samtals á framhaldsskólastigi			569 nemendur

Þessi fjöldi nemenda, 569, er rétt um 60% af fjórum aldursárgöngum á barnaskólastigi kjördæmisins. **Til þess að átta sig betur á því, hvort fyrrnefnd spá er raunhæf, má geta þess, að á skólaárinu 1973—74 voru á öllu landinu 11550 nemendur í skólum, sem samsvara munu væntanlegu framhaldsskólastigi, þegar grunnskólalögin eru komin í framkvæmd, og eru það tæp 64% af fjórum aldursárgöngum barnaskólanna. Ef frá er talið nám, sem ekki getur orðið í fjölbrautaskólum úti um land, t. d. kennaranám, hjúkrunarnám eða efri bekkir tækniskóla, er samsvarandi hlutfall tæp 57%. Það virðist því alls ekki óraunhæft, að með auknu framhaldsskólastarfi heima í héruðum muni 60% af 16—19 ára unglingum sækja þar skóla.**

Fyrir þremur árum samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun fiskvinnsluskóla í Siglufirði, en hún hefur þó ekki enn komið til framkvæmda af einhverjum ástæðum.

Með verkaskiptingu og góðri skipulagningu virðist fullkomlega raunhæft að skipta námi 500—600 nemenda væntanlegs fjölbrautaskóla á tvo eða þrjá aðalskólastaði, en af þeim yrðu 50—60 við verklegt nám í bænda- eða húsmæðraskólum. Í tillögunni er þó á það minnt, að því aðeins er þessi dreifing á marga skólastaði möguleg, að kennslan verði ekki bundin í viðjar hefðbundinnar bekkjaskiptingar, heldur verði námstilhögun eins sveigjanleg og kostur er og byggð á áfangakerfi og stuttum námskeiðum.

Sþ. **383. Tillaga til þingsályktunar** [192. mál]

um stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Lúðvík Jósepsson, Sigurður Magnússon, Stefán Jónsson, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að nauðsynlegt sé að beina nýtingu orkulinda landsins að eflingu innlendra atvinnuvega og stemma stigu við auknum áhrifum erlendra aðila í íslensku efnahagslífi og leggur því áherslu á eftirfarandi markmið í orku- og iðnaðarmálum:

Tekin verði upp fyrri áform um uppbyggingu nýiðnaðar víðs vegar um land og þegar hafin áætlunargerð fyrir tímabilið fram til 1990 um nýtingu innlendra orkugjafa og stofnun íslenskra iðnfyrirtækja sem nota verulega orku. Miða ber við iðnað í höndum landsmanna sjálfra, sem fær sé um að greiða viðunandi verð fyrir orkuna. Forgang hafi iðnaður, sem byggir á innlendum aðföngum.

Sérstakt kapp verði lagt á samtengingu raforkukerfisins, m. a. með stofnlínu til Vestfjarða, svo og á nauðsynlega uppbyggingu dreifikerfisins.

Heimild til byggingar orkuvers verði háð því skilyrði, að orkan verði eingöngu nýtt á almennum markaði og í þágu innlendrar atvinnuþróunar. Núverandi framkvæmdaáætlanir um virkjun Hrauneyjafoss, sem miðast við aukna orkusölu til álversins í Straumsvík, verði endurskoðaðar í samræmi við þetta grundvallarviðhorf og breytt á þann veg, að þær falli að væntanlegri raforkuþörf vegna fyrrnefndrar áætlunar um eflingu innlends iðnaðar.

Meðan þessi áætlun hefur ekki komið til framkvæmda verði undirbúnar og reistar nokkrar virkjanir af miðlungsstærð (20—70 mw.), meðal annars á Austurlandi og Norðurlandi vestra. Virkjanir þessar taki til starfa í þeirri röð, sem best hentar raforkukerfi landsins, á árabilinu 1981—1984 í samræmi við áætlanir um orkuþörf á landinu öllu. Hraðað verði könnun á virkjunarmöguleikum á Vestfjörðum og athugun á því, hvort hagkvæmt teldist að reisa jarðvarmavirkjun á Reykjanesskaga.

Stefnt verði að samruna Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og annarra stórra orkufyrirtækja í eitt orkuöflunarfélag, Íslandsvirkjun, er annist byggingu virkjana og samrekstur allra helstu orkuvera landsins og selji jafnframt orkuna á sama verði um allt land til dreifingaraðila. Íslandsvirkjun skal starfrækt í deildum eftir landshlutum með þátttöku allra sveitarfélaga til að tryggja eðlileg áhrif heimamanna á stjórn hennar.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar miðar að því, að mótuð verði önnur stefna í orku- og iðnaðarmálum en nú er fylgt, og verði framkvæmdir í orkumálum á næstu árum miðaðar við þarfir innlendra atvinnuvega, en ekki við áform um erlenda stóriðju. Þess vegna er hér lagt til;

að gerð verði iðnþróunaráætlun fram til ársins 1980;
að samtengingu raforkukerfisins verði hraðað;
að áætlanir um Hrauneyjafossvirkjun verði endurskoðaðar;
að reistar verði miðlungsstórar virkjanir í nokkrum landshlutum;
að öll helstu raforkufyrirtæki landsins verði sameinuð.

Orkuframkvæmdir í samræmi við innlendar þarfir.

Samkvæmt orkuspám Orkustofnunar er útlit fyrir, að orkuþörf landsmanna til heimilisnota, rafhitunar og almenns iðnaðar aukist um rúmlega 130 gwst. á ári næsta áratuginn, miðað við enga nýja stóriðju eftir hugsanlega byggingu málmblendiverksmiðjunnar, eða um 27—30 mw. á ári. Samsvarandi tölur fyrir Landsvirkjunarsvæðið eru um 77 gwst. og 15—18 mw. á ári.

Útlit er fyrir, að núverandi orkukerfi ásamt Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun anni ekki eftirspurn á mestu álagstímum árið 1981 hvað aflið snertir, en orkuvinnslugeta kerfisins (3880 gwst.) yrði þó nægileg fram í árslok 1982. Má því segja, að ekki sé brýn þörf á nýrri virkjun fyrr en á árinu 1982. Fari hins vegar svo, að Kröfluvirkjun skili ekki fullum afköstum árið 1982, er þörf á nýrri virkjun þeim mun fyrr. [1])

Í lok desembermánaðar s. l. heimilaði ríkisstjórnin stjórn Landsvirkjunar að hefja undirbúning að byggingu 140 mw. stórvirkjunar við Hrauneyjafoss í Tungnaá, sem mun framleiða 800—900 gwst., en virkjunin er hönnuð fyrir 210 mw. aflgetu (925 gwst.). Áformað er, að virkjunin taki til starfa árið 1980 eða 1981.

Ljóst er, að til almennrar notkunar á Landsvirkjunarsvæðinu endist Hrauneyjafossvirkjun 12 ár. Þessi virkjunaráfangi er því óeðlilega stór fyrir almennan markað á Suðvesturlandi og nýting virkjunarinnar er allt of léleg fyrstu árin, nema annað komi til.

Ef virkjunin er ætluð fyrir landið allt í samtengdu dreifikerfi er hún fullnýtt á 7 árum, eftir að hún fer af stað. Þannig hugsuð á virkjunin rétt á sér fyrr eða síðar, þar sem hér er um mjög hagkvæma virkjun að ræða. Hins vegar er alls ekki þar með sagt, að tímabært sé að ráðast í svo stóran virkjunaráfanga.

Samtenging hinna ýmsu landshluta í eitt dreifikerfi er nauðsynlegt framfaraspor, sem gerir kleift að miða ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir við heildarhagsmuni landsmanna og þarfir sameiginlegs orkukerfis. Hins vegar er ekki hyggilegt að treysta eingöngu á orkuflutninga um langan veg yfir heiðar og fjöll, og því er ljóst, að á fyrri hluta næsta áratugs verður að byggja nýjar grunnaflsstöðvar í öðrum landshlutum en á Suðvesturlandi, m. a. óhjákvæmilega á Austfjörðum og Vestfjörðum. Það er því óhugsandi, að með byggingu Hrauneyjafossvirkjunar sé ætlunin að slá öllum öðrum virkjunaráformum á frest um langa framtíð.

Að þessu athuguðu er ljóst, að með ákvörðun um Hrauneyjafossvirkjun er stefnt að því að selja a. m. k. 50—70% af orkunni til stóriðju. Þar sem ekkert liggur fyrir um, hvers konar stóriðju hér er um að ræða, með hvaða skilyrðum hún er sett á fót eða hvað hún greiðir fyrir orkuna, virðist þessi ákvörðun um Hrauneyjafossvirkjun ótímabær og órökstudd.

Bersýnilegt er, að með því að hefja nú byggingu Hrauneyjafossvirkjunar, án þess að fyrir liggi nokkur áætlun um notkun orkunnar til innlendra þarfa, er viljandi og af ráðnum hug verið að skapa það ástand í orkumálum, sem kallar tafarlaust á stóran orkunotanda, og þannig virðist verið að undirbúa jarðveginn fyrir nýtt stóriðjuævintýri á vegum erlendra auðfélaga. Reyndar hefur Gunnar Thor-

1) Í fylgiskjali III er birt nýjasta spá orkuspárnefndar um afl- og orkuþörf fram til 2000. Þar er aflþörf alls landsins án varaafls árið 1981 talin 581 mw., en aflgeta samtengds kerfis án varafls, þegar Krafla og Sigalda skila fullu afli, er talin 602 mw.

Í fylgiskjali IV eru birtar upplýsingar frá orkumálastjóra um það miðaðar við nýja orkuspá, hvenær Sigöldu- og Kröfluvirkjanir teljast fullnýttar. Við þessa útreikninga er aflþörfin miðuð við 20% varaafl til viðbótar áætlaðri aflþörf. Eins og fram kemur í bréfinu er árið 1980 talið seinasta árið sem nægilegt afl er í samtengdu kerfi miðað við þessar forsendur. Árið eftir, 1981, er aflþörfin talin 697 mw., en aflgetan með uppsettu varaafli 692 mw., og er ekki talin þörf á nýrri virkjun fyrr en árið 1982 miðað við þessar forsendur.

Í fylgiskjali V er birt teikning af nýju orkuspánni, en inn á teikningu orkuspárnefndar er færð orkuvinnslugeta Kröflu- og Sigölduvirkjunar. Með brotnum línum er sýnd orka Hrauneyjafossvirkjunar (925 gwst.) og tveggja miðlungsvirkjana, 2×150 gwst.

oddsen iðnaðarráðherra gefið ótvírætt í skyn í nýfluttum sjónvarpsþætti að verið sé að undirbúa byggingu þriðja kerskálans í Straumsvík, sem miðist við orkusölu frá Hrauneyjafossi.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja óhjákvæmilegt að ætlanir um byggingu Hrauneyjafossvirkjunar verði teknar til endurskoðunar, meðan innlend iðnþróunaráætlun er undirbúin, en jafnframt verði að því stefnt að reisa nokkrar miðlungsstórar virkjanir, ca. 20—70 mw. að stærð hver um sig. Virkjanirnar komi í gagnið með eins til tveggja ára millibili og falli þannig eðlilega að væntanlegri orkuþörf. Verði röð þessara virkjana ákveðin með heildarþarfir orkukerfisins í huga og að því stefnt, að hver virkjun verði fullnýtt í þágu orkukerfisins um land allt, þegar sú næsta tekur við.

Sú mótbára kann að verða borin fram gegn efni þessarar tillögu, að eina virkjunin, sem geti orðið tilbúin árið 1981, þegar orkuskortur fer að gera alvarlega vart við sig, sé Hrauneyjafossvirkjun. Þetta er þó rangt. Fyrir liggur hönnunaráætlun um Bessastaðaárvirkjun í Fljótsdal (32 eða 64 mw.), og er áætlað, að hún geti hafið vinnslu í árslok 1980 eða ekki síðar en árið 1981. Sama gildir um Jökulsárvirkjun í Skagafirði (32 mw.), sem þó þyrfti ekki að vera tilbúin fyrr en 1983. Rannsaka þarf virkjunarmöguleika á Vestfjörðum og kemur m. a. til álita að reisa virkjun í Vatnsfirði (20 mw.) eða virkjun Fjallfoss í Dynjandisá (8.3 mw.).

Sennilega er æskilegt að fá nýja virkjun á Suðvesturlandi þegar á árinu 1982. Ekki virðist þó tímabært að Hrauneyjafossvirkjun komi þá inn í orkukerfið með 140 mw., þar sem undirbúningur að nýtingu svo gífurlega mikillar orku til innlendra þarfa verður tæpast nægilega langt kominn. Eðlilegast er að ráðast í meðalstóra virkjun, 20—70 mw., og gæti það annað hvort verið 1. áfangi Hrauneyjafossvirkjunar, 70 mw., eða jarðvarmavirkjun á Reykjanesskaga, t. d. í tengslum við Hitaveitu Suðurnesja hjá Svartsengi.

Önnur veigamikil ástæða til þess, að eðlilegt er að endurskoða núverandi virkjunaráform, er áhættan, sem því fylgir að velja öllum stærstu virkjunum landsins stað á virku eldfjallasvæði.

Með þessu er ekki sagt, að afskrifa beri frekari virkjanir á eldfjallasvæðinu, en hyggilegt virðist að taka ekki óþarflega mikla áhættu á þessum slóðum. Flutningsmenn þessarar till. telja því nauðsynlegt að nokkrar af næstu virkjunum verði byggðar utan eldfjallasvæðisins, þ. e. á Austurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum, til að dreifa áhættunni og auka öryggi raforkukerfisins.

Stefna erlendrar stóriðju.

Flest bendir til þess, að núverandi ríkisstjórn stefni að miklum stóriðjuframkvæmdum útlendinga á næstu árum. Viðræður fara nú fram við Alusuisse um stækkun álversins í Straumsvík og viðbótarorkusölu sem nemur um 80 mw. Einnig hefur verið rætt við Norsk Hydro um stóriðjuframkvæmdir fyrir norðan eða austan.

Lágt orkuverð á Íslandi hefur vakið upp mikla ágirnd erlendra auðhringa á íslenskum orkulindum. Alusuisse hefur ítrekað gert íslenskum stjórnvöldum tilboð um stofnun dótturfyrirtækis, sem yfirtæki stærstu orkulindir á Íslandi í sína eign. Áætlun þessi hefur gengið undir dulnefninu „Integral“ og er þar um að ræða fjárfestingu í áliðnaði og orkuvinnslu að upphæð 400—500 milljarðar ísl. kr., sjá fylgiskjal II.

Iðnþróunarnefnd, sem fyrir rúmu einu ári skilaði skýrslu um eflingu iðnaðar í landinu á næstu 10 árum, varpaði fram hugmyndum um „takmarkaða uppbyggingu stóriðju“ innan ákveðins ramma og átti þar að vera um hófleg áform að ræða. Hér var um að ræða sjö stóriðjuframkvæmdir til viðbótar við byggingu málmblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, og var áætlaður kostnaður þeirra um 100 milljarðar ísl. kr. (1$ = 178 kr.). Við þennan stofnkostnað mundi svo bætast fjármögnun vegna orkumannvirkja í þremur landshlutum, sem knýja ættu þessi miklu

iðjuver, ásamt kostnaði við flutningslínur og hafnir. Er sá kostnaður áætlaður nálægt 130 milljörðum ísl. kr., þannig að heildarkostnaðurinn við stóriðjuuppbyggingu á næsta áratug hefði orðið um 230 milljarðar kr. eða um 23 milljarðar kr. á ári. Er það hærri fjárhæð á ári en nemur öllum áætluðum byggingarkostnaði málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, en þessi fjárfesting ætti að eiga sér stað á hverju ári í heilan áratug.

Hér er að sjálfsögðu um margfalt meiri framkvæmdir að ræða en nokkur von er til, að íslendingar ráði einir við, og má til samanburðar nefna, að skuttogaraflotinn, sem keyptur var til landsins fyrr á þessum áratug, kostaði á samsvarandi verðlagi um 28 milljarða kr., og öll fjármunamyndun í innlendum atvinnuvegum þjóðarinnar nam á árinu 1976 um 29 milljörðum kr. Allt það fé yrði að sjálfsögðu að fá að láni erlendis. Mönnum þykir víst nóg um, að á s. l. ári skyldu skuldir íslendinga erlendis vera komnar upp í 80 milljarða kr., þótt nokkrum hundruðum milljarða kr. verði ekki bætt þar ofan á til viðbótar öðrum venjulegum lánum, sem við munum óhjákvæmilega þurfa að taka vegna ýmiss konar annarrar uppbyggingar.

Ef áform af þessu tagi komast í framkvæmd, munu þau vafalitið leiða til þess, að íslendingar glati efnahagslegu sjálfstæði sínu á nokkrum áratugum. Erlendum auðhringum, sem festa hér mikla fjármuni, mun verða það mikið hagsmunamál og kappsmál, að íslendingar gangi í Efnahagsbandalag Evrópu. Íslenskt samfélag er það smátt, jafnvel í samanburði við minnstu aðildarríki Efnahagsbandalagsins, að viðleitni íslendinga til sjálfræðis og sjálfstæðis mætti sín einskis.

Þess vegna er það brýnna en flest annað um þessar mundir, að snúist verði hart gegn hinni erlendu stóriðjusókn með eflingu hvers konar iðnaðar í eigu landsmanna sjálfra.

Íslensk atvinnustefna.

Íslendingar verða að varðveita yfirráð sín yfir orkulindum landsins og atvinnulífi, landi og landhelgi. Á sviði innlendrar iðnþróunar blasa við næg viðfangsefni, sem eru af þeirri stærð og gerð, að við ráðum sjálfir við þau án fjármálalegrar íhlutunar erlendra auðhringa. **Má í því sambandi minna á verkefni á sviði skipasmíða, veiðarfæragerðar, ullar- og skinnaiðnaðar, matvælaframleiðslu, lífefnaiðnaðar, fóðurframleiðslu, áburðarvinnslu, margvíslegs byggingarefnaiðnaðar og rafeindaiðnaðar, auk þeirra fjölþættu nýju möguleika, sem fiskiðnaðurinn mun veita innan fárra ára.**

Auk þessa er ljóst, að ýmiss konar orkufrekur iðnaður getur átt fyllsta rétt á sér hér á landi og getur fallið með eðlilegum hætti inn í atvinnulíf landsmanna. Þess þarf hins vegar að gæta, að hann sé í höndum landsmanna sjálfra og sé byggður upp innan ramma víðtækara þjóðhagsáætlana, þar sem ríkt tillit sé tekið til skynsamlegrar auðlindanýtingar svo og æskilegrar atvinnu- og byggðaþróunar í landinu. Aðeins eiga að koma til greina fyrirtæki, sem greiða viðunandi verð fyrir orkuna, sambærilegt við það sem öðrum iðnaði er ætlað að greiða, þegar tekið hefur verið tillit til nýtingartíma og lægri orkuflutningskostnaðar í stórnotkun.

Í áliti orkunefndar Alþýðubandalagsins, sem nýlega er komið út undir nafninu „Íslensk orkustefna“, þar sem jafnframt er gerð grein fyrir stefnumótun flokksins í orkumálum, er bent á nokkur hugsanleg stóriðjuverkefni, sem eru þess eðlis, að þau væru viðráðanlegt verkefni fyrir íslendinga og byggðu auk þess á innlendum hráefnum að meginhluta (sjá fylgiskjal I).

Fylgiskjal I.

Hugsanleg stóriðjuverkefni, sem byggja á innlendri orku og hráefnum að meginhluta.

Framleiðsla	Grundvöllur	Magn t/ári (dæmi)	Áætlaður stofnkostn. M. kr. 1975	Orkuþörf rafafl MW	varmi	Starfslið	Söluverðmæti M. kr./ári	Hluti orku í söluv.
Áburðarvinnsla[1])	vatn, loft, orka	innanl. þörf	2 500	35				
Sjóefnavinnsla:[2])								
Matarsalt NaCl	jarðsjór, jarðhiti	250 000	2 400	1	250t/std	130	1 064	8%
Kalsíumklóríð, kalí .	jarðsjór, jarðhiti	85 000						
Magnesíumklóríð ...	salt, sjór, skeljasandur	110 000	3 660	3	150t/std	150	1 600	9%
Sódi Na_2CO_3	jarðhiti, innl. tækniþekk.	120 000						
Natríumklórat	salt, orka	20 000	1 300	15	20t/std	85	530	15%
Klór[3])	salt, orka	90 000	4 200		40t/std			20%
Klórvetni[4]) (PVC) ..	klór, orka, innfl. efni	200 000	6 000	90		400	4 700	7%
Magnesíum-málmur	magnesíumkl. raforka .	27 000	5 200	60		480	4 254	11%
Natríum-málmur ...	salt, orka	20 000	3 220	30	20t/std	250	1 290	13%
Gosefnavinnsla	perlusteinn, basalt		1 800	4		390	1 580	3%
Ylræktarver	land, orka, áburður ...	33.5 ha	3 400	14	280l/sek	260	1 510	9%
Grasköglaverksmiðja	land, afgangsorka, áb.	20 000[5])	1 100	30	?		800	20%
Heyþurrkun/fiskimjöl .					?			
Þungt vatn[6])	vatn, orka	400	13 000	40	370t/std	130	3 200	16%
Vetni[7])	jarðvarmi ?, rafgreining							
	Alls:		47 780+	322+	850t/std[8])	2275+	20 528+	

Meginheimildir: Efling iðnaðar á Íslandi 1975—1985. Skýrsla iðnþróunarnefndar. Júní 1975.

1) Miðað við innanlandsþarfir. Gætu orðið til muna meiri vegna grasköglaverksmiðja o. fl. Sjá aths. neðar.
2) Getur þróast í þrepum, að hluta á tímabilinu 1980—85.
3) Klór fellur auk þess til við vinnslu magnesium- og natríum-málms (86 000 t/ári). Ýmis vandamál.
4) Einkum notað í plastframleiðslu. Auk klórs þarf olíu sem hráefni. Viðsjárverð í framleiðslu (heilsutjón).
5) Heimild: Heykögglanefnd 1973. Landþörf 6000 ha/20 þús. t. Innanlandsmarkaður nú 60 000 t/ári.
6) Notað sem kælivökvi á þungavatns-kjarnaofna. Framleiðsla hugsanleg með milliríkjasamningi til langs tíma.
7) M. a. sem fljótandi eldsneyti á efnaorkugeyma (fuel cells), farartæki o. fl. Óvissa um hagkvæmni o. m. fl.
8) 322 MW = ca. $322 \times 8.5 = 2\,700$ GWh/ári.

Ath.: Áburðarvinnsla til útflutnings (köfnunarefnisáburður byggður á rafgreiningu til ammóníakvinnslu) vart samkeppnishæf fyrst um sinn; talið að raforka mætti í hæsta lagi kosta 2.1 mill (36 aura)/kWh.

Fylgiskjal II.

CONFIDENTIAL

UTILIZATION OF ICELAND'S HYDRO-ELECTRIC POWER RESOURCES IN THE FRAMEWORK OF AN INTERNATIONAL ALUMINIUM PRODUCERS' CONSORTIUM

Code-Name

INTEGRAL

Proposal by Alusuisse to the Government of Iceland

October 1974

Amended Version

INTRODUCTION

In March 1973 Alusuisse submitted a proposal under the codeword of „INTEGRAL" to the Icelandic Government. This proposal was discussed in Reykjavik on March 29, 1973 with the former Minister of Industry, Mr. Magnus Kjartansson, and the Power Intensive Committee. Alusuisse also suggested that a study company be formed which would study the various stages of the project.

So far, Alusuisse's proposal of March 1973 and its subsequent reminders have not been followed up by the Icelandic Government. In particular, our proposal to include an alumina plant operating on the basis of geothermic heat in the project has never had a response (first discussion with Minister Kjartansson on May 8, 1973).

Alusuisse is still convinced that the basic concept of the project is correct. New aspects have also arisen which are worth investigating.

Alusuisse has reexamined its former proposal of March 1973 and has pleasure in submitting its revised proposal dated October 1974 to the Government.

Utilization of Iceland's hydro-electric Power Resources within the Framework of an International Aluminium Producers' Consortium

Code-Name **INTEGRAL**

Proposal by Alusuisse to the Government of Iceland

A. Basic Situation and Definition of Problem

1. The first step (present situation)

Iceland has considerable hydro-electric power resources. It is assumed that electric energy can be economically produced throughout the year. The power potential exceeds the domestic requirements by far Production of aluminium is highly suitable for a large-scale industrial utilization of power in Iceland.

The first step in this direction has already been taken. ISAL utilizes 140 MW and consumes about 1000 GWh. An extension of the Straumsvík smelter to 160 MW is under consideration.

2. **The second step**

The second step is imminent. The infrastructure for the Straumsvík smelter has been designed in such a way that an expansion of its capacity is feasible without any difficulty. By adding a third potroom of 80 MW an additional 40 000 tons aluminium can be produced, and the construction of a fourth potroom would allow the production of still another 40 000 tons.

3. **Third step**

In the development of new power resources for the aluminium industry one is faced with the problem that for reasons of economy of scale, the construction of hydro-electric plants in the East and North East of Iceland must be done in large steps. This applies particularly to the first construction stage. On the other hand, new aluminium smelter capacities should be installed in comparatively small increments for marketing reasons. A similar problem exists on the financial side: the construction stages for power stations and aluminium plants should be large so as to reduce the unit cost of production. On the other hand, smaller steps are desirable in order to keep the financing in manageable proportions The Alusuisse proposal shows how this double dilemma can be solved.

4. **Fourth step**

In view of the fuel oil crisis, geothermic heat is gaining in importance. This holds true particularly if geothermically produced steam can be utilized directly as process heat. Since the production of alumina from bauxite necessitates considerable quantities of steam, it seems indicated to study the feasibility of an alumina plant in Iceland. The possibility of treating alumina right on the spot considerably improves the profitableness of the project.

5. **Political aspects**

It is understood to be the desire of the Government of Iceland that the available power resources should be utilized in the best possibly way and for this purpose, if necessary, they would enter into joint ventures with foreign interests.

In the case of aluminium, the situation is complex. Iceland has neither raw materials nor market outlets, and the capital requirements of large-scale power and smelter projects would heavily tax the financial resources of the country.

The Alusuisse proposal seems to offer a solution to the political aspects too.

B. Further Considerations

1. **Increase in the consumption of aluminium**

Indications are that the consumption of aluminium will continue to increase in the future. The overcapacity which prevailed in 1972/73 has practically been eaten up by a growing market. In future, the shortage of electricity in many parts of the world is likely to have a retarding effect on the expansion of the industry. This is where an opportunity arises for Iceland.

2. **The key to success**

The two decisive conditions for a successful aluminium production, apart from technology, are cheap bauxite and cheap electric energy. A group possessing both bauxite and power at low cost is bound to enjoy a strong position in the aluminium industry. Rapid growth can be expected if market outlets are also assured.

Iceland has large electric power resources. Alusuisse owns large bauxite reserves in Australia and Africa and explores deposits in other countries. It also investigates various projects regarding the transformation of bauxite into alumina.

3. **Aluminium Consortium of Iceland (ALCONIS)**

Because of the magnitude of capital requirements and the sales problem the large-scale development of Iceland's hydro-electric power system and the construction of an aluminium reduction plant with a large initial capacity, and possibly of a large alumina plant is only possible within the framework of an international consortium. Alusuisse plans to organize such a consortium. However, electric power alone is not sufficient to induce potential partners to join forces. What is required is an integrated scheme from bauxite to metal, whereby the members of the consortium will have their own bauxite reserves, their own alumina plant, their own power station and their own reduction plant. Cheap electric energy per se is also available in New Zealand, in Canada, Zaire and other countries.

Iceland and Alusuisse together can offer an intergrated aluminium scheme from bauxite to metal which should prove attractive to number of substantial aluminium companies operating throughout the world.

C. Proposal by Alusuisse to the Government of Iceland


Basic idea: The Government of Iceland and Alusuisse pool their resources by setting up a joint company with 50:50 participation, the Aluminium Company of Iceland (ALIS), to which they transfer the following intangible assets:

- Hydro-electric power concessions.
- All necessary permits in relation to the construction and operation in Iceland of a large aluminium smelter and related facilities.
- Bauxite prospecting and mining rights over a large mineralized area close to an African deep-sea port.
- Rights concerning the construction of an alumina plant in Iceland or abroad.
- Know-how and engineering capacity for the construction and operation of power stations, alumina plants and aluminium reduction plants.
- Trained personnel for the operation of the above plants.
- A sales organization and captive outlets for ALIS' share of metal.
- Knowledge of the world-wide aluminium industry and regular contacts with potential partners.
- Experience in financing large-scale projects.

ALIS thereupon prepares a general study starting from bauxite and comprising an alumina project and a smelter scheme to fit a prospective Icelandic power system estimated to generate not less than 8000 GWh of firm power equivalent to 500 000 tons of aluminium per year. This would entil a capital investment in the magnitude of several billion U. S. dollars. ALIS is to define the basic principles of collaboration with third parties.

On the basis of the general project, ALIS will invite a limited number of financially strong partners with a captive use for several hundredthousand tons of aluminium per year to form a producers' consortium, the Aluminium Consortium of Iceland (ALCONIS).

This would result in the following constellation:



*** Alumina plant to be included in ALCONIS if it is decided that such a plant will be built in Iceland.**

Upon the formation of ALCONIS, ALIS will transfer to ALCONIS its hydro-electric power concessions and bauxite prospecting and mining rights. In exchange, ALIS will receive shares in ALCONIS. Accordingly, the cash requirements of ALIS can be kept to a minimum. Depending on the extent of ALIS' participation in ALCONIS, these cash requirements may even be reduced to nil.

Participation in the bauxite mine and the alumina plant will be geared to cover the requirements of the aluminium reduction plant.

D. Recommendation

It is suggested that the Government of Iceland examine the proposals outlined above and that it form an opinion about the desirability of a joint venture with Alusuisse for the purpose of organizing a fully integrated international aluminium producers' consortium as a means to develop Iceland's hydro-electric power resources.

If the Government's decision is positive, the following not-binding measures would have to be taken:

— Formation of a first study company ALIS for the purpose of investigating the technical, economical, and financial aspects of the INTEGRAL project.
— Formation of a second study company for the purpose of investigating the possibilities of expansion of the power resources in Iceland and elaborating a scheme for the energy supply to the INTEGRAL project.

SWISS ALUMINIUM LTD.

TRÚNAÐARMÁL

NÝTING ÍSLENSKRAR RAFORKU INNAN VÉBANDA ALÞJÓÐASAMSTEYPU ÁLFRAMLEIÐENDA

heiti

INTERGRAL

Tillaga Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands.

Október 1974

Breytt útgáfa

INNGANGUR

Í marsmánuði 1973 lagði Alusuisse tillögu með heitinu „INTEGRAL“ fyrir ríkisstjórn Íslands. Skýrsla þessi var rædd í Reykjavík hinn 29. mars 1973 við fyrrverandi iðnaðarráðherra, hr. Magnús Kjartansson, og viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Einnig lagði Alusuisse til að mynduð yrði nefnd til að athuga hina ýmsu þætti málsins.

Allt fram til þessa hefur ríkisstjórn Íslands ekki fylgt eftir tillögu Alusuisse frá því í marsmánuði 1973 og síðari ítrekunum. Sér í lagi hefur aldrei verið svarað tillögu okkar um að fella súrálsverksmiðju, sem rekin yrði með jarðhita, inn í áætlunina, en fyrst var rætt um hana við Kjartansson ráðherra hinn 8. maí 1973.

Alusuisse er enn sannfært um að grundvallarhugmynd áætlunarinnar er rétt. Einnig eru komin til ný sjónarmið, sem vert er að athuga.

Alusuisse hefur athugað á ný fyrri tillögu sína frá í mars 1973 og er ánægjuefni að leggja fyrir ríkisstjórnina endurskoðaða tillögu dags. í október 1974.

Nýting íslenskrar raforku innan vébanda alþjóðasamsteypu álframleiðenda

Heiti INTEGRAL

Tillaga Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands.

A. Grundvallarstaða og skilgreining vandamáls

1. **Fyrsti áfangi (núverandi ástand).**

Talsverðir virkjunarmöguleikar raforku eru fyrir hendi á Íslandi. Ætlað er að hægt sé að framleiða raforku á hagkvæman hátt árið um kring. Virkjanleg orka fer langt fram úr innanlandsþörfum. Álframleiðsla er mjög æskileg til að nýta orku á Íslandi fyrir stóriðnað.

Fyrsta skrefið í þá átt hefur þegar verið stigið. ÍSAL nýtir 140 megavött og notar um 1000 GWst. Stækkun Straumsvíkurálbræðslunnar í 160 megavött er í athugun.

2. **Annar áfangi.**

Annar áfangi er á næsta leiti. Álbræðslan í Straumsvík var hönnuð á þann hátt að aukning afkastagetu hennar er framkvæmanleg án vandkvæða. Ef við er bætt þriðja 80 megavatta kerskálanum er hægt að framleiða 40 000 tonn af áli í viðbót og bygging fjórða kerskála mundi enn auka framleiðsluna um 40 000 tonn.

3. **Þriðji áfangi.**

Þegar virkja á nýjar orkulindir vegna áliðnaðar blasir við það vandamál að vegna kostnaðarhlutfalla verður að byggja vatnsvirkjanir á Austfjörðum og Norðausturlandi í stórum áföngum. Á þetta sérstaklega við um fyrsta áfanga byggingar. Hins vegar ætti að koma afköstum nýrra álbræðsla upp með tiltölulega smávægilegum aukningum vegna markaðsástæðna. Við sams konar vandamál er að glíma varðandi fjárhagshliðina. Byggingaáfangar raforkustöðva og álvera ættu að vera viðamiklir til að draga úr einingaverði framleiðslunnar. Hins vegar eru minni áfangar æskilegir til að halda megi fjármögnun við þá stærðargráðu að við hana verði ráðið. Tillögur Alusuisse sýna hvernig hægt er að leysa þetta tvöfalda vandamál.

4. **Fjórði áfangi.**

Jarðhiti er að verða mikilvægari vegna olíukreppunnar. Er þetta sérstaklega staðreyndin ef hægt er að nota jarðgufu beint sem hitagjafa. Með því að talsvert gufumagn er nauðsynlegt til að framleiða súrál úr bauxite virðist æskilegt að athuga möguleika á súrálsverksmiðju á Íslandi. Framkvæmdin verður talsvert ábatavænlegri þar sem hægt er að meðhöndla súrál á staðnum.

5. **Stjórnmálasjónarmið.**

Ætlað er að ríkisstjórn Íslands óski eftir að orkulindir, sem fyrir hendi eru, verði nýttar á sem besta mögulegan hátt og mundi stjórnin í því skyni stofna til samlagsfélaga við erlenda aðila ef nauðsyn bæri til.

Að því er ál varðar er málið flókið. Ísland hefur hvorki hráefni né markað og fjármagnsþörf stórvirkjana og framkvæmda við bræðslu mundi vera þungur baggi fyrir fjárhirslur landsins.

Tillaga Alusuisse virðist einnig gefa kost á lausn vandamála stjórnmálasjónarmiðanna.

B. Nánari athuganir

1. **Aukin álnotkun.**

Ýmislegt bendir til þess að notkun áls haldi áfram að aukast í framtíðinni. Of mikil afköst á árunum 1972/73 hafa nær verið étin upp í vaxandi markaði. Í framtíðinni er raforkuskortur í mörgum heimshlutum líklegur til að draga úr aukningu iðnaðarins. Á því sviði gefst tækifæri fyrir Ísland.

2. **Lykill að lausninni.**

Tvö afgerandi skilyrði fyrir álframleiðslu, auk tækniþekkingar, eru ódýrt bauxite og ódýr raforka. Fyrirtækjasamsteypa, sem hefur yfir að ráða bæði bauxite og raforku við lágu verði, hlýtur að vera í sterkri aðstöðu í áliðnaðinum. Vænta má skjóts vaxtar ef markaður er einnig tryggður.

Ísland hefur miklar orkulindir. Alusuisse á mikla bauxiteforða í Ástralíu og Afríku og athugar jarðlög í öðrum löndum. Einnig er félagið að rannsaka ýmsar áætlanir varðandi súrálsframleiðslu úr bauxite.

3. **Íslensk álsamsteypa (ALCONIS).**

Vegna hinnar miklu fjármagnsþarfar og markaðsvandamálsins er ekki hægt að anna stórvirkjunum á Íslandi og byggingu álvers með miklum afköstum þegar í byrjun svo og ef til vill einnig stórrar súrálsverksmiðju nema með alþjóðlegri félagasamsteypu. Alusuisse hefur á prjónunum að skipuleggja slíka samsteypu. En raforka ein nægir ekki til að fá væntanlega aðila til þátttöku. Það, sem á þarf að halda, er sameiginleg áætlun um framleiðslustig allt frá

bauxite til málms þannig að aðilar samsteypunnar hafi bauxiteforða, álver, raforkuver og verksmiðju. Ódýra raforku er einnig hægt að fá á Nýja-Sjálandi, í Kanada, Zaire og öðrum löndum.

Saman geta Ísland og Alusuisse gert sameiginlega áætlun um álframleiðslu frá málmgrýti til málms, sem ætti að reynast aðlaðandi fyrir fjölda stórra álfélaga um allan heim.

C. Tillaga Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands.


Grundvallarhugmynd: Ríkisstjórn Íslands og Alusuisse leggi fram hver sinn hlut með því að stofna til sameiginlegs félags, sem sé eign hvors aðila að hálfu og nefnist Álfélag Íslands (ALIS) og sem aðilar afhenda eftirfarandi óáþreifanlegar eignir:

— Einkaleyfi á raforku.
— Öll nauðsynleg leyfi í sambandi við byggingu og rekstur stórrar álbræðslu og skylda hagsmuni.
— Réttindi til rannsóknar og námuvinnslu bauxite á stóru svæði nærri úthafshöfn í Afríku.
— Réttindi varðandi byggingu álvers á Íslandi eða erlendis.
— Tækni- og verkfræðigetu vegna byggingar og reksturs orkuvera, súrálsverksmiðja og álvera.
— Þjálfað starfsfólk til að reka ofangreind ver.
— Sölustarfsemi og markað fyrir málm ALIS.
— Þekkingu á áliðnaði um víða veröld og samband við væntanlega aðildarfélaga.
— Reynslu í fjármögnun stóráætlana.

ALIS framkvæmir síðan almenna athugun, sem hefst á bauxite og nær til áætlana um súrál og bræðslu þannig að fari saman með væntanlegum raforkuframkvæmdum íslendinga, sem áætlað er að framleiði eigi minna en 8000 GWst orku er jafngildir 500 000 tonnum af áli á ári. Mundi þetta leiða af sér fjárfestingarþörf, sem næmi nokkrum billjónum Bandaríkjadollara. ALIS er ætlað að skilgreina grundvallarreglur samstarfs við þriðja aðila.

Á grundvelli framkvæmdarinnar almennt muni ALIS bjóða takmörkuðum fjölda fjársterkra fyrirtækja, sem nota nokkur hundruð þúsund tonn af áli á ári, aðild til að mynda samsteypu framleiðenda, Álsamsteypu Íslands (ALCONIS).

Afleiðingin yrði sem hér segir:



* Súrálsverksmiðja yrði hluti ALCONIS ef ákveðið yrði að byggja hana á Íslandi.

Þegar ALCONIS verður stofnað mun ALIS afhenda ALCONIS einkaleyfi sín á raforku og rannsóknar- og námuréttindi vegna bauxite. Í stað þess fær ALIS hlutabréf í ALCONIS. Samkvæmt því er hægt að halda fjárþörf ALIS í lágmarki. Það fer eftir því hversu mikinn þátt ALIS tekur í ALCONIS hvort jafnvel er hægt að lækka fjárþörf þessa ofan í núll.

Aðild að bauxitenámunni og súrálsverksmiðjunni mun miðuð við þarfir álversins.

D. Tillaga

Lagt er til að ríkisstjórn Íslands athugi ofangreindar tillögur og myndi sér skoðun um hvort æskilegt sé að efna til sameiginlegs fyrirtækis með Alusuisse í þeim tilgangi að skipuleggja algjörlega sameiginlega samsteypu alþjóðlegra álframleiðenda til þess að virkja íslenskar orkulindir.

Verði ákvörðun ríkisstjórnarinnar jákvæð yrði að gera eftirfarandi ráðstafanir án þess að þær væru bindandi:

— Stofnað yrði fyrra félagið, ALIS, í þeim tilgangi að rannsaka tæknilega hagfræðilega og fjárhagslega þætti INTEGRAL áætlunarinnar.
— Stofnað yrði síðara félagið í þeim tilgangi að rannsaka möguleika á þróun orkulinda Íslands og gera áætlanir um orkusölu til INTEGRAL.

SWISS ALUMINIUM LTD.

Fylgiskjal III.

Áætluð raforkunotkun á öllu landinu.

Ár	Íbúa-fjöldi þús.	Raf-hitun GWh	Heim-ili GWh	Þjón-ustugr. GWh	Iðn-aður GWh	Ann-að GWh	Orku-sala GWh	Töp GWh	Orku-vinnsla GWh	Aukn-ing %	Áb. vskm. GWh	Ál-ver GWh	Málm-bl. v. GWh	Orku-vinns. GWh	Afl-þörf MW
1975	219,0	246	223	82	239	114	902	172	1074	–	143	1078	0	2295	365
1976	222,1	286	239	88	254	119	986	188	1174	9	143	1121	0	2438	387
1977	225,1	331	256	95	271	125	1078	205	1283	9	190	1270	0	2743	433
1978	228,1	379	274	102	288	131	1174	223	1397	9	190	1300	0	2887	460
1979	231,2	429	294	110	307	137	1277	242	1519	9	190	1340	200	3249	520
1980	234,2	481	314	118	327	143	1383	263	1646	8	190	1340	260	3436	554
1981	237,3	535	335	129	349	150	1498	284	1782	8	190	1340	260	3572	581
1982	240,4	587	357	137	375	157	1613	305	1918	8	190	1340	260	3708	609
1983	243,4	635	381	146	400	163	1725	324	2049	7	190	1340	260	3839	635
1984	246,5	679	405	157	429	170	1840	345	2185	7	190	1340	260	3975	662
1985	249,5	719	431	167	460	178	1955	365	2320	6	190	1340	260	4110	689
1986	252,6	758	457	180	485	185	2065	383	2448	6	190	1340	260	4238	715
1987	255,6	795	485	195	512	192	2179	401	2580	5	190	1340	260	4370	741
1988	258,7	829	514	209	539	200	2291	420	2711	5	190	1340	260	4501	767
1989	261,7	860	545	224	569	208	2406	438	2844	5	190	1340	260	4634	794
1990	264,8	889	576	239	601	216	2521	456	2977	5	190	1340	260	4767	820
1991	267,8	917	609	259	634	224	2643	473	3116	5	190	1340	260	4906	848
1992	270,8	946	643	277	667	232	2765	493	3258	5	190	1340	260	5048	877
1993	273,8	976	678	297	703	240	2894	512	3406	5	190	1340	250	5196	906
1994	276,8	1006	714	320	739	248	3027	530	3557	4	190	1340	260	5347	936
1995	279,8	1037	751	342	777	257	3164	551	3715	4	190	1340	260	5505	968
1996	282,8	1069	790	366	815	265	3305	571	3876	4	190	1340	260	5666	1000
1997	285,8	1102	830	394	854	274	3454	592	4046	4	190	1340	260	5836	1034
1998	288,7	1136	870	420	895	283	3604	614	4218	4	190	1340	260	6008	1069
1999	291,6	1170	912	451	936	291	3760	636	4396	4	190	1340	260	6186	1104
2000	294,5	1206	955	482	979	300	3922	658	4580	4	190	1340	260	6370	1141

Fylgiskjal IV.

ORKUSTOFNUN

1977-03-11

Hr. Ragnar Arnalds, alþm.
ALÞINGI

Varðar: Fullnýtingu Sigöldu og Kröflu samkvæmt raforkuspá Orkuspárnefndar frá febr. 1977.

Að beiðni yðar í símtali við undirritaðan 77 03 09 vill Orkustofnun skýra yður frá niðurstöðum athugunar sem hún hefur látið gera á því, hve langur tími líði þar til Sigöldu- og Kröfluvirkjanir verða fullnýttar samkvæmt raforkuspá þeirri fyrir landið í heild, sem Orkuspárnefnd hefur sent frá sér í febr. 1977 og þér hafið fengið í hendur.

Niðurstöðurnar urðu þessar:


	Fullnýting á afli	Fullnýting á orku
Sigalda ein sér	1979	1979
Sigalda + Krafla	1980	1982

Fullnýting af afli miðast við aflþörf orkuspárinnar að viðbættum 20% til vara. Að orkuver sé talið fullnýtt að afli táknar að þetta bil er orðið minna en 20%, en ekki að aflskortur sé skollinn á. Fullnýting að orku táknar aftur á móti beinlínis orkuskort samkvæmt spánni. Við mat á því, hvenær þörf sé nýrrar virkjunar, ber fremur að miða við fullnýtingu að orku.

Virðingarfyllst,

Jakob Björnsson.

Fylgiskjal V.



Nd. 384. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Jóhann Hafstein var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 1977.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Magnús T. Ólafsson.
Ólafur G. Einarsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Stefán Valgeirsson.

Ed. 385. Lög [49. mál]

um opinberar fjársafnanir.

(Afgreidd frá Ed., 14. mars.)

Samshljóða þskj. 360 (sbr. 50).

Nd. 386. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

16. gr. 1. málsgr. g-liður falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu veita þeim konum fullan rétt til fæðingarorlofs sem hingað til hefur verið synjað um greiðslur vegna ákvæða g-liðar 1. málsgr. 16. gr.

Greinargerð.

Í g-lið 1. málsgr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið svo á, að bætur skuli ekki greiðast þeim, sem á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Þetta skerðingarákvæði bitnar í raun yfirleitt á giftum konum, sem verða þá að sætta sig við að njóta engra bóta vegna missis eigin atvinnutekna. Þá hefur þetta skerðingarákvæði einnig haft áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur úr sjóðnum.

Í báðum tilfellum verður að teljast óeðlilegt að bótagreiðslur úr sjóðnum ákvarðist af tekjumarki maka.

Minna má á, að sjóðsfélagar greiða í sjóðinn sem einstaklingar, á grundvelli eigin vinnu, og hefur hjúskaparstétt eða tekjur maka engin áhrif á iðgjaldagreiðslur. Flm. telur því sanngjarnt, að umrætt skerðingarákvæði verði numið úr lögum.


Nd. 387. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft um nokkurt skeið til meðferðar frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum nr. 90 16. júní 1976, um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Nefndarmenn eru allir sammála um afgreiðslu þessa máls, enda um leiðréttingar að ræða.



Veiðisvæði og veiðitímar skv. gildandi lögum og brtt. á þskj. 392.

Í janúar barst nefndinni erindi frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna með ályktun frá aðalfundi samtakanna, sem haldinn var dagana 8.—10. des. 1976, um breytingar á framangreindum lögum frá 31. maí og 16. júní 1976.

Hélt nefndin fund með fulltrúum L. Í. Ú. sem skýrðu þær átta óskir um breytingar sem fram komu í ályktun aðalfundarins.

Í nefndinni voru skiptar skoðanir um erindi þetta og þótti sumum nefndarmönnum skammt liðið á nauðsynlegan reynslutíma gildandi laga. Þau hefðu náð fram vegna víðtæks samkomulags meðal ólíkra hagsmunahópa til sjós og lands, útgerðarmanna, sjómanna og fiskverkenda auk þeirra mörgu, sem héldu fram hinum staðbundnu hagsmunasjónarmiðum. Þá væri kunnugt um fjölda óska um þýðingarmiklar breytingar frá sjómönnum og útvegsmönnum, sem enn væru til skoðunar þ. á m. hjá Hafrannsóknastofnuninni. Var sú skoðun áberandi í nefndinni, að þegar fjallað væri um jafnviðkvæmt mál og umrædd lög ætti að varast að líta á þau eins og hlífðarfat, sem farið væri úr og í eftir stundarhagsmunum ákveðinna hópa.

Nefndin tók þá ákvörðun að senda málið til umsagnar nokkurra aðila. Það var m. a. sent til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, þótt nm. væri vel kunnugt um aðild þess félags að L.Í.Ú. Þetta var gert vegna þess að n. var kunnugt um, að ein þeirra breytinga, sem L.Í.Ú. leggur til, mundi hafa í för með sér, ef samþykkt yrði, að allstórt svæði vestur af Snæfellsnesi yrði lokað fyrir veiðum togara sem eru meira en 39 metrar á lengd. Um er að ræða veiðisvæði, sem togarar úr Reykjavík og Hafnarfirði hafa nýtt nær alfarið frá því að togveiðar hófust hér við land. Með samþykkt þessari yrði í raun ákveðið, hvort fiskur sá, sem veiddur er á ákveðnu svæði á vetrarvertíð, yrði veiddur af stórum togurum eða litlum, á línu eða net.

Í svari F.Í.B. kom það fram, að fullkominn stuðningur félagsins við mál þetta lægi fyrir, bæði hjá fulltrúum F.Í.B. í sambandsstjórn svo og hjá fulltrúum allra útgerðarfyrirtækja F.Í.B. sem aðalfund sóttu. Formaður n. færði mál þetta í tal við talsmenn nokkurra togaraútgerðarfyrirtækja í Reykjavík, og var ekki annað á þeim að heyra en að þeir létu sér þessa breytingu lynda.

Stjórn Fiskifélags Íslands hefur tjáð n. með bréfi 16. febr. s. l., að hún mæli með umræddum breytingum. Nokkrir stjórnarmenn létu þó þá skoðun í ljós, að breytingarnar, sem óskað er eftir undir F-lið, mætti auðveldlega framkvæma með breytingum á reglugerð.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kom fram eindregin andstaða gegn rýmkun togveiða við Norðurland, en hún taldi sig eftir atvikum geta fallist á þá rýmkun sem farið er fram á við Suðausturland og Suðurland því hún muni ekki hafa í för með sér almenna aukningu sóknar í smáþorsk.

Í bréfi sínu til Hafrannsóknastofnunarinnar óskaði nefndin álits um það, hvort ekki væri tímabært að veita heimildir til dragnótaveiða svo kolastofninn verði betur nýttur, og ef álit stofnunarinnar væri jákvætt, að gera tillögur um hvar, á hvaða tíma og um bátafjölda. Við þessari fyrirspurn kom ekkert svar.

25. febr. s. l. boðaði sjávarútvegsráðherra til fundar með nefndarmönnum sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis og ræddi þar m. a. tillögur L.Í.Ú. og breytingar sem ráðuneytið vildi koma á framfæri. Í bréfi ráðuneytisins til sjávarútvegsnefndar Nd., sem dagsett er 4. mars s. l., er þess farið á leit við nefndina að hún flytji breytingartillögur við frv. það sem fyrir Nd. liggur. Nefndin hefur orðið við þessari ósk og flytur breytingartillögur þessar á sérstöku þskj. Í þessum tillögum er markverðast, að ráðuneytið tekur ekki undir till. L.Í.Ú. um rýmkun togveiða við Norðurland þótt farið sé að öðrum till. þeirra. Ráðuneytið leggur auk þess til breytingar við 8. gr. laganna um lengingu á þeim tíma, sem skyndilokanir geta staðið (úr 3 sólarhringum í 7) og aðrar nauðsynlegar breytingar við þessi ákvæði.

Eru nefndarmenn sammála um að mæla með þessari breytingu við 8. gr. svo og frumvarpinu sjálfu. Um aðra liði í breytingartillögum þessum hafa nefndarmenn

óbundnar hendur og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. mars 1977.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson, fundaskr. Sighvatur Björgvinsson.
Guðl. Gíslason. Garðar Sigurðsson. Jón Skaftason.
Tómas Árnason.

Nd. 388. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Pétur Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Halldór Blöndal, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsgr. og í 18. gr. 2. málsgr. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur, sem synjað hefur verið um fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.

Greinargerð.

Með lögum, sem tóku gildi 1. jan. 1976, var stigið stórt skref í áttina að afnámi áratuga gamals misréttis milli kvenna á vinnumarkaðnum. Fram til þess tíma höfðu þær konur, sem unnu hjá hinu opinbera, haft lögbundinn rétt til að halda launum sínum í þriggja mánaða barnsburðarfríi. Með hinum nýju lögum kvað Alþingi á um tilsvarandi rétt handa konum, sem taka laun sín hjá öðrum vinnuveitendum og eru í félögum innan vébanda Alþýðusambands Íslands.

Hin nýju lög mæltu svo fyrir, að Atvinnuleysistryggingasjóður stæði undir þriggja mánaða launum til kvenna, sem forfölluðust frá vinnu vegna barnsburðar. Skyldu greiðslurnar skv. lögunum vera í formi atvinnuleysisbóta. Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið gaf út reglugerð skv. hinum nýju lögum. Gengið var út frá því við setningu laganna sem og reglugerðarinnar, að bætur þessar greiddust eðli sínu samkvæmt óháðar tekjum maka og óháðar bótum almannatrygginga.

Allt árið 1976 voru lögin framkvæmd samkvæmt þessum skilningi, en í janúar s. l. gerði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt, sem gekk þvert á þennan skilning, og varð til þess, að nú hafa greiðslur til þessa hóps verið stöðvaðar. Þetta hefur að vonum sætt megnri óánægju og hörðum mótmælum kvenna.

Flutningsmenn þessa frumvarps vilja láta leysa þennan vanda sem allra fyrst. Telja þeir rétt að tekin verði af tvímæli með því að festa berum orðum í lög þá framkvæmd, sem var á greiðslu fæðingarorlofs s. l. ár og var í samræmi við tilgang laganna, sem Alþingi samþykkti um þetta efni vorið 1975.

Flutningsmenn fagna því, að ráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að gera heildarendurskoðun á lögunum um atvinnuleysistryggingar. Þar er margra lagfæringa þörf. Ljóst er, að heildarendurskoðun verður flókið verk og tímafrekt. Það eina atriði, sem þetta frumvarp fjallar um, þolir hins vegar ekki bið og er í raun staðfesting á vilja Alþingis í þessu máli. Flutningsmenn vonast til að Alþingi veiti þessu máli skjóta og greiða afgreiðslu.

Nd. 389. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið felur það í sér að lögfesta í tékkalögum refsiákvæði við tékkamisferli. Tilgangurinn er að sporna við misnotkun tékka og auðvelda dómstólum að koma lögum yfir þá sem brotlegir gerast með því að gefa út innstæðulausa tékka.

Sérstök nefnd á vegum banka og ráðuneyta hefur gert tillögur um breytta og bætta skipan tékkaviðskipta, og er þetta frumvarp liður í þeirri viðleitni að draga úr misnotkun tékka.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 15. mars 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson.
Páll Pétursson.	Friðjón Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Sþ. 390. Fyrirspurnir. [195. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um leigu- og söluíbúðir á vegum sveitarfélaga.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Hvað líður framkvæmd laga um leigu- og söluíbúðir á vegum sveitarfélaga:

1) Hve margar íbúðir voru fullgerðar 1. janúar 1977?
2) Hve margar ófullgerðar íbúðir voru í smíðum á sama tíma?
3) Hve mörg leyfi hafa nú verið veitt til smíði nýrra íbúða á þessu ári og hve margar umsóknir þar að lútandi hafa borist?

II. Til landbúnaðarráðherra um samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1) Hvað hefur tafið það að sett sé á fót samstarfsnefnd starfsliðs og stjórnar við Áburðarverksmiðju ríkisins?
2) Hvenær má gera ráð fyrir að umræddri samstarfsnefnd verði komið á fót?

Sþ. 391. Þingsályktun [32. mál]

um nýtingu á lifur og hrognum.

(Afgreidd frá Sþ. 15. mars.)

Þjónusturými var frá upphafi af skornum skammti.

Hönnunarvinnu er um það bil að ljúka við fjögurra hæða álmu, sem verður um 2 000 m² (þar af um fjórðungur vegna heilsugæslustöðvar).

Rúmafjöldi verður óbreyttur (40).

Áætlað er að útboðsgögn liggi fyrir í febrúarlok 1977.

11. Sjúkrahús Siglufjarðar.

Núverandi bygging tekin í notkun 1965. Þrengsli eru í þjónustudeild og er gert ráð fyrir viðbótarhúsnæði vegna heilsugæslustöðvar.

Á fjárlögum er framlag vegna breytinga á sjúkrahúsi og vegna heilsugæslustöðvar (H 2).

Fjöldi sjúkrarúma verður óbreyttur.

12. Sjúkrahús í Ólafsfirði.

Á staðnum er ekkert sjúkrahús nú, en framkvæmdir eru hafnar við byggingu, sem mun hýsa heilsugæslustöð, sjúkradeild með 8 rúmum, auk dvalarheimilis aldraðra.

Húsið verður alls 2 037 m² og skiptist í:


Sjúkradeild 595 m².


Dvalarheimili aldraðra 749 m².

Heilsugæslustöð 648 m².

HEILBRIGÐIS - OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SJÚKRAHÚS, ÍSAFIRÐI
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA




ENDURHÆFING
VÉLASALUR
0. HÆÐ
ÞVOTTAHÚS
ELDHÚS
LEGUDEILD
- LYFLÆKNINGADEILD
GJÖRGÆSLA
FÆÐINGARSTOFA
SETUSTOFA
2. HÆÐ
LEGUDEILD
- HANDLÆKNINGADEILD

Samkvæmt útreikningum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins skiptist kostnaður við framkvæmdirnar jafnt milli ríkissjóðs og sveitarstjórnar.

Framkvæmdaáætlun er sýnd á meðfylgjandi skema.

13. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Flutti í núverandi húsakynni árið 1953. Sjúkrahúsið er deildaskipt með barnadeild, geðdeild, fæðingardeild, handlækningadeild, hjúkrunardeild og lyflækningadeild. Í sjúkrahúsinu eru alls um 120 rúm.

Enn fremur eru á starfssvæðinu Kristneshæli, sem er hluti ríkisspítalanna, með um 80 rúm, og sjálfseignarstofnunin Sólborg, þar sem eru vistaðir 56 vangefnir.

1974 lauk hönnunarvinnu við nýja þjónustudeild við Fjórðungssjúkrahúsið og hófust framkvæmdir það ár.

Lokið er við fyrsta áfanga nýbyggingar (I B) við vesturenda núverandi legudeildar. Er þar barnadeild og aukin vinnuaðstaða fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Á áætlunum um stækkun sjúkrahússins er gert ráð fyrir tveim legudeildaálmum með 100 rúmum í hvorri álmu.

Stærðir og byggingarhlutar skýrast best af meðfylgjandi töflu.

		m^2	m^3	
1.	Sjúkrahús (eldri bygging)	3 973,4	13 552,0	Tekið í notkun 1953
2.	Þvottahús	534,7	1 831,2	Byggt um 1970
3.	Barnadeild, skrifst. (I. B)	806,2	3 145,0	Tekið í notkun 1976
4.	Þjónustukjarni (skurðstofur, sótthreinsun, röntgen, slysastofa, gjörgæsla, móttökur o. fl.) (I. A)	6 475,0	23 211,0	Í byggingu
5.	Tæknileg þjónusta (varakynding, vararafst.) líkhús, (I C), kanalar (I D)	1 553,0	6 010,8	
6.	Aðrir áfangar:			Sjá meðfylgjandi tímaáætlun um framkvæmdir.
6.1.	Stjórnun, kennsluaðstaða, aðstaða starfsfólks, (böð, búningsklefar) geymslur, eldhús, borðsalur o. fl.	4 000,0	16 000,0	
6.2.	Legudeildir I + rannsóknarstofur	5 485,0	20 020,0	
6.3.	Legudeildir II + endurhæfing	5 485,0	20 020,0	
	Samtals	28 312,3	103 790,0	

14. Sjúkrahúsið á Húsavík.


Við hlið sjúkrahúss þess, sem reist var 1936, var 1964 hafin smíði nýs sjúkrahúss, sem tekið var í notkun um og eftir 1970. Í því eru um 60 virk rúm.

Þrengsli eru í þjónustudeild, eins og getið var í kaflanum um heilsugæslustöðvar.

15. Sjúkraskýlið á Vopnafirði.

Sjúkraskýlið hefur haldist á skrá, þó notkun þess hafi verið í lágmarki.

Húsakynni eru mjög bágborin og hefur það verið áform heimamanna að reisa dvalarheimili aldraðra, þar sem væri aðstaða til að hlynna að sjúkum og veita fæðingarhjálp. Yrði þetta í tengslum við heilsugæslustöðina, sem er í byggingu.




HEILSUGÆSLUSTÖÐ OG SJÚKRAHÚS Á ÍSAFIRÐI


TEIKNAÐ 1970 - 1975

ARKITEKT: JES EINAR ÞORSTEINSSON

HEILBRIGÐIS - OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HEILSUGÆZLUSTÖÐ OG HJÚKRUNARDEILD ÓLAFSFIRÐI - TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA




HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS, AKUREYRI
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
IA ÞJÓNUSTUKJARNI
IC ÚTBYGGING
ID KANALAR
IE BRÁÐABIRGÐALÖGN
IIA TENGIÁLMA
IIB LEGUDEILDARÁLMA I
IIC ELDHÚS OG BORÐSTOFA
IID KANALAR I
IIIA TENGIÁLMA III
IIIB LEGUDEILDARÁLMA II
G GRUNNUR OG SÖKKLAR
S STEYPTAR HÆÐIR
Þ ÞAK OG FRÁGANGUR
E EINANGRUN, MÚRH., LAGNIR
T TRÉVERK OG FRÁGANGUR
B BÚNAÐUR
1977 1978 1979 1980 1981 1982 1983 1984

16. **Sjúkrahúsið á Egilsstöðum.**

Nýlokið er umfangsmiklum breytingum á sjúkrahúsinu, en nokkru áður hafði lokið framkvæmdum við áfasta heilsugæslustöð.

Sjúkrarúmin eru talin 20 og hefur fjölgað um 8.

17. **Sjúkrahúsið á Seyðisfirði.**

Sjúkrahúsið er talið geta rúmað 25 sjúklinga.

Húsið var reist um aldamótin, er úr timbri og því töluverð eldhætta í því.

Horfið hefur verið að því ráði að hanna byggingu svipað og lýst var á Ólafsfirði.

Samkvæmt áætlun frá mars 1976 yrði væntanleg bygging 2294 m², sem skiptist þannig:

Sjúkradeild 625 m².
Dvalarheimili 938 m².
Heilsugæslustöð 730 m².
Legurými á sjúkradeild verða 11.
Útboðsgagna er að vænta í mars 1977.

18. **Sjúkrahús Norðfjarðar.**

20 ár eru liðin frá því núverandi sjúkrahúsbygging var tekin í notkun. Í upphafi var ætlunin að þar væru 24 sjúklingar, en um 12 vistmenn á dvalarheimili aldraðra í sama húsi.

Reyndin hefur orðið að þar eru vistaðir um 35 sjúklingar.

Viðbygging er nú í smíðum (sjá framkvæmdaáætlun á meðf. skema). Er hún 3017 m² á fjórum hæðum. Þar verða 32 rúm á legudeild, auk þess ýmis þjónustustarfsemi.

Eftir breytingar á eldra húsinu er ætlunin að þar verði 18 rúm á neðri hæð og 10 einbýli á efri hæð.

Verða þannig 60 rúm í sjúkrahúsinu og hefur þá fjölgað um 15 rúm.

19. **Sjúkrahús á Höfn í Hornafirði.**

Síðan 1975 hafa verið rekin hjúkrunardeild og fæðingarstofnun í tveim „Viðlagasjóðshúsum", auk dvalarvistunar aldraðra.

Ætlun heimamanna er, þegar fram í sækir, að reisa dvalarheimili aldraðra í tengslum við heilsugæslustöð þá, sem þar er að rísa. Er þar einnig gert ráð fyrir vistun sjúkra og endurhæfingaraðstöðu.

20. **Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum.**

Framkvæmdir við nýtt sjúkrahús hófust 1962. Heilsugæslustöð tók til starfa 1971 og ætlunin var að ljúka framkvæmdum í árslok 1974. Þrátt fyrir frátafir af völdum náttúruhamfara tókst að opna aðra sjúkradeildina í nóvember 1974.

Í sjúkrahúsinu eru 48 rúm.


Samtímis því að sjúkrahúsið var tekið í notkun var sett upp innflutt hjúkrunar- og endurhæfingardeild, sem keypt var fyrir gjafafé. Er það notað fyrir dvalarheimili aldraðra, en má, er fram í sækir og á þyrfti að halda, breyta í hjúkrunardeild fyrir 41 sjúkling og væru þá tiltæk í Eyjum um 90 sjúkrarúm.


21. **Sjúkrahúsið á Selfossi.**

Starfræksla sjúkrahúss á Selfossi hófst 1958 í nýrýmdum læknisbústað, en síðan hefur verið aukið við með viðbyggingu.

Nýtt sjúkrahús er í smíðum, 3825 m², og verða legurými 35.

Framkvæmdir eru að komast á lokastig.


HEILBRIGÐIS - OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS, NESKAUPSSTAÐ
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
1 NEÐRI KJALLARI UPPSTEYPTUR OG BOTNPLATA Í EFRI KJALLARA
2 HÚS, UPPSTEYPT, OFAN VIÐ BOTNPLÖTU EFRI KJALLARA
3 ÞAK EINANGRAÐ OG FULLFRÁGENGIÐ
4 GLUGGAR, ÚTIHURÐIR OG EINANGRUNAR-GLER
5 EINANGRUN OG MÚRVINNA
6 LAGNIR OG HREINLÆTISTÆKI
7 RAFLAGNIR, FJARSKIPTALAGNIR OG LAMPAR
8 TRÉVERK, INNIHURÐIR OG NIÐUR-HENGD LOFT
9 DÚKALÖGN OG MÁLNING (ÚTI OG INNI)
10 INNRÉTTINGAR
11 SJÚKRALYFTA
12 BÚNAÐUR
13 BREYTINGAR OG ENDURBÆTUR Á NÚVERANDI SJÚKRAHÚSI, ÞAR MEÐ TALINN ELDHÚSBÚNAÐUR
14 LÓÐARFRÁGANGUR OG LISTSKREYTING
3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1
1975
1976
1977
1978


HEILBRIGÐIS - OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS, KEFLAVÍK
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
1 VINNSLUHÚS, GEYMSLUHÚS, DIESELSTÖÐVARHÚS
2 BROT Á ÚTBYGGINGU
3 UPPSTEYPT HÚS
4 ÞAKFRÁGANGUR
5 LÓÐARFRÁGANGUR MALBIKAÐ BÍLASTÆÐI
6 GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR
7 EINANGRUN OG MÚRVERK INNANHÚSS
8 MÁLUN OG HRAUNUN UTANHÚSS
9 RAFLAGNIR OG FJARSKIPTALAGNIR
10 LAMPAR OG PERUR
11 VARADIESELRAFSTÖÐ, MATARLYFTA
12 RAFTÆKI Í ELDHÚSI, BÍTIB OG LYFJAG.
13 HREINLÆTISKERFI
14 HITAKERFI
15 LOFTRÆSIKERFI
16 LAGNIR FYRIR ÞRÝSTI- OG GLAÐLOFT OG SÚREFNI
17 TRÉSMÍÐI; MILLIVEGGIR ÚR TRÉ, LOFT, STOKKAR
18 MÁLUN (INNI)
19 DÚKA- OG TEPPALÖGN
20 INNIHURÐIR
21 AÐRAR INNRÉTTINGAR
22 LAUSAR INNRÉTTINGAR Í ELDHÚSI
23 INNANHÚSSBÚNAÐUR, HÚSGÖGN OFL.
3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1
1975 1976 1977 1978

22. Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs.

Framkvæmdir eru hafnar við stækkun á sjúkrahúsinu (sjá meðf. skema yfir framkvæmdaáætlun).

Sjúkrahúsið taldist í upphafi rúma 25 sjúklinga, en þar munu að staðaldri vera vistaðir um 32—33 sjúklingar.

Auk þjónustudeildar verður í nýbyggingunni legudeild með 18 rúmum.

Þegar fjölda sjúkrarúma í eldri hluta hefur verið komið í eðlilegt horf verða þau samtals 44, aukningin svarar til 18 rúma í nýja hlutanum.

Stærð nýbyggingarinnar er 1302 m². Í henni er ekki aðstaða fyrir heilsugæslu.

23. St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.

Spítalinn rekinn með 40 rúmum síðastliðna hálfa öld.

Byggt var við húsið 1954 og aðstaðan aftur endurbætt á síðustu árum og komust skurðstofur og legudeild í not 1976, og eru sjúkrarúm nú 52.

24. Sjúkrahúsið Sólvangur, Hafnarfirði.

Sjúkrahúsið hóf starfsemi síðla árs 1953 sem elli- og hjúkrunarheimili og árið eftir tók fæðingardeild til starfa.

Þegar flest var vistmanna um 1962 voru þar 134, en mjög hefur þurft að fækka rúmum til þess að bæta aðstöðuna, og eru nú vistaðir þar 102 hjúkrunarsjúklingar á þrem deildum.

Fæðingardeildin var lögð niður á miðju ári 1975.

Þrengsli eru mikil, enda er húsið allt aðeins 2400 m² (8074 m³).

Endurbætur hafa verið gerðar á húsinu undanfarin ár og er nú verið að ljúka nauðsynlegustu bráðabirgðaendurbótum.

25. Sjúkrahótel.

25.1. Sjúkrahótel Rauða krossins í Reykjavík, þar sem hægt er að hýsa allt að 28 manns, tók til starfa 1974.

25.2. Sjúkrahótelið á Akureyri með um 8 rúmum tók til starfa 1976.

26. Endurhæfingarstofnanir.

26.1. **Vinnuheimilið að Reykjalundi** komst á sjúkrahúsaskrá í heilbrigðisskýrslum 1968, en SÍBS hafði rekið vinnuheimilið allt frá árinu 1945. Rúmafjöldi er nú 150.

Að Reykjalundi er rekin virk endurhæfing og iðjuþjálfun, en auk þess vinna margir vistmenn við framleiðslustörf í vinnustofum stofnunarinnar.

Yfirlæknir sjúkrahússins er einnig yfirlæknir á endurhæfingardeild Landspítalans í hlutastarfi.

26.2. **Heilsuhæli N.L.F.Í. í Hveragerði** var einnig skráð sem sjúkrahús 1968.

Þar er veitt endurhæfingarþjónusta og mun ætlun eigendanna að stórauka þá þjónustu á næstu árum.

Rúmafjöldi er 154.

27. **Sjúkrahús í Reykjavík og nágrenni og nokkur sjúkrahús staðsett annars staðar tengd þeim.**

St. Jósefsspítali á Landakoti.

Sjúkrahúsið tók til starfa 1902 og hefur síðan verið rekið af St. Jósefssystrum til 1. janúar 1977, að ríkissjóður keypti sjúkrahúsið og afhenti það sjálfseignarstofnun til rekstrar næstu 20 árin.

Sjúkrahúsið telst rúma 185 sjúklinga:

Augndeild	12
Barnadeild	28
Handlækningadeild	80
Lyflækningadeild	65

Sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar

1. Frá árslokum 1975 og síðan hafa sjúkrarúm verið skráð svo:

Borgarspítalinn, Fossvogi		
Lyflækningadeild	71	
Skurðlækningadeild	74	
Geðdeild	31	
Slysadeild	12	
Háls-, nef- og eyrnadeild	14	
Gjörgæsludeild	12	214
Hjúkrunar- og endurhæfingardeild:		
Helsuverndarstöð	35	
Grensásdeild	60	95
Geðdeild:		
Hvítabandið	30	30
Geðdeild:		
Arnarholti	60	60
Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar	30	30
	Samtals:	429

2. Af Borgarspítalanum í Fossvogi er að fullu lokið við A-álmu, þar sem eru legudeildir þær, sem taldar eru hér á undan, og E-álmu, þar sem eru m. a. rannsóknarstofur, slysavarðstofa, röntgendeild, skurðstofur og gjörgæsludeild.
   Núverandi bygging er 16 419 m².
3. Í byggingu er 1. áfangi þjónustudeildar (um 4200 m² — 3 hæðir), þar sem verður m. a. ný slysavarðstofa og göngudeild, auk annarra þjónustuþátta (framlög á fjárlögum 1974 og síðan). Sjá einnig það sem sagt er í kaflanum um heilsugæslustöðvar.
4. Í hönnun er B-álma spítalans. Áætlað er að þar verði um 150—200 sjúkrarúm (áætluð stærð 5927.1 m²) og hefur fé verið veitt til verksins á fjárlögum 1976—1977.
5. Að Arnarholti á Kjalarnesi fer fram áframhaldandi uppbygging geðdeildar (framlag á fjárlögum 1973 og síðan).
   Stofnun þessi var í upphafi, frá 1975, rekin af félagsmálastofnun borgarinnar, en komst 1960 undir stjórn sjúkrahúsnefndar.
6. Auk þess sjúkrarýmis, sem áður getur, stendur fyrir dyrum opnun hjúkrunar- og endurhæfingardeildar í Hafnarbúðum, með 24 rúmum. Hefur Reykjavíkurborg fjármagnað þessar framkvæmdir.
7. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar hefur sett fram hugmyndir um áframhaldandi bróun þjónustudeilda Borgarspítalans.
   Byggjast þær á áætlun, sem gerð var 1972 (Programmering av acut-och dagmottagningar vid Borgarspitalann í Reykjavík, Oy-Mec-Rastor, Oktober 1972).

Í áætlun þessari, sem unnin var af finnskum og sænskum sérfræðingum, var gert ráð fyrir, að nær öll bráðabirgðaþjónusta og mikill hluti sérfræðiþjónustu við höfuðborgarsvæðið færi fram á þjónustudeild Borgarspítalans.

Ákvarðanir um byggingu heilsugæslustöðva í hverfum borgarinnar hafa að sjálfsögðu áhrif á suma þjónustuþættina, en samkvæmt áætluninni frá 1972 telur Heilbrigðismálaráð rýmisþörf vera sem hér segir:

7.1. Skurðmiðstöð, röntgendeild, sótthreinsunarmiðstöð o. fl. 1. hluti.
Stærð: 5414 m² 18 300 m³.

7.2. Innlagnir og gæsla. Göngudeild lyflækningadeildar. Skurðmiðstöð, röntgendeild, sótthreinsunarmiðstöð o. fl. 2. hluti.
Stærð: 5500 m² 18 700 m³.

7.3. Aðalinngangur, móttökumiðstöð, próftökumiðstöð, móttaka geðlækna (göngudeild). Móttaka háls-, nef- og eyrnalækna (göngudeild), heyrnar- og talþjálfun.
Stærð: 7000 m² 23 800 m³.

7.4. Auk þess er gert ráð fyrir gjörgæsludeild með um 2900—3500 m² (10 000—12 000 m³). Um aðrar einingar hefur ekki verið tekin ákvörðun og er möguleiki á að þeim verði komið fyrir að einhverju leyti í eldri byggingum, þegar rými losnar við að starfsemi er færð til.

Samkvæmt ofanskráðu hefur Heilbrigðismálaráð sett fram hugmyndir um 20 000 m² aukningu við þjónustudeild þá, sem nú er í byggingu, auk B-álmunnar, sem er í hönnun.

Ríkisspítalarnir

Ríkisspítalarnir hafa verið undir sameiginlegri stjórnarnefnd síðan í ársbyrjun 1935.

1. Rúmafjöldi (1105) miðaður við 7. febrúar 1977 er sundurliðaður á sérstöku yfirliti hér á eftir.

Telst þar til Landspítali með 26 deildir og 529 rúm, Vífilsstaðaspítali með 4 deildir og 82 rúm, Kleppsspítali með 16 deildir og 237 rúm (auk útibús í Stykkishólmi með 16 rúm, eins og áður er greint frá), samtals 253 rúm á 17 deildum.

Kópavogshælið er með 14 deildir og 195 rúm.

Gæsluvistarheimilið í Gunnarsholti (Akurhóll), sem er drykkjumannahæli, hefur 46 rúm og er rekið í starfstengslum við deild XV á Kleppsspítala (Drykkjumannahælið að Vífilsstöðum).

Kristneshælið hefur áður verið talið með sjúkrarými á Akureyrarsvæði.

2. Sundurliðun rúmafjölda á Landspítala, Vífilsstöðum og Kleppsspítala (07/02/1977):

A. **Landspítalinn.**

Lyflækningar, 4 deildir	88	rúm
Handlækningar, 4 deildir	82	—
Húðlækningadeild	14	—
Barnaspítali Hringsins, 3 deildir	82	—
Taugalækningadeild	23	—
Bæklunarlækningar, 2 deildir	33	—
Endurhæfingardeild	13	—
Kvensjúdómar og fæðingarhjálp, nýburar, 4 deildir	102	—
Gjörgæsludeild	12	—
Geðdeild Barnaspítala Hringsins, Dalbraut	14	—
(þar af 6 í dagvistun)		
Hjúkrun og endurhæfing:		
Hátúni 10 B, 3 deildir	66	— 529

B. Vífilsstaðahælið, 4 deildir ..... 82 rúm
(Skipting: Ein deild með 25 rúm fyrir lyflækningar og 3 deildir fyrir lungnasjúkdóma með samtals 57 rúm).

C. **Kleppsspítalinn:**

Deild I	15	rúm	
Deild II	12	—	
Deild III	15	—	
Deild IV	15	—	
Deild V (Hátún 10 A)	14	—	
Deild VI (Hátún 10)	14	—	
Deild VII (Laugarásvegur 71)	17	—	
Deild VIII	17	—	
Deild IX	17	—	
Deild X	18	—	
Deild XI	17	—	
Deild XII (Úlfarsá)	7	—	
Deild XIII (Flókadeild)	14	—	
Deild XIV (Reynimelur)	8	—	
Deild XV (Vífilsstaðir)	23	—	223
Bjarg, Seltjarnarnesi	14	—	14
Stykkishólmur	16	—	16
Samtals:			253

3. Auk þeirra sjúkradeilda, sem nú voru taldar, eru ýmsar þjónustustofnanir tengdar rekstri spítalanna, svo sem þvottahúsið í Árbæjarhverfi og ýmsar rannsóknarstofnanir (Rannsóknastofa Háskólans við Barónsstíg (meinafræði, sýklafræði), Rannsóknastofa Háskólans í veirufræði á Landspítalalóð og Blóðbankinn).

Enn eykur á fjölbreytnina að mikil tengsl eru við læknadeild Háskóla Íslands.

Verður nú vikið að ýmsum þeim framkvæmdum, sem ýmist er nýlokið við, eru í undirbúningi eða á framkvæmdastigi og tengdar eru ríkisspítölunum.

3.1. Verið er að leggja síðustu hönd á tvö bráðabirgðahús fyrir Rannsóknastofu Háskólans og hefur sýklafræðideild flutt í bráðabirgðahús „A", en í hús „B" mun hluti meinafræðirannsókna senn flytja.

3.2. Viðbygging við Fæðingardeild Landspítalans var tekin í notkun í áföngum á árunum 1974—1976 (göngudeild á jarðhæð 1974, kvenlækningadeild á 1. hæð 1975, sængurkvennadeild á 2. hæð, fæðingagangur og skurðstofur á 3. hæð 1976 og var byggingin afhent formlega 29. des. 1976).

3.3. Geðdeild Landspítalans.


Með erindisbréfi heilbrigðisráðuneytisins, dags. 12. nóv. 1971, var skipuð fjögurra manna byggingarnefnd, sem sjá skyldi um fullnaðarhönnun geðdeildarbyggingar á Landspítalalóð.

Hönnunargögn bárust heilbrigðisráðuneytinu í september 1973 og var fyrsta skóflustungan tekin í janúar 1974. Hafði þá verið ákveðið að byggja geðdeildina í áföngum.

Geðdeildarbyggingin er 24 570 m^3 að stærð og er á hástæðum kjallara (jarðhæð), sjá skýringarmynd.

Jarðhæð, fyrsta og önnur hæð þessa áfanga (I til V), sem nú er í byggingu, eru að meðaltali 2080 m^2, samtals 6240 m^2, 4. hæðin II b, sem ætluð er fyrir stjórnun, aðstöðu fyrir lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa, er 793 m^2, er því heildarflötur 1. áfanga 7033 m^2.

GEÐDEILD LANDSPÍTALA



I		STIGAHÚS
IIa+b	1. HÆÐ	ENDURHÆFINGADEILD
	2. HÆÐ	SJÚKRADEILD (15)
	3. HÆÐ	SJÚKRADEILD (15)
IIb	4. HÆÐ	STJÓRNUN
III	(3 HÆÐIR)	AÐALINNGANGUR, FORSTOFA
IV	(3 HÆÐIR)	SJÚKRADEILDIR (2 x 15) OG KENNSLUAÐSTAÐA
V	1. HÆÐ	GEYMSLUR OFL.
	2. HÆÐ	SJÚKRADEILD (15)
	3. HÆÐ	SJÚKRADEILD (15)
VI		SJÚKRADEILDIR (2x15) - FYRIRHUGAÐAR
VII		STIGAHÚS FYRIRHUGAÐ
VIII		SJÚKRADEILDIR (2x15) - FYRIRHUGAÐAR

		Byggingar sem ekki eiga að standa samkv. skipulagi m²	Brúttó samkvæmt skipulagi m²	m²
I.	**Flatarmál núverandi bygginga á Landspítalalóð norðan Hringbrautar**			
	Gamli spítali		5 232	
	Kóboltbygging		184	
	Nýi spítali, tengiálma, miðhluti		3 590	
	Nýi spítali, kjallaragangur		474	
	Jarðgöng		339	
	Hliðarálmur		5 745	
	Fæðingardeild, kennsludeild		4 012	
	Fæðingardeild, gamla sjúkradeild		1 293	
	Fæðingardeild, nýbygging		4 012	
	Aðalinngangur og tengigangur		493	
	Eldhús — mötuneyti		3 132	
	Tengigangur		162	
	Ketilhús		449	
	Hjúkrunarskóli, heimavist		2 748	
	Hjúkrunarskóli, kennsludeild		1 344	
	Blóðbanki		560	
	Rannsóknastofa Háskólans	720		
	Rannsóknastofa (bráðabirgðahús)	835		
	Þvottahús	365		
	Rannsóknadeild (6. deild)	187		
	Samtals	2 107	30 792	30 792
II.	**Flatarmál nýbygginga á lóð Landspítalans norðan núverandi Hringbrautar**			
	Geðdeild I. áfangi		8 299	
	Aðrar fyrirhugaðar nýbyggingar		48 164	
	Samtals		56 463	56 463
III.	**Flatarmál nýbygginga á lóð Landspítalans sunnan núverandi Hringbrautar**			
	Bygging 7 (lækna- + tannlæknadeild)		9 395	
	Aðrar fyrirhugaðar nýbyggingar		72 052	
	Samtals		81 447	81 447
	Heildarflatarmál lóðar samkvæmt framtíðarskipulagi			168 702

Sá hluti hússins, sem merktur er V, er uppsteyptur, en að öðru leyti óunninn. Hlutar I til IV verða tilbúnir undir tréverk á þessu ári, og stefnt er að því að ljúka við og taka í notkun fyrri göngudeildina af fjárveitingu þessa árs.

Í árslok 1976 var kostnaður orðinn tæpar 280 milljónir. Á fjárlögum 1977 eru 173 milljónir og þar af er áætlað að kosti um 125 milljónir að gera hluta I-IV tilbúna undir tréverk.

Miðað við verðlag í janúar 1977 er áætlað að rúmar 500 milljónir muni kosta að taka hluta I-IV í notkun að fullu, með öllum búnaði (hluti V með 2 sjúkradeildum yrði þá látinn bíða).

Eins og sýnt er á skýringarmynd eru síðari áfangar, VI til VIII, fjórar sjúkradeildir með 15 sjúkrarúmum á hverri.

Framvindueftirlit er í höndum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

3.4. Á fjárlögum 1977 er framlag til 1. áfanga aðkomubyggingar við Eiríksgötu og í þessum 1. áfanga m. a. sjúkrabílamóttaka.

Auk þess stendur fyrir dyrum ýmis hagræðing á vegum Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, og hefur verið veitt fé til þeirra framkvæmda á fjárlögum 1977.

3.5. Yfirstjórn er samstarfsstjórn heilbrigðismálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins viðvíkjandi allri mannvirkjagerð á Landspítalalóð, ofan sem neðan núverandi Hringbrautar:

Byggingar Landspítala Íslands, Rannsóknastofu Háskólans, svo og læknadeildar Háskóla Íslands.

Í skýrslu þessari verður ekki nánar vikið að tillögugerð yfirstjórnarinnar, sem notið hefur ráðgjafar bresks arkitektafirma.

Er vísað til ritanna:

Landspítalinn. Framtíðaráætlun.

Læknadeild Háskóla Íslands og Landspítalinn, Reykjavík. Janúar/Desember 1972.

Enn fremur er vísað til skýrslu húsameistara ríkisins um lóð Landspítalans, sem gerð var í ágúst 1975 og byggð er á heildarskipulagi Landspítalalóðar, sem breska firmað gerði í desember 1972 og með breytingartillögum sömu aðila frá ágúst 1974. Enn fremur er vísað til skýrslu ráðgjafafyrirtækisins til yfirstjórnar frá desember 1976.

Til yfirlits er birt flatarmál núverandi bygginga á Landspítalalóð norðan Hringbrautar og flatarmál væntanlegra nýbygginga samkvæmt fyrrgreindum áætlunum.

Þessar tölur er að finna í meðfylgjandi töflu.

Þess skal getið að framkvæmdir við byggingu 7 (lækna- og tannlæknadeild) hófust 13. nóvember 1976.

FJÁRFRAMLÖG TIL RÍKISSPÍTALA

Fjárfestingar 1970—1976 (í þús. kr.).

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Alls
Landspítali	41 600	53 267	51 453	49 050	113 200	187 000	246 000	741 570
Fæðingardeild	10 000	30 340	59 840	60 000	15 000	80 000	72 000	327 180
Kleppsspítali	0	1 500	4 500	5 500	10 000	0	0	21 500
Vífilsstaðir	0	2 250	1 155	0	0	10 000	10 000	23 405
Kristnes	1 000	1 570	2 669	3 000	5 000	10 000	11 000	34 239
	52 600	88 927	119 617	117 550	143 200	287 000	339 000	1 147 894

4. Fávitahælið í Kópavogi hefur verið í stöðugri uppbyggingu síðan það tók til starfa 1952 og hefur húsakostur verið stórum bættur og aukinn. Verið er að koma upp göngudeild og einnig vísi að greiningardeild, sem mikil þörf er á.
   Ráðgerðar eru nýbyggingar við hælið, enda þótt ekki verði aukið við vistrými, og er þar um að ræða eldhúsbyggingu og byggingu fyrir ýmiss konar þjónustu og endurhæfingu.
5. Að Hátúni 10 B hefur tekið á leigu húsnæði í húsi Öryrkjabandalags Íslands. Alls er um að ræða 5 hæðir.
   Legudeildir eru á þrem hæðum með 66 sjúkrarúmum alls.
   Fyrirhuguð er göngudeild á 1. hæð og dagdeild á efstu hæð og gert ráð fyrir að hvort tveggja komist í not á þessu ári.
6. Á Kleppsspítala var 1971 tekinn í notkun vinnuskáli fyrir sjúklinga, og 1972 var tekin í notkun nýbygging fyrir skrifstofur heilbrigðisstarfsfólks, göngudeild, funda- og kennsluaðstöðu.
   Gamli spítalinn (frá 1907) hefur verið endurbyggður og verður þar komið fyrir borðstofu fyrir starfsfólk, aðstöðu fyrir móttöku matarsendinga (frá eldhúsi Landspítalans) og ýmiss konar þjónustuaðstöðu.
   Þegar eldhús spítalans hefur verið lagt niður, er gert ráð fyrir að breyta kjallara spítalans og hafa þar aðstöðu fyrir ýmiss konar meðferðarþjónustu.

27. Nokkrar sjálfseignarstofnanir.

27.1. Vistheimili fyrir drykkjumenn (Bláa Bandið) er rekið að Víðinesi og eru þar 36 rúm.
27.2. Fávitahæli að Sólheimum í Grímsnesi er með 40 rúmum.
27.3. Fávitahæli að Skálatúni hefur 48 rúm.
27.4. Fávitahæli að Tjaldanesi: 28 rúm.
   Sjá nánar um þessa stofnun annars staðar í skýrslunni.
27.5. Drykkjumannaheimili að Hlaðgerðarkoti: 18 rúm.
27.6. Hjúkrunar- og elliheimilið Grund í Reykjavík og Ás í Hveragerði:
   Sjúkrarými talið með í skýrslu um dvalarheimili aldraðra.
27.7 Dvalarheimili aldraðra, Hrafnista:
   Sjúkrarými þar einnig talið annars staðar.
   Hluti nýbyggingar í Hafnarfirði mun komast í not á þessu eða næsta ári.
27.8. Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar (Hátúni 12) fyrir öryrkja: 45 rúm.

8. SKRÁ UM DVALARHEIMILI ALDRAÐRA OG LEGURÝMI 1. JANÚAR 1977.

Dvalarheimili aldraðra.

Hjúkrunar- og endurhæfingardeildir.

Rúma- og vistmannafjöldi í mars 1977.

	Tala rúma	Vist-menn	Hjúkr. sjúkl.	Vistm. í íbúðum
Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík ...	357	64	293	
Elliheimilin Ás og Ásbyrgi, Hveragerði	187	88	99	
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík	427	164	263	
Íbúðir aldraðra í Reykjavík:				
Norðurbrún: 60 íbúðir, 8 fyrir hjón og 52 fyrir einstaklinga	68			68
Austurbrún 6: 35 íbúðir fyrir tvo vistmenn ...	50			50
Hátún 10 B: 20 íbúðir fyrir einstaklinga, 4 fyrir tvo vistmenn	28			28
Elliheimilið Akranesi	17	17		
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	58	45		
Dvalarheimilið Fellsendi, Dalasýslu	16	6	6	
Elliheimilið Ísafirði	18	19		
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, ellideild, Blönduósi	27	13	14	
Sjúkrahús Siglufjarðar, Siglufirði, ellideild hefur verið lögð niður				
Elliheimili Akureyrar, Akureyri	96	74	22	
Elliheimilið í Skjaldarvík, Akureyri	78	78		
Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, ellideild ...	19	11	8	
Elli- og hjúkrunarheimili A.-Skaftafellssýslu, Höfn, Hornafirði	15	8	5	
Elliheimilið Suðurvík, Vík í Mýrdal	4	2		
Dvalarheimili aldraðra, Hraunbúðir, Vestmanna-eyjum	41	30		
Elliheimilið Hlévangur, Keflavík	18	18		
Dvalarheimili aldraðra, Kumbaravogi, Stokkseyri	18	10		
Sólvangur, Hafnarfirði	102		102	
Borgarspítalinn, Heilsuverndarstöð	34		34	
Landspítalinn, Hátún 10 B	66	66		
Alls:	1 744	647	912	146

9. FRAMLÖG ÚR STYRKTARSJÓÐI VANGEFINNA

STYRKTARSJÓÐUR VANGEFINNA
Styrkir 1958—1976 (í þús. kr.).

	1958—69	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Alls
Kópavogshæli	48 493	10 000	9 000	12 000	16 000	16 000	16 000	8 000	135 493
Sólheimar	7 228	0	0	1 500	1 500	2 000	0	0	12 228
Styrktarfélag vangefinna	800	0	0	0	0	0	4 000	2 000	6 800
Skálatún	20 420	0	5 000	8 000	6 375	575	0	0	40 370
Tjaldanes	2 550	0	0	2 000	0	0	6 000	0	10 550
Sólborg	31 000	7 500	1 613	0	0	928	14 800	28 577	84 418
Bjarkarás	0	0	6 000	4 500	500	0	0	0	11 000
Egilsstaðir	0	0	0	0	0	0	400	917	1 317
	110 491	17 500	21 613	28 000	24 375	19 503	41 200	39 494	302 176

Framlög úr Styrktarsjóði vangefinna frá stofnun.

Árið 1958 voru sett lög um aðstoð við vangefið fólk (lög nr. 43 1958). Í þessum lögum er gert ráð fyrir að af alls konar gosdrykkjum og öli, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skuli næstu fimm árin þar á eftir greiða gjald, sem renna skyldi í sérstakan sjóð, Styrktarsjóð vangefinna, og átti hann að vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Fé því, sem aflað var samkvæmt lögunum, skyldi varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk. Lögin tóku gildi 1. júlí 1958.

Í reglugerð nr. 83 frá 9. júní 1958 segir, að félagsmálaráðuneytið ráðstafi fé sjóðsins að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

Með lögum nr. 16 1962 var það gjald, er hér um ræðir, hækkað og jafnframt var innheimta þess framlengd um fimm ára bil, þ. e. til 1. júlí 1968.

Árið 1966 var lögunum breytt á þann veg að gjaldið skyldi hækkað en nú var ákveðið að ¾ hlutar skyldu renna í Styrktarsjóð vangefinna, en ¼ hluti til Hjartaverndar.

Þessi nýju lög voru síðan felld inn í eldri lögin og þau gefin út sem lög nr. 78 1. júlí 1966, um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga.

Þessi síðarnefndu lög voru síðan afnumin með lögum nr. 97 1971, um vörugjald, og átti endanlega að falla úr gildi ákvæðið um greiðslur til Styrktarsjóðs vangefinna hinn 1. júlí 1976.

Í lok árs 1976 voru lagaákvæði um framlög í Styrktarsjóð vangefinna framlengd til ársloka 1977.

Eins og fram kemur hér að framan var tilgangur Styrktarsjóðs vangefinna að veita fé til uppbyggingar stofnana fyrir vangefið fólk.

Í töflu I hér á eftir kemur fram hvernig fé hefur runnið til sjóðsins frá byrjun og til hvaða stofnana fé hefur verið veitt á þessu árabili.

Af töflunni sést að á árabilinu 1958—1969 var alls veitt úr sjóðnum 110 491 þús., þar af til Kópavogshælisins rúmlega 48 millj., Sólborgar á Akureyri 31 millj. og Skálatúnsheimilisins rúmlega 20 millj.

Á árabilinu 1970—1976, þá hefur verið veitt úr sjóðnum samtals 191 785 þús. og eru eins og áður stærstu styrkirnir til Kópavogshælis, Sólborgar á Akureyri og Skálatúnsheimilis.

Á starfstíma sjóðsins hafa alls verið veittar úr honum um 302 176 þús. kr.

Þær framkvæmdir, sem nú eru á döfinni og gert er ráð fyrir að fjármagnaðar verði úr Styrktarsjóði vangefinna, eru eftirfarandi:

1. **Kópavogshæli.**

Nú er nær lokið byggingu nýrrar deildar vistmanna, sem rúma á 15 vistmenn.

Þá hefur byggingarnefnd gert tillögur um nýja stórbyggingu við Kópavogshæli, sem fyrst og fremst á að rúma eldhús, mötuneyti og aðstöðu fyrir félags- og íþróttastarfsemi, þ. á m. sundlaug.

Mjög er brýnt að þessar byggingar komist upp. Öll eldun fyrir Kópavogshæli fer nú fram í kjallarabyggingu gamla Kópavogshælisins eldra við mjög ófullkomnar aðstæður og engin aðstaða er á heimilinu fyrir félags- og íþróttastarfsemi.

2. **Vistheimilið Sólborg, Akureyri.**

Á árinu 1975 var hafist handa um byggingu sjúkradeildar við Vistheimilið Sólborg á Akureyri. Áður hafði verið gert ráð fyrir því að sjúkradeildir yrðu eingöngu við Kópavogshælið, en fljótlega eftir byggingu Sólborgar sýndi sig að óraunhæft var að reka það heimili án þess að þar væri sérstök sjúkradeild.

Gera má ráð fyrir að verulegur hluti af fjárveitingu ársins 1977 frá Styrktarsjóði vangefinna fari til að ljúka þessari viðbyggingu Sólborgar, enda þótt ákvarðanir hafi ekki verið teknar enn um fjárveitingar.

3. **Vistheimili fyrir vangefna á Egilsstöðum.**

Samkvæmt þingsályktun frá Alþingi á árinu 1972 var gerð könnun á því, hvernig vangefnir skiptust milli landshluta eftir búsetu. Þessi könnun leiddi í ljós að full ástæða var til að víkja frá þeim ákvörðunum, sem fyrr höfðu verið teknar um að vistheimili fyrir vangefna yrði eingöngu byggð í Reykjavík og á Akureyri, og var í framhaldi af þessum könnunum hafinn undirbúningur að byggingu heimilis fyrir vangefna á Egilsstöðum.

Byggingarundirbúningur stendur nú yfir, en það fer eftir fjárveitingum úr Styrktarsjóði vangefinna, hvenær bygging hefst.

4. **Tjaldanesheimilið í Mosfellssveit.**

Alls hafa verið veittar úr Styrktarsjóði vangefinna 10 550 þús. til þessa heimilis þar af 6 millj. kr. á árinu 1975.

Nauðsynlegt er að taka afstöðu til framtíðarfyrirkomulags og stærðar þessa heimils, en það hefur nú verið afhent ríkinu að gjöf.

Endurbæta og endurbyggja þarf húsakynni að nokkru leyti, enda þótt hælið yrði ekki stækkað, og eitt af brýnustu verkefnum er lögn nýrrar hitaveitu til heimilisins.

Auk þeirra verkefna, sem hér hafa verið talin, þá eru enn fjölmörg verkefni óleyst, sem málefnum vangefinna koma við, svo sem sérstök fjölskylduheimili fyrir vangefna, göngudeildarráðgjafar og þjálfunaraðstaða fyrir vangefna, verndaðir vinnustaðir í tengslum við dagvistun, sérstök greiningarstofnun, svo eitthvað sé nefnt af því, sem aðrar þjóðir hafa lagt áherslu á að koma til framkvæmda eftir að farið var að gefa málefnum vangefinna verulegan gaum.

Það ætti að vera auðsætt af því, sem hér hefur verið sagt, að verkefni á sviði málefna vangefinna eru fjölmörg, og enda þótt verulegt átak hafi verið gert í þessum málum á síðustu 20 árum, þá eru ekki minni verkefni fram undan óleyst.

10. GÆSLUVISTARSJÓÐUR

Styrkir 1964—1976 (í þús. kr.).

	1964—69	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976*	Alls
Bláa bandið	5 845	600	1 800	1 800	600	1 200	1 080	1 200	14 125
Vernd	350	150	150	250	250	250	450	500	2 350
Gunnarsholt	26 348	6 800	200	2 260	2 040	6 500	0	11 729	55 877
Rannsóknir	285	0	350	0	200	0	500	0	1 335
Kleppsspítali	0	5 000	15 000	15 000	0	0	0	0	35 000
Víðines	0	0	0	1 200	600	0	8 000	7 700	16 900
Vífilsstaðir		0	0	919	18 365	24 349	20 000	3 000	66 633
Samhjálp	0	0	0	0	0	300	0	0	300
Ungtemplarar	0	0	0	0	200	250	0	500	950
Ýmislegt	55	0	103	17	0	0	0	0	175
Áfengisvarnarráð ..		0	0	235	0	0	0	0	235
Stórstúka Íslands ..		0	0	0	120	0	0	0	120
Læknisfræðibókas.		0	188	0	0	0	0	0	188
Náms- og ferðast.		0	0	0	0	0	0	610	610
									194 797

*Eftirstöðvar 29 661 411 verður notað til greiðslu skulda vegna Vífilsstaða, Kleppsspítala og Gunnarsholts.

Gæsluvistarsjóður.

Lagaákvæði um Gæsluvistarsjóð er að finna í lögum nr. 39 frá 1964, en þar stendur svo í III. kafla um Gæsluvistarsjóð: „Af ágóða Áfengisverslunar ríkisins skal greiða 7½ milljón króna ár hvert í sérstakan sjóð, gæsluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. grein laganna (þ. e. meðferðar- og dvalarstofnanir fyrir drykkjusjúka). Af tekjum sjóðsins skal árlega verja a. m. k. 2% (2 af hundraði) til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki. Heilbrigðisstjórn er heimilt að ákveða til allt að 5 ára í senn að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka á sinn kostnað hæli eða aðrar stofnanir til lækninga drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram samkvæmt reglugerðum, sem heilbrigðisstjórn staðfestir, og sé háð eftirliti hennar".

Á töflu hefur verið gerð skrá yfir styrki, sem veittir hafa verið úr Gæsluvistarsjóði á árinu 1964 til ársloka 1976.

Á árinu 1964, þegar lögin um Gæsluvistarsjóð voru sett, voru þær greiðslur, sem ákveðnar voru af ágóða Áfengisverslunar ríkisins, um 2% af nettó-hagnaði Áfengisverslunarinnar.

Á árinu 1976 var fjárveiting til Gæsluvistarsjóðs 54.9 millj. króna, en nettóhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins áætlaður um 6 milljarða króna, svo að þetta hlutfall hefur breyst þannig á þessu árabili að nú renna í Gæsluvistarsjóð innan við 1% af nettó-hagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Á fyrstu árum Gæsluvistarsjóðs var fé hans fyrst og fremst varið til rekstrarstyrkja stofnana eða félagasamtaka, sem unnu að málefnum drykkjusjúkra. Það er ekki fyrr en frá og með árinu 1970 að verulegum hluta af tekjum Gæsluvistarsjóðs er varið til uppbyggingar stofnana og er þá fyrst og fremst að telja bætta aðstöðu

við Kleppsspítala, sem byggð var á árabilinu 1970—1972 og alls var veitt til 35 millj. króna.

Fram til ársins 1970 var rekstur Gæsluvistarhælisins í Gunnarsholti greiddur úr Gæsluvistarsjóði, en síðan 1972 hefur Gæsluvistarsjóður styrkt þá uppbyggingu, sem þar hefur farið fram, alls um 22 milljónir króna.

Frá árinu 1972 hefur Gæsluvistarsjóður styrkt uppbyggingu nýrrar stofnunar fyrir drykkjusjúka að Vífilsstöðum, og höfðu í árslok 1976 alls verið greiddar rúmlega 66 milljónir til þeirrar framkvæmdar, en fullnaðaruppgjör hefur ekki farið fram.

Sömuleiðis hefur Gæsluvistarsjóður undanfarin 2 ár styrkt nýbyggingar í Víðinesi.

Síðan Gæsluvistarsjóður var stofnaður hafa verið veittir úr honum styrkir að upphæð samtals nær 195 millj. kr. til ársloka 1976 og voru þá í sjóðnum tæplega 30 milljónir kr., sem að mestu munu ganga til skuldagreiðslna vegna framkvæmda, sem lofað hefur verið styrkja til.

Það er langt frá því að Gæsluvistarsjóður hafi getað staðið undir þeirri þörf, sem er á uppbyggingu stofnana og starfsemi vegna drykkjusjúkra, enda hefur framlag til sjóðsins sífellt farið minnkandi í hlutfalli við það sem í upphafi var miðað við, þ. e. nettó-hagnað af áfengissölu í landinu.

Eigi Gæsluvistarsjóður í framtíðinni að standa undir kostnaði vegna dvalar- og meðferðarstofnana drykkjusjúkra, verður að skapa honum öruggari tekjustofn en verið hefur undanfarin ár og má í því sambandi benda á tillögur, sem fram hafa komið um að til sjóðsins renni á hverju ári fastur hundraðshluti af nettó-tekjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, t. d. 2% eins og var í upphafi.

11. TJALDANES, GJÖF

Tjaldanesheimilið.

Með samningi, dagsettum 14. ágúst 1973, milli stjórnar Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit annars vegar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hins vegar, var ákveðið, að ráðuneytið tæki frá 1. sept. 1973 að öllu leyti við rekstri vinnu- og dvalarheimilisins að Tjaldanesi. Hús og lóðir skyldu vera áfram eign Tjaldanesheimilisins svo og lausafjármunir, en stofnun með svipaðri starfsemi skyldi reka þar áfram. Á sama hátt skyldu starfsmenn eiga kost á starfi áfram og vistmenn á áframhaldandi dvöl.

Stofnuninni var síðan skipuð stjórn og var formaður tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, menntamálaráðuneytið tilnefndi Tómas Sturlaugsson skólastjóra og Styrktarfélag Tjaldanesheimilisins tilnefndi Friðfinn Ólafsson forstjóra. Hinn 24. september 1974 óskaði Adda Bára eftir að losna frá stjórnarstarfi og var þá frú Salóme Þorkelsdóttir skipuð formaður í hennar stað.

Skrifstofu ríkisspítalanna var falið að annast bókhald, fjárreiður og helstu innkaup heimilisins eins og annarra ríkisspítala, sem skrifstofan sér um að þessu leyti.

Með gjafabréfi dags. 23. mars 1976 afhenti Styrktarfélag Tjaldanesheimilisins í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra íslenska ríkinu Tjaldanesheimilið til eignar, þ. e. a. s. eignarland þess, mannvirki, húsmuni og áhöld hvers konar, allt skuldlaust og án veðbanda.

Það skilorð fylgdi gjöfinni, að stofnun fyrir vangefna yrði áfram rekin að Tjaldanesi á svipaðan hátt og verið hafði og að sérstök stjórn færi áfram með málefni heimilisins eins og tekið var upp, er ríkið tók við rekstri heimilisins 1973.

Hinn 30. apríl 1976 var Birgir Finnsson skipaður af heilbrigðisráðherra til þess að vera forstöðumaður Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit.

LANDAKOT, KAUP

Landakotsspítali.

Haustið 1974 var svo komið, að St. Jósefssystur, sem reist höfðu St. Jósefsspítala að Landakoti og rekið hann frá árinu 1902, treystu sér ekki til að halda rekstrinum áfram með svipuðu sniði.

Uppi voru hugmyndir um að einhver önnur katólsk nunnuregla tæki að sér reksturinn. Var þá fyrst og fremst höfð í huga írsk regla: „Sisters of Mercy". Viðræður fóru fram milli þessara tveggja reglna í ársbyrjun 1975, en af samningum varð ekki.

Önnur hugmynd St. Jósefssystra var sú, að ríkið keypti Landakotsspítala og tæki við rekstri hans. Óformlegt tilboð þeirra í bréfi, dags. 5. sept. 1974, var rætt í ríkisstjórninni um það leyti.

Þegar sýnt var að ekki gat orðið af yfirtöku annarrar reglu á rekstri spítalans, hófust á miðju ári 1975 viðræður milli heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og aðila frá spítalanum hins vegar um hugsanlegar leiðir til yfirtöku ríkisins á rekstrinum. Þessum samningaviðræðum lauk svo hinn 26. nóv. 1976 með undirritun kaupsamnings, þar sem samið var um að ríkið keypti allar eignir Landakotsspítala, hús og lóðir, lausafjármuni, birgðir, tæki og áhöld. Skyldi kaupandi taka við rekstrinum hinn 1. janúar 1977. Kaupverðið var tólf hundruð milljónir króna. Hinn 1. janúar 1977 og 1978 greiðast alls 150 millj. kr., en eftirstöðvar 1 050 millj. kr., skal greiða á 20 árum.

Ein grein kaupsamningsins hljóðar svo: „Kaupandi lýsir því yfir að hann muni fela rekstur spítalans sjálfseignarstofnun, sem komið verður á fót í því skyni að spítalinn verði rekinn með sama sniði og verið hefur. Sjálfseignarstofnun þessi verður í því formi, sem ríkisstjórnin ákveður og seljandi samþykkir."

Til þess að fullnægja þessu ákvæði hefur verið skipað „Fulltrúaráð Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala". Hefur 21 fulltrúi verið tilnefndur í ráðið og því valin 7 manna stjórn úr hópi fulltrúa. Er stjórnin þannig skipuð:

Óttarr Möller forstjóri, formaður,
Jón Ingimarsson skrifstofustjóri heilbrigðisráðun., ritari,
Björn Önundarson tryggingayfirlæknir,
Erlendur Einarsson forstjóri,
Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri,
Ólafur Örn Arnarson læknir, og
Valur Valsson aðstoðarbankastjóri.

Í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu hafa eftirtaldir verið skipaðir í stjórnarnefnd sjúkrahússins:

Höskuldur Ólafsson bankastjóri, form.,
Hallgrímur Sigurðsson forstjóri, og
Ólafur Örn Arnarson læknir.

Starfsmannaráð spítalans hefur tilnefnt Sverri Ormsson rafvirkjameistara í stjórnarnefndina af hálfu starfsfólks spítalans og fulltrúi Reykjavíkurborgar er Björn Guðbrandsson læknir.

Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala hlaut staðfestingu forseta Íslands hinn 2. febrúar 1977 og var birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 85/1977.

13. KOSTNAÐARÞÆTTIR Í SJÚKRAHÚSREKSTRI 1953—1974.

Landspítali, Landspítali, fæðingardeild, Vífilsstaðaspítali, Kleppsspítali, Kópavogshæli.

Kostnaðarþróun á sjúkrahúsum 1953—1974.

Árið 1953 voru heildarútgjöld til heilbrigðismála ca. 118 milljónir. Af þessu fóru ca. 44 milljónir eða 37% til rekstrar sjúkrahúsa.

Árið 1974 eru heildarútgjöld orðin ca. 8 804 milljónir. Af því er varið ca. 4 000 milljónum eða 45% til rekstrar sjúkrahúsanna. Hér hefur því átt sér stað sama þróun og í nágrannalöndunum, að hlutur spítalanna í heildarútgjöldum vegna heilbrigðismála eykst stöðugt.

Ef skipting útgjalda er athuguð nánar kemur eftirfarandi í ljós:

	Kr. millj. 1953	%	1974	%
Ríkisspítalar	28	24	2 163	25
Sjúkrahússtofnanir Reykjavíkur	5	4	953	11
Aðrir	11	9	849	10
Sjúkrahúsrekstur samtals	44	37	3 965	45
Önnur heilbrigðismál	74	63	4 839	55
Samtals	118	100	8 804	100

Sú aukning, sem orðið hefur á hluta sjúkrahúsanna í útgjöldum vegna heilbrigðismála, er nær öll vegna stækkunar Borgarspítalans. Prósentuhlutur sjúkrahússtofnana Reykjavíkurborgar hefur þannig aukist um 7% eða um það bil þrefaldast á tuttugu árum.

Hlutur ríkisspítalanna og annarra hefur hins vegar aðeins aukist um ca. 1% hjá hvorum.

Þetta þýðir þó ekki endilega að reykvíkingar hafi fengið betri sjúkrahúsþjónustu en aðrir landsbúar. Aðrir hafa líka notið góðs af. Um það bil 30% af sjúklingum Borgarspítalans í Reykjavík koma frá öðrum byggðarlögum en Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi og Hafnarfirði.

Hér hefur átt sér stað sama þróun og í nágrannalöndunum. Hlutur spítalanna í heildarútgjöldum vegna heilbrigðismála eykst stöðugt. Sérgreinum læknisfræðinnar fjölgar, ný tæki og nýjar aðferðir eru fundnar upp. Sífellt er hægt að meðhöndla fleiri tegundir sjúkdóma. Allt hefur þetta valdið því að álagið á sérhæfðasta og tæknilega fullkomnasta hluta heilbrigðiskerfisins, sjúkrahúsin, eykst stöðugt.

Ef athugað er, hver er raunveruleg aukning sjúkrahúskostnaðar á íbúa, kemur í ljós að

1953 var sjúkrahúskostnaður 289 kr./íbúa.

1974 var sjúkrahúskostnaður 18 300 kr./íbúa.

Á þessum tíma er kostnaðaraukning vegna verðbólgu 22-föld. Raunveruleg kostnaðaraukning er því þreföld.

Hér á eftir verður í grófum dráttum reynt að skýra þá kostnaðaraukningu, sem orðið hefur á nokkrum stærstu sjúkrahúsunum.

16.1. LANDSPÍTALINN

Kostnaður á legudag í Landspítalanum 1953 var 145 kr. Árið 1974 var kostnaður orðinn 8 750 kr. Á þessum árum var kostnaðaraukning vegna verðbólgu 22-föld. Raunveruleg kostnaðaraukning er því ca. 2.7-föld.

LANDSPÍTALINN

Rekstrarkostnaður pr. legudag.

	1953	%	x22	1974	%	Raunveruleg aukning
I. Gjöld:						
1. Laun	70,95	48,8	1 560,90	6 016,72	68,76	x3,85
2. Lyf	12,40	8,5	272,80	559,42	6,39	2,05
3. Matvörur	14,18	9,8	311,96	366,15	4,18	1,17
4. Ljós og eldsneyti	4,61	3,2	101,42	183,26	2,09	1,80
5. Þvottur og hreinlætisvörur	10,80	7,4	237,60	322,48	3,69	1,35
6. Viðhald	12,17	8,4	267,74	238,47	2,72	÷0,89
7. Annar kostnaður	20,19	13,9	444,18	1 064,06	12,17	2,39
Samtals	145,30	100,0	3 196,60	8 750,56	100,00	2,73

Launakostnaður á legudag eykst langmest eða um 285%. Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm á Landspítalanum 126 og starfsfólk um 150, eða 1.2 starfsm./sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1974 eru rúmin orðin 319 og starfsfólk um 769, eða 2.4 starfsm./sjúkrarúm. Ástæðurnar fyrir þessari þróun eru einkum tvær:

1. Aukning alls kyns þjónustustarfsemi gagnvart og í tengslum við sjúklinga.
2. Stytting meðallegudagafjölda um 5 daga (mynd 16.1), sem þýðir í reynd, að innliggjandi sjúklingar eru nú almennt veikari og krefjast meiri umönnunar en var árið 1953.

Lyfjakostnaður á legudag hefur tvöfaldast. Skýringin er auðvitað mikill fjöldi nýrra lyfja, þar á meðal mikið af s. k. fúkkalyfjum.


Matvörukostnaður á legudag hefur aukist um 17%. Með bættu skipulagi hefur tekist að koma í veg fyrir enn meiri kostnaðaraukningu þrátt fyrir stórendurbætta þjónustu við sjúklinga hvað varðar t. d. sérfæði.

Ljós og eldsneyti á legudag hefur hækkað um 80%. Skýringin er m. a. aukin lýsing, fjölgun rafmagnstækja, meiri hiti og aukning á þjónustuhúsnæði. Einnig er trúlegt að vanbókað sé á þennan kostnaðarlið hvað varðar Fæðingardeild (kafli 16.2.) á kostnað Landspítalans.

Þvottur og hreinlætisvörur á legudag hafa aukist um 35%. Skýringin er auknar kröfur, fjölgun starfsfólks o. fl.


Viðhaldskostnaður á legudag hefur lækkað um 11%. Þetta hefur valdið því, að byggingar Landspítalans eru orðnar slitnar og allar tæknilegar endurbætur hafa setið á hakanum. Fjárveitingar til viðhalds eru á sérstökum lið á fjárlögum og virðist ekkert samband hafa verið milli aldurs húsa og upphæðar fjárlaga.

Annar kostnaður á legudag hefur hækkað um 139%. Hér er einkum um að ræða kostnað vegna t. d. nýrrar rannsóknatækni, t. d. röntgen, svo og ýmsa einnotahluti og hjúkrunargögn, sem ekki voru til fyrir 20 árum.



Landspitalinn
Gjöld kr./legudag
6.000
5.000
4.000
3,000
2.000
1.000
500
0
8,705
samtals
laun
lyf
matvörur
þvottur og hrlv.
viðhald
ljós og eldsneyti
'53 '55 '57 '59 '61 '63 '65 '67 '69 '71 '73 '75 Ár

Landspitalinn


HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




1953




1958



1963




1968




1973

1. Laun
2. Lyf
3. Matvörur
4. Ljós og eldsneyti
5. Þvottur og hreinlætisvörur
6. Viðhald
7. Ýmislegt



1974

Landspitalinn (og fæðingardeild)



FÆÐINGARDEILD

Kostnaður á dvalardag árið 1953 var 150 kr. Árið 1974 var kostnaður 5 932 kr. Á sama tíma hefur verðbólgan valdið 22-földun kostnaðar. Raunveruleg kostnaðaraukning hefur því verið 1.8-föld.

FÆÐINGARDEILD

Kostnaður pr. legudag	1953	%	×22	1974	%	Raunveruleg aukning
I. Gjöld:						
1. Laun	65,87	43,8	1 449,14	3 841,11	64,75	2,62
2. Lyf og sáraumbúðir	8,05	5,4	177,10	251,10	4,23	1,41
3. Matvörur	23,98	16,0	527,56	549,13	9,26	1,04
4. Ljós og eldsneyti	5,00	3,3	110,00	63,53	1,07	÷0,57
5. Þvottur og hreinlætisvörur	24,26	16,1	533,72	527,56	8,89	÷0,98
6. Viðhald	5,24	3,5	115,28	19,25	0,32	÷0,16
7. Annar kostnaður	17,88	11,9	393,36	680,55	11,48	1,73
Samtals	150,28	100,0	3 306,16	5 932,23	100,00	1,79

Launakostnaður á legudag eykst um 162%. Skýringar eru þær sömu og hvað varðar Landspítalann. Hér fjölgar starfsfólki þó ekki jafnmikið og þar.

Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm í fæðingardeild 54 og starfsfólk um 57, eða 1 starfsmaður/sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1974 eru sjúkrarúmin 63 og starfsfólk um 103, eða 1.6 starfsmaður/sjúkrarúm.

Lyfjakostnaður á legudag eykst einnig nokkru minna en í Landspítalanum eða um 41%. Þörfin fyrir lyf er hér hvað varðar sængurkonur nokkuð önnur og minni en á deildum Landspítalans.

Matvörukostnaður á legudag stendur í stað.


Ljós- og eldsneytiskostnaður á legudag lækkar um 43%. Hér er væntanlega um vanreikning að ræða vegna ofreiknings á Landspítalann. Þessi kostnaður ætti væntanlega að hafa staðið því sem næst í stað.

Þvotta- og hreinlætisvörukostnaður á legudag hefur staðið í stað. Fæðingardeildir eru þungar deildir hvað varðar þvotta. Það verður því að teljast mjög athyglisvert að sá kostnaður skuli ekki hafa aukist.

Viðhaldskostnaður á legudag hefur lækkað um 84%. Útlit gömlu fæðingardeildarbyggingarinnar hefur verið þannig að til mikillar vansæmdar hefur verið á undanförnum árum. Oft virðist viðhald bygginga vera eini liðurinn, sem talið er að hægt sé að spara á.


Annar kostnaður á legudag hefur aukist um 73%. Hér er um að ræða sömu skýringar og gilda fyrir Landspítalann, þó aukningin sé mun minni.

Fæðingardeild




Fæðingardeild


HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




1953




1958




1963



1968



1973



1974

VÍFILSSTAÐASPÍTALI

Kostnaður á legudag í Vífilsstaðaspítala var árið 1953 74 kr. Árið 1974 var kostnaður orðinn 4 370 kr. Raunveruleg kostnaðaraukning með tilliti til 22-földunar verðlags hefur því verið um 2.7-föld.

Á þessum árum gjörbreytist starfsemin á Vífilsstöðum úr berklahæli í spítala fyrir lungnasjúklinga.

Starfsliði fjölgar og sjúkrarúmum fækkar. Á árunum um 1960 er sjúkrarúmum fækkað verulega. Þá hefur berklum næstum verið útrýmt og slíkir sjúklingar orðnir fáir. Frá þessum tíma fer einnig innlögnum að fjölga vegna styttingar á meðallegudagafjölda. Eftir 1968 verður síðan nýtt stökk vegna enn meiri styttingar meðallegudagafjölda.

Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm í Vífilsstaðaspítala um 190 og starfsfólk um 74 eða 0.4 starfsm./sjúkl. Í ársbyrjun 1974 eru rúmin 102 og starfsmenn um 131, eða 1.3 starfsmaður/sjúkrarúm.

VÍFILSSTAÐASPÍTALI

Kostnaður pr. dvalardag	1953	%	×22	1974	%	Raunveruleg aukning
I. Gjöld:						
1. Laun	24,83	33,5	546,26	2 785,39	63,74	5,09
2. Lyf og sáraumbúðir	2,21	3,0	48,62	228,43	5,23	4,69
3. Matvörur	22,87	30,9	503,14	356,47	8,16	÷0,70
4. Ljós og eldsneyti	5,49	7,4	120,78	145,23	3,32	1,20
5. Þvottur og hreinlætisvörur	4,29	5,8	94,38	152,98	3,50	1,62
6. Viðhald	8,21	11,1	180,62	205,85	4,71	1,13
7. Annar kostnaður	6,12	8,3	134,64	495,21	11,43	3,67
Samtals	74,02	100,0	1 628,44	4 369,56	100,00	2,68

Launakostnaður á legudag eykst um 409%. Ástæðurnar eru fjölgun starfsfólks og bætt launakjör heilbrigðisstétta. Einnig fækkun sjúkrarúma og legudaga.

Ástæðurnar fyrir fjölgun starfsfólks eru einkum:

Lyfja- og sáraumbúðakostnaður á legudag eykst um 369%. Ný lyf og þróun úr hæli í sjúkrahús fyrir bráðasjúkdóma gjörbreytir lyfjanotkun.

Matvörukostnaður á legudag lækkar um 30%. Í tíð berklahælisins var talið að ríflegur matur væri liður í meðferð berklasjúklinga. Breytt viðhorf hafa því dregið úr matarkostnaði.


Ljós- og eldsneytiskostnaður á legudag hefur aukist um 20%. Sú aukning stafar væntanlega nær eingöngu af fækkun legudaga en húsnæðið, sem þarf að hita og lýsa, hefur ekki minnkað þó rúmum hafi fækkað.

Þvottur og hreinlætisvörukostnaður hefur aukist um 62%. Ástæðurnar eru fækkun legudaga, fjölgun starfsfólks og auknar kröfur vegna sjúklinga.

Viðhaldskostnaður á legudag hefur aukist um 13%, sem er mjög lítið þegar tillit er tekið til aldurs bygginga á Vífilsstöðum (sjá kafla 16.1.).


Annar kostnaður á legudag hefur aukist um 267%. Hér kemur til aukning á röntgenkostnaði, notkun einnotahluta og ýmis hjúkrunargögn, sem ekki voru til fyrir 20 árum.

Vífilstaðaspítali




Vífilstaðaspítali


HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




1953




1958




1963



1968




1973



1974

1. Laun
2. Lyf
3. Matvörur
4. Ljós og eldsneyti
5. Þvottur og hreinlætisvörur
6. Viðhald
7. Ýmislegt

Vífilstaðaspítali



KLEPPSSPÍTALINN

Á fylgiskjali 1 og 2 eru sýndar helstu einkennistölur virkjunarinnar og áætlaður kostnaður.

Fulltrúar iðnaðarráðuneytisins í samstarfsnefnd ráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um umhverfismál óskuðu eftir að ráðið lýsti viðhorfum sínum til virkjunar við Blöndu.

Í svari sínu segir Náttúruverndarráð meðal annars:

„Á þessu stigi getur Náttúruverndarráð tekið fram, að það sér ekki fram á neina meiri háttar árekstra að því er varðar náttúruminjar eða fyrirhugaðar friðlýsingar og gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við þær hugmyndir um virkjunartilhögun, sem fram koma í skýrslum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen „Um virkjun Blöndu I og II“ frá maí og júní 1975. Hins vegar áskilur ráðið sér rétt til frekari umfjöllunar þegar niðurstöður náttúruverndarkönnunar liggja fyrir og þegar nánari útfærsla virkjunartilhögunar hefur verið ákveðin.“

Umhverfisáhrifin eru einkum fólgin í því, að beitiland glatast undir uppistöðulónið. Sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, dr. Björn Sigurbjörnsson og Yngvi Þorsteinsson, magister, hafa gert grein fyrir rannsóknum stofnunarinnar á beitartapi á lónstæðinu. Samkvæmt niðurstöðum þeirra er unnt að bæta beitartjón af völdum lónsins með því að rækta upp örfoka land í nágrenni þess, en á þeim stöðum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins haft með höndum uppgræðslutilraunir um nokkur undanfarin ár. Tilraunir þessar sýna að slík uppgræðsla er möguleg.

Í apríl 1975 var áætlanagerð um virkjun Blöndu það langt komið að iðnaðarráðherra ákvað að kynna heimamönnum áform um hugsanlega virkjun.

Ráðherra boðaði til fundar að Blönduósi 25. apríl 1975. Fundinn sátu sveitarstjórnarmenn, bændur o. fl. aðilar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, sem hagsmuna töldu sig eiga að gæta við gerð virkjunarinnar, samkvæmt þeim áætlunum sem þá lágu fyrir. Var málið kynnt frá ýmsum hliðum af ráðherra og þeim sérfræðingum sem unnið höfðu að undirbúningi þess. Hér var um að ræða nýlundu í vinnubrögðum að kynna fyrir heimamönnum áform um virkjunina á frumstigi málsins og kanna viðhorf þeirra.


Í framhaldi af þessu voru eftir ábendingu heimamanna athugaðar ýmsar breytingar á virkjunartilhögun. Voru niðurstöður kynntar á fjölmennum fundum að Húnavöllum og Varmahlíð.

Síðan hafa verið haldnir fundir með heimamönnum í héraði og í iðnaðarráðuneytinu. Hefur verið rætt ýtarlega um tilhögun bóta fyrir þá röskun á aðstöðu, sem virkjunin kann að skapa bændum á svæðinu, og samin drög að samkomulagi, sem birt er hér sem fylgiskjal 3.


Samanburður á orkuspám og vinnslugetu núverandi vatnsorkuvera að viðbættum Sigöldu- og Kröfluvirkjunum sýnir að þessar virkjanir geta fullnægt aflþörf fram til 1980, samkvæmt raforkuspá þeirri fyrir landið í heild, sem rakin er í fylgiskjali 4, en orkuþörf fram til 1982. Í þessari spá er einungis reiknað með þegar umsaminni stóriðju að viðbættum vexti almennrar notkunar og rafhitun þeirra landssvæða sem litla möguleika hafa á hitaveitu. Í henni er reiknað með hitaveitu á Akureyri og sumsstaðar á Vestfjörðum einnig.

Upp úr 1980 í síðasta lagi þarf því ný virkjun eða virkjanir að koma til. Það fer eftir þróun markaðsins hversu lengi sú virkjun endist, en mál horfa þannig við, að iðnþróun á Íslandi, vöxtur almennrar raforkunotkunar og rafhitun þeirra landshluta, er ekki eiga kost á jarðhita, geri það nauðsynlegt að reisa tvær stórar virkjanir fyrir miðjan næsta áratug.

Mynd 1


ORKUSTOFNUN
VIRKJUN BLÖNDU
AFSTÖÐUMYND
75.016
1.01
ÍSLAND
VATNAJÖKULL
BLANDA
VATNASVIÐ
BLÖNDUÓS
AKUREYRI
REYKJAVÍK
HOFSJÖKULL
LANGJÖKULL
SKAGA-
FJÖRÐUR
SAUÐÁRKRÓKUR
HÚNAFLÓI
ORKUVER
MIÐLUNARLÓN
Vatnasvið 1450 km²
Vegur til Akureyrar
Vegur til Reykjavíkur
N

Mynd 2


ORKUSTOFNUN
VIRKJUN BLÖNDU
VIRKJUNARVEGIR
Inntak
Aðrennslisskurður
Stöðvarhús
Frárennslisgöng
Fallgöng
Hrísalda
Smalatjörn
Austara Friðmundarvatn
Gilsvatn
Eyjavatn
Vestara Friðmundarvatn
Skurðlækur
Skurðinntak
Jarðstíflur
Hrísaldustífla
Hrísaldulón
Kolkustífla
Kolkulón
Sandstífla
Sandlón
Ullarvatnsstífla
Ullarvatnslón
Rjúpnafell
Bólstaðarhlíð
Blöndudalur
Blöndulón
Reftjarnarbunga
Reftjarnir
Gilsárdalur
Gilsárstífla
Gilsárlón
Eldfellsstífla
Eldfellslón
Hrafnabjargastífla
Hrafnabjargalón
Arnarfellsstífla
Arnarfellslón
Rjúpnadalsstífla
Rjúpnadalslón
Fiskilækur
Hrafnabjörg
Jarðstíflur
Hrafnaklettur
Eldfellsöxl
Eldfellshnúkur
Gilsá
Bólstaðarhlíðarfjall
Stöðvarhús
Aðrennslisskurður
Inntak
Frárennslisgöng
Fallgöng
Hrísalda
Sandstífla
Kolkustífla
Ullarvatnsstífla
Bólstaðarhlíð
Reftjarnarbunga
Blöndudalur
Gilsárstífla
Eldfellsstífla
Hrafnabjargastífla
Arnarfellsstífla
Rjúpnadalsstífla
Hrafnabjörg
Hrafnaklettur
Eldfellsöxl
Eldfellshnúkur
Gilsá
Bólstaðarhlíðarfjall
Stöðvarhús
Aðrennslisskurður
Inntak
Frárennslisgöng
Fallgöng
Hrísalda
Sandstífla
Kolkustífla
Ullarvatnsstífla
Bólstaðarhlíð
Reftjarnarbunga
Blöndudalur
Gilsárstífla
Eldfellsstífla
Hrafnabjargastífla
Arnarfellsstífla
Rjúpnadalsstífla
Hrafnabjörg
Hrafnaklettur
Eldfellsöxl
Eldfellshnúkur
Gilsá
Bólstaðarhlíðarfjall

Fylgiskjal I.

HELSTU EINKENNISTÖLUR

Vatnasvið:			
Blanda við sjávarmál	2 370	km²	
Blanda við Guðlaugsstaði	1 690	km²	
Blanda við Reftjarnarbungu	1 450	km²	
Vatnasvið virkjunar	1 507	km²	
Rennsli:			
Mesta rennsli til miðlunarlóns (áætlað)	1 450	kl/s	
Hönnunarflóð á yfirfalli (áætlað)	940	kl/s	
Meðalrennsli við Guðlaugsstaði (mælt)	42,0	kl/s	
Meðalrennsli til virkjunar (reiknað)	38,6	kl/s	
Miðlunarlón:			
Flatarmál við yfirfallshæð 478,2 m y.s.	56,5	km²	
Rúmmál við yfirfallshæð	445	Gl	
Nýtileg miðlun frá 478,2 að 465 m y.s.	415	Gl	
Aðrennslisgöng, stálfóðruð, hringlaga:			
Inntaksloka, geiraloka	6×5,5	m²	
Þvermál ganga	3,4	m	
Flatarmál	9,08	m²	
Vatnshraði við rennsli 48,75 kl/s	5,37	m/s	
Lengd lóðréttra ganga	310	m	
Stöðvarhús, neðanjarðar:			
Flatarmál stöðvarhellis	16×56	m²	
Flatarmál spennahellis	15×45	m²	
Hæð rafalagólfs	97,5	m y.s.	
Hæð vélasalsgólfs	101	m y.s.	
Aðkomugöng, lengd 1,6 km, flatarmál	32	m²	
Frárennslisgöng, ófóðruð, skeifulaga:			
Flatarmál ganga	32,1	m²	
Lengd ganga	5 400	m	
Svelgur	400	m²	
Venjulegt vatnsborð í svelg	98,9	m y.s.	
Venjulegt vatnsborð í útrennsli	90	m y.s.	
Vatnsvélar:			
Francishverflar á lóðréttum ás	3	stk.	
Rennsli	3×16,25	kl/s	
Fallhæð, netto	314	m	
Afl	3×62 700	hestöfl	
Snúningshraði	500	sn/mín.	
Nýtni við ástimplað afl	0,92		
Rafalar:			
Þriggja fasa, loftkældir á lóðréttum ás	3	stk.	
Afl	3×56 250	kVA	
Afl og orka:			
Virkjað rennsli	3×16,25	=	48,75 kl/s
Hönnunarfallhæð			314 m
Afl			135 MW
Rennsliorka			925 GWh/a
Viðbót orkuvinnslu eftir tengingu Norður- og Suðurlandskerfis			800 GWh/a

Fylgiskjal II.

VIRKJUN BLÖNDU 135 MW

Miðlun 415 Gl. Orkuvinnsla 800 GWh/a

Verðlag í mars 1977

	Mkr.
Vegagerð o. fl.	360,0
Jarðstífla við Reftjarnarbungu	1 022,3
Jarðstífla í Kolku	407,3
Jarðstífla í Fellaflóa	119,4
Jarðstífla í Galtarárflóa	10,9
Yfirfall við Reftjarnarbungu	264,6
Botnrás við Refjtarnarbungu	180,9
Veituskurður úr miðlunarlóni	245,3
Lokuvirki í veituskurði	79,2
Stífla við Smalatjörn	140,4
Yfirfallsþröskuldur við Smalavatn	41,5
Stíflur við Gilsvatn	269,4
Botnrás og yfirfall við Gilsvatn	40,3
Inntak í aðrennslisskurð	46,7
Aðrennslisskurður	1 297,7
Yfirfall í skurði	11,6
Stöðvarinntak	172,0
Fallgöng	385,0
Stöðvarhús og aðkomugöng	891,0
Frárennslisgöng og svelgur	1 230,4
Stöðvarhús	100,0
Vélar og rafbúnaður	2 500,0
Samtals:	9 815,9
Ófyrirséð 5% af 2 100 Mkr.	105,0
Ófyrirséð 15% af 7,715	1 157,4
Samtals:	11 078,3
Verðhækkanir	886,3
Samtals:	11 964,6
Hönnunar- og umsjónarkostnaður 10%	1 196,4
Samtals:	13 161,0
Undirbúningskostnaður	330,0
Samtals:	13 491,0
Vextir á byggingartíma	1 349,0
Heildarkostnaður vinnsluvirkja	14 840,0

Stofnkostnaður á afleiningu	109,9	Mkr/MW
Stofnkostnaður á orkueiningu	18,6	kr/kWh/a
Framleiðslukostnaður á kWh	2,43	kr/kWh

Fylgiskjal III.

DRÖG AÐ SAMKOMULAGI UM BÆTUR VEGNA BLÖNDUVIRKJUNAR

1. HLUNNINDI Í RAFORKU.

   Virkjunaraðilinn láti viðkomandi hreppum í té ókeypis raforku allt að 1200 kW.

2. RÆKTUN LANDS.

   Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins annist á kostnað virkjunaraðilans uppgræðslu á samtals 1000 hektörum af örfoka landi á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Ræktun þessari verði lokið þegar lónstæði eru tilbúin. Eftir ræktun verði borið á þegar þess er talin þörf.
   Ráðstafanir verða gerðar til að bæta skemmdir af hugsanlegu landbroti meðfram strandlínu lónstæða.

3. SAMGÖNGUBÆTUR.

   Virkjunaraðilinn beiti sér fyrir bættum samgöngum inn á afréttina samkvæmt tillögum Vegagerðar ríkisins og nánara samkomulagi.

4. VEIÐI.

   Virkjunaraðilinn greiði viðkomandi veiðiréttareigendum fyrir spjöll á veiði samkvæmt samkomulagi eða mati.

5. VINNUBÚÐIR OG VEGAGERÐ.

   Virkjunaraðilinn hafi fullt samráð við heimamenn um staðsetningu vinnubúða og vegstæði.

6. VARSLA.

   Virkjunaraðilinn geri nauðsynlegar lagfæringar á vörslu vegna þeirra breytinga, sem framkvæmdir hafa í för með sér.

Fylgiskjal IV.

Orkuspá.

Meðfylgjandi tafla sýnir orkuspá fyrir allt landið fyrir tímabilið 1976—2000. Spáin er gerð af nefnd, Orkuspárnefnd, sem unnið hefur að því síðan síðla árs 1975 að gera samræmda raforkuspá fyrir allt landið og einstaka hluta þess. Í nefndinni eru fulltrúar frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Laxárvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Sambandi íslenskra rafveitna. Nefndin birti nokkrar niðurstöður sínar í febrúar í ár, og er taflan tekin úr þeim.

Til grundvallar spánni hefur Orkuspárnefnd lagt mannfjöldaspá og spá um mannafla í einstökum atvinnugreinum, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert. Nefndin reiknar með að þróunin í þessum efnum fylgist að í einstökum landshlutum, eða m. ö. o. að byggðastefna beri verulegan árangur. Þessi forsenda hefur mikil áhrif á niðurstöður spárinnar um einstaka landshluta, en skiptir minna máli fyrir landið í heild.

Í raforkuspánni er gert ráð fyrir að raforka muni koma í stað olíu til hitunar húsrýmis hjá 22,7% landsmanna, en jarðhiti í stað olíu hjá 77,3%. Eru þá taldir til rafhitunarsvæða allir þeir staðir sem verulegur vafi þykir nú leika á að muni eiga kost á jarðhita. Gert er ráð fyrir að þessi umskipti frá innfluttri orku yfir í innlenda orku til húshitunar verði að mestu um garð gengin 1985.

Í spánni er reiknað með að forgangsorka verði notuð til rafhitunar, en tekið fram í inngangi hennar, að aðrar leiðir komi þó til greina, einkum í þéttbýli, svo sem fjarvarmaveitur sem notuðu afgangsraforku og svartolíu, auk forgangsraforkunnar. Í þeim mæli sem slíkt kann að reynast mögulegt og hagkvæmt, lækkar forgangsorkuþörfin frá því sem spáin gerir ráð fyrir.

Í spánni er tekið tillit til vaxandi orkunotkunar á mann til hitunar, vegna stækkandi húsrýmis til jafnaðar á hvern íbúa landsins.

Þar er einnig reiknað með rúmlega þreföldun almennrar heimilisnotkunar á mann fram til aldamóta, vegna stærri og fjölbreyttari heimilisraftækja í framtíðinni og stærra húsrýmis á íbúa. Er þetta í samræmi við það sem gert er í sams konar spám annars staðar á Norðurlöndum.

Í iðnaði (öðrum en stóriðju) og þjónustugreinum er reiknað með verulegum vexti í raforkunotkun, sumpart vegna vaxandi mannafla í þessum greinum samkvæmt mannaflaspánni, og sumpart vegna meiri raforkunotkunar á hvern starfsmann, sem stafar af aukinni vélvæðingu og hækkandi framleiðni.

Undir liðnum „önnur notkun“ í töflunni er talin sú notkun, sem ekki fellur undir þá þætti sem að framan eru taldir. Stærstu liðirnir eru raforkusala til Keflavíkurflugvallar og götulýsing. Reiknað er með að vöxtur í þessari notkun verði tiltölulega hægur; 5% á ári í upphafi spátímabilsins, en lækkandi línulega niður í 3% á ári í lok þess.

Þá eru í töflunni sýnd flutnings- og dreifitöp, sem bæta þarf við orkuþörf notandans til að fá fram nauðsynlega orkuvinnslu. Gert er ráð fyrir að töpin fari hlutfallslega minnkandi er tímar líða, vegna endurbóta á flutnings- og dreifikerfum.

Í raforkuspánni er einungis tekin með sú raforkusala til stóriðju, sem þegar hefur verið samið um. Hugsanleg ný sala til stóriðju kemur sem hrein viðbót við spána. Í töflunni eru töp meðtalin að því er til stóriðjunnar tekur, enda eru þau þar margfalt minni en þegar um raforkunotkun til annarra þarfa er að ræða, vegna þess að stóriðjufyrirtækin taka orku sína beint úr flutningskerfum, og töp í dreifikerfinu verða því engin.

Í spánni er einungis talin forgangsorka. Þannig er afgangsorkusala til járnblendiverksmiðjunnar og álversins ekki reiknuð með, né heldur hugsanleg sala á afgangsorku á gufukatla og því um líkt. Ástæðan er sú, að sala afgangsorku hefur eðli máls samkvæmt ekki nein áhrif á ákvarðanir í virkjunarmálum (þá væri ekki um afgangs-

orku að ræða), en tilgangurinn með raforkuspám er fyrst og fremst að auðvelda ákvarðanatöku í þeim efnum.

Mesta aflþörf er áætluð út frá orkuspánni miðað við 5000 stunda nýtingartíma á ári í orkuveri fyrir almenna notkun og húshitun. Þar við er bætt aflþörf stóriðju (forgangsorka eingöngu) sem er nokkurn veginn jöfn árið um kring.

Febrúar 1977. Orkuspárnefnd.

ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN Á ÖLLU LANDINU.

Ár	Íbúa-fjöldi þús.	Raf-hitun GWh	Heim-ili GWh	Þjón-ustugr. GWh	Iðn-aður GWh	Ann-að GWh	Orku-sala GWh	Töp GWh	Orku-vinnsla GWh	Aukn-ing %	Áb. vskm. GWh	Ál-ver GWh	Málm-bl.v. GWh	Orku-vinns. GWh	Afl-þörf MW
1975	219,0	246	223	82	239	114	902	172	1 074	–	143	1 078	0	2 295	365
1976	222,1	286	239	88	254	119	986	188	1 174	9	143	1 121	0	2 438	387
1977	225,1	331	256	95	271	125	1 078	205	1 283	9	190	1 270	0	2 743	433
1978	228,1	379	274	102	288	131	1 174	223	1 397	9	190	1 300	0	2 887	460
1979	231,2	429	294	110	307	137	1 277	242	1 519	9	190	1 340	200	3 249	520
1980	234,2	481	314	118	327	143	1 383	263	1 646	8	190	1 340	260	3 436	554
1981	237,3	535	335	129	349	150	1 498	284	1 782	8	190	1 340	260	3 572	581
1982	240,4	587	357	137	375	157	1 613	305	1 918	8	190	1 340	260	3 708	609
1983	243,4	635	381	146	400	163	1 725	324	2 049	7	190	1 340	260	3 839	635
1984	246,5	679	405	157	429	170	1 840	345	2 185	7	190	1 340	260	3 975	662
1985	249,5	719	431	167	460	178	1 955	365	2 320	6	190	1 340	260	4 110	689
1986	252,6	758	457	180	485	185	2 065	383	2 448	6	190	1 340	260	4 238	715
1987	255,6	795	485	195	512	192	2 179	401	2 580	5	190	1 340	260	4 370	741
1988	258,7	829	514	209	539	200	2 291	420	2 711	5	190	1 340	260	4 501	767
1989	261,7	860	545	224	569	208	2 406	438	2 844	5	190	1 340	260	4 634	794
1990	264,8	889	576	239	601	216	2 521	456	2 977	5	190	1 340	260	4 767	820
1991	267,8	917	609	259	634	224	2 643	473	3 116	5	190	1 340	260	4 906	848
1992	270,8	946	643	277	667	232	2 765	493	3 258	5	190	1 340	260	5 048	877
1993	273,8	976	678	297	703	240	2 894	512	3 406	5	190	1 340	260	5 196	906
1994	276,8	1 006	714	320	739	248	3 027	530	3 557	4	190	1 340	260	5 347	936
1995	279,8	1 037	751	342	777	257	3 164	551	3 715	4	190	1 340	260	5 505	968
1996	282,8	1 069	790	366	815	265	3 305	571	3 876	4	190	1 340	260	5 666	1 000
1997	285,8	1 102	830	394	854	274	3 454	592	4 046	4	190	1 340	260	5 836	1 034
1998	288,7	1 136	870	420	895	283	3 604	614	4 218	4	190	1 340	260	6 008	1 069
1999	291,6	1 170	912	451	936	291	3 760	636	4 396	4	190	1 340	260	6 186	1 104
2000	294,5	1 206	955	482	979	300	3 922	658	4 580	4	190	1 340	260	6 370	1 141

Ed. 401. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9 maí 1947 um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Áhættufé félagsins er:

1.	Frá ríkissjóði		kr.	12 950 000
2.	Frá útgerðarmönnum og öðrum		—	18 942 000
3.	Frá eftirtöldum vátryggingarfélögum:			
	Tryggingastofnun ríkisins	kr. 952 000		
	Brunabótafélagi Íslands	— 952 000		
	Sjóvátryggingarfélagi	— 952 000		
			—	2 856 000
4.	Frá öðrum vátryggingarfélögum, sbr. 5. gr.			
	Samvinnutryggingum g. t.	kr. 208 000		
	Almennum Tryggingum hf.	— 181 000		
	Tryggingamiðstöðinni hf.	— 164 000		
	Tryggingu hf.	— 139 000		
			—	692 000
			Samtals kr.	35 440 000

Að fengnu samþykki ráðherra má með einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar auka framlagt áhættufé með útgáfu jöfnunarskírteina skv. 8. gr. Aukning áhættufjár með þessum hætti telst ekki arður eða til skattskyldra tekna við álagningu tekjuskatts eða útsvars.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Nú semur innlent vátryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram áhættufé til jafns við önnur félög, er það hafa gert skv. þessari heimild, sbr. 3. gr. 4. tölulið. Nýtur það áhættufé þá sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.

3. gr.

3. og 4. mgr. 9. gr. orðist svo:

Tryggingarfélög þau, sem áhættufé eiga í félaginu, sbr. 3. gr. tölul. 3 og 4, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

Eigendur áhættufjár þess, er um getur í 3. gr. 2. tölulið, tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla verði:

Um stríðsslysatryggingar.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að skylt sé að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim, sem vátryggðir eru, iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

21. gr. falli niður.

7. gr.

23. gr. orðist svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða eftir reglum sem ráðherra setur nema um annað semjist í kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna.

8. gr.

24. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977 og ber þá stjórn Íslenskrar endurtryggingar að gefa út skírteini skv. 8. gr. til eigenda áhættufjár fyrir þeirri aukningu, sem fólgin er í 1. gr., enda nýtur hún arðs frá þeim tíma. Þessi aukning áhættufjár er undanþegin tekjuskatti og útsvari.

Greinargerð.

Lög nr. 43 frá 9. maí 1947 um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. eru nú að verða 30 ára gömul. Aðeins smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á þeim frá því þau voru sett. Það lætur því að líkum að tímabært sé orðið að gera nokkrar breytingar á þessum lögum.

Áhættufé félagsins var í upphafi ákveðið kr. 6 000 000. Þar af var innborgað kr. 4 964 000 en ábyrgðir kr. 1 036 000. Síðar hafa kr. 400 000 bæst við innborgað áhættufé frá vátryggingarfélögum, er hafa gerst aðilar að félaginu samkvæmt heimild í 5. gr. laganna. Þetta var mikið fé á þeirrar tíðar mælikvarða. Með þáverandi gengi svaraði það til dæmis til 228 832 £. Síðan hefur gildi þessa áhættufjár farið síminkandi. Nú er áhættuféð langt undir þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru í lögum nr. 26/1973 um vátryggingarstarfsemi varðandi hlutafé eða stofnfé almennra vátryggingarfélaga. Það verður að teljast óheppilegt, að vátryggingarfélag, þar sem ríkið er langstærsti eigandinn, fullnægi ekki þeim kröfum, er ríkisvaldið gerir til annarra vátryggingarfélaga um áhættufé, þótt eigið fé þess sé nægilega hátt.

Þó nokkur hluti af iðgjaldatekjum Íslenskrar endurtryggingar (um 20%) er frá erlendum vátryggingasamningum. Nokkuð hefur borið á því, einkum síðustu árin, að erlend frumtryggingarfélög hafa ekki viljað endurtryggja hjá Íslenskri endurtryggingu, af því að þeim hefur þótt áhættufé hennar of lítið. Aðkallandi er að ráða bót á þessu til þess að félagið tapi ekki af hagstæðum samningum.

Beinir hagsmunir íslenska ríkisins af starfsemi Endurtryggingarinnar liggja í arðinum af innborguðu áhættufé ríkissjóðs. Þar sem arðurinn er takmarkaður upp á við, hefur hann lítið breyst að krónutölu (var síðast 277 500 kr. af áhættufé ríkissjóðs). Fjárhagsleg þýðing hans fyrir ríkissjóð hefur því farið síminnkandi.

Hin síðustu ár hefur nokkuð borið á kvörtunum frá öðrum áhættufjáreigendum um, að þeim þættu þessar fáu arðkrónur svo lítils virði, að varla tæki að sækja þær.

Stjórn félagsins hefur athugað á hvern hátt mætti ráða bót á framangreindum vandamálum. Hagkvæmasta leiðin virðist vera sú að fá lagaheimild til að gefa út jöfnunaráhættufjárbréf og nota til þess mismun, er fram kæmi við hækkun á bókfærðu verði á fasteignum félagsins.

Þann 1. janúar síðastliðinn var brunabótamat á fasteignum félagsins kr. 199 232 689 en bókfært verð kr. 126 196 080 áður en fyrning 1976 hefur verið dregin frá. Þótt verðmæti fasteigna væri fært upp í 90% af brunabótamati væri það hóflega áætlað.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að færa upphaflegt innborgað áhættufé upp í kr. 34 748 000, það er að gefa út jöfnunaráhættubréf fyrir sexföldu nafnverði þess eða kr. 29 784 000. Þegar lög nr. 43/1947 voru gefin út, var vísitala byggingarkostnaðar 434 stig. Hún er nú 24 322 stig eða 56 sinnum hærri. Sé upphaflega áhættufé sjöfaldað, það er bætt við það sexföldu nafnverði, er hækkunin 10.7% af hækkun vísitölu byggingarkostnaðar.

Hækkun vísitölunnar frá því síðari viðbætur voru greiddar inn, er þannig:

Innborgað af	Dagsetning	Vísitala byggingarkostnaðar	Hækkun %
Samvinnutryggingum g. t.	13/7 1965	2 403	1 012
Almennum Tryggingum hf.	26/7 1968	3 217	756
Tryggingamiðstöðinni hf.	9/7 1969	4 050	601
Tryggingu hf.	8/1 1973	6 679	364

Með því að taka 10.7% af þessum hækkunum verður viðbótin hjá hverju félagi þannig:

Hjá Samvinnutryggingum g. t.	108%
Hjá Almennum Tryggingum hf.	81%
Hjá Tryggingamiðstöðinni hf.	64%
Hjá Tryggingu hf.	39%

Hækkun áhættufjárins er rúmur helmingur af þeim mismun, sem fram kæmi við að hækka bókfært mat fasteigna í 90% af brunabótamati. Afgangurinn kæmi fram sem hækkun á eigin fé öðru en áhættufénu.

Eftir að innborgað áhættufé félagsins hefur verið fært upp svo sem að framan greinir, er ekki þörf á að hafa lengur þær áhættufjárábyrgðir, sem hingað til hafa verið og eru þær því felldar niður. Þær voru kr. 856 000 ábyrgð ríkissjóðs og kr. 60 000 ábyrgð hvers um sig af vátryggingarfélögunum, Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf.

Miðað við núverandi gengi á £ svara áhættufé eftir uppfærsluna til 108 þús. £. En 100 £ hefur verið lágmarksupphæð hlutafjár vátryggingarfélaga í Englandi. Í London er stærsti vátryggingamarkaður heimsins, og þaðan fær Endurtryggingin mest af sínum erlendu vátryggingasamningum.

Önnur atriði frumvarpsins en þau sem snerta áhættufé, eru tilkomin vegna breyttra aðstæðna frá því lögin voru sett og er gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir við hverja grein frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um þá hækkun áhættufjár, sem að framan er lýst. Eðlilegt þykir, að unnt sé að færa áhættufé til samræmis við verðlag. Í 2. mgr. er lagt til, að til þurfi einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar og samþykki ráðherra. Við þá ákvörðun væri ráðherra rétt að fylgja sömu sjónarmiðum og gilda um útgáfu jöfnunarhlutabréfa í hlutafélögum. Ekki er nauðsynlegt að hafa um þetta ítarleg ákvæði í þessum lögum, enda eiga þau heima í skattalögum.

Um 2. gr.

Greinin er frábrugðin núverandi lögum að því leyti, að ákvæði var um lágmarksiðgjald á ári, sem nú er úrelt. Auk þess er lagt til, að hámark áhættufjár verði til jafns við önnur félög, sem eins stendur á um, en ekki bundið við 100 000 kr. eins og nú.

Gert er ráð fyrir að stjórnin taki tillit til hækkunar vísitölu byggingarkostnaðar frá síðustu ákvörðun áhættufjár. Lágmarksinnborgun miðaðist þá við lægsta áhættufé, sem fyrir er, hækkað eftir greindri vísitölu.

Um 3. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða. Vegna breytts forms á 3. gr. er greinilegra, að vísað sé beint í töluliði hennar.

Um 4. gr.

Fyrirsögn kaflans er leiðrétt til samræmis við efni hans.

Um 5. gr.

Skylt var að tryggja íslenska sjómenn fyrir stríðsslysum til ársloka 1947. Lengi síðan var stríðsslysatryggingum haldið áfram með samningum. Nú um skeið hafa þessar tryggingar legið niðri en óvíst er, hvort þeirra verður aftur þörf. Er því lagt til, að ráðherra geti tekið um það ákvörðun.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar um iðgjaldsákvörðun er úrelt. Óþarft er að hafa um hana ákvæði í lögum.

Um. 7. gr.

Ákvæði 23. gr. um fjárhæð bóta fyrir stríðsslys eru úrelt og rétt, að ráðherra taki um það ákvörðun nema um annað sé samið.

Um 8. gr.

Ákvæði um bótarétt barna og systkina þurfa ekki að vera í lögum, þar sem þau mundu felast í reglum þeim, sem ráðherra setur um fjárhæð bóta skv. 23. gr. og vera í samræmi við almennar bótareglur á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Nd. 402. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. mars 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., Tómas Árnason, frsm.
Þórarinn Þórarinsson. Halldór Blöndal.

Nd. 403. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Friðjón Þórðarson, Tómas Árnason, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur að tónmenntarfræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins, þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum hætti.

Hugað verði sérstaklega að því, hvernig tengja megi starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntarfræðslu grunnskólanna.

Stefnt skal að því, að fræðsla sú, er tillagan gerir ráð fyrir, geti hafist þegar á næsta skólaári.

Greinargerð.

Tónmennt er ein af lögboðnum kennslugreinum í íslenska grunnskólanum — ein kennslustund vikulega. Mikill misbrestur er á framkvæmd þessa hluta almennrar fræðsluskyldu, og hljóta yfirvöld í skólamálum að leggja áherslu á, að úr verði bætt hið fyrsta sem unnt er. Af 225 grunnskólum á landinu eru rúmlega 60 skólar, sem ekki veita neina tónmenntarfræðslu, og allmargir til viðbótar, þar sem þessari fræðslu er meira og minna ábótavant. Langsamlega verst settir að þessu leyti eru þeir landshlutar, þar sem dreifbýli er mest og erfiðast um samgöngur. Þarf það ekki að koma á óvart. Af 29 skólum í fimm sýslum, Vestur-Barðastrandarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, veita 8 skólar einhverja tónmenntarfræðslu, hinir 21 alls enga.

Hér kemur ýmislegt til. Fámenni í skólum dreifbýlisins gerir það að verkum, að ekki eru nándar nærri nóg verkefni í hverjum skóla til að fullnægja kennsluskyldu sérmenntaðs tónmenntakennara. Þar að auki er almennur skortur á slíkum kennurum. Síðan tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík tók til starfa árið 1959 hefur hún útskrifað um 70 kennara, og starfandi tónmenntakennarar við grunnskóla á landinu munu nú um 70—80 talsins, þar á meðal allmargir eldri kennarar, sem hlutu sína þjálfun við söngkennaradeild gamla Kennaraskólans.

Það er því mikil þörf á að búa sérstaklega að þessum þætti kennaramenntunar í landinu, t. d. með þeim hætti, að hún komi að nokkru leyti inn í hina almennu kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands, ekki síst með þarfir hinna fámennu dreifbýlisskóla í huga. Reyndin er sú, að hinir sérmenntuðu kennarar leita fyrst og fremst inn í tónlistarskólana, þar sem kennslan er auðveldari og meira í samræmi við sérmenntun þeirra heldur en í grunnskólanum.

Fyrir tæpum tveimur árum voru samþykkt á Alþingi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þar er kveðið svo á, að ríkið greiði launakostnað skólastjóra og kennara til hálfs á móti sveitarfélögum. Nemur framlag ríkisins á fjárlögum 1977 155.4 millj. kr. til tónlistarfræðslu utan grunnskólans, þ. e. til hinna ýmsu tónlistarskóla víðs vegar um landið. Hér er um mikilsverðan stuðning að ræða við tónlistarlíf í landinu. Má ætla, að almennt njóti grunnskólinn góðs af tilkomu tónlistarskólanna með sérmenntaða starfskrafta, sem þá nýtist jafnframt til kennslu í skyldunámi grunnskólans. Í sumum tilvikum hefur þó reyndin orðið

sú, að hin lögboðna tónmenntarfræðsla í almenna skólanum hefir hreinlega lagst niður með tilkomu sérstaks tónlistarskóla á viðkomandi stað. Sú öfugþróun er auðvitað óviðunandi. Nemendur í tónlistarskólunum greiða allhá skólagjöld, en grunnskólakennslan að sjálfsögðu ókeypis og ætti að geta létt nokkuð á tónlistarskólunum, þar sem þeir eru til, með kennslu helstu undirstöðuatriða. Því er í tillögunni bent sérstaklega á þetta atriði — að tengja betur saman starf grunnskóla og tónlistarskóla, enda í alla staði eðlilegt, þar sem hinir síðarnefndu eru nú samkv. nýjum lögum styrktir verulega af ríki og sveitarfélögum.

Með tilliti til þess, er að framan segir, er það tímabært að yfirvöld fræðslumála geri hér skipulegar ráðstafanir og sinni þannig lögboðinni skyldu, sem í dag er vanrækt. Sýnist flutningsmönnum vænlegasta og sennilega eina færa leiðin vera sú að stofna til tónmenntarfræðslu í formi námskeiða og/eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins, þar sem aðstæður eru þannig, að fræðsluskyldu í þessari námsgrein verður ekki sinnt með venjulegum hætti. Er þetta form raunar tíðkað nú þegar sums staðar á landinu með góðum árangri, t. d. í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu.

Auðvitað kemur hér til nokkur kostnaður, en þó líklega fyrst og fremst skipulagning, og á það ber að líta, að hver grunnskóli á lögboðinn rétt til þessa þáttar skyldunámsins sem annarra og að ríkið sparar sér í rauninni — eins og nú er — launagreiðslur til tónmenntakennara í þeim 60—70 grunnskólum, sem enga slíka fræðslu veita í dag. Er því eðlilegt, að þeir fjármunir verði látnir renna til að bæta upp með einhverjum hætti það, sem þeir nemendur fara á mis við, er alls enga tónmenntarkennslu fá á skyldunámsstiginu. Mætti jafnvel hugsa sér, að ein til tvær vandaðar tónlistarkynningar yfir veturinn, þó ekki væri um neina frekari tónmenntarfræðslu að ræða, gæti þarna komið til sem nokkur uppbót.

Sjálfsagt munu margir almennir kennarar við þessa afskiptu skóla hjálpa hér nokkuð upp á sakirnar með almennri söngiðkan nemenda, sem er vissulega mikils virði. En hætt er við, að það geti brugðist til beggja vona eftir áhuga og hæfni kennaranna á hverjum stað. Hér þarf því að koma til skipuleg athugun fræðsluyfirvalda á tiltækum leiðum til að tryggja það, eftir því sem framast er unnt, að fjöldi nemenda í grunnskólum landsins fari ekki algerlega á mis við þennan fræðsluþátt vegna búsetuástæðna. Þótt naumt sé skammtað til tónmenntarfræðslunnar — ein kennslustund á viku — felst þó í henni viðurkenning á því, að þekking og iðkun á tónlist skuli ekki teljast til munaðar og sérréttinda fárra útvaldra, heldur sem sjálfsagður hluti af menntun og menningarlífi almennings.

Það er von flutningsmanna, að þessi tillaga fái skjóta og jákvæða afgreiðslu á yfirstandandi þingi, svo að unnt verði að hefjast handa um framkvæmd hennar þegar á næsta skólaári.

Sþ. 404. Fyrirspurn [202. mál]

til iðnaðarráðherra um sykurhreinsunarstöð.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

Hvað líður athugun samkvæmt þingsályktun, sem samþykkt var á 97. löggjafarþingi, um hagkvæmni þess að setja upp og reka sykurhreinsunarstöð hér á landi.

Nd. 405. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Ingvar Gíslason, Tómas Árnason.

1. gr.

1. málsliður A-liðar 8. gr. laganna orðist þannig:
Lán veitast sem hér segir:

a. til smíði nýrra íbúða og meiri háttar viðbygginga,
b. til kaupa á nýjum íbúðum,
c. til kostnaðarsamra endurbóta og endurnýjunar (restoration) og nauðsynlegs viðhalds á gömlum íbúðarhúsum í því skyni að auka endingu þeirra og notagildi sem frambúðarhúsnæðis,
d. til kaupa á gömlum íbúðum að því marki, m. a., sem verða má til þess að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu þeirra.

2. gr.

4. mgr. A-liðar 8. gr. laganna (1. gr. laga nr. 38/1976) falli niður.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða komi nýr liður:

6. Húsnæðismálastjórn skal gangast fyrir námskeiðum í endurnýjun húsa (restoration) fyrir meistara í byggingariðnaði, smiði og aðra byggingariðnaðarmenn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Frv. þetta gerir ráð fyrir veigamikilli breytingu á starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Það er nú aðalhlutverk sjóðsins að lána til nýsmíði íbúðarhúsnæðis. Ef þetta frv. verður að lögum, yrði það meðal frumverkefna Byggingarsjóðs að lána fé til endurnýjunar á gömlu húsnæði, svo og til kaupa á gömlu húsnæði, ef það má verða til þess að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu þess.

Hér er vissulega um mikla stefnubreytingu að ræða, en eigi að síður tímabæra og þjóðfélagslega æskilega. Að dómi flm. er löngu kominn tími til að taka upp þá stefnu að lánveitingar til húsnæðismála stuðli jafnt að því að **auka endingu og notagildi eldra húsnæðis** eins og að smíða nýjar íbúðir, sem auðvitað hlýtur að halda áfram að sínum hluta. Um áratugaskeið hefur það verið ríkjandi siður hér á landi að láta hús og heil bæjarhverfi drabbast niður fyrir alls kyns vanhirðu. Þessi vanhirða stafar af skilningsleysi á þjóðfélagslegu gildi þess að fara vel með mannvirki ásamt oftrú á nýjungar og nýsmíði auk tilfinningaleysis fyrir menningarverðmætum og heildarsvip umhverfis. Merki þessarar vanhirðu og skilningsskorts blasa víða við sjónum manna. Erfitt er að meta, hversu mikil verðmæti hafa farið í súginn á síðustu áratugum fyrir tilverknað vanhirðustefnunnar, en há mun sú upphæð vera. Í þessu sambandi skal þó tekið fram, að ekki er réttmætt að skella skuldinni með öllu á eigendur gamalla húsa. Meginsökin hvílir á þjóðfélaginu í heild, almennum viðhorfum í húsnæðismálum, opinberri lánapólitík og skattastefnu svo og þróun byggingariðnaðarins. Þá ráða og eigi litlu þau viðhorf í skipulagsmálum, sem lengi hafa mátt sín mikils. Vanhirðustefnan er ekki séríslenskt fyrirbæri. Hennar hefur gætt víða um heim, en óvíða eru merki hennar jafn-áberandi og hér á landi.

II.

Á síðustu árum hefur gætt viðhorfsbreytinga í þessum efnum, bæði hér á landi og annars staðar. Að vissu leyti hefur átt sér stað vakning í byggingarverndarmálum í heiminum, m. a. fyrir ötula forustu Evrópuráðsins. Upphaf þessarar vakningar er að rekja til áhuga manna á því að bjarga frá glötun byggingarverðmætum, sem höfðu ótvírætt menningar- og sögugildi. Hefur mikið áunnist á því sviði og fer sú starfsemi vaxandi víða um lönd, einkum í Evrópu.

Þótt varla verði sagt, að íslendingar hafi staðið fremstir þjóða í byggingaverndarmálum, ber þó að geta þess að ýmsir einstaklingar hafa unnið merkilegt starf á því sviði. Má telja Matthías Þórðarson þjóðminjavörð (d. 1961) helsta frumkvöðul byggingaverndar hér á landi. Húsfriðunarkafli þjóðminjalaga frá 1969 er merkur áfangi í þessu máli og stofnun Húsfriðunarsjóðs 1975 hefur auðveldað til muna skipulega byggingavernd.

En hlutverk Húsfriðunarsjóðs er nokkuð einskorðað og fjárráð hans takmörkuð, svo að hann getur aðeins látið sig varða dæmi, sem telja má að hafi sérstaka sögulega eða byggingalistarlega þýðingu. Útilokað er að sjóðurinn geti sinnt því að lána fé til viðhalds og endurgerðar gamalla íbúðarhúsa almennt, hversu æskilegt sem það væri, enda var honum aldrei ætlað svo víðtækt verkefni.

III.

Eins og getið var um fyrr í grg., hefur orðið vakning í byggingarverndarmálum á síðustu árum. Hvati þessarar vakningar er viljinn til þess að bjarga einstökum byggingaverðmætum frá tortímingu. En upp úr þessari hreyfingu hefur síðan sprottið önnur hreyfing, sem vissulega er hinni í öllu eðlisskyld, en miklu víðtækari að markmiði og gildi. Samkvæmt hinum nýju viðhorfum er það ekki aðalatriðið að vernda og endurlífga eitt og eitt mannvirki, heldur heil byggðahverfi, hús við hús. Röksemdir fyrir þessari stefnu eru margvíslegar. Sjónarmið umhverfisverndar og sögulegrar helgi ráða miklu, en þjóðhagsleg sjónarmið mega sín engu minna. Hægt er að sýna fram á að viðhald og endurgerð gamalla húsa og bæjarhverfa borgar sig betur en nýsmíði og sífelld útþensla bæja og borga. Niðurníðsla íbúðarhúsa vegna aldurs er í raun og veru mjög alvarleg sóun verðmæta og byggð á alröngu mati á því hvort borgar sig betur viðhald eða nýsmíði. Í heimi tækni og fjármála hefur ríkt sú stefna að ekki svari kostnaði að gera við það, sem gamalt væri og úr sér gengið, lánastofnanir hafa mjög ýtt undir þessa stefnu, einnig löggjöf um húsnæðismál, svo og skattalög.

Margt bendir til að viðhorf ráðandi manna í ýmsum löndum séu að breytast í afstöðunni til þessara mála. Því fer fjarri, að litið sé á þessa sameiningu bygginga- og umhverfisverndar sem sérvisku fárra manna eða dægurflugu í höfði einhverra „menningarvita“. Taka má sem dæmi, að dagana 21. — 23. okt. 1976 var haldin í Bár (Bari) á Ítalíu ráðstefna í boði ítölsku ríkisstjórnarinnar. Til ráðstefnunnar var boðið þeim ráðherrum í ríkisstjórnum Evrópulanda, sem fara með skipulagsmál, enda var þar rætt um skipulagsmál borga. Meðal ályktana ráðstefnunnar var sú, að það skyldi vera grundvallaratriði í skipulagsmálum að viðhalda gömlum íbúðarhverfum og taka upp opinbera lánastefnu, sem gerði kleift að endurnýja gömul hús. Var lagt til, að lána skyldi út á endurnýjun húsa hlutfallslega jafnmikið og til nýbygginga. Er vert að leggja áherslu á, að þetta er tillaga ráðherrafundar á vegum Evrópuráðsins.

Fleira mætti um þetta segja. Athuganir, sem gerðar hafa verið í Frakklandi, benda til að uppbygging gamalla húsa sé hagkvæmari en nýsmíði. Þjóðverjar eru farnir að veita lán og styrki til endurnýjunar húsa, og er búist við að sú starfsemi eigi eftir að vaxa mjög mikið. Í Bretlandi er það nú fastmótuð stefna í húsnæðismálum að vinna að endurnýjun húsa og húsahverfa í áföngum í stað þess að útrýma þeim sem heilsuspillandi eins og tíðkast hefur. Þess má einnig geta,

að meðal verkefna Evrópuráðs á næstu árum er að gera hlutlægan samanburð á kostnaði við nýsmíði og enduruppbyggingu íbúðarhúsa.

Má sjá af því, sem hér hefur verið rakið, að breyting sú, sem lögð er til í þessu frv., á fullan rétt á sér.

Skýringar á einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Lagt er til að verksvið Byggingarsjóðs verði aukið, þannig að hann sinni að jöfnu því aðalhlutverki að lána til endurbyggingar húsa og nýsmíða. Þá skal það einnig vera hlutverk sjóðsins að lána til kaupa á eldra húsnæði, ef það getur orðið til þess að húsnæðið nýtist betur.

Um 2. gr.

Lagt er til að niður falli núverandi heimildarákvæði um afmarkað fjármagn til útlána vegna kaupa á gömlu húsnæði og endurnýjunar á eigin húsnæði öryrkja og aldraðra. Þetta ákvæði er óþarft, ef 1. gr. verður að lögum.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt mun reynast að aðlaga byggingariðnaðarmenn þeim nýju verkefnum, sem að kalla, ef endurnýjun húsa færist í vöxt á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð er með þessu frv. Því er lagt til að húsnæðismálastjórn beitist fyrir námskeiðum fyrir iðnaðarmenn á þessu sviði.

Sþ. 406. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1976.

I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innkomnar tekjur vegasjóðs 31. desember 1976 sem hér segir:

	Skv. vegáætl. m. kr.		Rauntekjur pr. 31.12.'76 m. kr.		Mismunur m. kr.	
1.1. Bensíngjald:						
Bráttótekjur	1 923,0		1 784,0		÷139,0	
Endurgreiðslur	÷28,0	1 895,0	÷21,3	1 762,7	6,7	÷132,3
1.2. Þungaskattur:						
Km-gjald	473,0		359,1		÷113,9	
Árgjald	140,0		200,7		60,7	
Endurgreiðslur	÷1,0	612,0	÷3,7	556,1	÷2,7	÷55,9
1.3. Gúmmígjald		77,0		62,4		÷14,6
		2 584,0		2 381,2		÷202,8
1.4. Ríkisframlag		530,0		630,0		100,0
		3 114,0		3 011,2		102,8

1.1. Bensíngjald.

Á árinu 1976 (nóv. 1975—okt. 1976) varð bensínsala á landinu 104.5 m.ltr., en það er 0.9 m.ltr. minni sala en árið á undan. Bensíngjald varð nettó 132.3 m. kr. undir áætlun og er orsök þess tvíþætt: annars vegar varð bensínsala 2.9 m. ltr. (ca. 54 m. kr.) undir áætlun, en hins vegar kom ekki nema hluti af fyrirhuguðum hækkunum á bensíngjaldi til framkvæmda á árinu.

Áætlað er, að í árslok 1976 hafi bifreiðaeign landsmanna verið um 73.200 bifreiðar og hafi því fjölgað um rúmlega 1600 bifreiðar. Á árinu var aðeins flutt inn 4471 bifreið, sem er langt frá að nægi til að standa undir eðlilegri endurnýjun, en til þess þyrfti að flytja inn árlega 7—8 þús. bíla.

Bensínsala og meðalneysla pr. bensínbifreið.

Ár	Bensínsala m. ltr.	Meðaleyðsla ltr.
1971	77,5	1 756
1972	84,9	1 745
1973	95,1	1 757
1974	104,4	1 736
1975	103,6	1 610
1976	104,5	1 620

1.2. Þungaskattur.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 55.7 m.kr. lægri en ráð var fyrir gert. Á þetta eingöngu rót sína að rekja til þess, að fyrirhuguð hækkun þungaskatts kom ekki til framkvæmda.

Þá tóku gildi á árinu breytingar á innheimtufyrirkomulagi þungaskatts, sem meðal annars fólust í því, að leigubifreiðaeigendum og öðrum eigendum díselbifreiða undir 3 t heildarþunga var gefinn kostur á að velja, hvort þeir greiddu fast árgjald eða skv. ökumæli. Í vegáætlun var gert ráð fyrir, að fleiri myndu greiða skv. ökumæli en raun bar vitni, og er það skýring á því af hverju svo mikill munur er á rauntekjum og áætlun innbyrðis milli þessara flokka.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi urðu um 14 m.kr. lægri en áætlað var. Skýringa má leita í minni innflutningi og minni endurnýjun en áætlað var. Í töflunni hér að neðan eru tölur fyrir innflutning hjólbarða og árlega meðalnotkun bifreiðaflotans á gúmmíi.

Ár	Innfl. alls tonn	Meðalendurnýjun kg
1971	1 620	22
1972	1 808	24
1973	1 993	24
1974	2 340	24
1975	1 377	15
1976	1 384	15

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var 530 m.kr. í vegáætlun, en er hér hækkað í 630 m.kr. Skýring á þessu er sú, að við afgreiðslu vegáætlunar sl. vor var bætt við tekjuáætlun 100 m.kr. og átti að ná þessu fé inn með hækkun markaðra tekna. Þessi hækkun kom hins vegar ekki til framkvæmda af hendi fjármálaráðuneytis, og er þessari upphæð því bætt við ríkisframlagið.

II. Skipting útgjalda.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 96 m.kr., en urðu 102.8 m.kr. Stafar þessi hækkun að miklu leyti af hækkun launagreiðslna til opinberra starfsmanna, bæði vegna breytinga á kaupgjaldsvísitölu og breytinga á röðun í launaflokka samkvæmt kjarasamningum. Nam hækkun laungreiðslna af þessum sökum nálægt 7% að meðaltali.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 101.7 m.kr. Var henni varið til undirbúnings þeirra framkvæmda, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða gagnasöfnun, mælingar, ýmis konar athuganir og rannsóknir, auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 20.3 m.kr.

A. **Talning umferðar.**

Talning fór fram eftir skipulagi því, sem farið var að vinna eftir 1975.

Að þessu sinni var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðurlandi, en auk þess talin umferð allt árið á um 40 stöðum um land allt.

Helstu niðurstöður eru þessar:

Í heild virðist umferð hafa minnkað nokkuð og sumarumferð meira en ársumferð. Minnkun þessi er mest á Suðurlandi, Vesturlandi og vestanverðu Norðurlandi. Á Norðausturlandi, Vestfjörðum og norðanverðum Austfjörðum, virðist umferð hins vegar svipuð eða lítið eitt meiri en 1975.

Á fylgiskjölum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. **Vegaeftirlit.**

Eins og áður sá vegaeftirlitið um eftirlit með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum landsins. Jafnframt var fylgst með því, að farmar vörubifreiða við vegagerð væru sem næst því, sem gert var ráð fyrir í töxtum, en reynslan sýnir, að farmar vilja verða nokkru minni en gert er ráð fyrir. Fyrir fjármálaráðuneytið var haldið áfram að fylgjast með, að geiðsla þungaskatts díselbifreiða væri í samræmi við reglugerðir. Jafnframt var fylgst með ökumælum vegna þungaskattsins. Vegaeftirlitið annaðist sem áður allar umferðartalningar á landinu. Einnig sá það um framkvæmdir við vegmerkingar skv. 2.2.3.

Sem áður annaðist vegaeftirlitið upplýsingamiðlun um færð á vegum og sá um samræmingu á snjómokstri.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra, einnig nokkurra fyrrv. verkamanna, voru áætlaðar 13.0 m.kr. en urðu ekki nema 11.9 m.kr., þar sem þeir, er eftirlauna nutu, urðu færri en áætlað var. Tveir fyrrv. verkstjórar létust á árinu, en frestað var greiðslu eftirlauna til eins verkstjóra og tveggja verkamanna. Einn verkamaður öðlaðist rétt til eftirlauna.

Í árslok nutu því alls 14 fyrrv. verkstjórar, 14 verkstjóraekkjur og 8 fyrrv. verkamenn eftirlauna.

2.1.5. Áhrif verðhækkana.

Þegar vegáætlun 1976—1979 var lögð fyrir Alþingi í byrjun árs 1976, var reiknað með áætluðu verðlagi í júní 1976 varðandi nýbyggingar, en viðhald var hins vegar miðað við verðlag í okt. 1975.

Frá því vegáætlun var samþykkt urðu nokkrar verðhækkanir, eins og fram kemur í töflu hér að neðan. Var dregið úr nýbyggingu vega sem verðhækkuninni nam, en óhjákvæmilega varð nokkur halli á nýbyggingum brúa og viðhaldi vega. (sjá kafla 2.10.)

Framkvæmdavísitölur:

	Vegagerð	Viðhald	Brúargerð
1. Vísitala í vegáætlun	4 101	4 067	6 462
2. Vísitala í ágúst	4 643	5 302	6 808
Hækkun 1—2	13,2%	30,4%	5,4%

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Fjárveiting til sumarviðhalds var	1.099 m. kr.
Fjárveiting til vetrarviðhalds var	264 m. kr.
Samtals til viðhalds vega	1.363 m. kr.

2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m. kr.
1. Viðhald vega	451
2. Viðhald brauta	102
3. Viðhald brúa	58
4. Heflun vega	210
5. Rykbinding	40
6. Vinnsla efnis	196
7. Vatnaskaðar og ófyrirséð	42
Samtals	1 099


Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði.

Engu að síður urðu vorskemmdir á vegum og þá sérstaklega á Vesturlandi og í V.-Húnavatnssýslu.

Tafla, sem fer hér á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.

Tafla yfir þungatakmarkanir á vegum 1976.



Flokkun vega eftir umferð.

Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarþunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi. Einnig er gerður greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Þessi skipting gildir fyrir árslok 1975, þar sem ekki er búið að vinna úr umferðartölum fyrir 1976.

Kjördæmi	Gerð slitlags	Sumardagsumferð bílar/dag: Minni en 50	50–100	100–200	200–300	300–500	500–750	750–1 000	1 000–10 000	Meiri en 10 000	Alls	Alls í kjördæmi
		Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki										
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
Suðurland	Malar	631	203	181	231	183	33	44	7	–	1 513	
Suðurland	Bundið	–	–	–	–	–	–	3	48	–	51	1 564
Reykjanes	Malar	88	31	18	26	31	4	–	51	–	249	
Reykjanes	Bundið	–	–	3	–	2	11	22	69	5	112	361
Vesturland	Malar	445	290	246	140	99	55	53	14	–	1 344	1 344
Vestfirðir	Malar	493	564	206	1	27	4	–	2	–	1 295	
Vestfirðir	Bundið	–	–	–	–	–	–	3	–	–	3	1 298
Norðurl. v.	Malar	454	182	127	136	174	25	2	–	–	1 100	1 100
Norðurl. ey.	Malar	452	200	246	162	103	56	7	4	–	1 230	
Norðurl. ey.	Bundið	–	–	–	–	–	–	–	5	–	5	1 235
Austurland	Malar	515	143	374	311	77	6	6	–	–	1 432	
Austurland	Bundið	–	–	–	–	–	–	2	–	–	2	1 434
	Samtals	3 078	1 613	1 401	1 007	696	194	142	200	5	8 336	8 336

Vinnsla efnis til viðhalds.

Vegagerðin á 2 mulningsvélasamstæður og 2 litlar mulningsvélar, sem vinna efni í jöfnunarlag og slitlag vega. Ennfremur á Vegagerðin 4 hörpusamstæður, og vinna þær efni í jöfnunarlag og slitlag í vegi með litla umferð. Vinnsla efnis 1976, sem fór til viðhalds, var sem hér segir:

Kjördæmi	Mölun 1976 m³	Hörpun 1976 m³	Samtals 1976 m³
Suðurland	24 500	–	24 500
Reykjanes	17 500	–	17 500
Vesturland	32 700	30 100	62 800
Vestfirðir	7 200	22 900	30 100
Norðurland v.	7 500	38 900	46 400
Norðurland ey.	12 000	49 800	61 800
Austurland	16 800	32 700	49 500
Samtals	118 200	174 400	292 600

Meðalkostnaður á rúmmetra við mölun 936 kr.

Meðalkostnaður á rúmmetra við hörpun 434 kr.

Malarslitlög.

Gerð hefur verið tafla, sem sýnir lengd vega sem malbornir voru 1976 ásamt fjölda rúmmetra, sem ekið var í slitlag vega.

Kjördæmi	Malarburður 1976 Lengd km	Malarmagn m³	Magn m³/m
Suðurland	112,0	84 000	0,75
Reykjanes	61,0	38 000	0,62
Vesturland	89,0	67 500	0,76
Vestfirðir	95,0	34 800	0,37
Norðurland v.	119,0	93 000	0,78
Norðurland e.	163,0	91 500	0,56
Austurland	63,0	54 000	0,86
Samtals	702,0	462 800	0,66

Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er sýnt yfirlit yfir lengd rykbundinna vega með klórkalsíum árið 1976. Einnig eru upplýsingar um lengd malarvega, sem hafa annars vegar umferð meiri en 500 bíla á dag og hins vegar umferð meiri en 300 bíla á dag. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með umferð meiri en 500 bíla á dag.

Kjördæmi	Rykbinding 1976 km	Lengd malarvega með yfir 500 b/dag km	yfir 300 b/dag km
Suðurland	55,0	77	260
Reykjanes	20,5	55	86
Vesturland	12,1	99	216
Vestfirðir	7,5	6	17
Norðurland v.	24,0	49	204
Norðurland e.	40,0	78	181
Austurland	19,0	12	89
Samtals	178,1	376	1 053

Á árinu voru smíðaðir 7 tíu þúsund lítra vatnstankar, sem nota á við rykbindingu vega og einnig til að vatnsbera vegi í þurrkum. Heildarfjöldi vatnstanka er orðinn 22.

Viðhald vega með bundið slitlag.

Samið var við Reykjavíkurborg um yfirlögn malbiks á 2.3 km á Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi og Reykjanesbraut í Njarðvíkum. Einnig var samið við Reykjavíkurborg um afréttingu hjólfara á 1.7 km löngum kafla á Hafnarfjarðarvegi sunnan Kópavogs. Samtals voru lagðir 28 800 m² af malbiki og varð kostnaður 918 kr./m².

Samið var við Miðfell hf. um 1.8 km yfirlögn á olíumöl á Reykjanesbraut norðan Keflavíkur og á Garðskagaveg í Gerðum. Kostnaður varð 494 kr./m².

Samið var við Hlaðbæ hf. um 2.8 km langa yfirlögn á olíumöl á Suðurlandsveg í Svínahrauni. Kostnaður varð 569 kr./m².

Í næstu töflu er sýnt yfirlit yfir lengdir og gerð bundinna slitlaga í árslok 1976.

Kjördæmi	Steypa km	Malbik km	Olíumöl km	Samtals km
Suðurland	–	2.7	48.4	51.1
Reykjanes	46.6	22.2	43.2	112.0
Vesturland	–	–	–	–
Vestfirðir	–	3.0	–	3.0
Norðurland v.	–	–	–	–
Norðurland e.	–	5.6	–	5.6
Austurland	–	–	2.6	1.6
Samtals	46.6	33.5	93.2	173.3

Hér á eftir fylgir kostnaðarskipting útgjalda við viðhald vega með bundið slitlag.

Liðir	Kostn. m. kr.	Skipting %
Ný slitlög	47.5	52.3
Viðgerðir á slitlögum	7.5	8.2
Umferðarm., leiðarar, málun og lýsing	23.2	25.5
Mölun efnis og endurnýjun malaraxla	7.7	8.5
Eftirlit	2.9	3.2
Ósundurliðaður kostnaður	2.1	2.3
Samtals	90.9	100.0

Vatnaskemmdir.

Á árinu 1976 urðu víða verulegar skemmdir á vegum vegna vatnavaxta.

Einna mestar urðu skemmdir á Snæfellsnesi og á Austurlandi.

Í lok ágúst urðu miklir vatnavextir á norðanverðu Snæfellsnesi. Brúin á Holtsá í Fróðárhreppi eyðilagðist og tvær aðrar brýr löskuðust. Einnig urðu miklar skemmdir á vegfyllingum við áðurnefndar brýr. Ný brú var byggð á Holtsá og skemmdir lagfærðar.

Á Austurlandi urðu vatnaskemmdir mjög víða, en þó aðallega á Suðurfjarðavegi og Austurlandsvegi í Berufirði og Skriðdal. Þessar skemmdir urðu í febrúar og nóvember.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Frá áramótum til vors var veðrátta mjög óstöðug frá Suðvesturlandi vestur um og austur fyrir Holtavörðuheiði. Snjómokstur varð því mjög kostnaðarsamur á Hellisheiði, Holtavörðuheiði og víðar á Vesturlandi.

Á sama tíma var hins vegar óvenju snjólétt á Austur- og Norðausturlandi. Frá hausti til áramóta var snjólétt og víða snjólaust. Til dæmis um snjóleysið á þessum tíma var alltaf fært milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði, þótt lítillega hafi snjóað á Hellisheiði og Mýrdalssandi. Sömu sögu er að segja um veginn milli Reykjavíkur og Blönduóss. Svellalög hafa hins vegar verið umtalsverð á nokkrum stöðum, einkum á Vestfjörðum.

Kostnaður við vetrarviðhald er af þessum sökum nálægt því að vera í meðallagi.

Hér á eftir fer tafla, sem sýnir, hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði á árinu 1976. Einnig er þar sýnt, hve marga daga unnið hefur verið við snjómokstur á þeim.

	Jan.	Febr.	Mars	Apr.	Maí	Jún.	Júl.	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjómoksturs-dagar
Mosfellsheiði	26	29	25	20									100	27	1
Brattabrekka	31	29	26	20									106	29	7
Hálsar í A.-Barð.	31	29	31	28							12		131	36	8
Dynjandisheiði	31	29	31	30	7							19	147	40	9
Hrafnseyrarheiði	31	29	31	24	4						5	16	140	38	12
Breiðadalsheiði	31	29	22	20	5							11	118	32	41
Botnsheiði	31	29	25	21	7							11	124	34	26
Þorskafjarðarheiði	31	29	31	30	27							29	177	48	9
Holtavörðuheiði	5	8	8	4									25	7	49
Siglufj.v., Fljót-Sigl.	5	6	1	5							2	7	26	7	28
Lágheiði	31	29	31	30	16						14	31	182	50	6
Öxnadalsheiði	3	5		3								1	12	3	42
Ólafsfjarðarmúli	16	2	2	1							2	10	33	9	41
Vaðlaheiði	30	10	5	11							1	22	79	22	12
Hólssandur	31	29	31	30	18						3	31	173	47	
Axarfjarðarheiði	31	29	31	30	30						21	31	203	55	
Vopnafjarðarheiði	31	29	31	30	30						9	31	191	52	2
Möðrudalsöræfi	31	8	15	21							3	31	109	30	5
Vatnsskarð eystra	27	6	2	12	3						3	14	67	18	9
Fjarðarheiði	15	5	10	8	2						2	13	55	15	34
Oddsskarð	20	2	3	6	3						8	10	52	14	44
Breiðdalsheiði	31	29	21	19							3	31	134	37	2
Lónsheiði	12	1		2	1								16	4	19

Kostnaður við snjómokstur á nokkrum fjallvegum.

Fjallvegir	Lengd kafla km	Kostn. v/snjómokst. m. kr.	Kostn. á km þús. kr.
Rvík-Selfoss og Þrengslavegur	52	14.1	271.2
Holtavörðuheiði	38	15.0	394.7
Fróðárheiði	13	3.7	284.6
Svínadalur	21	2.1	100.0
Hálfdán	16	3.9	243.8
Breiðadalsheiði	16	7.0	437.5
Haganesvík-Siglufjörður	31	5.8	187.1
Öxnadalsheiði	30	5.5	183.3
Ólafsfjarðarmúli	18	6.9	383.3
Fjarðarheiði	25	7.2	288.0
Oddsskarð	22	9.3	422.7
Lónsheiði	13	2.9	223.1

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1976.

Ár	Jan.—Jún. m. kr.	Okt.—des. m. kr.	Allt árið m. kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Á verðl. 1976 m. kr.
1967	17,8	10,9	28.7	571	266.5
1968	25.5	7.2	32.7	665	260.7
1969	18.3	15.8	34.1	812	222.7
1970	34.0	15.9	49.9	902	293.3
1971	34.0	20.7	54.7	1 046	277.3
1972	24.4	29.7	54.1	1 252	229.1
1973	59.0	40.1	99.1	1 550	339.0
1974	91.6	72.4	164.0	2 339	371.8
1975	245.4	76.3	324.7	3 989	427.6
1976	227.4	88.4	315.8	5 302	315.8

Yfirlit yfir viðhaldskostnað þjóðvega 1967—1976.

Ár	Fjárv. í vegáætl. m. kr.	Heildar-kostn. m. kr.	Vetrar-viðhald m. kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1967	134.0	158.6	28.7	18.1
1968	139.4	181.7	32.7	18.0
1969	175.0	184.3	34.1	18.5
1970	197.4	229.2	49.9	21.8
1971	250.0	272.8	54.7	20.1
1972	355.0	357.7	54.1	15.1
1973	375.0	433.1	99.1	22.9
1974	716.4	844.0	164.0	19.4
1975	1 048.7	1 161.7	321.7	27.7
1976	1 381.0	1 462.1	315.8	21.6

Skipting viðhaldskostnaðar.

Á meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1976. Einnig er tilgreind lengd akfærra vega í hverju kjördæmi og kostnaður við viðhald vega á km.

Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1976.

(Upphæðir í millj. kr.)

Kjördæmi	Vetrar-viðhald	Viðhald vega	Viðhald brauta	Viðhald brúa	Heflun vega	Ryk-binding	Vinnsla efnis	Vatna-skemmdir	Samt.	Lengd akfærra vega í km	Kostn. á km vega í þús. kr.
Suðurland	19.1	89.0	1.9	4.6	56.6	5.5	23.8	1.5	202.0	1 564	129.2
Reykjanes	39.9	29.8	87.2[1]	4.1	27.5	5.0	14.2	2.3	210.0	361	581.7
Vesturland	54.5	85.7	–	6.6	61.8	7.2	44.7	7.3	267.8	1 344	199.3
Vestfirðir	72.9	53.1	0.4	9.2	25.1	1.5	14.7	6.2	183.1	1 298	141.1
Norðurl. v.	22.6	61.2	0.1	3.2	27.8	3.2	26.5	5.2	149.8	1 100	136.2
Norðurl. ey. ...	40.5	69.0	0.9	11.1	29.8	4.3	32.9	4.3	192.8	1 235	156.1
Austurl.	66.3	76.2	0.4	20.5	45.4	3.3	24.0	20.5	256.6	1 434	178.9
Samtals	315.8	464.0	90.9	59.3	274.0	30.0	180.8	47.3	1 462.1	8 336	175.4

[1]) Kostnaður við viðhald brauta á Reykjanesi innifelur einnig kostnað við bundið slitlag á Suðurlandi.

2.2.3. Vegmerkingar.

Á árinu var haldið áfram framleiðslu og uppsetningu nýrra vegvísa, og var því lokið á flestum vegamótum.

Hafinn var undirbúningur að endurnýjun aðvörunarmerkingar, samkv. nýrri reglugerð, sem væntanlega verður gefin út á þessu ári.

Búið er að kanna alla þjóðvegi í Vestfjarðakjördæmi og flesta þjóðvegi í Húnavatnssýslum og gera skrá yfir endurmerkingar. Á næstu árum er gert ráð fyrir að endurskoða allar aðvörunarmerkingar á landinu. Haldið verður áfram að bæta merkingar á vegamótum. Jafnframt krefst viðhald merkjanna mikils fjármagns.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Samkvæmt vegáætlun átti ríkissjóður að afla almenns lánsfjár að upphæð 1 350 m.kr. til að brúa að nokkru bil það, sem var milli tekjuöflunar annars vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags, og áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun hins vegar. Voru útgjöld á árinu samkvæmt vegáætlun miðuð við, að allt þetta lánsfé kæmi.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins var eigi aflað nema 1 300 m.kr. af lánsfé þessu, sem skiptist þannig, að með sölu spariskírteina var aflað 550 m.kr. en 500 m.kr. með sölu happdrættisskuldabréfa og af skyldusparnaðarfé 250 m.kr.

Greiðsla lántökukostnaðar, svo og vaxta og afborgana af öllum föstum lánum, sem tekin hafa verið til vegagerðar, var nú innt af hendi beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar, svo sem venja hefur verið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu útgjöld ríkissjóðs vegna þessara greiðslna 669.6 m.kr. á árinu.

Eftirfarandi tafla sýnir hreyfingar á lánum þessum á árinu.

Lán yfirtekin af ríkissjóði.

(Upphæðir í m.kr.)

Skuldir í árslok 1975		5 452.9
Ný lán á árinu	1 300.0	
Gengistap	463.8	1 763.8
		7 216.7
Afborganir		510.7
Skuldir í árslok samtals		6 706.0

Lán í erlendri mynt miðað við gengi í árslok voru samtals 3 748.2 m.kr. Engin ný lán í erlendri mynt voru tekin á árinu, en uppfærsla þessara lána vegna óhagstæðrar gengisþróunar nam 463.8 m.kr. Afborganir námu 243.3 m. kr.

Innlend verðtryggð lán voru samtals 2 933.0 m.kr. á nafnverði, þar af voru happdrættislán 1 610.0 m.kr.

Langmestur hluti þessara lána er því annað hvort háður gengis- eða vísitölubreytingum eða samtals 6 681.2 m.kr. af 6 706.0 m.kr. skuld í árslok 1976.

2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Í vegáætlun var heimild til sérstakrar lánsfjáröflunar að upphæð 250 m.kr., og voru útgjaldatölur vegáætlunar miðaðar við, að allt þetta lánsfé fengist. Voru áætlaðar útgjaldatölur einstakra framkvæmda því skertar, sem þessari upphæð nam, þar til sýnt var, hvort lánsfé þetta kæmi, en gert var ráð fyrir að afla þess hjá verktökum, vinnuvélaeigendum og heimamönnum í viðkomandi héruðum, með fyrirheiti um endurgreiðslu á tímabilinu febrúar til mars árið 1977.

Eigi tókst að afla nema 157.9 m.kr. af þessum bráðabirgðalánum, og drógust því framkvæmdir saman, sem þessu nam frá því sem áætlað var.

Lán þessi skiptust þannig eftir flokkum vega:

Til hraðbrauta	103.9 m. kr.
Til þjóðbrauta	36.4 m. kr.
Til landsbrauta	17.6 m. kr.
Samtals	157.9 m. kr.

Auk þessa voru tekin bráðabirgðalán að upphæð samtals 59.8 m.kr., þar sem sérstakar óskir höfðu komið frá heimamönnum um að hraða eða ljúka ákveðnum fram-

kvæmdum og fylgdi óskum þessum jafnan tilboð um að leggja fram vaxtalaust lánsfé. Var í þessum tilfellum haft samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma.

Lán þessi skiptust þannig eftir flokkum vega:

Til þjóðbrauta	9.3 m. kr.
Til landsbrauta	41.1 m. kr.
Til viðhalds vega	9.4 m. kr.
Samtals	59.8 m. kr.

Af lánsfé þessu voru 54.8 m.kr. lánaðar af heimamönnum í viðkomandi héruðum, en 5 m.kr. lán kom úr Orkusjóði til lagfæringar og styrkingar á Vestfjarðavegi vegna flutnings á jarðbor vestur í Súgandafjörð. 56.9 m.kr. voru ný lán, en 3 m.kr. voru endurlánaðar frá fyrra ári.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 217.7m.kr. á móti 30.3 m.kr. í árslok 1975 og skiptust þannig eftir flokkum vega:

	Árslok 1975 þús. kr.	Árslok 1976 þús. kr.
Til hraðbrauta	0	103 869
Til þjóðbrauta	13 810	45 766
Til landsbrauta	16 530	58 681
Samtals	30 340	208 316
Til viðhalds þjóðvega	0	9 419
Samtals	30 340	217 735

Í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum hér á eftir er nánar greint frá þessum bráðabirgðalánum.

2.3.1. Til hraðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

28 Austan Þjórsár:

Fjárveiting var 30.0 m.kr. af lið 2.3.5.5 Norður- og austurvegur. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 14.5 m.kr.) Lánað var til Suðurlandsvegar 1—01 í Flóa, 18.0 m.kr. Lokið var undirbyggingu á 2.4 km löngum kafla austur frá Þjórsá.

01 Í Flóa:

Fjárveiting var 65.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 11.0 m.kr. frá verktakafyrirtækinu Ýtutækni hf.) Lán frá Suðurlandsvegi 1—28, austan Þjórsár, var 18.0 m.kr.

Lokið var undirbyggingu og lögn olíumalarslitlags á 3.1 km kafla, Þjórsá —Skeiðavegur. Var það verk unnið af verktakafyrirtækinu Ýtutækni hf. Á kaflanum Skeiðavegur — Gaulverjabæjarvegur unnu verktakafyrirtækin Ístak hf. og Sveinbjörn Runólfsson að lokafrágangi, og er því verki lokið að langmestu leyti.

34 **Eyrarbakkavegur:**

02 Selfoss—Þorlákshafnarvegur:

Fjárveiting var 9.0 m.kr., og var hún lánuð til þess að greiða skuld Þorlákshafnarvegar frá 1975.

02 Um Ölfusárós:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. (sjá: Verkfræðilegur undirbúningur, 34 Eyrarbakkavegur.)

1 **Vesturlandsvegur:**

16 Um Kiðafell:

Fjárveiting var 47.0 m.kr., en skuld frá fyrra ári var 4.7 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 11.0 m.kr. frá verktakafyrirtækinu Þórisós hf., sem sá um framkvæmd verksins.) Fengið var lán úr Hafnarfjarðarvegi, 03 Kópavogslækur—Arnarnes, 34.3 m.kr. Lokið var undirbyggingu 3.2 km kafla frá Útkoti inn fyrir Kiðafell, og sett malarslitlag á kaflann, en frágangi vegfláa er ekki að fullu lokið.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

02 Í Kópavogi:

Fjárveiting var 76.0 m.kr., en skuld frá fyrra ári var 31.2 m. kr.

Lokið var frágangi vegarins að Kópavogsbraut og malbikun og lýsingu vesturbrautar þaðan að Fífuhvammsvegi. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ hf.

03 Kópavogslækur—Arnarnes:

Fjárveiting var 78.0 m.kr., geymt frá fyrra ári 70.3 m. kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 20.0 m.kr. frá verktakafyrirtækinu Hlaðbæ hf.) Lánað var til Vesturlandsvegar 1—16 um Kiðafell 34.3 m.kr. Byggð var 6 m brú á Kópavogslæk, sjá 2.5. Undirbyggð var og malbikuð vesturbraut vegarins frá Fífuhvammsvegi suður á Arnarnes og vestri tengivegir væntanlegra gatnamóta þaðan suður fyrir Arnarneshæð, samtals um 1.6 km. Sett var upp lýsing á allan kaflann.

06 Um Setbergslæk:

Fjárveiting var 12.0 m.kr. Sett var nýtt ræsi á Setbergslæk, til viðbótar því, sem fyrir var. Var þetta gert vegna endurtekinna flóða, sem valdið höfðu skemmdum ofan vegar.

45 **Garðskagavegur:**

01 Keflavík—Garður:

Fjárveiting var 53.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 8.1 m.kr. frá Miðfelli hf. og Olíumöl hf.). Lagt var olíumalarslitlag á kaflana Reykjanesbraut—Garður og utan Garðs, samtals 7.3 km.

1 **Vesturlandsvegur:**

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveiting var 390.0 m.kr. Unnið var við gerð stöpla Borgarfjarðarbrúar. Í því sambandi voru smíðuð margvísleg hjálpartæki og búnaður, sem notað er við byggingu stöplanna. Lokið var við 6 millistöpla af 12 alls, sem yfirbygging brúar hvílir á. Auk þess voru steyptir byggingarhlutar sem nota á í þá stöpla, sem eftir er að byggja. Þá var hafin smíði móta fyrir bita, en áætlað er að steypa þá uppi á landi og fleyta þeim á sinn stað.

Ýmis konar rannsóknum og athugunum var fram haldið.

11 **Í Norðurárdal:**

Fjárveiting var 30.0 m.kr. Endurgreitt var frá 528 Norðurárdalsvegi 4.0 m.kr.

Byggður var 2.0 km kafli frá Hvassafelli að Klettstíu, einnig unnið að frágangi á þessum kafla og þeim, sem byggður var 1975.

51 Akranesvegur:

01 Vesturlandsvegur—Akranes:
Fjárveiting var 49.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 6.0 m.kr.). Undirbyggður var 3.4 km kafli og jöfnunarlagi ekið á 0.9 km.

61 Djúpvegur:

21 Vestfjarðavegur—Ísafjörður:
Fjárveiting var 30.0 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 5.0 m.kr. Lánaðar voru 5.5 m.kr. til Vestfjarðavegar 60—14, um Hörgsnes (sjá 2.3.2). Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings um legu vegarins.

1 Norðurlandsvegur:

02 Um Hrútafjarðarháls:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.7 m.kr.) og skv. 2.3.5.3 í Norðurlandsáætlun 20.0 m. kr.
Ekið var malarslitlagi í 12.0 km langan kafla frá Reykjum að Staðarbakka. Lagður var 3.0 km langur kafli frá Reykjaskóla að Heggstaðanesvegi, sem eftir er að ganga frá. Einnig var undirbyggður 1.1 km langur kafli frá Heggstaðanesvegi til austurs og grafnir framræsluskurðir frá Tjarnarkoti að Barði.

03 Laugarbakki—Norðurbraut:
Fjárveiting var 16.8 m.kr. Styrktur var 2.4 km langur kafli frá Laugarbakka að Norðurbraut og 5.0 km langur kafli á austanverðum Hrútafjarðarhálsi. Einnig var hluti fjárveitingar notaður til nýbyggingar um Hrútafjarðarháls.

05 Víðidalsvegur vestri—Víðidalsvegur eystri:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Styrktur var 6.0 km langur kafli frá Melrakkadalsá að Gröf. Einnig var sett slitlag á 5.8 km langan kafla frá Víðihlíð að Lækjamóti.

07—08 Vatnsdalur—Blönduós:
Fjárveiting var 50.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 8.8 m.kr.) Lokið var við 12.0 km langan kafla frá Blönduósi að Reykjabraut og sett á hann malarslitlag. Einnig var að mestu lokið við undirbyggingu og burðarlag á 2.2 km löngum kafla um Brekku.

17 Um Vallhólm:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.6 m.kr.). Gengið var frá 1.5 km löngum kafla austan Löngumýrar, sem lagður var 1974, og lagður 1.3 km langur kafli í áframhaldi, sem eftir er að aka í hluta af burðarlagi, steypa ræsi og snyrta.

72 Hvammstangavegur:

01 Norðurlandsvegur—Hvammstangi:
Fjárveiting var 15.2 m.kr. Skipt var um jarðveg á 0.5 km löngum kafla, frá Brekkugötu að Olíustöð.

75 Sauðárkróksbraut:

01 Norðurlandsvegur—Reynistaður:
Fjárveiting var 12.0 m.kr. Fjárveitingu var skipt og lánuð til Skagavegar, 745—09 Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur og Sléttuvegar, 789—01 Siglufjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur (sjá 2.3.3.).

1 **Norðurlandsvegur:**

05 Norðan Akureyrar:

Fjárveiting var 70.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.1 m.kr.) Lagfærðar voru skemmdir á malbiki hjá Skútum. Jöfnunarlag var sett á 1.5 km langan kafla, frá Blómsturvöllum að Sílastöðum. Lokið var við undirbyggingu og burðarlag á 1.8 km löngum kafla frá Sílastöðum að Moldhaugum og á 0.5 km löngum kafla á Moldhaugnahálsi. Einnig var undirbyggður að mestu leyti 0.8 km langur kafli norðan við Moldhauga.

08 Á Svalbarðsströnd:

Fjárveiting var 40.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.2 m.kr.), og skv. 2.3.5.3. í Norðurlandsáætlun 15.0 m.kr. Gengið var frá 1.9 km löngum kafla frá Hallandi að Sólbergi. Ekið var hluta burðarlags í 2.0 km langan kafla frá Sólbergi að Sigluvík og undirbyggður 1.7 km langur kafli frá Sigluvík að Breiðabóli.

Verkfræðilegur undirbúningur hraðbrauta:

1 **Suðurlandsvegur:**

Lokið var gerð lokaáætlunar um kaflann frá Skeiðavegamótum að Kolavatnsmýri.

Unnið hefur verið að gagnasöfnun og hönnun á kaflanum frá Kolavatnsmýri austur að vegamótum Landvegar.

1 **Vesturlandsvegur:**

Lokið var gerð útboðsgagna fyrir kafla um Kiðafell.

Haldið var áfram kortagerð í mælikvarða 1:5000 frá Bjarteyjarsandi til vesturs að Beitistöðum.

34 **Eyrarbakkavegur:**

Fjárveiting til hönnunar var 1 m.kr.

Lokið var kortlagningu vegsvæðisins frá Stokkseyri um Eyrarbakka og Óseyrartanga að Þorlákshafnarvegi. Unnið var að gagnasöfnun og hönnun, einkum vestan Ölfusár. Tillaga að legu vegarins hefur verið send skipulagsyfirvöldum.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

Hönnun vegarins suður fyrir Arnarneshæð er nú langt komin. Frekari hönnun strandar á skipulagsákvörðunum.

51 **Akranesvegur:**

Lokið var kortlagningu alls vegsvæðisins í mælikv. 1:5000. Lokið var hönnun vegarins næst Akranesi og unnið að gagnasöfnun og hönnun á öllum veginum.

61 **Djúpvegur:**

Haldið var áfram hönnun kaflans frá Vestfjarðarvegi að Ísafirði.

1 **Norðurlandsvegur:**

Unnið var að hönnun vegar um Holtavörðuheiði. Var skipuð nefnd til að fjalla um val veglínu um heiðina. Í nefndinni eiga sæti auk fulltrúa Vegagerðar-

innar fulltrúar frá Félagi sérleyfishafa og Landvara, landsambandi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

Lokið var hönnun vegarkafla sunnan til á heiðinni og unnið að gagnasöfnun og kortagerð á öðrum hlutum hennar.

Haldið var áfram gagnasöfnun og hönnun á Hrútafjarðarhálsi. Unnið var að hönnun kaflans frá eystri vegamótum Vatnsdalsvegar að Reykjabraut og er það verkefni langt komið.

Gerð var tillaga um legu vegarins frá Akureyri um Leirur Eyjafjarðarár norðan flugvallar. Tillaga þessi var gerð í samræmi við lokaskýrslu Líffræðistofnunar háskólans og í samráði við Náttúruverndarráð. Hún hefur verið send skipulagsyfirvöldum.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

Unnið var að gagnasöfnun um kaflann sunnan Hörgár.

1 **Austurlandsvegur:**

Hafist var handa við hönnun vegarins frá Lagarfljótsbrú að Egilsstöðum.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

12 Austan Víkur:

Fjárveiting var 21.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.3. m.kr.). Greidd var 2.5 m.kr. skuld vegna brúar á Mýrdalssandi. Fullgerður var 3.9 km langur kafli austan við Vík og endurbættur um 1.0 km langur kafli austan við Langasker á Mýrdalssandi.

14 Skarphóll — Skeiðflötur:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Lokið var við frágang á 1.9 km löngum kafla við Litla-Hvamm, sem byggður var 1975 og greiddar landbætur.

17 Við Hvamm:

Fjárveiting var 12.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 0.6 m.kr.). Mölborinn var og gengið frá 4.4 km löngum kafla við Hvamm undir Eyjafjöllum, sem undirbyggður var 1975.

Eftir er að tengja betur Skálaveg og bæinn Hvamm.

30 **Skeiða- og Hrunamannavegur:**

02 Ólafsvallavegur — Brautarholt:

Fjárveiting var 10.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.2 m.kr.). Fullgerður var 1.3 km langur kafli sunnan við Brautarholt.

31 **Skálholtsvegur:**

03 Við Spóastaði:

Fjárveiting var 13.5 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.4 m.kr.). Fullgerður var 1.3 km langur kafli við Spóastaði, þar af er 1.0 km langur kafli sem undirbyggður var 1975.

45 **Garðskagavegur:**

02 Gerðar — Sandgerði:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

02 Um Urriðaá:
Fjárveiting var 1.6 m.kr., sem gekk upp í greiðslu á skuld frá 1974.

06 Um Gröf og Fáskrúðsbakka:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 3.0 m.kr. Undirbyggður var 1.1 km langur kafli við Gröf og 0.5 km kafli við Fáskrúðsbakka. Enn vantar að byggja veginn í fulla hæð og ljúka við frágang.

07 Um Gróulæk og Viðralæk:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Endurbyggður var 0.1 km kafli við Viðralæk, en endurbyggingu ræsa var frestað en byggður 0.8 km langur kafli við Furubrekku.

11 Hvalsá — Fossá:
Fjárveiting var 5.5 m.kr. Greidd var skuld frá 1975 að upphæð 3.5 m.kr., sett var ristarhlið og unnið að snyrtingu og frágangi við grjótvörn.

56 **Stykkishólmsvegur:**

01 og 02 Kerlingarskarð:
Fjárveiting engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 6.0 m.kr. Auk þess var fengið að láni 2.4 m.kr. af fjárveitingu til Stykkishólmsv. 56—03 Síkisá—Nesv. Vegurinn var hækkaður og lagfærður með tilliti til snjóa frá Seljafelli að Neðri-Sneið alls um 3.5 km.
Snyrtingu og frágangi er ekki lokið.

03 Síkisá — Nesvogur:
Fjárveiting var 10.0 m.kr., þar af voru lánaðar 2.4 m.kr. til Stykkishólmsvegar 56—01—02, Kerlingarskarð.
Byrjað var á framkvæmdum við endurbyggingu vegarins, ásamt skurðgreftri. Ennfremur var vegurinn styrktur og lagfærður og sett slitlag á um 3.0 km kafla frá Nesvogi að Stykkishólmi.

57 **Snæfellsnesvegur:**

03 Norðan Laxár:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Unnið var við styrkingu á kaflanum.

60 **Vestfjarðavegur:**

04 Brautarholt — Þorbergsstaðir:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Greitt var lán frá 590 Klofningsvegi, að upphæð 5.4 m.kr. Með samþykki þingmanna var greitt bráðabirgðalán á 59—01 Laxárdalsvegi frá 1975 að upphæð 2.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

60 **Vestfjarðavegur:**

03 Tindar — Kambur:
Fjárveiting var 11.0 m.kr. Lokið var við byggingu á 2.1 km löngum kafla í framhaldi af nýbyggingu frá árinu 1974.

03 Hrísháll — Skáldsstaðir:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Lokið var við byggingu á 1.8 km löngum kafla milli Hrísháls og Skáldsstaða og 0.2 km löngum kafla frá mæðiveikisgirðingu að Reykhólasveitarvegi.

09 Galtará — Eyri:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.9 m.kr.). Greidd var 0.7 m.kr. skuld vegna umframeyðslu frá fyrra ári. Byggður var 0.5 km langur kafli innan við Eyri.

14 Fossá — Vatnsdalsá:
Fjárveiting var 40.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.8 m.kr.). Endurgreiddar voru 14.8 m.kr., sem lánaðar voru til brúargerðar á Þingmannaá 1975 (sjá 2.5.). Heimiluð var lántaka að upphæð 5.5 m.kr. af fjárveitingu til Djúpvegar 61—21 Vestfjarðavegur — Ísafjörður (sjá 2.3.1.). Undirbyggður var 3.3 km langur kafli frá Þingmannaá að Gálga og gerð bráðabirgðatenging við Uppsalaá. Ólokið er undirbyggingu á 1.0 km löngum kafla um Fossá og yfirbyggingu og frágangi á 7.0 km löngum kafla.

21 Sandafell — Ketilseyri:
Fjárveiting var 20.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.7 m.kr.). Greidd var 2.2 m.kr. skuld vegna umframeyðslu frá fyrra ári. Byggður var 1.8 km langur kafli að Hvammi í framhaldi af vegarlagningu frá 1974 auk frágangs á 1.0 km löngum kafla við Ketilseyri, sem byggður var 1975.

26 Um Breiðadalsheiði:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Í framhaldi af tilraunum veturinn 1975—1976 voru settir upp snjóskermar til að hafa áhrif á hengjumyndun í fjallinu ofan við Suður-Kinn í þeim tilgangi að draga úr snjóflóðahættu.

61 Djúpvegur:

05 Um Arngerðareyri:
Fjárveiting var 10.5 m.kr. Byggður var 2.0 km langur kafli um Arngerðareyri.

08 Um Eyri í Mjóafirði:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Auk þessa var notuð 1.0 m.kr. af Djúpvegarfé. Byggður var 0.6 km langur kafli um Eyri.

09 Laugardalsá — Strandsel:
Fjárveiting var 6.5 m.kr. Byggður var 1.3 km langur kafli um Laugardalsá. Frágangi er ekki að öllu leyti lokið.

19 Arnardalur — Flugvöllur:
Fjárveiting var 13.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.8 m.kr.). Byggður var 2.3 km kafli í Kirkjubólshlíð.

68 Hólmavíkurvegur:

05 Stóra Hvalsá — Sauðanes:
Fjárveiting var 16.5 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.9 m.kr.). Byggður var 2.5 km langur kafli milli Stóru-Hvalsár og Sauðaness.

76 Siglufjarðarvegur:

10 Almenningsnöf — Siglufjörður:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Kortagerð og frumhönnun á vegi um Mánárskriður var frestað vegna þess að ekkert varð úr myndflugi á Norðurlandi 1976.

82 Ólafsfjarðarvegur:

02 Knappstaðir — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 2.2 m.kr. Ekið var jöfnunarlagi á 1.8 km langan kafla frá Ketilási að Saurbæ.

1 Norðurlandsvegur:

01 Grjótá — Öxnadalsá:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. og skv. 2.3.5.3. Norðurlandsáætlun 8.0 m.kr., og skv. 2.3.5.5. Norður- og austurvegur 25.0 m.kr. Ekið var burðarlagi og

gengið frá 3.4 km löngum kafla frá Grjótá að Heiðargirðingu, einnig var lagfært sig og gengið frá 3.5 km löngum kafla frá Heiðargirðingu og niður í Öxnadal. Lagður var 0.9 km langur kafli um Varmavatnsshóla og undirbyggður 0.4 km langur kafli um Gilá.

11 Norðausturvegur — Aðaldalsvegur:

Fjárveiting var 4.5 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.6 m.kr.). Greitt var bráðabirgðalán að upphæð 1.0 m.kr. frá 1975 og undirbyggður 1.2 km lagnur kafli frá Hrúteyjarkvísl að heimreið að Ljósavatni.

Einnig var gengið frá brúarendum við Skjálfandafljót hjá Fosshóli.

Lagfærður var 0.4 km langur kafli austan Fosshóls.

17 Kísiliðja — Austaraselsheiði:

Fjárveiting var 9.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1975.

17 Austan Námaskarðs:

Fjárveiting var 6.4 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.5 m.kr.). Lagður var 1.5 km langur kafli um sandgræðslugirðingu og 0.4 km langur kafli austan við Dalborg.

85 Norðausturvegur:

22 Sveinungsvík — Krossavík:

Fjárveiting var 2.8 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli í fjallgarðinum austan við Ormarslón, og 0.2 km langur kafli við Hvilftarvatn, einnig var lagfærður snjóastaður norðan við Kollavík.

26 Hafralónsá — Langanesvegur:

Fjárveiting var 3.1 m.kr. Ekið var burðarlagi og gengið frá 1.6 km löngum kafla frá Hafralónsá að Syðri-Brekkum, sem undirbyggður var 1975.

1 Austurlandsvegur:

14 Egilsstaðir — Upphéraðsvegur:

Fjárveiting var 5.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.5 m.kr.). Lokið var við 2.6 km langan kafla inn að Höfðaá sem byggður var 1975.

17 Víðilækur — Axarvegur:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. og 10.0 m.kr. skv. lið 2.3.5.5. Norður- og austurvegur. Byggður var 1.4 km langur kafli frá Haugaá inn að Haugum og 0.4 km kafli um Litla-Sandfell.

40 Hólmur — Smyrlabjörg:

Fjárveiting var 6.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.6 m.kr.). Byggður var 0.6 km langur vegur að brúarstæði við Kolgrímu vestan ár.

44 Jökulsá — Fjallsá:

Fjárveiting var 33.5 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 3.4 m.kr.). Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári að upphæð 13.0 m.kr. Lagt var slitlag á 5.3 km langan kafla milli Fellsár og Stemmu. Lokið var við 2.8 km kafla milli Stemmu og Jökulsár, sem undirbyggður var 1975 og lagt á hann slitlag.

Lagt var jöfnunarlag á 9.1 km langan kafla milli Jökulsár og Fjallsár, sem undirbyggður var 1975. Ólokið var þá snyrtingu, lagningu slitlags og byggingu rennu á Nýgræðukvísl. Lagt var jöfnunarlag á 4.0 km langan kafla milli Hrútár og Vattarár. Slitlag vantar.

Undirbyggður var 3.0 km langur kafli milli Vattarár og Kvíár. Eftir er að leggja jöfnunarlag og slitlag.

85 **Norðausturvegur:**

07 Vesturdalsvegur — Vopnafjörður:
Fjárveiting var 11.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán og skuld frá fyrra ári að upphæð 7.7 m.kr. Byggður var 0.7 km langur kafli frá Vesturárdalsbrú að vegamótum í Torfastaði. Lokið var við 1.1 km langan kafla austan Vesturárdalsbrúar, sem byggður var 1975.

12 Teigará — Bæjaröxl:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. (Sjá 2.3.5.2 Austurlandsáætlun.)

92 **Norðfjarðarvegur:**

03 Mjóafjarðarvegur — Neðstabrú:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Fyllt var að rennu og hækkaður vegur um Hlauphjallalæk á Fagradal. Lengt var ræsi ofan Launár.

99 **Hafnarvegur:**

01 Austurlandsvegur — Höfn:
Fjárveiting var 0.8 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1975 vegna lagningar olíumalar.

2.3.3. Til landsbrauta.

204 **Meðallandsvegur**

01 Um Tungulæk:
Fjárveiting var 3.2 m.kr. Fullgerður var 1.0 km langur kafli um nýja brú á Tungulæk.

215 **Reynishverfisvegur:**

01 Suðurlandsvegur — Prestshús:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Endurbyggður var um 1.0 km langur kafli norðan við Reyni.

25 **Þykkvabæjarvegur:**

02 Djúpós — Þykkvibær:
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Endurbættur var um 0.7 km langur kafli í Þykkvabæ.

252 **Landeyjavegur:**

01—06 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Fullgerður var 0.5 km langur kafli við Sigluvík, og auk þess var lagfærður um 3.0 km langur kafli austan við Sigluvík.

255 **Akureyjarvegur:**

01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Endurbyggður var um 4.0 km langur kafli suður af Suðurlandsvegi.

261 **Fljótshlíðarvegur:**

02 Hvolsvöllur — Deild:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.2 m.kr.). Fullgerður var 1.4 km langur kafli ofan við Hvolsvöll.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**

02 Um Baugsstaðasýki:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Gengið var frá 1.1 km löngum kafla, sem byggður var 1975.

350 **Grafningsvegur:**

01 Torfastaðir — Hlíð:
Fjárveiting var 11.7 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.3 m.kr.). Fullgerður var 2.0 km langur kafli milli Torfastaða og Bildsfells og auk þess var 6.0 km langur kafli af veginum styrktur.

356 **Tjarnarvegur:**

01 Ofan Vatnsleysu:
Fjárveiting var 2.8 m.kr. Endurnýjuð voru 8 ræsi í veginum, en mölburði var frestað vegna rigninga.

358 **Einholtsvegur:**

01 Á Einholtsmelum:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Fjárveitingunni var varið til að mæta umframeyðslu frá fyrra ári.

44 **Hafnavegur:**

Fjárveiting var 11.5 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 2.1 m.kr.). Tekið var 9.4 m.kr. lán í samráði við þingmenn kjördæmisins. Lagfærður var um 5.0 km langur kafli á milli Stapafellsvegar og Hafna. Þar af voru 3.4 km lagðir olíumalarslitlagi næst Höfnum.

48 **Kjósarskarðsvegur:**

Fjárveiting var 1.5 m.kr., er fór til greiðslu skuldar.

410 **Elliðavatnsvegur:**

Fjárveiting var 2.1 m.kr. Styrktur var og lagfærður um 3.0 km langur kafli austan Vífilsstaða.

460 **Eyrarfjallsvegur:**

Fjárveiting var 2.9 m.kr. og var hún notuð til styrkingar og lagfæringar á öllum veginum.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

01 Um Draga:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var skuld frá 1974. Framkvæmdum var frestað.

52 **Uxahryggjavegur:**

03 Hjá Þverfelli:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán tekið að upphæð 0.7 m.kr. Byggður var 0.6 km langur kafli, en slitlag vantar og frágangi er ekki lokið.

59 **Laxárdalsvegur:**

02 Gröf — sýslumörk:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán tekið að upphæð 8.5 m.kr. Undirbyggður var 3.3 km kafli, en ólokið er yfirbyggingu og frágangi.

503 **Akrafjallsvegur:**

02 Við Akranes:
Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 2.0 m.kr. Fjármagninu var veitt í um 0.2 km kafla við bæjarmörkin, sem byggður var af Akranesbæ samkvæmt sérstökum samningi. Lokið er undirbyggingu og burðarlagi, en eftir er að setja jöfnunarlag og slitlag. Frágangi utan vegar er ekki lokið.

505 **Melasveitarvegur:**

01 Ás — Súlunes:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Greidd var skuld frá 1975. Framkvæmdum var frestað.

510 **Vatnshamravegur:**

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

511 **Hvanneyrarvegur:**

01 Vesturlandsvegur — Hvanneyri:
Fjárveiting var 7.9 m.kr. Byggður var 1.6 km langur kafli. Vegurinn er ekki kominn í fulla hæð alls staðar, jöfnunarlag vantar að hluta, svo og slitlag. Frágangi utan vegar er ekki lokið.

519 **Reykholtsdalsvegur:**

01 Stóri Ás — Giljar:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. og tekið bráðabirgðalán að upphæð 5.0 m.kr. Lokið var við nýbyggingu á 2.3 km löngum kafla.

528 **Norðurárdalsvegur:**

01 Glitstaðir — Skarðshamrar:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 4.0 m.kr. til 1—11 Vesturlandsvegar (sjá 2.3.1). Breikkaður var og lagfærður um 0.8 km kafli á slæmum snjóastað.

574 **Útnesvegur:**

Snjóastaðir:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. til endurbóta á snjóastöðum. Endurbyggður var um 0.3 km kafli, auk þess hækkaður um 1.0 km kafli milli Ólafsvíkurvegar og Litlu-Hnausa.

586 **Haukadalsvegur:**

01 Vestfjarðavegur — Smyrlahóll:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Með samþykki þingmanna og heimamanna var fjárveiting þessi lánuð í Klofningsveg, 590—04 Efribyggðarvegur — Ballará.

590 **Klofningsvegur:**

04 Efribyggðarvegur — Ballará:
Fjárveiting var 10.0 m.kr., ennfremur fékkst endurgreiðsla á láni til 60—03 Vestfjarðavegur að upphæð 5.4 m.kr., og lán var fengið frá Haukadalsvegi 586—01 Vestfjarðavegur — Smyrlahóll að upphæð 10.0 m.kr. Byggður var 0.7 km kafli við Sveinsstaði, en frágangi er ekki lokið. Byggður var 3.4 km kafli frá Klofningi að Ballará. Frágangi er ekki lokið.

59 **Laxárdalsvegur:**

01 Sýslumörk — Hólmavíkurvegur:
Eftirstöðvar af fjárveitingu frá 1975 voru 1.8 m.kr. Unnið var að byggingu vegar beggja megin við brú yfir Laxá.

619 **Ketildalavegur:**

03 Bíldudalur — Svarthamrar:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Unnið var við 1.0 km kafla frá Svarthömrum að Gelti. Lagfærðar voru sjávarskemmdir á veginum frá 1975, grjótvörn var styrkt og vegur færður frá sjónum að hluta.

624 **Ingjaldssandsvegur:**

03 Gerðhamrar — Sæból:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Auk þess fékkst heimild til að taka bráðabirgðalán að upphæð 1.0 m.kr. Byggður var 0.6 km kafli um Gerðhamra, frágangi er ólokið. Ennfremur var byggður upp snjóakafli um ristarhlið innan við Núp.

65 **Súgandafjarðarvegur:**

04 Fyrir Spilli:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Unnið var við 1.7 km langan kafla. Lagfærðar voru sjávarskemmdir frá 1975, vegur hækkaður, breikkaður og grjótvörn styrkt.

643 **Strandavegur:**

08 Árnes — Melar:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Unnið var við endurbyggingu og styrkingu á 17.0 km kafla frá Kjörvogi í Norðurfjörð.

704 **Miðfjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Vesturárdalsvegur:
Fjárveiting var 3.6 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 0.5 m.kr.). Lagður var 0.4 km langur kafli um Brekkulæk og 0.6 km langur kafli um Melalæk.

706 **Núpsdalsvegur:**

01 Miðfjarðarvegur — Miðfjarðarvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Styrktur var 6.1 km langur kafli frá Haugi og suður fyrir Núpsá, grafnir skurðir og endurnýjuð ræsi.

711 **Vatnsnesvegur:**

06 Vesturhópshólar — Síðuvegur:
Fjárveiting var 3.1 m.kr. Lagður var 0.5 km langur kafli um Kýrlág.

715 **Víðidalsvegur vestri:**

01 Hvarf — Kolugil:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. Endurbyggður var 0.9 km langur kafli, sunnan við Hvarf, en frágangi ekki lokið.

724 **Reykjabraut:**

01 Norðurlandsvegur — Svínvetningabraut:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Lagður var 0.4 km langur kafli til að tengja nýja brú yfir Laxá.

725 **Miðásvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Hæll:
Fjárveiting var 0.3 m.kr. Lagfærður var stuttur snjóþungur kafli um miðbik vegarins.

726 **Auðkúluvegur:**

01 Reykjabraut — Svínvetningabraut:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. Lagður var 1.7 km langur kafli frá vegamótum Reykjabrautar og suður fyrir Mosfell.

741 **Neðribyggðarvegur:**

01 Skagastrandarvegur — Skagastrandarvegur:
Fjárveiting var 6.7 m.kr. Lagður var 0.9 km langur kafli fyrir sunnan Sölvabakka og 1.6 km langur kafli um Blöndubakka, snyrtingu og frágangi var ekki lokið.

744 **Þverárfjallsvegur:**

02 Engjadalur — Skagavegur:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. Tengd var ný brú yfir Laxá hjá Herjólfsstöðum með 0.6 km löngum kafla.

745 **Skagavegur:**

02 Hlíð — Krókssel:
Fjárveiting var 1.7 m.kr. og var hún sameinuð fjárveitingu til kaflans 745—03 Krókssel — Hafnaá.

03 Krókssel — Hafnaá:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. að viðbættri 1.7 m.kr. frá kaflanum 745—02 Hlíð — Krókssel. Uundirbyggður var 1.4 km langur kafli sunnan við Tjörn, sem hægt er að nota sem vetrarveg.

09 Þverárfjallsvegur — Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.5 m.kr. Auk þess var unnið fyrir helming af fjárveitingu til Sauðárkróksbrautar (sjá 2.3.1) eða 6.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 2.5 m.kr.). Undirbyggður var 3.7 km langur kafli norðan við Heiði, þar af fullgerður vegur 0.2 km.

752 **Skagafjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Efribyggðarvegur:
Fjárveiting var 7.7 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli frá Daufá norður á Laufás. Frágangi var ekki að fullu lokið.

02 Efribyggðarvegur — Svartárdalsvegur:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Endurbyggður var 0.6 km langur kafli um Hólsbrekku.

754 **Héraðsdalsvegur:**

01 Skagafjarðarvegur — Kjálkavegur:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Einnig var tekið bráðabirgðalán að upphæð 1.0 m.kr. Endurbyggður var 1.5 km langur kafli frá Skagafjarðarvegi og austur fyrir Reyki.

757 **Tunguhálsvegur:**

01 Skagafjarðarvegur — Héraðsdalsvegur:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Lagfæringar voru gerðar við Tunguháls og endurbyggður var 0.2 km langur kafli um Móshorn.

762 **Sæmundarhlíðarvegur:**

01 Sauðárkróksbraut — Fjall:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1975.

764 **Hegranesvegur vestri:**

01 Hegranesvegur eystri — Helluland:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 2.0 m.kr.). Undirbyggður var 4.3 km langur kafli frá Kárastöðum að Hellulandi.

789 **Sléttuvegur:**

01 Siglufjarðarvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir helming af fjárveitingu til Sauðárkróksbrautar, eða 6.0 m.kr., (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.5 m.kr.). Undirbyggður var 2.5 km langur kafli frá Siglufjarðarvegi að Stórubrekku.

83 **Grenivíkurvegur:**

02 Fnjóskadalsvegur eystri — Grenivík:
Fjárveiting var 4.2 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1974.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

02 Ólafsfjörður — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 0.5 m.kr.). Einnig var tekið bráðabirgðalán að upphæð 5.5 m.kr. Undirbyggður var 1.8 km langur kafli frá Ólafsfjarðarbæ að Burstarbrekkuá, sem hægt er að nota sem vetrarveg.

815 **Hörgárdalsvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 10.2 m.kr. Byggður var 1.2 km langur kafli um Hólkot, einnig lagfærðir nokkrir snjóþungir kaflar frá Brakanda að Melum.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

02 Finnastaðavegur — Eyjafjarðarbraut eystri:
Fjárveiting var 9.8 m.kr. Byggður var 1.0 km langur kafli frá Skjóldalsá að vegamótum Djúpadalsvegar og gengið frá 1.0 km löngum kafla norðan Skjóldalsár, sem gerður var 1975. Gerð var 0.5 km löng undirbygging fyrir ofan Samkomugerði, sem nota má sem vetrarleið. Lokið var við endanlegan frágang við Djúpadalsá og Skjóldalsá.

829 **Eyjafjarðarbraut eystri:**

01 Norðurlandsvegur — Munkaþverá:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Undirbúningsframkvæmdum var lokið á 1.0 km löngum kafla frá Kaupangi að Þórustöðum.

842 **Bárðardalsvegur vestri:**

02 Hlíðarendi — Bárðardalsvegur eystri:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. Lagfærður var snjóastaður sunnan við Hlíðskógaklif.

843 **Lundarbrekkuvegur:**

01 Bárðardalsvegur eystri — Víðiker:
Fjárveiting var 4.6 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 0.5 m.kr.). Lagður var 1.4 km langur kafli norðan við Lundarbrekku og 1.0 km langur kafli fyrir sunnan Rauðafell.

847 **Stafnsvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Stafn:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1975 að upphæð 0.4 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli og hækkaður og styrktur 2.0 km langur kafli sunnan við Narfastaði.

856 **Laxárdalsvegur vestri:**

01 Staðarbraut — Halldórsstaðir:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Greidd var umframeyðsla frá 1973.

865 **Gilsbakkavegur:**

01 Norðausturvegur — Gilsbakki:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Lagður var 2.0 km langur kafli frá Norðausturvegi að Hafrafellstungu.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

04 Steinsvaðsvegur — Hjaltastaðavegur:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.0 m.kr.). Unnið var að endurbótum og styrkingu á 10.0 km löngum kafla frá Hleinagarði út fyrir Bóndastaði.

08 Njarðvík — Borgarfjörður:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

917 **Hlíðarvegur:**

02 Hallgeirsstaðir — Eyjavegur:
Fjárveiting var 0.8 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári vegna uppýtingar á Sleðbrjótsmóa.

919 **Sunnudalsvegur:**

01 Hlíðarvegur — Guðmundarstaðir:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Vegur á Svínabakkamýri var hækkaður á 1.7 km löngum kafla.

924 **Jökuldalsvegur eystri:**

02 Refshöfði — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 13.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.8 m.kr.). Byggður var 2.8 km langur kafli frá Gili inn fyrir Sandá.

925 **Hróarstunguvegur:**

02 Húseyjarvegur — Lagarfoss:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

926 **Húseyjarvegur:**

01 Tunguvegur — Geirastaðir:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. og fór til greiðslu á bráðabirgðaláni frá fyrra ári.

931 **Upphéraðsvegur:**

01 Austurlandsvegur — Rauðilækur:
Fjárveiting var engin, en heimild var veitt fyrir bráðabirgðaláni að upphæð 15.0 m.kr. Unnið var fyrir 2.1 m.kr., og var byggður upp 0.5 km langur kafli utan við Rauðalæk.

931 **Upphéraðsvegur:**

08 Hallormsstaður — Gunnlaugsstaðir:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.1 m.kr.). Byggður var 1.5 km langur kafli frá Hafursá og út um Freyshóla.

951 **Vestdalseyrarvegur:**

03 Vestdalseyri — Sunnuholt:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Fjárveitingin var lánuð til Seyðisfjarðarvegar 93—03, sýslumörk — kaupstaður (sjá 2.3.5.2.).

953 **Mjóafjarðarvegur:**

01 Norðfjarðarvegur — Háheiði:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1.0 m.kr.). Greidd var 0.9 m.kr. skuld frá fyrra ári. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 2.0 m.kr. Byggður var um 1.0 km langur kafli í sambandi við tengingu brúar yfir Barnár. Ennfremur voru gerðar lagfæringar í Klifbrekku og við Leiðargil.

964 **Breiðdalsvegur:**

01 Austurlandsvegur — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

986 **Rauðabergsvegur:**

01 Austurlandsvegur — Holtasel:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 0.2 m.kr.). Unnið var að lagfæringu og styrkingum á kaflanum.

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 40.0 m.kr., og var varið 26.7 m.kr. til girðinga, en 13.3 m.kr. til uppgræðslu. Auk þess var varið 25.0 m.kr. í uppgræðslu vegna nýbygginga, sem unnar hafa verið á síðustu árum. Til uppgræðslu var því varið 38.3 m.kr.

Eins og á árinu 1975 var gerður verksamningur við fyrirtækið Sáning h.f. um sáningu og dreifingu á áburði.

Sáð var nær eingöngu á Reykjanesi, Suðurlandi, Austurlandi og Norðurlandi, en dreift áburði á þau svæði, sem sáð var í 1975. Á þessu ári verður sáð í svæði aðallega á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þetta fyrirkomulag er hentugra og ódýrara í framkvæmd.

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli áburðardreifingar og sáningar í hverju kjördæmi á árinu 1976:

Kjördæmi	Áburðar-dreifing ha	Sáning ha	Samtals ha
Suðurland	6.0	98.6	104.6
Reykjanes	58.4	61.3	119.7
Vesturland	117.3	8.2	125.5
Vestfirðir	187.5	10.3	197.8
Norðurland v.	36.1	58.6	94.7
Norðurland e.	–	78.4	78.4
Austurland	–	99.8	99.8
Samtals	405.3	415.2	820.5

Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt girðingarlögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok var gerð könnun á, hve mikið væri óbætt af slíkum köflum og kom í ljós, að þær námu 311.5 m.kr. Í árslok 1975 námu kröfur um girðingar 242.2 m.kr., og nemur því hækkunin á eldri kröfum vegna verðbreytinga ásamt nýjum kröfum 69.3 m.kr., þrátt fyrir 26.7 m.kr. fjárveitingu á árinu.

2.3.5. Sérstakar áætlanir.

2.3.5.1. Skeiðarársandur.

Geymd fjárveiting var 36.7 m.kr.

Var henni varið til málunar brúa og var lokið við að mála brúna yfir Gígju og um það bil ⅔ af brúnum yfir Skeiðará.

Í september s. l. kom jökulhlaup úr Grímsvötnum, hið fyrsta eftir að mannvirkjagerð lauk á sandinum. Nokkur viðbúnaður var hafður til að fylgjast með gangi hlaupsins og áhrifum þess á mannvirki. Meginhluti vatnsins kom fram í Skeiðará sem oft áður. Í heild má segja, að mannvirkin hafi staðist hlaupið vel, en staðbundnar skemmdir urðu þó á nokkrum stöðum á varnargörðum og grjótvörn um stöpla. Þar sem hlaupið fjaraði mjög hægt, varð endanlegri úttekt á þessum skemmdum ekki komið við í haust, en hún verður gerð í vor og þá metin þörf á viðgerðum.

2.3.5.2. Austurlandsáætlun.

1 **Austurlandsvegur:**

25 Axarvegur—Urðarteigur:

Fjárveiting var 0.7 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

29 Melrakkanes—Hof:
Fjárveiting var 19.3 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.2 m.kr.). Byggður var 2.0 km langur kafli sem frestað var 1974 um Hærukollsnes. Frágangi er ólokið og slitlag vantar.

85 Norðausturvegur:

12 Teigará—Bæjaröxl:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.3 m.kr.). Ennfremur voru veittar 8.0 m.kr. af þjóðbrautafé. (Sjá 2.3.2.).
Byggður var 2.5 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1975 út undir Þuríðarvatn.
Ennfremur var undirbyggður 2.0 km langur kafli meðfram vatninu.

92 Norðfjarðarvegur:

02 Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

10 Gangamunni Eskifj.m.—Kirkjuból:
Fjárveiting var 100.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.1 m.kr.). Lokið var við sprengingar og gröft á skurði við gangamunna Norðfjarðarmegin. Steyptur var 95 m langur forskáli með einu útskoti. Fyllt var yfir skálann.

93 Seyðisfjarðarvegur:

03 Sýslumörk—kaupstaður:
Fjárveiting var 23.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.9 m.kr.). Ennfremur var fengið lán frá Vestdalseyrarvegi 951—03 Vestdalseyri—Sunnuholt að upphæð 6.0 m.kr. (sjá 2.3.3.). Greitt var bráðabirgðalán og skuld frá fyrra ári að upphæð 10.2 m.kr. Lokið var við 4.5 km langan kafla meðfram Heiðarvatni að Fjarðará, sem unnið hafði verið að á árunum 1974 og 1975. Byggður var 0.4 km langur kafli frá Fjarðará að Efra-Staf.

96 Suðurfjarðavegur:

08 Vík—Stöðvarfjörður:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.0 m.kr.). Byggður var 2.9 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1975 um Einstigi og út undir Garðsá við Hafnarnes.

2.3.5.3. Norðurlandsáætlun.

68 Hólmavíkurvegur:

04 Um Prestbakka:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Byggður var 1.1 km kafli milli Prestbakka og Ljótunnarstaða. Ennfremur var byggður 0.4 km nýr kafli hjá Þorpum.

1 Norðurlandsvegur:

02 Brautarhóll—Sveðjustaðir:
Fjárveiting var 20.0 m.kr. (Sjá 2.3.1. Norðurlandsvegur um Hrútafjarðarháls.)

11 **Hvammur—Svínvetningabraut:**

Fjárveiting var 15.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.9 m.kr.). Lagður var 2.7 km langur kafli á eyrum fyrir neðan Æsustaðaskriður. Farvegi Svartár var breytt og byggðir voru grjótvarnargarðar.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Lagður var 1.2 km langur kafli frá Spónsgerði að Hofi.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Grjótá—Öxnadalsá:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. (Sjá 2.3.2. Norðurlandsvegur, Grjótá—Öxnadalsá.).

08 Vaðlaheiðarvegur—Svalbarðsströnd:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. (Sjá 2.3.1. Norðurlandsvegur á Svalbarðsströnd.).

85 **Norðausturvegur:**

01 Norðausturvegur—Hólsgerði:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. Frágangi var lokið á 3.0 km löngum kafla frá Skjálfandafljóti um Ófeigsstaði og 2.3 km löngum kafla sunnan við Hnjúk.

17 Leirhöfn—Sigurðarstaðir:
Fjárveiting var 21.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 3.0 m.kr.). Lagður var 5.2 km langur kafli um Þýfigötu. Frágangi er ekki lokið.

25 Syðra-Áland—Hafralónsá:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.5 m.kr.). Lagður var 2.0 km langur kafli frá Garðá til norðurs.

2.3.5.4. Djúpvegur.

61 **Djúpvegur:**

13—14 Hvítanes—Eyri:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. (Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.5 m.kr.). Skuld frá fyrra ári var 4.1 m.kr. Unnið var við vinnslu efnis fyrir Djúpveg hjá Gilseyri í Skötufirði og við Hvítanes. Ennfremur var unnið við frágang og ofaníburð á 10 km kafla frá Eyri í Skötufirði að Kálfá í Hestfirði. Auk þessa var unnið á Djúpvegi við Eyri í Mjóafirði.

2.3.5.5. Norður- og austurvegur.

1 **Suðurlandsvegur:**

28 Austan Þjórsár:
Fjárveiting var 30.0 m.kr. (Sjá 2.3.1. Suðurlandsvegur austan Þjórsár.).

1 **Vesturlandsvegur:**

14 Á Holtavörðuheiði:
Fjárveiting var 75.0 m.kr. (Vinnulán sbr. 2.3.0.2. var 8.4 m.kr.). Byggður var 1.2 km kafli í Heiðarsporði, ennfremur 0.6 km kafli við Hæðarsteins-

brekku og brekkan lagfærð. Einnig voru lagfærðir nokkrir snjóastaðir norðar á heiðinni. Styrktir voru um 10 km á norðanverðri heiðinni og efst í Norðurárdal.

Unnið hefur verið að hönnun og stefnt að því að endanlegt val vegstæðis liggi fyrir vorið 1977.

Allar framkvæmdir hafa verið gerðar í nánu samstarfi við Holtavörðuheiðarnefnd, en það er samstarfsnefnd um val veglínu á Holtavörðuheiði.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Á Öxnadalsheiði:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. (Sjá 2.3.2. Norðurlandsvegur, Grjótá—Öxnadalsá.).

1 **Austurlandsvegur:**

17 Víðilækur—Axarvegur:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. (Sjá 2.3.2. Austurlandsvegur, Víðilækur—Axarvegur.).

30—32 Fyrir Hvalneshorn:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Gerður var ruðningur gegnum Þvottár- og Hvalnesskriður.

2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Fjárveiting var 7.0 m.kr.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 950 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 2.2 m.kr. og var henni varið til viðhalds á veginum. Nýtt ræsi var sett í veginn austan við Svartá. Unnið var áfram við lagfæringu á Bláfellshálsi.

3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveiting var 950 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

4. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 2.9 m.kr. og var henni varið til viðhalds á veginum. Auk þess var unnið að lagfæringum á fyllingu að brúnni yfir Kreppu á Austurlandsálmu Sprengisandsleiðar.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting til annarra fjallvega en aðalfjallvega var 14.0 m.kr. og var henni skipt eins og hér greinir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
1. Afréttarvegur Hörgslandshreppss.	Suðurland	60	
2. Vegur að Laka	—	200	
3. Afréttarvegur Kirkjubæjarhreppss.	—	150	
4. Gjátindsleið austan Eldgjár	—	200	
5. Brú á afréttarveg Álftavers	—	100	
6. Brú á Illagilsá	—	100	
7. Fimmvörðuháls	—	200	
8. Afréttarvegur V.-Eyjafjallahrepps	—	70	
9. Afréttarvegur Hvolhrepps	—	200	
10. Fjallabaksvegur syðri	—	200	
11. Vegir í Þjórsárdal	—	200	
12. Afréttarvegur Gnúpverja	—	80	
13. Afréttarvegur Hrunamanna	—	130	
14. Kerlingafjallavegur	—	50	
15. Vegur á Haukadalsheiði	—	100	
16. Hlöðuvallavegur	—	100	
17. Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	50	
			2 190
18. Vegur að Hamragili	Reykjanes	240	
19. Vegur að Djúpavatni	—	150	
20. Gamli Þingvallavegurinn	—	200	
			590
21. Vegur að Langavatni	Vesturland	380	
22. Vegur um Arnarvatnsheiði	—	100	
23. Vegur að Hítarvatni	—	260	
24. Vegur á Akrafjall	—	160	
25. Vegur fram með Kjarrá	—	100	
26. Vegur að Langjökli	—	200	
27. Vegur að Grenjadal	—	210	
28. Vegur um Grettisbæli	—	300	
29. Vegur á Ljárskógafjall	—	250	
			1 960
30. Vegur um Kollafjarðarheiði	Vestfirðir	150	
31. Vegur um Dalsheiði	—	610	
32. Vegur í Skálavík	—	150	
33. Afréttarvegur í Ingólfsfirði	—	250	
34. Vegur um Steingrímsfjarðarheiði	—	400	
			1 560
35. Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðurl. vestra	150	
36. Vegur yfir Vatnsnesfjall	—	100	
37. Vegur um Grímstunguheiði	—	350	
38. Vegur um Sauðadal	—	50	
39. Vegur um Eyvindarstaðaheiði	—	350	
40. Ýmsir fjallvegir í A.-Hún.	—	130	
41. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal	—	550	
42. Ýmsir fjallvegir í Skagafirði	—	150	
43. Vegur í Lambahraun	—	150	
44. Vegur í Hrollleifsdal	—	100	
			2 080
45. Vegur um Hörgárdalsheiði	Norðurl. eystra	50	
46. Afréttarvegur Svarfaðardals	—	50	
47. Vegur um Leirdalsheiði	—	150	
48. Vegur um Flateyjardalsheiði	—	150	
49. Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	100	
50. Vegur fram Eyjafjarðardal	—	400	
51. Vegur í Fellsskóg	—	100	
52. Vegur að Grjótagjá	—	100	
53. Vegur í Öskju	—	250	
54. Vegur að Dettifossi	—	160	
55. Ýmsir fjallvegir í S.-Þing.	—	190	
56. Vegur um Reykjaheiði og Þeistareyki	—	100	

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
57. Vegur og brú hjá Svartárkoti	Norðurl. eystra	200	
58. Vegur um Hólmatungur	—	200	
59. Ýmsir fjallvegir í N.-Þing.	—	150	
60. Vegur við Hafralónsá	—	60	
			2 410
61. Saurbæjarheiðarvegur	Austurland	300	
62. Vegur að Ljótsstöðum og Fagurhóli	—	300	
63. Vegur á Teigaselsheiði	—	200	
64. Loðmundarfjarðarvegur	—	300	
65. Þórudalsheiði	—	300	
66. Vegur í Viðfirði	—	300	
67. Vegur um Reindalsheiði	—	200	
68. Vegur í Kollumúla	—	310	
			2 210
69. Ferðafélag Íslands (sæluhús)		200	
70. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)		150	
71. Sæluhús á Norður- og Austurlandi		150	
72. Sæluhús á Fjallabaksvegi syðri		100	
73. Óskipt		400	
			1 000
	Alls		14 000

2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 1.0 m.kr. og inneign frá fyrra ári nam 118 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvöllum	100 þús. kr.
2.	—	Smári, Árnessýslu	100 — —
3.	—	Máni, Keflavík	60 — —
4.	—	Sörli, Hafnarfirði	73 — —
5.	—	Gustur, Kópavogi	75 — —
6.	—	Fákur, Reykjavík	150 — —
7.	—	Hörður, Kjósarsýslu	100 — —
8.	—	Glaður, Dalasýslu	50 — —
9.	—	Snæfellingur, Snæfellsness.	50 — —
10.	—	Þytur, V.-Húnavatnssýslu	50 — —
11.	—	Stígandi, Skagafirði	50 — —
12.	—	Léttfeti, Sauðárkróki	60 — —
13.	—	Funi, Eyjafirði	50 — —
14.	—	Léttir, Akureyri	100 — —
15.	—	Grani, Húsavík	50 — —
		Alls	1 118 þús. kr.

2.4.4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting var 10.0 m.kr.
Í samráði við Náttúruverndarráð var fjárveitingu skipt, eins og hér segir:

1. Vegur í Þórsmörk	1.2 m.kr.
2. Jökulheimaleið um Þröskuld	0.2 m.kr.
3. Vegir á Þingvöllum	1.2 m.kr.
4. Vatnsskarð — Vigdísarvellir, Höskuldarvellir	0.5 m.kr.
5. Bílastæði við Námaskarð í Mývatnssveit	0.5 m.kr.
6. Vegur og bílastæði við Öskju	0.5 m.kr.
7. Jökulsárgljúfur	3.0 m.kr.
8. Vegur að Sjónarskeri, Skaftafelli	2.0 m.kr.
9. Ýmsir staðir	0.9 m.kr.
Alls	10.0 m.kr.

2.5. TIL BRÚAGERÐA.

2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

Tungulækur í Landbroti (204):

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Kom hún í stað gamallar, veikbyggðrar brúar. Brúin var tekin í notkun í nóvember. Áætlaður kostnaður var 11,1 m.kr.

Bjarnardalsá (1):

Byggð var 39 m löng steypt plötubrú í 3 höfum með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað tveggja eldri brúa. Brúin var tekin í notkun í nóvember. Áætlaður kostnaður var 33.0 m.kr.

Þingmannaá (60):

Brúin var byggð 1975, sjá skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975. Kostnaður var 23.6 m.kr.

Laugardalsá í Djúpi (61):

Byggð var 46 m löng steypt bitabrú í 3 höfum. Kom hún í stað gamallar brúar með vonda aðkeyrslu. Brúin var tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður var 27.6 m.kr.

Hvalsá í Hrútafirði (68):

Byggður var 24 m langur steyptur bitarammi í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 17.0 m.kr.

Laxá hjá Tindum (724):

Byggð var 14 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Kom hún í stað gamallar brúar með vonda aðkeyrslu. Brúin var tekin í notkun í ágúst. Áætlaður kostnaður var 15.0 m.kr.

Laxá á Þverárfjallsvegi (744):

Brú þessi var byggð 1975, sjá skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975. Frágangi var lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 7.1 m.kr.

Öxnadalsá hjá Hrauni (sýsluv.):

Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin til notkunar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 7.3 m.kr.

Vesturdalsá hjá Haugsstöðum (sýsluv.):

Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður var 13.0 m.kr.

Vesturdalsá hjá Fremri-Hlíð (sýsluv.):

Byggð var 18 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður var 10.0 m.kr.

Kolgríma í Suðursveit (1):

Unnið var við sprengingar fyrir undirstöðum og farvegi í væntanlegu brúarstæði. Brúin er ráðgerð 71 m löng steypt plötubrú í 5 höfum.

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 43 m.kr. og skiptist hún þannig:

Heiti	Vegur	Lengd	Áætl. kostn. m.kr.	Áætl. kostn. vegasjóðs m.kr.	Aths.
Uxafótarlækur	1	8.0	5.5	5,5	Endurbygging
Fossá á Hjarðarnesi	60	4.0	6.0	6.0	—
Öskjudalsá	60	4.0	7.0	7.0	Nýbygging
Hrómundará	59	4.0	1.5	1.5	—
Valþjófsstaðaá	85	6.0	8.6	8.6	Endurbygging
Klapparós	85	8.0	5.5	5.5	—
Snartastaðaá	85	6.0	5.0	3.6	—
Hlauphjallalækur	92	4.0	5.3	5.3	Breikkun á núv. brú
Samtals			44.4	43.0	

Allar tölur um áætlaðan kostnað til brúagerða eru miðaðar við vísitölu brúagerða 6500, en það er sú vísitala sem áætluð var fyrir árið 1976 í núgildandi áætlun. Vísitala brúagerða varð hins vegar 6808, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi hækkað sem nemur vísitöluhækkuninni.

Aðrar brúagerðaframkvæmdir.

Brýr 10 m og lengri.

Holtsá í Fróðárhreppi (57):

Byggð var 14 m steypt bitabrú í einu hafi. Brú þessi kemur í stað brúar, sem tók af í vatnavöxtum s. l. sumar. Kostnaður var greiddur af sérstakri fjárveitingu vegna vatnaskemmda í Fróðárhreppi.

Austurós Héraðsvatna (75):

Byggð var 130 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi í 3 höfum. Tengingu vegar að brúnni er ekki lokið. Einnig er eftir ýmis konar frágangur við brúna, svo sem ryðvörn, leiðarar og varnargarðar. Kostnaður var greiddur af fjárveitingu til Norðurlandsáætlunar, sbr. lið 2.3.5.3.

Smábrýr.

Kópavogslækur (40):

Byggð var 6 m löng steypt plötubrú. Brú þessi kemur á vestari akgreinar Hafnarfjarðarvegar og er kostnaðurinn greiddur af lið 2.3.1 — til hraðbrauta.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Fjárveiting til sýsluvegasjóða á árinu 1976 var 109 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkv. reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1975 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 32.5 m.kr., en urðu 42.1 m.kr., en þar af var aukaframlag samkv. 21. gr. 2. mgr. 9.4 m.kr. Tekjur samkv. 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 3 m.kr., en urðu 423 þús. kr. Heildartekjur samkv. þessum þremur greinum urðu þannig 42.5 m.kr. eða 7.0 m.kr. hærri en áætlað var.

Á árinu 1976 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1975, sem var 293 kr., og er það 33% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1974. Samkv. því voru áætlaðar tekjur samkv. 21. og 26. gr. 60.8 m.kr. og þar af aukaframlag 19.4 m.kr.

Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1975.

Upphæðir í þús. kr.

	Framlög hreppsfélaga samkv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum	Ríkisframlag samkv. vegalögum		
	Aðalframlag skv. 21. gr. og 26. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	Skv. 23. gr. vegalaga	Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	1 733	0	0	836	0	2 569
Kjósarsýsla	2 749	316	124	1 585	632	5 406
Borgarfjarðarsýsla	943	0	21	1 130	0	2 094
Mýrasýsla	1 082	0	12	2 294	0	3 388
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1 754	0	0	2 443	0	4 197
Dalasýsla	693	0	0	1 379	0	2 072
A.-Barðarstrandasýsla	272	0	0	973	410	1 860
V.-Barðarstrandasýsla	972	0	0	1 057	0	2 029
V.-Ísafjarðarsýsla	1 107	0	0	1 745	0	2 852
N.-Ísafjarðarsýsla	381	0	0	797	0	1 178
Strandasýsla	665	0	112	1 197	0	1 974
V.-Húnavatnssýsla	814	683	0	2 112	1 366	4 975
A.-Húnavatnssýsla	1 151	690	0	1 903	1 380	5 124
Skagafjarðarsýsla	1 484	499	106	3 568	950	6 607
Eyjafjarðarsýsla	1 792	1 791	0	2 202	3 583	9 368
S.-Þingeyjarsýsla	1 929	1 928	0	3 583	3 856	11 296
N.-Þingeyjarsýsla	896	104	0	3 376	209	4 585
N.-Múlasýsla	1 459	382	48	5 074	765	7 728
S.-Múlasýsla	2 199	472	0	3 209	975	6 825
A.-Skaftafellssýsla	788	0	0	1 304	0	2 092
V.-Skaftafellssýsla	896	553	0	2 120	1 106	4 675
Rangárvallasýsla	2 348	1 194	0	3 894	2 388	9 824
Árnessýsla	4 632	600	0	4 319	1 200	10 751
Samtals	32 739	9 212	423	52 100	18 820	113 469

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1976.

Upphæðir í þús. kr.

	Framlög hreppsfélaga samkv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum	Ríkisframlag samkv. vegalögum		
	Aðalframlag skv. 21. gr. og 26. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	Skv. 23. gr. vegalaga	Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	1 307	0	100	586	0	1 993
Kjósarsýsla	2 224	698	200	2 153	1 396	6 671
Borgarfjarðarsýsla	1 271	0	400	1 928	0	3 599
Mýrasýsla	1 431	0	62	3 214	0	4 707
Snæf.- og Hnappadalssýsla	2 684	0	0	3 402	0	6 086
Dalasýsla	1 012	862	0	2 139	1 725	5 738
A.-Barðarstrandasýsla	363	0	0	988	0	1 351
V.-Barðastrandarsýsla	1 297	0	0	1 386	0	2 683
V.-Ísafjarðarsýsla	1 417	583	0	1 561	1 166	4 727
N.-Ísafjarðarsýsla	515	0	0	1 264	0	1 779
Strandasýsla	883	0	112	1 642	0	2 637
V.-Húnavatnssýsla	1 079	900	0	2 848	1 800	6 627
A.-Húnavatnssýsla	1 539	915	0	2 513	1 830	6 797
Skagafjarðarsýsla	1 949	1 835	120	5 053	3 470	12 427
Eyjafjarðarsýsla	2 097	2 097	0	2 892	4 194	11 280
S.-Þingeyjarsýsla	2 590	2 589	200	5 716	5 180	16 275
N.-Þingeyjarsýsla	1 183	397	0	5 118	796	7 494
N.-Múlasýsla	1 924	1 713	0	5 352	3 426	12 415
S.-Múlasýsla	2 798	1 534	0	4 034	3 069	11 435
A.-Skaftafellssýsla	1 123	0	0	1 870	0	2 993
V.-Skaftafellssýsla	1 195	1 195	0	3 187	2 390	7 967
Rangárvallasýsla	3 217	2 650	0	5 357	5 300	16 524
Árnessýsla	6 292	1 420	0	6 197	2 840	16 749
Samtals	41 390	19 388	1 194	70 400	38 582	170 954

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúum og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi 1. des. 1975, útgefnum af Hagstofu Íslands 12. júlí 1976:

Kaupstaðir	156 603
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúum o. fl.	33 763
Samtals	190 366

Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:

Áætlaðar markaðar tekjur árið 1976	Kr.	2 584 000 000		
Hækkun á mörkuðum tekjum eftir að till. um vegáætlun var lögð fram	Kr.	100 000 000		
	Kr.	2 484 000 000		
12 1/2% af kr. 2 484 000 000			Kr.	310 500 000
Tekjur vegasjóðs árið 1975	Kr.	2 117 308 317		
12 1/2% framlag af kr. 2 117 308 317	Kr.	264 663 540		
Tekið til skipta 1975	Kr.	281 250 000	Kr.	16 586 460
			Kr.	293 913 540
25% sjóður skv. 34. gr. vegalaga			Kr.	73 478 385
		Til skipta 1976	Kr.	220 435 155

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{220\,435\,155}{190\,366} = \textbf{Kr. 1 157,9544}$$

Þéttbýlissvæði með 200 íbúum og fleiri 1. des. 1975 skv. töflu frá Hagstofu Íslands.

	Íbúar	Framlag 1976
Reykjavík	84 856	98 259 380
Kópavogur	12 570	14 555 488
Seltjarnarnes	2 564	2 968 995
Hafnarfjörður	11 599	13 431 113
Grindavík	1 669	1 932 626
Keflavík	6 179	7 155 000
Akranes	4 629	5 360 171
Bolungarvík	1 055	1 221 642
Ísafjörður	3 100	3 589 659
Sauðárkrókur	1 805	2 090 108
Siglufjörður	2 056	2 380 755
Ólafsfjörður	1 115	1 291 119
Dalvík	1 197	1 386 072
Akureyri	11 970	13 860 714
Húsavík	2 189	2 534 753
Seyðisfjörður	963	1 115 110
Neskaupstaður	1 672	1 936 100
Eskifjörður	994	1 151 007
Vestmannaeyjar	4 421	5 119 317
Sandgerði	1 076	1 245 959
Gerðar, Gerðahr.	742	859 202
Njarðvíkur	1 729	2 002 103
Vogar, Vatnsleysustr.hr.	311	360 124
Garðakauptún, Garðahr.	4 108	4 756 877
Þéttbýli Mosfellshrepps	1 489	1 724 194
Borgarnes	1 390	1 609 557
Hellissandur	532	616 032
Ólafsvík	1 078	1 248 275
Grundarfjörður	666	771 198
Stykkishólmur	1 160	1 343 227
Búðardalur	256	296 437
Patreksfjörður	1 025	1 186 904
Tálknafjörður	212	245 487
Bíldudalur	353	408 758
Þingeyri	391	452 760
Flateyri	406	470 130
Suðureyri	509	589 399
Súðavík	222	257 066
Hólmavík	343	397 179
Hvammstangi	411	475 920
Blönduós	815	943 733
Skagaströnd	605	700 563
Hofsós	266	308 016
Hrísey	299	346 229
Grenivík	206	238 539
Raufarhöfn	491	568 556
Þórshöfn	454	525 712
Vopnafjörður	591	684 351
Egilsstaðir	903	1 045 633
Reyðarfjörður	689	797 831
Fáskrúðsfjörður	726	840 675
Stöðvarfjörður	311	360 124
Breiðdalsvík	214	247 802
Djúpivogur	335	387 915
Höfn í Hornafirði	1 198	1 387 230
Vík í Mýrdal	365	422 654
Hvolsvöllur	459	531 501
Hella	488	565 082
Stokkseyri	477	552 344
Eyrarbakki	559	647 297
Selfoss	2 966	3 434 493
Hveragerði	1 091	1 263 328
Þorlákshöfn	846	979 630
Samtals	190 366	220 435 155

Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1976 samkv. bréfum fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 28/6 og 6/7 1976.

Óráðstafað frá 1975			Kr. 17 926 000
Framlag 1976			Kr. 73 478 385
			Kr. 91 404 385
Úthlutun 1976			
1. Grundarfjörður	Kr.	4 000 000	
2. Flateyri	Kr.	2 000 000	
3. Bíldudalur	Kr.	1 000 000	
4. Tálknafjörður	Kr.	1 300 000	
5. Hólmavík	Kr.	4 000 000	
6. Hvammstangi	Kr.	5 000 000	
7. Blönduós	Kr.	5 800 000	
8. Skagaströnd	Kr.	4 300 000	
9. Sauðárkrókur	Kr.	10 000 000	
10. Ólafsfjörður	Kr.	2 600 000	
11. Dalvík	Kr.	3 500 000	
12. Þórshöfn	Kr.	1 600 000	
13. Vopnafjörður	Kr.	6 000 000	
14. Egilsstaðir	Kr.	4 000 000	
15. Reyðarfjörður	Kr.	6 800 000	
16. Fáskrúðsfjörður	Kr.	3 000 000	
17. Breiðdalsvík	Kr.	2 600 000	
18. Stöðvarfjörður	Kr.	1 300 000	
19. Djúpivogur	Kr.	4 000 000	
20. Stokkseyri	Kr.	2 000 000	
21. Hveragerði	Kr.	1 000 000	
22. Hafnarfjörður	Kr.	2 000 000	
23. Eskifjörður	Kr.	2 200 000	
24. Seyðisfjörður	Kr.	3 000 000	
25. Neskaupstaður	Kr.	5 000 000	
26. Vegagerð ríkisins	Kr.	3 000 000	Kr. 91 000 000
Óráðstafað til 1977			Kr. 404 385

2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 20.0 m.kr.

Alls var greitt vegna vélakaupa 90.2 m.kr. Verulegar hækkanir hafa orðið frá árinu 1975 á innkaupsverði véla. Hluti af þeim vélum, sem keyptar voru 1975 voru leystar úr tolli 1976, en nokkrar þeirra eru með greiðslufresti að hluta til þar til 1977, eða samtals 16.2 m.kr.

Helstu vélar sem keyptar voru:

5 vegheflar
2 snjóblásarar
8 snjóvængir
3 snjótennur
1 viðgerðabifreið
1 bifreið til jarðvegsrannsókna
1 fólksbifreið
1 dráttarvél

Auk ofanskráðra véla voru keypt nokkur sérhæfð tæki vegna brúargerðar í Borgarfirði, svo og ýmsar minni vélar, svo sem rafstöðvar, steypuþjöppur, loftpressur o. fl.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 30.0 m.kr.

1. Í Vík í Mýrdal var unnið að frágangi við hús, sem byrjað var á árið 1974.
2. Á Hvolsvelli var unnið að frágangi við hús, sem byrjað var á árið 1974.
3. Á Hvammstanga var að mestu lokið við byggingu hússins, sem byrjað var á árið 1974, en gert fokhelt á árinu 1975.
4. Á Húsavík fékk Vegagerðin lóð undir nýtt áhaldahús.
5. Á Reyðarfirði var keypt hús fyrir umdæmisverkfræðing Vegagerðarinnar á Austurlandi.
6. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Unnið var að eftirtöldum rannsóknaverkefnum:

1. **Vegir byggðir á mýri:**

   Haldið var áfram að fylgjast með sigi nokkurra vegarkafla. Er gert ráð fyrir, að mælt verði í nokkur ár í viðbót og hönnunarforsendur síðan endurskoðaðar.

2. **Athuganir á helstu eiginleikum íslenskra jarðefna:**

   Unnið var áfram að söfnun upplýsinga um helstu eiginleika íslenskra jarðefna. Á árinu var reynt að fá betra yfirlit yfir efniseiginleika, sem hægt er að nota til ákvörðunar á sigi og skriði í undirstöðum fyllinga. Gert er ráð fyrir, að þessar rannsóknir haldi áfram á næstu árum.

3. **Leit að steinefnum í olíuöl:**

   Haldið var áfram leit að heppilegum steinefnum til framleiðslu á olíuöl.

4. **Rannsóknir á burðarþoli vega:**

   Lokið var við samnorrænt verkefni, þar sem athugað var, hvort hægt væri að nota betri aðferðir við hönnun á burðarþoli undirstöðu vega, aðallega með tilliti til umferðarmagns, þunga ökutækja og veðráttu. Gert er ráð fyrir, að lokaskýrslan verði gefin út í maí 1977.

   Í framhaldi af þessu verkefni hófst önnur norræn rannsókn í lok ársins. Er ætlunin að kanna þar þá þætti í hönnun vega, sem tengdir eru uppbyggingu vegarins. Mun verða stefnt að rannsókn á bæði kostnaðar- og tæknilegum atriðum fyrir mismunandi gerðir af vegum. Er vonast til, að á þennan hátt fáist betri hugmynd um hvaða þætti væri arðbærast að rannsaka betur á næstu árum.

5. **Athugun á malarslitlögum:**

   Á árinu var keyptur tækjabúnaður til að mæla áhrif umferðar á jarðefni. Var unnið við að koma tækjunum upp og prófa þau. Er gert ráð fyrir að á árinu 1977 verði unnið að athugunum á gæðum ofaníburðar við mismunandi umferðarmagn í framhaldi af fyrri rannsóknum.

6. **Rykbinding malarslitlaga:**

   Hafnar voru rannsóknir á því, hver áhrif fínefni á rykbundnum slitlögum hafa á hemlunarviðnám, endingu og bindiefnismagn.

7. **Rannsóknir í samvinnu við Gatnadeild Reykjavíkurborgar:**

Hafnar voru í samvinnu við gatnadeild Reykjavíkurborgar rannsóknir á viðloðunareiginleikum steinefna í olíumöl og malbiki og á slitþoli steinefna. Rannsóknirnar eru framkvæmdar af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

8. **Snjóskermar:**

Haldið var áfram tilraunum með vindskerma til að kanna, hvort hægt væri að draga úr hengjumyndunum ofan Suðurkinnar í Breiðadalsheiði. Settir voru upp fleiri skermar af þeirri gerð, sem reyndist best veturinn 1975—1976.

9. **Tilraunir Sverris Runólfssonar með bættar vinnuaðferðir við vegagerð:**


Sverrir Runólfsson lauk lagningu 1200 m langs tilraunakafla á Kjalarnesi. Tilraun þessi hófst haustið 1974 og átti að sýna hagræðingu í vegagerð með breyttum vinnuaðferðum. Kostnaður var í árslok 1976 rúmlega 30 m.kr. auk kostnaðar við hönnun og eftirlit. Endanlegu uppgjöri er ekki lokið.

2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN


Greiðsluhalli varð á vegáætlun 1976. Stafaði hann af verðhækkunum (sbr. lið 2.1.5. áhrif verðhækkana), miklum kostnaði við vetrarviðhald og vatnaskemmdir, svo og þeirri staðreynd, að tekjur urðu mun minni en áætlað hafði verið.

Greiðsluhallanum var að verulegu leyti mætt með umframgreiðslum úr ríkissjóði, en að hluta til með geymdu fé milli ára. Endanlegu uppgjöri tekna og gjalda fyrir árið 1976 er enn ekki lokið, en gert er ráð fyrir því, að halli á vegáætlun í árslok 1976 verði 92 m.kr.


Fskj. 2.1.3—1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1976
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1977
Skýringar:
900 Meðalumferð á sólarhring, jún. - sept., tölur: talning
425 " " " árs talning
550 " " " skynditalning
200 (10%) Hlutfallstala í svigum á eftir umferðartölu
táknar samanlegt hlutfall þungra bíla af vikdagsmeðaltali
umferð sama athugun
STAPI
HELLNAR
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
GERÐAR
KEFLAVÍK
VOGAR
SANDGERÐI
NJARÐVÍK
HAFNIR
GRINDAVÍK
ÞORLÁKSHÖFN
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HVOLSVÖLLUR
VESTMANNAEYJAR
Vík


Fskj. 2.1.3—2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1976
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1977.
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BOLUNGARVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SÚÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PINGEYRI
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.3—3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1976
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, 1. janúar 1977
Skýringar:
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
BAKKAFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
EGILSSTAÐIR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
BÚÐIR
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
AKUREYRI
HJALTEYRI
DALVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR

Fskj. 2.1.3—4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1976
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1977.
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní – sept., föst talning
400 " " " , skyndiathugun
350 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í svigá eftir umferðartölu
tákndr. sennilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
BRÉÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-KLAUSTUR

Fskj. 2.3—1

Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun 1976.

1. Hraðbrautir:	
a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	30.2 km
b) Lagning malarslitlags	33.8 km
c) Lagning bundins slitlags	11.6 km
d) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú	39 m
e) Smábrýr, 1 brú	6 m
2. Þjóðbrautir:	
a) Undirbyggðir vegir	66.1 km
b) Lagt slitlag og burðarlag	110.5 km
c) Brýr, 10 m og lengri, 4 brýr	214 m
d) Smábrýr, 7 brýr	40 m
3. Landsbrautir:	
a) Undirbyggðir vegir	68.0 km
b) Lagt slitlag og burðarlag	100.4 km
c) Brýr, 10 m og lengri, 2 brýr	30 m
d) Smábrýr, 1 brú	4 m
4. Sýsluvegir:	
a) Brýr, 10 m og lengri, 3 brýr	50 m

Nd. 407. Lög [145. mál]

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

(Afgreidd frá Nd. 21. mars.)

Samhljóða þskj. 291.

Sþ. 408. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Lúðvík Jósepsson, Ragnar Arnalds, Sigurður Magnússon, Stefán Jónsson, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, er gekk í gildi 24. ágúst 1949.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, í samræmi við ákvæði samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samnings þessa, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Eftir stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 og við lok heimsstyrjaldarinnar ári síðar ólu margir þá von í brjósti að nýir og betri tímar væru í vændum, ekki ein-

ungis á Íslandi, heldur um heimsbyggð alla. Menn gerðu sér vonir um að þær þjóðir, sem sameinaðar höfðu brotið niður morðvél fasismans, kostuðu kapps um að skipa málum heims af sannsýni og tryggja varanlegan frið. Stofnun Sameinuðu þjóðanna jók bjartsýni manna. En brátt tók að skipast veður í lofti.

Þegar að styrjaldarlokum tóku fulltrúar bandarískrar heimsvaldastefnu til óspilltra málanna og unnu að því markvisst að efla „vígstöðu styrkleikans“, sem þeir nefndu svo. Bandaríkjamenn réðu þá einir þjóða yfir hinu nýja ægivopni, kjarnorkusprengjunni, og steig það leiðtogum þeirra mjög til höfuðs. Framkvæmd „styrkleikastefnunnar“ var í því fólgin, að næstu árin eftir styrjöldina komu Bandaríkin sér upp herstöðvakeðjum víðs vegar og stofnuðu hernaðarbandalög um þvera heimsbyggðina undir því yfirskini að með því væri verið að stemma stigu við „útþenslustefnu heimskommúnismans“. Kalda stríðið var hafið og komst brátt í algleyming. Bandaríkin lögðu sig mjög fram um að hressa við auðvald hinna sigruðu fasistaríkja, Japans, Vestur-Þýskalands og Ítalíu. Þau gerðu nýfasistaríkin Grikkland og Tyrkland að bandamönnum og kostuðu kapps um að hnýta Spán Francos fastan í þessa kærleikskeðju.

Stofnun Natós árið 1949 var án efa stærsti áfanginn sem stjórnendur Bandaríkjanna náðu að stríðslokum í því skyni að treysta valdastöðu sína og strengja hernaðarnet um þvera og endilanga jarðkringluna. Mjög var það á orði haft, að tilgangurinn með stofnun og starfi Natós væri að hefta „landvinningastefnu Sovétríkjanna“, „stöðva flóðbylgju heimskommúnismans“ o. s. frv. Hitt má nú teljast óumdeilanleg sagnfræðileg staðreynd, að Bandaríkin komu sér upp hernaðarbandalögum sínum og herstöðvakeðjum fyrst og fremst í því skyni að treysta eigið drottinvald yfir auðvaldslöndunum og löndum þriðja heimsins, sem á þessum árum bjuggu sig undir það hvert af öðru að losa sig úr fjötrum arðráns og nýlendukúgunar. Það var de Gaulle Frakklandsforseti, sem fyrstur borgaralegra ráðamanna á Vesturlöndum kvað upp slíkan dóm, afneitaði drottinvaldi Bandaríkjanna bæði í orði og verki, rak allt bandarískt herlið frá Frakklandi og sendi herstjórn og starfslið Natós sömu leið.

Stofnun og starf Natós er einhver stærsti og beiskasti ávöxtur kalda stríðsins. Það stríð hófu leiðtogar Bandaríkjanna þegar við lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Hefur með nokkrum rétti verið sagt, að kjarnorkusprengjurnar, sem reyndar voru á óbreyttum borgurum í Hirósíma og Nagasaki, hafi verið fyrstu skotin sem hleypt var af í kalda stríðinu. Truman forseti hefur sjálfur frá því skýrt, að ákvörðunin um að varpa kjarnorkusprengjum á japönsku borgirnar tvær að styrjaldarlokum hafi ekki hvað síst verið tekin til að sýna rússum í tvo heimana og ógna þeim til að hafa sig hæga.

Hér verður það ekki rakið nánar, hvers konar blekkingum og fölsunum var beitt við stigmögnun kalda stríðsins, meðan verið var að smala þjóðum Vestur-Evrópu inn í Atlantshafsbandalagið. Þessum þjóðum var óneitanlega ærin vorkunn, þótt þær væru auðskelfdar, svo skömmu eftir alla þá ógn, sem nasisminn og fasisminn höfðu yfir þær kallað. Það varð heldur ekki sagt, að ráðamenn Sovétríkjanna með Stalín í broddi fylkingar auðvelduðu alþýðu manna á Vesturlöndum baráttuna fyrir friði og afvopnun. Hitt ætti flestum að vera orðið ljóst nú, sem kann að hafa verið þeim hulið fyrir þrjátíu árum, að ástæðurnar fyrir stofnun bandalagsins voru ekki yfirvofandi árásarhætta frá Sovétríkjunum, heldur fyrst og fremst ótti við alþýðu Vestur-Evrópu og aukinn áhrifamátt róttækra afla í þeim heimshluta. Hitt er og vafalaust, að bandaríkjamenn hugðust tryggja sér til frambúðar jafnstórkostlega hernaðaryfirburði yfir Sovétríkin og þeir höfðu í stríðslok. Með því móti gætu þeir reist skorður við áhrifum þeirra á alþjóðavettvangi og tryggt að sem víðast sætu ríkisstjórnir er lúta vildu bandarísku forræði og líklegar væru til að efla „frjálst framtak“ heimsauðvaldsins.

Eftir að Nató var stofnað, átti það sinn mikla þátt í að magna kalda stríðið og viðhalda því. Nú viðurkenna flestir hugsandi menn þá staðreynd, að kalda stríðið hafi verið sú tegund hernaðar, sem eitraði allt andrúmsloft heimsins á

meðan það geisaði í algleymingi. Er og fullvíst, að telja má það einstaka mildi að ekki kom á þessum árum til stórstyrjaldar í Evrópu, þar sem kjarnorkuvopnum hefði verið beitt. En með dyggum stuðningi Natós tókst áróðursmeisturum Bandaríkjanna að fylla sálir hundraða milljóna manna hatri á þjóðum, sem höfðu aðra þjóðfélagsskipan en bandaríkjamönnum féll í geð, auk þess sem róttæk alþýða vestrænna landa var níðd og ofsótt fyrir það eitt að gera sér aðrar hugmyndir um æskilegt stjórnarfar í eigin landi en auðjöfrarnir í Wall Street og hershöfðingjarnir í Pentagon töldu við hæfi. Amerískir stjórnmálamenn og hershöfðingjar töluðu um það árum saman eins og sjálfsagðan hlut, hvernig sprengja mætti í loft upp tilgreindar höfuðborgir og iðjuver, hvernig auðveldlega mætti gjöreyða öllum jurtagróðri í tilteknum löndum, á hvern hátt best væri að haga sýklahernaði og eiturgashernaði og þar fram eftir götunum. En það, sem þótti ekki heppilegt að segja opinberlega (skipulagning launmorða, ráðning launmorðingja, samband við kvislinga o. fl.), var eftirlátið CIA, eins og nýlega hefur komið eftirminnilega fram í dagsljósið. Til margra þessara verka reyndist Nató óhvikull bandamaður og Natóleppar ýmissa landa létu ekki sitt eftir liggja um útbreiðslu „fagnaðarerindisins".

Ein meginforsenda bandarískra stjórnmálamanna fyrir stofnun Natós og öflugum hergagna- og fjárhagsstuðningi við heri bandamanna þeirra var sú, að margir voru þessir pólitísku leiðtogar tregir til að fórna í ríkum mæli lífi bandaríkjamanna í styrjöld. Þeir höfðu reynslu af því, að slíkar fórnir eru óvinsælar heima fyrir, jafnvel þótt barist sé fyrir þeim „hugsjónum" að efla áhrifamátt Bandaríkjanna *og hnekkja valdi kommúnista og annarra „rangt hugsandi" manna.* Jafnvel sú styrjaldarlist, sem í því var fólgin að hella eldi og eimyrju yfir fátæka bændur austur í Asíu og brenna akra þeirra með bensínhlaupi, reyndist engan veginn háskalaus. síst heima fyrir. Það var því afar mikils virði, að dómi bandarískra ráðamanna, að hafa með stofnun Nató og fjárhagslegum stuðningi við þann félagsskap getað keypt í heildsölu tugi herdeilda evrópumanna til að standa í vígstöðu og berjast fyrir sig þegar henta þætti. Eisenhower, þáverandi Bandaríkjaforseti, orðaði þetta svo í ræðu um Nató 1951:

„Það þarf mann og byssu til að berjast. Bandaríkin sjá fyrir byssunni, Evrópa fyrir manninum. Evrópa verður að leggja til meginþorra fótgönguliðanna, framlag okkar verður sáralítið í því efni."

Nokkru síðar ávarpaði sami forseti Bandaríkjaþing og lýsti þá hernaðarhugsjón sinni með svofelldum orðum:

„Ef Bandaríkin þurfa aðeins að útvega byssuna og geta fengið einhvern annan til að bera hana og vinna nauðsynlegustu verkin, þá er ég ánægður."

Árið 1974, þegar íslendingar héldu hátíðlegt afmæli ellefu alda byggðar í landinu, var einnig minnst annars afmælis, raunar með ýmsum hætti og breytilegu hugarfari: Nató var 25 ára. Vinir og vandamenn spöruðu ekki lofsyrði um félagsskapinn, sem þeir töldu að hefði stöðvað framsókn kommúnismans í Evrópu og tryggt frið í álfunni. Aðrir rifjuðu upp í tilefni afmælisins ýmsar staðreyndir úr aldarfjórðungs sögu þessa „friðarbandalags". Nokkrar staðreyndanna fara hér á eftir.

Á 25 ára ævi **friðarbandalagsins** höfðu aðildarríki þess háð 25 styrjaldir í þremur heimsálfum. Langsamlega afkastamest var forusturíkið, Bandaríkin, en fasistarnir í Portúgal komu næstir. Sömu vikurnar og Nató-afmælisins var minnst börðust tvö aðildarríkin, Grikkland og Tyrkland, bæði prýðilega vopnum búin frá þriðja ríki friðarbandalagsins, USA.

Samtals höfðu Natóríkin eytt um tveimur billjónum dollara í herbúnað og stríð, svipaðri upphæð og nægt hefði nokkurn veginn til að útrýma hungri og neyð úr heiminum. 25 ár hafði þúsundum milljarða verið fleygt í æðisgenginn vígbúnað, auðæfum jarðar breytt í sprengjur og vinnu fólks í eldflaugar. Eftir sem áður vofir sjálf eyðing mannkyns yfir. Hin ægilegu kjarnorkuvopn eru dreifð um allar jarðir.

Allt frá inngöngunni í Nató 1949 hefur íslenska þjóðin verið klofin í tvær andstæðar fylkingar, ósættanlegar meðan landið er aðili að hernaðarbandalagi og hér dvelur erlendur her. Þeim íslendingum hefur sem betur fer farið fjölgandi á síðustu árum, sem sjá í gegnum blekkingavef Natósinna. Tvennt hefur einkum auðveldað mönnum að átta sig á eðli málsins: Hið fyrra var sú staðreynd, að ein af bandalagsþjóðum, bretar, fékk hvað eftir annað að ráðast með vopnuðu ofbeldi inn á íslenskt hafsvæði, án þess að við þeim væri blakað. Hið síðara eru skýrslur þær um bandaríska utanríkisstefnu og viðskipti íslenskra og bandarískra ráðamanna á þeim tíma er Nató-aðild Íslands var á döfinni. Þetta tvennt hefur opnað augu margra fyrir því, að hlutverk Natós á Íslandi er hið sama og í öðrum löndum Vestur-Evrópu: Að vernda innlent og erlent afturhald og auðstétt og halda í skefjum, eftir því sem þurfa þykir, hverri þeirri hreyfingu og pólitískri framkvæmd, sem talin er alvarleg ógnun við forræði ráðandi stéttar og aðstöðu til auðsöfnunar og yfirdrottnunar.

Þegar verið var að koma Íslandi í hernaðarbandalagið árið 1949 skorti ekki hátíðleg loforð og svardaga, þar sem því var marglýst yfir að hér skyldu aldrei verða erlendar herstöðvar eða erlendur her á friðartímum.

Ekki liðu nema rúm tvö ár frá því eiðarnir voru svarnir þar til valdhafar þjóðarinnar drógu lokur frá hurðum og stóðu uppi sem eiðrofar. Í algeru heimildarleysi og án þess að kveðja Alþingi saman, leyfði ríkisstjórn Íslands hertöku landsins á vordögum 1951, eftir að Bandaríkjastjórn hafði m.a. beitt þeim blekkingum, að rússnesk innrás í Ísland væri yfirvofandi. Öllum kröfum um þjóðaratkvæðagreiðslu var þverlega synjað, og hefur herliðið setið hér síðan, án þess að það mál hafi nokkru sinni verið lagt undir þjóðardóm.

Að nafninu til er bandarískur her í landinu til að verja þjóðina. Flestum mun nú ljóst orðið, að þetta er fáránlegt en jafnframt háskalegt öfugmæli. Það er nú viðurkennt af öllum að heita má, að herstöðvar geta lítla sem enga vörn veitt í nútímastyrjöld, en kalla þvert á móti mikinn háska yfir landsmenn. Mestur er háskinn af þeim herstöðvum, sem geyma eða kunna að geyma atómvopn innan sinna vébanda. Er það sannast sagna furðulegt ábyrgðarleysi hjá íslenskum stjórnvöldum að hafa ekki gengið algerlega úr skugga um það, hvort Bandaríkjaher hér á landi sé með kjarnorkuvopn af einhverju tæi. Hvað eftir annað hefur því verið haldið fram í markverðum heimildum að svo sé.

Í framsögu fyrir tillögu þessari verður vikið nánar en hér er gert að ýmsum þeim hættum, sem af langvarandi hersetu stafa, svo og spillingaráhrifum þeim margvíslegum, sem herstöðvunum eru samfara. Nægir í því efni að minna á hin mörgu og stórfelldu auðgunarbrot og fjársvikamál, sem uppvís hafa orðið í sambandi við hersetuna — og dettur þó engum í hug að þar hafi öll kurl komið til grafar. Nú hin síðustu ár hefur enn ein tegund spillingar dafnað í tengslum við herstöðina, en það er smygl og neysla eiturlyfja og hvers konar fíkniefna.

Með erlendum herstöðvum í landi okkar á friðartímum erum við að binda hendur okkar, beint og óbeint, á sviði utanríkismála og stuðla að tvíbýli í landinu, sem engri þjóð er bærilegt til lengdar. Með úrsögn úr hernaðarbandalagi, óháðri utanríkisstefnu og afnámi herstöðva hér á landi göngum við íslendingar gegn þeirri sameiginlegu stefnu rússa og bandaríkjamanna að viðhalda ríkjandi ástandi og skipta Evrópu upp í áhrifasvæði á milli sín og segja smáríkjum og miðlungsstórum ríkjum fyrir verkum. Með því göngum við gegn hagsmunum ríkjandi afla hjá risaveldunum báðum.

Uppsögn Nató-samningsins frá 1949 og herstöðvarsamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenskri grund er eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun vopnlausrar friðarþjóðar. Hún er sjálfsögð vegna sóma okkar íslendinga í bráð og lengd og tilveru sem sérstakrar og sjálfstæðrar þjóðar. Hún er nauðsynleg vegna lífshagsmuna okkar, ef til slíkra ótíðinda sem kjarnorkustyrjaldar kynni að draga. En hún er auk alls þessa hið eina umtalsverða framlag okkar til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Sþ. 409. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að hefja nú þegar undirbúning að því, að nýr rafstrengur verði lagður til Vestmannaeyja.

Greinargerð.

Vestmannaeyjar eru ein stærsta verstöð landsins. Þar eru mörg stór og afkastamikil fiskvinnslufyrirtæki, tvær mikilsvirkar fiskmjölsverksmiðjur, og fjöldi annarra iðnfyrirtækja. Íbúafjöldi í kaupstaðnum nálgast nú 5000 manns og er í hröðum vexti.

Slíkur útgerðar- og stóriðnaðarbær þarfnast mikillar og öruggrar raforku. Sú raforka er nú flutt eftir einum streng frá raforkuverum á landi út til Eyja.

Strengur þessi er nú kominn til ára sinna, ef miðað er við endingartíma slíkra, og vitað er að hann er farinn að láta á sjá og talinn veill fyrir á ýmsum stöðum.

Stórviðgerð fór fram á strengnum nú í vetur og mun hún hafa kostað milli 70 og 80 millj. króna. Var sú aðgerð framkvæmd næst Eyjum, þar sem vitað var að strengurinn var að fara. Auk þess skemmdist rafstrengurinn vegna alvarlegs óhapps í febrúarmánuði á þessu ári, og þrátt fyrir einmunagott veðurfar þessa vetrar varð ekki flutt raforka eftir strengnum næstum mánaðartíma. Kostnaður við þá viðgerð nam tugum milljóna króna og olli auk þess feiknatjóni vegna orkuskorts um háannatímann.

Hefði veður verið með þeim hætti sem venjulegra er þar um slóðir, er miklu sennilegra að viðgerð hefði getað seinkað miklu lengur; jafnvel gætu veður hamlað viðgerð út vertíðina.

Augljóst er að miklu má kosta til svo komist verði hjá svo stórkostlegu tjóni. Liggur því beinast við að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til að útvega nýjan rafstreng og koma honum í samband; meðan það gerist ekki er vægast sagt um afar ótryggt orkuástand að ræða í byggðarlaginu.

Geta má og skal þess, að strengur af þessu tagi er dýr, en það ber að hafa mjög vel í huga, að sá strengur, sem er fyrir hendi, er ekki aðeins lúinn og ótraustur, heldur verður hann fullhlaðinn eftir 2—3 ár, og þess vegna stutt í þessa nauðsynjaframkvæmd hvort sem er.

Vegna þeirrar reynslu, sem fengist hefur nú að undanförnu, og með tilliti til ástands strengsins og þess öryggisleysis og kostnaðaráhættu, sem áður var lýst, þykir rétt að ráðast nú þegar í þetta verkefni.

Nd. 410. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt. frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Forföll á fundinn boðuðu Karvel Pálmason, Þórarinn Sigurjónsson og Sigurður Magnússon.

Alþingi, 22. mars 1977.

Jón Skaftason, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir. Guðmundur H. Garðarsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Nd. 411. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt. frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.
Forföll á fundinn boðuðu Karvel Pálmason, Þórarinn Sigurjónsson og Sigurður Magnússon.

Alþingi, 22. mars 1977.

Jón Skaftason, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir. Guðmundur H. Garðarsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 412. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyt. á l. nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Jón Árnason var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. mars 1977.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Ragnar Arnalds.
Axel Jónsson. Ásgeir Bjarnason. Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um atvinnumál á Suðurlandi.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar áætlun um að treysta atvinnugrundvöll í Suðurlandskjördæmi, einkum í þeim hlutum þess, þar sem atvinnuástand er verst og ný atvinnutækifæri fæst.
Í þessari áætlun verði meðal annars kannað:

1. Stóraukin framleiðsla á grasкögglum og öðru kjarnfóðri.
2. Fullnýting og fullvinnsla hráefnis landbúnaðarframleiðslunnar á Suðurlandi ásamt pökkun í neytendaumbúðir.
3. Framleiðsla úr gosefnum, sem til eru í mjög stórum stíl á Suðurlandi, svo sem vikri til framleiðslu á léttsteypueiningum.
4. Framleiðsla á grasplötum úr plöntum sem rækta má á hinum víðáttumiklu söndum Suðurlands.
5. Framleiðsla á rörum og öðrum iðnaðarvörum úr kastbasalti, sem bæði mikið og frábært hráefni til framleiðslu þess finnst í Vörðufelli á Skeiðum.
6. Aukin garðrækt og ylrækt til stórframleiðslu á grænmeti til innanlandsþarfa.
7. Önnur atriði, sem stuðlað gætu að uppbyggingu atvinuvega í landsfjórðungnum.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber nú til að gera róttækar ráðstafanir til að uppræta viðvarandi atvinnuleysi á Suðurlandi.

Dæmi um atvinnuleysi það, sem nú ríkir, er að einmitt þessar vikurnar munu vera milli 70 og 80 manns á atvinnuleysisskrá á Selfossi einum.

Víðast hvar í þorpum á Suðurlandi er það svo, að sú atvinna, sem fyrir er, tekur alls ekki við fleira fólki; fólksfjölgun verður engin, þeir, sem við bætast vinnufærir, hverfa á braut.

Á sama tíma hverfur mest af framleiðsluvörum Suðurlands til höfuðborgarsvæðisins hálfunnið eða óunnið, sem veitt gæti fjölda manns atvinnu í sveitaþorpunum, ef stefnubreyting yrði í þessum efnum í þá veru að flytja ekkert burt af framleiðslunni nema fullunnið til neyslu í viðeigandi umbúðum.

Suðurland hefur um alllangt skeið orðið útundan í þeirri atvinnuuppbyggingu, sem orðið hefur í dreifbýlinu annars staðar vegna tilkomu stöðugs landburðar af fiski til sjávarþorpa á landsbyggðinni, sem gjörbreytt hefur öllu á þeim stöðum í flestum greinum.

Ekki er allt fiskur, þótt hann sé meginundirstaða íslensks atvinnu- og efnahagslífs — fleiri stoðum má renna undir íslenskt atvinnulíf með því að nýta þá möguleika sem landið hefur að bjóða.

Á Suðurlandi eru stórfengleg skilyrði til framleiðslu grasköggla og efnabætts kjarnfóðurs úr grasi og öðrum innlendum og máske að nokkru erlendum efnum einnig. Slík stórframleiðsla gæti á fáum árum komið að mestu eða öllu leyti í stað innflutts kjarnfóðurs. Er það búmannslegt að búa að sínu, ef unnt er, í stað þess að sækja fóður til eldis búfénaðar til útlanda fyrir ærið fé.

Auk þess sem að landbúnaði snýr, búa landkostir Suðurlands yfir ærnum kostum til framleiðslu byggingarefnis og ýmissa iðnaðarvara.

Til dæmis mætti rækta hafra eða aðrar skyldar tegundir til framleiðslu á þiljaplötum og annarra byggingarefna af svipuðu tagi.

Hentug gosefni, svo sem vikur, með öðrum efnum geta orðið undirstaða í framleiðslu léttsteypueininga í stórum stíl, bæði til nota innanlands og erlendis.

Það kom fram við nákvæmar vísindarannsóknir, sem fóru fram hérlendis með tækniaðstoð frá tékkneskum sérfræðingum, að hér á landi er að finna afar hentuga tegund af basalti, sem nota má til framleiðslu svokallaðs kastbasalts, sem er til ýmissa hluta nytsamlegt, svo sem í stálhörð og sýruþolin rör, verksmiðjugólf og fleira. Þykir þessi framleiðsla afbragð og góð söluvara.

Langt er liðið frá því menn gerðu sér grein fyrir að nauðsynlegt er að efla garðrækt að því marki að við gætum orðið sjálfum okkur nógir með grænmetisframleiðslu. Mikinn hluta þeirra kartaflna og grænmetis, sem við þörfnumst, mætti rækta á Suðurlandi auk ylræktarvara.

Mörg önnur atriði mætti nefna varðandi uppbyggingu atvinnulífs og atvinnuöryggis á Suðurlandi. Auk þess vantar hér að nefna það sem að sjávarútvegi lýtur, svo og það sem Vestmannaeyjar snertir. Það verður hins vegar gert síðar.

Af ofanröktu má vera ljóst, að margir eru möguleikarnir til úrbóta á því alvarlega ástandi sem nú er og fer vaxandi.

Snöggra aðgerða er þörf, og þess vegna hef ég lagt fram þessa tillögu til þingsályktunar og legg áherslu á að mjög verði hraðað þeirri áætlun sem í henni er gert ráð fyrir.

Auk þess má þegar hefja aðgerðir í þeim efnum, sem beinast liggja við.

Vilja, framsýni og fjármagn þarf til að hefja atvinnulíf Suðurlands upp úr þeirri lægð, sem það er nú í.

Sþ. 414. Fyrirspurn [207. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu söluskatts.

Frá Helga F. Seljan og Ragnari Arnalds.

Er fyrirhugað að ráða bót á því misræmi, sem er á innheimtu söluskatts eftir því, hvort um er að ræða framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsa á byggingarstað eða á verkstæðum og í verksmiðjum? Ef svo er, þá hvernig?

Nd. 415. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en ég legg til að gerðar verði á því verulegar breytingar.

Við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l. tóku stuðningsflokkar ríkissjórnarinnar þá ákvörðun að breyta í grundvallaratriðum gildandi lögum um stuðning við þá, sem verða að nota olíu til upphitunar íbúða sinna.

Ákvörðun stjórnarflokkanna var á þá lund, að ríkissjóður tæki til sín sem nýjan tekjustofn eitt söluskattsstig, sem lagt var á vegna olíusjóðs og í þeim tilgangi að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúðarhúsa. Á þann hátt gerðu stjórnarflokkarnir ráð fyrir, að ríkissjóður fengi tekjur á þessu ári sem næmu 1700 milljónum króna, en greiddi hins vegar um 700 milljónir til olíusjóðs á þessu ári til aðstoðar við þá, sem nota olíu til íbúðarhitunar.

Þegar núverandi stjórnarflokkar tóku við framkvæmd olíustyrksmálanna, var strax byrjað að svíkja framkvæmd þeirra á þann hátt, að þeir aðilar, sem áttu að njóta fyrirgreiðslu samkvæmt lögunum, fengu ekki í sinn hlut allt það gjald, sem á var lagt þeirra vegna.

Lögin um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða tóku upphaflega gildi 1. mars 1974. Fyrsta árið má telja að allt það gjald, sem á var lagt samkv. lögunum, hafi runnið til þeirra, sem lögin gerðu ráð fyrir. Annað árið, en þá hafði Ólafur Jóhannesson, form. Framsóknarflokksins, tekið við framkvæmd laganna, runnu um 400 milljónir króna til Orkusjóðs og skertist þá um leið hlutur þeirra, sem nota olíu til húsahitunar. Þriðja árið runnu um 600 milljónir til Orkusjóðs. Og nú er áætlað að 1000 milljónir króna af gjaldinu renni í ríkissjóð, sem síðan ráðstafar því m. a. í Orkusjóð.

Afleiðingarnar af stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum olíustyrksmálum eru þær, að stuðningurinn við þá, sem verða að hita íbúðir sínar með notkun olíu, er jú sem næst engin orðin.

Olíugjaldið, sem á er lagt, eitt söluskattsstig, mun nema í ár um 1700 milljónum króna. Áætlað er að þeir, sem noti olíu til húsahitunar, greiði af þessu gjaldi 550—600 milljónir króna, en fái hins vegar í olíustyrk tæpar 700 milljónir króna. Það er jú ljóst, að hagur þeirra af þessari gjaldtöku er harla lítill. Ríkissjóður nýtur hins vegar gjaldsins og mun fá í sinn hlut um 1000 milljónir króna á þessu ári.

Hér er auðvitað um herfileg svik að ræða við þá, sem erfiðasta hafa aðstöðu til hitunar húsa sinna og í reynd greiða þrefaldan til fjórfaldan kostnað á við þá, sem njóta hitaveitukjara, t. d. á höfuðborgarsvæðinu.

Það er Framsóknarflokkurinn, sem öðrum fremur ber ábyrgð á þessari fjandskaparstefnu í garð þeirra, sem neyddir eru til að hita híbýli sín með olíu.

Ég er andvígur þeirri stefnu, sem felst í frumvarpinu, og legg því fram breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. mars 1977.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 416. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Við 1. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Fjárhæð, sem nemur ¾ úr söluskattsstigi skal varið til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, sem hér segir:

b. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist þannig:
Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af heildartekjum samkvæmt þessari grein.

Nd. 417. Frumvarp til byggingarlaga [208. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

I. KAFLI
GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Lög þessi ná til alls landsins. Þau taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, framræsluskurðir, flugbrautir, dreifikerfi (lagnir) rafmagns, síma, hitaveitna, vatns og holræsa, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki, að undanskildum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum.

Mannvirki undanþegin ákvæðum þessara laga skulu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um náttúruvernd.

Leiki vafi á því, hvort mannvirki er háð ákvæðum laga þessara, skal félagsmálaráðuneytið úrskurða um það.

2. gr.

Þar sem sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið, að fenginni umsókn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og umsögn skipulagsstjórnar, heimilað sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna.

II. KAFLI
YFIRSTJÓRN BYGGINGARMÁLA, ALMENN BYGGINGARREGLUGERÐ OG BYGGINGARSAMÞYKKTIR

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, sem fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð svo og sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja, sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu, svo og aðra hollustuhætti og eldvarnir, að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru varðandi einstaka hluta byggingar og mismunandi tegundir bygginga, umgengni á vinnustöðvum og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um réttindi og skyldur byggingarstjóra, starfssvið hönnuða og iðnmeistara, hversu háttað skuli byggingareftirliti, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrr byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té, og hvernig þau skuli innheimt.

Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök, sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, s. s. varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja.

Birta skal hina almennu byggingarreglugerð og sérreglugerðir í B-deild stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja í sérstaka byggingarsamþykkt fyllri ákvæði m. a. um stjórn og meðferð byggingarmála, um réttindi og skyldur iðnmeistara og byggingarfulltrúa og starfsreynslu. Til þess að byggingarsamþykkt öðlist gildi, þarf félagsmálaráðuneytið að staðfesta hana að fenginni umsögn Skipulagsstjórnar ríkisins. Byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI
BYGGINGARNEFNDIR

6. gr.

Í hverju sveitarfélagi með fleiri en 300 íbúa skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðunum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

Sveitarfélag, þar sem íbúar eru færri en 300, skal hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag- eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa sbr. 20. gr. Heimilt er sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300 að eiga aðild að svæðisbyggingarnefnd og ráðningu sameiginlegs byggingarfulltrúa. Félagsmálaráðuneytið ákveður starfsvettvang svæðisbygginganefnda að fenginni umsögn sýslunefnda og landshlutasamtaka sveitarfélaga og skal stefnt að því, að hver svæðisbyggingarnefnd nái yfir svæði, sem er félagsleg og landfræðileg heild. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum byggingarfulltrúa. Félagsmálaráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

Sveitarstjórn og svæðisbyggingarnefnd getur ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og ráðuneytis.

Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir og hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.

Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum skv. 15. gr. viðurkenningu og annast að öðru leyti þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.

Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að fela byggingarnefnd önnur störf á sviði byggingarmála, s. s. að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál, nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

8. gr.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. mánaðarlega, svo framarlega sem erindi liggja til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað. Byggingarnefnd skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð hverju sinni.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi og hefur tekið þátt í afgreiðslu máls. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn með máli og móti, er málið fallið.

Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann víkja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meirihlutans, að láta bóka sérálit sitt. Sama rétt eiga og aðrir þeir, sem sitja fundi byggingarnefndar.

Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina, sé þess sérstaklega óskað.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast ályktunin gildi, enda sé skilyrðum IV. kafla laga þessara fullnægt.

Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker félagsmálaráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar.

IV. KAFLI
BYGGINGARLEYFISUMSÓKNIR OG BYGGINGARLEYFI

9. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969 um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.
2. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu sbr. 2. mgr. 18. gr.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Staðfesting á samþykkt byggingarnefndar, skv. 1. tölulið, fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykki sveitarstjórnar.

10. gr.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli, er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því, sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður á.

11. gr.

Sá, sem óskar leyfis til framkvæmda samkvæmt 9. gr., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum uppdráttum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um, hvaða önnur gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið. Í byggingarreglugerð skal ennfremur kveðið á um, hvaða séruppdrætti skuli gera af mannvirkjum og hvenær þeir skuli hafa borist byggingarfulltrúa.

12. gr.

Aðaluppdrættir og séruppdrættir af húsum og öðrum mannvirkjum skulu gerðir af arkitektum, byggingarfræðingum, tæknifræðingum og verkfræðingum hverjum á sínu sviði, svo og af búfræðikandídötum úr tæknideildum búnaðarháskóla að því er landbúnaðarbyggingar varðar, og öðrum, sem hlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi. Starfssvið markast af staðfestri tveggja ára starfsreynslu.

Réttur til að gera uppdrætti samkvæmt 1. mgr. er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir og gildir á öllu landinu, landslöggilding. Ráðherra veitir landslöggildingu að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndaumdæmum fyrir gildistöku laga þessara halda þeim staðbundnu réttindum.

Í reglugerð skal skilgreina hin einstöku starfssvið.

Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafa gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrirfram veitt til þess samþykki sitt.

Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa. Ennfremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein.

13. gr.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga. Ákvæði V. kafla laga þessara um byggingarstjóra gilda um slík mannvirki, eftir því sem við á.

Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

14. gr.

Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða, eða rétt annarra.

15. gr.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða, frá því leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi, þegar undirstöður hafa verið steyptar. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 36. gr. eða tekið ófullgerðar byggingarframkmæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði um byggingarhraða.

V. KAFLI
BYGGINGARSTJÓRAR

16. gr.

Við gerð hvers mannvirkis skal vera einn ábyrgur aðili, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.

17. gr.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir lögum og samningi þeirra.

18. gr.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti og að öðru leyti í samræmi við lög.

Byggingarstjóri skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.

19. gr.

Ákvæði 15.—18. gr. hagga í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum.

Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

VI. KAFLI
BYGGINGARFULLTRÚAR O. FL.

20. gr.

Sveitarstjórn skal, að fengnum tillögum byggingarnefndar, ráða sér byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúa sett erindisbréf í samráði við byggingarnefnd.

Svæðisbyggingarnefndir skv. 2. mgr. 6. gr. skulu, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, ráða byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf.

21. gr.

Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandidata úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarameistara til starfans.

Framangreindir aðilar skulu a. m. k. hafa 2ja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr.

22. gr.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann undirbýr fundi byggingarnefndar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um, að byggingaruppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi annast daglegt eftirlit með því, að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglur. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, þegar þess er óskað og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Þá annist byggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, s. s. útmælingu lóða og afsetningu húsa.

23. gr.

Nánari ákvæði um verksvið byggingarfulltrúa, skyldur hans og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í reglugerð.

24. gr.

Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa eftir því sem þörf krefur, að fenginni umsögn hans og starfa þeir í umboði hans. Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmálefni.

Sveitarstjórn skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa.

25. gr.

Byggingarfulltrúa og starfsliði hans skal heimill aðgangur að byggingarmannvirki til eftirlits á vinnutíma.

26. gr.

Nú er viðhald eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa, og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því, sem áfátt er innan tiltekins frests.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, skal með slík mál fara samkvæmt 36. gr.

27. gr.

Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

VII. KAFLI
LEYFISGJÖLD

28. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um hámarksmælingagjöld og byggingarleyfisgjöld, þ. e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum. Ennfremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir eftirlit, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

29. gr.

Gjöld samkvæmt 27. gr. skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert og renna í sveitarsjóð.

30. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda. Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda, getur byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin byggingarleyfisgjöld má innheimta með lögtaki.

VIII. KAFLI
VIÐURLÖG

31. gr.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Ennfremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögreglunni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli.

Hlíti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, skal fara með málið að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði, sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

32. gr.

Ef hönnuður skv. 11. gr. 1. mgr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni eða brýtur slík ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna félagsmálaráðherra það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann landslöggildingu skv. 11. gr. 2. mgr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita umsagnar þeirra aðila, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

33. gr.

Ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot byggingarstjóra er ítrekað eða alvarlegt, getur byggingarnefnd svift hann viðurkenningu skv. 15. gr., sbr. og 16. gr. laga þessara.

Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Ef hönnuður skv. 11. gr., byggingarstjóri eða iðnmeistari gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

35. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum, sem renna í sveitarsjóð. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

36. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur, getur hún ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

IX. KAFLI
GILDISTÖKUÁKVÆÐI O. FL.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. sbr. 2. mgr. 20. gr. koma þó til framkvæmda smám saman og skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1980, en jafnframt falla þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 um byggingarfulltrúa í sveitum.

Við gildistöku laga þessara 1. júlí 1978 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 19, 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
Lög nr. 108, 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr.
Lög nr. 61, 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.
Opið bréf 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verslunarstaðnum Akureyri.
Lög nr. 55, 10. nóv. 1905 um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857.
Opið bréf 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.
Lög nr. 23, 20. október 1905 um breyting á opnu bréfi 26. janúar 1866.
Lög nr. 14, 6. nóvember 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði sem brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Almenn byggingarreglugerð skv. 4. gr. skal sett innan 3ja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Frumvarp þetta var lagt fyrst fram á Alþingi í október 1975 í neðri deild. Að lokinni fyrstu umræðu þar var frumvarpinu vísað til félagsmálanefndar neðri deildar, sem leitaði um það umsagna ýmissa aðila. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi. Á grundvelli umsagna, ábendinga og tillagna, sem nefndinni bárust, hafa nokkrar breytingar verið gerðar á frumvarpinu, frá því sem var, er það var fyrst lagt fram og eru þær þessar:

Um 1. gr.

Bætt er inn í undanþáguákvæði 1. mgr. framræsluskurðum og einnig í 2. mgr., að mannvirki, undanþegin ákvæðum laganna skulu ekki aðeins byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga, heldur einnig laga um náttúruvernd.

Um 4. gr.

Bætt er í upptalninguna í 2. mgr. atriðum, sem kveðið skal á um í byggingarreglugerð þ. á m. ákvæði um umbúnað bygginga til að auðvelda fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

Um 6. gr.

Fellt var niður ákvæði um forgöngu landshlutasamtaka sveitarfélaga um kosningu svæðisbygginganefnda, en í staðinn kemur, að félagsmálaráðuneytið ákveði umdæmi svæðisbygginganefnda að fengnum umsögnum hlutaðeigandi sýslunefndar og landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Um 8. gr., 5. mgr.

Bætt er við málsliðnum, „sé þess sérstaklega óskað“ þ. e. að byggingarnefnd þurfi því aðeins að rökstyðja synjun byggingarleyfisumsóknar, að slíks rökstuðnings sé sérstaklega óskað.

Um 9. gr.

Ný málsgrein bætist við um, að staðfesting á samþykkt byggingarnefndar (um byggingarleyfi) falli úr gildi, ef leyfið hefur ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá staðfestingu (samþykkt) sveitarstjórnar.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli þ. e. um skyldu sveitarstjórnar til að sjá um, að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á lóð á skipulögðu svæði í þéttbýli, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður í byggingarleyfi.

Um 12. gr. (áður 11. gr.).

Fellt er niður ákvæði um skipun 5 manna nefndar, sem láta skal í té umsagnir um umsóknir um landslöggildingu. Í stað þess er ákvæði um að leita skuli umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar ríkisins.

Um 14. gr. (áður 13. gr.).

2. mgr. um fébótaábyrgð sveitarfélags þótti óþörf og var felld niður. Aftan við 1. mgr. var bætt málsliðnum „— eða rétt annarra“.

Um 16. gr. (áður 15. gr.).

2. mgr. með stafliðum a og b varðandi sérstakar menntunarkröfur byggingarstjóra er felld niður.

Um 17. gr. (áður 16. gr.).

Er felld brott.

Um 24. gr.

Er ítarlegar orðuð en í fyrra frumvarpi.

Um 27. gr.

Málsliðnum „— að fengnu samþykki sveitarstjórnar —“ er skotið inn í greinina.

Um 29. gr.

Bætt er inn í málslið um viðmiðunartíma við útreikning byggingarvísitölu þ. e. 1. janúar ár hvert.

Um 31. gr.

2. mgr. í frumvarpinu er breytt þ. e. „— skal fara með málið að hætti opinberra mála."

Um 33. gr.

Ný mgr., 3. mgr. er bætt við þ. e. að með mál vegna brota á ákvæðum laganna og reglugerða settum skv. þeim skuli farið að hætti opinberra mála.

Um 36. gr.

Í stað orðanna „innan 30 daga" kemur: „— innan þess frests, sem sveitarstjórn setur" o. s. frv. Nýmæli er um, að hámark dagsekta skuli ákveðið í reglugerð.

Um 37. gr.

Gildistökutími verði 1. júlí 1978.

Nefnd sú, sem samdi upphaflega frumvarpið, lét því fylgja svofellda greinargerð:

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. **Almennt.**

Hinn 21. maí 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, níu manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frumvarp til byggingarlaga, sem giltu fyrir landið allt. Þá var nefndinni falið í skipunarbréfi að gera tillögur um breytingu á skipulagslögum, ef hún teldi slíkt nauðsynlegt í sambandi við endurskoðun byggingarlaganna.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:
Ásmundur J. Jóhannsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands,
Bjarni Arason frá landbúnaðarráðuneytinu,
Gunnar Sigurðsson frá Reykjavíkurborg,
Hannes Kr. Davíðsson frá Arkitektafélagi Íslands,
Karl Ómar Jónsson frá Verkfræðingafélagi Íslands,
Sigurður Guðmundsson frá Byggingafræðingafélagi Íslands,
Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Zóphónías Pálsson frá Skipulagsstjórn ríkisins og
Hallgrímur Dalberg frá félagsmálaráðuneytinu og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Í nóvember 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Björn Jónsson, tvo menn í nefndina til viðbótar, þá Gunnar S. Björnsson frá Meistarasambandi byggingarmanna og Hannes Helgason frá Sambandi byggingarmanna, þannig að nefndin hefur síðan verið skipuð ellefu mönnum.

Til að greiða fyrir störfum nefndarinnar ákvað ráðherra í upphafi að skipa þriggja manna starfsnefnd eða undirnefnd úr hópi aðalnefndarmanna. Í þá nefnd voru skipaðir formaður nefndarinnar, Hallgrímur Dalberg, Magnús E. Guðjónsson og Zóphónías Pálsson.

Aðalnefndin hefur haldið alls 20 fundi og undirnefndin 23 fundi. Í forföllum Ásmundar J. Jóhannssonar hefur varamaður hans, Bjarni Frímannsson, tekið þátt í störfum nefndarinnar og Leifur Blumenstein hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar í forföllum Sigurðar Guðmundssonar.

Nefndirnar hafa kannað ítarlega gildandi lög íslensk um byggingarmálefni. Þá höfðu nefndirnar hliðsjón af frv. til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði, sem lagt var fyrir Alþingi 1967/1968, en hlaut ekki afgreiðslu.

Nefndirnar öfluðu sér gagna frá hinum Norðurlöndunum um gildandi lög á sviði byggingar- og skipulagsmála og hugmyndir og tillögur, sem þar hafa komið fram um þau efni. Þá hafa einstakir nefndarmenn á ýmsum stigum nefndarstarfanna kynnt hugmyndir og tillögur nefndarinnar innan þeirra félaga og samtaka, sem þeir eru fulltrúar fyrir og fengið þaðan tillögur og ábendingar, sem fjallað hefur verið um í nefndunum.

Til þessa hafa gilt mismunandi lög um byggingarmál annarsvegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli, bæði að því er varðar stjórn og meðferð byggingarmála og þær kröfur, sem gerðar eru til bygginga.

Um byggingarmálefni í þéttbýli eru lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, en þau lög gilda fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Sjálf lögin varða fyrst og fremst stjórn og meðferð byggingarmálefna, en hafa auk þess að geyma nokkur ákvæði um tæknileg efni. Auk framangreindra lagaákvæða eru ennþá formlega í gildi ákvæði í opnu bréfi frá 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, opnu bréfi frá 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd á Ísafirði og í lögum nr. 14/1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Eins og sést á þessu yfirliti eru lagaákvæði um byggingarmálefni í þéttbýli orðin gömul og úrelt. Lögin nr. 19/1905 og nr. 61/1944 heimila sveitarstjórnum að setja byggingarsamþykktir. Auk ákvæða um stjórn og meðferð byggingarmála hafa í byggingarsamþykktum verið allítarleg ákvæði um gerð uppdrátta og bygginga. Með auglýsingu nr. 22/1967 gaf félagsmálaráðuneytið út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði skv. lögum nr. 19/1905, og hafa fjölmörg sveitarfélög sett sér byggingarsamþykktir eftir þeirri fyrirmynd.

Um byggingarmálefni í dreifbýli gilda lög nr. 108/1945 með síðari breytingum um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir. Virðast þau lög efnislega sniðin eftir lögunum nr. 19 frá 1905, nema ákvæðin um byggingarfulltrúa. Samkvæmt þessum lögum skulu sýslunefndir setja byggingarsamþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu, og hafa flestar sýslunefndir gert það. Í byggingarsamþykktum sýslnanna eru hinsvegar nær eingöngu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála, en ákvæði um tæknileg atriði skortir í þessum byggingarsamþykktum.

Eins og fram kemur af þessu yfirliti eru bein lagaákvæði um byggingarmálefni orðin gömul og að mörgu leyti úrelt auk þess, sem mismunandi ákvæði gilda um þessi mál annarsvegar í þéttbýli og hinsvegar í dreifbýli. Þeim, sem um þessi mál fjalla, hefur lengi verið þetta ljóst, og talið æskilegt, að úr þessu yrði bætt með því að setja heildarlög um byggingarmálefni. Árið 1924 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til byggingarlaga. Frv. var í 92 greinum. Aðalhöfundur frv. mun hafa verið Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins. Frv. þetta varð ekki útrætt á Alþingi og mun ekki hafa verið lagt fyrir að nýju. Haustið 1967 var lagt fyrir Alþingi, frumvarp til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði. Var það í 47 greinum. Var frumvarp þetta samið að tilhlutan félagsmálaráðunevtisins, sem falið hafði Skipulagsnefnd ríkisins, nokkrum árum áður að semja slíkt frumvarp. Eftir að Skipulagsstjórn ríkisins tók til starfa árið 1964, fól hún einum úr sínum hópi, Páli Líndal, borgarlögmanni, að fjalla um málið, og var hann aðalhöfundur frumvarpsins, sem samið var í samráði við Skipulagsstjórn ríkisins, skipulagsstjóra og fulltrúa ýmissa samtaka. Einnig þetta frumvarp dagaði uppi á Alþingi og var ekki endurflutt. Hefur nefndin haft hliðsjón af ýmsum ákvæðum þessa frumvarps við samningu þess frumvarps, sem hér liggur fyrir.

Með hliðsjón af því hvernig byggingarstarfsemi og byggingarmálefni hafa þróast hér á landi, virðast öll rök mæla með því, að samskonar reglur gildi um byggingarmálefni hvarvetna á landinu, bæði hvað varðar stjórn og meðferð byggingarmálefna og ekki síður að því er varðar þær tæknikröfur, sem talið er sjálfsagt að gera til bygginga og annarra mannvirkja. Á það má benda, að fjárfesting í

byggingum og öðrum mannvirkjum í dreifbýli er mjög mikil bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, og virðast bæði einkahagsmunir eigenda mannvirkja og almannahagsmunir gera það nauðsynlegt, að jafn strangar kröfur verði gerðar til undirbúnings og frágangs mannvirkja í dreifbýli og gerðar eru í þéttbýli. Í samræmi við þetta sjónarmið og skipunarbréf nefndarinnar er þessu frv. til byggingarlaga ætlað, ef að lögum verður, að gilda fyrir landið allt, sbr. 1. gr. frv.

Strax í upphafi varð nefndin sammála um, að í frv. því til byggingarlaga, sem henni var falið að semja, yrðu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála. Ennfremur yrðu í frumvarpinu heimildir til að setja í reglugerð eða reglugerðir ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála hliðstætt því, sem nú er í byggingarsamþykktum einstakra sveitarfélaga. Yrði ákvæði í frv. sbr. 4. gr., um setningu einnar allsherjar byggingarreglugerðar, sem gilti fyrir landið allt, sem leysti af hólmi hinar fjölmörgu byggingarsamþykktir einstakra þéttbýlissveitarfélaga. Auk þess yrðu staðlar á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins gefnir út í reglugerðarformi smám saman og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Loks yrði einstökum sveitarfélögum heimilað með samþykki félagsmálaráðuneytisins að setja sér sérstakar byggingarsamþykktir, ef þær óskuðu, þar sem sett yrðu ítarlegri ákvæði en væru í lögum og reglugerð um tiltekin atriði.

Telur nefndin mikilsvert, að hin almenna byggingarreglugerð skv. 4. gr. verði sett sem allra fyrst eftir gildistöku laganna.

Frv. er í 9 köflum, 37 greinum. Fyrirsagnir kaflanna eru svo sem hér greinir:

I. kafli **Gildissvið laganna.**
II. kafli **Yfirstjórn byggingarmála, almenn byggingarreglugerð og byggingarsamþykktir.**
III. kafli **Byggingarnefndir.**
IV. kafli **Byggingarleyfisumsóknir og byggingarleyfi.**
V. kafli **Byggingarstjórar.**
VI. kafli **Byggingarfulltrúar o. fl.**
VII. kafli **Leyfisgjöld.**
VIII. kafli **Viðurlög.**
IX. kafli **Gildistökuákvæði o. fl.**

Frumvarp þetta er óbreytt eins og það var afhent félagsmálaráðuneytinu af hálfu nefndarinnar sem samdi það, að öðru leyti en því, að breytt hefur verið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, að því er varðar kosningu manna í byggingarnefnd.

B. **Athugasemdir við einstakar greinar.**

Um 1. gr.

Í 1. gr. frv. er fjallað um gildissvið laganna. Sérstaklega er tekið fram, að þau nái til alls landsins, þar eð til þessa hafa gilt mismunandi lög í þéttbýli og dreifbýli, svo sem rakið er í inngangi athugasemda hér að framan.

Samkvæmt greininni er lögunum ætlað að gilda um hverskonar „mannvirki“ ofan jarðar og neðan, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum laganna eru nánar tilgreind mannvirki á vegum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir þessar undanþágur er gildissvið byggingarlaganna rýmkað verulega, frá því sem það er samkvæmt gildandi byggingarlögum, en þau taka einungis til bygginga í þrengri merkingu, þ. e. húsbygginga. Samkvæmt greininni ná ákvæði frv. til íþróttavalla, sundlauga, stálgeyma og girðinga, svo að dæmi séu nefnd.

Mannvirki, sem skv. 1. mgr. 1. gr. eru undanþegin ákvæðum laganna, verða að sjálfsögðu háð ákvæðum skipulagslaga þ. e. þau verður að byggja í samræmi við skipulag. Þótti rétt að taka þetta sérstaklega fram í 2. mgr. 1. gr.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um heimild félagsmálaráðuneytisins til að veita undanþágu frá lögunum. Tilskilið er, að undanþága sé tímabundin og að um undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna sé að ræða. Undanþágur verða aðeins veittar til-

teknu sveitarfélagi eða sveitarfélögum og aðeins þegar sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn skipulagsstjórnar. Þar eð undanþáguheimildir eru bundnar svo þröngum skilyrðum, er ekki ástæða til að ætla, að mikið yrði um undanþágur frá ákvæðum laganna, og gera má ráð fyrir, að á undanþágur reyndi aðallega fyrstu árin eftir gildistöku laganna. Hinsvegar er undanþáguheimildin talin nauðsynleg, vegna þess að lögin fela í sér allmiklar breytingar á stjórn og meðferð byggingarmála einkum í dreifbýli, og gera má ráð fyrir, að sú skipan, sem lögin mæla fyrir um, verði ekki komin á allsstaðar við endanlega gildistöku laganna samkvæmt 37. gr. frv.

Þær undanþágur, sem einkum virðast geta komið til greina, eru varðandi kosningu byggingarnefnda, ráðningu byggingarfulltrúa og þau skilyrði, sem þeir þurfa að fullnægja, svo og varðandi ákvæðin um byggingarstjóra.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni fer félagsmálaráðuneytið með yfirstjórn byggingarmálefna, svo sem lengi hefur tíðkast, þótt um það hafi skort ákvæði í byggingarlögum. Af stofnunum, sem ráðuneytinu eru til aðstoðar við yfirstjórn þessara mála, eru tvær nefndar sérstaklega, sökum þess að þær fara með tiltekna þætti byggingarmála samkvæmt sérstökum lögum og heyra báðar undir félagsmálaráðuneytið.

Um 4. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um setningu almennrar byggingarreglugerðar, svo og um setningu sérreglugerða með ákvæðum um staðla og að birta skuli þessar reglugerðir í Stjórnartíðindum.

Í inngangi athugasemda er gerð grein fyrir þeirri leið, sem nefndin valdi við samningu frv., þ. e. að taka upp í frv. heimild til að setja með reglugerð eða reglugerðum ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála. Ef slík ákvæði hefðu verið tekin upp í þetta frv., hefði það orðið mjög yfirgripsmikið. Vegna sífelldra tækniframfara og breytinga hefði mátt búast við tíðum breytingum á byggingarlögunum, en langtum auðveldara og vafningaminna er að sjálfsögðu að breyta reglugerð en lögum.

Í 2. mgr. 4. gr. eru talin upp ýmis atriði, sem nánar skuli fjallað um í byggingarreglugerð og ýmsum greinum frv. er fram tekið, að nánari ákvæði skuli sett í reglugerð, og er þá átt við byggingarreglugerðina samkvæmt þessari grein, s. s. 5., 10., 11., 18., 23. og 28. gr. — Að sjálfsögðu eru ekki talin upp í frv. tæmandi þau atriði, sem verða í byggingarreglugerð.

Verði frv. þetta að lögum, er mjög mikilvægt, að í beinu framhaldi af gildistöku laganna verði byggingarreglugerð gefin út.

Í 2. mgr. 4. gr. segir, að í byggingarreglugerð skuli skýra orð og hugtök, sem fjallað verður um í reglugerðinni og orkað geti tvímælis, s. s. stærðarhugtök og hugtök varðandi byggingarstig mannvirkja, t. d. hugtök eins og „fokhelt“ ástand húss og hvenær hús er „tilbúið undir tréverk“. Þótti réttara, að slík hugtök yrðu skilgreind í byggingarreglugerðinni en í lögum, en æskilegt er, að lagaleg skilgreining fáist á framangreindum hugtökum og ýmsum áþekkum, sem notuð eru mikið í lögskipan um húsbyggingar.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er sveitarstjórnum heimilað að setja fyllri ákvæði en í þessu frv. eru og verða í væntanlegri byggingarreglugerð um ýmis ákvæði aðallega varðandi réttinda mál. Upptalningin í greininni er þó ekki tæmandi. Heimildir sveitarstjórna eru bundnar því skilyrði, að ákvæðin séu sett í formi samþykkta, sem staðfestar eru af félagsmálaráðuneytinu.

Þar sem ákvæði þessa frv. um stjórn og meðferð byggingarmála eru allítarleg og ákvæði væntanlegrar byggingarreglugerðar og sérreglugerða verða væntanlega einnig ítarleg, er trúlegt, að ekki reyni mikið á það, að einstök sveitarfélög setji

sér sérstakar byggingarsamþykktir. Yrðu það einkum stærstu sveitarfélögin, sem það gerðu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan byggingarnefnda. Samkvæmt greininni yrði skipan þeirra hagað með tvennu móti. Annarsvegar í þéttbýlissveitarfélögum með 300 íbúa eða fleiri og hinsvegar í dreifbýlishreppum með færri en 300 íbúa.

Í sveitarfélögum með 300 íbúa og fleiri verði sérstök byggingarnefnd í hverju sveitarfélagi, sbr. þó 2. mgr. 6. gr. Yrðu byggingarnefndir þar skipaðar 3, 5 eða 7 mönnum eftir stærð sveitarfélaga og ákvörðun hverrar sveitarstjórnar. Lagt er til, að sveitarstjórn kjósi menn í byggingarnefnd og nefndin skipti með sér verkum. Að öðru leyti er vísað til sveitarstjórnarlaga nr. 53/1961, sbr. 37. gr. þeirra laga varðandi kosningu byggingarnefndarmanna s. s. varðandi tilhögun kosninga og kjörtímabil, þannig að kjörtímabil byggingarnefndar verður fjögur ár, nema sveitarstjórn hafi sérstaklega ákveðið annað t. d. að kjörtímabil byggingarnefndar verði eitt ár.

Í 2. mgr. er fjallað um skipan byggingarnefnda í dreifbýli. Þau ákvæði fela í sér grundvallarbreytingu. Samkvæmt gildandi lögum skulu byggingarnefndir vera í hverju sveitarfélagi landsins. Skv. 2. mgr. er sveitarfélögum með 300 íbúa eða færri skylt að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svonefndrar svæðisbyggingarnefndar. Þetta ákvæði er byggt á því, að byggingarstarfsemi í hinum minni sveitarfélögum, litlum sveitahreppum og þorpum, sé ekki svo umfangsmikil, að ástæða sé til að hafa þar sérstaka byggingarnefnd. Þótt sveitarfélög séu þannig skylduð til samvinnu um byggingarnefndir, er þeim frjálst að ákveða, við hvaða sveitarfélög þau hafi slíka samvinnu, en sú leiðbeining er gefin, að stefnt skuli að því, að svæðisbyggingarnefnd nái yfir svæði, sem er félagsleg og landfræðileg heild. Ekki er í 2. mgr. ákvæði um stærð umdæma svæðisbyggingarnefndar, og yrði það að fara eftir aðstæðum, en ekki virðist óeðlilegt að stefna að því, að í hverju umdæmi yrðu að jafnaði ekki færri en 2000 manns. Ljóst er, að einhver aðili verður að hafa forgöngu um samvinnu sveitarfélaga um skipun svæðisbyggingarnefnda, og í 2. mgr. 6. gr. er Landshlutasamtökum sveitarfélaga falið það hlutverk hverju í sínu umdæmi. Ákvæðið um skriflegan samning um skipan svæðisbyggingarnefnda er til að tryggja framkvæmd laganna að þessu leyti og áskilnaður um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á slíkum samningum er til að tryggja samræmi í slíkum samningum.

Í 2. mgr. 6. gr. sbr. og 20. gr. er gert ráð fyrir, að umdæmi svæðisbyggingarnefnda verði byggingarfulltrúaumdæmi og að hver svæðisbyggingarnefnd ráði byggingarfulltrúa. Þessi umdæmi yrðu því í reynd byggingarumdæmi.

Í lögum nr. 108/1945, 5. gr. er sýslunefndum heimilað að ráða byggingarfulltrúa fyrir hvert sýslufélag. Þar er ennfremur ákvæði um, að Byggingarsjóður, nú Stofnlánadeild landbúnaðarins skv. lögum nr. 45/1971, 5. gr., greiði helming af launum 7 byggingarfulltrúa í dreifbýli, enda nái starfssvæði þeirra yfir tiltekin svæði, sem nú falla saman við kjördæmin. Slíkir byggingarfulltrúar hafa starfað í öllum umdæmunum nema á Vestfjörðum og í Reykjanesumdæmi. Í lögum nr. 108/1945, 9. gr. er byggingarfulltrúum í dreifbýli falið að undirbúa fundi einstakra byggingarnefnda í einstökum sveitarfélögum. Á þessu fyrirkomulagi hefur orðið nokkur misbrestur og samvinna einstakra byggingarnefnda og byggingarfulltrúa orðið næsta lítil. Ástæðan er trúlega hin mikla víðátta umdæmanna og mikil verkefni byggingarfulltrúanna. Auk eiginlegra byggingarfulltrúastarfa er skv. gildandi lögum byggingarfulltrúum í dreifbýli ætlað að annast leiðbeiningarstarfsemi varðandi byggingar m. a. að láta í té eða útvega uppdrætti af byggingum. Ennfremur er byggingarfulltrúunum ætlað að vera trúnaðar- og eftirlitsmenn Byggingarstofnunar landbúnaðarins, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Landnáms ríkisins sbr. 11. gr. laga nr. 108/1945.

Verði frv. þetta að lögum, er þó ákvæði í 37. gr. um, að ákvæði um skipun svæðisbyggingarnefnda og ráðningu svæðisbyggingarfulltrúa skuli koma til fram-

kvæmda smám saman, eftir því sem samningar komast á um skipun svæðisbyggingarnefnda, og þetta ákvæði skuli að fullu komið til framkvæmda í árslok 1980, en jafnframt falli þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 um byggingarfulltrúa í sveitum. Mun því gefast allrúmur tími til að koma hinni nýju skipan á. Yrði ekki unnt að koma hinni nýju skipan á einhvers staðar fyrir árslok 1980, gæti ráðuneytið veitt undanþágu samkvæmt 2. gr.

Ætla verður, að þeir byggingarfulltrúar, sem nú eru starfandi samkvæmt 5. gr. laga nr. 108/1945 yrðu endurráðnir til byggingarfulltrúastarfa samkvæmt þessum lögum, ef þeir óskuðu þess, og væri eðlilegt, að landshlutasamtökin hefðu einnig um það forystu, að það yrði gert.

Af ákvæðum greinarinnar leiðir, að byggingarfulltrúum einkum í dreifbýli mun fjölga verulega, enda virðist ljóst, að á því er mjög brýn þörf. Sveitarfélög með færri íbúa en 300 eru nú rúmlega 150 að tölu. Ljóst er hins vegar að sveitarfélög í dreifbýli munu hafa aukin útgjöld, frá því sem nú er, vegna þátttöku í kostnaði af störfum byggingarfulltrúa, sbr. og ákvæði 20. gr. og athugasemd við það. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á, að sýslusjóðsframlög hlutaðeigandi hreppa mundu lækka, þar sem útgjöld sýslusjóða vegna þátttöku í launum byggingarfulltrúa mundu jafnframt falla niður. Ennfremur má ætla, að tekjur af leyfisgjöldum skv. VII. kafla gætu víða komið verulega á móti auknum útgjöldum. Ef í ljós kæmi, að útgjaldaaukning dreifbýlissveitarfélaga á þessu sviði yrði tilfinnanleg, væru hugsanlegar ýmsar ráðstafanir til að draga úr eða jafna þennan kostnað, en reynslan yrði að skera úr því, hvort og/eða hve miklu leyti þeirra yrði þörf.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk byggingarnefnda. Hið daglega eftirlit með byggingarframkvæmdum er í höndum byggingarfulltrúa og starfsmanna hans, sbr. 22. gr. frv. Að öðru leyti virðist þessi grein ekki þarfnast skýringa.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fundasköp byggingarnefnda. Eru þau yfirleitt í samræmi við almenn fundasköp. Þó er nýmæli ákvæðið í 5. mgr. 8. gr. um rökstuðning synjunar. Sanngjarnt virðist, að sá aðili, sem synjað er, fái ef hann óskar þess skýringu á því, hvers vegna umsókn hans eða erindi er synjað.

Rétt er að taka fram, að ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi en meiri hluti fæst ekki til þátttöku í afgreiðslu máls, er því máli frestað, en ekki synjað.

Ályktanir byggingarnefndar þurfa samþykki eða staðfestingu sveitarstjórnar, til þess að öðlast gildi sbr. þó niðurlag 7. gr., þar sem sveitarstjórn er heimilað að fela byggingarnefnd önnur tiltekin störf, en í þeim tilvikum væri hugsanlegt, að sveitarstjórn fæli byggingarnefnd fullnaðarákvörðun í tilteknum málum í samræmi við almenna heimild sveitarstjórna til að framselja vald sitt.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Eðlilegt virðist, að gerðar séu kröfur um menntun og reynslu til þeirra, sem gera uppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum, bæði aðaluppdrætti og séruppdrætti. Upptalningin í greininni er í stafrófsröð eftir starfsheitum. Í 1. mgr. er fram tekið, að hlutaðeigandi aðilar geri uppdrætti hver á sínu sviði. Nánar er tekið

fram, að starfssvið markist af staðfestri starfsreynslu. Tiltekin fagmenntun að viðbættri tveggja ára starfsreynslu á hlutaðeigandi sviði veitir því aðila rétt til að gera uppdrætti á því sviði, en fram er tekið, að hin einstöku starfssvið skuli skilgreind í byggingarreglugerð. Ákvæðið í 2. mgr. um landslöggildingu þeirra, sem gera mega uppdrætti skv. 1. mgr., á að tryggja hvoru tveggja hæfni þessara aðila og atvinnumöguleika þeirra, hvar sem er í landinu. Jafnframt á ákvæðið að spara byggingaryfirvöldum fyrirhöfn við könnun á hæfni hlutaðeigandi aðila.

Að öðru leyti virðist efni greinarinnar ekki þarfnast skýringar.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um verksmiðjuframleidd hús, og er efni greinarinnar nýmæli. Innflutningur slíkra húsa hefur farið vaxandi og framleiðsla þeirra er hafin innanlands. Skv. greininni verður byggingarnefnd að samþykkja uppdrætti af slíkum húsum með sama hætti og uppdrætti af öðrum húsum og þau verða að öðru leyti að fullnægja ákvæðum byggingarlaga.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um gildistíma byggingarleyfis, og er hann í samræmi við gildandi reglur. Að öðru leyti felast í greininni heimildir til handa byggingaryfirvöldum til að knýja á byggingarleyfishafa að halda byggingarframkvæmdum áfram með hæfilegum hraða. Þessar heimildir eru auknar, frá því sem er í gildandi lagaákvæðum að því er varðar beitingu dagsekta og heimild til eignaupptöku ófullgerðra mannvirkja. Dæmi eru um, að byggingar og önnur mannvirki hafa staðið áfram og jafnvel áratugum saman ófullgerð. Hefur byggingaryfirvöld til þessa skort lagaheimildir til að knýja byggingaraðila til úrbóta. Greininni er ætlað að bæta úr þessu. Í lok greinarinnar er sérstaklega vikið að samtengdum húsum, en hvað þau snertir, er sérstaklega þýðingarmikið, að húsin séu byggð upp nokkurn veginn samhliða, þar eð tafir á byggingu eins húss gætu valdið töfum og tjóni á byggingu nágrannahúsa.

Um 15. gr.

Í V. kafla 15.—19. gr. eru ákvæði um byggingarstjóra. Þessi ákvæði eru nýmæli.

Samkvæmt gildandi byggingarsamþykkt Reykjavíkur og flestum byggingarsamþykktum á skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum veita byggingarnefndir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Við hverja byggingarframkvæmd þarf tvo löggilta meistara til að standa fyrir framkvæmdinni og bera ábyrgð á verkinu, sbr. ákvæði IV. kafla byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965.

Í samræmdri byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur sbr. Augl. nr. 22/1967 og byggingarsamþykktir einstakra staða er byggingarnefndum veitt heimild til að veita einum byggingarmeistara (húsasmíðameistara eða múrarameistara) réttindi til að standa fyrir byggingarframkvæmdum, og er sá meistari þá einn ábyrgur fyrir öllu verkinu. Með þessu heimildarákvæði má segja, að ákvæði um byggingarstjóra hafi í reynd verið lögfest.

Í frv. til byggingarlaga, sem lagt var fram á Alþingi haustið 1967, voru ákvæði um byggingarstjóra, og eru ákvæðin í þessu frv., 15.—19. gr. mjög áþekk þeim ákvæðum, sem í því frv. voru. Ákvæðin í frv. frá 1967 voru í meginatriðum samin í samvinnu við fulltrúa frá Arkitektafélagi Íslands, Meistarasambandi byggingarmanna og Verkfræðingafélagi Íslands. Þessir aðilar töldu ákvæðin um byggingarstjóra mjög til bóta.

Í flestum nágrannalöndum okkar hafa verið sett hliðstæð ákvæði um byggingarstjóra, þ. e. einn aðila, sem falin væri framkvæmdastjórn byggingarfram-

kvæmdar. Hann væri ábyrgur gagnvart húsbyggjanda og byggingaryfirvöldum og yrði tengiliður allra iðnmeistara, sem störfuðu að framkvæmdum. Af ákvæðum iðnlöggjafarinnar leiðir, að sé byggingarstjóri ekki sjálfur húsasmíða- eða múrarameistari, verður hann að hafa menn með slík réttindi í þjónustu sinni auk meistara í öðrum iðngreinum.

Mismunandi verkefni munu gera mismunandi kröfur til byggingarstjóra. Við venjulegar húsbyggingar og smærri byggingarframkvæmdir munu byggingarstjórar eflaust veljast úr hópi húsasmíða- og múrarameistara, svo sem verið hefur. Heyrst hafa raddir um það, að ákvæði um byggingarstjóra kunni að leiða til hækkaðs byggingarkostnaðar. Þar sem telja má víst, að húsasmíða- og múrarameistarar yrðu í flestum tilvikum byggingarstjórar við almennar húsbyggingar jafnhliða störfum í sínum sérgreinum, verður ekki séð, að slíkt ætti að hafa aukakostnað í för með sér umfram það, sem verið hefur í reynd í sambandi við greiðslur til þess eða þeirra meistara, sem staðið hafa fyrir byggingarframkvæmdum.

Í 1. mgr. 15. gr. er ákvæði um, að byggingarnefnd veiti byggingarstjórum viðurkenningu. Telja verður, að viðurkenning í eitt (fyrsta) skipti nægi og haldi byggingarstjóri viðurkenningunni ótakmarkað, nema hann hafi verið sviptur henni skv. 2. mgr. 33. gr. Viðurkenningin er bundin við svæði hlutaðeigandi byggingarnefndar. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, að aðili leiti slíkrar viðurkenningar hjá mörgum byggingarnefndum.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Vísað er til athugasemda um 15. gr. — Ákvæðið um ráðningu og uppsögn iðnmeistara er í samræmi við það, sem yfirleitt hefur tíðkast. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 18. gr.

Vísað er til athugasemda við 15. gr.

Um 19. gr.

Vísað er til athugasemda við 15. gr.

Um 20. gr.

Samkvæmt ákvæðum í byggingarsamþykktum fyrir skipulagsskylda staði skal sveitarstjórn skipa byggingarfulltrúa. Sjá hinsvegar um byggingarfulltrúa í sveitum í athugasemdum við 6. gr. — Í hinum stærri sveitarfélögum eru byggingarfulltrúar í fullu starfi og hafa aðstoðarmenn. Í minni sveitarfélögum eru byggingarfulltrúastörfin gjarnan aukastörf.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. frv. er í þessari grein gert ráð fyrir, að sveitarstjórn ráði byggingarfulltrúa, nema þar sem svæðisbyggingarnefnd starfar, þar skulu þær ráða byggingarfulltrúa að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, að byggingarfulltrúastarf sé aukastarf (hlutastarf), þar sem svo hagar til, en að jafnaði yrði að stefna að því, að um aðalstarf verði að ræða og í hinum stærri sveitarfélögum þarf byggingarfulltrúi að hafa aðstoðarmönnum á að skipa, sbr. 24. gr.

Skv. 3. mgr. 20. gr. þarf skipulagsstjórn ríkisins að samþykkja erindisbréf byggingarfulltrúa. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa samræmi varðandi efni erindisbréfa og starfssvið byggingarfulltrúa í samræmi við gildandi lög.

Um 21. gr.

Eðlilegt virðist með tilliti til ábyrgðar byggingarfulltrúa að gera nokkuð strangar kröfur um menntun hans og starfsreynslu. Er efni greinarinnar byggt á því sjónar-

miði. Þó mundu skv. gr. allir starfandi byggingarfulltrúar halda starfsréttindum sínum sbr. niðurlag greinarinnar.

Um 22. og 23. gr.

Í þessum greinum er fjallað um starfssvið byggingarfulltrúa, en svo er fyrir mælt í 23. gr., að nánari ákvæði um þetta efni verði sett í reglugerð þ. á m. um réttarstöðu byggingarfulltrúa, en æskilegt er að tryggja hana sem best bæði gagnvart þeim, sem gera uppdrætti, húsbyggjendum, byggingarstjórum og hlutaðeigandi sveitarstjórn og byggingarnefnd.

Um 24. og 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 26. og 27. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um viðhald, frágang og ásigkomulag húsa og annarra mannvirkja og ráð til úrbóta af hálfu byggingaryfirvalda, ef þessum atriðum er ábótavant. Hefur til þessa skort ótvíræðar lagaheimildir til að knýja eigendur fasteigna til úrbóta, þegar þeir hafa ekki sinnt ábendingum um úrbætur. Virðist eðlilegt og sjálfsagt, að byggingaryfirvöld hafi slíkt eftirlit með höndum og þá jafnframt þær lagaheimildir, sem í þessum greinum eru.

Um 28.—30. gr.

Í þessum kafla, 28., 29. og 30. gr. eru ákvæði um gjaldtöku og er þar ákveðið, að nánari ákvæði um þau verði sett í byggingarreglugerð. Skv. 29. gr. miðist gjöld þessi við vísitölu byggingarkostnaðar. Ákvæði þessi virðast ekki þarfnast skýringa.

Um 31.—36.. gr.

Í VIII. kafla, 31.—36. gr. eru ákvæði um viðurlög vegna brota á ákvæðum laganna. Hér er um að ræða ýmsar tegundir viðurlaga, s. s. áminningu, leyfissviptingu, sviptingu viðurkenningar, dagsektir, sektir, stöðvun framkvæmda, brottnám framkvæmda og eignaupptöku, svo og bótaábyrgð. Til þess að eftirlit með framkvæmd byggingarlaga verði raunhæft, virðist vera þörf á heimild í lögum til að beita þessum viðurlögum, ef á þarf að halda, sem verður væntanlega aðeins í undantekningartilvikum. Að sjálfsögðu yrði að jafnaði gripið til hinna vægustu viðurlaga fyrst, s. s. nánar er fyrir mælt í einstökum greinum kaflans.

Að öðru leyti virðast ákvæði þessa kafla ekki þarfnast skýringa.

Um 37. gr.

Í greininni eru gildistökuákvæði og niðurfellingarákvæði.

Miðað er við gildistöku 1. janúar 1977, ef frv. yrði að lögum haustið 1976 ella yrði gildistöku laganna frestað. Þó er fram tekið, að ákvæði 2. mgr. 6. gr. um skipan svæðisbyggingarnefndar og 2. mgr. 20. gr. um ráðningu svæðisbyggingarfulltrúa komi til framkvæmda smám saman og verði að fullu komin til framkvæmda í árslok 1980, en frá sama tíma falli úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 um byggingarfulltrúa sýslnanna. Ætti þannig að gefast nokkuð rúmur tími til að koma þeirri skipan á, sem fjallað er um í 2. mgr. 6. gr. Ef þessi tími reynist of skammur, gæti ráðuneytið veitt hlutaðeigandi sveitarfélögum undanþágu skv. 2. gr. frv.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ákvæði frv. byggja á því, að ákvæði um mikilvæg efnisatriði varðandi byggingarmálefni, s. s. tækniatriði, verði sett í almennri byggingarreglugerð, koma ákvæði frv., ef að lögum verður, ekki að fullum notum, fyrr en slík reglugerð hefur verið gefin út. Því virðist nauðsynlegt, að í frv. sé mælt fyrir um (frest til) útgáfu reglugerðarinnar.

Nd. **418. Frumvarp til laga** [209. mál]

um breyting á skipulagslögum nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess sbr. 4. gr. eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd) að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. maí 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, nefnd til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frumvarp til byggingarlaga, sem giltu fyrir landið allt. Þá fól ráðherra nefndinni að gera tillögur um breytingar á skipulagslögum, ef hún teldi slíkt nauðsynlegt.

Byggingarlaganefndin hefur nú lokið samningu frumvarps til byggingarlaga. Í samræmi við ákvæði þess og samkvæmt heimild í skipunarbréfi taldi nefndin óumflýjanlegt að gera þá breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964, að gildissvið skipulagslaga yrði rýmkað og nái til alls landsins, þannig að allar byggingar og önnur mannvirki hvar sem er á landinu skuli byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af sveitarstjórn og skipulagsstjórn.

Skv. gildandi skipulagslögum nr. 19/1964, 4. gr. 1. mgr. nær skipulagsskylda til þéttbýlisstaða, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri. Meðal þeirra mannvirkja, sem þannig mundu lúta ákvæðum skipulagslaga, eru mannvirki, sem undanþegin verða ákvæðum byggingarlaga skv. 1. gr. frv. til byggingarlaga, s. s. götur og vegir, dreifikerfi ýmiskonar, hafnarmannvirki og virkjanir.

Skv. 1. gr. frv. er þó sú undantekning gerð, að byggingar á lögbýlum í sveitum verða ekki háðar hinum almennu ákvæðum skipulagslaga um, að þær verði byggðar í samræmi við áðurgerða og samþykkta heildarskipulagsuppdrætti. Hinsvegar er áskilið í 3. mgr. 1. gr., að umsókn um leyfi til byggingar á lögbýlum skuli fylgja auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru bæði byggingar, sem fyrir

eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Ennfremur skal sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg, svo og vatnslagnir og holræsalagnir.

Skv. 2. mgr. 1. gr. er skylt að gera skipulagsuppdrætti af þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má, að þéttbýli rísi.

Sé slíkur uppdráttur ekki fyrir hendi, getur byggingarnefnd (sveitarstjórn) þó með samþykki skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir með skilyrðum skv. 2. gr.

Á hinum Norðurlöndunum eru lög um byggingarmálefni og skipulagsmál (byggingarskipulag) yfirleitt í einum og sama lagabálki. Nefndin taldi ástæðulaust, að sá háttur yrði upptekinn hér, enda eru skipulagslögin tiltölulega ung að árum og nefndinni var ekki beinlínis falið í skipunarbréfi sínu að hafa þann hátt á.

Ákvæðið um undanþágu bygginga á lögbýlum frá skipulagsskyldu, þ. e. að fyrir hendi þurfi að vera samþykktur skipulagsuppdráttur af byggingum á lögbýlum, er í samræmi við þá skipan ,sem á er höfð víða erlendis t. d. í Noregi og Svíþjóð.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. um héraða- og landshlutaskipulag er óbreytt, frá því sem nú er í skipulagslögum.

Sþ. 419. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi.

Flm.: Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson, Ingvar Gíslason, Jónas Árnason, Steingrímur Hermannsson, Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi reisa næsta raforkuver á Norðurlandi vestra.

Greinargerð.

Orkustofnun gaf út í maí 1975 frumáætlun um 32 mw. virkjun við Villinganes í Skagafirði. Skýrsla þessi er unnin á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og ber hún það með sér að þarna er um mjög álitlega virkjun að ræða, sé verið að virkja vegna íslenskra notenda. Hins vegar er virkjun þessi ekki af þeirri stærð að hún gæti orðið orkuöflunarfyrirtæki vegna erlendrar stóriðju. Síðan hafa verið framkvæmdar allmiklar rannsóknir á þessum slóðum og hafa þær allar hnigið í þá átt að um álitlega virkjun sé að ræða.

Iðnaðarráðuneytið hefur hins vegar talið heppilegra að leggja áherslu á virkjun Blöndu og borið fram frv. þar að lútandi. Blanda verður hins vegar ekki virkjuð nú á næstunni nema með því að selja mestalla orkuna til orkufreks iðnaðar. Virkjunin er allt of stór fyrir almennan raforkumarkað á Norðurlandi og einnig of stór fyrir almennan markað á landinu öllu, nema í tengslum við sérstök stór verkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Enn augljósara er þó, að áform um Blönduvirkjun, sem koma beint í kjölfar ákvörðunar um Hrauneyjafossvirkjun, hljóta að vera tengd stórfelldum hugmyndum um uppbyggingu erlendrar stóriðju á fyrri hluta næsta áratugs.

Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum er hins vegar af þeirri stærð, að hún fellur mjög vel að þeirri aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á rúmu ári. Auk þess er virkjunin talin mjög hagkvæm samkvæmt nýjustu útreikningum.

Þá er þess að geta, að um virkjun hjá Villinganesi er einhugur heimamanna (sjá fylgiskjöl I, II, III, IV, V, VI og VII). Því er hins vegar ekki að heilsa hvað varðar virkjun Blöndu, enda er þar um að ræða geysilega röskun á náttúrufari (sjá fskj. VIII og X). Þar er áformað að mynda miðlunarlón. Þar kæmi til með að sökkva

gróið land, 60—70 km². Til samanburðar má geta þess, að þetta land er stærra en öll tún í Austur-Húnavatnssýslu. Þetta land er gott og gjöfult, og með öllu óvíst að þessi landsspjöll verði bætt.

Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns- og Torfalækjarhreppar og Blönduós, á Eyvindarstaðaheiði Bólstaðarhlíðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og einstakar jarðir í Akrahreppi og Ríðurhreppi.

Viðhorf íbúa þeirra hreppa, er upprekstur eiga á Eyvindarstaðaheiði, kemur glögglega í ljós í fylgiskjölum. Viðhorf íbúa Svínavatnshrepps er það, að í júní 1975 skrifaði meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hreppsins undir yfirlýsingu til iðnaðarráðuneytisins um það, að þeir teldu ekki koma til greina að sökkva landi á Auðkúluheiði. Síðan var samþykkt á almennum sveitafundi á Húnavöllum 15. júlí 1975 með 31 atkv. gegn 16 ályktun sem tekur af öll tvímæli um vilja hreppsbúa. Flestir íbúar Torfalækjarhrepps og forráðamenn Blönduóshrepps hafa hins vegar tekið jákvæða afstöðu varðandi virkjun Blöndu.

Það er því ljóst að samstaða næst ekki nema um virkjun Héraðsvatna, en þar er ekki heldur um verulega röskun á náttúrufari að ræða.

Samkvæmt frumáætlun Orkustofnunar um Villinganesvirkjun var stofnkostnaður vinnsluvirkja áætlaður í maí 1975 2 900 millj. kr.:

Kostnaðaryfirlit.

Stífla og yfirfall	713	m.kr.
Framhjárennslisgöng	75	—
Aðrennslisskurður og inntak	117	—
Þrýstivatnspípa	56	—
Stöðvarhús og frárennsli	199	—
Stöðvarvarðahús	25	—
Vélar og rafbúnaður	735	—
Samtals	1 920	m.kr.
Ófyrirséð 5% af 700 m.kr.	35	—
Ófyrirséð 15% af 1 220 m.kr.	183	—
Samtals	2 138	m.kr.
Verðhækkanir	172	—
Samtals	2 310	m.kr.
Hönnunar- og umsjónarkostnaður	230	—
Undirbúningskostnaður	100	—
Samtals	2 640	m.kr.
Vextir á byggingartíma	260	—
Stofnkostnaður vinnsluvirkja	2 900	m.kr.

Stofnkostnaður á afleiningu: 90.6 m.kr./MW

Stofnkostnaður á orkueiningu: 16.6 kr./kWh/a

Stofnkostnaður miðast við verðlag eins og það var í maílok 1975.

Lýsing mannvirkja. Heildaryfirlit.

Ráðgert er að stífla Héraðsvötn með jarðefnastíflu um 2 km neðan ármóta Eystri- og Vestari-Jökulsár. Steypt yfirfall verður á vestari árbakka, en aðrennslisskurður fram hjá stíflunni á eystri bakka. Frá inntaki við skurðendann liggur þrýsti-

pípa niður í árgljúfrið að stöðvarhúsi, sem er ofanjarðar í farveginum neðan stíflunnar.

Á byggingartíma verður ánni veitt fram hjá virkjunarstaðnum um jarðgöng í vestari árbakka.

Villinganesvirkjun verður rennslisvirkjun með dægurmiðlunarlóni. Gert er ráð fyrir að venjuleg yfirvatnshæð verði 153 m y. s., en undirvatnsborð 96.5 m y. s.

Verg fallhæð verður því 56.5 m.

Þá er þess að geta að í Jökulsánum í Skagafirði eru nokkrir aðrir álitlegir virkjunaráfangar þannig að þarna virðist vera um að ræða álitlega staðhætti til raforkuöflunar miðað við þarfir landsmanna sjálfra. Það er skoðun flm. að samtenging raforkukerfis landsmanna sé hið brýnasta verkefni. Eðlilegt sé síðan með tilliti til öryggis og atvinnusjónarmiða að reisa virkjanir af hæfilegri stærð í hinum ýmsu landshlutum. Orkuvinnslugeta Villinganesvirkjunar, miðað við samrekstur Norðurlandskerfis og Landsvirkjunarkerfis, eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa tekið til starfa, er 175 GWh./a. Kostnaður við hvert framleitt mw. var í maí 1975 áætlaður 2.18 kr. Virkjunarstaðurinn er ekki á eldvirku svæði.

Fylgiskjal I.

Við undirritaðir landeigendur við Héraðsvötn og Jökulsár í Skagafirði gjörum kunnugt, að við erum reiðubúnir til viðræðu og samninga um fyrirhugaða virkjun, sem kennd er við Villinganes, að því tilskildu, að hvers konar tjón á mannvirkjum, landi og hlunnindum verði að fullu bætt.

Jafnframt áskiljum við okkur rétt til samninga um verktilhögun, t. d. að tryggt sé að vatn flæði aldrei vestur úr yfirfalli í stórflóðum.

Varmahlíð, 4/2 1976,

Hjálmar Guðjónsson, Tunguhálsi II, Guðsteinn Guðjónsson, Tunguhálsi, Stefán Hrólfsson, Keldulandi, Ólafur Þorsteinsson, Tyrfingsstöðum, Grétar Símonarson, Goðdölum, Borgar Símonarson, Goðdölum, Guðrún Eiríksdóttir, Villinganesi, Leifur Hreggviðsson, Birgisskarði, Trausti Símonarson, Hverhólum, Sigurður Friðriksson, Stekkjarflötum, Aðalsteinn Eiríksson, Villinganesi.

Fylgiskjal II.

Ályktun fundar sveitarstjórnarmanna í Miðgarði 20. jan. 1976.

Fundur sveitarstjórnarmanna í Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar, haldinn í Miðgarði 20. jan. 1976, lítur svo á að yfirlýsing iðnaðarráðherra um að frumvarp um Blönduvirkjun verði nú á næstunni lagt fyrir Alþingi sé algjörlega óeðlileg og ótímabær eins og málum þessum er háttað.

Lýsir fundurinn furðu sinni á því, að ekki verði flutt frumvarp um virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, og vekur athygli á því, að með þessari yfirlýsingu hefur iðnaðarráðherra algjörlega gengið gegn margítrekuðum samþykktum Upprekstrarfélagsins og ýmissa fleiri heimaaðila um að sú virkjun skuli vera hið fyrsta stig virkjana á Norðurlandi vestra.

Fundurinn ítrekar enn áskorun til ríkisstjórnarinnar um að stefna beri að virkjun við Villinganes, að undangengnum samningum við landeigendur, með flutningi frumvarps þar að lútandi.

Fylgiskjal III.

Almennur hreppsfundur í Akrahreppi, haldinn að Héðinsminni 23. júní 1975, samþykkir eftirfarandi ályktun um orkumál:

Fundurinn fagnar vaxandi áhuga og umræðum, sem fram hafa farið um raforkumál og virkjanir á Norðurlandi vestra. Ber þar hæst yfirlýsingu iðnaðarráðherra, Gunnars Thoroddsen, um að ákvörðun verði tekin um virkjun í þessum landshluta þegar á þessu ári.

Orkuskortur er tilfinnanlegur í landshlutanum og stendur athafnalífi og búsetuþróun mjög fyrir þrifum. Er því vissulega tími til kominn, að úr verði bætt. Í því sambandi hvetur fundurinn til að samtengingu rafveitnanna verði hraðað sem kostur er og að unnið verði að styrkingu dreifikerfisins.

Um virkjun í fjórðungnum er það að segja, að velja verður á milli virkjunar Blöndu eða Héraðsvatna í fyrsta áfanga. Fundurinn mælir eindregið með, að Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum verði látin ganga fyrir, og bendir því til stuðnings á þessi rök:

1) Virkjunin er af heppilegri stærð sem áfangavirkjun, og tryggir næga orku fyrir vaxandi framleiðslu og búsetu á Norðvesturlandi um nokkurt árabil. Blönduvirkjun er aftur á móti of stór fyrir heimamarkað. Yrði því að leita eftir orkufrekum erlendum iðnaði til þess að kaupa orkuna. Væri þá eins líklegt að heimaaðilar byggju eftir sem áður við orkuskort. Nógu langt mun gengið á þeirri braut að selja raforku úr landi á lágmarksverði, meðan inn er flutt olíuorka á margföldu verði.
2) Villinganesvirkjun fylgja hverfandi landsspjöll. Blönduvirkjun fylgja geigvænleg landsspjöll.
3) Undirbúningur og bygging Villinganesvirkjunar tekur mun skemmri tíma og kæmi hún því til nota mun fyrr.
4) Telja má að auðvelt verði að ná samstöðu og samningum við heimamenn um Villinganesvirkjun. Samstaða óhugsandi um Blönduvirkjun, vegna landeyðingar sem henni fylgir.
5) Í Jökulsá eystri eru möguleikar fyrir frekari virkjunum, smærri eða stærri. Einnig hugsanleg vatnsmiðlun er hefði verulegt gildi fyrir Villinganesvirkjun.

Fundurinn skorar því á hæstvirtan iðnaðarráðherra, alþingismenn, orkumálastjóra og hvern þann, er lagt gæti málum lið, að hlutast til um að rannsóknum og undirbúningi við Villinganesvirkjun verði lokið á þessu ári, ákvörðun tekin og framkvæmdir hafnar svo fljótt sem aðstæður frekast leyfa.

Samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.

Jóhann L. Jóhannesson, (fundarstj.). Gunnar Oddsson, (fundarritari).

Fylgiskjal IV.

Búnaðarfélag Lýtingsstaðahrepps samþykkti á fundi sínum eftirfarandi ályktun um virkjunarmál.

„Aðalfundur Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps, haldinn í Ásgarði þriðjudaginn 22. apríl 1975, fagnar loforðum stjórnvalda um úrbætur á raforkumálum á Norðurlandi vestra með virkjun á svæðinu.

Jafnframt skorar fundurinn eindregið á yfirstjórn orkumála að hraða undirbúningsrannsóknum á Jökulsá í Skagafirði og stefna að virkjun þar sem allra fyrst, en fresta ákvörðun um Blönduvirkjun."

Samþykkt samhljóða.

Guðmundur Helgason, fundarritari. Sigurður Sigurðsson, fundarstjóri.

F. h. Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps,
Sigurjón Sigurbergsson, (form. félagsins).

Fylgiskjal V.

Útskrift úr fundargerð.

„Almennur hreppsfundur í Seyluhreppi, haldinn að Miðgarði laugardaginn 14. júní 1975, lýsir ánægju sinni yfir þeim áhuga ráðamanna raforkumála fyrir virkjun á Norðurlandi vestra, sem fram hefur komið.

Jafnframt mótmælir fundurinn eindregið fyrirhugaðri Blönduvirkjun, vegna þeirra geysilegu landspjalla sem þar koma til með að verða og vart eða ekki verða bætt, en valda munu verulegri röskun á búskaparaðstöðu margra bænda á svæðinu.

Þá vill fundurinn benda á, að samkvæmt upplýsingum fagmanna getur Jökulsárvirkjun í Skagafirði komið fyrr að gagni til að fullnægja þeirri orkuþörf, sem nú er og verða mun í næstu framtíð á þessu svæði. **Þess vegna vill fundurinn leggja mikla áherslu á að í þá virkjun verði ráðist sem allra fyrst.**"

Ofanritað tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rétta útskrift úr fundargerð vottar

Halldór Benediktsson,
(fundarstjóri).

Fylgiskjal VI.

Samþ. í einu hljóði.

Frá allsherjarnefnd:

Út af framlagðri tillögu þeirra Konráðs Gíslasonar, Jónasar Haraldssonar og Björns Egilssonar um orkumál leggur nefndin til, að sýslunefndin samþykki tillöguna, sem hér segir:

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fagnar yfirlýsingu iðnaðarráðherra frá s. l. vetri um að tekin verði ákvörðun um vatnsaflsvirkjun í Norðurlandskjördæmi vestra þegar á þessu ári. Jafnframt skorar nefndin á iðnaðarráðuneytið að sjá um, að það grundvallarsjónarmið ríki við alla áætlangerð og ákvarðanatöku, að virkjunin miðist fyrst og fremst við, að fullnægt sé orkuþörf innlends markaðar, — þar með talin upphitun alls íbúðarhúsnæðis, sem ekki fær notið jarðhita, — áður en orkunni er ráðstafað til stórfyrirtækja í eigu erlendra aðila. Það er skoðun sýslunefndar, að þegar um er að ræða tvo áþekka kosti (Blanda og Jökulsá) beri að hafa eftirfarandi í huga:

1. Gert er ráð fyrir, að með virkjun Blöndu sökkvi undir vatn a. m. k. 60 ferkm gróins beitilands á afréttum, þar sem beitarþröng er þegar fyrir. Allir viðurkenna, að gróðurlendi landsins sé of lítið og sífellt á undanhaldi, m. a. vegna ofbeitar á vissum landssvæðum svo og vegna áhrifa af völdum óviðráðanlegra náttúruafla. Af þeim sökum verja íslendingar árlega verulegum fjármunum

til þess að græða sárin á örfoka afréttum oft með misjöfnum árangri. Með því að sökkva tugum ferkm gróins lands undir vatn sýnist því að verið sé að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Af þessari ástæðu fyrst og fremst virðist ljóst orðið að samstaða um virkjun Blöndu muni ekki nást meðal íbúa í Norðurlandskjördæmi vestra.

2. Af framansögðu telur sýslunefndin einsýnt, að ráðamenn raforkumála snúi sér þegar að þeim valkosti, sem næst liggur, þ. e. fullnaðarrannsóknum á hagkvæmni Jökulsárvirkjunar eystri. Fyrir liggur, að virkjun Jökulsár verði framkvæmd í áföngum. Forsenda hennar er því ekki orkusala til stóriðjureksturs, svo sem virðist vera með Blönduvirkjun, stærðin er í samræmi við innlenda orkuþörf, landspjöll verða lítil sem engin og loks er líklegt, að fullkomin samstaða heimaaðila sé um þá framkvæmd.
3. Sýslunefndin skorar því á þingmenn þessa kjördæmis að beita sér fyrir því, að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og Jökulsár eystri njóti forgangs, svo að nægilegt fjármagn fáist á þessu ári til rannsóknar á virkjunarmöguleikum þar, og leggur á það þunga áherslu, að á næsta Alþingi verði sett lög um virkjun þessa.

Sauðárkróki, 29. júlí 1975.

Fylgiskjal VII.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAUÐÁRKRÓKI, 2. júní 1975.

Hr. Gunnar Thoroddsen, iðnaðarráðherra,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Virkjun á Norðurlandi vestra.

Á aðalfundi K. S., er haldinn var 30. og 31. maí s. l., kom fram eftirfarandi tillaga frá Gunnari Oddssyni, Flatatungu, og var hún samþykkt á fundinum með lófataki:

„Aðalfundur K. S. 1975 mótmælir eindregið framkomnum hugmyndum um Blönduvirkjun, þar sem áformað er að sökkva undir vatn og eyða 60—70 km² af gróðurlendi á afréttum Skagfirðinga og Húnvetninga.

Þvílíkar landeyðingarframkvæmdir eru á engan hátt réttlætanlegar, þar sem ljóst er, að á Norðurlandi vestra eru margir hagkvæmir virkjunarmöguleikar, án þess að teljandi landspjöll fylgi.

Bendir fundurinn á virkjunarstaði í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri og vísar til áskorunar þar um frá síðasta aðalfundi.

Einnig vill fundurinn minna á hugmyndir um virkjun Blöndu í farvegi sínum.

Krefst því fundurinn að strax verði hafist handa við undirbúning og framkvæmdir virkjunar sem fullnægir orkuþörf vaxandi atvinnulífs í þessum landshluta og landeyðingaráform verði ei látin tefja framgang mála".

Vér sendum yður þessa tillögu, í von um að þér veitið henni brautargengi.

Virðingarfyllst.

pr. pr. Kaupfélag Skagfirðinga,

Helgi Rafn Traustason.

Fylgiskjal VIII.

SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi.

ÁLYKTUN UM BLÖNDUVIRKJUN

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) hafa fylgst með undirbúningi Blönduvirkjunar í A.-Hún. Miðað við þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir um þessa virkjun (sbr. Greinargerð um virkjun Blöndu, Orkust., 25. 4. 1975), vilja samtökin vekja athygli á eftirfarandi:

1. Í áætluninni er gert ráð fyrir allt að 62 ferkm miðlunarlóni á afréttum A.-Hún. og Skagafjarðar, en af því er talið að um 56 ferkm séu samfellt gróðurlendi.
   Þetta eru nálægt 40% þess gróðurlendis, sem líkur eru til, að tekið verði undir miðlunarlón við fullnýtingu á vatnsorku landsins. (Ef Þjórsárver eru undanskilin eru þetta um 60%). (Sbr. Jakob Björnsson: Landþörf orkuvinnsluiðnaðarins á Íslandi. Orkust., mars 1973).
2. Við þetta má bæta töluverðu landi, sem fer undir mannvirki í sambandi við virkjunina, svo sem stíflur, veituskurði, vegi o. fl., svo og raski vegna efnistöku. Þá munu eyjar í lóninu ekki nýtast til beitar.
3. Þá fara um 10—15 ferkm af stöðuvötnum undir veitur og lón (Þrístikla, Friðmundarvatn austara, Gilsvatn o. fl.). Sum þessara vatna eru ágæt veiðivötn, en líf þeirra mun breytast grundvallarlega við tilkomu jökulvatns úr Blöndu og fiskur að líkindum hverfa úr þeim.
4. Tillögur hafa komið fram um að veita allt að helmingi þess vatns, sem fellur til Vatnsdalsár, yfir í hinn nýja farveg Blöndu, en það mundi valda gerbreytingu á báðum ánum.
5. Hætt er við ýmsum breytingum af völdum miðlunarlónsins. Jarðvegur mun rofna í bökkum þess og sandfok gæti orðið úr lónstæðinu á vetrum, en á sumrum aukinn vatnsagi í grennd við stíflur. (Leki úr lóninu gæti jafnvel orsakað breytingar á vatnakerfum Vatnsdalsár o. fl. vatna í A.-Hún.). Loks getur lónið haft áhrif á veður á nærliggjandi afréttum og einnig í nálægum sveitum, t. d. með aukinni þokumyndun.
6. Ljóst er því, að með fyrirhugaðri Blönduvirkjun er stefnt að stórfelldri röskun á náttúrufari Austur-Húnavatnssýslu, sem kemur verst niður á sumum búsældarlegustu sveitunum, þar sem veðurfar og gróður veita hagstæðust skilyrði til búskapar og veiðihlunnindi eru einna mest.
7. Hugmyndir um endursköpun þess gróðurlendis, sem fer undir miðlunarlón eða önnur virkjunarmannvirki, teljum við algerlega óraunhæfar, enda hlýtur uppgræðsla eyðilands að vera sjálfsögð án tillits til virkjunar. Hið sama gildir um möguleika á aukningu veiðinnar í öðrum vötnum, í stað þeirra sem skemmast.
8. Óspillt náttúrufar verður efalaust því meira metið sem tímar líða. Eyðing gróðurs og dýralífs er ævarandi skaði, sem ekki er hægt að bæta með fé eða á annan hátt. Það er ekki aðeins skaði þeirra sveita, sem verst verða úti, heldur allrar þjóðarinnar og raunar alls heimsins.
9. Með tilliti til ofangreindra atriða er það niðurstaða okkar, að ekki skuli stefna að Blönduvirkjun á næstu áratugum, heldur skuli velja þá virkjunarmöguleika norðanlands, sem vitað er að valda mun minni umhverfisspjöllum.

(Samþykkt á stjórnarfundi SUNN, 7.6 1975).

Fylgiskjal IX.

Ályktun sveitarfundar í Svínavatnshreppi.

Sveitarfundur í Svínavatnshreppi, haldinn á Húnavöllum 15. júlí 1975, telur að ástæðulaust sé að halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegrar Blönduvirkjunar þar sem hún muni óhjákvæmilega hafa stórkostleg landspjöll í för með sér. Telur fundurinn að orkumál Norðurlands vestra verði betur og farsællegar leyst með áfanga-virkjunum í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri, enda hafa þær virkjanir ekki geigvænleg landspjöll í för með sér og fullnægja betur orkumarkaði Norðlendinga þannig að þeir geta hagnýtt orkuna sjálfir, en þurfi ekki að selja hana til erlendrar stóriðju, svo sem óhjákvæmilega yrði að gera um orku frá Blöndu.

Samþ. með 31:16 atkv.

Fylgiskjal *X*.

Þingsályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

Alþingi ályktar, að á árunum 1975—79, að báðum árum meðtöldum, skuli framkvæma eftirfarandi áætlun um landgræðslu og gróðurvernd til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu og verja til þess ríkisfé í samræmi við hana:

1.	**Landgræðsla ríkisins:** Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar. Gróðurvernd og landgræðsla	700 millj. kr.
2.	**Skógrækt ríkisins:** Skóggræðslukönnun, skógvernd og skógrækt	170 millj. kr.
3.	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins:** Rannsóknir á nýtingu beitargróðurs, aðrar tilraunir og gróðurkortagerð	80 millj. kr.
4.	**Annað:** Ráðstafanir til bættrar landnýtingar og stuðningur við fræðslustarf samtaka áhugamanna	50 millj. kr.
		1000 millj. kr.

Árlegar fjárveitingar af ríkisfé til áætlunar þessarar miðist við, að hún haldi núverandi framkvæmdagildi sínu hliðstætt því, sem gildir um jarðræktarframlög samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga, og að áætlunin komi til framkvæmda í jöfnum árlegum áföngum á árunum 1975—79. Fjárveitingar til áætlunarinnar skulu ekki blandast saman við venjulegar fjárveitingar til þeirra málaflokka, sem áætlunin tekur til, og ekki rýra þær.

Landbúnaðarráðherra setur á fót samstarfsnefnd til þess að efla samvinnu þeirra stofnana, sem hafa með höndum framkvæmd áætlunar þessarar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar að eigin vali, en aðrir nefndarmenn verði þessir: landgræðslustjóri, búnaðarmálastjóri, skógræktarstjóri og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Samþykkt á Alþingi 28. júlí 1974.

Nd. 420. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur rætt á fundi sínum frv. til l. um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar (193. mál, þskj. 386). Á fundinn hafði einnig verið boðuð stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, og var frumvarpið rætt við stjórnarmenn.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála flutningsmanni frv. um skerðingarákvæði það, sem frumvarpið fjallar um, feli í sér óeðlilega viðmiðun við úthlutun atvinnuleysisbóta. Í sambandi við málið kom fram í nefndinni áhugi á því að ríkisstjórnin hraðaði undirbúningi löggjafar um fæðingarorlof handa öllum konum í landinu og tryggði tekjustofn til þess.

Í trausti þess, að þeirri endurskoðun atvinnuleysistryggingalaga, sem ráðherra hefur boðað, verði hraðað, leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 24. mars 1977.

Jón Skaftason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Karvel Pálmason.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 421. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur rætt á fundi sínum frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof, 194. mál, þskj. 388). Frumvarpið, sem flutt er af níu þingmönnum neðri deildar Alþingis úr fjórum flokkum og tekur af tvíæli um afnám skerðingarákvæða í fæðingarorlofi, var einnig rætt við fimm stjórnarmenn úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem komu á fund nefndarinnar og veittu ýmsar upplýsingar.

Niðurstaða meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar var sú, að vegna framkvæmdar laganna þyrfti að hraða afgreiðslu málsins á Alþingi. Var nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Sigurður Magnússon, 3. þm. Reykv., mun væntanlega skila sérálíti.

Alþingi, 24. mars 1977.

Jón Skaftason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 422. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá Þórarni Þórarinssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.

Nd. 423. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Það er alkunna að skerðingarákvæðið um tekjumörk maka í 16. gr. 1. málsgr. g-lið hefur ekki einvörðungu áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, heldur og á greiðslur atvinnuleysisbóta. Þetta bitnar sem kunnugt er í reynd nær eingöngu á giftum konum á vinnumarkaði, sem missa við það atvinnuleysisbætur með öllu. Eðlilegt er að um leið og skerðingarákvæðið er afnumið gagnvart fæðingarorlofi verði það misrétti, sem lögin fela í sér með skerðingu á atvinnuleysisbótum, lagfært. Flyt ég breytingartillögu þar að lútandi.

Alþingi, 24. mars 1977.

Sigurður Magnússon.

Nd. 424. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá Sigurði Magnússyni.

Efnismálsliður 1. gr. orðist svo:
16. gr. 1. málsgr. g-liður fellur úr gildi 1. júní 1977. Ákvæði í 18. gr. 2. málsgr. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

Nd. 425. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Ég er samþykkur efni frumvarpsins og því andvígur tillögu meiri hluta nefndarinnar að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, og legg ég því til að frv. verði samþ.

Alþingi, 24. mars 1977.

Sigurður Magnússon.

Sþ. 426. Breytingartillaga [162. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá Sigurði Magnússyni, Þórarni Þórarinssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Ellert B. Schram og Magnúsi T. Ólafssyni.

Við kafla II. Skipting útgjalda. Tölur í lið 2.4.2. (Aðrir fjallvegir) breytist svo:

1977: Í stað 17 millj. komi 20 millj. og þar af komi 3 millj. til Bláfjallavegar frá Sandskeiði að Kóngsgili.

1978: Í stað 20 millj. komi 24 millj. og þar af komi 4 millj. til Bláfjallavegar frá Sandskeiði að Kóngsgili.

1979: Í stað 20 millj. komi 24 millj. og þar af komi 4 millj. til Bláfjallavegar frá Sandskeiði að Kóngsgili.

1980: Í stað 20 millj. komi 24 millj. og þar af komi 4 millj. til Bláfjallavegar frá Sandskeiði að Kóngsgili.

Ed. 427. Frumvarp til laga [211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í marsmánuði 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við stofnun hans samkvæmt lögum nr. 105 frá 21. desember 1945. Var stofnsamningur sjóðsins undirritaður af Íslands hálfu 27. desember 1945, sbr. auglýsingu nr. 1 frá 16 janúar 1946. Stofnskráin er birt sem nr. 54 í ritinu Samningar Íslands við erlend ríki, sbr. auglýsingu nr. C 17/1964.

Með lögum nr. 82 frá 31. desember 1968 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Með breytingu þessari var m. a. komið á kerfi sérstakra dráttarréttinda, sem úthlutað er til aðildarríkja hans og verða þau hluti gjaldeyrisforða þeirra.

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir ríkisins hönd samkvæmt 20. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Mun Seðlabankinn því eins og verið hefur hafa með höndum öll viðskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Tilgangurinn með stofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var í aðalatriðum þríþættur: (1) að koma á skipulegu kerfi gjaldeyrisviðskipta milli landa, sem yrði laust við hömlur á gjaldeyrisviðskiptum tengdum inn- og útflutningi vöru og þjónustu; (2) að koma á skráningu stofngengis á gjaldmiðlum aðildarlanda sjóðsins, sem ekki væri breytt nema með samþykki sjóðsins; og (3) að mynda sjóð, er aðildarþjóðir gætu tekið lán úr, þegar þær ættu við greiðslujafnaðarerfiðleika að stríða.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á undanförnum áratugum og hið frjálsa kerfi alþjóðlegra greiðsluviðskipta, sem honum er tengt, hafa tvímælalaust komið að miklu gagni og átt drjúgan þátt í þeim öru efnahagsframförum, sem orðið hafa frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Starfsemin hefur að sjálfsögðu breyst með tímanum og breyttum aðstæðum. Sumar breytingar hafa getað átt sér stað innan ramma gildandi stofnskrár, en nú er í annað sinn óhjákvæmilegt að breyta sjálfri stofnskránni til þess að gera stofnuninni kleift að gegna hlutverki sínu til fulls við núverandi aðstæður.

Ísland hefur nokkrum sinnum tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjónum til þess að mæta tímabundnum erfiðleikum í utanríkisviðskiptum. Nú síðast hafa verið tekin veruleg lán á árunum 1974—1976. Skuld Íslands við sjóðinn nemur nú samtals 62.2 millj. sérstakra dráttarréttinda eða jafnvirði um 13 600 millj. kr. Af því eru svonefnd jöfnunarlán 11.5 millj. sérstakra dráttarréttinda, olíulán 39.2 millj. sérstakra dráttarréttinda og almenn yfirdráttarlán 11.5 millj. sérstakra dráttarréttinda.

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er nú 23 millj. sérstakra dráttarréttinda. Í öðru frumvarpi til laga, sem lagt hefur verið fram, er óskað heimildar til þess að hækka framlagið í 29 millj. sérstakra dráttarréttinda.

Við stofnun sjóðsins árið 1945 voru Bandaríkin öflugasta landið í gjaldeyrisviðskiptum heimsins, þar eð dollarinn var aðalgeymslugjaldmiðill fyrir gjaldeyrisvarasjóði, auk þess sem Bandaríkin áttu langmest af gullforða heimsins. Því var það kerfi alþjóðagjaldeyrismála, er þá var sett á stofn, látið nota gull sem grunneiningu, en jafnframt gegndi bandaríkjadollar meginhlutverki í kerfinu, enda var hægt að skipta á honum og gulli á föstu gengi.

Lengi framan af, eða allt fram undir 1960, var ríkjandi veruleg eftirspurn eftir dollurum í heiminum, en hún kom til af nauðsyn aðildarþjóða sjóðsins til að auka við gjaldeyrisvarasjóði, er staðið gætu undir frjálsum og eðlilegum utanríkisviðskiptum. Greiðslujöfnuður Bandaríkjanna var með halla á þessum árum, sem leiddi til þess, að aðrar þjóðir gátu eignast dollara fyrir gjaldeyrisvarasjóði sína.

Snemma á sjöunda áratugnum fór að verða ljóst, að þessi uppbygging alþjóðagjaldeyrismála var takmörkunum háð. Auðsætt var, að gullforði Bandaríkjanna mundi ekki endast til að málmtryggja þá upphæð dollara, sem þá var í umferð utan Bandaríkjanna. Var því séð fram á, að greiðsluhalli Bandaríkjanna yrði að minnka og þar með dollaraútstreymið, sem enn var töluvert. Einhver annar gjaldmiðill, er nyti álíka trausts, þyrfti að koma í staðinn sem alþjóðlegur gjaldmiðill.

Var horfið að því ráði á árinu 1968 að breyta stofnsamningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að vinna að þessu markmiði. Með breytingu þessari var komið á kerfi sérstakra dráttarréttinda, sem í stórum dráttum fólst í því, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf út eigin gjaldmiðil, hin sérstöku dráttarréttindi (Special Drawing Rights, skammstafað SDR), sem úthlutað var til aðildarþjóðanna í hlutfalli við kvóta þeirra hjá sjóðnum. Á árunum 1970—72 var þannig samtals úthlutað 10.5 milljörðum SDR, en þar af komu 7.42 millj. SDR í hlut Íslands, jafngildi 1631 millj. kr. á núverandi gengi.

Í ágúst 1971 urðu Bandaríkin að hætta gulltryggingu dollarans. Þetta þýddi í raun, að gengi dollarans var ekki lengur fast stofngengi heldur varð að ráðast af framboði og eftirspurn. Þar eð Bandaríkin eru þýðingarmesta viðskiptaþjóðin í heiminum, varð fljótandi gengi dollarans til þess að flest önnur lönd urðu líka að taka upp fljótandi gengi í reynd um tíma.

Í lok ársins 1971 var reynt að endurreisa stofngengisfyrirkomulagið með Smithsonian-samningnum svonefnda. Hann fól í sér nokkra gengislækkun dollarans, en á móti kom m. a. gengishækkun þýska marksins, japanska yensins og nokkurra fleiri mynta. Hið nýja stofngengisfyrirkomulag entist ekki nema í rúmlega eitt ár, þar sem stofngengisbreytingarnar, sem í því fólust, reyndust allsendis ónógar. Smám saman dró úr áhrifum samningsins, þannig að frá því í mars 1973 hefur í reynd verið fljótandi gengisfyrirkomulag í heiminum, þótt með nokkrum undantekningum

sé, þrátt fyrir ákvæði stofnsamnings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fyrirkomulag, er byggðist á föstu stofngengi.

S. l. fjögur ár hefur verið unnið mikið starf á sviði alþjóðagjaldeyrismála til að reyna að móta nýtt kerfi, er komið gæti í staðinn fyrir stofngengisfyrirkomulagið.

Haustið 1972 var á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sett á fót ráðherranefnd, er var falið það verkefni að endurskoða alþjóðagjaldeyriskerfið. Starf nefndar þessarar var vel á veg komið, er mikil hækkun varð á olíuverði í árslok 1973, sem gjörbreytti öllum aðstæðum í alþjóðagjaldeyrismálum. Því lagði nefndin áherslu á að laga alþjóðagjaldeyriskerfið til bráðabirgða jafnframt því sem hún hélt áfram að vinna að tillögum að nýjum grundvelli alþjóðagjaldeyrismála. Í júní 1974 skilaði nefndin lokaskýrslu, er skiptist í tvo meginkafla. Fjallaði annar um megindrætti í framtíðarskipan alþjóðagjaldeyrismála, en hinn um vissar bráðabirgðaaðgerðir, sem grípa átti til þegar í stað. Fulltrúi Norðurlandanna í ráðherranefndinni var Kjell-Olof Feldt frá Svíþjóð, en á fundum hennar og undirnefndar voru fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Fulltrúi Íslands var dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri.

Tillögur nefndarinnar um bráðabirgðaaðgerðir voru í aðalatriðum fjórþættar, en þær voru samþykktar í sama mánuði í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, án þess að stofnskránni væri breytt. Í fyrsta lagi var lagt til, að komið yrði á fót bráðabirgðanefnd innan ráðs Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem væri ætlað að fylgjast með þróun alþjóðagjaldeyrismála, gefa ráð þar að lútandi og vinna áfram að endurskoðun á stofnskrá sjóðsins. Nefnd þessari var ætlað að koma saman nokkrum sinnum á ári. Í öðru lagi voru settar reglur um framkvæmd sveigjanlegrar gengisskráningar og fljótandi gengis, sem komið hefur í vaxandi mæli í stað stofngengiskerfis þess, sem ákveðið er í stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í þriðja lagi var ákveðið, að reikningseining í viðskiptum sjóðsins yrðu sérstök dráttarréttindi — SDR — með ákveðinni samsetningu þjóðmynta sem mælikvarða í stað gulls. Með breytingu þessari var nýjum grundvelli komið undir lánastarfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er hafði verið lömuð um hríð vegna óvissu um framtíð opinbers gullverðs. Í fjórða lagi var komið á fót sérstökum olíulánasjóði á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að gera löndum kleift að mæta hækkandi kostnaði vegna innfluttrar olíu án þess að grípa til innflutnings- eða gjaldeyrishafta né annarra skaðlegra aðgerða. Tók olíulánasjóðurinn til starfa í september á sama ári og starfaði þar til í maí 1976. Á þessu tímabili lánaði sjóðurinn samtals 6.9 milljarða SDR, en þar af tók Ísland 39.2 milljónir SDR að láni, jafnvirði um 8 600 milljóna króna á núverandi gengi.

Hin nýja bráðabirgðanefnd (Interim Committee) vann að endurskoðun stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ásamt framkvæmdastjórn sjóðsins. Lokasamkomulag í meginatriðum náðist á fundi hennar, sem haldinn var á Jamaica í janúar 1976, en sjóðsstjórnin gekk endanlega frá tillögum um nýja stofnskrá í mars sama ár. Tillögur þessar að stofnskrárbreytingum voru síðan samþykktar af sjóðráðinu í apríl 1976, en þær munu taka gildi um leið og nægilegur meirihluti atkvæða aðildarlanda er fyrir hendi. Er talið líklegt að það verði á þessu ári.

Tillögur þessar að annarri breytingu stofnskrárinnar eru hinar víðtækustu, sem lagðar hafa verið fram, frá því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var settur á stofn. Fela þær í sér bráðabirgðabreytingar þær, sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar að auki koma aðrar mikilvægar breytingar.

Breytingum er í aðalatriðum hægt að skipta í sex þætti:

(a) Hverju aðildarlandi er í sjálfsvald sett, hvaða gengisfyrirkomulag það velur sér. Gert er ráð fyrir, að síðar meir verði hægt að ná samkomulagi um nýtt almennt gengisfyrirkomulag, þ. m. t. hugsanlega endurreisn stofngengisfyrirkomulags í einhverri mynd, sem aðildarlönd ættu þá kost á að taka þátt í.

Ákvæði um gengisfyrirkomulag taka mið af því, að grundvallartilgangur alþjóðagjaldeyriskerfisins sé að koma á sem frjálsustum viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn milli landa. Aðildarríkin skulu eiga samvinnu við sjóðinn og önnur

aðildarríki um að tryggja skipulegt og stöðugt gengisfyrirkomulag. Getur þetta ákvæði náð til stefnunnar í efnahags- og fjármálum bæði inn á við og út á við, en tillit skal taka til aðstæðna hvers ríkis fyrir sig. Með þessu ákvæði er ætlast til, að sjóðurinn hafi víðtækt eftirlit með gengismálum aðildarlandanna og ráðgist við þau á reglubundnum grundvelli um skráningu gengis þeirra og réttmæti skráningarinnar á hverjum tíma. Er þetta sennilega eitt mikilvægasta ákvæðið í allri stofnskrárbreytingunni, enda er eftirliti sjóðsins ætlað að miklu leyti að koma í stað þess aðhalds, sem stofngengisfyrirkomulagið átti að veita, þegar heimild sjóðsins þurfti til stofngengisbreytinga.

Með fylgi 85% atkvæðameirihluta getur sjóðurinn ákveðið, að aðstæður í alþjóðaviðskiptum leyfi, að komið verði á nýju stofngengisfyrirkomulagi. Undir slíkum kringumstæðum er hverju aðildarlandi ætlað að koma á stofngengi, nema það hyggist beita öðru gengisfyrirkomulagi.

(b) Hlutverk gulls í alþjóðagjaldeyriskerfinu verði mjög minnkað og gullforði sjóðsins seldur. Mikilvægustu breytingarnar samkvæmt lið þessum eru eftirfarandi:

(i) Hætt verði að nota gull sem grunneiningu stofngengisfyrirkomulagsins og sem verðmæliseiningu sérstakra dráttarréttinda.

(ii) Hætt verði að skrá opinbert gengi á gulli.

(iii) Hætt verði að skylda aðildarríki til að greiða í gulli til sjóðsins eða frá sjóðnum til aðildarríkjanna. Sjóðnum verði ekki lengur leyft að taka við greiðslum í gulli nema að fengnu leyfi aðildarríkjanna með miklum meirihluta atkvæða.

(iv) Sjóðurinn ljúki við að ráðstafa fimmtíu milljónum únsa af gulli, um þriðjungi gulleignar hans.

(v) Sjóðnum verði heimilað að selja afganginn af gullforða sínum, annaðhvort á markaðsverði eða á því opinbera verði, sem gilti fyrir aðra stofnskrárbreytinguna.

(vi) Hagnaður, sem til fellur vegna gullsölu, verði færður á sérstakan reikning til að nota í almennum viðskiptum sjóðsins svo og til aðstoðar við þróunarlöndin.

(vii) Sjóðnum verði gert að sjá svo um, að þegar hann verslar með gull, skuli hann forðast að stjórna verðinu eða leitast við að koma á föstu gullverði á heimsmarkaðinum.

(viii) Aðildarríkjum verði gert skylt að eiga samvinnu við sjóðinn um að haga stefnu sinni við uppbyggingu gjaldeyrisvarasjóða á þann hátt, að hún verði í samræmi við alþjóðleg stefnumið, sem miði að skipulegri uppbyggingu alþjóðlegrar gjaldeyrisverslunar og að sérstöku dráttarréttindin verði höfuðgjaldmiðillinn í gjaldeyrisvarasjóðum aðildarríkjanna.

Mikið af þeim völdum, sem sjóðnum er ætlað að fá samkvæmt lið (b), eru háð 85% meirihluta atkvæða aðildarríkjanna.

(c) Breytt verði formi og umfangi sérstakra dráttarréttinda, þannig að þau geti orðið að höfuðgjaldmiðli fyrir gjaldeyrisvarasjóði í heiminum. Aðalbreytingarnar samkvæmt þessum lið eru eftirfarandi:

(i) Aðildarríkin geta átt viðskipti í sérstökum dráttarréttindum án þess að sérstakt samþykki sjóðsins komi til. Viðskipti í sérstökum dráttarréttindum eru ekki lengur byggð á því, að aðildarlöndum sé nauðsyn á að nota sérstök dráttarréttindi til greiðslu milli landa.

(ii) Sjóðnum verði heimilt að leyfa viðskipti milli þátttökuríkja, sem ekki er gert ráð fyrir í stofnskránni.

(iii) Sjóðnum verði heimilt að endurskoða ákvæði um lágmarkseign þátttökuaðila í sérstökum dráttarréttindum. Er honum leyfilegt að koma á, breyta eða fella niður reglur í þessu efni með minni meirihluta atkvæða en nú er leyfilegt (70% í stað 85%).

(iv) Notkunarmöguleikar sérstakra dráttarréttinda í viðskiptum þeim, er fara fram á almennum reikningi sjóðsins, verða auknir.

(v) Sjóðurinn getur leyft öðrum en núverandi þátttökuaðilum að eiga sérstök dráttarréttindi, en þó ekki öðrum en opinberum aðilum. Þá má sjóðurinn fjölga þeim tegundum viðskipta, er nota má sérstök dráttarréttindi til.

(d) Viðskipti sjóðsins verði einfölduð, sérstaklega þau, er fara fram á almennum reikningi hans.

Þá hefur tækifærið verið notað til að gefa ýmsum viðskiptaháttum, er þar hafa viðgengist í nokkur ár, lagagrundvöll með því að taka þá inn í stofnskrána. Má nefna þá ætlun sjóðsins að sjá svo um, að almenn lán sjóðsins verði endurgreidd á þremur til fimm árum nema annað sé ákveðið. Hin nákvæmu ákvæði um endurgreiðslu lána í núverandi stofnskrá eru felld niður.

Tekin eru upp ákvæði, er gera sjóðnum kleift að nota alla gjaldmiðla aðildarríkja í viðskiptum sínum.

(e) Gert er ráð fyrir, að hægt verði að koma á fót sérstakri nefnd (council), sem skal vera stofnuð með 85% atkvæðameirihluta. Nefnd þessi mundi að mestu leyti líkjast bráðabirgðanefnd þeirri, er ráð sjóðsins setti á laggirnar, en þó hafa ákvörðunarvald og ekki eingöngu ráðgjafarhlutverk.

(f) Stofnskrárbreytingin gerir ráð fyrir ákveðnum skipulagsbreytingum á sjóðnum.

Þar á meðal er að finna ákvæði um kosningu manna í framkvæmdastjórn og nauðsynlegan atkvæðameirihluta við að koma á eða breyta ýmsum ákvæðum stofnskrárinnar.

Hér á eftir fer texti stofnskrárinnar í heild á ensku sem fylgiskjal, eins og hann mun líta út, þegar hann hefur tekið gildi að viðbættum breytingum. Við hlið hans í vinstri dálki er texti stofnskrárinnar, eins og hann er nú. Þýðing á stofnskránni að meðtöldum ofangreindum breytingum mun verða birt í C-deild Stjórnartíðinda, þegar breytingarnar hafa verið staðfestar fyrir Íslands hönd.

Fylgiskjal.

PRESENT ARTICLES OF AGREEMENT	AMENDED ARTICLES OF AGREEMENT
ARTICLES OF AGREEMENT OF THE INTERNATIONAL MONETARY FUND	ARTICLES OF AGREEMENT OF THE INTERNATIONAL MONETARY FUND
The Governments on whose behalf the present Agreement is signed agree as follows:	The Governments on whose behalf the present Agreement is signed agree as follows:
INTRODUCTORY ARTICLE	INTRODUCTORY ARTICLE
(i) The International Monetary Fund is established and shall operate in accordance with the provisions of this Agreement as originally adopted, and as subsequently amended in order to institute a facility based on special drawing rights and to effect certain other changes.	(i) The International Monetary Fund is established and shall operate in accordance with the provisions of this Agreement as originally adopted and subsequently amended.
(ii) To enable the Fund to conduct its operations and transactions, the Fund shall maintain a General Account and a Special Drawing Account. Membership in the Fund shall give the right to participation in the Special Drawing Account.	(ii) To enable the Fund to conduct its operations and transactions, the Fund shall maintain a General Department and a Special Drawing Rights Department. Membership in the Fund shall give the right to participation in the Special Drawing Rights Department.
(iii) Operations and transactions authorized by this Agreement shall be conducted through the General Account except that operations and transactions involving special drawing rights shall be conducted through the Special Drawing Account.	(iii) Operations and transactions authorized by this Agreement shall be conducted through the General Department, consisting in accordance with the provisions of this Agreement of the General Resources Account, the Special Disbursement Account, and the Investment Account; except that operations and transactions involving special drawing rights shall be conducted through the Special Drawing Rights Department.
Article I **Purposes.**	Article I **Purposes.**
The purposes of the International Monetary Fund are:	The purposes of the International Monetary Fund are:
(i) To promote international monetary cooperation through a permanent institution which provides the machinery for consultation and	(i) To promote international monetary cooperation through a permanent institution which provides the machinery for consultation and collabor-

collaboration on international monetary problems.

(ii) To facilitate the expansion and balanced growth of international trade, and to contribute thereby to the promotion and maintenance of high levels of employment and real income and to the development of the productive resources of all members as primary objectives of economic policy.

(iii) To promote exchange stability, to maintain orderly exchange arrangements among members, and to avoid competitive exchange depreciation.

(iv) To assist in the establishment of a multilateral system of payments in respect of current transactions between members and in the elimination of foreign exchange restrictions which hamper the growth of world trade.

(v) To give confidence to members by making the Fund's resources temporarily available to them under adequate safeguards, thus providing them with opportunity to correct maladustments in their balance of payments without resorting to measures destructive of national or international prosperity.

(vi) In accordance with the above, to shorten the duration and lessen the degree of disequilibrium in the international balances of payments of members.

The Fund shall be guided in all its policies and decisions by the purposes set forth in this Article.

Article II
Membership.

Section 1. **Original members.**

			2 460		2 560		2 500		2 477
2.4.	**Til fjallvega o. fl.:**								
1.	Aðalfjallvegir	14		15		15		15	
2.	Aðrir fjallvegir	17		20		20		20	
3.	Reiðvegir	1		2		2		2	
4.	Þjóðgarðavegir o. fl.	12		13		13		13	
			44		50		50		50
2.5.	**Til brúagerða:**								
1.	Brýr 10 m og lengri	240		267		260		260	
2.	Smábrýr	60		70		70		70	
			300		337		330		330
2.6.	**Til sýsluvega:**		129		309		360		360
2.7.	**Til vega í kaupst. og kauptúnum:**		396		538		551		573
2.8.	**Til véla- og áhaldakaupa:**								
1.	Til véla- og verkfærakaupa	30		40		40		40	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	50		60		60		60	
			80		100		100		100
2.9.	**Til tilrauna:**		16		21		22		23
2.10.	**Til greiðslu halla:**								
1.	Halli í árslok 1976	92		92		62		31	
2.	Yfirfært á næsta ár	92		62		31		0	
			0		30		31		31
			5 650		7 000		7 000		7 000
	Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega		400		400				

SUNDURLIÐUN:

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir:

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1977 lánsh. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1978 lánsh. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur					
08	Hemruhamar—Hrífunesheiði ..	10				
10	Álftaversv.-Hafursey	10				
15	Um Hólsá	19				
17	Um Steina			30		15
20–28	Akureyjarv.—Þjórsá	80	40	135	40	125
1	Suðurlandsvegur					
02–03	Í Flóa	71				
30	Skeiðavegur					
02	Ólafsvallav.—Skálholtsvegur ..	21		20		
31	Skálholtsvegur					
03	Við Spóastaði	2				
34	Eyrarbakkavegur					
02–04	Selfoss—Þorlákshafnarvegur ..	35	20	70	20	50
35	Biskupstungnabraut					
02	Sog—Vaðnes			15		30
38	Þorlákshafnarvegur					
02–03	Þrengslav.—Þorlákshöfn	9				
39	Þrengslavegur					
01	Suðurlandsv.—Þorlákshafnarv.	5				
1	Vesturlandsvegur					
16	Tíðaskarð–Kiðafell	66				75
33	Reykjalundarvegur					
01	Að Reykjalundi	20	5	5		
36	Þingvallavegur					
02	Gljúfrasteinn—Suðurá		35	35		
40	Hafnarfjarðarvegur					
02	Um Kópavog	29				
03–04	Kópavogur—Hafnarfjörður ...	23		70	40	90
45	Garðskagavegur					
01	Reykjanesbr.—Garður	14				
03	Garður—Sandgerði	3		45		
1	Vesturlandsvegur					
05	Um Borgarfjörð	400		400		400
11	Í Norðurárdal	5			10	10
51	Akranesvegur					
01	Vesturlandsvegur—Akranes ...	60	15	65	15	30
54	Ólafsvíkurvegur					
02	Um Urriðaá	20	5			
06	Um Gröf	5	5	10		
08	Kirkjuhóll—Ytri-Garðar		5	12		
56	Stykkishólmsvegur					
03	Nesvogur	15	5	5		
57	Snæfellsnesvegur					
06	Um Álftafjörð			10	10	25
12–13	Grundarfjörður—Ólafsvíkurv. .				5	15

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1977 lánsh. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1978 lánsh. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
60	Vestfjarðavegur					
07	Um Fáskrúð					10
08	Um Jónsvað		5	28		10
1	Vesturlandsvegur					
01–02	Á Holtavörðuheiði	65	25	65	30	40
60	Vestfjarðavegur					
01	Garpsdalur–Gróustaðaá	15	3	3		
03	Kambur–Bær	10	5	5		
03	Skáldastaðir–Bjarkarlundur	10	2	2		
06	Um Hjallaháls					43
09	Galtará–Eyri	3		17	5	5
14	Fossá–Vatnsdalsá	31		50	10	10
23	Hjarðardalsá—Ingjaldssandsvegur	16	5	5		
25	Yfir Önundarfjörð					55
27	Um Breiðadalsheiði	8				
61	Djúpvegur					
01	Þorskafjarðarheiði	3				
05	Arngerðareyri–Laugaból					20
10	Strandsel–Ögur	6		15	5	20
11–12	Hjallar–Eyri í Skötufirði			10	5	7
14	Hestur–Eyri	18				
16	Um Vatnshlíð	20				
21	Vestfjarðavegur–Ísafjörður	7	10	53	15	20
25	Kross–Ós	2				20
62	Barðastrandarvegur					
04	Um Kleifar					15
63	Bíldudalsvegur					
04	Um Litlu–Eyrará	10				
05	Í Reykjarfjarðarbotni	2				
68	Hólmavíkurvegur					
01	Um Selá					20
04	Um Bæ og Prestbakkaá			20		
06	Þambárvellir–Tunguá (Slitrur)	10	10	20		10
09	Um Forvaða	1.5				
09	Austan Þorpa	12.5	5	5		
1	Norðurlandsvegur					
02–03	Um Hrútafjarðarháls	65	25	75	20	60
07	Um Gljúfurá	25				
08	Vatnsdalur–Reykjabraut	15		25	5	5
13–14	Í Langadal	25	10	25	10	75
15	Hjá Vatnshlíð	1	5	5		
17	Um Vallhólm	16				
21	Á Öxnadalsheiði			18		
72	Hvammstangavegur					
01	Norðurlandsvegur–Hvammstangi	1				
74	Skagastrandarvegur					
02	Um Hafursstaðaá og Ytri-Ey	15				
75	Sauðárkróksbraut					
02–03	Varmahlíð–Sauðárkrókur	8		30		
05	Austur–Eylendi	35	15	25	15	70

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1977 lánsh. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1978 lánsh. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
76	Siglufjarðarvegur					
04	Um Grafará					20
04–05	Um Óslandshlíð	14				
08	Móskógar–Brúnastaðir			25		
82	Ólafsfjarðarvegur					
02	Molastaðir–Reykjarhóll	6				
1	Norðurlandsvegur					
01	Um Öxnadalsheiði	25	10	30	10	10
05	Norðan Akureyrar	45	15	40	15	50
11	Um Svalbarðsströnd	20	5	5		
12	Víkurskarð	60	32	46	25	55
15	Ljósavatnsskarð	6	4	4		20
16	Kross–Fosshóll	10				
20	Brún–Máskot	8	2	2		
20	Vestan Helluvaðs	4	6	6		
21	Vindbelgur–Neslandavík	8	2	2		
23	Námaskarð			21		
802	Ólafsfjarðarvegur eystri					
02	Ólafsfjörður–Ólafsfjarðarvegur	10	4	4		
82	Ólafsfjarðarvegur					
01	Hörgárdalsvegur–Norðurlandsvegur			20	10	10
03	Þorvaldsdalsá					40
03	Hámundarst.–Dalvík	15		10		20
06	Múlavegur, vegsvalir					10
85	Norðausturvegur					
01–02	Kaldakinn	12		21	10	10
07–08	Tjörnes	5		20		
10	Lón–Víkingavatn			20	5	30
12	Sunnan Brunnár	20				
15	Við Kópasker	15				
17	Melrakkaslétta	3		24	5	30
25	Syðra-Áland–Hafralónsá	12		10		
26	Þistilfjörður					10
1	Austurlandsvegur					
08	Jökuldalsvegur eystri–Hvanná			20	10	15
12	Upphéraðsvegur–Lagarfljótsbrú					20
13	Lagarfljótsbrú–Norðfjarðarvegur	25	5	20	10	10
22	Skrúðskambur–Fossgerði			15	10	10
25	Axarvegur–Urðarteigur	15				30
29	Melrakkanes–Hof	6				
30–32	Fyrir Hvalneshorn	15	10			
34	Brekka–Þorgeirsstaðir		5	5		30
40	Um Kolgrímu	16				
44–45	Jökulsá–Kvíá	20	5	20	10	10
85	Norðausturvegur					
03	Miðfjarðará–Hafnarvegur					5
04	Hafnarvegur–Hundsvatnslækur			10		
09	Vopnafjörður–Hlíðarvegur					20
12	Teigará–Bæjaröxl	20	5	10		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1977 lánsh. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1978 lánsh. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
92	Norðfjarðarvegur					
03	Mjóafjarðarvegur–Neðsta brú ..	6				
05	Suðurfjarðav.–Reyðarfjörður ..			30		
05	Suðurfjarðav.–Reyðarfj. (brú) .			25		
07	Reyðarfjörður–Eskifjörður ..					25
10–11	Gangamunni E.-Nesk.	100	20	50	10	20
93	Seyðisfjarðarvegur					
03	Sýslumörk–kaupstaður	11		30	10	30
	— (brýr)					40
96	Suðurfjarðavegur					
03	Hafranes–Vattarnes	29	10	10		
05	Höfðahús–Búðir			30		
08	Vík–Stöðvarfjörður					30
11	Kambanesvegur–Breiðdalsvík ..	5				
	Samtals	1944	400	2013	400	1990

2. Þjóðbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
22	Stórhöfðavegur			
01	Ýmsir staðir		5	
26	Landvegur			
04	Galtalækur–Búrfell	5	10	10
204	Meðallandsvegur			
01	Suðurlandsvegur–Fossar	2		
02	Um Eldvatn		15	
206	Holtsvegur			
01	Við Suðurlandsveg	1		
208	Búlandsvegur			
01	Ýmsir staðir	5		
246	Skálavegur			
01	Við Hvamm			5
250	Dímonarvegur			
01	Suðurlandsvegur–Rauðuskriður	5		
252	Landeyjavegur			
01–06	Ýmsir staðir		5	
261	Fljótshlíðarvegur			
02	Hvolsvöllur–Hlíðarendi	15	15	15
268	Þingskálavegur			
02–03	Þingskálar–Næfurholt	5	5	10
75	Ásvegur			
01	Um Skammalæk		12	
286	Hagabraut			
01–02	Ýmsir staðir	2		
30	Hrunamannavegur			
04	Um Laxárholt	2		
32	Þjórsárdalsvegur			
01	Hrunamannav.–Þrándarholt	5		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
33	Gaulverjabæjarvegur			
02	Stokkseyri–Baugsstaðaá		10	14
35	Biskupstungnabraut			
05	Austan Brúarár		10	13
06	Um Litla-Fljót	22		
37	Laugarvatnsvegur			
02	Um Laugarvatn	14		
302	Urriðafossvegur			
01	Egilsstaðir–Villingaholtsv.	3		
01	Urriðafoss–Egilsstaðir			5
305	Villingaholtsvegur			
01	Við Villingavatn	2		
308	Hamarsvegur			
01	Skógsnes–Villingaholtsvegur		12	16
316	Kaldaðarnesvegur			
01	Um Hreiðurborg			3
340	Auðsholtsvegur			
01	Ýmsir staðir			5
345	Kaldbaksvegur			
01	Ýmsir staðir			3
16	Álftanesvegur			
01	Að þéttbýli		20	7
21	Vogavegur			
01	Reykjanesbr.–Vogar	8		
22	Njarðvíkurvegur			
01	Reykjanesbr.–Innri-Njarðvík	4		
25	Nesvegur			
03	Grindavík–Þorkötlust.			18
31	Hafravatnsvegur			
01	Suðurlandsvegur–Úlfarsárv.			7
44	Hafnavegur			
02	Flugvöllur–Stapafellsv.		12	
03	Stapafellsv.–Hafnir	13		
461	Meðalfellsvegur			
01	Vesturlandsv.–Kjósarskarðsv.	3		
50	Borgarfjarðarbraut			
05	Hamraendar–Arnarholt			12
503	Akrafjallsvegur			
03	Innri-Hólmur–Akranes	2		
511	Hvanneyrarvegur			
01	Hvítárvallavegur–Hvanneyri	8		
514	Laugarholtsvegur			
01	Bæjarsveitarvegur–Laugarholt	5	7	
519	Reykholtsdalsvegur			
01	Stóri-Ás–Giljar	5		
52	Uxahryggjarvegur			
03	Hjá Þverfelli	1		
523	Hvítársíðuvegur			
01	Um Fróðastaði		6	
01	Um Síðumúla		10	13
535	Grímsstaðavegur			
01	Ólafsvíkurvegur–Vegamót v/Grenja		5	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
56	Stykkishólmsvegur			
01–02	Á Kerlingarskarði	12		
566	Hítarnesvegur			
01	Ólafsvíkurvegur— Krossholt			2
571	Ölkelduvegur			
01	Ólafsvíkurvegur—Hóll			2
572	Lýsuhólsvegur			
01	Ólafsvíkurvegur—Ólafsvíkurvegur			2
574	Útnesvegur (snjóastaðir)	8	10	5
575	Flugvallarvegur			
01	Hjá Rifi			7
576	Framsveitarvegur			
01	Hjá Bár (snjóastaðir)		3	
559	Laxárdalsvegur			
01–02	Laxárdalur—Laxárdalsh.	8	22	8
588	Gillastaðavegur			
01	Laxárdalsv.—Laxá		4	
586	Haukadalsvegur			
01	Vestfjarðavegur—Smyrlahóll	10		
590	Klofningsvegur			
01–04	Knarrarhöfn–Skarðsá	20	5	10
593	Efribyggðarvegur			
01	Kjarlaksstaðir—Tunguá			8
594	Staðarhólsvegur			
01	Um Þurranes			3
605	Tröllatunguheiðarvegur			
01	Svarfhóll—Litla-Brekka	1		
02	Um Tröllatungu	0.4		
607	Reykhólasveitarvegur			
01	Um Barmahlíð		9.4	
612	Örlygshafnarvegur			
01	Um Hvalsker			17.4
03	Um Vörðubrekku	2.9		
615	Kollsvíkurvegur			
	Örlygshafnarvegur—Sellátranes	1.7		
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Innan Sveinseyrar			4.9
03	Sveinseyri—Stóri-Laugardalur			4
619	Ketildalavegur	4.3		
622	Svalvogavegur			
04	Meðaldalsá—Sveinseyri		12	
624	Ingjaldssandsvegur	1		
01	Gemlufall–Gerðhamrar		8.4	
03	Um Sandsheiði	3		
625	Valþjófsdalsvegur			
	Þórustaðir—Grundarendi	4.4		
633	Vatnsfjarðarvegur			
01–04	Djúpvegur—Djúpvegur	5	10	
635	Snæfjallastrandarvegur			
02	Um Hamar	3		
04	Bæir—Lyngholt			6.2

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
641	Krossárdalsvegur			I
643	Strandavegur			
02	Um Grænanes			12.5
645	Drangsnesvegur			
02	Drangsnes	21.8		
664	Flateyrarvegur			
01	Um Breiðadalsá	3.5		
01	Um Sólbakka		4	
01	Garðar–Hvilft		1.2	
655	Súgandafjarðarvegur			
01	Um Botnsheiði	7		
702	Heggstaðanesvegur			
01	Norðurlandsvegur–Bessastaðavegur	1		
704	Miðfjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur–Vesturárdalsvegur	1		
02	Vesturárdalsvegur–Bjarg			12
03	Bjarg–Laugarbakki	10		
705	Vesturárdalsvegur			
01	Miðfjarðarvegur–Skeggjastaðir			3
711	Vatnsnesvegur			
01	Hvammstangi–Skarð		22	
06	Vesturhópshólar–Síðuvegur	9		
714	Fitjavegur			
01	Norðurlandsvegur–Neðri-Fitjar			7
715	Víðidalsvegur vestri			
01	Hvarf–Kolugil		5	
717	Borgarvegur			
01	Síðuvegur–Vatnsnesvegur		1	
726	Auðkúluvegur			
01	Reykjabraut—Svínvetningabraut	5	24	
731	Svínvetningabraut			
01–02	Norðurlandsvegur–Kjalvegur			24
734	Svartárdalsvegur			
01	Norðurlandsvegur–Bergsstaðir		3	
02	Bergsstaðir–Stafn	11		
741	Neðribyggðarvegur			
01	Skagastrandarvegur–Skagastrandarvegur	2		
742	Mýravegur			
01	Skagastrandarvegur–Laxárdalsvegur		4	
745	Skagavegur			
01	Skagastrandarvegur–Hlíð	5		
03	Krókssel–Hafnaá	6		
06	Keta–Selnes		1	
09	Þverárfjallsvegur–Sauðárkrókur	22	5	
752	Skagafjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur–Efribyggðarvegur	1	5	
754	Héraðsdalsvegur			
01	Skagafjarðarvegur–Kjálkavegur	1		
755	Svartárdalsvegur			
01	Skagafjarðarvegur–Ánastaðir	3		
758	Austurdalsvegur			
01	Skagafjarðarvegur–Merkigilsvegur	3		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
762	Sæmundarhlíðarvegur			
01	Sauðárkróksbraut–Fjall	3		
764	Hegranesvegur vestri			
01	Hegranesvegur eystri–Helluland	2		30
781	Deildardalsvegur			
01	Siglufjarðarvegur–Siglufjarðarvegur		3	
786	Sléttuhlíðarvegur			
01	Siglufjarðarvegur–Siglufjarðarvegur	1		
789	Sléttuvegur			
01	Siglufjarðarvegur–Ólafsfjarðarvegur	3	25	
83	Grenivíkurvegur			
02	Fnjóskadalsv. e.–Grenivík		21.5	
805	Svarfaðardalsvegur			
01	Ólafsfjarðarv.–Tunguvegur	7.5		
02	Tunguvegur–Atlastaðir		13	
812	Bakkavegur			
01	Ólafsfjarðarv.–Ólafsfjarðarv.	4.6		6
815	Hörgárdalsvegur			
	Norðurlandsv.–Ólafsfjarðarv.	1.1		
816	Dagverðareyrarvegur			
	Norðurlandsv.–Ólafsfjarðarv.			6
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01	Norðurlandsv.–Finnastaðav.		1	
822	Kristnesvegur			
01	Eyjafjarðarbr. v.–Eyjafjarðarbr. v.	6.4		
826	Hólavegur			
01	Eyjafjarðarbr. v.–Sölvadalsv.	3		
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
01	Norðurlandsvegur–Munkaþverá		11.7	13.2
832	Vaðlaheiðarvegur			
01	Norðurlandsv.–Norðurlandsv.	2		
835	Fnjóskadalsvegur eystri			
01	Norðurlandsv.–Böðvarsnes	5		
836	Vaglaskógarvegur			
01	Vaðlaheiðarv.–Lundur			7
841	Fremstafellsvegur			
01	Norðurlandsv.–Norðausturvegur	2		
843	Lundarbrekkuvegur			
01	Bárðardalsvegur eystri–Víðiker	0.5		
844	Bárðardalsvegur eystri			
02	Arnarstaðir–Bárðardalsv. vestri	3		9
847	Stafnsvegur			
01	Norðurlandsv.–Stafn	2		2.4
848	Mývatnssveitarvegur			
02	Garður–Norðurlandsv.		13.4	
849	Baldursheimavegur			
01	Mývatnssveitarv.–Litla-Strönd	2.7		
851	Útkinnarvegur			
01	Norðausturvegur–Nípá	4		
852	Sandsvegur			
01	Norðausturvegur–Sandur	6		2.5

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1977 fjárv. m.kr.	1978 fjárv. m.kr.	1979 fjárv. m.kr.
854	Staðarbraut			
01	Aðaldalsvegur–Hvammav.			14.5
856	Laxárdalsvegur			
01	Staðarbraut–Halldórsst.	4.5		
864	Hólsfjallavegur			
04	Hafursstaðir–Norðausturvegur			15.4
865	Gilsbakkavegur			
01	Norðausturvegur–Gilsbakki	8.7		
866	Austursandsvegur			
01	Norðausturvegur–Skógavegur	5		
868	Laxárdalsvegur			
01	Norðausturvegur–Holt		7.4	
869	Langanesvegur			
03	Þórshöfn–Flugvöllur		8	
94	Borgarfjarðarvegur			
01–03	Seyðisfjarðarvegur—Steinsvað		20	10
04	Steinsvaðsv.—Hjaltastaðavegur	1		
917	Hlíðarvegur			
02	Hallgeirsst.—Eyjavegur	4		
922	Grófarselsvegur			
01	Hlíðarvegur—Grófarsel	2		
923	Jökuldalsvegur			
01	Austurlandsvegur—Hákonarstaðir		10	
924	Jökuldalsvegur eystri			
02	Refshöfði—Austurlandsvegur	2		
925	Hróarstunguvegur			
04	Vífilsstaðir—Austurlandsvegur	14		
926	Húseyjarvegur			
01	Tunguvegur—Geirastaðir	6		
927	Brekkubæjarvegur			
01	Tunguvegur—Tunguvegur			15
931	Upphéraðsvegur			
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur	12	10	
04	Innan við Gilsá		5	
08	Hallormsst.—Gunnlaugsst.	2		10
934	Múlavegur í Fljótsdal			
01	Upphéraðsvegur–Glúmsstaðir			10
938	Múlavegur syðri			
01	Skriðdalsvegur—Birkihlíð	3		
953	Mjóafjarðarvegur			
01	Norðfjarðarvegur—háheiði	8	5	5
962	Norðurdalsvegur			
01	Austurlandsvegur—Norðurdalsá	10		
964	Breiðdalsvegur			
01	Austurlandsvegur—Austurlandsvegur		5	
991	Hafnarvegur í Bakkafirði			
01	Norðausturvegur—Hafnarkaupt.		10	
	Samtals	476	487	450

2.5. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri.

	Fjárveitingar í m.kr. 1977	1978	1979
Hólsá á Sólheimasandi (1)	12		
Urriðaá á Mýrum (54)	12		
Litlueyrará hjá Bíldudal (63)	13		
Keldudalsá í Dýrafirði (622)	5		
Gljúfurá (1)	45		
Laxá hjá Hvammi (sýsluv.)	14		
Austurós Héraðsvatna (75)	29		
Mjóadalsá hjá Mýri (aðalfjallv.)	34		
Bakkaá í Fnjóskadal (fjallv.)	1		
Hvaldalsá (1)	20		
Kolgríma (1)	38		
Skeiðará (1)	16		
Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.)	1	1	1
Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (204)		44	
Svínadalsá á Jónsvaði (60)		41	
Prestbakkaá (68)		44	
Grjótá á Öxnadalsheiði (1)		21	
Búðarárgil (85)		49	
Staðará hjá Ánast. (sýsluv.)		6	
Breiðdalsá í Reyðarfirði (96)		16	
Breiðdalsá í Breiðdal (964)		28	
Djúpá hjá Holtaseli (sýsluv.)		17	
Sandá á Kjalvegi (aðalfjallv.)			31
Seljadalsá (431)			16
Fáskrúð (60)			35
Langadalsá í Djúpi (635)			32
Valadalsá (1)			19
Grafará í Skagafirði (76)			24
Svarfaðardalsá (82)			27
Eyvindarlækur (854)			13
Miðfjarðará í Bakkafirði (85)			47
Selá í Vopnafirði (85)			5
Áreyjaá í Reyðarfirði (sýsluv.)			10
Samtals	240	267	260

3. Við III. Flokkun vega.

a. 3.1. breytist á þessa leið:

223 Dalavegur: Frá Smáragötu í Vestmannaeyjum að flugstöð.

420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.

422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa að Innri-Njarðvík.

728 Flugvallarvegur við Blönduós: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.

812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.

825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Stóradal.
850 Flugvallarvegur í Mývatnssveit. Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi að flugvelli í Aðaldal.
869 Langanesvegur: Að Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
911 Gunnarsstaðavegur í Bakkafirði: Fellur niður.
916 Flugvallarvegur í Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
921 Eyjavegur: Fellur niður.
941 Flugvallarvegur við Egilsstaði: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði, á Austurlandsveg hjá Svínhólum.
982 Flugvallarvegur í Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
984 Hoffellsvegur: Fellur niður.

b. Við 3.2. (stofnbrautir) bætast eftirtaldir þjóðvegir:

431 **Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.

433 **Reykjalundarvegur.**

74 **Skagastrandarvegur:**
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi–Skagaströnd.

Sþ. 429. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1977—80.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd fékk tillögu um vegáætlun fyrir árin 1977—80 til umsagnar og athugunar fyrir tæpum mánuði. Nefndin hefur síðan unnið að athugun á málinu og notið til þess fulltingis Snæbjarnar Jónssonar vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar og annarra starfsmanna Vegagerðarinnar.

Ekki náðist samkomulag í nefndinni um afgreiðslu vegáætlunarinnar og mun minni hlutinn skila séráliti. Þó skal það tekið fram að nefndin í heild stendur að skiptingu fjármagns til einstakra framkvæmda innan hvers kjördæmis. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að áætlunin verði samþykkt með nokkrum breytingum á tekju- og útgjaldahlið áætlunarinnar, eins og fram kemur á þingskjali 428. Eru þær helstar, að gert er ráð fyrir sérstakri lánsfjáröflun — heimild til töku vinnulána og annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega — að upphæð 400 millj. kr., og bætast þau við framkvæmdafé. Þá voru 200 millj. kr. færðar af verkfræðilegum undirbúningi og ýmsum þáttum viðhalds yfir á framkvæmdahlið. Ekki er trygging

fyrir að heimild til vinnulána nýtist að fullu, en samkvæmt tillögu meiri hluta fjárveitinganefndar er gert ráð fyrir að heildarupphæð framkvæmdafjár á vegáætlun, að lánsheimildum meðtöldum, verði 3204 millj. kr. á árinu 1977 og 3347 millj. kr. á árinu 1978. Árið 1976 var tilsvarandi upphæð 2532 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er framkvæmdamáttur þessa fjár 1976 og 1977 mjög svipaður, ef miðað er við mars-verðlag beggja áranna eða miðað við núgildandi verðlag 3114 millj. kr. 1976 og 3204 millj. 1977. Séu hins vegar verktakalánsheimildir undanskildar er um nokkurn samdrátt að ræða, en þessar heimildir voru 250 millj. kr. 1976, en eru nú, eins og áður er sagt, 400 millj. — Svipað er að segja um fé til annarra þátta vegáætlunar, stjórnunar, vegaviðhalds, snjómoksturs o. fl. Séu fjárveitingar ársins 1976 færðar til verðlags í mars 1977, verður niðurstaðan sú, að fjárveitingin 1976 var 1851 millj. til þessara þátta á móti 1904 millj. nú. Krónutalan breytist hins vegar úr 1381 millj. 1976 í 1904 millj. 1977.

Í sambandi við vinnubrögð fjárveitinganefndar er rétt að taka fram, að nefndin gerði heildartillögur um skiptingu stofnbrauta- og þjóðbrautafjár milli kjördæma, með þeim fyrirvara þó, að þingmönnum einstakra kjördæma gæfist svigrúm til að færa nokkuð frá stofnbrautum til þjóðbrauta, ef um slíkt yrði samkomulag. Tillögur liggja fyrir um að hækka þjóðbrautafé um 76 millj. árið 1977 og 37 millj. 1978 frá því sem er í þingsályktunartillögunni. Stofnbrautafé hefur lækkað að sama skapi, en heildarskipting framkvæmdafjárins milli kjördæma stendur óbreytt.

Þá gerði nefndin sérstakar tillögur um fjárveitingar í Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheiði og Oddsskarð, en að öðru leyti hafa þingmenn einstakra kjördæma gert tillögur um skiptingu á öllu nýbyggingarfé til vega innan sinna kjördæma. Er þetta í samræmi við samþykkt þeirrar breytingar á vegalögum, sem gerð var á s. l. ári.

Rétt er að vekja athygli á, að tillögur eru gerðar um nokkra nýja vegi og tiltærslur á vegum milli flokka, svo sem fram kemur á þingskjali 428.

Alþingi, 25. mars 1977.

Ingi Tryggvason, varaform., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Lárus Jónsson.	Gunnlaugur Finnsson.	Pálmi Jónsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Sþ. 430. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1977—1980 var vísað til fjvn. hinn 24. febr. s. l. Síðan vann nefndin sem heild svo til ekkert að málinu, en meiri hl. n. sat að störfum með starfsliði Vegagerðarinnar og lagði fyrir fáum dögum fram endanlegar ákvarðanir sínar um skiptingu fjár milli stofnbrauta og þjóðbrauta og um útdeilingu þess milli kjördæma svo og um nokkra tilfærslu milli útgjaldaliða.

Þetta eru algjörlega ný vinnubrögð við afgreiðslu mála í fjvn., þar sem n. öll eða undirnefndir skipaðar fulltrúum meiri hl. og minni hl. hafa jafnan unnið að tillögugerð um skiptingu fjár milli kjördæma eða til einstakra verkefna. Með þeim hætti hefur verið leitast við að tryggja að skoðanir einstakra nefndarmanna kæmu fram áður en tillögur væru gerðar og að sem best samstaða yrði um skiptingu

fjárins, enda þótt ágreiningur kynni að vera um hve háum heildarupphæðum skyldi verja til hvers málaflokks.

Af þessum nýju vinnubrögðum leiðir, að fulltrúar Alþýðubandalagsins í n. eiga ekki aðild að skiptingu vegafjár milli kjördæma, þótt þeir hafi á hinn bóginn tekið þátt í að deila hinum skömmtuðu upphæðum milli einstakra verkefna í sínum kjördæmum.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins telja ástæðu til að átelja það, hver vinnubrögð voru viðhöfð við afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni, og eru þeirrar skoðunar að öllum væri fyrir bestu að virtar verði framvegis þær vinnureglur, sem jafnan hafa áður verið viðhafðar og lýðræðislegri eru.

Ýmsir landsmenn kunna að hafa talið að við stjórnarskiptin 1974 rynni upp tímabil aukinna umsvifa í vegamálum. Þau voru nú annars vegar í höndum Framsóknarflokksins sem vill láta telja sig sérstakan baráttuflokk fyrir byggðastefnu, en raunverulegur stuðningur við dreifðar byggðir byggist ekki síst á framkvæmdum í vegamálum. Hins vegar var ákvörðunarvaldið nú komið í hendur Sjálfstæðisflokksins, sem svo mjög hafði deilt á vinstri stjórnina fyrir að hún verði of litlu fé til vegaframkvæmda, einkum væri ástæða til að auka framlög ríkissjóðs til Vegasjóðs eða tryggja Vegasjóði tekjur sem áður runnu til ríkissjóðs. Ekki spillti það horfunum um auknar framkvæmdir í vegamálum að nokkrir þingmenn hinnar nýju ríkisstjórnar komu fram á Alþingi samþykkt laga um sérstaka fjáröflun, 500 millj. kr. á ári í 4 ár, til framkvæmda við Norður- og Austurveg og lögðu við afgreiðslu málsins mikla áherslu á, að hér yrði um fjármagn að ræða sem kæmi algerlega til viðbótar því, sem áður hefði verið varið til vegamála og væri allt of lítið.

En efndirnar hafa orðið æðifjarri fyrirheitunum. Vegaframkvæmdir hafa verið skornar niður með hverri vegáætlun, sem núv. stjórnarflokkar hafa staðið að. Við afgreiðslu vegáætlunar í fyrra töldu þingmenn stjórnarflokkanna þann stórfellda niðurskurð, sem þá var framkvæmdur, svo óframbærilegan í raun, að þeir treystust ekki til að afgreiða vegáætlun með þeim hætti til 4 ára. Þess í stað var samþykkt bráðabirgðavegáætlun einungis fyrir s. l. ár og með því látið líta svo út, að þess væri að vænta að tíminn yrði notaður til þess að gera betur við afgreiðslu 4 ára vegáætlunar á þessu ári. Nú blasa staðreyndirnar við: Ríkisstjórnin hefur ekkert gert til þess að efla Vegasjóð.

Meiri hl. fjvn. hefur ákveðið 200 millj kr. tilfærslur á útgjaldahlið til þess að auka með því að nafninu til framlög til nýrra þjóðvega, t. d. með því að skera niður viðhaldskostnað í upphaflegu þingsályktunartillögunni og færa hluta af útgjöldum vegna verkfræðilegs undirbúnings á liðinn til nýrra þjóðvega. Þessir tilburðir duga þó ekki til þess að leyna því, að enn rýrnar raungildi fjárveitinga til nýrra þjóðvega.

Samanburður á framlögum til nýrra þjóðvega á bráðabirgðavegáætlun 1976, 2116 millj. kr., þegar frá hafa verið talin verktakalán, og hliðstæðri tölu, 2460 millj. kr., á vegáætlun nú fyrir árið 1977, sýnir að gert er ráð fyrir 185 millj. kr. lækkun raungildis fjárhæðarinnar miðað við vísitölu vegagerðar 4634 í ágúst 1976 og 5804 í ágúst 1977. Hefur stjórnarflokkunum þar með tekist að skera niður framkvæmdafé í vegamálum í þeim mæli, að fjárveiting í ár þyrfti að hækka um 2067 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir eða úr 2460 millj kr. í 4527 millj kr., til þess að um sama raungildi væri að ræða og í vegáætlun fyrir árið 1974. Fjárveiting til nýrra þjóðvega í ár nemur þannig að raungildi aðeins 54.5% af fjárhæðinni í vegáætlun 1974 miðað við vísitölu vegagerðar 2094 stig í ágúst 1974 og 5804 stig í ágúst 1977.

Stjórnarflokkarnir samþykktu í vegáætlun hinn 16. maí 1975 fjárveitingu til vegaframkvæmda 1977. Sú upphæð, sem þeir ákváðu þá að veita til nýbygginga vega í ár, nam 2024 millj. á þáverandi verðlagi og jafngildir við endurskoðun vegáætlunar nú 3206 millj. kr. (vísitala í ágúst 1975 3364 stig). Þrátt fyrir hagstæðari ytri aðstæður en á árinu 1975 skera stjórnarflokkarnir nú niður sína eigin áætlun um vegaframkvæmdir í ár um 746 millj. kr. að raungildi. Sú fjárveiting til vega-

framkvæmda, sem þeir vilja gera ráð fyrir í ár, þyrfti að hækka um 30.3% til að jafngildi áætluninni frá 1975 um framkvæmdir á því sama ári.

Í stað þess að fjáröflun til Norður- og Austurvegar komi til viðbótar því fjármagni, sem áður var veitt til vegaframkvæmda í landinu, eins og heitið var, eru fjárveitingar til þessara framkvæmda teknar af fjárhæð, sem er einungis 54.5% af raungildi fjárveitinga, sem áður voru í vegáætlun, og skerða aðrar framkvæmdir enn frekar. Það er því allt á eina bókina lært varðandi efndir á fyrirheitum um framkvæmdir í vegamálum.

Á sama tíma og framlög til vegaframkvæmda eru þannig markvisst skert með ári hverju aukast sífellt tekjur ríkissjóðs af gjöldum á bifreiðar og bensín. Í ár munu heildartekjur ríkissjóðs af innflutningsgjaldi, söluskatti og tollum af bifreiðum og bensíni nema um 8150 millj. kr., en greiðslur ríkissjóðs á afborgunum og vöxtum af lánum Vegasjóðs og beint framlag til Vegasjóðs nema alls 2079 millj. kr., þannig að ríkissjóður heldur eftir af þessum tekjustofnum 6071 millj. kr.

Fjárveitingar úr Vegasjóði til nýrra þjóðvega hækka frá 1975 til 1977 úr 1866 millj. kr. í 2460 millj. kr., eða um 594 millj. kr., á sama tíma hækkar sú upphæð, sem ríkissjóður heldur eftir af fyrrgreindum tekjustofnum, um 2811 millj. kr., eða úr 3260 millj. kr. í 6071 millj. kr., og má þó gera ráð fyrir að þessar tekjur ríkissjóðs séu vanáætlaðar í fjárlögum. Ef miðað er við breytingar á vísitölu vegagerðar eru nettótekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofnum um 907 millj. kr. hærri að raungildi í ár en árið 1975. Raungildi fjárveitinga til nýrra þjóðvega lækkar hins vegar um 495 millj. kr. á sama tíma.

Þrátt fyrir verulega bættar ytri aðstæður heldur ríkisstjórnin fast við þá stefnu sína að skera markvisst niður nauðsynlegar framkvæmdir í vegamálum, og virðist Framsóknarflokkurinn, sem fer með vegamálin í ríkisstjórninni, sætta sig furðuvel við að einnig á þessu sviði, sem er svo mikilvægt í byggðamálum, komi Sjálfstæðisflokkurinn fram stefnu sinni um skipulegan samdrátt samfélagslegra framkvæmda. Á sama tíma eru framkvæmdir einkarekstrarins stjórnlausar með öllu.

Við afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni er mjög látið í það skína, að málefni Vegasjóðs verði tekin til endurskoðunar og hagur hans réttur, eftir áföllin af stjórnarstefnu núverandi ríkisstjórnar. Er þess vissulega að vænta að ríkisstjórnarflokkarnir heykist á því að halda áfram þeirri stefnu sinni, sem hefur komið vegamálum í landinu í algert óefni. Hafa ber þó í huga, að svo kann að fara um þessi fyrirheit stjórnarflokkanna sem önnur, að efndirnar verði ekki í samræmi við fyrirheitin. Er þar skemmst að minnast að við afgreiðslu bráðabirgðavegáætlunar hinn 11. maí 1976 lýsti samgönguráðherra yfir nauðsyn þess að endurskoða tekjuöflun til vegagerðar og áréttaði sérstaklega: „Ég mun reyna að verða til þess að það dragist ekki.“ Niðurstaðan er sú, og efndirnar þær, að enn er dregið úr framlögum til nýrra þjóðvega, og á óhjákvæmilegri endurskoðun á tekjustofnum Vegasjóðs bólar ekki.

Alþingi, 25. mars 1977.

Geir Gunnarsson, frsm. Helgi F. Seljan.

Sþ. 431. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar tillaga til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1977—80 var lögð fram á Alþingi fyrr í vetur var ljóst, að enn var stefnt að miklum niðurskurði á framkvæmdum í vegamálum. Á hverju ári, sem liðið hefur frá því núverandi

ríkisstjórn tók við völdum, hefur framkvæmdagildi fjárveitinga til nýbygginga vega rýrnað um 25% frá fyrra ári og var svo enn í þeirri tillögu, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi í vetur. Miðað við árið 1976, sem var þó eitt óhagstæðasta ár hvað varðar raungildi framkvæmdafjár til vegamála, sem um getur, vantaði 600 milljónir kr. á tillögur ríkisstjórnarinnar í vegáætlun svo framkvæmdagildi nýbyggingafjár í vegagerð héldist óbreytt á árinu 1977. Sé með sama hætti tekið mið af framkvæmdum við nýbyggingar vega á árinu 1972 hefði þurft að verja í því skyni á yfirstandandi ári 5595 milljónum kr. svo gildi framkvæmdanna í jafnvirðiskrónum væri hið sama nú og þá var. Tillögur ríkisstjórnarinnar um fé til nýbygginga þjóðvega á árinu 1977 voru hins vegar aðeins um að veittar væru 2260 millj. kr. í því skyni og þá vantaði sem sé 3335 millj. kr. til viðbótar svo vegaframkvæmdir á árinu 1977 stæðust samanburð við framkvæmdir ársins 1972. Með öðrum orðum hafa framkvæmdir í vegamálum ekki aðeins verið jafnt og þétt skornar niður í tíð núverandi ríkisstjórnar, heldur einnig svo ört, að fjárveitingar til nýrra þjóðvega eru nú langt innan við helming slíkra fjárveitinga eins og þær voru fyrir fimm árum, mældar í jafnvirðiskrónum. Þannig hefur verið að verki staðið undir stjórn Framsóknarflokksins á samgöngumálum landsmanna og ættu kjósendur hans að minnast þeirra afreka flokksins næst þegar forvígismenn hans hæla sér og flokknum fyrir svokallaða byggðastefnu, en fáar framkvæmdir eru mikilsverðari fyrir íbúa landsbyggðarinnar en einmitt framkvæmdir í vegamálum.

Þegar tillaga ríkisstjórnarinnar um vegáætlun fyrir árin 1977—80 var lögð fram með þessum hætti á Alþingi fyrr í vetur var sem sé ljóst, að ríkisstjórnin hafði með öllu vanrækt að sinna því meginverkefni, sem þá var raunar fyrir löngu orðið aðkallandi og augljóst — að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs.

Í umræðum, sem þá urðu, var sérstök athygli vakin á því, m. a. af undirrituðum, að mjög brýna nauðsyn bæri til að taka þegar í stað fjáröflunarmál Vegasjóðs til endurskoðunar og það verk þyrfti að vinna áður en vegáætlun yrði afgreidd að þessu sinni. Þar kom m. a. fram, að frá árinu 1972 til ársins 1977 hefðu almennar tekjur Vegasjóðs lækkað úr 5.43% af ríkistekjum í 3.63% og á sama árabili hefði framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs lækkað úr 1.18% af ríkistekjum í 0.86%. Þessar samanburðartölur svo og sú staðreynd, að jafnt og þétt drægi úr framkvæmdum í vegamálum ár frá ári vegna stöðugt rýrnandi fjárveitinga til vegamála, gerðu það að verkum, að tekjuöflunaraðferðir Vegasjóðs yrði að endurskoða og þá að sjálfsögðu með hliðsjón ef almennri tekjuöflun ríkissjóðs og þá einkum og sér í lagi tekjum ríkissjóðs af umferðinni, sem eru margfalt meiri en nemur framlagi ríkissjóðs til vegamála. Svo dæmi sé nefnt, þá er áætlað, að á yfirstandandi ári muni ríkissjóður hafa í tekjur af innflutningi bifreiða og sölu á bensíni sem hér segir:

Tekjur ríkissjóðs af innflutningi bifreiða:

Tolltekjur	.....	2 300 millj. kr.
Söluskattur	.....	1 550 millj. kr.
	Alls:	3 850 millj. kr.

Tekjur ríkissjóðs af sölu á bensíni:

Tolltekjur	.....	1 250 millj. kr.
Söluskattur	.....	1 450 millj. kr.
	Alls:	2 700 millj. kr.

Heildartekjur ríkissjóðs af innflutningi á bifreiðum og sölu á bensíni nema þannig **6550 millj. kr.** á yfirstandandi ári og eru þó enn ótaldar margvíslegar tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og bílaumferð, sem nema talsverðum upphæðum, þótt lægri séu. Beint ríkisframlag í Vegasjóð á árinu 1977 nemur hins vegar aðeins

779 millj. kr., en auk þess greiðir ríkissjóður afborganir og vexti af sérstökum lánum. Framlag ríkissjóðs til framkvæmda í vegamálum er þannig aðeins brot af þeim tekjum, sem hann hefur af umferðinni og er vissulega kominn tími til þess að endurskoða þá skiptingu þeirra tekna. Einkum og sér í lagi er ástæða til þess þar sem svo er nú komið, að gjöld, sem ríkissjóður tekur af innflutningi bifreiða til landsins, eru orðin svo há, að heita má ókleift fyrir venjulega launþegafjölskyldu að festa kaup á nýrri eða nýlegri bifreið. Afleiðingarnar eru m. a. þær, að innflutningur nýrra bifreiða hefur á umliðnum árum hvergi nærri nægt til eðlilegrar endurnýjunar á bifreiðaflota landsmanna og í forsendum vegáætlunar fyrir næstu ár er t. d. aðeins ráðgerður innflutningur á u. þ. b. helmingi þeirra bifreiða, sem til þarf, svo eðlileg endurnýjun geti átt sér stað. Þegar svo fer fram árum saman verða afleiðingarnar að sjálfsögðu þær, að bifreiðafloti landsmanna úreldist og fylgir því umtalsverður óþarfur kostnaður í dýru viðhaldi bæði frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar og einstakra bifreiðaeigenda — einkum þó og sér í lagi þeirra, sem ekki hafa ráð á að endurnýja bifreiðar sínar vegna þess hve verð á bifreiðum er í hróplegu ósamræmi við almenn launakjör þjóðfélagsþegnanna. Af þessum ástæðum hafa þingmenn Alþýðuflokksins varpað fram á Alþingi þeirri hugmynd í sambandi við endurskoðun tekjuöflunar Vegasjóðs, að athuga beri að lækka mjög verð á nýjum bifreiðum og breyta ráðstöfun tekna vegna bifreiðainnflutnings og umferðar frá því að vera að meginstofni til almenn tekjuöflun til ríkissjóðs yfir í að verða tekjuöflun fyrir Vegasjóð. Á þessar hugmyndir þingmanna Alþýðuflokksins hafa stjórnarflokkarnir til þessa ekki viljað hlusta. Þvert á móti ráðgera þeir í forsendum tekjuöflunar fyrir Vegasjóð á yfirstandandi ári að hækka verð á bensíni talsvert umfram áætlaða hækkun byggingavísitölu, sem bensíngjald — tekjur Vegasjóðs af bensínsölu — hefur verið látið hreyfast með án þess þó að gera nokkrar ráðstafanir til þess jafnhliða t. d. að lækka gjöld á innflutningi á bifreiðum. Þannig er í tekjuspá fyrir tekjuöflun Vegasjóðs með bensíngjaldi á árinu 1977 gert ráð fyrir tveimur afbrigðum bensínhækkunar vegna hækkunar bensíngjalds. Í fyrra tilvikinu er um að ræða hækkun bensínverðs um 2.80 kr. á lítra frá og með 1. apríl n. k. og hinn 1. júlí n. k. um 2.30 kr. **og þar af sérstaka hækkun um 1 kr., sem ekki verði samkvæmt áætlaðri fylgni við byggingavísitölu, heldur í formi nettóhækkunar á álögum á bensínsölu.** Í síðara tilvikinu er ráðgerð hækkun um kr. 6.65 á bensínlítra, sem koma á til framkvæmda 1. júlí n. k., **og þar af er ráðgerð 2.55 kr. sérstök hækkun, sem ekkert á skylt við fylgni bensíngjalds við byggingavísitölu.** Hvor leiðin sem valin verður — en áætlað er, að hvor um sig geti aukið tekjur Vegasjóðs um 300 millj. kr. — hefur í sér fólgna umtalsverðar nýjar álögur á bifreiðaeigendur — nettóhækkun bensíngjalds án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að taka til endurskoðunar tekjumál Vegasjóðs í heild og skiptingu tekna af umferð milli ríkissjóðs og Vegasjóðs. Alþýðuflokkurinn er algjerlega andvígur þessari stefnu.

Á tilboð þingmanna Alþýðuflokksins um samstarf um endurskoðun á þessum málum hefur því ekki verið hlustað né heldur hefur nokkurt samráð verið haft við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd um þessi mál né heldur um skiptingu hins takmarkaða fjármagns milli kjördæma. Þeir voru ekki til kvaddir fyrr en stjórnarmeirihlutinn hafði lokið allri umfjöllun um þau mál. Þá fyrst voru fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd kallaðir til og þeim sýndar niðurstöður meiri hlutans. Þannig hefur öllum tilboðum stjórnarandstöðunnar um samvinnu verið hafnað og henni ekki einu sinni gefið tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála meðan þau enn voru á ákvörðunarstigi og unnt var að hafa þar einhver áhrif á. Hér er um að ræða ný vinnubrögð af hálfu stjórnarflokkanna og meiri hluta þeirra í fjárveitinganefnd, sem eru t. d. gjörólík þeim vinnubrögðum, sem tíðkast hafa við meðferð fjárlagafrumvarpa. Bæði þessum vinnubrögðum og niðurstöðu meiri hlutans er harðlega mótmælt og bera þau vott um það, að meirihlutinn hefur ekki aðeins gefist upp við það verkefni að tryggja eðlilegar framkvæmdir í vegamálum á Íslandi, heldur hefur hann einnig af ráðnum hug hafnað

tilmælum um samstarf við stjórnarandstöðuna um þau mál og þeim hugmyndum, sem stjórnarandstæðingar hafa lagt fram í því sambandi, án þess þó að geta sjálfur komið fram með nokkrar slíkar.

Afgreiðsla meiri hluta fjárveitinganefndar á upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar um vegáætlun fyrir árin 1977—1980 er auk þess að vera með eindæmum, eins og að framan var lýst, ljóst dæmi um það algera úrræðaleysi, nánast uppgjöf, sem ríkir í herbúðum ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar. Þegar séð var hverjar yrðu afleiðingarnar ef upphaflegar tillögur ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til nýbyggingar vega næðu óbreyttar fram að ganga, var af hálfu meiri hlutans brugðið á það ráð, ef ráð skyldi kalla, að lækka upphaflegar tillögur um fjárveitingar til stjórnar og undirbúnings um 40 millj. kr. og upphaflegar tillögur um fjárveitingar til viðhalds þjóðvega um 160 millj. kr., en hækka framkvæmdafjárveitingar sem þeim fjárhæðum nemur. Þar með var endanlega slökkt sú eina ljóstýra, sem samgönguráðherra þóttist geta bent á í ræðu sinni í vetur, þegar hann mælti fyrir tillögunni að vegáætluninni. Eini ljósi punkturinn í áætluninni að hans mati þá var, að nú ætti loks að auka eitthvað framlagið til viðhalds þjóðvega, en árið 1976 var að áliti Vegagerðar ríkisins eitthvert allra erfiðasta ár, sem hún hefur átt við að etja, vegna fjárskorts til viðhalds vega. Eftir þessa afgreiðslu meiri hluta fjárveitinganefndar er nú þessi eini ljósi depill horfinn og áætlunin öll orðin jafn-kolbikasvört.

Annað ráð — ef ráð skyldi kalla — hjá meiri hlutanum var svo það, að gera í vegáætlun ráð fyrir sérstökum lánsheimildum að upphæð 400 millj. kr. Lán þessi eiga að fást hjá framkvæmdaaðilum og endurgreiðast af fjárveitingum næsta árs.

Hér er að sjálfsögðu aðeins um hreina blekkingu að ræða — aðferð, sem notuð er til þess að láta framkvæmdafé sýnast meira virði á pappírnum en það raunverulega er. Vegagerð ríkisins hefur enda skýrt svo frá, að ómögulegt sé að segja til um að hve miklu leyti takast muni að útvega þau verktakalán, sem hér um ræðir. Það eina, sem þeir vegagerðarmenn telja sig geta fullyrt með nokkurri vissu, er, að harla ólíklegt sé að gera megi ráð fyrir, að þessi fjáröflunarleið skili nema hluta þeirra tekna, sem reiknað er með. Þetta álit er stutt þeirri reynslu, sem fékkst af svipuðum áformum á s. l. ári. Þá var ráðgert að afla lánsfjár — verktakalána — að upphæð 250 millj. kr., en aðeins tókst að afla 157.9 millj. kr. Takist að ná sama hlutfalli úr ráðgerðum lántökum hjá verktökum á árinu 1977, má vænta þess, að eigi reynist unnt að fá nema 240—250 millj. kr. af þeim 400 millj. kr., sem áformaðar eru, og framkvæmdir rýrni þá að sama skapi frá því, sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Framkvæmdafé samkvæmt vegáætlun er því að þessu leytinu til alls ekki raunhæft.

Þá er einnig ástæða til þess að benda á, að sérstakar fjáraflanir, svo sem eins og samkvæmt lögunum um Norður- og Austurveg, er í þessari vegáætlun farið að nota að miklu leyti sem almennt vegafé. Þessi fjáröflun var í upphafi ætluð sem viðbótarfjáröflun til þess að hraða framkvæmdum við sérstök verkefni og áttu fjárveitingar samkvæmt þeim að sjálfsögðu að koma til viðbótar öðrum almennum fjárveitingum til umræddra vega. Í vegáætlun þeirri, sem hér er til afgreiðslu, er hins vegar nánast litið á þessa fjáröflun sem lið í almennri fjáröflun Vegasjóðs, eins og sjá má af því, að væru framkvæmdir, sem fjármagnaðar eru með þessum hætti, ekki taldar með myndu framkvæmdafjárveitingar aðeins nema 1610 millj. kr., en það er til mikilla muna lægri upphæð í krónutölu en nam framkvæmdafjárveitingum á s. l. ári. Þá er einnig svo komið, að forgangsfjárveitingar til einstakra stærri verkefna eða sérstakra verkefna af almennu vegafé eru orðnar svo háar, að mjög lítið verður eftir til skiptanna til almennra vegaframkvæmda, og kemur þetta mjög misjafnt niður á kjördæmi. Sum fá háar forgangsfjárveitingar til stærri verkefna af almennu fé áður en gengið er til skipta, önnur há fjárframlög af vegasjóðsfé, sem sérstaklega er aflað — sum raunar hvort tveggja. Aðeins eitt kjördæmi — Vestfjarðakjördæmi — nýtur alls ekki neins slíks hagræðis og samkvæmt því verður ekki unnið að neinum stærri verkefnum í vegagerð þar allt áætl-

unartímabilið. Er vissulega ástæða til þess að spyrja, þegar svo er komið, að ráðstöfunarfé Vegasjóðs er af jafnskornum skammti og raun ber vitni, hvort á annað borð séu færi á að ráðast í einstök stórverkefni í vegamálum eins og gert er, með þeim afleiðingum, að nánast ekkert er afgangs til annarra aðkallandi verkefna.

Vegáætlun sú, sem hér er til afgreiðslu, er þannig lýsandi dæmi um bæði óstjórn og ráðleysi — uppgjöf ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins gagnvart verkefnum, sem varða meir en flest önnur framfarir og hagsmuni landsins alls. Eins og á málum hefur verið haldið, hefur stjórnarandstaðan ekki verið höfð með í ráðum um gerð áætlunarinnar, eins og venja hefur þó verið. Jafnframt hefur óskum hennar um heildarendurskoðun á tekjuöflunarleiðum Vegasjóðs, hugmyndum Alþýðuflokksmanna um ákveðin efnisatriði slíkrar endurskoðunar og tilboðum stjórnarandstöðunnar um samstarf um slíka endurskoðun verið vísað á bug. Eins og málum er komið munu þingmenn Alþýðuflokksins því ekki taka þátt í afgreiðslu vegáætlunarinnar eins og meiri hluti fjárveitinganefndar hefur gengið frá grundvallaratriðum hennar og lýsir ábyrgð af afgreiðslunni og málsmeðferðinni allri á hendur ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar.

Alþingi, 25. mars 1977.

Sighvatur Björgvinsson.

Sþ. 432. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að reglum Lífeyrissjóðs sjómanna um úthlutun íbúðarlána verði breytt á þann veg varðandi lánsupphæðir, veðtryggingar o. fl. að þær verði ekki óhagstæðari en um er að ræða hjá lífeyrissjóðum í sambandi almennra lífeyrissjóða.

Greinargerð.

Þær reglur, sem gilda um íbúðalánaveitingar úr Lífeyrissjóði sjómanna, virðast í ýmsu óhagstæðari sjóðsfélögum en um er að ræða í lífeyrissjóðum, sem eru aðilar að Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Má þar t. d. nefna að Lífeyrissjóður sjómanna veitir íbúðalán gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð sé ekki um ríkisábyrgð að ræða (heimilað er þó að lán frá Veðdeild Landsbanka Íslands sé tryggt með 1. veðrétti). Lífeyrissjóðir í Sambandi almennra lífeyrissjóða miða verðtryggingu íbúðalána hins vegar við að trygging nemi 50% af matsverði eignar, brunabótamati eða sérstöku mati.

Ákvæðið um 1. veðrétt í lánareglum Lífeyrissjóðs sjómanna gerir lántakendum yfirleitt erfiðara fyrir um lántöku en sú regla, að trygging skuldabréfa nemi 50% af mati eignar án tillits til hvar í röðinni veðréttur lífeyrissjóðsins er. Hámarkslán úr lífeyrissjóði sjómanna námu á s. l. ári 3000 kr. á m³ allt að 900 þús. kr., en í öðrum lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga allt að 1400 þús. kr. Þá má geta þess, að reglur um hverjir komi til greina um úthlutun íbúðalána hjá Lífeyrissjóði sjómanna telja sjómenn of þröngar, þar sem miðað er við, að hafi sjóðsfélagi greitt í sjóðinn skemmri tíma en 7½ ár, sé ekki um lántökurétt að ræða nema viðkomandi hafi greitt iðgjald í 27 mánuði, þar af 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum, og sé greiðandi sjóðsfélagi bæði þegar umsókn er lögð fram og þegar lánið er borgað út. Starfi sjómanna er þannig háttað, að vandkvæði kunna vera á því fyrir ýmsa að uppfylla þessa kröfu.

Lífeyrissjóður sjómanna er öflugur sjóður og óþarft virðist að reglur um lántökurétt sjóðsfélaga séu strangari en gerist um aðra lífeyrissjóði verkalýðsfélaga, því er hér lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að lánareglur sjóðsins verði endurskoðaðar.

Ed. 433. Frumvarp til laga [213. mál]

um Skálholtsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Í Skálholti starfar skóli, er heyrir undir menntamálaráðuneytið. Nefnist hann Skálholtsskóli.

2. gr.

Skálholtsskóli starfar í anda norrænna lýðháskóla. Markmið hans er að stuðla að aukinni almennri menntun og þroska nemenda sinna og dýpka skilning þeirra á félags- og menningarlífi samtíðarinnar.

Skólinn vinnur að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar Íslendinga.

Skólinn starfar á grundvelli kristinnar kirkju.

3. gr.

Árlegur starfstími skólans er níu mánuðir. Heimilt er að skipta starfstímanum í námskeið. Hluti skólastarfs getur farið fram að sumri.

4. gr.

Starfsemi skólans greinist í:

a) Almenna deild.

Almenna deildin veitir almenna framhaldsmenntun þeim, sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hafa horfið úr skóla, en vilja taka þráðinn upp að nýju.

b) Valfrjálsar deildir.

Skólinn býður nemendum ýtarlegri fræðslu eftir frjálsu vali. Í því skyni starfa við hlið almennrar deildar minni deildir, þar sem nemendur einbeita sér að tilteknum flokkum námsgreina, þar á meðal íslenskri tungu, sögu og bókmenntum, kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum, hugmynda- og heimspekisögu, nútímasögu og félagsfræði, svo og leiðbeiningum um æskulýðsstörf og aðra félagsstarfsemi.

Nemendur hinnar almennu deildar stunda nám í a. m. k. einni valfrjálsri deild. Að öðru leyti eru valfrjálsar deildir miðaðar við þarfir þeirra nemenda, sem lengra eru komnir á námsbraut og sitja ekki í öllum kennslustundum í almennri deild, en eru að búa sig undir frekara nám eða ákveðin störf.

c) Sjálfsnám og rannsóknarstörf.

Skólinn veitir árlega, eftir því sem aðstæður leyfa, viðtöku konum og körlum, er dvelja um lengri eða skemmri tíma á staðnum og þiggja að vild þá fræðslu sem þar er í boði, en stunda að öðru leyti sjálfsnám og vinna að eigin verkefnum.

Skipulag alls náms og starfs í skólanum er með frjálsu sniði að hætti norrænna lýðháskóla. Próf eru engin, en vitnisburðir gefnir þeim, er þess æskja.

5. gr.

Skilyrði fyrir skólavist er, að nemendur verði 18 ára á skólaárinu, nema eldri séu, og hafi lokið skyldunámi. Rektor getur veitt undanþágu og skólanefnd sett nánari reglur um inntöku nemenda í samráði við rektor, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Skálholtsskóli er sjálfseignarstofnun og ber kirkjuráð ábyrgð á fjárreiðum hans. Stjórn skólans er í höndum rektors og 7 manna skólanefndar. Biskup Íslands er formaður nefndarinnar og kirkjuráð tilnefnir varamann hans. Menntamálaráðherra skipar aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar og fimm samkvæmt tilnefningum eftirgreindra aðila: kirkjuráðs, Sambands ísl. sveitarfélaga, Kvenfélagasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Skálholtsskólafélagsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Rektor situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í skólanefnd. Skólanefnd ræður rektor og fasta kennara í samráði við hann. Hún setur skólanum námsskrá og starfsreglur með samþykki kirkjuráðs og menntamálaráðherra. Hún ber ásamt rektor ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri skólans gagnvart kirkjuráði og menntamálaráðherra.

7. gr.

Rektor stjórnar daglegu starfi, rekstri og fjárreiðum skólans, gerir fjárhagsáætlun, ræður stundakennara og annað starfslið eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Rektor og fastir kennarar njóta sömu réttinda og hliðstæðir opinberir starfsmenn, enda hvíla á þeim sömu skyldur. Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skólans fer, að því er við getur átt, eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

8. gr.

Um fjárveitingar úr ríkissjóði til Skálholtsskóla gildir eftirfarandi:

a) Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miðað við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.
b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist.

Skilyrði fjárframlaga til rekstrar er að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og skal þá menntamálaráðherra og kirkjuráð sameiginlega taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðisins í samræmi við lög nr. 82/1963.

Stofnkostnaður- og rekstrarreikningur skal gerður í janúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjölum ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþýðuskólar, á Norðurlöndum „Folkehøjskoler“, eiga sér langa sögu. Meðan menn áttu ekki almennt kost skólavistar og margháttaðrar fræðslu, gengdu þeir mjög umfangsmiklu hlutverki.

Þótt íslenskir æskumenn eigi nú margra kosta völ að því er nám varðar, þá eru þó jafnan ýmsir, sem eru óráðnir í hvað gera skuli, þegar skyldunámi lýkur. Margir

þeirra vilja þó gjarnan eiga þess kost, þá eða síðar á ævinni, að leggja stund á annað nám en það, sem miðar að ákveðnu prófi eða starfsmenntun.

Íslensku héraðsskólarnir störfuðu í fyrstu með lýðháskólasniði. Þeir voru síðar felldir inn í almenna skólakerfið. Starfsemi Skálholtsskóla er ný tilraun við breyttar kringumstæður. Skólinn hefur þegar starfað hálft fimmta ár með því sniði, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Aðsókn hefur verið góð og skólinn hefur notið styrks á fjárlögum ár hvert. Þar sem bæði almenningur og Alþingi hafa veitt skólanum stuðning á þennan hátt virðist eðlilegt að setja löggjöf um starfsemi hans. Benda má á, að Alþingi hefur nýverið með lagasetningu ákveðið að stórauka stuðning við tvo skóla, sem ekki eru reknir af ríkinu, þ. e. Verslunarskólann og Samvinnuskólann. Er eðlilegt að hafa nokkra hliðsjón af þeim lögum (viðskiptafræðsla á framhaldsskólastigi), þegar fjallað er um stöðu skólans í Skálholti.

Í þessu frumvarpi eru ákvæði um heiti skólans, tilgang, tilhögun starfa, stjórn, um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði og fjárhagslega ábyrgð kirkjuráðs á þeim hluta kostnaðar, sem ríkið greiðir ekki, um skil reikninga o. s. frv.

Frumvarpið er samið á vegum menntamálaráðuneytisins í nánu samstarfi við biskup Íslands og fleiri forsvarsmenn Þjóðkirkjunnar og Skálholtsskólafélagsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Kveðið er á um nafn skólans, sem kennt er við staðinn. Slíkar nafngiftir hafa verið og eru enn mjög algengar.

Í 1. gr. er og kveðið á um það, að skólinn heyri undir menntamálaráðuneytið stjórnarfarslega.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um markmið skólans og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir níu mánaða árlegum starfstíma skólans. En meira olnbogarými er ætlað um námsskipan en venja er í þeim skólum, sem búa nemendur sína undir ákveðin próf og tiltekin réttindi eða störf.

Um 4. gr.

Hér er starfsemi skólans formuð í grófum dráttum. Greinin skýrir sig sjálf.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Skólinn er sjálfseignarstofnun og ber kirkjuráð ábyrgð á fjárreiðum að því leyti sem ekki koma til framlög ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum og gildandi fjárlögum.

Hér er ákvæði um stjórn skólans, sem skipa skal sjö mönnum. Er gert ráð fyrir tveimur fulltrúum frá Þjóðkirkjunni og einum frá Skálholtsskólafélaginu. Hinir fjórir tengjast ríkisvaldinu, sveitarstjórnum og tveimur landssamtökum menningarfélaga, sem eiga rætur í nær öllum byggðum landsins.

Starfsheiti skólastjóra er ákveðið rektor með sérstöku tilliti til sögu Skálholtsstaðar, stefnumörkunar skólans og til samræmis við venjur skandinava.

Um. 7. gr.

Hér er hlutverk rektors skilgreint í aðalatriðum. Greind er staða fastra starfsmanna á sama hátt og gert er í nýrri löggjöf um viðskiptafræðslu að því er varðar einkaskóla á því sviði.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um fjárframlög ríkissjóðs. Er í meginatriðum fylgt sömu reglu og felst í nýnefndum lögum.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 434. Breytingartillaga [162. mál]

við brtt. á þskj. 428 [Vegáætlun 1977—80].

Frá Lúðvík Jósepssyni og Ragnari Arnalds.

Við 1. brtt. Við I. Áætlun um fjáröflun. 1. 1 Fastir liðir
Við töluliði bætist nýr liður, 5, svo hljóðandi:

5. Helmingur af söluskattstekjum ríkissjóðs af bensíni

1977	1978	1979	1980
725 m.kr.	800 m.kr.	850 m.kr.	850 m.kr.

Viðbótartekjum Vegasjóðs samkv. þessum lið skal skipt — að því leyti sem þeim verður ekki ráðstafað við afgreiðslu vegáætlunar nú — af fjárveitinganefnd, að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna að því er varðar skiptingu í hverju kjördæmi.

Sþ. 435. Breytingartillögur [162. mál]

við brtt. á þskj. 428 [Vegáætlun 1977—80].

Frá Lúðvík Jósepssyni og Helga F. Seljan.

Við 2. brtt. Við II. Skipting útgjalda.

a. Til nýrra þjóðvega. Nýr liður:

	1977	1978	1979	1980
4. Austurlandsáætlun ..	177 m.kr.	177 m.kr.	177 m.kr.	177 m.kr.

b. Sundurliðun. 1. Stofnbrautir. 92 Norðfjarðarvegur.
Í stað 10—11 Gangamunni E.-Nesk. komi:

	1977	1978	1979
Austurlandsáætlun	177 m.kr.	177 m.kr.	177 m.kr.

Fjárveitingu hvers árs skal skipt á þær vegaframkvæmdir, sem enn eru óunnar af Austurlandsáætlun, af vegamálastjóra, að fengnum tillögum þingmanna Austurlands.

Sþ. 436. Breytingartillögur [162. mál]

við brtt. á þskj. 428 [Vegáætlun 1977—80].

Frá fjárveitinganefnd.

Við 2. brtt. Sundurliðun á fé til nýrra stofnbrauta (2.3.1) 1977 breytist og verði eftirtaldir liðir svo sem hér segir:

			fjárv. m.kr.	lánsh. m.kr.
a.	1.	Norðurlandsvegur		
		05 Norðan Akureyrar	40	12
		12 Víkurskarð	50	30
b.	85	Norðausturvegur		
		17 Melrakkaslétta	18	5

Sþ. 437. Breytingartillögur [162. mál]

við brtt. á þskj. 428 [Vegáætlun 1977—80].

Frá Karvel Pálmasyni og Sighvati Björgvinssyni.

Við 2. brtt. Við kafla II. Sundurliðun 2.3.1 Stofnbrautir. Liðurinn breytist svo:

a. 1. Vesturlandsvegur
05 Um Borgarfjörð. Í stað 400 millj. kr. komi 300 millj. kr. 1977, 1978 og 1979.

b. Inn komi nýr liður:
Breiðadalsheiði (jarðgöng) 100 millj. kr. 1977, 1978 og 1979.

Sþ. 438. Breytingartillögur [162. mál]

við brtt. á þskj. 428 [Vegáætlun 1977—80].

Frá Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni.

Við 2. brtt.

1. Við II. 2.3. bætist nýr liður

	1977	1978	1979	1980
Norðurlandsáætlun	200 m.kr.	200 m.kr.	200 m.kr.	200 m.kr.

2. Við II. Sundurliðun 2.3. Til nýrra þjóðvega. Eftirfarandi liðir bætast við eða breytast í kaflanum 1. Stofnbrautir:

		1977		1978		1979
1	Norðurlandsvegur	fjárv.	lánsh.	fjárv.	lánsh.	fjárv.
	15 Vatnshlíð—Valadalsá	5	5	5		
76	Siglufjarðarvegur					
	02 Út Blönduhlíð	16				
1	Norðurlandsvegur					
	12 Víkurskarð	110	32	106	44	
82	Ólafsfjarðarvegur					
	06 Múlavegur, vegþekja					65
85	Norðausturvegur					
	17 Melrakkaslétta	50		50		100

3. Við II. Sundurliðun 2.3. Til nýrra þjóðvega. Eftirfarandi liðir bætast við eða breytast undir kaflanum 2. Þjóðbrautir:

		1977 fjárv.	1978 fjárv.	1979 fjárv.
704	Miðfjarðarvegur			
	02—03 Vesturárd.—Laugarbakki	1	10	20
	04 Við Urriðaá	3		
711	Vatnsnesvegur			
	07 Síðuvegur—Norðurlandsv.		14	
	02 Við Hamarsá		3	
716	Síðuvegur			
	01 Norðurlandsv.—Vatnsnesv.		4	
733	Blöndudalsvegur			
	01 Svínvetningabr.—Austurhlíð	10		
734	Svartárdalsvegur			
	01 Norðurlandsv.—Bergsstaðir	16		
	02 Bergsstaðir—Stafn	11	6	
741	Neðribyggðarvegur			
	01 Skagastrandarv.—Skagastrandarv. .	2	7	
745	Skagavegur			
	09 Þverárfjallsv.—Sauðárkr.	25	25	25
752	Skagafjarðarvegur			
	01 Norðurlandsv.—Efribyggðarvegur ..	1	16	9
753	Vallhólmavegur			
	01 Norðurlandsv.—Skagafjarðarv.			2
781	Deildardalsvegur			
	01 Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.		8	

4. Við II. Sundurliðun 2.5 Til brúagerða.
   a. Liðurinn: Laxá hjá Hvammi (sýsluv.) fellur niður.
   b. Eftirfarandi liður breytist:

1977	1979	
Valadalsá	19	verði:
Valadalsá	19	

   c. Eftirfarandi liðir bætist við:

	1977	1978	1979
Urriðaá í Miðfirði	24		
Hamarsá á Vatnsnesi		18	
Hlíðará hjá Bólstaðarhlíð (Norðurlandsv.)	22		
Vatnsdalsá			23
Héraðsvötn (Norðurlandsv.)			20
Svartá hjá Saurbæ			29

Sþ. 439. Breytingartillaga [162. mál]

við brtt. á þskj. 428 [Vegáætlun 1977—80].

Frá Karvel Pálmasyni, Ragnari Arnalds, Helga F. Seljan, Steingrími Hermannssyni, Stefáni Jónssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Við brtt. I. Áætlun um fjáröflun. Á eftir 1.2 komi:

	1977	1978	1979
3. Hraðbrautagjald	120 m.kr.	180 m.kr.	180 m.kr.

Greiða skal samkvæmt heimild í 95. gr. vegalaga um umferðargjald af bifreiðum sérstakt hraðbrautagjald af bensíni og dísilolíu á þeim stöðum, sem tengjast vegakerfi með varanlegu slitlagi.

Gjaldið er staðbundið og miðast við útsölustaði á þeim landssvæðum, þar sem samfelldar hraðbrautir með varanlegu slitlagi eru a. m. k. 50 km að lengd.

Hraðbrautagjald nemur 2 kr. á hvern lítra eldsneytis og skal koma til viðbótar almennu söluverði. Gjaldið rennur í Vegasjóð til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum, sem tekin hafa verið til lagningar varanlegs slitlags á hraðbrautir, svo og að aukið fjármagn verði til annarra framkvæmda.

Ráðherra ákveður árlega í reglugerð, hvaða útsölustaðir á landinu falla undir ákvæði 1. og 2. mgr. og hvernig innheimtu skal háttað.

Sþ. 440. Fyrirspurnir. [214. mál]

I. Til fjármálaráðherra um endurskoðun á opinberri atvinnu- og þjónustustarfsemi.

Frá Ellert B. Schram.

Er endurskoðun hafin á opinberri atvinnu- og þjónustustarfsemi eins og boðað var í fjárlagaræðu fjármálaráðherra?

Ef svo er, að hvaða fyrirtækjum beinist sú endurskoðun?

Hvernig verður henni hagað og að hverju er stefnt?

II. Til forsætisráðherra um útgjöld vísitölufjölskyldunnar.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hversu mikill hluti (í kr. og hundraðshl.) af ársútgjöldum vísitölufjölskyldunnar miðað við verðlag 1. febr. s. l. fer til greiðslu:

a) aðflutningsgjalds,
b) skatta af framleiðslu og söluskatts,
c) verslunarálagningar?

III. Til sjávarútvegsráðherra um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hve hárri upphæð námu greiðslur af óskiptu aflaverðmæti til Stofnfjársjóðs fiskiskipa á árinu 1976?
2. Hve háum upphæðum námu afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa á árinu 1976?
3. Hve háar upphæðir greiddi Stofnfjársjóður fiskiskipa á árinu 1976:
   a) til afborgana og vaxta af stofnlánum fiskiskipa,
   b) til skipaeigenda?

Nd. **441. Frumvarp til laga** [215. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verði: **Almennt um útvarpsrekstur,** og 1. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð merkir í lögum þessum fyrirtæki eða stofnun sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Heimilt er menntamálaráðherra að veita sveitarfélögum, menntastofnunum og einstaklingum leyfi til útvarpsrekstrar. Hver sá, sem vill reka útvarpsstöð, skal sækja um leyfi til ráðherra, er leitar umsagnar útvarpsráðs og póst- og símamálastjórnarinnar um allar slíkar umsóknir.

Leyfisveitingar til útvarpsrekstrar fyrrgreindra aðila eru háðar þeim skilyrðum, að hjá útvarpsstöð starfi dagskrárstjóri, er hafi reynslu í dagskrárgerð fyrir fjölmiðla, og enn fremur tæknistjóri, er hafi meistararéttindi í útvarpsvirkjun eða loftskeytamannspróf.

Rekstrarleyfi skal veitt til þriggja ára í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef það er ekki afturkallað 6 mánuðum áður en gildistími rennur út.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöðvar, flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur um öldutíðni, útgeislun o. fl., svo sem ákveðið er samkv. alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þ. á m. umferðar- og slysavarnarmálum. Þær skulu kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Þær skulu halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Þær skulu flytja fjölbreytt efni við hæfi fólks á öllum aldri. Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma. Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum máum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

4. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Útvarpsráð,** og orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráð skal vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það er að útvarpsmálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur sem það telur nauðsynlegar hverju sinni. Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráð skal vera umsagnaraðili gagnvart menntamálaráðherra um veitingu leyfis til útvarpsrekstrar og annast eftirlit með því, að útvarpsstöðvar fylgi lagaákvæðum um markmið með útvarpsrekstri, sem upp eru talin í 3. gr. I. kafla þessara laga. Getur ráðið mælt með því við menntamálaráðherra, að rekstraraðili útvarpsstöðvar verði sviptur leyfi, ef sýnt er að brotin hafa verið ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni í Ríkisútvarpinu skuli hagað í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá þess, áður en hún kemur til framkvæmda. Ákvarðanir útvarpsráðs um dagskrárefni Ríkisútvarpsins eru endanlegar.

6. gr.

6. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Ríkisútvarp,** og orðist svo:

Ríkisútvarp skal starfrækt og vera sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, og reisir það sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

7. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þ. á m. auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum: fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu í starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna, sem verður IV. kafli, verði: **Dreifing og réttindi Ríkisútvarpsins,** og 8. gr. laganna breytist á þessa leið:

Á eftir orðinu „Ríkisútvarpið" í 1. mgr. bætist: og aðrar útvarpsstöðvar.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er Ríkisútvarpinu og Landssíma Íslands að leigja öðrum útvarpsstöðvum afnot af sendistöðvum og endurvarpsstöðvum eftir því sem tækjabúnaður og aðstæður leyfa.

9. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný mgr., er hljóðar svo:

Skerðingarákvæði þessarar lagagreinar ná þó ekki til útvarpsstöðva, sem starfræktar eru samkvæmt sérstöku leyfi ráðherra.

10. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna, sem verður V. kafli, verði: **Fjármál Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva,** og við 13. gr. laganna bætist svo hljóðandi mgr.:

Með sama hætti og að framan greinir skal öðrum útvarpsstöðvum heimilað að afla tekna með auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis eða annars efnis, sem viðskiptavinir viðkomandi stöðvar kynnu að vilja koma á framfæri við almenning. Útvarpsstöðvar lúta að öllu leyti lögum um tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við ákvæði gildandi laga fyrir þau rekstrarform sem stöðvarnar kunna að vera reknar undir.

11. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður VI. kafli, verði: **Ábyrgð á flutningi efnis í útvarpi,** og 22. gr. laganna breytist sem hér segir:

6. mgr. hljóði svo:

Útvarpsstjóri viðkomandi stöðvar ber ábyrgð á öðru efni.

7. mgr. hljóði svo:

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið eða viðkomandi útvarpsstöð þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

12. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er útvarpsstöðvum að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

13. gr.

24. gr. laganna breytist sem hér segir:

1. málsl. 1. mgr. hljóði svo:

Brot gegn lögum þessum og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum.

Úr 3. málsl. 1. mgr. falli orðin „sbr. 2. gr." niður.

Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Undanþegnar þessu ákvæði eru útvarpsstöðvar, sem hlotið hafa leyfi til starfrækslu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 8 12. mars 1975.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið. Jafnframt verði ráðherra heimilað að veita öðrum

leyfi til útvarpsrekstrar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð.

Eigi þarf að fjölyrða um eðli og tilgang frumvarpsins. Stjórnarskrá Íslands felur í sér að fullt tjáningarfrelsi skuli ríkja í landinu. Hefur svo verið að því er hið prentaða mál varðar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

Ákvæði íslenskra laga um tjáningarfrelsi eru í samræmi við vestrænar lýðræðisvenjur. En þó hefur Ísland dregist aftur úr á einu sviði og beinlínis lagt hömlur á tjáningarfrelsið umfram það, sem þekkist í öðrum lýðræðisríkjum. Er það í sambandi við rekstur hljóðvarps- og útvarpsstöðva í eigu annarra aðila en ríkisins. Enn búa íslendingar við tæplega hálfrar aldar fyrirkomulag í þessum efnum — fyrirkomulag sem var í sjálfu sér eðlilegt á bernskuskeiði þessa rekstrarforms hér á landi, þegar fjármagn var af skornum skammti og reynsla lítil í framkvæmd þessara mála. Er óhætt að segja, að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði, og er frumvarp þetta ekki flutt til að kasta neinni rýrð á þessa fjölmiðla né starfsemi þeirra.

Tímar eru nú hins vegar gjörbreyttir frá því er einkaleyfi Ríkisútvarpsins var ákveðið árið 1930 og kröfur fólks allt aðrar og meiri. Í flestum lýðræðisríkjum eru nú starfræktar margar útvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Eru þær ýmist í eigu hins opinbera eða félaga og einstaklinga. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð. Notendur þessara fjölmiðla hafa notið meiri fjölbreytni í efnisvali vegna aukinnar samkeppni á sama tíma sem fleiri hafa fengið tækifæri til að verða virkir þátttakendur á þessu sviði.

Á síðasta áratug hafa orðið ótrúlegar tækniframfarir í útsendingu á tali, tónum og myndum. Hið sama gildir um viðtökutækni þess eðlis er hér um ræðir. Sem dæmi má nefna, að án mikils tilkostnaðar má koma upp staðbundnum útsendingum á sviði hljóðvarps og sjónvarps, sem mundu auka mjög á fjölbreytni í efnisvali, auk þess sem unnt er með fjölgun stöðva að fullnægja kröfum um aukna fræðslu á sviði almennra og staðbundinna mála.

Áhersla er lögð á að fyllsta hlutleysis sé gætt í stjórnmálum við útsendingu efnis með svipuðum hætti og nú tíðkast í útsendingum Ríkisútvarpsins. Skulu hinar frjálsu útvarpsstöðvar stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu um hin fjölbreytilegustu efni. Þá skal þeim heimilt að halda uppi fréttaþjónustu. Útvarpsstöðvarnar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Hið sama gildir gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

Um rekstrarréttindi og skyldur útvarpsstöðva í eigu einstaklinga og félaga fer að öðru leyti eftir íslenskum lögum. Með reglugerð setur ráðherra nákvæmar reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara mála, þ. á m. ákvæði er heimila útvarpsstöðvunum að selja auglýsingar eða útsendingartíma, m. a. vegna fræðslu- og kynningarefnis sem innlendir aðilar kynnu að vilja koma á framfæri. Þá er nauðsynlegt að setja ákvæði er girða fyrir að erlent fjármagn renni til rekstrar slíkra útvarpsstöðva.

Með frumvarpi þessu eru lögð drög að því, að á Íslandi ríki hliðstætt tjáningarfrelsi og þekkist í vestrænum lýðræðisríkjum á sviði hljóðvarps og sjónvarps. Það er spor í áttina að auknu frelsi fólksins frá miðstýringarvaldi embættis- og stjórnmálamanna á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í upphafi greinarinnar er hugtakið útvarpsstöð skilgreint í víðtækari merkingu en gert hefur verið til þessa. Er orðið útvarpsstöð hér látið ná til allra fyrirtækja og stofnana, sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Þá er með grein þessari afnuminn einkaréttur Ríkisútvarpsins til útsendinga með framangreindum hætti. Ráðherra er samkvæmt greininni heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lagagreinin gerir ráð fyrir því, að í starfi dagskrárstjóra útvarpsstöðva geti verið menn er hafa starfsreynslu á hliðstæðu sviði og dagskrárstjórar útvarps og sjónvarps hafa, svo sem hjá dagblöðum. Skulu rekstrarleyfi veitt til ákveðins tíma, en endurnýjast sjálfkrafa, séu þau eigi afturkölluð áður en gildistími rennur út.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér heimild til handa útvarpsstöð til að reisa sendistöð og útvarpsstöðvar og flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og fleira, sem nauðsynlegt er vegna starfrækslu slíkrar stöðvar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skyldur útvarpsstöðvar varðandi efnisflutning o. fl. Áhersla er lögð á tjáningarfrelsi og óhlutdrægni og að þær stöðvar, er rekstrarleyfi kunna að hljóta, haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Greinin er ítarleg og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 4. gr.

Grein þessi á við um kjör í útvarpsráð Ríkisútvarpsins. Er hún í stórum dráttum í samræmi við gildandi lagaákvæði, að því viðbættu, að starfssvið útvarpsráðs er útvíkkað með tilliti til hinna nýju aðstæðna er skapast við aukið frelsi á sviði útvarpsmála í landinu. Útvarpsráð verður, auk annarra skyldustarfa, ráðgefandi aðili gagnvart Alþingi og ríkisstjórn um allt er að útvarpsmálum í landinu lýtur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um, að útvarpsráð skuli vera umsagnaraðili gagnvart ráðherra um veitingu leyfa til útvarpsrekstrar annarra stöðva. Þá fjallar hún um með hvaða hætti hægt er að svipta aðila rekstrarleyfi brjóti rekstur útvarpsstöðvar í bága við ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um. 7. gr.

Greinin fjallar um stöðu útvarpsstjóra og atriði er varða yfirstjórn Ríkisútvarpsins. Er greinin það ítarleg, að óþarft er að skýra hana nánar.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér að þeim opinberum aðilum, er vegna sérstöðu sinnar ráða yfir sendistöðvum, sé veitt heimild til að leigja nýjum aðilum afnot af tækjabúnaði o. þ. h. eftir því sem aðstæður leyfa. Er hér m. a. um að ræða hugsanleg afnot af rásum vegna útsendingar sjónvarpsefnis.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða eðlilega breytingu á 12. gr. laganna vegna afnáms einkaréttar Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri í landinu.

Um 10. gr.

Við 13. gr. laganna bætast ákvæði, er heimila nýjum útvarpsstöðum eðlilega tekjuöflun til að standa undir rekstrarkostnaði. Þá er og kveðið á um að rekstrarform stöðvanna ráði með hvaða hætti þær séu reknar varðandi réttindi og skyldur umfram það, sem kveðið er á um í lögum um útvarp.

Um 11.—14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 442. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf, sé hún fyllilega samkeppnisfær.

Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum, verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf.

Jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er.

Greinargerð.

Miklar umræður um verðmismun erlendra og innlendra lyfja hafa vakið athygli og ýmsar spurningar.

Ljóst er að svör fást ekki, né úrbætur, nema með nákvæmri athugun færustu aðila, og ótvírætt þarf sú athugun að fara fram og ráðstafanir í kjölfar hennar.

Æskilegt hlýtur að teljast, að lyf séu sem ódýrust, og þegar margfaldur verðmismunur kemur fram, þá er von að krafist sé skýringa og aðgerða.

Þrátt fyrir það að fram kemur, að innlend lyf, jafngild hinum erlendu að áhrifum, eru í sumum tilfellum margfalt ódýrari, eru erlendu lyfin flutt inn og á þau vísað e. t. v. jafnmikið eða meira. Þá er von að við sé staldrað og þess krafist að vissar lágmarksráðstafanir séu gerðar.

Í tíð vinstri stjórnar voru lögð fram viðamikil frumvörp um lyfjaframleiðslu og sölu, þar sem þessi mál voru tekin til vandlegrar meðferðar. Núverandi ríkisstjórn hefur svæft meginhugmyndir þeirra frumvarpa.

Róttækra kerfisbreytinga er því síður en svo að vænta. En lágmarkskrafa hlýtur að vera sú sem þessi tillaga gerir ráð fyrir: Annars vegar að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs, einkum þar sem hún er fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, og hins vegar að læknum sé gert að miða lyfseðlaútgáfu við það að öðru jöfnu að innlend lyf sitji í fyrirrúmi þar sem þau gefa jafngóðan árangur og þau erlendu.

Hér er um svo mikilvægt atriði fyrir sjúklinga, sjúkratryggingar, innlenda lyfjaframleiðslu og þjóðarhag að ræða, að þess verður að krefjast að ýtrustu ráðstafanir séu gerðar í þá átt, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni í framsögu.

Sþ.

443. Skýrsla

fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs 1976

skv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.

Með skýrslu þessari er Alþingi nú í fyrsta sinn gerð grein fyrir bráðabirgðatölum um afkomu ríkissjóðs á liðnu ári.

Sú hefð hefur ríkt um árabil, að aðalgreinargerð fjármálaráðherra til Alþingis um fjárhagslega afkomu liðins árs hefur verið flutt í fjárlagaræðu í upphafi þings hvert haust. Hefð þessi mótaðist á sínum tíma af því, að uppgjöri ríkisreiknings var ekki lokið fyrr en langt var liðið á árið, þannig að í þingbyrjun gafst fyrst tækifæri til slíkrar greinargerðar. Skipulag ríkisbókhalds og starfsaðferðir voru einnig þannig, að erfitt var um vik að gera nothæft bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs þegar að reikningsári loknu.

Síðustu árin hafa miklar umbætur verið gerðar í ríkisbókhaldi, ekki síst með aukinni tölvunotkun, sem gerir ríkisbókhaldi kleift að skila góðu bráðabirgðayfirliti um ríkisfjármálin og á s. l. ári var slíkt yfirlit í fyrsta skipti gert fáum dögum eftir áramót. Á grundvelli bráðabirgðayfirlits ríkisbókhalds um afkomu ársins 1976 var gefin út fréttatilkynning í janúar s. l., og er hún birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Þá er ríkisbókhald í stakk búið til að ljúka uppgjöri ríkisreiknings, a. m. k. A-hluta hans, í mars/apríl, þannig að unnt er að leggja hann fyrir Alþingi áður en þinghaldi lýkur að vori.

Með hliðsjón af þessum breyttu aðstæðum þykir rétt að breyta hefðbundinni skýrslugerð um þetta efni til þingsins. Gert er ráð fyrir, að bráðabirgðaskýrsla af því tagi, sem hér fer á eftir, verði eftirleiðis lögð fyrir Alþingi þegar það kemur saman að loknu jólaleyfi og ríkisreikningur allur eða eftir atvikum A-hluti hans ásamt samanburði við fjárlög verði lagður fyrir Alþingi áður en þinghaldi lýkur að vori. Sé gert ráð fyrir, að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings ljúki störfum ekki síðar en í september, yrði frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings lagt fram á haustþingi ásamt frumvarpi til fjáraukalaga.

Á hinn bóginn væri þá ekki þörf fyrir, að sá hluti fjárlagaræðu fjármálaráðherra, sem á undanförnum árum hefur fjallað um afkomu liðins árs, verði jafn ítarlegur og verið hefur.

Afkoma ríkissjóðs 1976.

Í skýrslu þeirri, sem hér fer á eftir, eru dregin saman nokkur meginatriði um afkomu ríkissjóðs árið 1976. Allar tölur miðast við greiðslugrunn og munu af þeim sökum, auk þess sem þær eru bráðabirgðatölur, víkja nokkuð frá endanlegum reikningstölum ríkisreiknings 1976, sem lagður verður fram á Alþingi fyrir þinglausnir.

Helstu orsakir frávika frá tölum fjárlaga eru einkum fólgnar í því, að veigamiklar forsendur, er lágu til grundvallar fjárlagaáætlunar, reyndust aðrar en þar var ætlað, en auk þess komu til sérstök viðfangsefni á sviði landhelgisgæslu og fiskverndar, sem kröfðust aukinna útgjalda úr ríkissjóði og jafnframt aukinnar tekjuöflunar. Þá voru greiðsluáætlanir ríkissjóðs endurskoðaðar í byrjun árs 1976. M. a. af þessum orsökum var lagt fram sérstakt efnahagsmálafrumvarp í maímánuði 1976 um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, og einnig voru gerðar sérstakar ráðstafanir til aukningar tekna til vegamála.

Innheimtar tekjur og greidd gjöld ríkissjóðs í heild urðu:

Tölur í milljörðum kr.	Bráðab.t. 31/12'76	Áætlun 1/9'76	Fjárlög 1976
Tekjur	68,3	68,9	60,3
Gjöld	68,4	68,0	58,8
Jöfnuður	÷0,1	0,9	1,5

Tekjuáætlun fjárlaga ársins 1976 var tvívegis endurskoðuð á liðnu ári. Fyrst í tengslum við efnahagsráðstafanir í maí 1976 og svo í september og var síðarnefnda áætlunin lögð til grundvallar tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 1977. Samkvæmt fjárlögum 1976 voru heildartekjur áætlaðar 60,3 milljarðar króna, en samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds nam heildarinnheimta tekna ríkissjóðs 68,3 milljörðum króna á árinu 1976 eða um 8,0 milljörðum hærri fjárhæð. Hins vegar urðu innheimtar tekjur 600 milljónum króna lægri en áætlað var í septembermánuði. Reyndist innheimta síðustu mánuði ársins minni en vonir stóðu til, bæði vegna minni veltu, sem m. a. kom fram í söluskatti, rekstrarhagnaði ÁTVR og sérstöku vörugjaldi, og minni innheimtu, m. a. á tekjuskatti og bensíngjaldi.

Útgjaldaáætlanir fjárlaga ársins 1976 voru teknar til endurskoðunar strax í upphafi árs 1976, þegar áætlanir um greiðsluþarfir ríkisstofnana innan fjárlagaársins voru gerðar, svo og í tengslum við sérstakar ráðstafanir vegna landhelgisgæslu, fiskverndar o. fl. Heildarútgjöld fjárlaga 1976 voru 58,8 milljarðar króna, en greidd gjöld samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds námu 68,4 milljörðum króna sem er 9,6 milljörðum króna hærri fjárhæð. Hins vegar urðu greidd gjöld 400 milljónum króna hærri en ætlað var í september 1976. Sem næst fjóra fimmtu hluta umframútgjalda má rekja til hækkana launa, bóta almannatrygginga, útgjalda vegna landhelgisgæslu og fiskverndar, vegamála, vaxtagreiðslna, lánasjóðs íslenskra námsmanna, útflutningsbóta og niðurgreiðslna.

Lánahreyfingar utan Seðlabankans sýndu innstreymi fjár er nam 1,2 milljörðum króna, þannig að mismunur innheimtra tekna og greiddra gjalda, ásamt lánahreyfingum utan Seðlabankans varð jákvæður um 1,1 milljarð króna. Á árinu 1975 var mismunur innheimtra tekna og greiddra gjalda ásamt jöfnuði lánahreyfinga utan Seðlabankans neikvæður um 6,4 milljarða króna.

Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart öðrum viðskiptaaðilum en Seðlabankanum fólu í sér útstreymi úr ríkissjóði vegna lækkunar á lausaskuldum og breytingum útistandandi krafna, sem nam 1,6 milljörðum króna. Hins vegar varð skuldaaukning hjá Seðlabankanum að fjárhæð 800 milljónir króna. Ennfremur nam skuldaaukning vegna gengisbreytinga lána í Seðlabankanum í erlendri mynt 700 milljónum króna, þannig að skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann varð um 1,5 milljarða króna. Hliðstæðar fjárhæðir frá árinu 1975 sýndu skuldaaukningu við bankann 5,8 milljarða króna, þar af vegna gengisbreytinga 270 milljónir króna og vegna gengisábyrgðar ríkissjóðs á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins 850 milljónir króna.

Samkvæmt fjárlögum námu heildargjöld fjárlaga 58,8 milljörðum króna, heildartekjur 60,3 milljörðum króna og neikvæður jöfnuður lánahreyfinga 1,1 milljarði króna, þannig að greiðsluafgangur var 0,4 milljarðar króna. Séu afborganir lána til Seðlabankans frátaldar eykst greiðsluafgangur í 2,4 milljarða króna á fjárlögum. Samkvæmt bráðabirgðatölum urðu heildarútgjöld 68,4 milljarðar króna, heildartekjur 68,3 milljarðar króna og jöfnuður lánahreyfinga utan Seðla-

banka jákvæður um 1,2 milljarða króna, eða jákvæð heildarafkoma að fjárhæð 1,1 milljarður króna. Sé hins vegar miðað við allar inn- og útgreiðslur ríkissjóðs, þ. á m. útstreymi vegna lækkunar lausaskulda, kemur fram halli að fjárhæð 0,6 milljarðar króna. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarjöfnuður ríkissjóðs 1976 verði hagstæður, þegar tekið hefur verið tillit til óinnheimtra tekna og ógreiddra gjalda, en árið 1975 var hann neikvæður um 7,5 milljarða króna. Þótt fjárhagur ríkissjóðs hafi þannig ekki alls kostar orðið eins og til var ætlast, hefur hann verulega styrkst, borið saman við árin 1974 og 1975.

Tekjur.

Áætlun fjárlaga ársins 1976 um innheimtu tekna ríkissjóðs var miðuð við verðlag og kauplag í desember 1975. Heildarniðurstaða þessarar áætlunar var 60,3 milljarðar króna sbr. 1. töflu hér á eftir. Er horfur í efnahagsmálum voru endurskoðaðar að loknum kjarasamningum í febr. 1976, höfðu kauplags- og verðlagshorfur breyst verulega, þannig að reikna yrði með meiri verð- og launahækkunum. Aftur á móti var útlit fyrir nokkurn samdrátt þjóðarútgjalda á árinu, en fjárlög höfðu miðast við að þjóðarútgjöld héldust óbreytt frá 1975 til 1976. Þessar breytingar höfðu einkum áhrif á þá tekjustofna, sem eru háðir veltubreytingum. Þegar þessar horfur voru metnar í mars 1976 virtist innflutningsverð í krónum mundu hækka meira en reiknað var með í fjárlögum, en á móti kæmi að nokkru, að horfur virtust á meiri samdrætti í innflutningi en þar var talið. Verð á áfengi og tóbaki hafði loks verið hækkað í mars. Niðurstaða mats á þessum horfum var sú, að búast mætti við að tekjur ríkissjóðs yrðu u. þ. b. 4 milljörðum króna hærri en á fjárlögum, og stafaði hálf hækkunin af aukningu söluskattstekna.

Með lögum um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, nr. 20 5. maí 1976, samþykkti Alþingi hækkun vörugjalds, breytingu á skattafsláttarreglum tekjuskatts o. fl. Voru þessar breytingar samtals taldar auka tekjur ríkissjóðs um 2,2 milljarða króna 1976. Um sama leyti var ákveðin hækkun bensíngjalds og samsvarandi hækkun þungaskatts, svo og hækkun leyfisgjalds af jeppum þannig að samræmi náðist í skattlagningu jeppa og fólksbíla.

Tekjuáætlun fjárlaga var endurskoðuð í heild að þessum ráðstöfunum gerðum. Niðurstaða þessarar endurskoðunar var áætlun um 66,9 milljarða króna heildartekjur. Auk þeirra breytinga, sem að framan er getið, var jafnframt tekið fullt tillit til áhrifa nýrra áætlana um verðlag og kauplag á ýmsa minni háttar tekjustofna.

Við gerð fjárlagafrumvarps 1977 var tekjuáætlunin fyrir árið 1976 enn endurskoðuð í september og var niðurstaðan sett fram í greinargerð fjárlagafrumvarps. Breytingar, sem þar komu fram frá maíáætlun, voru miðaðar við efnahagsframvinduna á árinu og innheimtureynsla fyrstu átta mánaða ársins, auk þess sem raunveruleg álagning tekju- og eignarskatts lá þá fyrir. Niðurstaða þessarar endurskoðunar var áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 68.9 milljarða króna, eða um 2 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var í maí. Helstu ástæður þessarar hækkunar voru þær, að álagning tekjuskatts, einkum tekjuskatts félaga, benti til að tekjuskattsinnheimta yrði 750 m.kr. meiri en áður var talið, þá virtust aðflutningsgjöld stefna fram úr fyrri áætlun svo næmi 550 m.kr. einkum vegna þess, að hátolla-innflutningur hafði reynst meiri en búist var við, og loks virtist líklegt að innheimta launaskatts og ýmissa óbeinna skatta yrði drýgri en gert hafði verið ráð fyrir vegna heldur meiri verð- og launahækkana en reiknað var með í maí. Á hinn bóginn var rekstrarhagnaður ÁTVR undir spá.

Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds nam heildarinnheimta tekna ríkissjóðs 68,3 milljörðum króna á árinu 1976, en það var tæplega 600 m.kr. minna en

ætlað var í september. Reyndist innheimtan síðustu mánuði ársins nokkru minni en vonir stóðu til, bæði vegna minni verslunarveltu, og minni innheimtu, m. a. á tekjuskatti og bensíngjaldi. Útkoma helstu tekjuliða var annars sem hér segir:

Persónuskattar voru sem næst fjárlagatölum og námu alls 2 126 m.kr.

Tekju- og eignaskattur námu alls tæpum 8 700 m.kr., en það var um 800 m.kr. umfram fjárlög. Tekjuskattur einstaklinga var um 300 m.kr. umfram fjárlög, en tekjuskattur félaga 500 m.kr.

Gjöld af innflutningi námu samtals 15 400 m.kr., en það var 2 230 m.kr. umfram fjárlög. Helstu ástæður þessa voru, að innflutningsverð í krónum hækkaði yfir árið vegna gengissigs, auk þess sem innflutningur hátollavöru reyndist mun meiri en upphaflega var búist við. Hins vegar brást innheimta bensíngjalds, þannig að þrátt fyrir að bensíngjald væri hækkað tvívegis á árinu reyndist innheimtan engu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Sérstakt vörugjald innheimtist verr á árinu en búist var við. Hækkun vörugjaldsins úr 10% í 18% samkvæmt lögum nr. 20 5. maí 1976 var talin gefa um 1 600 m.kr. í auknar tekjur og auk þess hefðu almennar veltubreytingar átt að valda hækkun vörugjalds umfram áætlun. Hins vegar nam heildarinnheimtan 3 800 m.kr. eða einungis 1 500 m.kr. meir en fjárlagaáætlun gerði ráð fyrir.

Söluskattur nam samtals 23 600 m.kr. 1976 að frádregnum hlutum Jöfnunarsjóðs, Viðlagasjóðs og olíugjalds, og var þetta tæplega 2 200 m.kr. umfram fjárlög. Hækkunin frá fjárlögum stafaði öll af veltubreytingum vegna verðhækkunar umfram fjárlagaforsendur. Verslunarvelta varð aftur á móti minni í október og nóvember en búast mátti við og innheimtan síðustu tvo mánuði ársins af þeim sökum ódrýgri en áætlað var.

Launaskattur var í fjárlögum talinn verða um 3 070 m.kr., en varð um 3 540 m.kr., enda hækkuðu laun talsvert umfram fjárlagaforsendur.

Rekstrarhagnaður ÁTVR reyndist nær hinn sami og fjárlög gerðu ráð fyrir, um 6 000 m.kr., þrátt fyrir 15% verðhækkun í mars og mun meiri almenna veltubreytingu en í fjárlögum.

Gjöld.

Gjaldaáætlun á rekstrarreikningi fjárlaga var 58 857 m.kr., en gjöldin reyndust samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 68 447 m.kr. sbr. 2. töflu hér á eftir. Er mismunurinn 9 590 m.kr. eða 16,3%. Tæplega helmingur þessara umframútgjalda á rætur að rekja til hækkunar launataxta umfram fjárlagaforsendur og bóta almannatrygginga, sem tengdar eru kauptöxtum eins og kunnugt er. Þannig reyndust framlög til almannatrygginga 2 540 m.kr. umfram fjárlagaáætlun og samkvæmt áætlun urðu heildarlaun 1 800 m.kr. umfram, eingöngu af völdum taxtahækkana. Þá voru gerðar sérstakar ráðstafanir vegna landhelgisgæslu, fiskverndar og fl. á árinu, er höfðu í för með sér verulega útgjöld umfram fjárlög, og einnig ráðstafanir til aukinnar fjáröflunar til vegamála. Þá reyndust vaxtagreiðslur ríkissjóðs mun meiri en áætlað var í fjárlögum, og nauðsynlegt reyndist að hækka verulega fjárveitingu til lánasjóðs íslenskra námsmanna. Loks fóru útgjöld til útflutningsuppbóta og niðurgreiðslna nokkuð fram úr fjárlagaáætlun. Samtals orsaka þeir liðir, sem að framan greinir, því nær fjóra fimmtu hluta umframútgjaldanna. Verður hér á eftir vikið nánar að helstu frávikum frá fjárlögum.

Æðsta stjórn ríkisins. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum voru samtals 355 m.kr., en niðurstaða reyndist 522 m.kr. Er mismunurinn 167 m.kr. eða 47%. Áætlaðar launahækkanir samkvæmt meðalhækkun launataxta á árinu eru 41 m.kr., en að öðru

leyti eiga umframútgjöldin að verulegu leyti rætur að rekja til þess, hversu kostnaður við Alþingi fór fram úr fjárlagaáætlun.

Forsætisráðuneytið. Fjárveiting var 1 200 m.kr. og útkoma 1 229 m.kr. eða 2,4% hærri. Meginhluti útgjaldanna er framlag til Byggðasjóðs, en að því frátöldu var fjárlagatala 77 m.kr. og reyndist 106 m.kr. Er mismunurinn þannig reiknaður 29 m.kr. eða 37,7%. Launahækkanir eru áætlaðar 11 m.kr., framlag Íslands til hins almenna hluta norrænu fjárlaganna, sem ekki var áætlað í fjárlögum, 7 m.kr. og aðrir umframliðir samtals 11 m.kr.

Menntamálaráðuneytið. Fjárlagatala var 9 283 m.kr. og niðurstaða 11 075 m.kr., sem er 1 792 m.kr. eða 19% hærri. Eðlilegar launahækkanir eru áætlaðar 780 m.kr., og sérstök aukafjárveiting til lánasjóðs íslenskra námsmanna var 405 m.kr. Helstu liðir aðrir, er fóru fram úr fjárlagaáætlun, eru bygging grunnskóla 66 m.kr., akstur skólabarna 50 m.kr., byggingarframlag vegna Menntaskólans við Tjörnina 55 m.kr., aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum, sem er markaður tekjustofn, 40 m.kr., Þjóðleikhús 25 m.kr. og Sinfóníuhljómsveit 25 m.kr. Samtals fóru ýmsir aðrir liðir 346 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Utanríkisráðuneytið. Fjárlagatala var 733 m.kr., en útkoma 890 m.kr., og er mismunurinn 157 m.kr. eða 21%. Meta má launahækkanir 55 m.kr., umframútgjöld vegna lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli fyrir utan launahækkanir reyndust 24 m.kr., vegna byggingar og viðgerða sendiráðanna í Bonn og Osló samtals 20 m.kr., og ýmsir aðrir liðir fóru samtals 58 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, m. a. vegna gengissigs.

Landbúnaðarráðuneytið. Fjárveitingar skv. fjárlögum voru samtals 2 868 m.kr., en niðurstöðutala 3 347 m.kr., sem er 479 m.kr. eða 17% hærra. Mest munar hér um útflutningsuppbætur, er fóru 287 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, og jarðræktarframlög, er reyndust 165 m.kr. umfram. Launahækkanir eru metnar 57 m.kr. en greiðsla framlags til Stofnlánadeildar landbúnaðarins varð 30 m.kr. undir áætlun.

Sjávarútvegsráðuneytið. Fjárlagatala var 1 367 m.kr. og útkoma 2 005 m.kr. Er mismunurinn 638 m.kr. eða 47%. Í samræmi við framangreind lög um fiskvernd o. fl. varð kostnaður vegna fiskverndar og friðunaraðgerða 230 m.kr., greiðsla í verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, sem ekki var áætluð á fjárlögum, 152 m.kr. og vegna rekstrarhalla skuttogara af stærri gerð 102 m.kr. Launahækkanir eru metnar 63 m.kr., uppbætur á línufisk umfram fjárlög reyndust 35 m.kr., og ýmsir aðrir fjárlagaliðir fóru samtals 56 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum voru 3 131 m.kr., en útkoman reyndist 4 560 m.kr., sem er 1 429 m.kr. eða 46% hærra. Launahækkanir skv. töxtum eru metnar 305 m.kr., útgjöld vegna landhelgisgæslu umfram eðlilegar launahækkanir urðu 452 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, og gjöld vegna annarrar löggæslu umfram launahækkanir reyndust í heild 647 m.kr. hærri en í fjárlagaáætlun, en eins og fram kom í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi ársins 1977 hefur á undanförnum árum verið allverulegt misræmi milli fjárveitinga og þess sem raunverulega er eytt í þessum málefnaflokki. Á öðrum liðum nema umframgreiðslur samtals 25 m.kr. nettó.

Félagsmálaráðuneytið. Fjárlagatalan var 2 636 m.kr., en útkoma 2 783 m.kr. Er mismunurinn 147 m.kr. eða 6%. Framlög til Byggingarsjóðs ríkisins (markaðir tekjustofnar) reyndust 98 m.kr. umfram fjárlög, til Erfðafjársjóðs 20 m.kr., til Byggingarsjóðs verkamanna 14 m.kr., launahækkanir 5 m.kr., og ýmsir aðrir liðir fóru samtals 10 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Fjárveitingar til málefnaflokka þessa ráðuneytis voru 19 544 m.kr., en útkoman reyndist 22 199 m.kr., sem er 2 655 m.kr. eða 14% hærra. Meginhluti þessara umframgjalda, eða 2 540 m.kr., á rætur að rekja til hækkunar á bótum almannatrygginga og á daggjöldum sjúkrahúsa umfram fjárlagaforsendur. Að öðru leyti má rekja umframútgjöld til launahækkana 63 m.kr., til kostnaðar vegna héraðslækna og heilsugæslustöðva 50 m.kr., en aðrir liðir jafnast nokkurn veginn út, eru 2 m.kr. umfram fjárlagaáætlun.

Fjármálaráðuneytið. Fjárlagatala var 2 769 m.kr., en útkoman 2 837 m.kr., sem er 68 m.kr. eða 2% hærra. Við þennan samanburð ber þess að gæta, að meðal fjárveitinga á fjárlögum voru 275 m.kr. vegna óheimilaðra staða og verðlagshækkana, sem eiga við ríkisreksturinn í heild. Að þessari fjárhæð frátalinni verða umframgjöld 343 m.kr. eða 14%. Helstu umframliðir eru launahækkanir 182 m.kr., kostnaður við skýrsluvélavinnslu launagreiðslna, símakostnaður og burðargjöld Stjórnarráðsins 80 m.kr., uppbætur á lífeyri umfram meðallaunahækkun 53 m.kr. og ýmsir aðrir liðir samtals 205 m.kr., en á hinn bóginn reyndust framlög til ríkisábyrgðarsjóðs 177 m.kr. undir fjárlagaáætlun.

Samgönguráðuneytið. Fjárveitingar til málefna á sviði samgönguráðuneytisins voru samtals 6 367 m.kr., en útkoman varð 7 718 m.kr. Eru því umframgjöld 1 351 m.kr. eða 21%. Hér munar langmest um útgjöld vegagerðar, er fóru 882 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, en sérstakar ráðstafanir til aukinnar fjáröflunar voru gerðar til að standa undir þessum kostnaðarauka, m. a. með fyrrnefndum lögum um efnahagsráðstafanir. Launahækkanir til annarra en starfa við vegagerð eru áætlaðar 48 m.kr., umframgjöld vegna framkvæmda við landshafnirnar í Njarðvík 50 m.kr. og í Þorlákshöfn 47 m.kr., vegna endurgreiðslu landshafnalána 80 m.kr., vegna Skipaútgerðar ríkisins 52 m.kr., og á öðrum liðum reyndust umframgreiðslur samtals 192 m.kr., einkum á sviði hafnarmála.

Iðnaðarráðuneytið. Fjárlagatalan var 1 761 m.kr., en útkoma 1 550 m.kr., sem er 211 m.kr. eða 12% lægri. Áætlaðar launahækkanir nema 49 m.kr., en á hinn bóginn reyndist innheimta verðjöfnunargjalds raforku 152 m.kr. lægri en fjárlagaáætlun. Nokkrir aðrir liðir reyndust lægri en í fjárlögum, svo sem framlag til þangverksmiðju 30 m.kr., hafnargerðar við Grundartanga 20 m.kr., jarðvarmaveitna ríkisins 14 m.kr. og Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg 12 m.kr. Aðrir liðir reyndust samtals 32 m.kr. undir fjárlagaáætlun.

Viðskiptaráðuneytið. Fjárveitingar voru samtals 5 041 m.kr., en útkoma reyndist 5 265 m.kr., sem er 224 m.kr. eða 4% hærri tala. Hér er fyrst og fremst um að ræða niðurgreiðslur, er fóru 212 m.kr. fram úr fjárlagatölu. Áætlaðar launahækkanir nema 4 m.kr. og aðrar umframgreiðslur 8 m.kr.

Hagstofa Íslands. Fjárveiting var 53 m.kr. og útkoma 59 m.kr., eða 11% hærri. Áætlaðar launahækkanir nema 4 m.kr. og aðrar umframgreiðslur 2 m.kr.

Ríkisendurskoðun. Fjárveiting var 61 m.kr. og útkoma 63 m.kr., eða 3% hærri. Eðlilegar launahækkanir eru metnar 8 m.kr., þannig að aðrir gjaldaliðir hafa reynst 6 m.kr. undir áætlun fjárlaga.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Fjárveiting var 1 688 m.kr., en niðurstöðutölur reyndust 2 345 m.kr., sem er 657 m.kr. eða 39% yfir áætlun. Skýringin á eingöngu rætur að rekja til vaxtagreiðslna umfram fjárlagaáætlun vegna yfirdráttarvaxta, ríkissjóðsvíxla og vaxta af verð- og gengistryggðum lánum. Launahækkanir eru hér metnar 2 m.kr., og urðu aðrir liðir því 5 m.kr. lægri en í fjárlagaáætlun.

Lánahreyfingar.

Fjárlagatala á lánahreyfingum var neikvæð um 1 113 m.kr. Eru þá talin með lánsfjárviðskipti við Seðlabankann, þ. e. afborganir lána, er námu 2 029 m.kr. Að þeim viðskiptum frátöldum verður lánajöfnuður fjárlaga jákvæður um 916 m.kr. Í fjárlagaáætlun var ekki gert ráð fyrir breytingu á stöðu viðskiptareikninga hjá ríkissjóði. Útkoma á lánahreyfingum reyndist jákvæð um 1 163 m.kr., ef viðskipti við Seðlabankann eru ekki meðtalin. Á hinn bóginn batnaði staða ríkissjóðs gagnvart viðskiptaaðilum um 1 606 m.kr. Þannig var greidd viðskiptaskuld við Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð 574 m.kr., Olíusjóð fiskiskipa 212 m.kr., og Viðlagasjóð 264 m.kr. Útstreymi fjár vegna lækkunar lausaskulda umfram innkomið lánsfé nam því 443 m.kr., sem er 1 359 m.kr. umfram þá fjárhæð, sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Greiðsluafkoma.

Eins og að framan greinir nam gjaldaáætlun fjárlaga 58 857 m.kr., heildartekjur 60 342 m.kr. og neikvæður jöfnuður lánahreyfinga 1 113 m.kr., þannig að greiðsluafgangur var 372 m.kr. Séu afborganir lána til Seðlabankans frátaldar eykst greiðsluafgangur í 2 401 m.kr. á fjárlögum. Samkvæmt bráðabirgðareikningstölum ársins urðu heildargjöld 68 447 m.kr., heildartekjur 68 310 m.kr. og jöfnuður lánahreyfinga utan Seðlabanka varð jákvæður um 1 163 m.kr. eða samtals jákvæð heildarafkoma að fjárhæð 1 026 m.kr. Líta má á þessa afkomustærð sem mælikvarða á bætta stöðu ríkissjóðs á árinu gagnvart viðskiptaaðilum að meðtöldum Seðlabanka. Kemur sú stöðubreyting þannig fram, að staðan gagnvart ýmsum viðskiptamönnum hefur batnað um 1 606 m.kr., sjóður og bankainnstæður utan Seðlabanka hafa aukist um 257 m.kr., en á hinn bóginn urðu greiðsluhreyfingar við Seðlabankann neikvæðar um 837 m.kr.

Framangreindar tölur skýra fyrst og fremst breytingar á lausafjárstöðu ríkissjóðs til hins betra á árinu. Við mat á peningalegum áhrifum ríkisfjármálanna og áhrifum á efnahagslegt jafnvægi, er hins vegar rétt að líta á aðra skilgreiningu greiðsluafkomu, sem felst í greiðsluhreyfingum við Seðlabankann og breytingu sjóðs og bankareikninga. Er þá miðað við allar inn- og útgreiðslur ríkissjóðs, þ. á m. greiðslubreytingar við ýmsa viðskiptamenn. Slíkur útreikningur sýnir halla að fjárhæð 580 m.kr., þ. e. greiðsluhalla við Seðlabankann 837 m.kr. að frádregnum auknum sjóðs- og bankainnstæðum um 257 m.kr.

Lánsfjáráætlun.

Með lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 var fyrsta sinni gerð tilraun til þess að ná heildaryfirsýn yfir lánsfjármarkaðinn og samræma öll opinber afskipti af öflun og ráðstöfun lánsfjár. Lánsfjáráætluninni var ætlað að vera veigamikið tæki til þess að ná betra jafnvægi í efnahagsmálum eftir áföll og hallarekstur undangenginna ára í ríkisbúskap og þjóðarbúskapnum í heild, jafnframt því, að tryggt væri, að fjármagn nýttist sem best og brýnustu framkvæmdir gengju fyrir.

68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguheiði: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði hjá Tröllatungu á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.

607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls, Kollsvík, um Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík, fyrir botn Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi um Skagaströnd á Skagaveg hjá Harastöðum.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.

705 **Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.**
706 **Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi, um Efra-Núp, yfir Austurárdalsháls, út Austurárdal á Miðfjarðarveg gegnt Haugi.**
711 **Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.**
712 **Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Tungu.**
714 **Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjaárdal um Fremri-Fitjar, yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.**
715 **Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.**
716 **Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.**
717 **Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.**
718 **Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.**
721 **Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.**
722 **Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.**
723 **Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.**
724 **Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.**
725 **Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.**
726 **Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.**
727 **Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.**
728 **Flugvallarvegur við Blönduós: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.**
731 **Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.**
732 **Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.**
733 **Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.**
734 **Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.**
741 **Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.**
742 **Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, um Mýrar og brú á Laxá, á Laxárdalsveg hjá Skrapatungu.**
743 **Laxárdalsvegur: Af Þverárfjallsvegi yfir Norðurá að Balaskarði.**
744 **Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.**
745 **Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.**
748 **Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Fagranesi.**
751 **Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.**

752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
763 Hellulandsvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi að Hellulandi.
764 Hegranesvegur vestri: Af Hegranesvegi eystri við Ketu að Hellulandi.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Deildará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Artúns.
783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.

85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.

87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.

802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.

803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Sólheimum.

805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.

806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.

807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.

808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandi.

809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.

811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.

812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.

813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.

814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.

815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.

816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.

817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Áslaksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.

821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að vegamótum norðan Hólsgerðis.

822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.

824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.

825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Stóradal.

826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.

827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Þormóðsstöðum.

829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.

830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.

831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.

832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.

833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.

834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.

835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.

836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimavegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
850 Flugvallarvegur í Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi að flugvelli í Aðaldal.
861 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegar.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að vegamótum Skógavegar.
867 Axarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.

92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur í Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur við Egilsstaði: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg sunnan við Unaós.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.

947 **Desjamýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.**
951 **Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.**
953 **Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.**
954 **Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.**
955 Flugvallarvegur í Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða yfir Breiðdalsá hjá Flögu um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði á Austurlandsveg hjá Svínhólum.
982 Flugvallarvegur í Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

1 **Suðurlandsvegur.**

30 **Skeiða- og Hrunamannavegur:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

31 **Skálholtsvegur.**

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.

34 **Eyrabakkavegur.**

35 **Biskupstungnabraut:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

36 **Þingvallavegur.**

38 **Þorlákshafnarvegur:**
Þrengslavegur — Þorlákshöfn.

39 **Þrengslavegur.**

40 **Hafnarfjarðarvegur.**

41 **Reykjanesbraut.**

43 **Grindavíkurvegur.**

44 **Hafnavegur:**
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur.

45 **Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut — Sandgerði.

412 **Vífilsstaðavegur.**

415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.

431 **Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.

433 **Reykjalundarvegur.**

1 **Vesturlandsvegur.**

51 **Akranesvegur.**

53 **Hvítárvallavegur.**

54 **Ólafsvíkurvegur.**

55 **Heydalsvegur.**

56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.

57 **Snæfellsnesvegur.**

574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.

60 **Vestfjarðavegur.**

61 **Djúpvegur.**

62 **Barðastrandarvegur.**

63 **Bíldudalsvegur.**

68 **Hólmavíkurvegur.**

1 **Norðurlandsvegur.**

72 **Hvammstangavegur.**

74 Skagastrandarvegur:
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi — Skagaströnd.

75 **Sauðárkróksbraut.**

76 **Siglufjarðarvegur.**

82 **Ólafsfjarðarvegur.**

85 **Norðausturvegur.**

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegar.

845 **Aðaldalsvegur.**

1 **Austurlandsvegur.**

92 **Norðfjarðarvegur.**

93 **Seyðisfjarðarvegur.**

96 **Suðurfjarðavegur.**

99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

3.3.1. Kaldadalsvegur (40 km):

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2. Kjalvegur (165 km).

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3. Fjallabaksvegur nyrðri (80 km):

Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi.

3.3.4. Sprengisandsleið (536 km):

Af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (827) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (189 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (75 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökulsdalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Nd. 446. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Sams konar frv. lá fyrir nefndinni á síðasta þingi. Nefndin fjallaði þá ítarlega um málið og skilaði áliti og till. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Nefndin er að sjálfsögðu enn sama sinnis og áður að sundkunnátta sé nauðsynleg í útgerðarstöðum og að örva beri sjómenn til sundiðkana, en tekur annars undir álit íþróttafulltrúa ríkisins um, að vafasamt sé að gera lagalegan mismun á hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sundlauga á þeim grundvelli, sem flm. frv. ætlast til.

Nefndin telur, að málefnið sé í sjálfu sér mikilvægt og leggur eftir atvikum til að frv. **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ellert B. Schram skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 29. mars 1977.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram, með fyrirvara
Gunnlaugur Finnsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Magnús T. Ólafsson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Sþ. 447. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]

um verndun Bernhöftstorfu.

Flm.: Ellert B. Schram, Ingvar Gíslason, Magnús T. Ólafsson, Eðvarð Sigurðsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hverfa frá þeirri ákvörðun að reist skuli ný stjórnarráðsbygging á spildunni við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík og stuðla þannig að því að endurbygging og lagfæring á svonefndri Bernhöftstorfu geti hafist þegar í stað.

Greinargerð.

Um nokkurra ára skeið hefur ríkt nokkur óvissa um framtíð þeirra húsa, sem standa á spildunni við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík, svonefndri Bernhöftstorfu.

Fyrir liggur tuttugu ára gömul ákvörðun um að þar skuli reist ný stjórnarráðsbygging, en vegna mikils áhuga einstaklinga og félagasamtaka um varðveislu staðarins í þeirri mynd, sem verið hefur, hefur lítið verið aðhafst og ríkt nokkurs konar þrátefli í þessum efnum. Það hefur m. a. leitt til þess að húsin í torfunni hafa verið í allmikilli niðurníðslu og ekki verið unnt að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og lagfæringar á þeim.

Nú gerðist það í síðustu viku að upp kom eldur í Bernhöftstorfunni, með slíkum afleiðingum, að tvö hús eyðilögðust í brunanum.

Nauðsynlegt er að bregðast skjótt við og taka af allan frekari vafa um framtíð þessarar skemmtilegu spildu í hjarta Reykjavíkurborgar. Er lagt til að ríkisstjórnin ákveði, að ekki skuli reist stjórnarráðsbygging á nefndum stað, og stuðli þannig að því að endurbygging þeirra húsa, sem eyðilögðust í eldinum, og lagfæring hinna geti hafist sem fyrst.

Það mun hafa verið í tilefni 50 ára afmælis íslensks stjórnarráðs, árið 1954, sem tekin var ákvörðun um byggingu nýs stjórnarráðshúss á lóð ríkissjóðs milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Til framkvæmda hefur ekki komið, en gerðar hafa verið teikningar af fyrirhugaðri byggingu á umræddum stað og þær kynntar.

Á síðustu árum hefur mjög vaxið andstaðan gegn því, að stjórnarráðshús verði reist á þessum stað. Kemur þar hvort tveggja til: Í fyrsta lagi, að til þess þyrfti að rífa eða fjarlægja þau hús, sem hafa staðið á umræddri lóð og nefnd eru Bernhöftstorfa; í öðru lagi, að skipulag og aðstæður leyfa ekki svo stóra byggingu sem gert er ráð fyrir að nýtt stjórnarráðshús þurfi að vera.

Fyrir báðum þessum meginathugasemdum hafa verið færð rök, sem taka verður fullt tillit til. Mun nú gerð nánari grein fyrir þeim.

Jafnframt auknum skilningi á umhverfisvandamálum mannkynsins og umræðum um mengun, náttúruvernd og vistfræði hefur þeirri stefnu vaxið fiskur um hrygg, sem leggur áherslu á varðveislu sögulegra bygginga og sérstæðra borgarhverfa.

Íslendingar hafa löngum borið virðingu fyrir minjagripum og heimildum frá frumbýlisárum þjóðarinnar, en minna hirt um varðveislu muna og verndun umhverfis, sem skoðast geta heimildir um sögu og menningu síðari tíma. Smám saman hefur vaknað skilningur á því, að þróunarsaga lifnaðarhátta, menningarstrauma og umhverfismála er ekki síður merkileg, þótt slíkar heimildir séu ekki frá landnámstíð. Enn má víða finna slíkar heimildir og söguminjar, enda þótt tillitssemi og varðveislusjónarmið hafi á stundum mátt sín lítils í samkeppninni við kappsfulla uppbyggingu nútímaþjóðfélagsins.

Húsin og umhverfið austast í kvos gamla miðbæjarins í Reykjavík bera sína sögu, og þar er að finna afar merkilega heimild um byggingarstíl á síðustu öld.

Húsfriðunarnefnd, sem starfar skv. þjóðminjalögum, nr. 52/1969, bendir á,

að hér sé um menningarverðmæti að ræða, sem „undir engum kringumstæðum megi skemma, því þarna sé einstakt tækifæri til að varðveita svolítinn hluta af yfirbragði Reykjavíkur um miðja 19. öld“.

Þjóðminjavörður hefur m. a. látið frá sér fara svofellda umsögn:

„Húsaröð þessi, frá Stjórnarráðshúsinu gamla og að Menntaskólanum og Íþöku, er algerlega einstæð hérlendis. Þetta er elsta húsaröðin í Reykjavík og eina húsasamstæðan frá um miðja síðustu öld, sem enn er varðveitt. Hús þessi hafa alla tíð sett mjög mikinn svip á miðbæ Reykjavíkur og eru bestu dæmin um byggingarstíl í Reykjavík á síðustu öld. ...

Ég teldi það Reykjavíkurborg til mikils sóma, ef takast mætti að vernda þessar menningarminjar til komandi tíma. ... Ævinlega hefur verið talað um varðveislu gamla Stjórnarráðshússins og Menntaskólans, jafnvel þótt þau hús hafi ekki verið friðuð formlega. Má því segja, að öll þessi gömlu hús myndi sína heild, en hætt er við, að bæði Menntaskólinn og Stjórnarráðshúsið gamla setji mjög ofan, ef þarna kæmi stórt hús á milli, enda virðist á myndum, sem birst hafa af líkani hins væntanlega húss, að ekkert muni gert til að fella það að umhverfi sínu ...“

Að lokum skal vitnað í bréf Arkitektafélags Íslands, dags. 7. ágúst 1972, til borgarráðs Reykjavíkur, þar sem segir m. a.:

„Það verður að teljast hæpið í meira lagi að láta rífa niður hús, sem hafa ótvírætt menningarsögulegt gildi, til að rýma fyrir húsbyggingu, sem enginn veit, hvernig falla muni að umhverfinu. Þeir, sem að slíku standa, taka á sig mikla ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum, því að það, sem nú yrði tortímt, fengist aldrei endurheimt.“

Hvað stjórnarráðshúsið sjálft snertir, skal aðeins vitnað til ályktunar borgarráðs Reykjavíkur frá 22. ágúst 1972 þar sem segir m. a.:

„Sumir draga í efa, að unnt sé að teikna á þessari lóð byggingu, sem geti fallið vel inn í þetta umhverfi, án þess að rjúfa heildarmyndina.“

Þær hugmyndir, sem settar hafa verið fram af stjórnvöldum, um stærð og útlit hússins, hafa ekki uppfyllt þau skilyrði, sem skipulagsyfirvöld gera um lága og tiltölulega litla byggingu.

Af því, sem að framan er sagt, má ljóst vera, að með því að rífa eða fjarlægja svonefnda Bernhöftstorfu sé menningarverðmætum spillt, og enn fremur, að allt bendir til, að skipulag og aðstæður leyfi ekki byggingu á þessum stað af þeirri stærð, sem stjórnarráðshús þarf að vera.

Með þessu er ekki verið að draga úr nauðsyn þess, að nýtt stjórnarráðshús skuli reist og það hið fyrsta. En skoðun flm. er, að stjórnvöld eigi að virða þessi fram komnu sjónarmið og taka til athugunar, hvort ekki sé unnt að leysa húsnæðismál stjórnarráðsins með öðrum hætti.

Nd. 448. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta um skylduskil til safna hefur legið lengi fyrir nefndinni, ekki einasta á þessu þingi, heldur nokkur undanfarin þing. Þar sem frv. gerir ráð fyrir gerbreytingu á því, hver skylda skuli lögð á prentsmiðjur, í reynd útgefendur, í sambandi við ókeypis afhendingu bóka og annars útgefins ritmáls til bókasafna, hefur gætt andstöðu innan og utan þings um að samþykkja frv. þetta breytingalaust. Menntamálanefnd er ekki að öllu sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti leggur til að frv. verði samþykkt með tilteknum breytingum, en minni hluti nefndarinnar (Magnús T. Ólafsson og Svava Jakobsdóttir) skilar séráliti.

Samkvæmt gildandi lögum um þetta efni, lögum nr. 11/1949, um afhendingu skyldueintaka til bókasafna, er almenna reglan sú, að prentsmiðjum og fjölritunar-

stofum (í reynd útgefendum) er skylt að afhenda Landsbókasafni í örkum 12 eintök útgefinna rita, sem Landsbókasafnið dreifir síðan til ákveðinna safna, sumra erlendra, annars innlendra. Samkvæmt frv. því, sem hér er fjallað um, er gengið út frá að skylduskilaeintökin verði 4. Þessi fækkun úr 12 í 4 kemur að sjálfsögðu niður á mörgum bókasöfnum beint og óbeint, sumpart Landsbókasafni, sem haft hefur nokkur eintök til bókaskipta við erlend söfn, en einnig snertir þetta mjög hagsmuni þriggja bókasafna úti um byggðir Íslands. Eru það eftirtalin söfn: Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, sem notið hefur skylduafhendingar síðan 1886, Bókasafn Ísafjarðar, sem notið hefur þessa réttar síðan 1909, og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, sem átt hefur þennan rétt síðan 1907. Þótt stofnað hafi verið til þessa réttar safnanna við aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú gerast, er réttur þeirra bæði löghelgaður og venjubundinn síðustu 70—90 ár, og afnám hans hefur í för með sér röskun fyrir söfnin. Sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins í nefndinni, stafar eingöngu af tregðu innan nefndarinnar að afnema þennan gamla rétt með öllu og af skyndingu.

Meiri hluti nefndarinnar gerir sér fulla grein fyrir, að afhending skyldueintaka er kvöð á útgefendum og því meiri sem skila ber fleiri eintökum. Undir það getur meiri hlutinn tekið, að skilaskyldan hér á landi hefur verið óhófleg og að eðlilegt sé að breyta reglum þar um. Einkum er óeðlilegt að skylda útgefendur til að afhenda erlendum söfnun ókeypis bækur og rit. Meiri hlutinn telur því rétt að meginstefnu þessa frv. verði haldið um það að almenn skilaskylda sé 4 eintök og að aðalvarðveislustaðir geymslueintaka séu Landsbókasafn, Háskólabókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri. En jafnframt leggur meiri hlutinn til, að þrjú bókasöfn, þ. e. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, Bókasafn Ísafjarðar og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, njóti þess réttar að fá ókeypis til afhendingar öll rit, sem styrkt eru af almannafé. Skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd slíkrar skyldu.

Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar eru prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. mars 1977.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ellert B. Schram.
Ey. Kon. Jónsson. Gunnlaugur Finnsson.

Nd. 449. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndefni í víðasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákv. 3. gr., sbr. einnig 10. gr.
2. Við 7. gr. Fyrir orðið „málslið“ á tveimur stöðum komi: málsgrein.
3. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:
   Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.
   Þeir útgefendur, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, og ber Landsbókasafni að taka frá þrjú eintök

af hverju þeirra og ætla þau til varðveislu Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

Nd. 450. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til laga um skylduskil til safna.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við í minni hlutanum leggjum til að *stjórnarfrumvarpið*, sem fyrir liggur, verði samþykkt óbreytt, þar sem þar er að okkar dómi fullnægt á skilmerkilegan og sanngjarnan hátt tilgangi skylduskila á efni gefnu út fjölfölduðu með letri eða hljóði. Frumvarpið hefur að geyma ítarleg ákvæði um meðferð skylduskilaeintakanna, svo fullnægt sé tryggilega varðveislukvöðinni sem móttöku skylduskilaeintaka fylgir.

Hingað til hafa tiltekin bókasöfn þegið skylduskilaeintök í öðrum tilgangi, sum til almennrar safnnotkunar, en Landsbókasafn til bókaskipta. Réttmætt er að þessum aðilum sé bætt það sem þeir missa við breytingu á skylduskilunum, en ákvæði um slíkar bætur af ríkisrekinni eða ríkisstyrktri bókaútgáfu falla engan veginn að eðli og efni þessa frumvarps til laga um skylduskil. Þótt við getum því fallist á tilgang breytingartillagna meiri hluta nefndarinnar, teljum við þær alls ekki eiga heima í þessu frumvarpi.

Alþingi, 30. mars 1977.

Magnús T. Ólafsson, frsm. Svava Jakobsdóttir.

Nd. 451. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um verslun með erlendan gjaldeyri.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að til framkvæmda komi heimild í 19. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um að auk Seðlabanka Íslands, Landsbankans og Útvegsbankans fái aðrir bankar einnig heimild til verslunar með erlendan gjaldeyri.

Greinargerð.

Í 19. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, er stjórn bankans að fengnu samþykki ráðherra heimilt að veita öðrum bönkum en Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, sem lögin tilgreina sérstaklega, leyfi til verslunar með erlendan gjaldeyri. Hefur heimild þessi aldrei verið notuð og er greinilegt að reglur um þetta atriði eru mun þrengri hér en í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum.

Ástæðan fyrir því, að aðeins Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa haft með höndum verslun með erlendan gjaldeyri af hálfu viðskiptabankanna, mun vera sú, að á sínum tíma var á þessa banka lögð sú skylda að fjármagna rekstur útflutningsatvinnuveganna (sjávarútvegs) og þótti þá eðlilegt að þeir einir ásamt Seðla-

bankanum hefðu heimild til ráðstöfunar á þeim gjaldeyri, sem inn kemur fyrir útfluttar afurðir, og öðrum gjaldeyri, sem til félli.

Meðan þessir tveir bankar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, ásamt sparisjóðunum ávöxtuðu meiri hlutann af öllu sparifé landsmanna gat þetta talist eðlilegt. En eins og nú er komið, þegar starfandi eru fimm bankar aðrir í landinu, sem allir hafa verið stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum og hafa í sinni vörslu um einn þriðja hluta þess sparifjár, sem í vörslu bankakerfisins er, verður að teljast óeðlilegt að þeir, sem annast vinnslu útflutningsafurðanna, eigi ekki um það frjálst val við hvaða banka þeir kjósa að skipta. En til þess að svo geti orðið verða einnig þessir bankar að fá leyfi til gjaldeyrisverslunar, en hljóta þá að taka á sig sömu skyldur og nú hvíla á Landsbankanum og Útvegsbankanum að fjármagna að tilteknum hluta rekstur útflutningsatvinnuveganna í samræmi við gildandi reglur um fyrirgreiðslur til þeirra, sem afurðir framleiða til sölu á erlendum markaði.

Ed. 452. Frumvarp til laga [219. mál]

um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum.

Hlutafélag merkir í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Í hlutafélagi skal vera hlutafé, sem skipt er í hluti. Hlutaféð skal minnst vera kr. 1 000 000.00. Hlutir skulu eigi vera færri en tíu.

Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina h.f. (h/f). Að öðru leyti fer um firmu hlutafélaga eftir ákvæðum firmalaga.

2. gr.

Nú á hlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi, að það fer með meirihluta atkvæða í félaginu, og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru félagi, sem um ræðir í 1. mgr., og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef hlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga yfirráð í öðru hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess, telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða hlutafélaga.

II. KAFLI
Stofnun hlutafélags.

3. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um það efni, sem greint er í 4. og 5. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu vera tíu hið fæsta. Minnst helmingur stofnenda skal eiga heimilisfestu hér á landi.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sýslu- og sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, sem eru undir opinberu eftirliti.

Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá, sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila, skal fullnægja þeim skilyrðum, er segir um einstaklinga, enda ber hann auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi.

4. gr.

Í stofnsamningi skal m.a. greina:

1. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
2. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
3. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda svo og, hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr., að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði um:

1. Ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé.
2. Ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum.
3. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun.
4. Hvort einhverjir hluthafar eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess, að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. Í því sambandi skal sérstaklega greina:

a. Nöfn og heimilisföng þeirra aðila, er hér um ræðir.
b. Endurgjald það, sem ákveðið hefur verið fyrir verðmætin, en það má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð, sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins. Ennfremur að hve miklu leyti endurgjaldið skuli greiðast í hlutum og að öðru leyti meginatriði skilmála þeirra, sem um er samið vegna yfirtökunnar.
c. Hámark stofnkostnaðar. Stofnkostnaður, að undanskildum opinberum skráningargjöldum, má þó aldrei nema meiru en 5% af hlutafé.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri, skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess, ef það er síðar. Ennfremur skal fylgja stofnsamningi yfirlit um upphafsreikninga félagsins með nauðsynlegum gögnum um, að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað á tímabilinu frá því, að fyrirtækið var yfirtekið og að stofnun hlutafélagsins.

Samningur um yfirtöku eða kaup fyrirtækja í sambandi við stofnun hlutafélags, sem ekki er getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum félags.

Í samþykktum skal m. a. greina eftirtalin atriði:

1. Heiti félagsins.
2. Í hvaða sveitarfélagi félagið skal teljast hafa heimilisfang.
3. Tilgang félagsins.
4. Upphæð hlutafjár.
5. Fjárhæð hluta og atkvæðisrétt hluthafa.
6. Fjölda eða hámarks- og lágmarksfjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna og endurskoðenda.
7. Ákvæði um, hvernig boða skuli til hluthafafunda.
8. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.

9. Ákvæði um, hvert skuli vera reikningsár félagsins.
10. Hvort hlutabréf skuli hljóða á nafn eða handhafa.
11. Ákvæði um, hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
12. Ákvæði um, hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
13. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi.

7. gr.

Áskrift hluta skal gerð í stofnsamningi eða á sérstaka áskriftarskrá, sem eftirrit stofnsamnings skal þá fylgja. Reikningar þeir, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr., skulu einnig fylgja áskriftarskrá. Félagið getur ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup, ef eigi hefur verið gætt framangreindra reglna, svo fremi að sá, er áskriftina gerði, mótmæli því við ráðherra, áður en félagið er skrásett, að áskriftin sé bindandi.

Ef aðili skráir sig fyrir hlutum með skilyrðum, sem ekki samrýmast stofnsamningi, er áskriftin ógild. Sé ekki mótmælt við ráðherra, áður en félagið er skráð, er áskriftin þó bindandi og skilyrðið brott fallið.

8. gr.

Stofnendur ákveða, hvort áskrift skuli samþykkt. Stofnandi skal aldrei fá lægri fjárhæð í hlutum, en hann hefur skráð sig fyrir í stofnsamningi. Ef áskriftaraðilar hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum, en unnt er að selja þeim, skulu stofnendur, áður en stofnfundur er haldinn, ákveða, hve marga hluti hver áskriftaraðili skuli fá.

Ef áskrift er ekki samþykkt, stofnendur telja áskrift ógilda, eða áskriftir hljóða um meira fé, en ákveðið var og því þörf á að lækka það, skulu stofnendur strax tilkynna það áskriftaraðila.

9. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi.

Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um, er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki, skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar. Um stofnfundinn gilda reglur laga þessara og samþykkta félagsins um hluthafafundi.

Stofnendur skulu sjá um, að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn, sem um ræðir í stofnsamningi, séu til sýnis fyrir áskrifendur í eina viku fyrir stofnfund á stað, sem greinir í fundarboði.

Á stofnfundi skuli stofnendur leggja fram stofnsamning og öll þau skjöl, sem um ræðir í 3. mgr., ásamt skrá yfir þann fjölda hluta, sem stofnendur hafa samþykkt, skiptingu hlutafjárins á einstaka áskrifendur og skýrslu um það fé, sem þegar hefur verið greitt. Þessar upplýsingar skal færa til bókar.

10. gr.

Komi fram á stofnfundi, að ekki hefur fengist áskrift að öllu hlutafé því, sem ákveðið hefur verið, og má þá ekki stofna félagið. Það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé, skal þá þegar endurgreiða.

Ekki má ákveða stofnun félags, fyrr en tillögur, sem fram kunna að koma um breytingu á samþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti hafa verið ræddar og afgreiddar. Tillögur til breytinga á samþykktum, sem greindar eru í fundarboði stofnfundar, má samþykkja eftir þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktum. Tillögur til breytinga á samþykktum um hækkun hlutafjár eða ekki hafa verið greindar í fundarboði eða tillögur um breytingar á ákvæðum stofnsamnings að öðru leyti má ekki samþykkja nema allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um það.

Tillaga um að stofna félag telst samþykkt, ef hún fær samþykki meirihluta þeirra, er greiða atkvæði og fara með minnst ⅔ hluta þess hlutafjár, sem mætt er fyrir á stofnfundi. Náist slíkt samþykki ekki, verður félagið ekki stofnað.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið, skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur.

11. gr.

Stjórnin skal tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það, er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingurinn vera greiddur, þó aldrei minna en kr. 600 000.

Ef tilkynning um stofnun hlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests, sem um ræðir í 1. mgr., skal synja skráningar. Fari svo, falla burtu skuldbindingar þeirra, er hafa skráð sig fyrir hlutafé, sbr. 1. mgr. 10. gr. Sama gildir, ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum.

12. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum til innheimtu hlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir og öðrum dómsmálum varðandi hlutafjáráskrift.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd hlutafélags, áður en það er skráð, og bera þeir, sem tekið hafa þátt í gerningnum, eða ákvörðunum um hann, óskipt persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum, sem leiddu af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur, áður en félag var skráð, og hinn samningsaðilinn vissi, að félagið var ekki skráð, getur hann, nema annað sé um samið, riftað gerningnum svo fremi, að tilkynning til hlutafélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests, er um ræðir í 1. mgr. 11. gr. eða að skráningu hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki, að félagið var óskráð, getur hann riftað löggerningnum, meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Greiðsla hlutafjár.

13. gr.

Greiðsla hlutafjár má ekki nema minna en nafnverði hans.

Áskrifandi hlutafjár má ekki skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, við kröfu, er hann kann að eiga á hendur félaginu, nema stjórn félagsins samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa, ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

Kröfu félags um greiðslu hlutafjár má það ekki framselja eða veðsetja og eigi verður gerð í henni aðför.

Ef hlutur, sem ekki hefur verið að fullu greiddur, er framseldur, ber framsalshafi, þegar hann hefur tilkynnt framsalið, ábyrgð á greiðslu eftirstöðva hlutarverðsins, óskipt með framseljanda.

14. gr.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga, skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi, er séu jafnháir og vextir af innstæðum í almennum sparisjóðsbókum, enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins skal þá án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda 4 vikna frest til að koma málum sín-

um í rétt horf. Hafi áskrifandi fengið afhent bráðabirgðaskírteini, getur félagið, að liðnum fyrrnefndum fresti, krafist afhendingar þess með beinni fógetagerð.

Komi í ljós, að skuldin verði ekki innheimt, skal reglum 15. og 16. gr. beitt.

15. gr.

Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan árs frá því, að félagið var skráð. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt, að hlutafé sé að fullu greitt, skal ráðherra gefa félagi hæfilegan frest, þó eigi lengri en 6 mánuði, til að koma þessu í lag. Ef frestur þessi er látinn ónotaður, skal ráðherra tilkynna það skiptarétti, sem ákveður, að félagi skuli slitið og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta, ef það telst vera gjaldþrota.

16. gr.

Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi ári eftir, að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt, að hinir nýju hlutir séu að fullu greiddir, skal ráðherra gefa félaginu hæfilegan frest, sem þó má eigi vera lengri en 3 mánuðir, til að bæta úr annmörkum. Ef ekki hefur verið úr bætt innan frestsins og stjórnin hefur heldur ekki tilkynnt, að hlutafé hafi verið lækkað samkvæmt 41. gr., skal ráðherra láta skrá, að hlutaféð hafi verið lækkað sem samsvarar nafnverði þeirra hluta, er eigi hafa verið greiddir og samþykktum sé breytt samkvæmt því. Hækkunarhlutir skulu teljast ógildir, þegar lækkunin hefur verið skráð.

IV. KAFLI
Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

17. gr.

Í hlutafélagi skulu jafnan vera tíu hluthafar hið fæsta, sbr. 112. gr.

Allir hlutir skulu hafa jafnan rétt í félaginu. Í samþykktum má þó ákveða, að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka. Í því tilviki skal í samþykktum taka fram um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé, sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár.

18. gr.

Hluti má selja og veðsetja, nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum hlutafélags. Í samþykktum mega þó viðskiptahömlur, að því er hlutabréf varðar, aðeins ná til þeirra hluta, sem hljóða á nafn, og aðeins í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

19. gr.

Í samþykktum má ákveða, að við eigendaskipti að hlutabréfi önnur en við erfð eða búskipti skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m. a. greina:

a) Röð forkaupsréttarhafa.
b) Ákvæði um frest, er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum, sem lengstur má vera tveir mánuðir, og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð.
c) Ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs, sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því, að kaup voru ákveðin.

Taki tilboð til margra hluta, er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því, er varðar nokkra þeirra, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta, er það ógilt, ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það, skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum, sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðilja eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því, að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu. Félagið ber kostnað af matinu.

20. gr.

Ákveða má í samþykktum, að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins.

Stjórn félags tekur ákvörðun um, hvort samþykki skuli veitt, nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir, að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim, er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá beiðni um það, skal svo litið á, að samþykki hafi verið veitt.

21. gr.

Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila eða til handhafa. Ef samþykktir reisa skorður við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eða hluthafar skyldir til að þola innlausn þeirra, skulu hlutabréfin hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig, að gildi hafi gagnvart félaginu.

Hlutabréf skulu gefin út eigi síðar en ári eftir, að hlutaáskriftin er skráð og þau má ekki afhenda, fyrr en skráning hefur farið fram og hluturinn er að fullu greiddur. Nafnbréf má aðeins afhenda þeim hluthafa, sem skráður er í hlutaskrá.

Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Hvort hluturinn skuli hljóða á nafn eða handhafa.
4. Útgáfudag hlutabréfs.

Ef ákvæði eru í félagssamþykktum um eftirtalin atriði skulu þau einnig greind í hlutabréfi:

1. Þann flokk, er hlutabréf tilheyrir, ef um er að ræða skiptingu hluta í sérstaka flokka.
2. Skorður þær, sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
3. Innlausnarrétt, sem á hlutabréfi hvílir eða rétt til að skipta því fyrir aðra hluti án samþykkis hluthafa.
4. Aðrar sérstakar skyldur, er hvíla á hlutum, umfram skylduna til að greiða hlutafé.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

22. gr.

Nú er hlutur ekki að fullu greiddur, og getur stjórn félags þá gefið út bráðabirgðaskírteini, er hljóða skal á nafn. Í bráðabirgðaskírteini skal tekið fram, að hlutabréf verði aðeins látið í té gegn afhendingu skírteinisins. Síðari greiðslur skulu skráðar á bráðabirgðaskírteinið, sé þess óskað. Einn stjórnarmaður, sem fengið hefur til þess sérstaka heimild stjórnar, getur undirritað bráðabirgðaskírteini. Að öðru leyti eiga reglur 21. gr. við um bráðabirgðaskírteini.

Áskriftarvottorð þau, sem um ræðir í 29. gr., skulu greina nafn félags, númer þeirra hluta, sem þeim tilheyra svo og hlutaflokk. Reglur um undirskriftir á bráðabirgðaskírteini gilda einnig um skilríki fyrir áskriftarrétti.

23. gr.

Um framsal og veðsetningu hlutabréfa gilda venjulegar reglur viðskiptabréfa, nema annað sé skýrt tekið fram í hlutabréfinu. Þótt handhafahlutabréf hafi verið áritað af félaginu, að nafn eiganda hafi verið skráð, telst það handhafabréf, ef nafn hefur ekki verið skráð á bréfið sjálft.

24. gr.

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað, skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Skráin skal færð í bók, er ráðherra löggildir. Heimilt er þó að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi.

Í hlutaskrá skulu skráð nöfn áskrifenda hlutafjár og getið stöðu þeirra, heimilisfangs, nafnnúmers, fjölda hluta og númers á hlut eða hlutabréfum. Þá skal þar skráð númer handhafahluta eða -hlutabréfa.

Verði eigendaskipti að hlut, sem skráður er á nafn, og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Ennfremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Nú fær félag tilkynningu um framsal hlutar frá framseljanda, miðlara eða öðrum og skal þess þá getið í hlutaskrá ásamt upplýsingum um nafn og heimilisfang þess, sem talinn er vera eigandi.

Þegar nafn nýs eiganda er fært í hlutaskrá, skal hlutabréfið einnig áritað um færsluna.

Hlutaskrá skal ætíð vera geymd á skrifstofu hlutafélags, og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

25. gr.

Sá, er eignast hefur hlutabréf, sem hljóðar á nafn, getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár.

26. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

V. KAFLI
Hækkun hlutafjár.

27. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 35. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða, fyrr en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum, sem greinir í 4. mgr. 68. gr. Tillagan skal ennfremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi, skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. Eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga.

b. Skýrslu stjórnar, þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði, sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið, eftir að reikningar voru gerðir.
c. Umsögn endurskoðanda um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 28. gr., ásamt upplýsingum um, hvernig þeir, er áskriftarrétt hafa, skuli bera sig að, ef þeir vilja notfæra sér áskriftarréttinn. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa, skal gera grein fyrir ástæðum.

28. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Nú notar einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar.

Í samþykktum má ákveða, að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk, skal beita reglum samþykkta um innbyrðis áskriftarrétt flokkanna, sbr. 17. gr.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 73. gr., ákveðið að víkja frá reglu þeirri, er greinir í 1. mgr. Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

29. gr.

Hver hluthafi á rétt til að fá áskriftarvottorð fyrir hvert hlutabréf, sem hann á, þar sem greini, hvers krafist sé til áskriftar að nýjum hlutum. Ef hækka á hlutafé með útgáfu jöfnunarhluta, á hver hluthafi rétt á að fá vottorð um hlutdeild sína í heildarútgáfunni.

Skrá skal á hlutabréf, að áskriftarvottorð hafi verið gefin út. Ef áskrift er gerð að hlutafjárauka án þess, að áskriftarvottorð hafi verið gefin út, skal rita á hlutabréfið um áskriftina. Á sama hátt skal skrá á hlutabréf, ef jöfnunarbréf eru gefin út án þess, að notað hafi verið áskriftarvottorð.

30. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. Hve mikið hækka skal hlutafé. Setja má hámark og lágmark fyrir hækkuninni.
2. Þann hlutaflokk, sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra, ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar.
3. Forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum.
4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn miðaður við framlagningu áskriftarskrár og eigi vera skemmri en tvær vikur.
5. Frest til greiðslu hluta ásamt reglum um, hvernig skipta skuli hlutum, ef þeir, sem ekki eiga forgangsrétt, hafa skráð sig fyrir meiru hlutafé en boðið er út, enda sé skiptingin ekki falin stjórninni.
6. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.
7. Hvort hinir nýju hlutir skuli hljóða á nafn eða handhafa.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skyldir til að sæta innlausn hluta sinna, skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita rétt til arðs og önnur réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar, enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

31. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé, skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5. gr. skulu gilda um þetta.

Löggiltur endurskoðandi skal gefa skýrslu um þau atriði, sem um ræðir í 1. mgr., þ. á m. sérstaklega, hvort skuldajöfnuður eða greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé sé eðlileg. Skýrsla endurskoðandans og skjöl þau, er þetta varðar, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku, áður en hluthafafundur er haldinn, og einnig vera lögð fram á fundinum.

32. gr.

Áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem félagsstjórn undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Við áskrift skal leggja fram samþykktir félagsins og gögn þau, er greinir í 2. mgr. 27. gr. Ef um greiðslu hlutafjárins skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 31. gr., skulu gögn þau, er um ræðir í 2. mgr. 31. gr., einnig lögð fram við áskriftina.

Ef áskrift þeirra, sem samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins hafa rétt til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutum, fæst á hluthafafundinum að öllum hlutum, má ljúka áskrift með skráningu í gerðabók fundarins.

33. gr.

Fari áskrift ekki fram eftir reglum 32. gr. eða áskrift er gerð með fyrirvara, skal beita reglum 7. gr.

34. gr.

Hafi ekki fengist áskrift fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka, áður en áskriftarfrestur er liðinn, er niður fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbinding þeirra hluthafa, er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum.

Hafi hið ákveðna lágmark hlutafjárauka verið skráð á réttum tíma og minnst fjórðungur hans greiddur, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá, sem skráð hefur verið, stjórn hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr., ásamt þeirri fjárhæð, sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan árs frá því ákvörðun var tekin eða ef skráningu er synjað, eiga reglur 1. mgr. við.

35. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Í samþykktum skal þá taka fram hámark og lágmark þeirrar fjárhæðar, sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, ásamt þeim atriðum, sem um getur í 2., 3. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. Ef heimilt er, að hækkunin sé gerð að nokkru eða öllu án greiðslu í reiðufé, skal þess getið í samþykktum.

36. gr.

Breytingar á samþykktum, sem leiða af hlutafjárhækkun samkvæmt 35. gr., má stjórnin gera, svo fremi, að ekki séu í sambandi við ákvörðun um hækkun hlutafjárins gerðar aðrar breytingar á samþykktum.

Þeim hluthöfum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun stjórnar um hlutafjárhækkun send tilkynning um það eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um, hvernig þeir skuli bera sig að, ef þeir vilja nota sér forgangsrétt sinn til áskriftar.

Áskriftarskráin skal hafa að geyma upplýsingar þær, sem um ræðir í 2. mgr. 35. gr., ásamt ákvörðun stjórnarinnar um áskriftarfrest, greiðslu, nafnverð hluta og

útboðsgengi þeirra, sbr. 4.—6. tl. 1. mgr. 30. gr. Að öðru leyti skal við áskriftina beita reglum 29. og 31.—34. gr., eftir því sem við á.

37. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt, að yfirfærðar séu fjárhæðir, sem samkvæmt 105. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir, sem komið hafa fram vegna verðhækkunar eigna samkvæmt 4. mgr. 95. gr. eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði samkvæmt 3. mgr. 106. gr.

Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina, hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr gilda um ákvörðunina.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild, fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

38. gr.

Séu liðin fimm ár frá skráningu hlutafjárhækkunar vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa og sá, er rétt á til slíkra bréfa, hefur ekki komið fram með kröfu um að fá bréfin afhent, getur stjórnin með tilkynningu í Lögbirtingablaði skorað á þá, er hlut eiga að máli, að sækja bréf sín innan sex mánaða. Þegar sá frestur er liðinn og hluthafi hefur ekki snúið sér til félagsins, getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði á kostnað hluthafans. Söluverð bréfa þessara, að frádregnum kostnaði, skal teljast eign hluthafans, en hafi hann ekki vitjað þess innan fimm ára frá söludegi, rennur fé þetta til félagsins.

VI. KAFLI
Lækkun hlutafjár.

39. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 16. og 42. gr., má aðeins hluthafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka, fyrr en félagið hefur verið skráð.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um, hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu, en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps, sem ekki verður jafnað á annan hátt.
2. Til greiðslu til hluthafa.
3. Til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa.
4. Til greiðslu í sérstakan sjóð, sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr., að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir, er svara a. m. k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félags hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, skal þess getið hæði í ákvörðuninni og áskorun samkvæmt 41. gr. ásamt þeirri fjárhæð, sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, fellur ákvörðunin úr gildi.

40. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi, skal strax tilkynnt, að hlutafjárlækkun hafi farið fram. Næstu þrjú ár frá skráningu þessarar tilkynn-

ingar má ekki ákveða hærri arðgreiðslu en sem nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins árlega nema hlutaféð hafi aftur verið hækkað um fjárhæð, er svarar til lækkunarinnar eða ákvæða 41. gr. hefur verið gætt.

41. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr. 39. gr. skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo fremi sem tilkynntar, gjaldfallnar kröfur ekki eru greiddar og sett fullnægjandi trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna, má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Ráðherra getur úrskurðað eftir ósk aðila, hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag, að það eigi fyrir skuldum, er ráðherra, heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu samkvæmt 1. mgr.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðanda, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu, að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því, að ákvörðunin var skráð, missir hún gildi sitt og tilkynning sú, sem gerð var samkvæmt 4. mgr. 39. gr., skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

42. gr.

Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar samkvæmt 41. gr., þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða sé um að ræða útgefin hlutabréf vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Hlutafjárlækkun samkvæmt 1. mgr. má því aðeins framkvæma, að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem a. m. k. svara til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

VII. KAFLI
Eigin hlutabréf.

43. gr.

Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist félagið meira af hlutafénu, skal það hafa selt hlutabréf þannig, að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hlutabréf í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Hlutafélagi er óheimilt að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa.

VIII. KAFLI
Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

44. gr.

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst 3 menn.

Hluthafafundur kýs stjórn, sbr. þó 3. mgr. 54. gr. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnarvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meirihluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi 4 árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga einnig við um varamenn þeirra.

45. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim, sem tilnefnt hefur hann, hafi hann ekki verið kjörinn af hluthafafundi. Sá, sem kjörið hefur eða tilnefnt stjórnarmann, getur vikið honum frá störfum.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur, áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 47. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað, hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund, er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar, þar sem stjórnarkjör skal fara fram, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum, sem eftir eru.

46. gr.

Í félagi, þar sem hlutafé er kr. 10 000 000 eða meira, skal stjórn ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Í öðrum félögum getur stjórn ráðið framkvæmdastjóra.

Í félagi, þar sem hlutafé er kr. 10 000 000 eða meira, skal meirihluti stjórnar vera menn, sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu.

47. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Framkvæmdastjórar og meirihluti stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

48. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutabréfaeign sína í félaginu og í félögum innan sömu hlutafélagasamstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup þeirra og sölu á slíkum hlutabréfum. Skýrslur þessar skal skrá í sérstaka bók.

49. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um, að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn, fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og stjórn fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri, skal hann sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og fjármálum félagsins sé tryggilega stjórnað.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

50. gr.

Þegar samstæða hlutafélaga er mynduð, skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélags. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

51. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann. Ef atkvæði eru jöfn, ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann.

Formaður kveður til stjórnarfunda. Fund skal og jafnan halda, ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það, sem gerist á stjórnarfundum, skal haldin gerðabók, sem undirrituð skal af þeim, er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

52. gr.

Félagsstjórn er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o. þ. h. og valinn hefur verið varamaður, skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum, meðan forföllin vara.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á, að atkvæði formanns ráði úrslitum, þegar atkvæði eru jöfn.

53. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

54. gr.

Í samþykktum má ákveða, að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd. Hluthafafundur kýs nefndina. Í samþykktum má þó ákveða, að einn eða fleiri fulltrúanefndarmenn skuli tilnefndir með öðrum hætti, en meirihluti nefndarinnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Minnst fimm menn skulu eiga sæti í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um nefndina og starfstíma nefndarmanna.

Fulltrúanefndin skal hafa eftirlit með því, hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um, hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Í samþykktum má kveða svo á, að félagsstjórn skuli, svo sem frekast er kostur, tilkynna fulltrúanefndinni fyrirfram um tilteknar ráðstafanir, sem ekki falla undir hinn daglega rekstur. Í samþykktum má einnig ákveða, að kjör stjórnar og ákvörðun á þóknun stjórnarmanna sé á valdi fulltrúanefndar. Aðrar heimildir er ekki unnt að veita fulltrúanefnd. Fulltrúanefnd skal gefa skýrslu um störf sín á aðalfundi.

Ákvæði þau um stjórn og stjórnarmenn í 45., 47.—48., 51.—53., 59., 2. mgr. 98., 110. og 130. gr. eiga við um fulltrúanefnd og nefndarmenn, eftir því sem við á.

55. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins, svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 47. og 53. gr. eiga við um þá, er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt, að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur, hvenær sem er, afturkallað heimild, sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

56. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum, sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 49. gr.

57. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins, ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

58. gr.

Ef sá, sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 55.—56. gr., fer út fyrir heimild sína, er löggerningurinn ekki bindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

59. gr.

Hluthafafundur ákveður laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna til eins árs í senn.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

IX. KAFLI
Hluthafafundir.

60. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls. Í félagssamþykktum má ákveða, að hluthafi verði að tilkynna félaginu þátttöku sína innan ákveðins tíma fyrir hluthafafund, þó aldrei lengri en þremur sólarhringum, ef hann vill tryggja sér rétt til fundarsetu.

61. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess.

62. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða, að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, þó ekki frekar en svo, að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira en atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar.

Í félagssamþykktum má ákveða, að hluthafi, sem hefur eignast hluti með framsali, geti ekki farið með atkvæðisrétt að því er þá hluti varðar, fyrr en að liðnum ákveðnum tíma, þó ekki lengri en þrjá mánuði, eftir að hann hefur verið skráður í hlutaskrá eða tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutafjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn honum sjálfum eða um ábyrgð hans gagnvart félaginu. Sama á við um málssókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra, ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

63. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á, að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar, ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

64. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. Staðfestingu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.
b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
c. Önnur þau mál, sem heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í a. og b.-liðum 2. mgr. eða varða lausn undan ábyrgð, til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

65. gr.

Aukafund skal halda, þegar félagsstjórn eða fulltrúanefnd telja þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, enda sé ekki lægra mark ákveðið í félagssamþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

66. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

67. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar, sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar, skal ráðherra láta boða til fundarins, ef stjórnarmaður, fulltrúa-

nefndarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður ráðherra skal stýra hluthafafundum, sem ráðherra hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 70. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda þeim hlutaskrá, fundagerðabók og endurskoðunarbók félagsins. Ráðherra greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins, en félagið ber kostnaðinn endanlega.

68. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur, skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda, skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram, fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti, sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Ef hlutabréf félags hljóða á handhafa, skal boðun vera opinber.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningar og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

69. gr.

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til meðferðar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá, er það því ekki til fyrirstöðu, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

70. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar samkvæmt 2. mgr. 67. gr., ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal fundarstjóri gera skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð, þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðarbók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

71. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi

upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á reikningum félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi, skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum, er þess hafa óskað.

72. gr.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

73. gr.

Ákvörðun um breyting félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim, sem nefnd eru í 16., 36. og 42. gr., skal tekin á hluthafafundi. Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli, er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 74. gr.

Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags skal tilkynnt til hlutafélagaskrár þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi, fyrr en hún hefur verið skráð.

74. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess, að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess, að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó, að 1. tl. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild, að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum, sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna, ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks, er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

75. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun, sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

76. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geta höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar, sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti, eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því, að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild.

Ákvæði 2. málsgreinar eiga ekki við:

a. Þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa.
b. Þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið.
c. Þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt.
d. Þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál, eftir að frestur sá, sem tiltekinn er í 2. mgr., er útrunninn, en þó innan tveggja ára, eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau, að ákvörðun hluthafafundar telst ógild, og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera, að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða, hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa, er ekki hafa staðið að málshöfðun.

Endurrit dóma í slíkum málum skal senda til hlutafélagaskrár og þar skráð niðurstaða þeirra, ef ástæða þykir til.

X. KAFLI

Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

77. gr.

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðendur, tvo eða fleiri, í samræmi við samþykktir félagsins. Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félagsins má ákveða, að tveir eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt.

Ef hluthafahópur, sem ræður minnst 1/10 hlutafjár, krefst þess á aðalfundi, þar sem endurskoðendur skal kjósa, skal stjórn félags fara þess á leit við ráðherra, að hann nefni til einn endurskoðanda, er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna frá aðalfundi, getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við ráðherra.

Ráðherra skal þá nefna til löggiltan endurskoðanda. Ráðherra ákveður þóknun til þess endurskoðanda, er hann tilnefnir og skal félagið greiða hana.

78. gr.

Endurskoðendur hlutafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Af endurskoðendum félags skal að minnsta kosti einn vera heimilisfastur hér á landi.

Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum, sem nauðsynleg er til rækslu starfans.

Þegar endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun, skal sá, sem falin er endurskoðunin uppfylla skilyrði 78.—80. gr.

Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur að endurskoðunarstofu, sem endurskoðendur í sama hlutafélagi.

Kjósa skal einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda í dótturfélagi, ef þess er nokkur kostur.

79. gr.

Í hlutafélögum með hlutafé að fjárhæð 5 000 000 króna eða þar yfir, eða þegar skuldir og bundið eigið fé nemur samtals 100 000 000 króna eða þar yfir, eða heildarvelta nemur 300 000 000 króna eða meira, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar, að einhverju af framangreindum mörkum verði þegar náð, skal regla 1. ml. gilda frá þeim tíma, en annars skal við það miða, að skuldir og bundið eigið fé eða heildarvelta hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningum tveggja síðastliðinna reikningsára.

Í félögum, þar sem hlutabréf eru háð opinberri verðskráningu, skulu kosnir endurskoðendur eigi vera færri en tveir og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

Í öðrum félögum getur hluthafahópur, sem ræður yfir minnst 1/10 hlutafjár, krafist þess, að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Krafa um þetta skal fram borin á aðalfundi, þar sem kjósa skal endurskoðendur.

80. gr.

Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd þess, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður. Eigi má hann heldur vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins, framkvæmdastjóra þess, prókúruhafa eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi þess eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Þann, sem ekki er hlutgengur við kosningu endurskoðanda í móðurfélagi, má ekki kjósa sem endurskoðanda í dótturfélagi.

Endurskoðandi má hvorki vera skuldskeyttur félaginu né félögum í sömu samstæðu.

81. gr.

Í samþykktum félags skal kveðið á um starfstíma endurskoðanda. Starfi endurskoðanda skal ljúka við lok þess aðalfundar, sem haldinn er eftir lok síðasta reikningsárs, sem endurskoðandi var kosinn fyrir, eða ef endurskoðandi er kosinn til óákveðins tíma, þá þegar annar endurskoðandi er kosinn í hans stað.

Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt af sér störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra, er kusu hann eða tilnefndu.

Ljúki starfi endurskoðanda, áður en kjörtímabili hans er lokið, eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi, og enginn varamaður er til að koma í hans stað, þá skal stjórnin annast um, að kosinn verði nýr endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

82. gr.

Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 78. gr., 1. mgr. 79. gr., eða 1. og 2. mgr. 80. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins, þá skal ráðherra tilnefna endurskoðanda, ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa

Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda skv. ákvæðum 2. mgr. 79. gr., skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda, þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði, eftir að aðalfundurinn var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

83. gr.

Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn, og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu, í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Ef um móðurfélag er að ræða, skulu endurskoðendur einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum, sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun, ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

84. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess, að endurskoðendur fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð, sem þeir álíta nauðsynlega til að framkvæma verk sitt. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri dótturfélags hafa samsvarandi skyldur við endurskoðendur móðurfélags.

85. gr.

Eftir að endurskoðun er lokið, skulu endurskoðendur með vísun til endurskoðunarskýrslu sinnar, staðfesta með áritun á ársreikninginn, að þeir hafi endurskoðað hann. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram í áritun sinni.

86. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu, er leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund.

Í endurskoðunarskýrslu skal vera yfirlýsing um, hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur, séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags, skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótar upplýsingar í skýrslu sinni, ef kostur er. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun, að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra, skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni, sem þeir telja rétt, að hluthafar fái vitneskju um.

87. gr.

Endurskoðendur skulu færa endurskoðunarbók til notkunar fyrir stjórnina, sem hún skal geyma á öruggan hátt. Þar skulu þeir skýra frá, hvaða endurskoðunarvinna hefur verið framkvæmd og þar skal ennfremur færa ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórnina. Eftir hverja færslu skal leggja bókina fyrir næsta stjórnarfund, þar sem stjórnarmenn skulu staðfesta með undirskrift sinni, að þeir hafi kynnt sér það, sem fram kemur í henni.

88. gr.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félags og skulu vera viðstaddir, þegar til meðferðar eru málefni, sem krefjast nærveru þeirra.

89. gr.

Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Endurskoðanda, sem segir af sér starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim endurskoðanda, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

90. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða á öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um, að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps, sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins, getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins, farið þess á leit við ráðherra, að hann tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina, svo framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra. Ráðherra skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim, sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna, áður en hann tekur ákvörðun sína. Ráðherra ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði 1. mgr. 78. gr., 80. gr., 84. gr., 88. gr. og 89. gr. eiga einnig við um rannsóknarmenn, eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af ráðherra.

XI. KAFLI

Ársreikningur.

91. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt reikning félagasamstæðu, ef um móðurfélag er að ræða. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi, skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu, hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

92. gr.

Reikningsár hlutafélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár, nema sérstakar aðstæður gefi efni til annars.

93. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 97., 99. og 100. greinar um eignarhluta í hlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum.

Ársreikningi fylgi upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar. Einnig skulu fylgja honum skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 100. gr.

94. gr.

Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum, sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

95. gr.

Nokkuð hefur verið reynt að gera sér grein fyrir starfandi íslenskum hlutafélögum. Er slíkt erfitt, þar sem skráður er verulegur fjöldi hlutafélaga, sem alls ekki starfa og full ástæða er til að ætla, að raunverulega séu hætt allri starfsemi. Eftir því sem næst verður komist voru hér á landi í ársbyrjun 1972 um 3 100 skráð hlutafélög. Ekki hefur verið reynt að gera sér grein fyrir fjármagni og starfsemi, nema að litlu leyti en þær athuganir, sem gerðar hafa verið, sýna, að í meirihluta hlutafélaganna er hlutafé mjög lítið, miðað við verðgildi peninga í dag. Þrátt fyrir þetta hefur þetta félagaform haft mikla þýðingu fyrir atvinnurekstur okkar og hefur enn í dag. Er því nauðsynlegt að tryggja heilbrigðan rekstur þeirra, eftir því sem unnt er. Í hlutafélagalöggjöf þarf að tryggja á annan veg hag hluthafanna og á hinn hag viðskiptaaðilja. Í langflestum íslenskum hlutafélögum eru hluthafar örfáir. Almenningur leggur ekki fé sitt í hlutafélög, þ. e. kaupir ekki hlutabréf. Þessu þarf að breyta og að því er reynt að stuðla með frumvarpi þessu. Þá er það alkunna, að gagnvart velflestum hlutafélögum krefjast lánastofnanir þess, að hluthafar eða a. m. k. stjórn taki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélags. Með þessu er kippt í burtu einni af grunnstoðum hlutafélaganna, þeirri meginreglu, að hluthafar beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélags. Þessu þarf að breyta og reynt er að stuðla að því í frumvarpi þessu.

Rétt er að geta þess, að skattamál skipta hlutafélög miklu máli eins og aðra aðilja. Það efni á hins vegar ekki heima í hlutafélagalögunum.

Um I. KAFLA

Þessi kafli er einungis tvær greinar. Í 1. gr. er fjallað um gildissvið laganna, hugtakið hlutafélag skilgreint, kveðið á um lágmarksfjárhæð hlutafjár og lágmarksfjölda hluta svo og atriði, er snertir firmu hlutafélaga. Greinin felur í sér ýmsar breytingar frá núgildandi lögum. Í 2. gr. eru hugtökin móður- og dótturfélag og samstæða hlutafélaga skilgreind og er greinin nýmæli.

Í sumum löndum er gerð allsherjargreining milli hlutafélaga og þá tekið mið af upphæð hlutafjár, þannig að vægari reglur eru látnar gilda um smærri félögin. Miðað við aðstæður hér á landi virðist ekki ástæða til að gera slíka allsherjargreiningu, enda fer umfang rekstrar ekki alltaf eftir upphæð hlutafjár og allsherjargreining að þessu leyti myndi gera alla framkvæmd þessara mála miklu flóknari.

Frumvarpinu er því ætlað að taka til bæði stórra og smárra fyrirtækja, sem rekin eru í formi hlutafélags. Á einstaka stað í frumvarpinu er þó tekið tillit til þarfar fyrir mismunandi reglur, m. a. vegna stærðar hlutafélags.

Um 1. gr.

Hér er í upphafi, eins og í 1. gr. núgildandi laga um hlutafélög nr. 77 frá 27. júní 1921, hugtakið hlutafélag skilgreint. Lagt er til, að ýmsar breytingar verði gerðar frá 1. gr. gildandi laga og verða þær raktar hér á eftir.

Í 1. mgr. er gildissvið laganna tilgreint og svo kveðið á um, að þau skuli gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum. Í íslenskri löggjöf er að finna sérstakar reglur um ákveðnar tegundir hlutafélaga og tiltekin hlutafélög. Má í því efni nefna vátryggingarhlutafélög, en II. kafli laga nr. 26 18. apríl 1973, um vátryggingarstarfsemi, hefur að geyma sérreglur um þau. Þar er ennfremur kveðið svo á um, að um vátryggingarhlutafélög gildi að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög, nema annað leiði af ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi og reglugerða, settra samkvæmt þeim. Á það má minna, að um banka þá, sem reknir eru í formi hlutafélags, hafa við stofnun þeirra verið sett sérstök lög, um hvern fyrir sig, og reglugerðir gefnar út á grundvelli laganna.

Þá hafa verið sett um nokkur tiltekin hlutafélög sérstök lög.

Í 2. og 3. mgr. greinarinnar er hugtakið hlutafélag skilgreint. Í gildandi lögum er það hugtaksatriði, að félag sé stofnað til að afla ágóða til skiptingar með einhverjum hætti meðal félaga. Hér er lagt til, að þetta skilgreiningaratriði verði fellt niður, sem leiðir til þess, að skilgreiningin rýmkar. Tilgangurinn með breytingu þessari er sá að gefa félögum, sem starfa í öðru skyni en ágóðaöflunar til skiptingar milli félaganna, kost á að notfæra sér hlutafélagsformið. Hér er t. a. m. átt við félög, sem reka starfsemi í þágu mannúðarmála, til almenningsheilla, til stuðnings vísindum, listum, stjórnmálastarfsemi o. þ. h. Full þörf virðist vera á þessari rýmkun og heppilegt er, að kostur sé á lögskipuðu formi í þeim tilfellum, sem hér geta komið til álita, enda getur oft verið um allmikinn höfuðstól að ræða og því ekki óeðlilegt m. a. vegna fjársöfnunar og ábyrgðar, að starfsemina sé unnt að reka í hlutafélagsformi.

Eitt aðaleinkenni hlutafélaga er tilhögun ábyrgðar. Lítilsháttar breytingar eru gerðar hér á orðalagi þessa atriðis, en efnislega er að sjálfsögðu ekki um breytingar að ræða frá gildandi lögum. Reglan er orðuð hér þannig, að hlutafélag merkir í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna beri persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þótt félagsmenn taki á sig persónulega ábyrgð fyrir ákveðinni fjárhæð umfram hlutafé, leiðir það ekki til þess, að félagið falli utan skilgreiningarinnar. Einungis persónuleg, ótakmörkuð ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, eins og þær eru á hverjum tíma, leiðir til þess, að skilgreiningin tekur ekki til félagsins. Ábyrgð hluthafa á einni eða fleiri skuldbindingum félags leiðir heldur ekki til þess, að félag falli utan skilgreiningarinnar.

Í 3. mgr. er fjallað um þann þátt skilgreiningarinnar á hugtakinu hlutafélag, sem lýtur að hlutafé og hlutum. Um nokkrar breytingar er að ræða frá gildandi

lögum. Samkvæmt 38. gr. gildandi laga skal slíta hlutafélagi, ef hluthafar verða færri en fimm, nema úr sé bætt innan tiltekins frests. Hér er lagt til, að gerðar verði ríkari kröfur um fjölda hluta og hluthafa en nú eru í gildi og kveðið á um, að hlutir skuli eigi vera færri en tíu. Jafnframt er í 1. mgr. 17. gr. mælt svo fyrir, að jafnan skuli vera tíu hluthafar hið fæsta í hlutafélagi. Samkvæmt 112. gr. er skylt að slíta hlutafélagi, ef hluthafar verða færri en tíu. Tilgangurinn með því að hækka lágmarksfjölda hluthafa úr fimm í tíu er að styrkja hlutafélagsformið m. a. með því að gera erfiðara um vik, að stofnuð séu gervihlutafélög.

Upphæð hlutafjár verður að vera fastákveðin, og eru því félög með breytilegum höfuðstól ekki hlutafélög. Ekki er gerð krafa um, að hlutirnir skuli hljóða á sömu upphæð, enda getur heimild til útgáfu mishárra hluta haft raunhæfa þýðingu, t. d. við hlutafjárhækkanir. Ekki eru, frekar en í núgildandi lögum, settar neinar takmarkanir fyrir því, hversu lágir hlutir mega vera. Hins vegar er ekki heimilt að gefa út hluti án nafnverðs (no par value shares) svo sem sums staðar er leyft, t. d. í Bandaríkjunum. Rök fyrir því að leyfa slíka hluti eru einkum þau, að þeir beini athyglinni að því, sem í reynd skipti máli um verðmæti hluta, þ. e. a. s. að fjárhagsstöðu félags almennt, enda geti nafnverðshlutir hvort eð er aldrei orðið annað en ávísun á tiltölulegan hluta þess eigin fjár, sem í félaginu er á hverjum tíma. Þótt segja megi, að viss rök liggi þannig að baki hugmyndum um nafnverðslausa hluti, sýnist ekki ástæða til að heimila slíka hluti hér. Nafnverðslausir hlutir tíðkast ekki í helstu evrópulöndum.

Samkvæmt núgildandi lögum er lágmarksfjárhæð hlutafjár 2 000 kr. Sú fjárhæð er að sjálfsögðu orðin allt of lág sökum verðlagsþróunar undanfarna áratugi. Óhjákvæmilegt er því að hækka fjárhæðina verulega og er hér lagt til, að lágmark hlutafjár verði ákveðið kr. 1 000 000.

Að öðru leyti en greint hefur verið hér að framan eru hugtakseinkenni hlutafélags hin sömu og í núgildandi lögum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. gildandi laga hafa verið felld niður, þar sem ekki er þörf á því að taka fram, að samvinnufélög frekar en önnur félög, sem ekki bera einkenni hlutafélaga, séu undanþegin ákvæðum laganna.

Í 4. mgr. eru ákvæði 2. gr. gildandi laga um firmu hlutafélaga tekin upp óbreytt að efni.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um skilgreiningu á samstæðu hlutafélaga (concern), en í gildandi lögum eru ekki ákvæði um það efni. Auk ákvæða þessarar greinar eru í frumvarpinu ýmsar reglur, er lúta að samstæðum hlutafélaga og eru þær mikilvægustu ákvæðin um reikninga félagasamstæðna í XI. kafla. Sérstakar reglur um samstæður hlutafélaga eru ennfremur í 48., 50., 71., 78., 80., 83., 84., 86., 105., 110. og 129. gr.

Nauðsyn ber til, að sett séu ákvæði um samstæður hlutafélaga, enda skapa þær ýmis vandamál, sem víðast hvar hefur verið reynt að leysa með ákvæðum í lögum. Þau yfirráð í hlutafélagi eða hlutafélögum, sem myndun samstæðu felur í sér, opna leið fyrir óeðlilega skiptingu gjalda og tekna milli félaganna og verður því að ýmsu leyti að skoða félögin sem eina heild, lagalega og fjárhagslega. Sérstaklega ber því að gæta þess, að arðsúthlutanir fari ekki fram úr því, sem hagur samstæðu í heild gefur tilefni til og að hluthöfum sé tryggð vitneskja um félögin innan samstæðunnar og innbyrðis samskipti þeirra. Ýmsar ástæður geta verið til myndunar samstæðna hlutafélaga svo sem þær, að samruni er ekki framkvæmdur vegna ákvæða skattalaga.

Skilgreining á hugtakinu samstæða hlutafélaga er nokkuð mismunandi eftir löndum. Hér er miðað við, að hlutafélag eigi svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi, að það fari með meirihluta atkvæða í félaginu. Áherslan er því lögð á atkvæðameirihluta, en ekki meirihlutaeign hlutafjárins eina sér, sem sums staðar er látið valda samstæðumyndun. Þótt eignarráð hlutafélags á meirihluta hlutafjár

í öðru hlutafélagi leiði sem slík ekki til samstæðumyndunar, ef atkvæðameirihluti fylgir ekki jafnframt, er hugsanlegt, að slík tilfelli féllu undir 3. mgr. greinarinnar og teldust samstæðumyndun samkvæmt ákvæðum hennar, sbr. nánar hér á eftir.

Í 2. mgr. er vikið að því, sem nefna má undirsamstæðu. Ef hlutafélagið A á hlut í hlutafélaginu B, sem skapa því yfirráð í því, og hlutafélagið B ræður hlutafélaginu C, mynda A, B og C samstæðu, en jafnframt mynda B og C samstæðu (undirsamstæðu). Skilgreining 1. mgr. um hlutaeign, sem felur í sér atkvæðameirihluta, gildir að sjálfsögðu um þessi tilfelli.

Auk framangreindra skilgreininga á samstæðu hlutafélags er talið, að um samstæðu hlutafélaga sé að ræða, þegar hlutafélag hefur vegna hlutafjáreignar eða samninga yfirráð í öðru hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess. Um þessi tilfelli er fjallað í 3. mgr. greinarinnar.

Sem dæmi um yfirráð vegna hlutafjáreignar án þess, að um þau tilfelli sé að ræða, sem greinir í 1. mgr., má nefna, að aðrir hlutir í viðkomandi félagi skiptist á margar hendur þannig, að nægilegur fjöldi sæki yfirleitt ekki hluthafafundi, til að mótvægi skapist gagnvart aðalhluthafanum. Aðalhluthafinn getur því ráðið félaginu í reynd án þess að fara með meirihluta atkvæða í því.

Samningar, sem skapa hlutafélagi yfirráð í öðru, geta verið margvíslegir, svo sem samningar um framleiðslu og sölu. Ennfremur geta óvenjulegar lánveitingar leitt til yfirráða.

Skilyrði fyrir því, að um samstæðu sé að ræða samkvæmt 3. mgr., eru ekki einungis þau atriði, sem að framan eru rakin um yfirráð vegna hlutafjáreignar eða samninga, heldur verður jafnframt að koma til veruleg hlutdeild í afrakstri félags. Áður er þess getið, að eignarráð hlutafélags á meirihluta hlutafjár í öðru hlutafélagi án atkvæðameirihluta gætu hugsanlega leitt til myndunar samstæðu samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar.

Um II. KAFLA

Greinum þessa kafla (3.—12. gr.) er ætlað að koma í stað II. kafla (3.—9. gr.) gildandi laga. Lagt er til, að ýmsar breytingar verði gerðar frá því, sem nú gildir og verður það rakið nánar í athugasemdum við einstakar greinar.

Ákvæðin um stofnun hlutafélags miða einkum að því að tryggja, að væntanlegir hluthafar verði ekki beittir blekkingum um ástæður til félagsstofnunarinnar svo og um tilgang og tegund félagsins. Ennfremur er reglum um stofnun hlutafélaga ætlað að tryggja, að fjármunir þeir, sem í stofnsamningi eru greindir, séu fyrir hendi við stofnunina.

Miklu máli skiptir bæði fyrir hluthafa og aðra þá, er tengdir verða við hlutafélag eða skipta við það, svo sem starfsmenn þess og lánardrottna, að félagsstofnunin fari fram með heilbrigðum hætti og félagið fái í reynd þá fjármuni, sem greindir eru í stofnsamningi.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að stofna hlutafélag hvort sem er með eða án útboðs hlutafjárins. Ekki verður breyting á þessu í aðalatriðum samkvæmt frumvarpinu og er gert ráð fyrir því, að aðdragandi stofnunar hlutafélags geti verið í höfuðdráttum tvenns konar. Annars vegar þannig, að áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og er þá unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda, ef allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála um það („simultan"stofnun). Ef áskrift fæst hins vegar ekki að öllum hlutum á stofnfundi, verður aðdragandi stofnunarinnar lengri og flóknari. Ber þá stofnendum að boða alla áskrifendur til stofnfundar og annast ýmiss skylduverk, áður en sá fundur verður haldinn, aðallega öflun og framlagningu upplýsinga fyrir áskrifendur („successiv"stofnun).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegum breytingum frá gildandi lögum á ýmsum atriðum varðandi aðferð og undirbúning stofnunar hlutafélags. Verða þær breytingar raktar í athugasemdum við einstakar greinar. Þess skal þó getið hér, að lagt er til, að ákvæði gildandi laga um opinbera auglýsingu (boðsbréf), þegar um almennt útboð hlutafjár er að ræða, verði felld niður. Í stað þessara reglna er í

frumvarpinu m. a. leitast við að tryggja áskrifendum að hlutafé sem gleggstar og áreiðanlegastar upplýsingar um fyrirhugað félag, enda er framlagning sem ýtarlegastra upplýsinga og möguleikar á sannprófun þeirra vænlegust til að tryggja hag áskrifenda.

Um 3. gr.

Ákvæðin í 1. mgr. greinarinnar fela í sér breytingu frá núgildandi lögum þannig, að samkvæmt frumvarpinu eiga drög að samþykktum félagsins að vera hluti af stofnsamningi. Samkvæmt gildandi lögum á frumvarp til samþykkta handa félaginu að fylgja stofnsamningi. Eftir frumvarpinu ber því ekki að líta á drög að samþykktum sem sjálfstætt stofnskjal. Þótt lagt sé til, að drög að samþykkum félags verði hluti stofnsamnings, hefur það að sjálfsögðu ekki í för með sér, að eigi sé unnt að breyta samþykktum síðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 73. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum breytingum frá gildandi lögum að því er varðar skilyrði þau, sem sett eru um stofnendur. Er rétt að taka mið af þeim skilyrðum, sem stofnendur verða að uppfylla samkvæmt gildandi lögum, og er að finna í 4. gr. þeirra, og athuga, hvaða breytingar í þeim efnum eru ráðgerðar í frumvarpinu.

a. Samkvæmt gildandi lögum skulu stofnendur hlutafélags vera fimm hið fæsta. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til, að lágmarkstala stofnenda verði hækkuð frá því, sem nú er og þeir skuli vera tíu hið fæsta. Vegna hinnar ríku ábyrgðar stofnenda, bæði gagnvart hinu opinbera og viðskiptamönnum félagsins er heppilegra að þeir séu fleiri en færri. Ennfremur er mikilvægt, að stofnendur hafi sem mest aðhald hver frá öðrum, ekki síst, þegar meðal stofnenda er fjársterkur aðili, sem hefur sérstaka aðstöðu til áhrifa og yfirráða. Rétt þykir og, að í hlutafélagi sé sama lágmarkstala stofnenda og hluthafa, sbr. 3. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 17. gr.
b. Samkvæmt gildandi lögum geta einstaklingar aðeins gerst stofnendur hlutafélaga. Í löggjöf erlendis um hlutafélög eru takmarkanir af þessu tagi ekki gerðar. Eru ákvæði gildandi laga um þetta löngu úrelt, enda verður að teljast eðlilegt, að fjármagn það, sem lögaðilar hafa yfir að ráða, komi að notum í hlutafélögum frá stofnun þeirra og þeim sé því heimilt að gerast stofnendur slíkra félaga.

   Kröfur verður að gera til lögaðila í þessum efnum um fast skipulag og/eða opinbera skráningu. Farin er sú leið að telja þá lögaðila svo tæmandi sé, sem geta verið stofnendur hlutafélaga, enda er jafnframt við það val tekið tillit til nauðsynjar fasts skipulags, skráningar og/eða opinbers eftirlits. Upptalning þessi þarfnast ekki skýringar við að öðru leyti en því, að þess skal getið, að sameignarfélög eru ekki meðal þeirra lögaðila, sem heimilt er að vera stofnendur hlutafélaga og er ástæðan sú, að skipulag og form hérlendra sameignarfélaga er mjög laust í reipum, enda er engin heildarlöggjöf til um þau.
c. Samkvæmt frumvarpinu skulu stofnendur, ef það eru einstaklingar, vera lögráða svo sem kveðið er á um í núgildandi lögum.
d. Stofnendur skulu hafa forræði á búi sínu, og er það óbreytt frá gildandi lögum.
e. Í gildandi lögum er það gert að skilyrði, að stofnendur uppfylli þær kröfur, sem settar eru í hinum ýmsu lögum um einstakar atvinnugreinar að því er varðar rétt einstaklinga til þess að mega stunda viðkomandi atvinnugrein. Ákvæði þetta, sem er mjög óheppilegt og í mörgum tilfellum of strangt, var sett á sínum tíma með þeim rökum, að atvinnulöggjöfin þá (1921) væri í molum, en vera mætti, að um það efni yrðu bráðum sett lög. Yrði þar ákveðið um skilyrði til hvers konar atvinnurekstrar og myndu þá ákvæði hlutafélagalaganna um hæfileika stofnenda lagast eftir þeim lögum.

   Sú hefur orðið raunin á, að sett hafa verið lög um margar og margvíslegar atvinnugreinar, þar sem m. a. er kveðið á um skilyrði þau, sem þeir verða að uppfylla, er öðlast vilja rétt til að stunda þær. Skilyrði þessi eru í mörgum til-

fellum all ströng. Samkvæmt ofangreindri vísireglu verða stofnendur hlutafélags að uppfylla þau skilyrði, sem löggjöf sú, er fjallar um starfsemi þá, sem fyrirhuguðu hlutafélagi er ætlað að stunda, setur rétti einstaklings til að stunda starfsemina. T. a. m. þurfa stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að stunda verslun, að uppfylla skilyrði 4. gr. l. 41/1968 um verslunaratvinnu, þ. e. a. s. þau skilyrði, sem einstaklingur verður að fullnægja til þess að geta öðlast leyfi til verslunarrekstrar. Í framkvæmd hefur ekki verið unnt að fylgja þessu ákvæði hlutafélagalaganna til hlítar, t. d. að því er varðar þekkingarskilyrði laga um verslunaratvinnu eða önnur þekkingarskilyrði, sem sett eru í atvinnulöggjöfinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði hlutafélagalaganna falli niður.

f. Lagt er til í frumvarpinu, að því skilyrði gildandi laga, að stofnendur skuli hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í félaginu verði sleppt. Ætlunin með þessu skilyrði var upphaflega sú að leggja áherslu á ábyrgð stofnenda. Í raun hefur skilyrði þetta ekki skipt miklu máli og hefur að líkindum í mörgum tilfellum leitt til málamyndaáskriftar að hlutum og því ekki haft neitt gildi fyrir framtíðarstarfsemi viðkomandi félags.

Í gildandi lögum um hlutafélög er ekki vikið sérstaklega að skilyrðum um heimilisfestu og ríkisfang stofnenda. Hins vegar er, eins og áður segir, sbr. e) lið hér að framan, vísað til sérlaga um hinar einstöku atvinnugreinar varðandi skilyrði þau, er stofnendur skulu uppfylla og í þeim lögum er að finna heimilisfestu- og ríkisfangsskilyrði. Ákvæði sérlaganna um þetta eru nokkuð mismunandi. Þannig er í l. 41/1968 um verslunaratvinnu íslenskt ríkisfang og heimilisfesta skilyrði fyrir rétti til að öðlast verslunarleyfi, en í l. 79/1971 um iðju og iðnað er látið nægja að áskilja heimilisfestu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir almennu ákvæði um búsetu stofnenda hlutafélags, enda mun það atriði ekki ráðast af ákvæðum laga um hinar ýmsu atvinnugreinar, sbr. hér að framan, ef frumvarp þetta verður að lögum. Lagt er til, að minnst helmingur stofnenda skuli hafa heimilisfestu hér á landi.

Í 5. mgr. greinar þessarar er það skilyrði sett, að sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skuli fullnægja þeim skilyrðum, er segir um einstakling, sbr. hér að framan. Ennfremur er kveðið svo á um, að umboðsmaður lögaðila beri ábyrgð auk umbjóðanda síns, sem sjálfur væri hann stofnandi.

Um 4. gr.

Svo sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins skulu drög að samþykktum félags vera hluti stofnsamnings. Formbreytingu þessari er nánar lýst í athugasemdum við 3. gr. Miðað við reglur gildandi laga um þau atriði, er greina ber í stofnsamningi annars vegar (3. gr.) og samþykktum hins vegar (36. gr.) leiðir breyting þessi til nokkurrar einföldunar og samræmingar. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um þau atriði, sem greina skal í tillögu að samþykktum félags. Auk draga að samþykktum félags og þeirra atriða, sem þar ber að greina, skal stofnsamningur hafa að geyma ákvæði um þau efni, er grein þessi fjallar um. Upplýsingar um þau atriði, sem fjallað er um í 1.—3. tl. greinarinnar, eru lágmarksupplýsingar, sem því aðeins nægja, að stofnun félags fari fram með sem einföldustum hætti. Þegar stofnun hlutafélags er flóknari, kemur til kasta ákvæða 5. gr. frumvarpsins, en þar er boðið að taka í stofnsamning upplýsingar um ýmiss atriði, sem reynslan hefur sýnt að geta gefið tilefni til misferlis í sambandi við stofnun hlutafélaga. Verður vikið að því í athugasemdum við 5. gr.

Í grein þessari er því einungis um að ræða þau atriði, sem greina ber í sérhverjum stofnsamningi.

Samkvæmt 1. tl. greinarinnar skal greint í stofnsamningi, hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut. Um þetta skal ennfremur vísað til 1. mgr. 13. gr., þar sem svo er kveðið á um, að greiðsla hlutar megi ekki vera lægri en nafnverð hans.

Í 2. tl. greinarinnar er kveðið svo á um, að tilgreina skuli í stofnsamningi fresti til áskriftar að hlut og til greiðslu hlutafjár. Að undanskildu því tilviki, sem um ræðir í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins, þ. e. a. s. þegar áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi, mun áskriftarfrestur yfirleitt verða ákveðinn svo, að hann renni út það löngu fyrir stofnfund, að tóm gefist til að taka afstöðu til þess, hvort samþykkja skuli áskrift.

Auk áskriftarfrests ber að greina í stofnsamningi frest til greiðslu hlutafjár. Svigrúm í þeim efnum takmarkast af ákvæðum 11. og 15. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 11. gr. skal hlutafélag tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings og ekki má skrá félagið nema minnst helmingur heildarhlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé greiddur, þó aldrei minna en kr. 600 000.00. Í 15. gr. frumvarpsins er svo kveðið á um, að hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skuli greiða að fullu í síðasta lagi innan árs frá því, að félagið var skráð. Með reglum þessum er ákvæðum í stofnsamningi um fresti til greiðslu hlutafjár þröngur stakkur skorinn.

Að lokum er í grein þessari mælt svo fyrir, að í stofnsamning skuli greint, innan hvaða tíma stofnfundur skuli haldinn svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr. frumvarpsins, að fundurinn verði haldinn án sérstakrar fundarboðunar. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins skal hlutafélag tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings eins og áður segir. Því verður í stofnsamningnum að ákveða, hvenær halda skuli stofnfund innan þessa sex mánaða frests, nema áskrift fáist að öllum hlutum á stofnfundi og ákvæði 9. gr. frumvarpsins eigi því við. Boðunaraðferð og fyrirvari geta verið frábrugðin ákvæðum samþykkta um þau efni.

Ekki eru í gildandi lögum reglur hliðstæðar ákvæðum greinar þessarar.

Um 5. gr.

Í 9. tl. 3. gr. núgildandi laga eru ákvæði um efni það, sem fjallað er um í þessari grein frumvarpsins. Reglur gildandi laga mæla svo fyrir að greina skuli í stofnsamningi, hvort félagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum og ef svo er þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sé ákveðið og hvort það skuli greiða með hlutum í félaginu eða með öðrum hætti. Reglur þessar eru á ýmsan hátt ófullkomnar, t. d. varðandi mat á verðmæti eigna, og að auki er ekki eftirlit haft með því, að atvinna eða aðrar eignir en reiðufé, sem fyrirhugað er, að hlutafélag taki við annaðhvort sem greiðslu á hlutum eða gegn endurgjaldi frá félaginu, sé talið réttu verði. Hefur því verið auðveld leið til rangrar verðlagningar til tjóns fyrir hluthafa og skuldheimtumenn félags.

Með þessari grein frumvarpsins er ætlunin að koma málum þessum í betra horf með því að krefjast sem ýtarlegastra upplýsinga um þessi efni og þannig leitast við að tryggja, að réttur hluthafa og skuldheimtumanna félags verði ekki fyrir borð borinn með gerningum þeim, er hér um ræðir.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um lágmarksupplýsingar þær, sem greina ber í stofnsamningi eins og áður segir. Hér er hins vegar fjallað um það efni, sem til greina getur komið að taka í stofnsamning umfram það, sem greint er í 4. gr. Um upplýsingaskyldu í þessum efnum er því aðeins að ræða, að ákvarðanir um þau atriði, sem rakin eru í greininni, hafi verið teknar. Samkvæmt frumvarpinu er upplýsingaskylda þessi því nokkuð á aðra lund en hliðstæð upplýsingaskylda eftir gildandi lögum. Samkvæmt reglum gildandi laga ber að greina í stofnsamningi, hvort um tiltekin atriði sé að ræða í sambandi við stofnun félags og ef svo er ber að gera nánari grein fyrir þeim (neikvæð upplýsingaskylda).

Um einstök atriði greinarinnar er rétt að taka þetta fram:

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. greinarinnar skulu vera ákvæði um það í stofnsamningi, ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé. Þau verðmæti, sem fyrirhugað er að nota til greiðslu hluta, verða að vera fallin til þess að mynda

starfsgrundvöll félagsins í samræmi við tilgang þess. Ekki eru í greininni ákvæði um, hvaða verðmæti almennt sé unnt að nota til greiðslu hluta. Sú regla hefur sums staðar verið talin gilda, að þau verðmæti, sem unnt er að bókfæra til eignar í reikningum félags megi nota til greiðslu hluta, sbr. og b-lið 2. mgr. greinarinnar um endurgjald fyrir verðmætin.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. skulu vera ákvæði um það í stofnsamningi, ef hlutafélag skal taka við öðrum verðmætum en reiðufé gegn greiðslu í öðru en hlutum. Hér er átt við verðmæti frá öðrum en áskrifanda að hlutafé.

Í 3. tl. 1. mgr. er boðið að greina skuli í stofnsamningi, ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnuninni. Í c-lið 2. mgr. greinarinnar eru sett ákvæði um hámark stofnkostnaðar. Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um hámark stofnkostnaðar.

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. skulu vera ákvæði um það í stofnsamningi, hvort einhverjir hluthafar eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu. Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum (10. tl. 1. mgr. 3. gr.), en upplýsingaskyldan þar takmarkast við stöðu og fríðindi stofnenda hjá félaginu. Í þessum lið er ekki átt við þau sérstöku réttindi, sem skulu greind í samþykktum félags samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um skyldu til þess að gera í stofnsamningi nánari grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. Er rakið í a)—c) lið 2. mgr., hvað sérstaklega skuli taka fram í því sambandi. Reglur, er að þessu lúta, eru ekki í gildandi lögum. Greinargerð sú, sem hér um ræðir, skal gerð, hvort sem endurgjaldið er innt af hendi í formi hluta, eða verðmætin stafa frá öðrum en áskrifanda að hlutafé.

Í 3. mgr. er fjallað um það, er hlutafélag skal við stofnun taka við fyrirtæki í rekstri. Er í fyrsta lagi kveðið á um, að efnahags- og rekstrarreikningar þess fyrirtækis, sem taka á við, tvö síðustu reikningsárin eða frá stofnun þess, ef það er síðar, skuli liggja frammi við undirritun stofnsamnings. Reikninga þessa skal leggja fram þegar við hlutafjáráskrift, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins og ennfremur fyrir stofnfund svo og á stofnfundi, sbr. 3. og 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Ennfremur skulu þeir fylgja tilkynningu um stofnun hlutafélagsins til hlutafélagaskrár, sbr. 144. gr. frumvarpsins. Þar sem upphafsreikningar skulu liggja fyrir, þarf að leggja fram auk framangreindra reikninga, efnahags- og rekstraryfirlit fyrir þann hluta reikningsársins, sem lýkur á þeim degi, er yfirtakan fer fram. Upphafsreikningar eru hlutar stofnsamnings.

Í 4. mgr. greinarinnar er regla, sem veitir hluthöfum, lánadrottnum og síðari viðskiptamönnum félags vernd gegn því, að í ljós komi skuldbindingar, er ekki var vitað um. Það ræðst af almennum reglum kröfuréttar að hvaða marki félag getur nýtt sér réttindi samkvæmt slíkum samningum. Eiginleg staðfesting samninga, sem engar upplýsingar eru um í stofnsamningi, getur ekki farið fram. Stjórn félags getur hins vegar gert nýjan samning, svo framarlega sem slíkt er ekki andstætt upplýsingum í stofnsamningi, og ber í því efni ábyrgð gagnvart hluthöfum og lánardrottnum.

Um 6. gr.

Áður hefur því verið lýst, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, að drög að samþykktum félags skuli vera hluti af stofnsamningi. Í þessari grein frumvarpsins er stofnendum gert skylt að gera tillögur að samþykktum félagsins og er í greininni kveðið á um þær lágmarksupplýsingar, sem tillaga að samþykktum skal hafa að geyma.

Samkvæmt gildandi lögum skal frumvarp til samþykkta fyrir hlutafélag fylgja stofnsamningi og er í 36. gr. laganna rakið það lágmarksefni, sem skylt er að hafa í samþykktum. Samkvæmt gildandi lögum skal greina í stofnsamningi ýmiss þau atriði, er frumvarpið gerir ráð fyrir, að fjallað verði um í tillögu að samþykktum

félags. Þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að drög að samþykktum teljist hluti stofnsamnings, er nánast aðeins um formbreytingu að ræða frá gildandi lögum. Í breytingu þessari felst veruleg einföldun. Um nokkrar breytingar, flestar minni háttar, er hins vegar að ræða frá gildandi lögum að því er varðar einstök atriði, er greina skal. Verður stuttlega vikið að því hér á eftir.

Þess má geta, að í félagssamþykktum eiga einkum að vera ákvæði um málefni, sem ekki eða ekki nægjanlega er fjallað um í lögum. Ennfremur kemur til greina að taka þar upp ákvæði, þótt þau séu í lögum, enda er heppilegt, að í félagssamþykktum sé að finna heildaryfirlit yfir reglur þær, sem samkvæmt lögum og samþykktum ákveða innbyrðis réttarstöðu hluthafa svo og réttarstöðu þeirra og félagsins út á við.

Auk þess lágmarksefnis, er samkvæmt þessari grein frumvarpsins skal tekið í samþykktir, eru í frumvarpinu ákvæði um ýmiss atriði, er því aðeins hafa gildi, að fyrirmæli séu þar um í samþykktum, sbr. t. d. 17. gr. (hlutaflokkar), 35. gr. (heimild stjórnar til þess að hækka hlutafé), 42. gr. (lækkun hlutafjár án áskorunar með innlausn hluta), 54. gr. (fulltrúanefnd), 2. mgr. 62. gr. (skráning í hlutaskrá), 68. gr. (frestur til fundarboðunar), 73. gr. (breytingar á samþykktum), 1. mgr. 77. gr. (endurskoðendur).

Ennfremur geta samþykktir haft að geyma ákvæði, er víkja frá frávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins, t. d. 2. mgr. 44. gr. (stjórnarmenn, sem ekki eru kjörnir af hluthafafundi), 52. gr. (ákvörðunarbærni félagsstjórnar), 3. mgr. 60. gr. (réttur hluthafa til að sitja hluthafafundi).

Frumvarpið er því ekki til fyrirstöðu, að í samþykktir séu tekin frekari ákvæði að því tilskildu, að þau fjalli almennt um gerð eða rekstur viðkomandi félags.

Um einstaka töluliði greinarinnar skal þessa getið:

1. og 2. tl. samsvara 1. tl. 1. mgr. 3. gr. og 1. tl. 36. gr. gildandi laga. Um heiti hlutafélags vísast til firmalaga.

3. tl. samsvarar 2. tl. 1. mgr. 3. gr. og 2. tl. 36. gr. gildandi laga. Tilgang félags verður að afmarka nægjanlega.

4. tl. Samsvarandi ákvæði er að finna í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. og 3. tl. 36. gr. gildandi laga. Hlutafé skal minnst vera kr. 1 000 000, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

5. tl. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga ber að greina upphæð hluta í stofnsamningi og samkvæmt 8. tl. 36. gr. laganna skulu vera ákvæði um atkvæðisrétt hluthafa í samþykktum. Samkvæmt þessum tölulið 6. gr. skal bæði fjárhæð hluta og atkvæðisréttur hluthafa greindur í samþykktum. Nánari reglur um atkvæðisrétt eru í 62. gr. frumvarpsins.

6. tl. Óljóst ákvæði, er að þessu lýtur, er að finna í 10. tl. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, sbr. 5. tl. 36. gr. s. l. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að í stjórn hlutafélags skuli eiga sæti fæst þrír menn, sbr. 44. gr. Samkvæmt þessum tölulið skal greina í samþykktum fjölda eða hámarks- og lágmarksfjölda stjórnarmanna, varastjórnarmanna og endurskoðenda. Hins vegar getur aðalfundur kosið varaendurskoðendur án sérstakrar heimildar í samþykktum, sbr. 77. gr. frumvarpsins. Skylda til að ákveða kjörtímabil stjórnarmanna, varastjórnarmanna og endurskoðenda er nýmæli og sama máli gegnir um svigrúm það, varðandi fjölda þeirra, er hér um ræðir.

7. tl. Í þessum tölulið er mælt svo fyrir, að greina beri í samþykktum, hvernig kveðja skuli saman hluthafafundi. Samkvæmt 8. tl. 36. gr. gildandi laga skulu vera ákvæði um tilkynningar til félaga í samþykktum. Í 68. gr. frumvarpsins eru ákvæði um boðunarfrest til hluthafafundar og ennfremur er þar fjallað um boðunaraðferð.

8. tl. Samkvæmt þessum tölulið skulu samþykktir hafa að geyma dagskrá aðalfundar, sbr. ennfremur 2. mgr. 64. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeirri grein er staðfesting efnahags- og rekstrarreiknings svo og hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu, fastir liðir á dagskrá. Að undanskildum framangreindum liðum ræðst það af efni samþykkta félagsins til hvaða mála hin fasta

dagskrá nær, sbr. t. d. 44. gr. frumvarpsins (kjör stjórnar). Samkvæmt 8. tl. 36. gr. gildandi laga skulu vera ákvæði um fundarsköp og hluthafafundi í samþykktum.

9. tl. Reikningsár félags skal yfirleitt vera tólf mánuðir, sbr. 92. gr. frumvarpsins. Reikningsárið þarf ekki að miðast við almanaksár. Samkvæmt 4. tl. 36. gr. gildandi laga skulu vera ákvæði um reikningagerð í samþykktum.

10. tl. Samsvarandi ákvæði er í 8. tl. 1. mgr. 3. gr. og 3. tl. 36. gr. gildandi laga. Séu viðskiptahömlur lagðar á hluti eða hluthafar skyldir að þola innlausn hluta sinna, skulu hlutirnir hljóða á nafn, sbr. 18. og 21. gr. frumvarpsins. Séu hlutir ekki að fullu greiddir og bráðabirgðaskírteini hefur því einungis verið gefið út, skal skírteinið hljóða á nafn, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

11. tl. Samsvarandi ákvæði er að finna í 6. tl. 3. gr. og 3. tl. 36. gr. gildandi laga. Áskilja má, að hluthafar séu skyldir til að þola innlausn á hlutum sínum, en setja þarf þá í drög að samþykktum reglur um innlausnina, sbr. ennfremur 42. gr. frumvarpsins, sem fjallar um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum. Í frumvarpinu eru ákvæðum í samþykktum um innlausn hluta ekki settar áþekkar skorður og lagt er til, að settar verði varðandi ákvæði samþykkta um takmarkanir á heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, sbr. 18.—20. gr. frumvarpsins.

12. tl. Hliðstætt ákvæði er að finna í 7. tl. 1. mgr. 3. gr. og 3. tl. 36. gr. gildandi laga. Heimilt er að ákveða takmarkanir á meðferð hluta, svo sem um framsal eða veðsetningu, svo og um rétt hluthafa til þeirra hluta, sem forkaupsréttur nær til.

Í 18.—20. gr. frumvarpsins eru settar reglur um viðskiptahömlur á hlutum og ákveðnar takmarkanir settar fyrir því, hve miklar skorður er unnt að reisa við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum með ákvæðum í samþykktum.

13. tl. Um þetta efni er fjallað í 5. tl. 1. mgr. 3. gr. og 4. tl. 36. gr. gildandi laga. Þau sérréttindi, sem hér koma einkum til greina, eru aukinn atkvæðisréttur, sbr. 62. gr. frumvarpsins, og aukinn réttur til arðs eða fjárúthlutunar við félagsslit. Ef einhverjum hlutum eiga að fylgja sérstök réttindi, verður að skipta hlutum í flokka, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Grein þessi felur í sér nýmæli.

Hér eru settar reglur um form áskriftar og ennfremur er ákvæðum greinarinnar ætlað að tryggja það, að áskriftaraðili geti aflað sér upplýsinga um þau atriði, er máli skipta í sambandi við stofnun félagsins.

Í 1. mgr. eru settar ófrávíkjanlegar reglur um það, hvernig áskrift skuli fara fram svo og hvernig með skuli fara, ef út af þessum reglum er brugðið. Áskrift að hlutum skal annað tveggja gerð í stofnsamningi eða á sérstaka áskriftarskrá, sem þá skal fylgja eftirrit stofnsamnings. Þegar áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi, sem er hinn venjulegi gangur mála við hlutafélagsstofnun, er eðlilegt, að áskrift sé gerð í sjálfum stofnsamningnum. Ekki eru settar sérstakar reglur um form áskriftarskrár utan það, að eftirrit stofnsamnings skal fylgja svo og reikningar þeir, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr. Fari hlutaáskrift ekki fram í samræmi við þær formreglur, sem kveðið er á um í greininni, er afleiðingin sú, að áskriftaraðili getur borið fyrir sig, að áskriftin sé ekki bindandi fyrir hann. Þau takmörk eru þó sett fyrir áðurgreindum rétti áskriftaraðila til þess að bera fyrir sig, að áskrift sé óskuldbindandi, að hann verður að mótmæla því við ráðherra, áður en félagið er skrásett, að áskrift sé bindandi. Reglur þessar eru settar til verndar áskriftaraðila. Ef stofnendur komast að um raun um, að formreglna hefur ekki verið gætt, verða þeir að tilkynna áskriftaraðila um það, svo að tök séu á að fá upplýst, hvort áskriftaraðili muni falla frá rétti sínum til að mótmæla áskriftinni. Náist ekki samkomulag og áskriftaraðili mótmælir við ráðherra, áður en skrásetning hefur farið fram, er viðkomandi áskrift brott fallin. Ástæður til þess, að formgallar

skuli ekki skipta máli, eftir að skrásetning hefur farið fram, eru þær, að talið er æskilegt, að það liggi ljóst fyrir við stofnun félags, hver upphæð hlutafjár er.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um það, þegar áskrifandi að hlutafé bindur áskrift sínar skilyrðum, sem ekki eru í samræmi við stofnsamning. Slíkt veldur ógildi áskriftarinnar, en ekki er litið á skilyrðið sem óskráð væri. Sama regla er sett um þetta og greinir í 1. mgr., enda eiga sömu rök við, varðandi nauðsyn þess að hafa uppi mótmæli við ráðherra, áður en félag er skráð, ella verður áskrift bindandi og skilyrðið þá brott fallið.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Sú regla, að stofnendur ákveði, hvort áskrift skuli samþykkt, er reist á því að líta ber á framlagningu áskriftarlista sem áskorun um að gera tilboð um hlutaáskrift. Slíkt tilboð verða því stofnendur að samþykkja, áður en unnt er að líta á áskriftaraðila sem hluthafa.

Svo sem fram kemur í athugasemdum við 3. gr. er gert ráð fyrir, að því skilyrði gildandi laga, að stofnendur skuli hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í félaginu, verði sleppt. Ef stofnendur hyggjast skrá sig fyrir hlutum, er ekkert því til fyrirstöðu, að þess sé getið í stofnsamningi. Sé slík áskrift greind í stofnsamningi, sem gefur vísbendingu um, að stofnendur hafi trú á fyrirhugaðri starfsemi félagsins, er áríðandi fyrir aðra áskriftaraðila, að fjárhæð sú í hlutum, er stofnandi hefur skráð sig fyrir í stofnsamningi, verði ekki lækkuð.

Auk þess að hafa frjálsar hendur varðandi samþykki áskrifta, er á valdi stofnenda að ákveða, hve marga hluti hver áskriftaraðili skuli fá, þegar áskriftaraðilar hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum, en unnt er að selja þeim.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir, að stofnendum beri strax að tilkynna áskriftaraðila, ef áskrift er ekki samþykkt, stofnendur telja áskrift ógilda, eða áskriftir hljóða um meira fé en ákveðið var og því þörf á að lækka það. Sé áskriftarfjárhæð lækkuð, ræðst það af reglum um brostnar forsendur, hvort áskriftaraðili sé, eftir sem áður bundinn við tilboð sitt, að því er snertir þá fjárhæð, sem samþykkt er.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um, hvenær og hvernig unnt sé að taka ákvörðun um stofnun félags, en slík ákvörðun skal tekin á stofnfundi. Ákvæði um þetta efni eru í 5.—9. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um þann meirihluta atkvæða, sem þarf til þess, að unnt sé að taka ákvörðun um stofnun félagsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum við III. kafla hér að framan er greint á milli þess, svo sem gert er í gildandi lögum, hvort áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og sammæli allra áskrifenda liggja fyrir eða ekki. Í fyrra tilvikinu er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda („simultan"-stofnun), en í síðara tilvikinu skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar („successiv"-stofnun). Í 4. gr. eru ákvæði um það innan hvaða tíma stofnfund skuli halda.

Greinin kveður svo á um, að um stofnfundinn skuli gilda reglur laganna og samþykkta félagsins um hluthafafundi. Þær reglur, sem hér er átt við, eru ákvæði IX. kafla frumvarpsins og ákvæði samþykkta, er kunna að víkja frá frávíkjanlegum ákvæðum laganna. Reglur þessar gilda að því marki, sem þær geta átt við um stofnfund m. t. t. sérstaks tilgangs og eðlis hans.

Í 3. mgr. greinarinnar er mælt svo fyrir, að stofnendur skuli sjá svo um, að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn, sem um ræðir í stofnsamningi, séu til sýnis fyrir áskrifendur í eina viku fyrir stofnfund á stað, sem greinir í fundarboði. Almenn ákvæði um upplýsingaskyldu af þessu tagi eru ekki í gildandi lögum. Um þá samninga og gögn, sem skulu, ásamt áskriftarlistum, vera til sýnis fyrir áskrifendur, er fjallað í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Það má hugsa sér, að áskrift við áfangastofnun („successiv"-stofnun) sé gerð í stofnsamningi, þegar um þröngan

hóp er að ræða. Verður þá að sjálfsögðu að leggja stofnsamninginn fram til sýnis í stað áskriftarskrár.

Í 4. mgr. greinar þessarar er fjallað um gögn, er stofnendum ber að leggja fram á stofnfundi, svo og atriði, er þeim ber að veita upplýsingar um. Að því er varðar upplýsingar um þann fjölda hluta, sem samþykktur er af stofnendum, skiptingu hlutafjárins á einstaka áskrifendur og skýrslu um það fé, sem þegar hefur verið greitt, skal þess getið, að upplýsingar um þetta kunna að skipta áskrifendur máli við mat þeirra á því, hvort stofna beri félagið. Með kröfu um, að upplýsingar þessar skuli færa til bókar, er verið að leitast við að koma í veg fyrir, að síðar rísi ágreiningur um þessi efni. Hliðstæð ákvæði eru ekki í gildandi lögum.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru gerðar all miklar breytingar frá gildandi lögum og almennt felur greinin í sér rýmri heimild fyrir stofnfund til að gera breytingar. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar getur stofnun félags ekki farið fram, ef ekki hefur fengist áskrift að öllu hlutafé því, sem ákveðið hefur verið í stofnsamningi. Lækkun hlutafjár getur ekki farið fram undir þessum kringumstæðum, enda skiptir upphæð hlutafjárins verulegu máli við mat áskrifenda á fyrirhuguðu félagi. Þótt allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um lækkun, er hún allt að einu óheimil, þar sem taka verður tillit til væntanlegra viðsemjenda félagsins.

Í 2. mgr. eru settar reglur varðandi heimild stofnfundar til að breyta samþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti og hvernig ákvarðanir um breytingar þessar skuli teknar. Þeirri reglu, að ekki megi ákveða stofnun félags, fyrr en tillögur, sem fram kunna að koma um breytingu á samþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti, hafa verið ræddar og afgreiddar, er ætlað að koma í veg fyrir, að meirihluti hluthafa geti komið minnihlutanum algerlega í opna skjöldu. Lækkun hlutafjár á stofnfundi er óheimil, svo sem að framan greinir, en hins vegar er talið rétt að heimila hækkun hlutafjárins að því tilskildu, að allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um það. Ástæðan til þess, að samþykkis allra er krafist við hækkun hlutafjár, er sú, að slík hækkun, þegar við stofnun, getur raskað valdahlutföllum í félaginu. Að því er varðar tillögur til breytinga á samþykktum er greint á milli þess, hvort þær hafa verið greindar í fundarboði eða ekki. Hafi þær verið greindar í fundarboði stofnfundar, fer um samþykki þeirra eftir þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktum. Ef tillögurnar hafa ekki verið greindar í fundarboði, má ekki samþykkja þær, nema allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um það. Í þessu sambandi skal minnt á síðasta málsl. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, sem kveður svo á um, að um stofnfundinn skuli gilda reglur laga þessara og samþykkta félagsins um hluthafafundi, sbr. og athugasemdir við 9. gr. Breytingar á ákvæðum stofnsamnings að öðru leyti, en að framan hefur verið lýst, verða ekki gerðar nema með samþykki allra stofnenda og áskrifenda.

Samkvæmt 3. mgr. telst tillaga um að stofna félag samþykkt, ef hún fær samþykki meirihluta þeirra, sem atkvæði greiða svo og þeirra, er fara með minnst ⅔ hluta þess hlutafjár, sem mætt er fyrir á stofnfundi. Þar sem gert er ráð fyrir í 62. gr. frumvarpsins, að hlutir geti haft mismunandi atkvæðagildi, er lagt til, í því skyni að vernda hagsmuni þeirra, er skertan atkvæðisrétt hafa, að krafist verði til samþykkis tillögu um stofnun félags, auk samþykkis meirihluta greiddra atkvæða, samþykkis þeirra, er fara með minnst ⅔ hluta þess hlutafjár, sem mætt er fyrir á stofnfundi. Ef ekki fæst samþykki fyrir stofnun félags samkvæmt reglum þessum, getur hún ekki farið fram, og ekki er unnt að freista þess að fá aðra niðurstöðu á fundi síðar. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að fresta afgreiðslu málsins til síðari fundar, en ákveða verður þá frestunina, áður en atkvæðagreiðsla um stofnun félagsins fer fram. Gæta verður þó tímamarka 1. mgr. 11. gr.

Um 11. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldu til að tilkynna félag til skráningar, skilyrði, sem uppfylla þarf varðandi áskrift og greiðslu hlutafjár til þess, að unnt sé að fá félagið skráð, svo og um synjun skráningar og afleiðingar hennar.

Samkvæmt 1. mgr. ber stjórn að tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings. Ákvæði um tilkynningaskyldu og tímamörk í því sambandi eru í 3. mgr. 10. gr. gildandi laga, en þar er svo kveðið á, að tilkynna skuli félagið til skráningar á mánaðarfesti, eftir að það er löglega stofnað.

Í 2. mgr. greinarinnar er svo kveðið á um, að ekki megi skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það, er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur, þó aldrei minna en kr. 600 000.00. Þess er ekki krafist, að helmingur af verði hvers hlutar um sig sé greiddur, heldur nægir, að greiðsla helmings af heildarhlutafénu hafi farið fram. Greiðsla kann að hafa verið innt af hendi í reiðufé eða öðrum verðmætum, sbr. 5. gr. Í 2. mgr. 10. gr. gildandi laga eru ákvæði um þetta efni og er greiðsla þar miðuð við fjórðung lofaðs hlutafjár, en lágmarksfjárhæð er ekki tiltekin. Samkvæmt gildandi lögum er því unnt að stofna og fá skrásett hlutafélag með 500.00 kr. hlutafjárinnborgun, en lágmarkshlutafé er 2 000.00 kr., sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er fjallað um afleiðingar þess, að tilkynning berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests, er um ræðir í 1. mgr., svo og ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum. Afleiðingarnar eru þær, að skuldbindingar þeirra, er hafa skráð sig fyrir hlutafé, falla burt, sbr. 1. mgr. 10. gr., en þar er fjallað um skyldu til að endurgreiða það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé. Ákvæði um þetta skortir í gildandi lög og er hér því um nýmæli að ræða.

Um 12. gr.

Í 10. gr. gildandi laga er kveðið svo á um, að hlutafélag megi ekki taka til starfa, fyrr en það hefur verið skráð lögum samkvæmt. Fyrr geti það heldur ekki öðlast réttindi á hendur öðrum mönnum með samningum né þeir á hendur því. Sú undantekning er þó gerð í 20. gr. laganna, að stjórn hlutafélags er heimilt, ef hún á annað borð er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, að sækja mál á heimilisvarnarþingi félagsins gegn áskrifenda hlutafjár, sem lendir í vanskilum með greiðslu þess hlutar, er hann hefur skrifað sig fyrir. Meginatriði þessara ákvæða gildandi laga er, að óskrásett hlutafélag hefur ekki réttaraðild. Ákvæði gildandi laga láta hins vegar ýmsum spurningum um þessi efni ósvarað. Má í því sambandi nefna, hversu ábyrgð sé farið á þeim löggerningum, sem gerðir eru fyrir hönd óskrásetts félags.

Þessari grein frumvarpsins er ætlað að kveða skýrar og ýtarlegar á um þessi efni og er greinin að verulegu leyti nýmæli.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um þá almennu reglu, að óskráð félag hafi ekki réttaraðild. Sú undantekning er þó gerð, að óskráð félag getur verið aðili að dómsmálum til innheimtu hlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir og öðrum dómsmálum varðandi hlutafjáráskrift. Félagið á því réttaraðild innan framangreindra marka. Reglur þessar eru áþekkar ákvæðum gildandi laga.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um það, hvernig ábyrgð sé háttað á löggerningum, sem gerðir eru fyrir hönd óskráðs hlutafélags og er hér um nýmæli að ræða. Svo er kveðið á um, að þeir, sem tekið hafa þátt í gerð löggernings fyrir hönd hlutafélags, áður en það er skráð eða ákvörðunum um hann, beri óskipt persónulega ábyrgð á efndum. Regla þessi er sett vegna hagsmuna þeirra, sem fyrir skráningu félags semja við stofnendur, stjórn eða aðra fyrirsvarsmenn fyrir hönd félags. Við skráningu verður félag sjálfstæður réttaraðili eins og áður segir og verður þá bundið við tiltekna gerninga, sem áður hafa verið gerðir fyrir þess hönd. Þessu eru þó settar skorður þannig, að félag tekur við skráninguna við þeim skyldum,

sem leiddu af stofnsamningi eða það hefur tekið á sig eftir stofnfund. Skyldurnar verða að leiða af stofnsamningi eða vera til komnar eftir stofnfund. Ástæðan er sú, að ekki þykir eðlilegt, að áskriftaraðilar þurfi að sætta sig við, að félag taki við öðrum skyldum en þeim, sem tekið er fram í stofnsamningi (og þar með áskriftarlistum), sem skilyrði fyrir stofnuninni eða sem stjórn sú, er áskriftaraðilar hafa sjálfir kjörið á stofnfundi, hefur undirgengist fyrir hönd félagsins. Ekki er ástæða til að taka tillit til þess, svo sem sums staðar er gert, að viðsemjandi kann að fá lakari rétt við að fá félagið sem samningsaðila í stað ótakmarkaðrar ábyrgðar þeirra, er tóku þátt í gerningnum, enda er viðsemjanda kunnugt um, að hann á skipti við hlutafélag í stofnun og öðlast því þann rétt, sem hann mátti búast við, er samningur var gerður.

3. mgr. hefur að geyma reglur um riftunarheimild samningsaðila félags og eru þær mismunandi eftir því, hvort samningsaðili var við samningsgerð grandlaus eða ekki að því er varðar skráningu félagsins. Samsvarandi ákvæði eru ekki í gildandi lögum. Með reglum þessum er leitast við að taka tillit til annars vegar þeirra hagsmuna hlutafélags að geta nýtt sér samning, sem kann að skipta sköpum um tilvist félagsins og hins vegar þeirra hagsmuna viðsemjanda félagsins að losna undan samningi, sem í ljós kemur, að gerður hefur verið við aðila, sem ekki hefur réttaraðild. Ef viðsemjandi félagsins vissi við samningsgerð, að félagið var óskráð, er tillitið til þeirra hagsmuna félagsins, að samningnum sé ekki unnt að rifta, látið ráða. Er því, undir þessum kringumstæðum, svo mælt fyrir, að samningsaðilinn geti því aðeins riftað gerningnum, að tilkynning til hlutafélagaskrár sé ekki gerð innan tilskilins frests eða um skráningu hafi verið synjað, nema annað sé um samið. Ef viðsemjandi félagsins á hinn bóginn vissi ekki, að félagið var óskráð, eru hagsmunir hans látnir sitja í fyrirrúmi. Hann getur þá riftað gerningnum, meðan félagið er óskráð. Eftir að skráning hefur farið fram, er viðsemjandinn í þeirri stöðu, sem hann hugði sig vera í við samningsgerð, þ. e. a. s. í viðskiptum við skráð hlutafélag, og kemur því ekki til álita að veita honum rétt til að losna undan samningnum eftir skráningu og í skjóli slíks réttar möguleika til þess að hagnast á kostnað félagsins.

Um III. KAFLA

Þessi kafli hefur að geyma nánari reglur um greiðslu þess hlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir, bæði við stofnun félagsins og síðari hækkanir hlutafjár. Í kaflanum eru ýmiss nýmæli, sem eiga að stuðla að því, að félagið fái fullgild verðmæti í samræmi við það, sem skráð hefur verið um hlutaféð.

Greiðsla hlutafjár getur farið fram annaðhvort að fullu í sambandi við stofnun félags eða að hluta og fer þá um greiðslu eftirstöðva samkvæmt 15. og 16. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er kveðið svo á um, að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverði hans. Regla þessi er sett til þess að koma í veg fyrir rýrnun hlutafjárins. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu, að hlutur sé greiddur hærra verði en nafnverði, en umframgreiðslan rennur þá í varasjóð, sbr. 106. gr. frumvarpsins. Regla þessi er því ekki til fyrirstöðu, að jöfnunarhlutabréf séu gefin út, enda hafa þau verðmæti, er liggja til grundvallar slíkri útgáfu, safnast í félaginu, áður en jöfnunarbréfin eru gefin út.

Í 2. mgr. er lagt bann við því, að áskrifandi hlutafjár skuldajafni kröfu, sem risin er af áskrift, við kröfu, er hann kann að eiga á hendur félaginu. Bann þetta nær aðeins til einhliða ákvörðunar áskrifanda um skuldajöfnuð. Skuldajöfnuður er hins vegar heimill, sé um hann samkomulag milli stjórnar félags og áskrifanda, þó með þeim fyrirvara, að stjórnin má ekki gefa samþykki sitt, ef skuldajöfnuður getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns. Bann við skuldajöfnuði er reist á því, að sá, sem lofað hefur hlutafjárframlagi, eigi ekki að njóta betri að-

stöðu gagnvart félaginu um greiðslu kröfu sinnar en aðrir skuldheimtumenn, ef félagið kemst í fjárþrot. Ef slíkur skuldajöfnuður væri heimill, myndu skuldheimtumenn við gjaldþrot félags missa spón úr aski sínum, þ. e. hið ógreidda hlutafjárloforð, sem ætti að koma skuldheimtumönnum félags í sameiningu til góða sem eignaþáttur í þrotabúinu, en ekki einum kröfuhafa einvörðungu. Ef allt er hins vegar með felldu um fjárhag félagsins, á skuldajöfnuður þó ekki að geta orðið til tjóns og er stjórn þá heimilt að samþykkja skuldajöfnuð. Skuldajöfnuður er félaginu og skuldheimtumönnum til tjóns, ef hann hefur þau áhrif, að möguleikar félagsins til þess að greiða öðrum skuldheimtumönnum minnka. Greiðsla ógjaldfallinnar kröfu yrði yfirleitt talin andstæð hagsmunum félagsins og skuldheimtumanna þess. Ýmsar aðrar ástæður, sem ekki verða raktar hér, geta leitt til þess, að skuldajöfnuður yrði talinn félaginu og lánardrottnum þess til tjóns. Ákvæði þessi, sem að framan er lýst, eru nýmæli.

Í 3. mgr. greinarinnar er lagt bann við því, að félag framselji eða veðsetji kröfu sína um greiðslu hlutafjár. Ennfremur er óheimilt að gera aðför í slíkri kröfu. Ákvæði þessi eru nýmæli.

Í 4. mgr. er ákvæði um ábyrgð áskrifanda á greiðslu eftirstöðva hlutarverðs, þegar hlutur, sem ekki hefur verið að fullu greiddur, er framseldur. Reglur þessar eru settar til þess að tryggja greiðslu hlutafjárins og er um nýmæli að ræða. Í þessum tilfellum ber framsalshafi ábyrgð á greiðslu eftirstöðva hlutarverðsins óskipt með framseljanda. Framsalshafi verður þó ekki ábyrgur, fyrr en hann hefur tilkynnt framsalið, sbr. 25. og 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins um tilkynningu um eigendaskipti að hlutabréfi, skráningu í hlutaskrá o. fl.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um stöðu félags gagnvart áskrifanda, sem greiðir ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga. Ákvæði um þetta efni eru í 20. gr. gildandi laga. Ákvæði þessarar greinar eru mun ýtarlegri en reglur gildandi laga og er um ýmiss nýmæli að ræða.

Í 1. mgr. greinarinnar er svo kveðið á um, að hluthafi, sem ekki greiðir tilskilið hlutafé á gjalddaga, skuli greiða vexti af skuldinni frá þeim degi, er séu jafnháir og vextir af innistæðum í almennum sparisjóðsbókum, enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins. Samningur milli stjórnar félags og áskrifanda hlutafjár um hærri eða lægri vexti, en að framan greinir, er þannig ekki bindandi. Ákvæði samþykkta, sem víkja frá þessari vaxtareglu, verða að hafa verið sett. áður en hlutafjáráskriftin fór fram. Samkvæmt 20. gr. gildandi laga skal áskrifandi svara 6% ársvöxtum af því, sem ekki er rétt greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Eðlilegra er, að vaxtagreiðslur í þessum tilfellum séu í samræmi við almennar vaxtaákvarðanir á hverjum tíma, svo sem þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Í 2. mgr. er fjallað um þau úrræði, sem stjórn félags hefur, þegar vanskil verða á greiðslu hlutafjár. Stjórninni er heimilt að grípa til tvenns konar úrræða. Hún getur annað hvort innheimt skuldina með málssókn eða afhent öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Hvora leiðina stjórnin velur ræðst af því, hvað vitað er um fjárhag áskrifanda. Liggi ljóst fyrir, að áskrifandi sé kominn í greiðslubrot, myndi stjórnin afhenda hlutinn eða hlutina öðrum. Sú regla er sett til verndar áskrifanda, að honum skal veittur fjögurra vikna frestur til þess að koma málum sínum í rétt horf, áður en hlutir eru afhentir öðrum. Eftir að frestur þessi er liðinn, getur félagið, ef áskrifandi hefur fengið bráðabirgðaskírteini afhent, krafist afhendingar þessi með beinni fógetagerð. sbr. og 22. gr. frumvarpsins um bráðabirgðaskírteini. Nauðsynlegt er að heimila beina fógetagerð við afhendingu þessa, svo að réttur félagsins hafi raunhæft gildi.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir, að reglum 15. og 16. gr. skuli beitt, ef í ljós kemur, að skuldin verði ekki innheimt, þ. e. a. s. hvorki tekst að innheimta skuldina hjá áskrifanda né að afhenda öðrum rétt til hlutar.

Um 15. gr.

Regla um greiðslu hlutafjár innan tiltekinna tímamarka er nýmæli. Lagt er til, að hlutir verði að vera greiddir að fullu innan árs frá því, að félag var skráð. Óheppilegt verður að telja, að innheimta hlutafjár sé ótímabundin. Frestur til greiðslu hlutafjár getur verið skemmri, en að framan greinir, samkvæmt ákvæðum í stofnsamningi.

Í greininni er kveðið á um afleiðingar þess, að ekki er greitt innan eins árs. Sé ekki tilkynnt á réttum tíma, að hlutafé sé að fullu greitt, skal ráðherra gefa félagi hæfilegan frest, þó eigi lengri en 6 mánuði, til að koma þessu í lag. Sé þessi frestur látinn ónotaður, skal ráðherra vísa málinu til skiptaréttar og er gert ráð fyrir, að vanræksla í þessum efnum leiði til slita félagsins.

Í þeim tilvikum, sem um ræðir í þessari grein, er ekki unnt að færa hlutafé niður um fjárhæð, er samsvarar nafnverði þeirra hluta, er ekki hafa verið greiddir.

Ef verulegur hluti hlutafjár er ekki greiddur, er litið svo á, að stofnun félagsins hafi farið út um þúfur. Þeir hluthafar, sem efnt hafa skuldbindingar sínar, geta ennfremur réttilega haldið því fram, að forsendur fyrir stofnun félagsins séu brostnar. Sé aðeins óverulegur hluti hlutafjárins ógreiddur, munu aðrir hluthafar væntanlega koma í veg fyrir slit félagsins með því að yfirtaka hina ógreiddu hluti. Þessi tiltölulega ströngu ákvæði, sem hér að framan er lýst, verður að skoða með hliðsjón af kröfu stofnreglna um, að fjárhæð hlutafjár skuli liggja ljós fyrir við stofnun, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Um 16. gr.

Grein þessi er nýmæli. Hún gerir ráð fyrir því, að sama regla gildi um frest til greiðslu hluta við hækkun hlutafjár og við stofnun félags, sbr. 15. gr., þ. e. a. s. að hlutir skuli greiddir að fullu í síðasta lagi ári eftir, að hlutafjárhækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár. Ennfremur hefur greinin að geyma ákvæði um afleiðingar þess, að reglan um greiðslu hlutafjár innan eins árs er ekki virt. Ákvæði greinarinnar um það eru nokkuð frábrugðnar ákvæðum 15. gr. um hliðstætt efni. Sé ekki tilkynnt á réttum tíma, að hinir nýju hlutir séu að fullu greiddir, skal ráðherra gefa félaginu hæfilegan frest til úrbóta, sem þó má ekki vera lengri en 3 mánuðir. Ef ekki er úr bætt innan frestsins og stjórnin hefur heldur ekki tilkynnt hlutafjárlækkun samkvæmt 41. gr., skal ráðherra láta skrá lækkun hlutafjárins, sem samsvarar nafnverði þeirra hluta, sem eigi hafa verið greiddir. Hér gildir því önnur regla en í 15. gr., en samkvæmt henni ber ráðherra að víkja málinu til skiptaréttar, þegar greiðsla hlutafjár hefur ekki verið innt af hendi að fullu og frestir látnir ónotaðir. Ráðherra er skylt að láta framkvæma hlutafjárlækkun þá, sem hér um ræðir, og hún fer því fram án þeirrar innköllunar, sem kveðið er á um í 41. gr. Til þess að ráðherra geti látið skrá hlutafjárlækkun í þessum tilfellum, þarf hann að hafa upplýsingar um, hversu stór hluti hlutafjárhækkunarinnar er ógreiddur svo og hvort síðari greiðslur hafi breytt því hlutfalli. Stjórnin verður því, þegar hún tilkynnir til hlutafélagaskrár um hlutafjárhækkun, að upplýsa, hversu mikill hluti hlutafjárhækkunarinnar er ógreiddur svo og veita upplýsingar um það í hvert sinn, sem tilkynnt er um frekari innborganir.

Um IV. KAFLA

Þessi kafli (17.—26. gr.) fjallar um hlutafé, hlutabréf og hlutaskrá. Í 20.—23. gr. gildandi laga eru ákvæði um það efni, sem hér um ræðir. Hér er lagt til, að ýmsar breytingar verði gerðar frá því, sem nú gildir. Eru hér að nokkru leyti fyllri ákvæði um þessi efni en í gildandi lögum og að nokkru nýmæli svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í 1. mgr. er tekið fram um, að í hlutafélagi skuli jafnan vera tíu hluthafar hið fæsta. Í 3. mgr. 1. gr. er mælt fyrir um, að hlutir skuli ekki vera færri en tíu. Um afleiðingar þess, að hluthafar verða færri en tíu er fjallað í 112. gr. Rétt og heppilegt þykir, að sama lágmarkstala gildi um fjölda hluthafa og stofnenda, sbr. 3. gr. Um nánari skýringar skal að öðru leyti vísað til athugasemda við þær greinar, sem vitnað er til hér að framan.

Í 2. mgr. er kveðið á um þá grundvallarreglu, að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félaginu. Frávik frá þessari reglu eru þó heimil, en slík frávik verður þá að greina í samþykktum félags ásamt nánari reglum um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé, sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár. Munur milli hlutaflokka getur verið fólginn í mismunandi ákvæðum um rétt til arðs frá félaginu, til áskriftar að nýju hlutafé við hlutafjárhækkun, til úthlutunar við félagsslit eða til atkvæðisréttar í félaginu. Varðandi mismunandi atkvæðisrétt er sú takmörkun þó gerð í 62. gr., að aukið atkvæðagildi tiltekinna hluta má ekki vera meira en tífalt atkvæðagildi annars jafn hás hlutar eða hlutafjárupphæðar. Frekari takmarkanir að þessu leyti er að finna í frumvarpinu. Skilyrðið um, að tilgreina skuli mismun milli hlutaflokka í samþykktum, er því ekki til fyrirstöðu, að hluthafar geti gert með sér samkomulag um innbyrðis stöðu sína, en slíkt samkomulag er einungis bindandi milli aðila sjálfra og fyrir skuldheimtumenn þeirra, erfingja og framsalshafa þá að hlutunum, sem ekki eru í góðri trú. Félaginu sem slíku er hvorki skylt né heimilt að taka tillit til slíkra samninga.

Forgangsréttur til áskriftar að nýju hlutafé við hækkun hlutafjár skiptir hluthafa miklu máli. Forgangsrétt hvers hlutaflokks verður að tilgreina, ekki aðeins að því er varðar áskrift hluta í nýjum hlutaflokki, heldur einnig við hækkun hlutafjár í þeim hlutaflokkum, sem fyrir eru, sbr. ennfremur 2. mgr. 28. gr., um forgangsrétt til áskriftar við hækkun hlutafjár.

Um 18. gr.

Gildandi lög hafa ekki að geyma ákvæði um það efni, sem um ræðir í þessari grein.

Greinin hefst á þeirri almennu reglu, að hluti megi selja og veðsetja, nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum hlutafélags. Þótt ekki séu um það ákvæði í settum rétti, hefur verið talið, að heimilt sé að selja og veðsetja hlutabréf, ef ákvæði laga eða samþykkta eru því ekki til fyrirstöðu.

Heimild til frjáls framsals hlutabréfa er grundvallarregla í hlutafélagarétti nútímans. Þar sem hinn einstaki hluthafi hefur almennt ekki möguleika á að krefjast slita félags, skiptir framsalsrétturinn hann miklu máli, því að í skjóli hans getur hluthafinn ráðstafað þeim verðmætum, sem í hlutnum eða hlutunum felast.

Hömlur á meðferð hluta samkvæmt ákvæðum samþykkta eru algengar í íslenskum hlutafélögum. Samkvæmt gildandi lögum ber að greina í stofnsamningi og samþykktum, hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hlutabréfa. Engin ákvæði eru hins vegar um það, hversu langt má ganga í því að takmarka meðferð hluthafa á hlutabréfum sínum með ákvæðum í samþykktum. Gildandi lög reisa því engar skorður við efni slíkra takmörkunarákvæða í samþykktum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að eftir sem áður verði unnt að setja skorður við framsali hluta með ákvæðum í félagssamþykktum. Algert frjálsræði í þessum efnum er hins vegar talið varhugavert. Ótakmarkaðir möguleikar til þess að kveða á um hömlur af þessu tagi geta leitt til mikillar misnotkunar, hvort sem hömlurnar eru fólgnar í banni við framsali hlutabréfa án samþykkis félagsstjórnar eða annarra aðila í stjórnkerfi þess eða forkaupsrétti hluthafa eða annarra. Því hefur verið talið nauðsynlegt til verndar minnihluta í hluta-

félögum að setja ákvæði um hömlur af þessu tagi í lög. Í grein þessari er því mælt svo fyrir, að í samþykktum megi aðeins ákveða, að viðskiptahömlur nái til þeirra hluta, er hljóða á nafn, og aðeins í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

Um 19. gr.

Grein þessi fjallar um forkaupsrétt hluthafa eða annarra, þegar eigendaskipti verða að hlutabréfum. Ákvæði um viðskiptahömlur af þessu tagi eru algeng í samþykktum íslenskra hlutafélaga. Í greininni er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að ákveða í samþykktum félags, að við eigendaskipti að hlutum önnur en við erfð eða búskipti, skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Skulu samþykktir þá hafa að geyma nánari reglur um þetta efni og er í greininni kveðið á um nokkur þau atriði, sem tilgreind skulu í samþykktum og felast í þeim ýmsar ófrávíkjanlegar reglur um efni samþykkta að þessu leyti.

Hlutafélögum er frjálst að ákveða í hvaða eigendaskiptatilfellum, öðrum en þeim, sem verða við erfð eða búskipti, (sala, gjöf o. s. frv.) forkaupsréttur skuli gilda svo og hverjir („hluthafar eða aðrir") skuli njóta hans. Í greininni eru aðeins settar reglur um efni og beitingu forkaupsréttarins.

Samkvæmt 1. mgr. skulu samþykktir hafa að geyma nánari reglur um forkaupsréttinn. Verður a. m. k. að tilgreina, hvenær slíkur réttur verði virkur, hverjir skuli njóta hans, röð forkaupsréttarhafa, sbr. a) lið 1. mgr., frest þann, sem forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum, sbr. b) lið 1. mgr., svo og frest til greiðslu kaupverðs, sbr. c) lið 1. mgr.

Í 1. málsl. 2. mgr er kveðið á um beitingu forkaupsréttar, þegar tilboð tekur til margra hluta. Í slíkum tilfellum er ekki unnt að beita réttinum að því, er varðar nokkra af hlutunum, nema samþykktir félags heimili slíkt sérstaklega.

Þegar beita á forkaupsrétti að hlutum er hætt við, að ágreiningur rísi um ákvörðun kaupverðs þeirra. Eru því settar reglur um það efni í greininni, sem taka bæði til þess, þegar samþykktir hafa að geyma ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og þess, þegar engar reglur eru um það í samþykktum, sbr. 2. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. greinarinnar. Að því er varðar fyrra tilvikið, er svo kveðið á um, að ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs í samþykktum sé ógilt, ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina. Sé hins vegar ekki að finna ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs í samþykktum og ekki næst samkomulag um það, er í greininni kveðið á um með hvaða hætti kaupverðið skuli ákveðið. Á heimilisvarnarþingi félagsins skulu þá dómkvaddir matsmenn, er ákveða skulu kaupverðið. Ekki eru settar reglur um það, eftir hverju matsmenn skuli fara í mati sínu, en að sjálfsögðu ber þeim að staðreyna sem gleggst verðmæti hluta með könnun á hag félagsins.

Samkvæmt gildandi lögum skal greina í stofnsamningi og samþykktum, hvort hömlur séu lagðar á meðferð hluthafa á hlutabréfum sínum. Nánari reglur um slíkar hömlur, svo sem forkaupsrétt, eru ekki í gildandi lögum. Í athugasemdum við 18. gr. er að því vikið, að gildandi lög setji engar skorður við ákvæðum samþykkta um takmörkun á meðferð hluta.

Um 20. gr.

Reglur 19. gr. um forkaupsrétt að hlutum og ákvæði þessarar greinar um samþykki eru einu hömlurnar á viðskiptum með hluti, sem heimilt verður að kveða á um í samþykktum, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Eins og áður hefur verið minnst á, sbr. athugasemdir við 18. gr., skiptir það hluthafa miklu máli að geta ráðstafað hlutum sínum og hætt þátttöku sinni í félögunum. Á hinn bóginn ber að hafa í huga þá hagsmuni hluthafa, einkum í fjölskylduhlutafélögum og öðrum slíkum lokuðum hlutafélögum, að hluthafahópurinn sé lokaður. Slíkum félögum kann að reynast afdrifaríkt, ef t. a. m. keppinautur verður

hluthafi í félaginu og getur þannig haft áhrif á starfsemi þess eða a. m. k. öðlast vitneskju um málefni félagsins, sem hann síðan getur notað því til tjóns. Ákvæði um forkaupsrétt duga ekki alltaf, t. d. ekki í þeim tilfellum, þegar hluthafa skortir fjármagn til þess að beita forkaupsréttinum við framsal eða önnur eigendaskipti til aðila utan hluthafahópsins.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er heimilt að ákveða í samþykktum, að veðsetning, sala eða annað framsal megi ekki fara fram nema með samþykki félagsins. Ákvæði um hömlur af þessu tagi eru mjög algeng í samþykktum íslenskra hlutafélaga og er oftast um hvorutveggja að ræða ákvæði um samþykki og forkaupsrétt. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt, svo sem verið hefur, að ákveða hömlur af þessu tagi í samþykktum. Reglur greinarinnar setja þó nokkrar takmarkanir fyrir því, hversu langt má ganga í þessum efnum með ákvæðum í samþykktum. Ekki er unnt að gera öll eigendaskipti að hlutum háð samþykki félagsins. Það eru einungis samningar inter vivos, er hér falla undir. Eigendaskipti fyrir erfð eða vegna aðfarar eru því undanskilin.

Séu ákvæði samþykkta orðuð á þá lund, að veðsetning, sala eða annað framsal hluta skuli háð samþykki félagsins, er stjórn félags sá aðili, sem tekur ákvörðun þar um, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Ef annar aðili en stjórn félags, svo sem hluthafafundur, á að hafa ákvörðunarvald í þessum efnum, verður að taka slíkt fram í samþykktum.

Til þess að koma í veg fyrir, að stjórn félags eða sá aðili annar, er ákvörðunarvald hefur um það, hvort samþykki skuli veita, geti dregið málið á langinn, eru í greininni ákvæði um tímatakmörk í þessum efnum svo og um tilkynningu til hluthafa um ákvörðun.

Til frekari skýringa má að öðru leyti vísa til athugasemda við 18. og 19. gr.

Um 21. gr.

Í 22. gr. gildandi laga eru talin þau atriði, sem greina skal í hlutabréfi. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru í meginatriðum áþekk fyrrnefndri grein gildandi laga, en þó er að nokkru ýtarlegar kveðið á um þetta efni.

Samkvæmt 10. tl. 6. gr. frumvarpsins skal greina í samþykktum, hvort hlutabréf skuli hljóða á nafn eða handhafa. Kveðið er á um þá meginreglu í 1. mgr., að hlutabréf skulu hljóða á nafn, ef viðskiptahömlur skulu gilda um hlutabréf samkvæmt ákvæðum samþykkta eða hluthafar skyldir til þess að þola innlausn hluta sinna. Um skyldu til útgáfu bréfa til nafngreinds aðila vegna ákvæða um viðskiptahömlur er ennfremur fjallað í 18. gr., sbr. 19. og 20. gr. Samkvæmt 11. tl. 6. gr. skal greina í samþykktum félags ákvæði um, hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.

Í gildandi lögum eru ekki bein ákvæði um skyldu til útgáfu hlutabréfa. Í 2. mgr. greinar þessarar er lagt til, að ávallt verði skylt að gefa út hlutabréf. Hlutabréf skulu útgefin eigi síðar en ári eftir, að hlutaáskriftin var skráð, en óheimilt er að afhenda þau, fyrr en skráning hefur farið fram og hluturinn er að fullu greiddur. Hér koma til sömu sjónarmið og liggja til grundvallar hinum tiltölulega ströngu ákvæðum 15. og 16. gr. um tímatakmörk til greiðslu hluta, sem áskrift hefur fengist fyrir. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. greinarinnar um, að nafnbréf megi aðeins afhenda þeim hluthafa, sem skráður er í hlutaskrá, er nýmæli. Ákvæði þetta verður að skoða með hliðsjón af 25. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að sá, sem eignast hefur nafnbréf, geti ekki beitt réttindum sem hluthafi, að undanskildum rétti til arðs og annarrar greiðslu eða rétti til nýrra hluta við hlutafjárhækkun, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína.

Í 3. og 4. mgr. eru ófrávíkjanleg ákvæði um þær lágmarksupplýsingar, sem greina skal í hlutabréfi. Er þar annars vegar um að ræða atriði, sem talin eru í

3. mgr. (1.—4. töluliður) og ávallt skulu tilgreind í hlutabréfi og hins vegar í 4. mgr. (1.—4. töluliður) atriði, sem veita skal upplýsingar um, svo fremi ákvæði hafi verið sett þar um í félagssamþykktir. Einstakir töluliðir 3. og 4. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa hér, enda er vikið að efni sumra þeirra í athugasemdum við aðrar greinar frumvarpsins.

Í 5. mgr. eru ákvæði um skyldu stjórnarmanna félags til þess að undirrita hlutabréf. Sú tilslökun er gerð frá gildandi lögum, að nægilegt er, að einn stjórnarmanna undirriti hlutabréf með eigin hendi og undirskriftir annarra séu ritaðar á vélrænan hátt.

Um 22. gr.

Ákvæði um efni það, er hér um ræðir, eru í 21. gr. gildandi laga.

Grein þessi fjallar um útgáfu bráðabirgðaskírteina, sem eru skilríki til handa áskrifendum hlutafjár, þar til unnt er að gefa út hlutabréf. Greinin er því ekki til fyrirstöðu, að bráðabirgðaskírteini séu gefin út vegna hluta, sem eru að fullu greiddir við áskrift, en skráning hefur ekki farið fram. Skírteini þessi skulu hljóða á nafn og í þeim skal taka fram, að hlutabréf verði aðeins afhent gegn afhendingu skírteinanna. Til þess að tryggja áskrifanda hlutafjár sönnur fyrir því, að greiðslur hafi farið fram, er svo mælt fyrir, að þær skulu skráðar á bráðabirgðaskírteinið, sé þess óskað.

Vægari kröfur eru gerðar varðandi undirskriftir undir bráðabirgðaskírteini heldur en hlutabréf, sbr. 21. gr. Nægilegt er, að einn stjórnarmaður, sem fengið hefur til þess sérstaka heimild stjórnar, geti undirritað bráðabirgðaskírteini.

Í 1. mgr. i. f. er almennt ákvæði um það, að reglur 21. gr. um hlutabréf skuli gilda um bráðabirgðaskírteini, og vísast til athugasemda við þá grein um nánari skýringar.

Í 2. mgr. greinarinnar eru settar reglur um, hvaða greina ber í áskriftarvottorðum þeim, sem um ræðir í 29. gr. svo og hvernig undirskriftum undir slík vottorð skuli hagað. Áskriftarvottorð þessi, sem 29. gr. fjallar um, á hver hluthafi rétt á að fá fyrir hvert hlutabréf, sem hann á, þar sem greint sé, hvers krafist er til áskriftar að nýjum hlutum.

Um 23. gr.

Í gildandi lögum er ekki sérstaklega kveðið á um, að venjulegar reglur um viðskiptabréf skuli gilda um sölu og veðsetningu hlutabréfa, en ótvírætt er, að hlutabréf eru viðskiptabréf samkvæmt íslenskum lögum. Fyrir því er lagaheimild, t. d. í 7. gr. laga nr. 18, 4. nóvember 1887, um veð. Því er ekki um breytingu að ræða frá gildandi lögum, þótt hér sé lagt til, að vísað verði til venjulegra reglna um viðskiptabréf að því er hlutabréf varðar.

Reglur um viðskiptabréf miða að því, svo sem kunnugt er, að láta bréfin veita rétt samkvæmt hljóðan þeirra, þannig að grandlaus handhafi bréfs megi treysta því, að hann hafi þann rétt, sem hann hefur ástæðu til að ætla, að bréfið veiti. Viðskipabréf eru hins vegar af ýmsu tagi og æði ólík og eru reglur þær, sem um þau gilda, því nokkuð mismunandi. Sérkennandi fyrir hlutabréf sem viðskiptabréf er t. d., að margbrotin og umfangsmikil lögskipti, þ. e. félagsskapurinn, standa að baki þeim, með ýmsum réttindum og skyldum fyrir hluthafann. Nánari reglur um viðskiptabréfsgildi hlutabréfa verða ekki raktar hér, en vísast til viðskiptabréfareglna.

Í greininni er lagt til, að hlutafélagi verði heimilt að ákveða, að reglur um viðskiptabréf skuli ekki gilda um hlutabréf, og verður þá að taka slíkt skýrt fram í hlutabréfinu. Þetta getur einkum skipt máli í smáum hlutafélögum og félögum, þar sem hluthafar eru fáir, fjölskylduhlutafélögum og slíkum lokuðum félögum.

Um 24. gr.

Ákvæði um hlutaskrá eru í 23. gr. gildandi laga. Hér eru að nokkru leyti fyllri ákvæði um hlutaskrá en í gildandi lögum og að nokkru nýmæli.

Nauðsynlegt er, að haldin sé nákvæm skrá um alla hluti í hlutafélagi. Stjórn félags ber ábyrgð á því, að hlutaskrá sé gerð og færslu hennar. Hlutaskrá skal þegar í stað gera, er félag hefur verið stofnað, þ. e. a. s. í síðasta lagi við skráningu félags. Í greininni eru settar reglur um það form, sem heimilt er að hafa hlutaskrá í, og er það nýmæli.

Í 2. mgr. er getið þeirra atriða, sem greina ber í hlutaskrá í upphafi og er í því efni greint á milli nafnbréfa og handhafabréfa.

Í 3. mgr. eru settar reglur um skráningu í hlutaskrá, þegar eigendaskipti verða að hlutum. Verði eigendaskipti að hlut, sem skráður er á nafn, skal færa nafn hins nýja eiganda í hlutaskrá, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, enda séu ákvæði 19. og 20. gr. eigendaskiptum ekki til fyrirstöðu. Gagnstætt 1. og 2. mgr. er hér ekki kveðið á um skráningarskyldu vegna eigendaskipta, en hafa verður í huga í þessu sambandi ákvæði 25. gr., sem mæla svo fyrir, að sá, sem eignast hefur hlutabréf, sem hljóðar á nafn, geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlutnum. Ef nýr eigandi að handhafahlutabréfi vill fá eigendaskiptin skráð, verður hann annað hvort að skrá nafn sitt á bréfið og breyta því þannig í nafnbréf eða láta félagið árita bréfið, að nafn eiganda hafi verið skráð, sbr. 23. gr. i. f.

Í 5. mgr. er kveðið á um, hverjir skuli hafa aðgang að hlutaskrá. Er lagt til, að aðgangur að hlutaskrá verði bundinn við hluthafa í viðkomandi hlutafélagi. Mjög er misjafnt, hversu langt löggjöf hinna ýmsu landa um hlutafélög gengur í því að heimila aðgang að hlutaskrám. Sú skipan þekkist, að öllum er heimilt að kynna sér efni hlutaskrár, og er málum t. d. þannig háttað í Svíþjóð og Bretlandi. Í dönsku hlutafélagalögunum frá 1973 er aðgangur að hlutaskrá bundinn við stjórnvöld og í vissum tilvikum fulltrúa starfsmanna. Í þessum efnum vegast á annars vegar þeir almennu hagsmunir, sem kunna að felast í því, að engin leynd hvíli yfir eignaraðild að hlutafélögum og hins vegar ósk félags og hluthafa um hið gagnstæða.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í framhaldi af ákvæðum 24. gr., um rétt og skyldu til skráningar hluta í hlutaskrá, eru í grein þessari settar reglur um áhrif slíkrar skráningar. Samkvæmt greininni getur sá, sem eignast hefur nafnbréf, ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Frá aðalreglu þessari eru gerðar undantekningar viðvíkjandi rétti til arðs eða annarrar greiðslu og rétti til nýrra hluta við hækkun hlutafjár.

Réttindi, sem eigandi nafnbréfs getur ekki beitt nema hann sé skráður í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína, eru m. a. þau, er hér greinir:

1. Réttur skv. 2. mgr. 27. gr., 2. mgr. 31. gr., 4. mgr. 68. gr. og 4. mgr. 90. gr. til aðgangs að ýmsum gögnum til athugunar fyrir hluthafa.
2. Réttur skv. 3. mgr. 60. gr. til þess að sækja hluthafafundi og taka þar til máls, réttur skv. 1. mgr. 62. gr. til að greiða atkvæði á hluthafafundum, réttur skv. 71. gr. til þess að krefjast upplýsinga.
3. Réttur skv. 65. gr. til þess að krefjast aukafundar.
4. Réttur skv. 66. gr. til þess að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi.
5. Réttur skv. 6. mgr. 70. gr. til aðgangs að fundagerðabók hluthafafunda.
6. Réttur skv. 76. gr. til að höfða mál til ógildingar á ákvörðun hluthafafundar.

7. Réttur skv. 77. og 79. gr. varðandi tilnefningu og kosningu endurskoðenda.
8. Réttur skv. 90. gr. til að krefjast sérstakrar rannsóknar.
9. Réttur skv. 131. gr. til þess að höfða skaðabótamál á hendur stofnendum, stjórnarmönnum o. fl.
10. Réttur, sem hluthafar félags njóta skv. ákvæðum félagssamþykkta.

Svo sem ráða má af upptalningu þessari og undantekningarákvæðum greinarinnar, er greint á milli beinna fjárhagslegra réttinda hluthafa gagnvart félaginu, þ. e. a.s réttar til arðs, annarrar greiðslu o. fl., og réttar hluthafa til þátttöku í stjórnun félagsins, sbr. ofangreinda töluliði. Stjórnunarréttindin ein eru háð skráningu í hlutaskrá samkvæmt greininni en bein fjárhagsréttindi ekki.

Tilgangurinn með því að leggja tilkynningu og sönnunarfærslu hluthafa um eign sína á hlut að jöfnu við skráningu í hlutaskrá er sá að koma í veg fyrir áhrif tilefnislausrar synjunar um skráningu í hlutaskrá. Ákvæðinu er ennfremur ætlað að ná til þeirra tilvika, þegar eigendaskipti verða á þeim tíma, þegar hlutabréf eða bráðabirgðaskírteini hafa ekki enn verið gefin út, sbr. 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Um 26. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli.

Réttindi þau, er hér um ræðir, eru bæði réttindi til þátttöku í stjórnun félagsins og bein fjárhagsréttindi í því, sbr. athugasemdir við 25. gr.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að hinn sameiginlegi umboðsmaður sé úr hópi eigenda að hlutnum. Að því er varðar rétt hluthafa til þess að láta umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd gilda reglur 2. mgr. 61. gr., um gildistíma umboðs og form, hvort sem umboðsmaðurinn er einn sameigendanna að hlutnum eða þriðji maður.

Um V. KAFLA

Í 24. og 25. gr. gildandi laga eru ákvæði um hækkun hlutafjár. Þau ákvæði eru ófullkomin og ber því nauðsyn til að setja ýtarlegri reglur um þessi efni. Sömu sjónarmið eiga að miklu leyti við um hækkun hlutafjár og stofnun félags. Ákvæðin um hækkun hlutafjár miða þannig einkum að því að tryggja, að félagið fái raunveruleg verðmæti sem greiðslu á hlutum svo og, að væntanlegir áskrifendur að nýju hlutafé eigi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um hag félagsins, áður en þeir taka ákvörðun um áskrift. Við hækkun hlutafjár þarf ennfremur að gæta hagsmuna eldri hluthafa og eru því settar reglur, sem ætlað er að tryggja hag þeirra.

Hækkun hlutafjár getur verið fólgin í áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta og verður nánar vikið að því í athugasemdum við einstakar greinar kaflans.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, að hækkun hlutafjár geti farið fram með tvenns konar hætti. Annars vegar með áskrift nýrra hluta, sem áskrifendur skulu greiða fyrir, og hins vegar án þess að nokur greiðsla sé innt af hendi, þ. e. með útgáfu jöfnunarhluta. Ákvæði 27.—29. gr. eiga við um hækkun hlutafjár bæði með áskrift nýrra hluta og útgáfu jöfnunarhluta. Ákvæði 30.—36. gr. gilda hins vegar einvörðungu um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta og ákvæði 37.—38. gr. aðeins, þegar hlutafjárhækkun fer fram með útgáfu jöfnunarhluta.

Í greininni er mælt svo fyrir, að ákvörðun um hækkun hlutafjár heyri undir hluthafafund. Frávik frá meginreglu þessari er að finna í 35. gr., sem kveður svo á um að heimila megi stjórn að hækka hlutaféð samkvæmt ákvæðum í samþykktum.

Ákvörðun um hækkun hlutafjár hefur í för með sér breytingu á samþykktum og verður því að gæta ákvæða 73. gr. og hugsanlega 74. gr.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er óheimilt að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár, fyrr en félag hefur verið skráð. Rök fyrir ákvæði þessu eru þau, að nauðsynlegt er, að upphæð hlutafjár liggi sem ljósast fyrir við stofnun og skráningu félags.

Ákvæði þetta brýtur ekki í bága við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins, þar eð líta verður á hlutafjárhækkun þá, sem þar um ræðir, sem stofnatriði, sem ekki er unnt að breyta, nema með samþykki allra stofnenda og áskrifenda.

Í 2. mgr. er vísað til ákvæða 4. mgr. 68. gr. varðandi framlagningu tillögu um hlutafjárhækkun til athugunar fyrir hluthafa og samkvæmt því ber að leggja slíka tillögu fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis viku fyrir hluthafafund hið skemmsta og samtímis senda hana sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess hefur óskað.

Þegar reikningar síðasta reikningsárs eru ekki til umræðu á hluthafafundi, þar sem fjalla skal um tillögu um hækkun hlutafjár, þ. e. a. s. þegar hlutafjárhækkun er til meðferðar á aukafundi, skal leggja fram þau gögn, sem greind eru í a)—c) lið 2. mgr. og veita eiga upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins. Er þar um að ræða eftirrit reikninga síðasta reikningsárs, skýrslu stjórnar um atriði, er skipta verulegu máli um fjárhagsstöðu félagsins frá gerð síðustu reikninga og umsögn endurskoðanda um framangreinda skýrslu stjórnar. Ekkert er því til fyrirstöðu, að ákvörðun um hlutafjárhækkun sé tekin á aukafundi og er ákvæðum b) og c) liðs um upplýsingaskyldu stjórnar og umsögn endurskoðanda þá ætlað að tryggja, að upplýsingar liggi fyrir um mikilvæg atriði varðandi fjárhagsstöðu félagsins, sem breyst kunna að hafa, eftir að reikningar voru gerðir. Í skýrslu stjórnar ber ekki aðeins að veita upplýsingar um atriði, sem hafa beint bókhaldslegt gildi, heldur einnig um breytt atvik, er skipt geta máli um fjárhagslega stöðu félagsins, þegar litið er til lengri tíma, svo sem verðlags- og markaðsbreytingar.

Um 28. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu, að hluthafar skuli við hækkun hlutafjár eiga rétt til áskrifta að nýjum hlutum í hlutfalli við hlutaeign sína. Regla þessi er reist á þeim sjónarmiðum, að rétt sé og eðlilegt, að fyrri hluthafar haldi hlutdeild sinni í heildarhlutafjáreign félags hlutfallslega, þótt nýjum hlutum sé bætt við og þar með aðstöðu sinni og áhrifum í félaginu. Þá verður ennfremur að telja rétt, að eldri hluthafar njóti forgangs til þess hagnaðar, sem útgáfa nýrra hluta getur veitt, ef fjárhagur félags er góður.

Framangreind meginregla er þó frávíkjanleg á þann veg, að samkvæmt 4. mgr. er hluthafafundi heimilt að víkja frá henni með þeim atkvæðameirihluta, sem þarf til breytinga á samþykktum og greindur er í 73. gr. Samkvæmt því þarf samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, til þess að frávik frá meginreglunni um forgangsrétt eldri hluthafa sé gilt. Auk þessa atkvæðameirihluta þarf ákvörðun að öðru leyti að uppfylla frekari fyrirmæli, er félagssamþykktir kunna að kveða á um. Ljóst er því, að forgangsréttur til áskriftar að nýjum hlutum er ekki í eðli sínu réttur hvers hluthafa fyrir sig og óskerðanlegur nema samþykki allra komi til. Hins vegar gæti komið til kasta 3. mgr. 74. gr. og 75. gr., ef aðeins á að skerða forgangsrétt sumra hluthafa.

Samkvæmt 2. mgr. er unnt að ákveða fyrirfram með ákvæðum í samþykktum, að einungis sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar.

Sérreglu er að finna í 3. mgr. um þau tilvik, þegar fleiri en einn hlutaflokkur er í hlutafélagi. Skal þá beita reglum samþykkta um innbyrðis áskriftarrétt flokkanna og er vísað til 17. gr., sem m. a. kveður á um að taka skuli fram um mun milli hlutaflokka í samþykktum, þ. á m. um rétt til áskriftar að nýju hlutafé.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Markmið þeirra er að tryggja, að hluthafar geti notfært sér forgangsrétt sinn til áskriftar að nýjum hlutum við hækkun hlutafjár eða hlutdeildar í útgáfu jöfn-

unarhluta. Því er lagt til í greininni, að hver hluthafi skuli eiga rétt á því að fá áskriftarvottorð fyrir hvert hlutabréf, sem hann á, þar sem greint sé, hvers krafist er til áskriftar að nýjum hlutum eða jöfnunarhlutum við hækkun hlutafjár.

Hér er ekki mælt fyrir um fortakslausa skyldu til útgáfu áskriftarvottorða, þannig að félaginu beri af eigin frumkvæði að láta í té áskriftarvottorð fyrir hvern hlut í því, heldur er hér einungis um að ræða rétt fyrir hluthafa til að krefjast þessara skilríkja. Hluthafa kann að vera þörf á áskriftarvottorði fyrir hvern hlut t. d., ef hann hyggst framselja hluta af áskriftarrétti sínum.

Í 2. mgr. greinarinnar eru ákvæði, sem ætlað er að tryggja það, að réttur aðili beiti áskriftarréttinum.. Samkvæmt þeim skal framvísa hlutabréfum við útgáfu áskriftarvottorða og árita þau um útgáfuna. Ennfremur skal rita á hlutabréf um áskrift, þegar áskrift er gerð að hlutafjárauka eða jöfnunarbréf gefin út án þess, að notað sé áskriftarvottorð.

Um 30. gr.

Í grein þessari er fjallað um þau atriði, sem geta ber í ákvörðun um hækkun hlutafjár. Greinin nær einungis til þeirrar hlutafjárhækkunar, sem fer fram með áskrift nýrra hluta. Í 37. gr. er kveðið á um, hvað greina skuli í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta.

Í 1.—7. tl. 1. mgr. eru rakin þau atriði varðandi hina nýju hluti, sem í sérhverri ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal veita upplýsingar um, þ. e. a. s. um er að ræða lágmarksupplýsingar. Upplýsingar um það efni, er getur í 2. mgr., þarf því aðeins að hafa í ákvörðuninni, að hömlur þær, sem þar um ræðir, eigi að gilda um hina nýju hluti.

Um einstök atriði greinarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

1. tl. Fjárhæð hækkunarinnar skal annað hvort ákveðin með tiltekinni upphæð eða innan tiltekinna marka.

2. tl. Um hlutaflokka sjá 17. gr. Ef mynda á nýja hlutaflokka í félaginu, verður að greina sérreglur þær, sem um þá skulu gilda.

3. tl. Um forgangsrétt hluthafa sjá 28. gr.

4. tl. Lengd áskriftarfrests takmarkast af ákvæðum 2. mgr. 34. gr., sem fjallar um tilkynningu til hlutafélagaskrár um ákvörðun um hlutafjárhækkun.

5. tl. Viðvíkjandi þessum tölulið skal bent á 16. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að við hækkun hlutafjár skuli hlutir greiddir að fullu í síðasta lagi ári eftir, að hækkunin hefur verið tilkynnt hlutafélagaskrá, en samkvæmt 2. mgr. 34. gr. skal minnst fjórðungur hlutafjáraukans vera greiddur, áður en tilkynning er gerð til hlutafélagaskrár og skal tilkynna samkvæmt síðastnefndu ákvæði innan árs frá því, að ákvörðun um hlutafjárhækkun var tekin.

6. tl. Minnt skal á ákvæði 1. mgr. 13. gr. um, að greiðsla hlutar megi ekki vera lægri en nafnverð hans.

7. tl. Um það, hvenær hlutir verði að hljóða á nafn, sjá 18.—21. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um viðskiptahömlur og innlausnarskyldu á hinum nýju hlutum. Í ákvörðun um hlutafjárhækkunina þarf því aðeins að taka fram um þetta, ef hömlur þessar og takmarkanir eiga að gilda um hina nýju hluti.

Í 3. mgr. er fjallað um það, hvenær hlutafjárhækkun skal teljast komin til framkvæmda í þeim skilningi, að áskrifandi geti beitt réttindum sínum sem hluthafi í félaginu. Lagt er til, að réttindanautn þessi miðist við skráningardag hlutafjárhækkunarinnar, en jafnframt verði heimilt að víkja frá þessari reglu í samþykkt hluthafafundar um hækkunina. Hluthafafundur getur því í ákvörðun sinni látið réttindi þessi koma til framkvæmda fyrr eða síðar en framangreind meginregla segir til um.

Um 31. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli.

Aðalákvæðin um efni það, er greina ber í ákvörðun um hækkun hlutafjár, eru í 30. gr.

Í þessari grein er hins vegar mælt svo fyrir, að ákvörðun um hækkun hlutafjár skuli, auk þeirra atriða, sem talin eru í 30. gr., hafa að geyma sérstakar reglur um greiðslu hinna nýju hluta, ef ætlunin er, að þá megi greiða á annan hátt en með reiðufé eða ef áskrifandi má skuldajafna kröfu þeirri, sem af áskriftinni er risin, við kröfu, sem hann kann að eiga á hendur félaginu. Ákvæði þessu er ætlað að vernda hagsmuni hluthafa með því að koma í veg fyrir, að félagsstjórn hafi óbundnar hendur við ákvörðun á greiðslufyrirkomulagi hinna nýju hluta. Í síðari málsl. 1. mgr. er kveðið svo á, að ákvæði 5. gr. skuli gilda, ef ákveðið er við hlutafjárhækkun, að hina nýju hluti megi greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé. Gilda því sömu reglur um þetta efni við hækkun hlutafjár og við stofnun félags. Skal því m. a. gera grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess, að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við svo og leggja fram reikninga og önnur gögn, ef taka á við fyrirtæki í rekstri. Vísun greinarinnar til 5. gr. hefur ennfremur í för með sér, að ákvæði 4. mgr. 5. gr. um ógilda samninga eiga við um samninga, sem ekki hljóta staðfestingu hluthafafundar í sambandi við hækkun hlutafjár. Til nánari upplýsinga um þessi efni má að öðru leyti vísa til 5. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

Rétt er að vekja athygli á því, að stundum kann að leika vafi á, hvort líta beri á, að greiðsla sé innt af hendi með skuldajöfnuði annars vegar eða í reiðufé eða öðrum verðmætum hins vegar. Á hinn bóginn er ekki vandkvæðum bundið að greina á milli greiðslna í reiðufé annars vegar og öðrum verðmætum hins vegar.

Til þess að auðvelda hluthöfum að taka afstöðu til hækkunar hlutafjár, sem greiða á í öðrum verðmætum en reiðufé eða með skuldajöfnuði, er svo mælt fyrir í 2. mgr. greinarinnar, að löggiltur endurskoðandi skuli gefa skýrslu um þau atriði, sem um ræðir í 1. mgr. og vikið hefur verið að hér að framan, þ. á m. skal endurskoðandinn sérstaklega greina, hvort skuldajöfnuður eða greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé sé eðlileg. Ákvæði síðari málsl. 2. mgr. um framlagningu skýrslu endurskoðanda og annarra skjala miða að því, að gefa hluthöfum tóm til að kynna sér málið og gera upp hug sinn í þessum efnum fyrir hluthafafund.

Um 32. gr.

Í 32.—34. gr. eru settar reglur um áskrift að nýjum hlutum við hækkun hlutafjár og er hér ýmist um ný eða fyllri ákvæði að ræða en nú eru í lögum. Áskrift að nýjum hlutum er formbundin hliðstætt og gildir við stofnun félags.

Aðalreglan er sú samkvæmt 1. mgr., að áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem félagsstjórn gerir og undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundarins um hlutafjárhækkun og geta þær upplýsingar annað hvort verið sjálfstæð greinargerð eða í formi endurrits úr gerðabók hluthafafundar. Samkvæmt þessu skal áskriftarskrá hafa að geyma upplýsingar um þau efni, er greinir í 30. og 31. gr., sbr. og 5. gr. Til frekari upplýsinga fyrir áskrifendur að hinum nýju hlutum er í 1. mgr. mælt fyrir um framlagningu nokkurra gagna við áskrift. Er þar um að ræða samþykktir félags og gögn þau, er greinir í 2. mgr. 27. gr., þ. e. a. s. eftirrit reikninga síðasta reikningsárs, skýrslu stjórnar um atriði, er verulegu máli skipta um fjárhagsstöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir gerð reikninga og umsögn endurskoðanda um fyrrnefnda skýrslu stjórnar. Ef greiðsla hlutafjárins lýtur ákvæðum 1. mgr. 31. gr. skal leggja fram við áskriftina gögn þau, er um ræðir í 2. mgr. 31. gr., þ. e. a. s. skýrslu löggilts endurskoðanda um tiltekin atriði og skjöl þar að lútandi.

Í 2. mgr. er heimild til þess að víkja frá aðalreglu 1. mgr., að áskrift nýrra hluta skuli gerð á áskriftarskrá, og einfaldri aðferð höfð við áskrift að því þó til-

skildu, að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Frávikið er fólgið í því, að áskrift má fara fram með skráningu í gerðabók fundarins og skilyrðin fyrir heimild til slíks eru þau, að áskrift þeirra, sem samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins hafa rétt til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutum, fáist á hluthafafundinum að öllum hlutum. Í þessum tilfellum er því unnt að nota gerðabók fundarins sem áskriftarskrá.

Um 33. gr.

Í þessari grein er fjallað um afleiðingar þess, að fyrirmælum í 32. gr. um form og aðferð við áskrift er ekki fylgt eða áskrift er gerð með fyrirvara. Greinin kveður svo á um, að beitt skuli reglum 7. gr. í þessum tilfellum, en sú grein fjallar m. a. um það, hvernig með skuli fara, ef út af þeim reglum er brugðið, sem settar eru um áskrift að hlutum í sambandi við stofnun félags. Vísast um þetta efni til 7. gr. og athugasemda við hana.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í 1. tl. 1. mgr. 30. gr. er mælt svo fyrir, að tilgreina skuli fjárhæð hlutafjáraukans í ákvörðun um hækkun hlutafjár og samkvæmt 4. tl. 1. mgr. sömu greinar ber að taka fram um áskriftarfrest í ákvörðuninni. Í frumvarpinu er lengd áskriftarfrests settar ákveðnar skorður. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 30. gr. má fresturinn ekki vera skemmri en tvær vikur og með ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar, um tilkynningu til hlutafélagaskrár um ákvörðun um hlutafjárhækkun innan árs, er fresturinn takmarkaður á hinn veginn. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um, hversu með skuli fara, ef áskrift hefur ekki fengist að því lágmarki hlutafjárauka, sem ákveðið hefur verið, áður en áskriftarfresturinn er liðinn. Afleiðingin er sú, að ákvörðunin um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa, sem þegar hafa skráð sig fyrir hlutum, falla niður. Eftir að áskrift að hlutafjárauka er hafin, er ekki gerlegt að breyta lágmarksfjárhæð eða áskriftarfresti. Til þess að gera slíkar breytingar er ekki um annað að ræða en hefjast handa að nýju með nýrri ákvörðun um hækkun hlutafjár.

Eftir að áskriftarfrestur er liðinn, kann svo að fara, að stjórn félags neiti að samþykkja svo mikinn hluta þeirrar fjárhæðar, sem áskrift hefur fengist fyrir, að það, sem skráð hefur verið og samþykkt, er lægra en hin ákveðna lágmarksfjárhæð hlutafjáraukans. Slík tilfelli falla undir ákvæði 1. mgr.

Ef hlutafjárhækkun fer út um þúfur þannig að beita verður ákvæðum 1. mgr., sem að framan er lýst, verður að sjálfsögðu að endurgreiða það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna reglur um tilkynningu til hlutafélagaskrár um hlutafjárhækkun og eru þær reglur áþekkar ákvæðum 11. gr., um tilkynningu félags til skráningar. Þegar áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjáraukans innan áskriftarfrestsins, hefur hlutafjárhækkunin heppnast að því leyti, að ekki kemur til kasta ákvæða 1. mgr. Er þá stjórn félags skylt að tilkynna hlutafélagaskrá um hlutafjárupphæð þá, sem skráð hefur verið og stjórnin hefur samþykkt og ekki er ómerkt samkvæmt ákvæðum 16. gr. Tilkynning þessi getur þó ekki farið fram, fyrr en minnst fjórðungur hlutafjáraukans hefur verið greiddur og skal í tilkynningunni greina þá fjárhæð, sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina. Þegar skilyrði eru fyrir því, að tilkynning geti farið fram, svo sem að framan er lýst, kemur til kasta ákvæða 145. gr., um að tilkynna skuli breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, innan mánaðar. Upphaf þessa mánaðarfrests telst frá því tímamarki, er áðurnefnt innborgunarskilyrði er uppfyllt. Þess er ekki krafist, að fjórðungur hvers hlutar um sig sé greiddur, heldur er nægilegt, að greiðsla fjórðungs af heildarfjárhæðinni hafi farið fram, sbr. um hliðstæð atriði í 11. gr. og athugasemdum við hana. Vegna ákvæða 16. gr. um skyldu ráðherra til að láta skrá lækkun hlutafjár verður hins vegar að taka fram í tilkynningunni um innborgun á hvern hlut.

Ákvæði síðari málsl. 2. mgr. um, að reglur 1. mgr. skuli eiga við, ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan árs frá því, að ákvörðun var tekin, fela í sér skorður við því, hversu langur greiðslufrestur lágmarks hlutafjáraukans (fjórðungs) má vera. Ef greiðslufresturinn er ákveðinn lengri en 11 mánuðir, skerðist tilkynningafresturinn skv. 145. gr. tilsvarandi.

Reglur um greiðslu hlutafjár að öðru leyti og um afleiðingar þess, ef út af þeim er brugðið, er að finna í III. kafla frumvarpsins. Auk framangreinds ákvæðis um áhrif þess, að tilkynning er ekki gerð innan árs, er svo kveðið á um í síðari málsl. 2. mgr., að reglur 1. mgr. skuli eiga við, ef skráningu er synjað. Rétt er að benda á að líta verður á ákvæði 2. mgr. greinar þessarar með hliðsjón af 16. gr., sem hefur að geyma reglur um greiðslu hluta við hækkun hlutafjár að fullu, og tilkynningar þar um.

Um 35. gr.

Grein þessi fjallar um heimild stjórnar til þess að hækka hlutaféð. Í 24. gr. gildandi laga er fjallað um þetta efni og er þar kveðið svo á um, að hluthafafundur geti heimilað stjórninni að hækka hlutaféð svo og að stjórn sé heimilt að bjóða út hlutafjárauka að áskildu samþykki hluthafafundar. Heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár er því með tvennum hætti samkvæmt gildandi lögum. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til, að breyting verði gerð frá gildandi lögum á þá lund, að stjórn geti því aðeins hækkað hlutaféð með áskrift nýrra hluta, að hún hafi til þess sérstaka heimild samkvæmt ákvæðum samþykkta. Segja má, að stjórnin hafi samkvæmt þessari skipan nokkuð rýmri hendur um hækkun hlutafjár en samkvæmt gildandi lögum að því leyti, að ekki þarf samþykki hluthafafundar til að koma hvorki fyrirfram né eftir á. Heimild stjórnar samkvæmt greininnni til hækkunar hlutafjár byggist alfarið á ákvæðum samþykkta um það svo sem áður getur.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er lagt til, að heimilt verði að hafa fulltrúanefnd í hlutafélögum.

Fulltrúanefndir þekkjast víða, m. a. á Norðurlöndum, en mjög misjafnt er eftir löndum, hversu algengt þetta form er. Í Svíþjóð eru ekki fulltrúanefndir og í Danmörku hafa þær ekki miklu hlutverki að gegna. Vegur fulltrúanefnda er hins vegar meiri í Noregi og Finnlandi og skipa þær þar all mikilvægan sess í skipulagi hlutafélaga. Það sem einkum mælir á móti fulltrúanefndum er, að valda- og ábyrgðarskipting í hlutafélögum kann við það að verða óskýr og komið getur til árekstra milli félagsstjórnar og fulltrúanefndar, félagi til tjóns. Kostir við slíka nefnd eru hins vegar ýmsir. Í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru margir og smáir, getur verið mjög heppilegt að hafa fulltrúanefnd, er starfar sem fastanefnd hluthafa og getur komið á framfæri óskum og hagsmunamálum þeirra. Ef áhugi er á, að starfsmenn eigi fulltrúa í fulltrúanefnd og taki með því móti þátt í stjórn félags, eru samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. greinarinnar möguleikar til að koma slíku við með ákvæðum í samþykktum.

Með tilliti til þeirra kosta, sem geta fylgt því að hafa fulltrúanefnd og að nokkru er lýst hér að framan, þykir rétt að leggja til, að hlutafélögum verði heimilt að koma slíkum nefndum á fót.

Samkvæmt 1. mgr. má því ákveða í félagssamþykktum, að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd. Ekki er því mælt fyrir um neina skyldu til að kjósa fulltrúanefnd, heldur er það látið ráðast af ákvæðum samþykkta.

Kjör fulltrúanefndar heyrir undir hluthafafund sem aðalregla, en ákveða má í samþykktum, að einn eða fleiri fulltrúanefndarmenn skuli tilnefndir með öðrum hætti. Þó skal meirihluti þeirra ætíð kjörinn af hluthafafundi. Er þetta hliðstætt reglu þeirri, sem lagt er til í 2. mgr. 44. gr. gr., að sett verði um kjör og tilnefningu stjórnar.

Samkvæmt 2. mgr. skulu minnst fimm menn eiga sæti í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd. Sama gildir um varamenn stjórnarmanna, sbr. 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. frumvarpsins má endurskoðandi hlutafélags ekki vera í fulltrúanefnd þess. Um skilyrði til þess að geta verið í fulltrúanefnd gilda sömu reglur og um stjórnarmenn, þar sem 4. mgr. vísar til þeirra ákvæða, sem um stjórnarmenn gilda.

Í 3. mgr. er fjallað um hlutverk fulltrúanefndar. Felst það í því að hafa eftirlit með því, hvernig félagstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins. Í samræmi við þetta hlutverk er fulltrúanefnd samkvæmt 65. gr. frumvarpsins veitt heimild til að krefjast aukafundar. Auk þess að vera eftirlitsaðili skal fulltrúanefnd láta aðalfundi í té umsögn um, hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Lengra nær verksvið fulltrúanefndar ekki samkvæmt beinum ákvæðum greinarinnar. Hins vegar veitir greinin heimild til þess að ákveða verksvið fulltrúanefndar heldur rýmra, en að framan getur, með ákvæðum í samþykktum og er tæmandi talið, hversu langt má ganga í þeim efnum.

Eftirtalin verkefni má fela fulltrúanefnd með ákvæðum í félagssamþykktum:

a) Ákveða má, að félagsstjórn skuli, svo sem frekast er kostur, tilkynna fulltrúanefndinni fyrirfram um tilteknar ráðstafanir, sem ekki falla undir hinn daglega rekstur.
b) Ákveða má, að kjör stjórnar og ákvörðun á þóknun stjórnarmanna sé á valdi fulltrúanefndar.

Ekki er að finna í greininni ákvæði um efni og umfang þeirrar eftirlitsskyldu, sem ætluð er fulltrúanefnd samkvæmt grein þessari. Nánari reglur um það verður að greina í samþykktum, en gæta þarf þess, að með slíkum ákvæðum sé ekki gengið inn á svið, sem lögð eru undir hluthafafund, félagsstjórn og framkvæmdastjóra samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið svo á, að tiltekin ákvæði frumvarpsins um félagsstjórn og stjórnarmenn skuli gilda um fulltrúanefndarmenn, eftir því sem við á.

Um 55. gr.

Grein þessi fjallar um rétt til þess að rita firma hlutafélags. Ákvæði greinarinnar eru mun ýtarlegri en ákvæði 32. gr. gildandi laga, er fjalla um hliðstætt efni. Í rétti til ritunar firma felst réttur til þess að koma fram fyrir hönd félags við samninga og aðra löggerninga svo og gagnvart dómstólum og stjórnvöldum. Ákvæði þessarar greinar verður að skoða með hliðsjón af ákvæðum 58. gr. frumvarpsins, sem fjallar um áhrif þess, þegar sá, sem hefur rétt til ritunar firma eða stöðuumboð sem framkvæmdastjóri, fer út fyrir heimild sína.

Í 1. mgr. greinarinnar kveðið á um þá meginreglu, að félagsstjórn komi fram fyrir hönd félags og riti firma þess.

Í 2. mgr. er stjórn félags veitt heimild til þess að framselja réttinn til þess að rita firma félagsins og er í þeim efnum ekki bundin við stjórnarmenn, svo sem núgildandi lög virðast gera ráð fyrir, heldur getur hún veitt hverjum sem er rétt til þess að rita firma félagsins, svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum og hæfisskilyrði eru uppfyllt.

Settar eru reglur um það í 3. mgr. með hvaða hætti takmarka megi ritunarréttinn. Eina takmörkunin á ritunarrétti, sem unnt er að fá skráða, er að fleiri en einn

skuli fara með hann í sameiningu. Það er því ekki unnt að fá skráða takmörkun, sem bindur ritunarréttinn efnislega, t. d. þannig að hann skuli ekki ná til ákveðinna tegunda löggerninga. Félagsstjórn getur gefið fyrirmæli um, að ritunarrétt megi ekki nota með tilteknum hætti, þótt sú takmörkun fáist ekki skráð samkvæmt framansögðu, en fráviki frá slíkum fyrirmælum er hins vegar ekki unnt að halda fram gagnvart grandlausum þriðja manni, sbr. 58. gr. frumvarpsins.

Um 56. gr.

Grein þessi hefur að geyma ákvæði um stöðuumboð framkvæmdastjóra. Rétt þykir, að tekið sé fram, að framkvæmdastjóri geti komið fram fyrir hönd félagsins í málum, sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 49. gr. án tillits til þess, hvernig ritunarrétti er háttað í félaginu.

Um 57. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í greininni er annars vegar lagt til, að lögfest verði sú meginregla, að félagsstjórn, framkvæmdastjóra og öðrum þeim, er heimild hafa til þess að koma fyrir hönd félagsins, beri að gæta hagsmuna allra hluthafa félags innan marka frumvarpsins og hins vegar er lagt til, að settar verði reglur um það, hvernig fyrrnefndir aðilar skuli bera sig varðandi framkvæmd ákvarðana hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félags, ef ákvarðanirnar eru ógildar sökum þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

Fyrri reglan er orðuð í 1. mgr. og er svo mælt fyrir, að félagsstjórn, framkvæmdastjóri eða aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, megi ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Hliðstætt ákvæði um hluthafafund er að finna í 75. gr. frumvarpsins. Þótt telja megi, að meginreglu um þetta sé unnt að leiða af almennum grundvallarreglum félagaréttar, þykir samt sem áður rétt að leggja til, að slík regla verði lögfest.

Kveðið er á um síðari regluna í 2. mgr. greinarinnar og samkvæmt henni mega félagsstjórn og framkvæmdastjóri ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins, ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir. Í þessu sambandi verður að hafa í huga ákvæði 76. gr. frumvarpsins um, að ákvarðanir hluthafafundar, með ýmsum undantekningum þó, sem teknar hafa verið með ólögmætum hætti eða brjóta í bága við ákvæði frumvarpsins eða félagssamþykktir, öðlist samt sem áður gildi, ef mál til ógildingar er ekki höfðað innan tilskilins frests.

Um 58. gr.

Greinin fjallar um gildi löggerninga, þegar svo er ástatt, að sá, sem kemur fram fyrir hönd félagsins skv. ákvæðum 55. og 56. gr., hefur farið út fyrir heimild sína. Löggerningur, sem gerður er við slíkar aðstæður, er óskuldbindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

Um 59. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Þeirri reglu er fylgt, að sá aðili, er kýs eða ræður menn til þeirra starfa í þágu hlutafélags, er upp eru talin í greininni, ákveði jafnframt laun þeirra og starfskjör.

Um IX. KAFLA

Í þessum kafla (60.—76. gr.) eru mörg mikilvæg nýmæli og breytingar frá gildandi lögum.

Ýmiss ákvæði kaflans miða að því að auka eða afmarka réttindi hinna einstöku hluthafa. Í því sambandi má benda á 61. gr. (réttur hluthafa til að láta umboðsmann sækja fund og sækja fund ásamt ráðgjafa), 71. gr. (réttur til að krefjast upplýsinga á hluthafafundi), 1. mgr. 74. gr. (breytingar á samþykktum, sem samþykki allra hluthafa þarf til), 75. gr. (skorður settar við misbeitingu meirihluta hluthafa á valdi sínu) og 76. gr. (auknir möguleikar til málshöfðunar á hendur félagsstjórn til ógildingar á ákvörðunum hluthafafunda).

Í 2. mgr. 64. gr. og 65. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja minnihluta hluthafa ákveðna vernd, en mikilvægustu reglurnar um vernd minnihlutans eru hins vegar í öðrum köflum frumvarpsins.

Gildandi lög eru fáorð um boðun til hluthafafunda, fundarboð, dagskrá, stjórn fundanna o. þ. h. og er því lagt til, að all ýtarlegar reglur verði settar um þessi efni, sbr. 67.—70. gr.

Af mikilsverðum nýmælum og breytingum að öðru leyti í þessum kafla skal sérstaklega bent á 62. gr. (atkvæðisréttur), 64. gr. (aðalfundur), 66. gr. (réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið fyrir á hluthafafundi), 73. og 74. gr. (breytingar á félagssamþykktum).

Um 60. gr.

Í 1. mgr. er tekið upp óbreytt ákvæði 1. mgr. 30. gr. gildandi laga um vald hluthafafundar. Hluthafafundir fara með æðsta vald í málefnum hlutafélags með þeim hætti, sem lög og samþykktir þess ákveða. Þeir eru annað hvort aðalfundir, sbr. 64. gr., eða aukafundir, sbr. 65. gr.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir, að hluthafar fari með ákvörðunarvald sitt í málefnum félags á hluthafafundum. Hluthafar fara því með æðsta vald í málefnum hlutafélags með þátttöku í fundum þessum. Hluthafafundir eru jafnframt eini vettvangurinn, þar sem hluthafar geta beitt ákvörðunarvaldi sínu. Þeir hafa því ekki lagalega rétt til þess að hafa áhrif á starfsemi félagsins með því að snúa sér til stjórnar eða framkvæmdastjóra með fyrirmæli utan hluthafafunda. Ákvæði þetta er því þó ekki til fyrirstöðu, að einstakir hluthafar eða minnihluti hluthafa fari með tilteknar heimildir utan hluthafafunda, sbr. t. d. 66. gr., 67. gr., 2. málsl. 2. mgr. 77. gr., 1. mgr. 90. gr., 2. mgr. 131. gr.

Að því er varðar ofannefnda meginreglu um æðsta vald í málefnum hlutafélags gildir hún, sé ekki í lögum ákveðið eða gert ráð fyrir, að vald skuli að öllu leyti vera í höndum annars stjórnaraðila félags.

Í 3. mgr. er veitt heimild til þess að ákveða í samþykktum, að hluthafi verði að tilkynna þátttöku sína í hluthafafundi innan ákveðins tíma fyrir fund, ef hann vill tryggja sér rétt til fundarsetu. Þau takmörk eru þó sett fyrir tilkynningafresti þessum, að fyrr má hann ekki renna út, en þrír sólarhringar eru til fundar. Ákvæði þessu er ætlað að veita stjórn möguleika á hæfilegum tíma fyrir hluthafafund til undirbúnings hans.

Um 61. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í greininni er annars vegar lagt til, að hluthöfum verði heimilt að láta umboðsmenn sækja hluthafafundi fyrir sína hönd og hins vegar, að hluthafar megi sækja fundi ásamt ráðgjafa.

Þótt í reynd tíðkist að líkindum talsvert, að hluthafar hafi rétt til þess að láta umboðsmenn sækja fundi, er þó ávallt unnt að takmarka eða afnema slíkan rétt með ákvæðum í félagssamþykktum. Því þykir nauðsynlegt að kveða á um þennan rétt hluthöfum til handa í frumvarpinu. Í þessu sambandi ber, eins og áður, að líta

á lögákveðna umboðsmenn hluthafa, svo sem lögráðamenn, stjórnendur opinberra stofnana eða stjórnarmenn og framkvæmdastjóra annarra hlutafélaga, sem hluthafa en ekki sem umboðsmenn. Engar skorður eru settar við vali hluthafa á umboðsmönnum svo sem skilyrði um, að þeir verði að vera úr hópi annarra hluthafa, enda eru slíkar takmarkanir óheppilegar og geta gert þennan rétt lítils virði. Því hefur stefnan víðast verið sú að hverfa frá takmörkunum í þessum efnum, þar sem þær hafa verið í gildi, og taka upp frjálst umboðsmannaval. Telja má víst, að hluthöfum sé oft nauðsyn á sérfræðilegri ráðgjöf við að halda fram sjónarmiðum sínum á hluthafafundum og því er lagt til, að þeim verði tryggður réttur til slíks í frumvarpinu.

Rétt hluthafa til þess að sækja fund ásamt ráðgjafa verður ekki unnt að skerða með ákvæðum í samþykktum frekar en rétt til að láta umboðsmann sækja fund, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í 2. mgr. eru settar reglur um form umboðs og skorður reistar við gildistíma þess.

Um 62. gr.

Í grein þessari eru ýmiss nýmæli um atkvæðisrétt í hlutafélögum.

Eins og verið hefur er aðalreglan sú, að hluthafar hafa atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ennfremur er aðalregla, að atkvæðisréttur fylgi hlutum. Frá fyrri reglunni er heimilt að víkja með ákvæðum í félagssamþykktum og eru í 1. mgr. greinarinnar settar reglur um þau frávik. Er þar veitt heimild til að ákveða í samþykktum, að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, en þau takmörk eru þó sett, að atkvæðagildi þeirra má ekki vera meira en tífalt atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar. Hlutafélögum er þannig veitt all mikið svigrúm til þess að víkja frá ofannefndri meginreglu um atkvæðisréttinn. Nauðsynlegt er þó að setja takmörk fyrir því, hve mikill munur má vera á atkvæðagildi hluta, þar sem óheftir möguleikar til útgáfu hluta með aukið atkvæðagildi, geta leitt til misnotkunar í þeim tilfellum, þegar stjórn á félagi er komin í hendur aðila, sem með viðtækri notkun hluta með aukið atkvæðagildi hafa hagnýtt sér viðkomandi félög í skjóli valdaaðstöðu, sem ekki er í samræmi við fjárhagslega áhættu þeirra.

Í 2. mgr., sem er nýmæli, er veitt heimild til að kveða svo á í samþykktum, að hluthafi, sem eignast hefur hluti með framsali, geti ekki farið með atkvæðisrétt fyrir þá, fyrr en eftir ákveðinn tíma. Tími þessi má þó ekki vera lengri en þrír mánuðir, eftir að hluthafinn hefur verið skráður í hlutaskrá eða tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut. Regla þessi getur því aðeins gilt, að um sé að ræða frjálst framsal inter vivos, þ. e. a. s. á ekki við um eigendaskipti fyrir erfð eða við aðför.

Ákvæði 3. mgr. um, að hlutir dótturfélags í móðurfélagi njóti ekki atkvæðisréttar, er nýmæli. Ennfremur er í 3. mgr. sú breyting frá gildandi lögum, sbr. þó 7. gr. laga nr. 26/1973, að lagt er til, að eigin hlutir félags skuli ekki njóta atkvæðisréttar. Samkvæmt gildandi lögum fylgir atkvæðisréttur þeim hlutum í félaginu, sem það á sjálft og fer félagsstjórn yfirleitt með atkvæðisrétt fyrir slíka hluti. Sú skipan er mjög óheppileg og getur leitt til óeðlilega mikils valds stjórnar, enda er víðast hvar í löggjöf um hlutafélög bann við atkvæðisrétti fyrir eigin hlutabréf jafnframt því, sem slíkri hlutabréfaeign eru yfirleitt miklar skorður settar eins og vikið er að í athugasemdum við 43. gr.

Ákvæði 4. mgr., um bann við þátttöku hluthafa í atkvæðagreiðslu um tiltekin málefni, þar sem þeir hafa sérstakra hagsmuna að gæta, er nýmæli. Bannið nær aðeins til atkvæðagreiðslunnar og er ekkert því til fyrirstöðu, að viðkomandi hluthafi taki þátt í meðferð máls.

Rétt er að vekja athygli á, að gert er ráð fyrir, að sú regla 31. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 59/1957, að enginn hluthafi geti farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í félaginu nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, sveitar-

félög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög, verði felld niður. Ákvæðið var upphaflega sett í þeim tilgangi að sporna við óeðlilegu valdi einstakra fésterkra aðila og auka áhrif hinna, sem minni getu hafa til fjárframlaga. Ekki sýnist ástæða til að halda í þetta ákvæði, enda hefur það verið veikt mjög með því að undanþiggja ofannefnda aðila. Einnig ber á það að líta, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir stóraukinni vernd fyrir minnihluta hluthafa, sem ætti að verða raunhæfari, en gildandi takmörkunarregla um meðferð atkvæðisréttarins.

Um 63. gr.

Grein þessi, sem fjallar um fundarstað hluthafafunda, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 64. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um skyldu til að halda aðalfundi, hvenær þá skuli halda og hvaða málefni bera skal þar upp. Ennfremur eru ákvæði um rétt minnihluta hluthafa til þess á aðalfundi að fá ákvörðunum um tiltekin málefni frestað.

Í greininni eru bæði breytingar og nýmæli frá samsvarandi ákvæðum 30. gr. gildandi laga.

Aðalfund skal halda eftir því, sem félagssamþykktir ákveða, þó ekki sialdnar en einu sinni á ári. Þau tímatakmörk eru ennfremur sett í þessu efni, að aðalfund skal halda aldrei síðar en innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs, en samkvæmt 9. tl. 6. gr. frumvarpsins skulu í samþykktum vera ákvæði um, hvert skuli vera reikningsár félags og samkvæmt 92. gr. skal það yfirleitt vera tólf mánuðir. Reikningsárið þarf ekki að vera almanaksárið. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikninga og skýrslu endurskoðenda. Hér er einungis kveðið á um framlagningarskyldu á fundinum á þessum gögnum, en hafa ber í huga, að samkvæmt 4. mgr. 68. gr. skulu þau lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir fund og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem um það hefur beðið.

Í 2. mgr. eru talin upp þau mál, sem taka skal ákvörðun um á aðalfundi. Auk staðfestingar efnahags- og rekstursreiknings og ráðstöfun hagnaðar eða meðferðar taps er þar um að ræða önnur þau mál, er heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum. Í þessu sambandi skal minnt á 8. tl. 6. gr., sbr. og athugasemdir við hann, sem mælir fyrir um skyldu til þess að tilgreina í samþykktum, hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund. Það ræðst því af efni félagssamþykkta, hvaða mál önnur skuli tekin til meðferðar á aðalfundi.

Í 3. mgr. er nýmæli, sem veitir minnihluta hluthafa rétt til þess að krefjast frestunar á afgreiðslu aðalfundar á tilteknum málum. Mál þau, sem þarna er um að ræða, eru mikilvæg og frestur kann að reynast nauðsynlegur til þess að fá þau betur upplýst. Ákvæði þetta er einn liður í því að auka vernd minnihluta í hlutafélögum.

Um 65. gr.

Greinin er að miklu leyti samhljóða 2. og 3. málsl. 2. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Óbreytt er sú aðalregla, að félagsstjórn getur, hvenær sem henni þykir þess þörf, boðað til aukafundar. Í grein þessari er því hins vegar bætt við, að fulltrúanefnd skuli ennfremur hafa rétt til að ákveða að halda aukafund, sé um slíka nefnd að ræða. Fulltrúanefnd boðar á hinn bóginn ekki til aukafunda, sbr. 1. mgr. 67. gr., sem felur félagsstjórn það hlutverk.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um skyldu stjórnar til þess að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Réttur þessi er í greininni rýmkaður á þann veg, að nægilegt er til þess, að skylt verði að halda aukafund, að hluthafar, sem ráða yfir 1/10 hlutafjárins, krefjist þess, enda sé ekki lægra mark

ákveðið í félagssamþykktum. Nýmæli er í greininni, að kjörnum endurskoðendum félags er veittur sami réttur og ofannefndum minnihluta hluthafa til þess að krefjast aukafundar. Frestur sá, sem stjórn er veittur til að boða til aukafundar samkvæmt kröfu minnihluta hluthafa eða kjörinna endurskoðenda, er 14 dagar og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Um það, hvernig með skuli fara, ef stjórn sinnir ekki skyldu til boðunar funda, er fjallað í 2. mgr. 67. gr.

Um 66. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er kveðið á um rétt hluthafa til þess að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi. Skilyrði fyrir þessum rétti hluthafa eru þau, að hann geri skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Varðandi fyrirvara þennan ber að hafa í huga 3. mgr. 68. gr. um, að fundarboð skuli hafa að geyma dagskrá fundarins svo og 1. mgr. 68. gr. og hugsanleg ákvæði félagssamþykkta um boðunarfrest.

Regla þessi um rétt hluthafa til þess að fá ákveðið mál tekið fyrir gildir bæði um aðalfundi og aukafundi.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir, að boðun til hluthafafunda annist félagsstjórn. Þótt tilteknum aðilum sé veittur réttur til að krefjast funda, sbr. 65. gr., hafa þeir aldrei boðunina sjálfa með höndum. Sinni félagsstjórn ekki slíkum kröfum, sem löglega eru fram bornar, verður með að fara samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar.

Í gildandi lögum er ákvæði um, að hluthafar sjálfir geti boðað til aukafundar í þeim tilvikum, þegar stjórn félags sinnir ekki skyldu sinni til að efna til slíks fundar samkvæmt kröfu þess minnihluta hluthafa, sem áskilinn er í lögunum. Í 2. mgr. greinar þessarar eru lagðar til breytingar á því, hvernig boðun skuli hagað, þegar félagsstjórn vanrækir boðunarskyldu sína. Ekki er einungis miðað við aukafundi samkvæmt kröfu minnihluta hluthafa, svo sem í gildandi lögum, heldur almennt hluthafafundi, sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar. Vanræki félagsstjórn skyldu sína í þessum efnum, er ráðherra gert skylt að láta boða til fundarins, ef krafa kemur fram um það frá stjórnarmanni, fulltrúanefndarmanni, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða hluthafa. Umboðsmaður ráðherra skal stýra fundum, sem hann hefur þannig boðað til.

Um 68. gr.

Í grein þessari eru ýmiss nýmæli um boðun til hluthafafunda.

Í 1. mgr. er lagt til, að ófrávíkjanlegar reglur verði settar um það, hvenær fundarboðun skuli fara fram. Er þar um að ræða ákveðið svigrúm á þann veg, að boðun til hluthafafunda getur í fyrsta lagi verið gerð fjórum vikum fyrir fund og sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, í síðasta lagi viku fyrir fund. Ástæðan til lágmarksfrestsins er sú, að hluthöfum sé tryggt hæfilegt ráðrúm til undirbúnings fyrir fund. Ákvæði um hámarksfrest er talið nauðsynlegt, þar sem boðun með of löngum fyrirvara getur haft óhagræði í för með sér, einkum fyrir nýja hluthafa. Með reglum þessum er leitast við að tryggja hag hluthafanna jafnframt því að veita félagsstjórn möguleika á hæfilegu svigrúmi. Í 1. mgr. eru ennfremur reglur um boðun til framhaldsfundar svo og um fundarboðun, þegar gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda. Í frumvarpinu er hvergi gert ráð fyrir því, að gildi ákvörðunar skuli háð samþykki tveggja funda, en hins vegar kunna slík ákvæði að vera í félagssamþykktum og þykir því rétt að hafa ákvæði um fundarboðun í slíkum tilfellum.

Í 2. mgr. er kveðið svo á um, að fundarboðun skuli fara fram með þeim hætti, sem félagssamþykktir ákveða, en samkvæmt 7. tl. 6. gr. frumvarpsins skal greina

í samþykktum, hvernig kveðja skuli saman hluthafafundi. Það er þannig á valdi hlutafélaganna sjálfra samkvæmt ákvæðum þessum að ákveða form fundarboðunar þó með þeim takmörkunum, er greinir í 2. og 3. málsl. 2. mgr., þess efnis, að boðun skal vera skrifleg til þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá og opinber, ef hlutabréf hljóða á handhafa.

Samkvæmt 3. mgr. skal greina dagskrá í fundarboði og er það óbreytt frá gildandi lögum. Nýmæli er hins vegar að greina skal í fundarboði meginefni tillagna til breytinga á samþykktum. Samkvæmt 64. gr. skal ávallt fjalla um þar greind mál á aðalfundi, en allt að einu skal greina þau mál í fundarboði. Ágallar á fundarboðun takmarka hins vegar, að því er þessi mál varðar, ekki ákvörðunarvald aðalfundar, sbr. 69. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um framlagningu tiltekinna gagna á skrifstofu félags svo og hverjum gögn þessi skulu send. Er hér um nýmæli að ræða.

Um 69. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er kveðið á um þá meginreglu, að mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til meðferðar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa. Ákvæðið um, að hluthafafundur geti orðið ákvörðunarbær, komi samþykki allra hluthafa til, hefur raunhæfa þýðingu í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru fáir.

Í greininni eru gerðar tvær undantekningar frá ofannefndri meginreglu. Í fyrsta lagi er um það að ræða, að aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, þótt þess hafi ekki verið getið í dagskrá, ef skylt er að taka það þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum. Um mál þessi er aðallega fjallað í 64. gr. Í öðru lagi er unnt að ákveða að boða til aukafundar til að fjalla um mál, sem ekki hefur verið getið í dagskrá.

Meginregla greinarinnar um, að mála verði að geta í dagskrá, er að sjálfsögðu því ekki til fyrirstöðu, að gerðar séu breytingartillögur við dagskrármál. Ennfremur skal bent á, að einstök ákvæði um réttindi minnihluta hluthafa gera ráð fyrir, að slíkum réttindum sé unnt að beita á hluthafafundum án þess, að það sé greint í fundarboði.

Um 70. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stjórn hluthafafunda, fundarstjóra, fundarritara og fundargerðabækur. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um þetta efni.

Kveðið er á um þá meginreglu, að hluthafafundur kjósi fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum. Ennfremur er lagt til, að skylt verði að kjósa fundarritara og beri fundarstjóra að annast um, að svo verði gert.

Ákvæði greinar þessarar þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um 71. gr.

Í gildandi lögum er ekki almenn regla um upplýsingaskyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra á hluthafafundi. Þar sem hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félags, verður hins vegar að telja, að hann hafi í skjóli þess valds heimild til þess að krefja félagsstjórn og framkvæmdastjóra á fundinum um þær upplýsingar, sem fundurinn telur þörf á að fá.

Í þessari grein er ekki lagt til, að lögfest verði ofannefnd regla um almenna upplýsingaskyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra gagnvart hluthafafundi sem slíkum, þar sem ekki sýnist nein þörf á því. Er hins vegar lagt til, að lögfestur verði réttur handa einstökum hluthöfum til þess að krefja félagsstjórn og framkvæmdastjóra um upplýsingar um tiltekin atriði á hluthafafundi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Tilgangurinn með ákvæðum greinarinnar er að veita hinum einstöku hluthöfum aukna möguleika til þess að kynna sér málefni félagsins.

Það, sem hluthafi getur samkvæmt greininni krafið félagsstjórn og framkvæmdastjóra á hluthafafundi upplýsinga um, eru málefni, sem skipta máli varðandi mat á reikningum félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, sem ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingar um þessi atriði öll eru þó háðar því, að þær megi veita án tjóns fyrir félagið og er það á valdi félagsstjórnar að meta, hvort svo sé.

Við kann að bera, að upplýsingar, sem skilyrði eru til að láta í té, séu ekki tiltækar á hluthafafundinum, og skal þá samkvæmt 2. mgr. greinarinnar veita hlufhöfum innan 14 daga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og ennfremur skulu þær sendar þeim hluthöfum, er þess hafa óskað.

Um 72. gr.

Í fyrri málslið greinar þessarar er kveðið á um aðalregluna um atkvæðagreiðslu á hluthafafundum, þ. e. a. s. að einfaldur meirihluti atkvæða ráði úrslitum máls á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Víða í frumvarpinu eru sérákvæði um tiltekna málaflokka, þar sem krafist er aukins atkvæðamagns, t. d. 73., 74., 112., 124. og 125. gr. og í öðrum tilfellum kunna félagssamþykktir að hafa að geyma kröfur um meira en einfaldan meirihluta atkvæða.

Í síðari málslið greinarinnar er það nýmæli, að hlutkesti skuli ráða úrslitum í þeim tilfellum, þegar atkvæði eru jöfn við kosningar í félaginu. Heimilt er að víkja frá þessari reglu með ákvæðum í félagssamþykktum, og er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið sé í samþykktum, að atkvæði fundarstjóra ráði úrslitum án tillits til, hvort hann er hluthafi eða ekki. Reglu þessari, að hlutkesti skuli ráða, þegar atkvæði eru jöfn, er einungis ætlað að gilda við kosningar í félaginu, þ. á. m. kosningu fundarstjóra og fundarritara. Við afgreiðslu annarra mála leiðir jöfn atkvæðaskipting til þess, að þau ná ekki fram að ganga.

Um 73. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðalregluna um breytingar á félagssamþykktum. Í 74. gr. er fjallað um undantekningar frá aðalreglu þessarar greinar og er þar í ýmsum tilvikum krafist samhljóða samþykkis allra hluthafa eða samþykkis mjög aukins meirihluta þeirra til breytinga á félagssamþykktum. Um efni það, sem tilgreint er í ofannefndum greinum frumvarpsins, er að nokkru leyti fjallað í 31. gr. gildandi laga. Í ákvæðum frumvarpsins felast þó margvíslegar breytingar og nýmæli frá gildandi lögum.

Í 1. mgr. greinar þessarar er svo kveðið á um, að ákvarðanir um breytingar á félagssamþykktum heyri undir hluthafafund. Undantekningar frá þessari reglu er að finna í 16. og 36. gr. Samkvæmt 16. gr. lætur ráðherra skrá hlutafjárlækkun og breytingu á samþykktum samkvæmt því, þegar reglur greinarinnar um greiðslu hækkunarhluta hafa ekki verið haldnar. Í 36. gr. er stjórn félags heimilað að gera þær breytingar á samþykktum, sem beint leiða af hlutafjárhækkun, þegar hlutafjárbreytingin fer fram með þeim hætti, sem kveðið er á um í greininni.

Lagt er til, að sú mikilvæga breyting verði gerð, að upp verði tekin regla um lágmarks meirihluta samþykki við almennar breytingar á félagssamþykktum á þá lund, að ákvörðun um slíkar breytingar nái því aðeins fram að ganga, að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Með reglum þessum er bæði tekið tillit til hlutdeildar í heildarhlutafé og aukins atkvæðaréttar, sem kann að fylgja ákveðnum hlutum.

Aðalregla sú, sem hér er fjallað um, felur í sér lágmarkskröfur, sem ekki er unnt að víkja frá með ákvæðum í félagssamþykktum. Á hinn bóginn er unnt með ákvæðum í félagssamþykktum að setja strangari skilyrði en hér um ræðir.

Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags ber að tilkynna til skráningar þegar í stað og er það í samræmi við ákvæði 14. gr. gildandi laga. Nýmæli er hins vegar, að lagt er til, að kveðið verði á um, að samþykkt um breyting á félagssamþykktum öðlist ekki gildi, fyrr en hún hefur verið skráð.

Um 74. gr.

Í þessari grein er fjallað um undantekningar frá aðalreglu 73. gr. um breytingar á félagssamþykktum. Til þeirra breytinga á félagssamþykktum, sem hér um ræðir, er annað hvort krafist samþykkis allra hluthafa eða mjög aukins meirihluta þeirra.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um breytingar á félagssamþykktum, sem varða veigamestu forsendur fyrir þátttöku í hlutafélagi og mikilvægustu réttindi hluthafa. Ákvarðanir um breytingar þessar verða því að hljóta samþykki allra hluthafa til þess að öðlast gildi. Þær breytingar á félagssamþykktum, sem lagt er til, að falli undir þessa ströngu reglu, eru greindar í 1.—3. tl. 1. mgr. Ekki er um að ræða í 1. mgr. neina tæmandi talningu þeirra tilfella, þar sem samþykki allra hluthafa þarf að koma til, svo að ákvörðun verði gild. Hér er einungis fjallað um breytingar á félagssamþykktum, en ljóst er, að samþykki allra hluthafa getur verið nauðsynlegt til þess, að ákvarðanir, sem ekki fela í sér breytingu á félagssamþykktum, en fjalla um hliðstæð efni og greinir í 1.—3. tl. 1. mgr., verði gildar.

Í 2. mgr. er sérregla um þær breytingar á félagssamþykktum, sem skerða rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félags án þess þó, að 1. tl. 1. mgr. eigi við, þ. e. a. s. skerðingin sé ekki öðrum en hluthöfum til hagsbóta. Ákvörðun um breytingu af þessu tagi verður því aðeins gild, að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði. Ákvæði þetta er liður í því að auka vernd minnihluta í hlutafélögum og verður að skoða það með hliðsjón af 2. mgr. 107. gr., sem tryggir minnihluta, sem samanlagt á minnst einn tíunda hluta hlutafjárins, rétt til að krefjast ákveðins lágmarks arðs.

Í 3. mgr. er svo kveðið á um, að ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, verði því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Auk þessa verður að sjálfsögðu til að koma það meirihluta samþykki, sem áskilið er í 73. gr. Nokkur tilslökun er gerð frá framangreindri reglu, þegar svo stendur á, að fleiri en einn hlutaflokkur er í félaginu og breyting á samþykktum raskar réttarsambandinu milli þeirra og eru sérreglur um þessi tilfelli í 2. málsl. 3. mgr. Ennfremur ber í þessum tilfellum að hafa í huga nauðsyn hins almenna meirihluta samþykkis skv. 73. gr.

Um 75. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í ýmsum ákvæðum þessa frumvarps er lagt til, að settar verði reglur um meðferð valds hluthafafundar eða takmörkun á því valdi í því skyni að veita einstökum hluthöfum eða minnihluta þeirra vernd. Örðugt er að setja ákvæði af þessu tagi svo tæmandi sé. Því er lagt til í grein þessari, að til viðbótar hinum einstöku og dreifðu reglum um þetta efni verði tekin upp almenn regla, er lýsi þær ákvarðanir hluthafafundar óheimilar, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað félagsins eða annarra hluthafa. Í 1. mgr. 57. gr. er lagt til, að hliðstæð regla verði lögfest að því er varðar ráðstafanir félagsstjórnar, framkvæmdastjóra eða annarra, sem heimild hafa til að koma fram fyrir hönd félags.

Meginregla þessi hefur fyrst og fremst sjálfstætt gildi í þeim tilvikum, þegar ekki er að finna sérreglur um þá tegund ákvörðunar, sem um ræðir. Ennfremur er unnt að beita reglunni í tengslum við þau ákvæði frumvarpsins, er nánar skilgreina valdsvið hluthafafundar eða gera sérstakar kröfur um meirihluta samþykki, til að ákvörðun öðlist gildi.

Með því að ákvörðun verður að vera „bersýnilega“ fallin til að afla hagsmuna og þeir hagsmunir verða að vera „ótilhlýðilegir“, eru all miklar kröfur gerðar til þess, að unnt sé að beita meginreglu þessari.

Sé meginregla sú, sem hér um ræðir, brotin, getur afleiðingin orðið sú, auk ógildingar, að til kasta 113. gr. komi, en þar er hluthöfum, sem ráða yfir 1/10 hluta hlutafjárins, veittur réttur til að krefjast félagsslita, m. a. ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu.

Um 76. gr.

Ákvæði um þetta efni eru í 37. gr. gildandi laga, en að ýmsu leyti hefur greinin fyllri ákvæði að geyma og að nokkru leyti nýmæli. Greinin fjallar um málshöfðun gegn hlutafélagi varðandi gildi ákvörðunar hluthafafundar. Forsenda þess, að ákvæði greinarinnar geti átt við, er, að fyrir liggi ákvörðun, sem tekin er af hluthafafundi, enda þótt hún sé haldin formlegum eða efnislegum annmörkum.

Í 1. mgr. eru þeir aðilar tilgreindir, sem mál geta höfðað á grundvelli ákvæða greinarinnar. Málshöfðunarrétt hafa hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri og er hér um að ræða rýmkun frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga, er binda málshöfðunarréttinn við hluthafa. Tilefni málshöfðunar verður að vera ákvörðun hluthafafundar, sem tekin hefur verið með ólögmætum hætti eða brýtur í bága við hlutafélagalögin eða samþykktir félagsins.

Málshöfðunarfrestur er samkvæmt 2. mgr. þrír mánuðir frá því, að ákvörðun var tekin og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Í 3. mgr. eru raktar þær undantekningar, sem eru gerðar frá hinni almennu reglu um málshöfðunarfrest í 2. mgr. og er þar um ýmsar breytingar að ræða frá núgildandi lögum. Í a)—c) lið 3. mgr. er um tilfelli að ræða, þar sem líta verður svo á, að ákvörðun sé ógild frá upphafi. Undantekning sú frá málshöfðunarfrestinum, er greinir í a) lið, varðar ákvarðanir, sem eru ólöglegar, jafnvel þótt þær séu teknar með samþykki allra hluthafa. Tilfelli af þessu tagi eru t.a. m. ákvarðanir, sem brjóta í bága við ófrávíkjanleg ákvæði frumvarpsins. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Í b) lið eru þau tilfelli undanþegin málshöfðunarfrestinum, þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa til þess, að ákvörðun öðlist gildi og slíkt samþykki er ekki fengið. Er hér að nokkru um sama efni að ræða og um getur í 2. mgr. 37. gr. gildandi laga, sbr. 2. mgr. 31. gr. þeirra laga. Samkvæmt c) lið gildir reglan um málshöfðunarfrestinn ekki, þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt. Þær reglur, sem hér er vísað til, er að finna í 67. og 68. gr., sbr. 69. gr., og ennfremur koma til álita ákvæði félagssamþykkta hér að lútandi. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Að lokum er í d) lið regla um undantekningu frá meginreglunni um málshöfðunarfrest, sem lagt er til, að sett verði í öryggisskyni og nái til þeirra tilfella, þegar hluthafi hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. um málshöfðunarfrestinn yrði bersýnilega ósanngjörn. Þau takmörk eru þó sett, að mál verður að höfða innan tveggja ára frá því, að ákvörðun var tekin. Regla þessi er nýmæli.

Í 4. mgr. er það mikilvæga nýmæli, að gert er ráð fyrir því, að úrslit dómsmáls þurfi ekki að takmarkast við ómerkingu á ákvörðun hluthafafundar, heldur geti komið til breytinga á slíkri ákvörðun, þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Skilyrðin eru þau, að krafa sé gerð um breytingu og það sé á færi dómsins að ákveða, hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera.

Um X. KAFLA

Í þessum kafla (77.—90. gr.) eru ítarleg ákvæði um endurskoðun ársreikninga hlutafélaga, sem ekki hafa verið áður í íslenskum lögum. Endurskoðun hefur tekið miklum breytingum á seinni árum með breyttum viðskiptaháttum og eru ákvæði frumvarpsins um þetta efni færð í það horf, sem samræmst getur framkvæmd og aðferðum, sem nú á tímum eru notaðar meðal sérhæfðs fólks á þessu sviði.

Lögð er áhersla á sjálfstæði endurskoðenda og að þeir séu óháðir félaginu og stjórnendum þess. Endurskoðendur eru kjörnir á aðalfundi og er skýrsla þeirra um endurskoðunina lögð fyrir aðalfund.

Í frumvarpinu er minnihluta hluthafa veittur réttur til að krefjast þess, að ráðherra tilnefni endurskoðanda, sem starfa skal að endurskoðuninni með hinum kjörnu endurskoðendum. Ennfremur getur minnihlutinn borið fram tillögu um, að fram fari rannsókn á einstökum þáttum í rekstri félags og ber ráðherra þá að tilnefna rannsóknarmenn, telji hann nægar ástæður vera til. Rannsóknarmenn skulu skila skýrslu sinni til hluthafafundar.

Ákvæði eru um, að hlutafélög yfir ákveðinni stærð skuli kjósa löggilta endurskoðendur til að annast endurskoðunina. Með því er leitast við að tryggja, að endurskoðunin sé framkvæmd af faglegri þekkingu, en þörfin að þessu leyti verður yfirleitt brýnni eftir því, sem félögin verða stærri og fleiri aðilar hafa hagsmuna að gæta.

Ýmiss ákvæði utan þessa kafla leggja skyldur á herðar endurskoðendum eða veita þeim heimildir. Sem dæmi um slík ákvæði má nefna c) lið 3. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 31. gr., varðandi skýrslugjöf endurskoðanda um tillögu um hlutafjárhækkun, 2. mgr. 39. gr., um skýrslugjöf endurskoðanda um tillögu til hlutafjárlækkunar, 65. og 67. gr., þar sem endurskoðendum er veitt heimild í vissum tilfellum til að krefjast þess, að kvatt verði til hluthafafundar.

Um 77. gr.

Kjör endurskoðenda skal fara fram á aðalfundi og er það óbreytt frá gildandi lögum. Í 4. mgr. 30. gr. gildandi laga er gerð sú krafa, að endurskoðendur skuli ekki vera færri en tveir og er þeirri reglu haldið. Samkvæmt 6. tl. 6. gr. skal tilgreina í félagssamþykktum fjölda endurskoðenda eða hámarks- og lágmarksfjölda þeirra svo og kjörtímabil. Engar skorður eru settar kjörtímabili endurskoðenda hér og ræðst það því eingöngu af ákvæðum félagssamþykkta og getur verið ótímabundið.

Heimilt er að kjósa á aðalfundi einn eða fleiri varaendurskoðendur án þess, að stuðst sé við sérstaka heimild í félagssamþykktum í því efni.

Í síðasta málsl. 1. mgr. er það nýmæli, að lagt er til, að heimilt verði að ákveða í félagssamþykktum, að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli valdir á annan hátt en með kosningu á aðalfundi. Til dæmis kæmi til greina, að endurskoðendur væru tilnefndir af sveitarfélagi eða öðrum opinberum aðila, viðskiptabanka eða öðrum, sem mikilla hagsmuna hefðu að gæta. Einnig kann réttur til að tilnefna endurskoðendur samkvæmt þessu að verða áskilinn eigendum ákveðinna hluta eða hlutaflokks.

Í 2. mgr. er mikilvægt nýmæli, er veitir minnihluta hluthafa rétt til að ráða vali eins endurskoðanda, er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt öðrum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Skilyrði þess, að minnihluti hluthafa geti nýtt sér heimild þessa, er að hluthafarnir ráði yfir minnst 1/10 hlutafjárins og krefjist þess á aðalfundi, þar sem endurskoðendur skal kjósa, að tilnefndur verði einn endurskoðandi í samræmi við þessar reglur. Ráðherra skal nefna til löggiltan endurskoðanda samkvæmt þessu og ákveða þóknun hans. Nýmæli þetta er einn liður í því að auka vernd minnihluta í hlutafélögum.

Um 78. gr.

Í 1. og 2. mgr. greinarinnar eru settar reglur um þau almennu skilyrði, sem endurskoðendur hlutafélaga skulu uppfylla. Auk lögræðis og fjárforræðis, sem áskilið er í gildandi lögum (34. gr.), eru hér sett skilyrði um búsetu og tiltekna þekkingu.

Krafan um búsetu gengur ekki lengra en svo, að nægilegt er, að einn endurskoðandi sé heimilisfastur hér á landi. Ætlunin með búsetuskilyrði þessu er að tryggja, að unnt sé að koma fram hugsanlegri ábyrgð vegna endurskoðunarinnar.

Þekkingarskilyrðið er orðað sem almenn hæfiskrafa á þann veg, að endurskoðendur skuli með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum, sem nauðsynleg er til rækslu starfans. Þótt í einstaka tilfellum kunni að reynast örðugt að meta, hvort svo almennt orðað skilyrði sé uppfyllt, þykir rétt að hafa ákvæði af þessu tagi til að leggja áherslu á, að þeir einir megi gegna störfum endurskoðenda í hlutafélögum, sem hafa almennar forsendur til slíks.

Heimilt er að kjósa endurskoðunarfélag til að annast endurskoðunina, en þá skal sá endurskoðandi, sem falin er framkvæmd hennar, uppfylla skilyrði þessarar greinar og ennfremur 79. og 80. gr. Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur endurskoðunarfyrirtækis, sem endurskoðendur sama hlutafélags.

Í 5. mgr. er ákvæði um að kjósa skuli einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda dótturfélags, þegar því verður við komið. Með þessu ákvæði er lögð áhersla á nauðsyn þess, að endurskoðandi móðurfélags hafi náið samband við endurskoðendur dótturfélaga um endurskoðunina.

Um 79. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um, að í vissum tilvikum beri að kjósa að minnsta kosti einn löggiltan endurskoðanda til að annast endurskoðun félags. Í gildandi lögum eru engin ákvæði, sem mæla fyrir um skyldur til þess, að endurskoðandi hlutafélags sé löggiltur.

Ýmsar ástæður leiða til þess, að rétt og eðlilegt telst að gera hlutafélögum skylt að kjósa löggiltan endurskoðanda. Hér er fyrst og fremst um að ræða stærri hlutafélög, en þessi skylda ræðst einkum af þremur mörkum.

Þegar hlutafé er 5 milljónir króna eða þar yfir, eða þegar skuldir og bundið eigið fé nemur 100 milljónum króna eða þar yfir eða heildarvelta nemur 300 milljónum króna á ári eða þar yfir, skal að minnsta kosti einn endurskoðandi vera löggiltur. Með skuldum og bundnu eigin fé er átt við heildarfjármagn að frádregnum þeim hluta eigin fjár, sem er til frjálsrar ráðstöfunar.

Í félögum, þar sem hlutabréf eru háð opinberri verðskráningu, skal vera löggiltur endurskoðandi. Hér á landi á opinber verðskráning hlutabréfa sér ekki stað ennþá, en engu að síður bótti rétt að setja þetta ákvæði í frumvarpið nú.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt minnihluta hluthafa í öðrum félögum, en að ofan greinir til þess að krefjast þess á aðalfundi, þar sem kjósa skal endurskoðendur, að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Hér er því ekki um að ræða rétt minnihlutans til að kjósa löggiltan endurskoðanda, heldur einungis til þess að gera kröfu um það, að sá endurskoðandi, sem aðalfundur kýs, sé löggiltur endurskoðandi. Ákvæðið á því ekki við, ef þegar hefur verið kjörinn löggiltur endurskoðandi á aðalfundi.

Um 80. gr.

Meginefni þessarar greinar eru reglur um þau sérstöku hæfisskilyrði, sem nauðsynlegt er að setja endurskoðendum hlutafélaga til þess að tryggja, að þeir séu óháðir félaginu. Í 78. gr. frumvarpsins er fjallað um þau almennu hæfisskilyrði, sem endurskoðendur hlutafélaga skulu uppfylla. Ákvæði gildandi laga um sérstök hæfisskilyrði endurskoðenda hlutafélaga eru ófullnægjandi og er einu regluna þessu viðvíkjandi að finna í 34. gr. laganna og kveður hún á um, að endurskoðendur hlutafélags megi ekki vera í stjórn þess.

Til þess að tryggja, svo sem frekast kostur er, sjálfstæði endurskoðenda hlutafélaga gagnvart félögunum er lagt til í 1. og 2. mgr., að hæfisskilyrðin verði aukin verulega þannig, að fleiri atriði verði látin valda vanhæfi þeirra, en nú er samkvæmt gildandi lögum.

Regla 3. mgr., sem er nýmæli, um bann við, að endurskoðandi sé skuldskeyttur félaginu eða félögum í sömu samstæðu, er ekki þáttur í hæfisreglunum heldur sjálfstæð regla, en allt að einu þykir rétt að skipa henni í tengslum við þær reglur.

Um 81. gr.

Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt af sér störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra, sem kusu hann eða tilnefndu. Starfstíma endurskoðanda skal ákveða í samþykktum félags, sbr. 6. tl. 6. gr.

Um 82. gr.

Samkvæmt grein þessari, sem er nýmæli, er gert ráð fyrir því, að ráðherra tilnefni endurskoðanda í þeim tilvikum, sem ekki hefur farið að ákvæðum laga eða samþykkta félagsins.

Um 83. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um framkvæmd endurskoðunarinnar með vísun til góðrar endurskoðunarvenju. Hér getur ekki orðið um tæmandi upptalningu eða lýsingu að ræða á framkvæmd einstakra þátta endurskoðunarinnar heldur verður að taka mið af fræðilegum aðferðum og venjum eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma. Með vísun til góðrar endurskoðunarvenju er einmitt átt við, að endurskoðunin sé framkvæmd í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að endurskoðun vinnur á hverjum tíma.

Í ákvæðum þessarar greinar felst, að endurskoðandi skal kanna bókhaldsgögn og aðra þætti, er varða rekstur félags og máli skipta í sambandi við endurskoðun ársreikningsins. Það er ekki nægilegt, að endurskoðandi gangi úr skugga um, að ársreikningur sé í samræmi við bókhald félagsins heldur verður hann að kanna og meta, hvort bókhald félagsins og bókhaldsgögn gefi glögga mynd af rekstri félagsins og fjárhagsstöðu þess. Endurskoðandi verður einnig að kanna, hvort starfsaðferðir, einkum að því er varðar meðferð fjármuna og skráningu í bókhald, séu með þeim hætti, að unnt sé að leggja þær til grundvallar við mat á réttmæti ársreikningsins.

Fræðilegar skilgreiningar á aðferðum og framkvæmd endurskoðunar á ýmsum þáttum í ársreikningum félaga liggja fyrir meðal löggiltra endurskoðenda í nágrannalöndum okkar. Þannig hefur verið reynt að skýra í einstökum atriðum, hvað telst vera góð endurskoðunarvenja í ýmsum tilvikum. Hér á landi hafa löggiltir endurskoðendur einnig unnið að hliðstæðum skilgreiningum í samvinnu við endurskoðendur á Norðurlöndum.

Í 2. mgr. er kveðið á um, að endurskoðandi móðurfélags skuli einnig endurskoða samstæðureikning og reikningsleg tengsl samstæðunnar, sbr. 91. gr.

Endurskoðandi skipuleggur sjálfur framkvæmd endurskoðunarinnar og ákveður umfang hennar. Hann skal þó fylgja þeim kröfum, sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðunina, ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins og góða endurskoðunarvenju.

Um 84. gr.

Skylt er félagsstjórn og framkvæmdastjóra að veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Ennfremur er þeim skylt að veita endurskoðendum þær upplýsingar og þá aðstoð, sem þeir álíta nauðsynlega við framkvæmd verksins. Hliðstætt ákvæði er í 34. gr. gildandi laga.

Um 85. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Við lok endurskoðunarinnar skulu endurskoðendur árita ársreikninginn, en með því staðfesta þeir, að endurskoðunin hafi farið fram eftir ákvæðum 83. gr.

Endurskoðendur gefa ekki almennar skýringar eða ábendingar í sjálfri árituninni heldur skal þeirra getið í sérstakri skýrslu, sem vísa ber til í áritueninni á skýran hátt þannig, að lesandanum sé það ljóst, að ársreikningnum fylgi skýrsla um endurskoðunina og mat endurskoðendanna á ársreikningnum.

Þegar endurskoðandi er þeirrar skoðunar að lokinni endurskoðun, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skal hann taka það fram í sjálfri árituninni, þótt hann rökstyðji þá skoðun sína frekar í skýrslu sinni. Í slíkum tilvikum er það mat endurskoðandans, að það miklir annmarkar hafi komið fram við endurskoðunina í ársreikningi eða einstökum liðum hans, að hann geti ekki staðfest hann.

Um 86. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í greininni eru ákvæði um skyldur endurskoðenda til að semja endurskoðunarskýrslu og um efni hennar í aðalatriðum, en skýrslan á að hafa borist stjórn félags eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Í skýrslunni skulu endurskoðendur gera grein fyrir því, hvort ársreikningurinn sé í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins og niðurstöður endurskoðunarinnar yfirleitt. Þau lög og reglur, sem hér er átt við, eru fyrst og fremst lög um hlutafélög, lög og reglur um bókhald og önnur þau lög, sem í gildi eru á hverjum tíma og varða gerð ársreikninga hlutafélaga almennt eða einstakra tegunda þeirra, sbr. t. d. sérreglur um ársreikninga vátryggingarhlutafélaga. Efni skýrslunnar og umfang ákveða endurskoðendur að öðru leyti, en almennt má segja, að endurskoðendum beri í skýrslu sinni að gera grein fyrir þeim atriðum, sem haft geta verulega þýðingu við mat á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu félagsins og ekki koma greinilega fram í sjálfum ársreikningnum.

Þá er endurskoðendum skylt að skýra frá atriðum, sem þeir hafa komist að raun um, sem haft geta ábyrgð í för með sér fyrir félagsstjórn eða framkvæmdastjórn.

Um 87. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Hér er mælt fyrir um færslu endurskoðunarbókar, en þar skulu endurskoðendur skýra frá því, hvaða endurskoðunarvinna hefur verið framkvæmd. Ennfremur skulu endurskoðendur færa í bókina ábendingar og athugasemdir varðandi bókhald, reikningsskil og annað, sem þeir vilja koma á framfæri við stjórnina. Bókina á að leggja fyrir stjórnarfund, þar sem stjórnin staðfestir með undirskrift sinni, að hún hafi kynnt sér það, sem í hana hefur verið skráð. Bókin er heimild um samskipti endurskoðendanna við stjórnina og er fyrst og fremst til notkunar fyrir stjórnina. Hún er ekki lögð fyrir hluthafa eða aðalfund, en eðlilegt gæti verið, að framkvæmdastjóri hefði aðgang að bókinni.

Um 88. gr.

Endurskoðendur hafa rétt til setu á hluthafafundum og þeim ber skylda til þess, þegar til umræðu eru mál, sem gera það nauðsynlegt, að þeir séu viðstaddir. Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um þetta efni.

Um 89. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Þagnarskylda endurskoðanda og samstarfsmanna hans er ákveðin í þessari grein. Honum er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins. Hann getur þó svarað fyrirspurnum frá einstökum hluthöfum á hluthafafundi um endurskoðunina eða hag félagsins, sbr. 88. gr., enda komi þær upplýsingar, sem hann gefur þar, ekki til með að skaða félagið að hans mati.

Um 90. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Til þess að styrkja stöðu minnihluta hluthafa eru ákvæði í þessari grein um heimild til að krefjast sérstakrar rannsóknar á stofnun félags eða á nánar tilteknum

þáttum í rekstri þess. Slík rannsókn getur gengið lengra en endurskoðunin samkvæmt ákvæðum 83. gr. og fylgir ekki þeim almennu reglum um endurskoðun, sem eru í X. kafla.

Tillögur um sérstaka rannsókn má bera fram, hvort sem er á aukafundi eða aðalfundi og þarf hluthafahópur, sem ræður yfir minnst fjórðungi hlutafjárins að samþykkja hana.

Tilmæli um rannsókn skulu berast ráðherra, sem tilnefnir rannsóknarmenn, telji hann nægar ástæður til sérstakrar rannsóknar. Áður en hann tekur ákvörðun sína, skal hann gefa stjórn félagsins, endurskoðendum og öðrum, sem málið kann að varða, tækifæri til að koma að áliti sínu um framkomna kröfu um rannsókn.

Rannsóknarmenn, sem skulu a. m. k. vera tveir, annar þeirra löggiltur endurskoðandi og hinn lögfræðingur, gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar og skal skýrslan hafa legið frammi á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi eina viku fyrir hluthafafund.

Um XI. KAFLA

Þessi kafli er að mestu leyti nýmæli, enda er brýnt að setja fyllri ákvæði um ársreikninga, en eru í gildandi lögum. Eintöluorðið ársreikningur er hér notað um árleg reikningsskil hlutafélags og skal ársreikningurinn hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Í nágrannalöndunum hafa reikningsskil fyrirtækja tekið miklum breytingum á síðari árum. Náðst hefur meira samræmi í gerð þeirra, ýmist með sérstakri löggjöf eða aðgerðum sérhæfðra manna, sem að reikningsskilum vinna. Þannig hefur verið stefnt að því, að ársreikningar fyrirtækja veiti sambærilegar upplýsingar, sem ætti að auðvelda lesendum skilning á þeim og annan samanburð. Slíkar breytingar hafa einnig orðið hér á landi, en með frumvarpi þessu er mörkuð ákveðin stefna varðandi þetta efni.

Ítarleg ákvæði eru um efni efnahagsreiknings og rekstrarreiknings og um mat á einstökum liðum þeirra. Einnig eru taldir upp þeir helstu liðir, sem skulu koma fram í þeim.

Ekki mun það vera almennt hér á landi, að ársskýrsla fylgi ársreikningum fyrirtækja. Í frumvarpinu er kveðið á um, að ársskýrslan skuli vera hluti ársreikningsins og ennfremur eru ákvæði um meginefni hennar.

Í sérstökum skýringum með ársreikningi ber að veita upplýsingar um tiltekin atriði varðandi rekstur og efnahag hlutafélags og verða þær þannig óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins. Það hefur farið mjög í vöxt á síðari árum, að slíkar skýringar fylgi ársreikningum.

Í kaflanum er að finna ákvæði um gerð samstæðureiknings, þar sem kveðið er á um að gera skuli sérstakan samandreginn ársreikning fyrir móðurfélag og dótturfélög þess. Slík reikningsskil hafa ekki tíðkast hér á landi. Með þessum ákvæðum er leitast við, að fyrir liggi skýr heildarmynd af félögum, sem eru verulega tengd fjárhagslega eins og nánar er lýst í frumvarpinu.

Eins og áður segir eru mjög fábrotin og ófullkomin ákvæði um ársreikninga í gildandi lögum. Helstu ákvæði laganna að því er þá varðar eru 4. mgr. 30. gr., þar sem mælt er fyrir um skyldu til að leggja fram endurskoðaða reikninga félags á ársfundi, 2. mgr. 32. gr., um skyldu stjórnar til að gera reikningsskil, 33. gr., um gerð ársreiknings, 35. og 48. gr., um skrásetningu reikninga eða aðalniðurstöðu þeirra. Um efni ársreiknings eru engin ákvæði í gildandi lögum.

Um 91. gr.

Sú skylda hvílir á stjórn hvers félags að leggja fram ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningurinn hefur að geyma ársskýrslu stjórnar, rekstrarreikning reikningsársins og efnahagsreikning í lok þess. Auk þess skal semja ársreikning félagasamstæðu, ef um móðurfélag er að ræða.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og samstæðureikninginn, ef um hann er að ræða, og á það einnig við um ársskýrsluna.

Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirrita ársreikninginn með fyrirvara og gera grein fyrir því í ársskýrslunni, hvers eðlis fyrirvarinn er.

Um 92. gr.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og er það í samræmi við ákvæði gildandi bókhaldslaga. Reikningsárið þarf þó ekki að vera bundið við almanaksárið.

Félög í sömu samstæðu skulu að jafnaði hafa sama reikningsár. Frá þessu er hægt að víkja við sérstakar aðstæður, en reikningsár samstæðu skal þó ætíð vera hið sama og reikningsár móðurfélags, sbr. 102. gr.

Um 93. gr.

Hér eru settar fram almennar reglur um gerð ársreiknings og vísað er til hugtaksins góð reikningsskilavenja. Þetta hugtak er þegar til í lögum hér á landi, þ. e. lögum nr. 51/1968, um bókhald, en segja má, að með því sé einkum átt við, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma.

Í greininni er nýmæli um, að ársreikningnum skuli fylgja skýringar á einstökum liðum hans, sbr. 100. gr., en þessi háttur ryður sér nú til rúms hér á landi, sem annars staðar og eykur á upplýsingagildi ársreikningsins.

Um 94. gr.

Eignum í efnahagsreikningi er skipt í tvo aðalflokka eða veltufjármuni og fastafjármuni. Með veltufjármunum er átt við eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar notkunar í félaginu en fastafjármunir eru á hinn bóginn ætlaðir til varanlegrar eignar.

Einstakar eignir, svo sem hlutabréf og önnur verðbréf, geta bæði talist veltufjármunir og fastafjármunir, en það fer eftir ákvörðun félags á hverjum tíma um fyrirhugað eignarhald þeirra.

Almenn ákvæði eru í greininni um mat veltufjármuna, en í þeim felst, að veltufjármuni má ekki færa í efnahagsreikning á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Hér er til þess ætlast, að gætt sé varúðar við mat eignanna. Þeir veltufjármunir, sem oftast kemur til mats á, eru vörubirgðir hvers konar, en samkvæmt greininni ætti eignfærsla þeirra ekki að fara fram úr kaupverði eða framleiðslukostnaði, ef um framleiðsluvörur er að ræða.

Við sérstakar aðstæður er heimilt að færa veltufjármuni á hærra verði en kostnaðarverði. Sem dæmi um slíkar eignir mætti nefna verðtryggð skuldabréf, en þær mega þó aldrei færast með hærra verði en raunvirði eða dagverði.

Um 95. gr.

Fastafjármuni eða eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar notkunar fyrir félagið, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði nema verðmæti þeirra sé verulega hærra en bókfært verð þeirra og að sú hækkun verði talin varanleg.

Þá fastafjármuni, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af öðrum hliðstæðum ástæðum, ber að afskrifa um a. m. k. þá fjárhæð, sem verðrýrnun nemur og skal afskrifa eignirnar, þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

Þegar fastafjármunir eru hækkaðir í verði samkvæmt þessari grein, má aðeins nota hækkunina til niðurfærslu á öðrum fastafjármunum, til hækkunar á hlutafé eða til að leggja í endurmatssjóð eins og nánar er lýst í frumvarpsgreininni.

Um 96. gr.

Hér er fjallað um mat á ýmsum eignum, svo sem eigin hlutabréfum, viðskiptavild, stofnkostnaði og gengismun.

Aðalreglan er sú, að eigin hlutabréf færast ekki meðal eigna með verði. Það er aðeins í þeim tilvikum, sem bréfin hafa verið keypt á síðustu tveimur árum, sem heimilt er að færa þau til eignar.

Þegar viðskiptavild (goodwill) er eignfærð, ber að afskrifa hana um a. m. k. 10% á ári af kostnaðarverði.

Eignfærðan kostnað við tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir og annan sérstakan stofnkostnað ber að afskrifa um að lágmarki 10% á ári, en kostnað við stofnun félags er ekki heimilt að eignfæra.

Gengistap vegna langtímalána skal gjaldfæra innan lánstímans, hafi það ekki verið gjaldfært strax.

Um 97. gr.

Í greininni er upptalning á þeim liðum, sem koma skulu fram í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að víkja frá þessari sundurliðun í þeim tilvikum, sem það getur samræmst góðri reikningsskilavenju.

Gert er ráð fyrir því, að bundið óskattlagt fjármagn sé sérgreint í efnahagsreikningi. Hér er átt við þann hluta eigin fjár, sem skattalegar skuldbindingar hvíla á, svo sem tillaga í skattalegan varasjóð samkvæmt ákvæðum skattalaga. Ef honum er ráðstafað með tilteknum hætti, getur komið til skattgreiðslu og verður hann því ekki talinn alfarið til eigin fjár. Sem dæmi um aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sem eðlilegt er að færa undir þennan flokk, má nefna niðurfærslu vörubirgða samkvæmt ákvæðum skattalaga.

Eigið fé skiptist í bundið og frjálst eigið fé. Til bundins eigin fjár telst sá hluti þess, sem ekki er heimilt að úthluta til hluthafa, en frjálst eigið fé er til ráðstöfunar eftir því, sem samþykktir félags eða aðalfundur ákveður.

Um 98. gr.

Í efnahagsreikningi ber að gefa upplýsingar um stöðuna gagnvart dóttur- eða móðurfélögum. Ennfremur skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir dóttur- eða móðurfélög. Á sama hátt skal veita upplýsingar um lán til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra og einnig veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir þessa aðila.

Um 99. gr.

Rekstrarreikningur á að sýna, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast. Ekki er í greininni kveðið á um form rekstrarreiknings í einstökum atriðum, en í honum skulu koma fram heildartekjur, og tekjur og gjöld skulu sundurliðuð eftir því, sem reksturinn gefur tilefni til. Síðan eru nefndir nokkrir liðir, sem ber að greina sérstaklega.

Í rekstrarreikningi skal getið um tillög í sjóði og yfirfærslu á eigin fé.

Um 100. gr.

Í skýringum með ársreikningi ber að gefa upplýsingar um tiltekin atriði, komi þau ekki greinilega fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi. Hér er um að ræða ýmsa þætti, sem nánar er lýst í greininni og geta verið mikilvægir við mat á stöðu eða afkomu félags.

Um 101. gr.

Ársskýrslan skal vera hluti ársreikningsins og er í þessari grein kveðið á um þær helstu upplýsingar, sem þar skulu koma fram. Þar skal m. a. greina frá mikil-

vægum atriðum, sem varða stöðu eða afkomu félags, en koma ekki fram í ársreikningi eða skýringum með honum. Í skýrslunni skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna, heildarfjárhæð launa o. fl.

Um 102. gr.

Í hverju móðurfélagi ber að gera samstæðureikning, þar sem gerð er grein fyrir fjárhagsstöðu félaga í sömu samstæðu í heild. Í greininni eru ákvæði um, með hvaða hætti fara skuli með innbyrðis kröfur, tekjur og arðgreiðslur félaga í samstæðunni. Gerð samstæðureikninga hefur ekki tíðkast hér á landi og engin ákvæði hafa verið til um þá í íslenskum lögum. Ljóst er, að slík reikningsskil eru nauðsynleg, til að heildarmynd fáist af félögum í sömu samstæðu, sem eru verulega fjárhagslega tengd.

Um 103. gr.

Í greininni eru ákvæði um staðfestingu ársreiknings og skil á honum til hlutafélagaskrár. Ársreikningi eiga að fylgja upplýsingar um, hvenær hann var samþykktur og ákvörðun aðalfundar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun á tapi.

Í 2. mgr. 31. gr. gildandi laga er mælt svo fyrir um, að aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skuli tilkynna til hlutafélagaskrár og skrásetja. Þessu ákvæði mun lítið eða ekkert hafa verið fylgt í framkvæmd.

Um XII. KAFLA

Í þessum kafla (104.—110. gr.) eru mörg mikilsverð nýmæli um arðsúthlutun og varasjóði, enda eru ákvæði 33. gr. gildandi laga, sem um þetta efni fjalla, ófullnægjandi.

Helstu nýmæli kaflans eru ákvæði 106. gr., um skyldu til að leggja í varasjóð, ákvæði 2. mgr. 107. gr., um rétt minnihluta hluthafa til þess að krefjast arðsúthlutunar og reglur 110. gr., um lánveitingar hlutafélags til tiltekinna aðila, sem eru í tengslum við það, og tryggingar félagsins fyrir þá.

Um 104. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá almennt viðurkenndu meginreglu, að greiðsla til hluthafa af fjármunum félagsins geti aðeins farið fram samkvæmt reglum um úthlutun arðs eða sem endurgreiðsla sökum lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita. Í þessu felst sú meginregla hlutafélagaréttar, að eignir félagsins eru að vissu marki óháðar ráðstöfunarrétti hluthafa og þannig bundnar í félaginu.

Ástæðan til þess, að lækkun varasjóðs er nefnd með þeim úthlutunar- og greiðsluaðferðum, sem heimilar eru, er sú, að í 3. mgr. 111. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að nemi varasjóður meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins, sem er hámark skylduframlaga í hann samkvæmt frumvarpinu, verði heimilt að nota þá upphæð, sem umfram er, til úthlutunar til hluthafa að fullnægðum skilyrðum 41. gr. frumvarpsins, sem fjallar um áskorun til kröfuhafa félags o. fl.

Meginregla sú, er hér um ræðir, tekur ekki aðeins til þess, er hluthöfum er greitt af fjármunum félags í reiðufé, heldur einnig til greiðslu í öðrum verðmætum. Þess er rétt að geta, að reglan á einungis við, þegar greiðslur fara fram til hluthafa sem slíkra. Greiðslur í tengslum við venjuleg viðskipti falla ekki hér undir, þótt um hluthafa sé að ræða.

Svo sem fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að ekki verði lengur skilgreiningaratriði, að tilgangur félags sé að afla ágóða til skiptingar milli félagsaðila, til þess að frumvarpið taki til þess. Í samræmi við þetta er í 2. mgr. þessarar greinar kveðið svo á um að greina skuli

í félagssamþykktum, að því marki sem tilgangur félags er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, hvernig ráðstafa skuli ágóðanum og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit. Ákvæði þetta er reist á þeirri forsendu, að tilgangur félags sé að afla ávinnings til skiptingar milli hluthafa, sé ekki tekið fram um annað í félagssamþykktum. Jafnframt gefur ákvæði þetta til kynna, að rétt hluthafa til fjárhagslegs ávinnings sé unnt að skerða eða afnema með ákvæðum í félagssamþykktum, að sjálfsögðu í samræmi við þær reglur, sem um slíkar breytingar gilda.

Um 105. gr.

Í grein þessari eru sett ýmiss ný og fyllri ákvæði um hámark arðsúthlutunar til hluthafa og skilyrði fyrir henni, en nú eru samkvæmt 33. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er kveðið á um grundvallarskilyrði arðsúthlutunar til hluthafa. Það, sem heimilt er að nota til úthlutunar arðs, er talið upp í greininni. Er þar um að ræða árságóða samkvæmt samþykktum reikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðan ágóða frá fyrri árum og frjálsa sjóði. Áður en arðsúthlutun fer fram, ber að draga frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, fé það, sem lagt skal í varasjóð eða til annarra þarfa samkvæmt lögum eða félagssamþykktum og hæfilegt fé tekið frá til greiðslu áætlaðra skatta til ríkis og sveitarfélaga vegna rekstrar félagsins á reikningsárinu. Ákvæði um lögskyld framlög til varasjóðs er að finna í 106. gr. frumvarpsins, en auk þess kunna félagssamþykktir að hafa að geyma ákvæði, er skylda til frekari framlaga.

Þótt öllum framangreindum skilyrðum sé fullnægt, getur málum samt sem áður verið svo háttað, að rétt sé að setja frekari skorður við greiðslu arðs. Á þetta við, þegar varasjóður er tiltölulega lágur. Er þá ástæða til að láta afgang arðs að nokkru haldast í félaginu til að styrkja hag þess. Er því lagt til í síðari málsl. 1. mgr., að sett verði regla um takmörkun arðsúthlutunar þess efnis, að óheimilt sé að greiða hærri arð en sem nemur tíu hundraðshlutum af greiddu hlutafé, þegar varasjóður félags nemur ekki einum tíunda hluta hlutafjárins. Í þessu sambandi skal ennfremur minnt á ákvæði 40. gr. frumvarpsins um tímabundna takmörkun arðsúthlutunar, þegar hlutafjárlækkun hefur farið fram einvörðungu til jöfnunar á tapi.

Með ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar er ætlunin að stuðla að því, að gætt verði fyllstu varúðar við arðsúthlutanir í móðurfélögum þannig, að tekið sé tillit til fjárhagsstöðu samstæðunnar í heild við ákvörðun um arðgreiðslu í móðurfélagi, enda þótt arðsúthlutun sé að öðru leyti heimil. Rök fyrir þessu eru einkum þau, að í ýmsu tilliti verður að líta á samstæður hlutafélaga sem eina heild, bæði réttar- og fjárhagslega.

Um 106. gr.

Þessi grein hefur að geyma það mikilsverða nýmæli, að hlutafélögum er gert að skyldu að leggja í varasjóð, en slík skylda hlutafélaga til sjóðsmyndunar er ekki og hefur ekki verið í lögum hérlendis. Ákvæði um skyldu hlutafélaga til varasjóðsmyndunar eru víða í löggjöf erlendis, en misjafnt er, hvernig málum þessum er háttað í einstökum atriðum.

Ýmiss rök eru fyrir því að taka upp reglur, er lögskylda hlutafélög til varasjóðsmyndunar og tilgangur með slíkum reglum er margþættur. Almennt er tilgangur slíkra reglna sá að vernda og treysta hagsmuni þeirra aðila allra, sem eru í tengslum við hlutafélög, þ. á m. hagsmuni starfsmanna og þjóðfélagshagsmuni. Svo vikið sé að einstökum atriðum má segja, að eitt meginmarkmiðið með reglum um lögskyldan varasjóð sé að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélags. Varasjóður skiptir hluthafa verulega máli, þar eð framlög í hann veita félögunum aukna möguleika til að komast yfir fjárhagsleg áföll. Eitt markmið varasjóðs er að gegna hlutverki sem nokkurs konar arðjöfnunarsjóður, þar sem heimilt er að nota sjóðinn til að jafna tap reikningsársins, þannig að félaginu kann að verða kleift að greiða arð af ágóða næsta árs, sem að takmörkuðu leyti eða alls ekki væri unnt, ef félagið hefði ekki

búið við varasjóð eða aðra sjóðsmyndun. Er þetta hluthöfum að sjálfsögðu mjög til hagsbóta. Ljóst er ennfremur, að kröfuhafar félags fá aukna tryggingu við allar eiginfjármyndanir þess umfram hlutafé og eru reglur um varasjóð því til hagsbóta fyrir þá. Loks má minna á, að almennir þjóðfélagshagsmunir krefjast þess, að hlutafélögin, sem eru ríkur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, efli hag sinn, svo sem frekast kostur er, þannig að þau þoli sem best þau skakkaföll, sem fyrir kunna að koma.

Ákvæði greinarinnar fjalla annars vegar um framlög til varasjóðs og myndun hans og hins vegar til hvaða þarfa nota má slíkan sjóð.

Í 1. og 2. mgr. er fjallað um lágmarksframlög til varasjóðs, en með ákvæðum í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um hærri framlög svo sem tekið er fram í síðasta málsl. 1. mgr. Samkvæmt 1. mgr. er lágmark þeirra framlaga, sem leggja skal í varasjóð, tíu hundraðshlutar þess árságóða, sem ekki fer til að jafna hugsanlegt tap fyrri ára, uns sjóðurinn nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð, mega framlög í varasjóð lækka þannig, að þau verði minnst fimm hundraðshlutar árságóðans, þar til sjóðurinn nemur fjórðungi hlutafjárins og þarf þá ekki að leggja frekar í sjóðinn samkvæmt þessum aðalreglum um myndun hans, nema félagssamþykktir mæli fyrir um meira.

Auk framangreindra aðalreglna er í 2. mgr. greinarinnar kveðið á um skyldu félags til að leggja í varasjóð fé, sem myndast með ákveðnum hætti og er sú skylda, sem hér um ræðir, óháð því, hversu mikill varasjóðurinn er. Fé, sem myndast á þann hátt, sem í 2. mgr. er lýst, skal ávallt leggja í varasjóð. Er hér annars vegar um að ræða þau tilfelli, þegar félag hefur fengið meira en nafnverð fyrir hluti, þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað og skal þá fé það, sem greitt er umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að frádregnum stofnkostnaði eða kostnaði vegna hlutafjárhækkunar. Rök fyrir þessu eru þau, að verð það, sem áskrifendur að hlutafé greiða umfram nafnverð hluta, er eðlilegt að skoða sem framlög, sem ekki sé unnt að endurgreiða í formi arðsúthlutunar. Hins vegar er um að ræða fé það, sem félagið hefur fengið vegna sölu hlutabréfa samkvæmt 38. gr., þ. e. a. s. sölu jöfnunarhlutabréfa, þegar rétthafi hefur ekki komið fram með kröfu um afhendingu og fimm ár eru liðin frá skráningu hlutafjárhækkunar, svo sem nánar er lýst í greininni. Ástæður til þess, að fé, er verður til með þessum hætti, skuli renna í varasjóð, eru þær sömu og greinir hér að framan um yfirverð.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um notkun varasjóðs. Í fyrsta lagi er heimilt að nota varasjóð til að jafna tap, sem ekki er unnt að jafna með óbundnu eigin fé félagsins. Í öðru lagi er unnt að nota varasjóð til að hækka hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa, þó aðeins þann hluta sjóðsins, sem umfram er það mark, er skyldaframlög til hans miðast við samkvæmt 1. mgr., þ. e. a. s. þann hluta hans, sem umfram er einn fjórða hlutafjárins. Með því að takmarka notkun varasjóðs til hlutafjárhækkunar með þessum hætti, er lögð áhersla á hlutverk hans til að mæta tapi og vera til arðjöfnunar. Sé litið til þess tilgangs varasjóðs að treysta almennt fjárhag hlutafélags þykir rétt með þeim takmörkunum, sem að framan er lýst, að heimila yfirfærslu úr sjóðnum til hlutafjárins, enda er hlutafé enn bundnara í félaginu en varasjóðurinn. Í þriðja lagi er heimilt að nota þann hluta varasjóðs, sem umfram er einn fjórða hlutafjárins til annarra þarfa, en getið er hér að framan, að því þó tilskildu, að gætt sé reglna 41. gr., þ. e. a. s. ákvæða þeirra um áskorun til kröfuhafa o. fl., er fylgja ber við lækkun hlutafjár.

Um 107. gr.

Í þessari grein eru settar reglur annars vegar um ákvarðanir um arðsúthlutanir og hins vegar um rétt minnihluta hluthafa til að krefjast arðsúthlutunar að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Í 33. gr. gildandi laga, sem fjallar um arðsúthlutanir, eru ekki hliðstæð ákvæði og hér um ræðir.

Samkvæmt 1. mgr. er aðalreglan sú, að hluthafafundur er einn bær um að taka ákvörðun um ráðstöfun arðs. Ákvörðunarvald þetta er því ekki unnt að fela félags-

stjórn. Áður en hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs, þurfa tillögur félagsstjórnar um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans að liggja fyrir. Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. frumvarpsins skal félagsstjórn í ársskýrslu gera tillögur um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps og samkvæmt 1. mgr. 95. gr. skal félagsstjórn og framkvæmdastjórn undirrita ársskýrslu.

Lagt er til, að þær skorður verði reistar við meðferð hluthafafundar á ákvörðunarvaldi sínu til arðsúthlutunar, að hann verði bundinn við tillögur félagsstjórnar um hámark arðsúthlutunar. Ástæður til þessarar reglu eru þær, að almennt er það félagsstjórn, sem hefur besta aðstöðu til að fylgjast með rekstri félags og meta fjárhagsstöðu þess. Ennfremur er það félagsstjórn, sem heldur fram og leitast við að gæta framtíðarhagsmuna félagsins gagnvart óskum hluthafa um sem mestan arð. Regla þessi felur alls ekki í sér, að ákvörðunarvaldið í þessum efnum sé fært í hendur félagsstjórnar. Ef ágreiningur verður á hluthafafundi um tillögu stjórnar, getur komið til þess, að félagsstjórnin fallist á að breyta tillögum sínum. Leysist ágreiningur af þessu tagi hins vegar ekki, er eðlileg afleiðing þess, að til stjórnarskipta komi í félaginu.

Í 2. mgr. er lagt til, að settar verði reglur um rétt minnihluta hluthafa til þess að krefjast nokkurrar arðgreiðslu að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Er hetta í samræmi við það, sem sums staðar tíðkast nú í hlutafélagalöggjöf erlendis. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að koma í veg fyrir, að meirihluti hluthafa geti haldið niðri arðgreiðslum og á þann hátt þrengt hag minnihlutans, enda þótt hagur félagsins sé því ekki til fyrirstöðu, að greiddur sé arður og eðlilegt sé, að arðgreiðsla fari fram. Nokkuð ströng skilyrði eru þó sett fyrir þessum rétti minnihlutans til arðsúthlutunar, til þess að starfhæfni félags sé ekki spillt.

Til þess að geta notað sér rétt sinn, verður minnihlutinn að eiga minnst einn tíunda hluta hlutafjárins. Kröfu sína um arðsúthlutun getur minnihlutinn einungis borið fram á aðalfundi, að undangenginni tilkynningu til félagsstjórnar samkvæmt ákvæðum 66. gr. frumvarpsins. Það, sem minnihlutinn getur krafist, að úthlutað verði sem arði, er fjárhæð, sem minnst svarar til helmings þess, sem eftir stendur af árságóða, þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað, það dregið frá, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta arði. Ef tap fyrri ára er fært sérstaklega, enda þótt félagið eigi varasjóð eða óbundna sjóði, er gert ráð fyrir, að þeir sjóðir verði notaðir, áður en útreikningur sá, sem að framan er lýst, er gerður.

Sú almenna takmörkunarregla er sett í greininni fyrir arðsúthlutunum þessum að kröfu minnihlutans, að ekki er unnt að krefjast, að meiru sé úthlutað, en sem nemur fimm hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Á það skal bent, að auk reglu þessarar um rétt minnihluta hluthafa til arðsúthlutunar, eru til verndar rétti hans að þessu leyti ákvæði 75. gr. og 113. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. greinarinnar er regla um gjalddaga arðs og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Um 108. gr.

Í grein þessari, sem er nýmæli, eru settar reglur um skyldu hluthafa til endurgreiðslu þess fjár, sem við hefur verið tekið andstætt ákvæðum laganna svo og um ábyrgð í þeim tilfellum, þegar féð fæst ekki endurgreitt. Greiðsla til hluthafa getur aðeins farið fram við arðsúthlutun, lækkun hlutafjár eða varasjóðs og félagsslit. Ólögmæt greiðsla getur verið fólgin í því, að réttur ákveðins eða ákveðinna hluthafa sé skertur, t. d. á þann hátt, að sumum sé úthlutaður hærri arður en öðrum án þess, að hlutir njóti mismunandi réttar til arðgreiðslu samkvæmt félagssamþykktum. Einnig getur ólögmæti greiðslu byggst á því, að brotið sé gegn ákvæðum um myndun og tilvist bundins eigin fjár.

Samkvæmt 1. mgr. er meginreglan sú, að hluthafa ber að endurgreiða með vöxtum það fé, sem hann hefur tekið við andstætt ákvæðum laganna.

Í síðari málsl. 1. mgr. er gerð undantekning frá meginreglunni um endurgreiðsluskyldu hluthafa. Samkvæmt undantekningarreglu þessari er hluthafa ekki skylt að endurgreiða það, sem hann hefur við tekið, ef hann hefur verið í góðri trú og um úthlutun arðs var að ræða. Þegar um aðrar greiðslur er að ræða en úthlutun arðs, þ. e.a. s. greiðslur af eignum félags, vegur tillitið til hagsmuna kröfuhafa félags meira en grandleysi hluthafa og því er endurgreiðsluskyldan undantekningarlaus í öllum tilfellum öðrum en arðsúthlutunum.

Þess skal getið, að reglur 1. mgr. eiga einungis við um greiðslur til hluthafa sem slíkra, en ekki greiðslur, sem eru endurgjald til hluthafa, þegar hann kemur fram sem venjulegur samningsaðili félagsins, sbr. ennfremur athugasemdir við 104. gr. frumvarpsins. Hafa ber þó í huga, að upp kunna að koma tilfelli, þar sem farið er í kringum reglurnar um úthlutun til hluthafa með slíkum greiðslum.

Í 2. mgr. eru settar reglur um ábyrgð, þegar fé fæst ekki endurgreitt, hvort sem ástæðan er sú, að viðtakandi er greiðsluþrota eða hefur tekið við arði í góðri trú. Þá skulu þeir, sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd hennar, í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila, bera ábyrgð samkvæmt ákvæðum XV. kafla frumvarpsins, um skaðabætur og fleira.

Um 109. gr.

Rétt þykir í samræmi við venju að veita hluthafafundi og félagsstjórn heimild til að verja hæfilegum fjárhæðum til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi.

Í 1. mgr. er fjallað um heimild hluthafafundar til að gefa af fjármunum félagsins í ofangreindu skyni og er heimildin takmörkuð við það, sem hæfilegt telst með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins svo og atvikum að öðru leyti. Í greininni eru tæmandi talin þau tilfelli, þar sem hluthafafundi er unnt með ákvörðun einfalds meirihluta að gefa af fjármunum félagsins. Falli gjöf utan þeirra marka, sem hér eru sett, þarf hins vegar samþykki allra hluthafa, sbr. 1. tl. 1. mgr. 74. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. eru settar reglur um heimild félagsstjórnar til að gefa af fjármunum félagsins. Heimild félagsstjórnar í þessum efnum er bundin við gjafir, sem gefnar eru í sama skyni og greinir í 1. mgr. um heimild hluthafafundar, en að auki er sú takmörkun sett, að fjárhæð sú, sem verja á til gjafa, verður að vera smávægileg miðað við fjárhagsstöðu félagsins.

Um 110. gr.

Í grein þessari, sem er nýmæli, eru settar reglur um að hvaða marki og með hvaða skilyrðum hlutafélagi er heimilt að lána hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða setja tryggingu fyrir þá.

Strangar takmarkanir verður að setja lánveitingum félags til ofannefndra aðila og tryggingum þess fyrir þá, enda er slík notkun fjármuna félagsins ekki til framdráttar starfsemi þess. Ennfremur má gera ráð fyrir, að lán og tryggingar til þessara aðila sæti oft ófullnægjandi athugun og ákvarðanir þar um séu teknar gagnrýnislítið, enda þótt þeir, er málið snertir, eigi ekki þátt í þeim.

Greinin heimilar lánveitingar félags til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eða setningu tryggingar fyrir þá innan þröngra marka og að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Eiginlegt bann við lánveitingum félags til aðila í tengslum við það er einungis að finna í 3. mgr. 80. gr. frumvarpsins, er kveður á um, að endurskoðandi megi ekki vera skuldskeyttur félaginu eða félagi innan sömu samstæðu.

Í 1. mgr. greinar þessarar er svo kveðið á um, að félag megi einungis að því marki, sem eigið fé þess er hærra en hlutafé, veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum þess lán eða setja tryggingu fyrir þá. Þetta eru hin almennu takmörk, sem sett eru í þessum efnum. Auk þessarar almennu takmörkunarreglu er það skilyrði sett, að félagi ber ávallt að taka fullnægjandi trygg-

ingar. Það ræðst af atvikum í hverju einstöku tilfelli, hvað telst fullnægjandi trygging í þessu sambandi.

Með síðari málsl. 1. mgr. er tekið tillit til grandlausra viðsemjenda, þegar um er að ræða tryggingu, sem félag hefur sett og í bága fer við ofannefndar reglur.

Með ákvæðum 2. mgr. um færslu veittra lána og settra trygginga samkvæmt 1. mgr. í gerðabók félagsstjórnar er lögð áhersla á mikilvægi þess, að ákvæðum greinarinnar sé nákvæmlega fylgt.

Í 3. mgr. er tekið fram, að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um lán til móðurfélags og tryggingar fyrir skuldbindingum þess svo og ekki banka. Á hinn bóginn gilda ákvæðin samkvæmt 1. mgr. um lánveitingar félags til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í móðurfélagi þess og tryggingar fyrir þá.

Um XIII. KAFLA

Í þessum kafla (111.—123. gr.) eru mörg og mikilsverð nýmæli um slit hlutafélaga, bæði frjáls félagsslit og skyldu til að slíta félagi. Að því er varðar síðara atriðið er þeim ástæðum fjölgað, sem leiða til skyldu til félagsslita, og jafnframt er með ýmsum ákvæðum reynt að koma í veg fyrir, að hlutafélög, sem ekki fullnægja lengur lögmæltum skilyrðum haldi áfram starfsemi sinni.

Með ákvæðum 113. gr. er minnihluta hluthafa veittur réttur til að krefjast félagsslita að tilteknum skilyrðum fullnægðum og er hér um að ræða eitt þeirra ákvæða frumvarpsins, sem miða að aukinni vernd minnihlutans.

Almennt eiga ákvæði kaflans að stuðla að því, að félagsslit fari fram með þeim hætti, að borgið sé hagsmunum lánardrottna og hluthafa.

Um 111. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 44. gr. gildandi laga. Bætt er þó við ákvæði um, hvernig með skuli fara, ef eignir verða afgangs skuldum við lok skipta.

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um framsal bús hlutafélags til gjaldþrotaskipta, en beiðni myndi koma frá stjórn félags (eða skilanefnd), sem ábyrgist gagnvart skiptarétti, að beiðni sé lögleg og lætur skiptarétti í té allar þær upplýsingar, sem hann þarf og stjórn er unnt og skylt að veita.

Ekki þykir ástæða til að hafa aðrar reglur um skyldur hlutafélaga, sem komast í fjárþrot en annarra aðila, svo sem er sumsstaðar erlendis, t. d. í dönsku hlutafélagalögunum, enda sýnist eðlilegra, ef þörf þætti á slíkum sérreglum, að kveða á um þær í almennri gjaldþrotaskiptalöggjöf.

Um 112. gr.

Hér eru sett ákvæði um heimild til að ákveða frjáls félagsslit og um skyldu til að slíta félagi. Í 38. gr. gildandi laga eru ákvæði um skyldu til félagsslita og í 39. gr. laganna er fjallað um heimild til frjálsra félagsslita. Í þessari grein frumvarpsins eru ýmiss mikilsverð nýmæli um þessi efni.

Eftir 1. mgr. er það aðalreglan eins og áður, að hluthafafundur fjallar um félagsslit og tekur ákvörðun um þau. Þetta á við um frjáls félagsslit. Ákvæðið er ófrávíkjanlegt í þeim skilningi, að ekki er unnt með ákvæðum í félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar að veita félagsstjórn eða öðrum stjórnunaraðilum félags heimild til ákvörðunar í þessum efnum.

Frá aðalreglunni um vald hluthafafundar til ákvörðunar um félagsslit eru nokkrar undantekningar, sem greinir í 3.—4. mgr. Í þessum tilfellum er um að ræða skyldu til félagsslita og tekur skiptaréttur ákvörðun um félagsslit samkvæmt kröfu ráðherra eða hluthafa. Ennfremur getur komið til félagsslita án ákvörðunar hluthafafundar samkvæmt 113. gr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um þann lágmarks meirihluta, sem gjalda þarf tillögu um félagsslit jákvæði, svo að hún öðlist gildi. Eru hér gerðar strangari kröfur en

í gildandi lögum, sem láta einfaldan meirihluta atkvæða nægja í þessum efnum. Ekkert er því til fyrirstöðu, að gerðar séu ríkari kröfur í félagssamþykktum.

Í 3. mgr. eru rakin þau tilvik, þegar skylt er að slíta hlutafélagi. Eru ástæður þær, er greinir í 1., 3. og 4. tl., nýmæli. Einnig ber hér að hafa í huga ákvæði 113. gr., sem geta leitt til félagsslita. Rétt er og að minna hér á 15. gr., en samkvæmt henni getur komið til félagsslita samkvæmt ákvörðun skiptaréttar, ef frestir til greiðslu hlutafjár við stofnun félags eru ekki virtir.

Um 113. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Hér er lagt til, að komið geti til félagsslita að fullnægðum tilteknum skilyrðum, þegar hluthafar hafa gerst sekir um misnotkun valds og áhrifa í félaginu og tekið þátt í brotum á lögunum eða félagssamþykktum. Rétt til að krefjast félagsslita samkvæmt ákvæðum greinarinnar hafa hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins. Greinin er liður í því að auka vernd minnihluta í hlutafélögum.

Þeir, sem geta gert sig seka um þá háttsemi, er kann að leiða til félagsslita samkvæmt greininni, eru hluthafar. Það getur verið meirihluti hluthafa, aðalhluthafinn eða hluthafi, sem af öðrum ástæðum er sérstaklega áhrifamikill. Skilyrði er, að um ásetning sé að ræða, gáleysi nægir ekki. Brot kunna að felast í þátttöku í ákvörðun, sem andstæð er reglu 75. gr., en eru ekki takmörkuð við það.

Ekki er líklegt, að oft muni koma til þess, að ákvæðum þessarar greinar verði beitt. Hins vegar má telja víst, að greinin muni hafa fyrirbyggjandi áhrif, einkum í þeim tilfellum, þegar hagur minnihluta í hlutafélögum er verulega þrengdur og honum standa engin virk réttarúrræði til boða samkvæmt lögunum.

Um 114. gr.

Hér er annars vegar sett ákvæði um tilkynningu til hlutafélagaskrár um ákvörðun hluthafafundar um félagsslit og hins vegar um kosningu skilanefndar.

Samkvæmt 1. mgr. ber að tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun hluthafafundar um félagsslit þegar í stað. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Markmiðið með tilkynningarskyldu þessari er m. a., að fyrir liggi sem fyrst vitneskja um fyrirhuguð slit hlutafélags.

Í 2. mgr. eru sett ákvæði um kosningu skilanefndar. Um nokkrar breytingar er að ræða frá samsvarandi ákvæðum í 38. og 39. gr. gildandi laga. Lagt er til, að aðalreglan verði sú, að sá hluthafafundur, sem ákveður félagsslitin, kjósi jafnframt skilanefnd, er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, en jafnframt verði heimilt eins og nú er að fela skiptarétti búskiptin, sem einkum myndi koma til greina, ef vafi léki á, hvort eignir félags nægðu fyrir skuldum. Í ýmsum tilvikum öðrum getur komið til þess, að skiptaréttur annist búskiptin, sbr. 112. gr. og athugasemdir við þá grein, þar sem því er nánar lýst. Ennfremur ber að hafa í huga slit félags samkvæmt ákvæðum 15. gr. og 113. gr. Þegar skilanefnd hefur verið kosin, fellur umboð félagsstjórnar og framkvæmdastjóra niður og skilanefndin tekur við störfum þeirra. Hlutverk skilanefndar er fyrst og fremst að koma eignum félags í verð, greiða skuldir þess og skipta afgangi eigna meðal hluthafa. Sjaldnast mun þó unnt að stöðva rekstur félags þegar í stað, heldur mun oftast þurfa nokkurn aðlögunartíma, þar til starfsemi félags er unnt að hætta að fullu. Skilanefnd ber hins vegar að draga úr rekstrinum og stöðva hann svo fljótt sem unnt er án tjóns fyrir félagið.

Um 115. gr.

Efnislega svarar þessi grein til 40. gr. gildandi laga. Að nokkru eru þó meiri kröfur hér um reikningsgerð skilanefndar en í gildandi lögum og ennfremur er kveðið á um upplýsingaskyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra gagnvart skilanefnd og er það nýmæli.

Um 116. gr.

Grein þessi samsvarar 1. mgr. 41. gr. gildandi laga.

Vísað er réttaráhrifa þeirra, sem gilda um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti. Kröfulýsingarfrestur er samkvæmt grein þessari 3 mánuðir frá fyrstu birtingu áskorunar talið, þ. e. a. s. mánuði styttri en gildir við gjaldþrotaskipti og að auki er miðað við fyrstu birtingu hér í stað síðustu, sbr. og 41. og 128. gr. Um nánari upplýsingar varðandi innköllun að öðru leyti verður að vísa til löggjafar um gjaldþrotaskipti.

Um 117. gr

Hér eru settar ýtarlegri reglur en í gildandi lögum um skýrslugjöf skilanefndar og samningu úthlutunarskrár svo og staðfestingu þessara gagna. Samkvæmt 68. gr. eiga hluthafar rétt til að kynna sér fyrir hluthafafund frumvarp að úthlutunarskrá og álitsgerð endurskoðenda.

Um 118. gr.

Þegar alls þess hefur verið gætt, sem greint er í 115.—117. gr. og úthlutun hefur þannig verið ákveðin til fullnaðar, ber skilanefnd að annast greiðslur samkvæmt úthlutunarskrá. Í 2. málslið greinarinnar er nýmæli um endurheimtu á ofgreiddu fé til hluthafa. Þykir rétt, að skilanefndarmenn beri persónulega ábyrgð á endurgreiðslunni.

Um 119. gr.

Ákvæði 1. mgr. er hliðstætt 4. mgr. 41. gr. gildandi laga. Hér er heimilað, að tiltekin ágreiningsefni megi bera undir skiptarétt að því tilskildu, að um ágreining sé að ræða, sem bæri undir skiptarétt við opinber búskipti. Þau mál, sem bera má þannig undir skiptarétt eru ágreiningsefni um skuldakröfur, skiptingu félagseigna og kostnað af félagsslitum. Aftur á móti verður meðferð skilanefndar á búinu, sem ekki verður talin liður í skiptingu félagseignanna (t. d. leiga á húsnæði, kaup og sala vara, reikningsgerð o. fl.), ekki borin undir skiptarétt.

Í 2. mgr., sem er nýmæli, er ákveðinn sérstakur, stuttur frestur til að bera ofangreind ágreiningsatriði undir skiptarétt eða aðra dómstóla eftir því, sem við á. Skilanefnd ber að tryggja sér sönnun fyrir upphafstíma frestsins.

Um 120. gr.

Grein þessi er nýmæli. Ákvæði hennar taka til fjár, sem ekki er vitjað innan hins tiltekna frests, hvort sem eigandi þess er lánardrottinn félags, hluthafi eða annar aðili. Þeir bankar, sem nú hafa heimild til að taka við geymslufé (depositum), eru Landsbanki Íslands, sbr. f. lið 5. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, Útvegsbanki Íslands, sbr. f. lið 5. gr. laga nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands, sbr. e. lið 5. gr. laga nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Um 121. gr.

Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um skyldu skilanefndar og skiptaréttar að tilkynna félagsslitin og upphaf og lok opinberra skipta viðkomandi hlutafélagaskrá. Er því í 1. og 4. mgr. þessarar greinar kveðið á um slíka skyldu. Einnig er nýmæli, að í 3. mgr. er skilanefnd gert skylt að birta í Lögbirtingablaði niðurstöður skipta svo og að skiptum sé lokið.

Í 5. mgr. 41. gr. gildandi laga er mælt fyrir um skyldu skilanefndar til að afhenda hækur félags á Þjóðskjalasafnið. Í 2. mgr. þessarar greinar er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að hlutafélagaskrá annist varðveislu bóka og gagna félags í ákveðinn tíma, tíu ár hið skemmsta, frá félagsslitum, enda sýnist slík skipan bæði eðlileg og hagkvæm.

Um 122. gr.

Í gildandi lög skortir reglur um, hvernig með skuli fara, ef fram koma eignir, eftir að félagsslitum er lokið. Hér er því lagt til, að sett verði ákvæði um enduruppteknu skipta, þegar svo stendur á, og er leitast við að hafa þá málsmeðferð sem einfaldasta. Heppilegast er, að skilanefndin annist hin enduruppteknu skipti, en sé þess ekki kostur, ber ráðherra að hafa frumkvæði að því, að skiptaréttur sjái um þau.

Í 2. mgr. eru settar reglur um tilkynningarskyldu til hlutafélagaskrár um framhaldsskiptin, hliðstæðar ákvæðum 121. gr.

Um 123. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Breytt atvik geta valdið því, að rétt þykir að hætta við frjáls félagsslit, sem ákveðin hafa verið, og halda starfsemi félags áfram.

Til þess að unnt sé að ákveða að fella niður félagsslitin og hefja starfsemi að nýju, mega skiptin ekki vera komin á það stig, að greiðslur til hluthafa hafi farið fram. Ennfremur verður að setja það skilyrði vegna innköllunar þeirrar, er fram hefur farið, að greiddar séu eða tryggðar kröfur lánardrottna, nema þeir samþykki, að skuldir standi áfram.

Um XIV. KAFLA

Í þessum kafla (124.—129. gr.) eru sett ýmis ný og fyllri ákvæði um samruna hlutafélaga en nú eru í lögum.

Aðalákvæði gildandi laga um þetta efni er í 42. gr. þeirra og er þar svo kveðið á um, að hluthafafundur einn geti ákveðið að afsala öðru hlutafélagi öllum eignum sínum eða sameinast því. Tilkynna ber bæði ákvörðunina og framkvæmd hennar til skráningar. Mælt er fyrir um að fara skuli eftir reglum um félagsslit að öðru leyti. Þegar 42. gr. á við, verða bæði félögin eða öll félögin að sæta meðferð samkvæmt ákvæðum um félagsslit. Í 3. mgr. 38. gr. gildandi laga er regla um það tilvik, þegar hlutafélag verður eigandi að öllum hlutabréfum í öðru félagi án þess, að hluthafafundur þar hafi ákveðið samruna félags síns við þetta félag. Hluthafar síðastnefnda félagsins eru þá orðnir eigendur hins. Í slíkum tilfellum er mælt fyrir um, að í gjalddaga séu þá þegar fallnar allar kröfur á hendur félagi, er rennur þannig saman við annað. Í athugasemdum er regla þessi rökstudd þannig, að m. t. t. þess, að veruleg breyting sé á orðin í slíkum tilvikum, sé rétt að veita lánardrottnum þess félags, sem saman við hitt rennur með þessum hætti, heimild til að heimta þegar skuldir sínar, því að réttur þeirra hefði verið tryggður samkvæmt 39. —41. gr., ef samruni hefði verið ráðinn samkvæmt 42. gr. Sérreglu þessa ber að skoða í ljósi þess, að ekki er gert ráð fyrir samstæðum hlutafélaga í gildandi lögum. Sérregla þessi er ekki tekin upp í frumvarpið, en í 129. gr. eru sérreglur um samruna dótturfélags við móðurfélag.

Auk ofangreindra ákvæða gildandi laga um hlutafélög eru í íslenskum rétti frekari reglur um samruna, er lúta að skattalegri meðferð hans. Ákvæði um þetta eru í 8. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Hafa verður í huga, að í ofannefndri grein skattalaganna er um að ræða skattaréttarlega skilgreiningu samrunahugtaksins, sem fer ekki saman við skilgreiningu hlutafélagalaga, hvorki gildandi laga né frumvarps þessa.

Til viðbótar því, sem að framan hefur verið getið um breytingar og nýmæli í kafla þessum, skal sérstaklega bent á ýtarlega skilgreiningu samruna í 124. og 125. gr., reglur 126. gr., um innlausnarrétt þeirra, sem mótfallnir eru samruna, og ákvæði 128. gr., um framkvæmd ákvörðunar um samruna.

Um 124. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka til samruna, sem verður með þeim hætti, að eitt eða fleiri félög renna saman við tiltekið félag, sem þegar er til og heldur áfram tilvist sinni eftir samrunann (merger). Með orðalagi 1. málsl. 1. mgr. er lögð áhersla á eðli samrunans sem sérstakrar aðferðar til þess að slíta félagi til viðbótar hinni almennu félagsslitaaðferð samkvæmt XIII. kafla.

Ástæðan til þess, að ekki þykir rétt að beita reglum um félagsslit um samruna, er hinn tvíþætti tilgangur með samrunanum, þ. e. a. s. annars vegar slit þess félags, sem sameinað er öðru, sem sjálfstæðs lögaðila og hins vegar yfirfærsla á starfsemi þess undir fjármála- og lögformlegt skipulag þess félags, er við tekur.

Hluthafafundur hefur einn ákvörðunarvald um samruna og er það í samræmi við gildandi lög (42. gr. hfl.). Í 129. gr. er undantekning frá reglunni um vald hluthafafundar í þessum efnum, en þar er félagsstjórnum veitt heimild til að ákveða samruna dótturfélags við móðurfélag að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Ekki er kveðið á um, að hluthafafundur í því félagi, sem við tekur, skuli taka ákvörðun um samrunann. Sömu sjónarmið eiga ekki við að því er það varðar og um félag það, sem leyst er upp og sameinað öðru. Þótt ekki sé þannig kveðið á um nauðsyn ákvörðunar hluthafafundar í því félagi, sem við tekur, ber þó ekki að líta svo á, að atbeini hluthafafundar þar sé ávallt ónauðsynlegur. Það ræðst af því, hvort samruninn hefur slík áhrif í því félagi, sem við tekur, og/eða krefjist slíkra breytinga, t. a. m. á samþykktum eða hlutafé, að það sé utan valdsviðs félagsstjórnar að leiða málið til lykta.

Í gildandi lögum eru ekki sérreglur um atkvæðameirihluta til þess, að ákvörðun um samruna verði gild. Gildir því hin almenna regla um einfaldan meirihluta atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum. Hér er lagt til, að sama regla gildi um ákvörðun um samruna og um breytingar á félagssamþykktum, þ. e. a. s. ákvörðun verði því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Hafi félagssamþykktir frekari fyrirmæli að geyma varðandi samruna eða félagsslit skal þeirra gætt. Með reglu þessari er tekið tillit til hins tvíþætta tilgangs með samruna, sbr. hér að framan.

Í 3. og 4. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um þau gögn, sem leggja skal fram á hluthafafundinum. Er þar annars vegar um að ræða drög að samningi um samrunann milli félaganna og hins vegar tiltekna reikninga, er sýni m. a. áhrif samrunans á efnahag félaganna. Ekki eru í greininni settar neinar reglur um efni samnings um samrunann, t. a. m. um endurgjald til hluthafa þess félags, sem sameinað er öðru. Þess er þannig ekki krafist, að endurgjaldið skuli innt af höndum í hlutabréfum í því félagi, sem við tekur, svo sem sumsstaðar tíðkast í hlutafélagalöggjöf erlendis.

Í 2. mgr. er lagt til, að vikið verði að nokkru frá hinum almennu reglum um samruna í þeim tilvikum, þegar hluthafafundur ákveður að framselja íslenska ríkinu eða íslensku sveitarfélagi allar eignir félagsins. Þarf þá ekki að leggja fram reikninga þá varðandi samruna, er greinir í 4. málsl. 1. mgr., og fyrirmæla 128. gr., um áskorun til lánardrottna og sérstaka meðferð eigna þess félags, sem sameinað er öðru, þarf ekki að gæta. Hins vegar gilda hér ákvæði 126. gr., um innlausn hlutabréfa þeirra hluthafa, sem andvígir eru samruna, en verða í minnihluta.

Um 125. gr.

Hér er fjallað um samruna hlutafélaga, sem verður með þeim hætti, að tvö eða fleiri hlutafélög ákveða að sameinast þannig, að myndað er nýtt félag með nýjum samþykktum og tekur hið nýja félag við öllum eignum þeirra og skuldum, en þau sjálf eru lögð niður (consolidatio). Lagt er til, að hér skuli gilda sömu reglur og um samruna samkvæmt 124. gr. Sameining félaganna getur þannig farið fram án skuldaskila og án þess að gæta þurfi almennra reglna um stofnun hluta-

félags. Hluthafafundur í hvoru eða hverju félagi um sig tekur ákvörðun um sameiningu með því að samþykkja samhljóða drög að samþykktum fyrir hið nýja félag svo og upphafsreikninga þess.

Um 126. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Hér er þeim hluthöfum, sem andvígir eru samruna samkvæmt 124. gr. eða 125. gr., en verða í minnihluta, veittur réttur til þess að krefjast innlausnar á hlutabréfum sínum að tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Til þess að koma í veg fyrir, að minnihlutinn misnoti rétt sinn og komi meirihlutanum í opna skjöldu, er í 2. málsl. greinarinnar ákvæði um, að heimilt sé að fara þess á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu, að þeir, sem vilja nota innlausnarréttinn, gefi vilja sinn í því efni til kynna með þeim verkunum, að innlausnarrétturinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum.

Í 3. málsl. greinarinnar er fjallað um ákvörðun á verðmæti þeirra hluta, sem innleystir eru á grundvelli þessara reglna og er hér um að ræða hliðstæð ákvæði og í 19. gr., þar sem fjallað er um ákvörðun á verðmæti hluta við beitingu forkaupsréttar við eigendaskipti að hlutabréfum.

Um 127. gr.

Grein þessi, sem fjallar um tilkynningar til hlutafélagaskrár um samruna og afleiðingar þess, að ekki er tilkynnt á réttum tíma, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 128. gr.

Hér eru settar reglur um framkvæmd ákvörðunar um samruna og slit þess eða þeirra félaga, sem sameinuð eru öðru. M. a. eru í greininni ákvæði, sem miða að því að veita lánardrottnum þess félags, sem sameinað er öðru, vernd gegn því, að eignir félagsins séu framseldar án þess, að þeim hafi gefist ráðrúm til að gæta hagsmuna sinna.

Samkvæmt gildandi lögum skal með samruna fara eftir reglum þeim, sem um félagsslit gilda, og ber því að birta áskorun til skuldheimtumanna. Í 1. mgr. þessarar greinar er mælt fyrir um birtingu áskorunar til lánardrottna þess félags, sem sameinað er öðru, hliðstætt ákvæðum gildandi laga, en til frekari verndar fyrir lánardrottna er það nýmæli lagt til hér, að eignum félagsins skal halda aðgreindum, þar til kröfulýsingarfrestur er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt með þeim verkunum m. a. samkvæmt 2. mgr., að kröfuhafar félagsins og hluthafar í því skulu njóta forgangsréttar að eignum félagsins, ef það félag, sem við tekur, verður gjaldþrota, meðan eignir eru aðgreindar. Ef lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging, þarf ekki að halda eignum aðgreindum.

Samkvæmt 4. mgr. skal ákvæðum 32. gr., um áskriftarskrár ekki beitt við þá hækkun hlutafjárins, sem nauðsynleg reynist, þegar endurgjald hluthafa í því eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðru er að öllu leyti eða að hluta fólgið í hlutabréfum í síðarnefnda félaginu.

Um 129. gr.

Í grein þessari, sem er nýmæli, eru settar reglur um samruna móður- og dótturfélaga, er miða að því að auðvelda samruna slíkra félaga.

Miðað er við, að móðurfélag eigi meira en 9/10 hluta hlutabréfanna í dótturfélagi og fari með samsvarandi hluta atkvæða. Þegar þannig stendur á, skiptir það félögin miklu máli, að unnt sé að undirbúa samruna með yfirtöku móðurfélags á þeim hlutum, sem ekki eru í eign þess og er því veitt heimild til þess í 1. mgr. Notkun heimildarinnar er bundin við það, að samruni sé fyrirhugaður, ella myndi slík ráðstöfun brjóta í bága við ákvæði frumvarpsins um lágmarksfjölda hluthafa.

Regla sú, er hér um ræðir, víkur frá ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 74. gr., sem mælir fyrir um samþykki allra hluthafa til þess, að ákvörðun um innlausn verði gild. Ákvæði 127. gr., um tilkynningu ákvörðunar til hlutafélagaskrár, og ákvæði 1.—3. mgr. 128. gr., um áskorun og sérstaka meðferð eigna félags, eiga við um samruna þann, sem hér um ræðir.

Til þess að tryggja rétt minnihlutans eru í 2. mgr. sett ákvæði um ákvörðun innlausnarverðs og jafnframt er minnihlutanum í 3. mgr. veittur sjálfstæður réttur, samsvarandi rétti móðurfélagsins, til að krefjast innlausnar.

Um XV. KAFLA

Í gildandi lögum eru ekki sérstakar reglur um skaðabótaskyldu stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðenda hlutafélags gagnvart félaginu sjálfu, hluthöfum eða öðrum vegna tjóns, er þeir hafa valdið þessum aðilum í störfum sínum. Lagt er til í kafla þessum, að upp verði teknar efnislegar reglur um skaðabótaskyldu á þessu sviði. Í reynd er hér einungis um að ræða skírskotun til almennra skaðabótareglna. Samt sem áður er ástæða til að taka skaðabótareglur upp í frumvarpið til að leggja áherslu á ábyrgð stofnenda og stjórnunaraðila félags.

Um 130. gr.

Í fyrri málslið 1. mgr. er mælt fyrir um skaðabótaskyldu tiltekinna aðila vegna tjóns, sem þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Skaðabótaskyldan gagnvart hluthafa eða þriðja manni er samkvæmt síðari málslið 1. mgr. að auki takmörkuð við það, að ákvæði hlutafélagalaganna eða félagssamþykktir hafi verið brotnar. Brot á öðrum lögum falla ekki hér undir.

Þar sem skaðabótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. getur náð til verulegs fjárhagslegs tjóns, er í 2. mgr. lagt til, að dómstólum verði heimilt að færa bótafjárhæð niður. Hliðstæðar lækkunarheimildir eru t. d. í 21. gr. laga nr. 95/1947, um lögræði, 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, 49. gr. laga nr. 66/1963, siglingalaga og 51. gr. laga nr. 67/1963, sjómannalaga.

Um 131. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um ákvarðanir um að hafa uppi skaðabótakröfur samkvæmt 130. gr., annars vegar um vald hluthafafundar í þeim efnum og hins vegar um rétt minnihlutahóps hluthafa til að gera skaðabótakröfu. Ennfremur eru hér reglur um gildi samþykkta um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð gagnvart þrotabúi félags.

Í 1. mgr. er kveðið svo á um, að ákvörðun um að hafa uppi skaðabótakröfu af hálfu félags samkvæmt 130. gr. gegn þeim aðilum, sem þar eru tilgreindir, skuli tekin af hluthafafundi. Ákvörðunarvald hluthafafundar nær aðeins til kröfu félagsins, en ekki til kröfu einstakra hluthafa eða annarra vegna tjóns, er þeir kunna að hafa orðið fyrir.

Í 2. mgr. er hluthafahópi, sem ræður yfir minnst 1/10 hluta heildarhlutafjárins, veittur réttur til að gera skaðabótakröfu, ef hluthafafundur hefur gert samþykkt um ábyrgðarleysi eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð. Minnihlutinn gerir skaðabótakröfu samkvæmt heimild þessari vegna félagsins og í nafni þess, en kostnaður af slíku máli er félaginu hins vegar óviðkomandi, þó með þeirri undantekningu, að málshefjendur geta krafist greiðslu kostnaðar úr hendi félagsins að því marki, sem nemur þeim skaðabótum, sem félagið fær. Málshöfðunarréttur þessi er liður í því að auka vernd minnihlutans.

Í 3. mgr. er fjallað um gildi ákvarðana hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð gagnvart þrotabúi félagsins. Er þar annars vegar lagt til, að ákvarðanir þessar skuli vera óskuldbindandi fyrir þrotabúið, ef félagið

var sannanlega ógjaldfært, þegar þær voru teknar og hins vegar ávallt óskuldbindandi, ef þær voru teknar innan árs frá upphafi gjaldþrotaskipta án tillits til sönnunar um gjaldfærni.

Um 132. gr.

Hér eru settar reglur um fresti til að höfða skaðabótamál þau, sem um ræðir í 131. gr., sbr. 130. gr. Þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um XVI. KAFLA

Erlend hlutafélög geta starfað hér á landi með því að stofna útibú á grundvelli VII. kafla gildandi laga. Erlend hlutafélög geta ennfremur tekið þátt í starfsemi íslenskra hlutafélaga með því að kaupa hluti í þeim að því marki, sem lög leyfa. Strangar takmarkanir eru settar í íslenskri löggjöf að því er þetta varðar. Í lögum um flestar mikilvægustu atvinnugreinar landsins eru ákvæði um meirihlutaeign íslenskra aðila skilyrði fyrir rétti hlutafélaga til að stunda viðkomandi starfsemi. Skilyrði eru ennfremur um ríkisfang og/eða búsetu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra, er félagi veita forstöðu, sbr. nánar athugasemdir við 47. gr. frumvarpsins. Skilyrði af því tagi, sem að framan greinir, eru t. d. í lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, lögum nr. 79/1971, um iðju og iðnað. Í lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eru sett enn strangari skilyrði, m. a. um takmörkun eignaraðildar erlendra aðila í hlutafélögum, ef þau vilja öðlast eignar- eða afnotarétt að fasteignum.

Samkvæmt 45. gr. gildandi laga mega hlutafélög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, starfa hér á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annarra ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis. Skilyrði hinna ýmsu sérlaga um einstakar atvinnugreinar, m. a. um meirihlutaeign íslenskra aðila að hlutafénu, eru því þó til fyrirstöðu, að erlent hlutafélag geti stundað þessar greinar í formi útibús. Breytir áðurnefnt ákvæði 45. gr. engu þar um, enda er vandséð, hvernig löggjafinn hefur hugsað sér að heimfæra í þessu sambandi sömu skilyrði upp á einstaklinga og félög, svo að vel fari. Löglega skráð útibú erlends hlutafélags getur hins vegar rekið starfsemi, sem fellur utan þeirra sérlaga um atvinnurekstur, sem sett hafa verið hér á landi, að fengnu atvinnurekstrarleyfi samkvæmt 6. gr. laga nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Ákvæði þessa kafla (133.—142. gr.) svara til VII. kafla gildandi laga. Um ýmsar breytingar og nýmæli er þó að ræða.

Um 133. gr.

Hér er lagt á vald ráðherra að ákveða, hvort erlent hlutafélag megi starfa hér á landi. Í 1.—5. tl. greinarinnar eru sett ýmiss skilyrði fyrir leyfisveitingu ráðherra. Félagið verður þannig að vera löglegt í heimalandi sínu og skal fullnægja meginskilyrðum frumvarpsins fyrir því að teljast hlutafélag, sbr. 1. og 2. tl. Félagið verður því að vera hlutafélag í heimalandi sínu, enda séu hugtakseinkenni slíkra félaga þar í meginatriðum þau sömu og hér. Í 3. tl. er sett það skilyrði, að íslensk hlutafélög verði að njóta sama réttar í heimalandi hins erlenda félags. Í 4. og 5. tl. er mælt svo fyrir, að félagið hafi hér útibú, hvort sem þau eru eitt eða fleiri, og fullnægi ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér, en í því tilliti koma mismunandi reglur til álita, eftir því um hvaða starfsemi er að ræða.

Samkvæmt 45. gr. gildandi laga mega erlend hlutafélög starfa hér á landi, ef þau fullnægja nauðsynlegum skilyrðum. Í gildandi lögum er því ekki gert ráð fyrir sérstöku leyfi ráðherra, eins og hér er lagt til, heldur þarf erlent félag annars vegar leyfi bærra yfirvalda eftir viðkomandi atvinnulöggjöf og hins vegar að fullnægja skilyrðum hlutafélagalaganna fyrir skrásetningu útibús.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, er erlendum mönnum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja

atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi) nema, þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Þetta hefur verið túlkað þannig, að því er erlend hlutafélög varðar, að það sé á valdi félagsmálaráðherra að veita þeim hlutafélögum erlendum atvinnurekstrarleyfi, er starfa á sviðum, sem sérlög ná ekki til. Ef frumvarp þetta verður að lögum, myndi þetta vald varðandi erlend hlutafélög færast til þess ráðherra, sem fer með hlutafélög, þ. e. a. s. viðskiptaráðherra. Sé atvinnurekstur hins vegar háður leyfi stjórnvalda samkvæmt viðkomandi atvinnulöggjöf, verður engin breyting á því valdi, þótt frumvarp þetta verði að lögum, en afskipti ráðherra samkvæmt þessari grein kæmu þar til viðbótar.

Um 134. gr.

Grein þessi svarar til ákvæða 2. tl. 46. gr. gildandi laga, sbr. og 2. tl. 3. mgr. 137. gr. frumvarpsins.

Um 135. gr.

Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja, að þeir, sem viðskipti eiga við útibú erlends hlutafélags, viti um nafn hlutafélagsins og heimilisfang.

Þess ber hins vegar að gæta, að í heiti útibúsins sem slíku má ekki hafa orðið hlutafélag eða skammstöfunina h.f. (h/f), sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 136. gr.

Í þessari grein er mælt svo fyrir, að útibússtjóri skuli veita útibúi erlends hlutafélags forstöðu og eru settar reglur um skilyrði þau, sem útibússtjóri skal fullnægja og um undirritun skuldbindinga útibúsins, veitingu prókúruumboðs svo og um almenna ábyrgð útibússtjóra. Ákvæðum þessum svipar til reglna gildandi laga, sbr. einkum 46. gr. þeirra, um einkaumboðsmenn útibús erlends hlutafélags. Um nokkrar breytingar er þó að ræða og reynt er að kveða skýrar og ýtarlegar á um hlutverk og skyldur útibússtjóra. Störfum útibússtjóra svipar að ýmsu leyti til starfa framkvæmdastjóra innlends hlutafélags, en reglur eru þó í mikilvægum atriðum ólíkar, t. d. að því er varðar ritunarrétt og ábyrgð.

Samkvæmt 3. tl. 46. gr. gildandi laga skal umboðsmaður erlends hlutafélags fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu félagsins hér í sjálfs sín nafni. Það ræðst því af sérlögum um einstakar atvinnugreinar, hvaða skilyrði umboðsmaður verður að uppfylla, en skilyrði sérlaga eru all mismunandi eftir atvinnugreinum. Í 1. mgr. greinar þessarar er lagt til, að breyting verði gerð á þessu þannig, að ekki verði vísað til viðkomandi atvinnulöggjafar, heldur kveðið almennt og tæmandi á um skilyrði þau, sem útibússtjóri skal uppfylla, enda ber félaginu að fullnægja ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér, sbr. 133. gr. og athugasemdir við hana.

Samkvæmt 2. mgr. undirritar útibússtjóri skuldbindingar útibúsins. Aðalfélagið, þ. e. a. s. hið erlenda hlutafélag, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hins vegar ber útibússtjóri persónulega ábyrgð á, að efndar séu þær opinberu skyldur, sem á útibúi hvíla varðandi rekstur þess, t. d. skyldur samkvæmt skatta- tolla- og atvinnulöggjöf. Ennfremur ber útibússtjóri ábyrgð á efni og afhendingu tilkynninga varðandi félagið og skilum reikninga, sbr. 137.—139. gr. Samkvæmt 142. gr. er lögð á útibússtjóra sérstök ábyrgð á skuldbindingum, m. a. gerðum eftir, að honum var kunnugt um gjaldþrot félagsins.

Um 137. gr.

Hér eru settar reglur um tilkynningar til hlutafélagaskrár um stofnun útibús erlends hlutafélags, hvað í þeim skuli greina og hvaða gögn skuli fylgja með þeim. Greinin hefur að geyma svipuð ákvæði og 46. gr. gildandi laga, en um nokkrar breytingar er þó að ræða.

Samkvæmt gildandi lögum skulu samþykkir félagsins í tveimur eintökum fylgja tilkynningu, en allt að einu er boðið, að í tilkynningu um útibú séu greind flest þau atriði, sem greina skal í tilkynningu um stofnun innlends hlutafélags. Lagt er til, að þeim atriðum verði fækkað, sem greind skulu í tilkynningu um stofnun útibús, enda er jafnframt lagt til, að samþykktir félagsins skuli fylgja tilkynningu á frummáli eða í löggiltri þýðingu.

Lagt er til, að það skilyrði 4. tl. 46. gr. gildandi laga, að lögð séu fram skilríki fyrir því, að hið erlenda félag eigi hér á landi eignir til tryggingar skuldum, verði fellt niður.

Til viðbótar þeim gögnum, sem samkvæmt gildandi lögum skulu fylgja tilkynningu, er í 5. og 6. tl. 2. mgr. lagt til, að komi skilríki um, að útibússtjóri og prókúruhafi fullnægi skilyrðum 136. gr. svo og ársreikningar félagsins þrjú s. l. reikningsár.

Um 138. gr.

Grein þessi svarar til 48. gr. gildandi laga.

Um 139. gr.

Ákvæði greinar þessarar um skyldu útibússtjóra til að tilkynna gjaldþrot hins erlenda félags eru hliðstæð 51. gr. gildandi laga. Þar eru hins vegar ekki skýr ákvæði um, að unnt sé að taka bú útibús erlends hlutafélags til skiptameðferðar hér, ef hið erlenda félag verður gjaldþrota, en rétt þykir að kveða svo á um, að skiptaréttur, þar sem útibú á varnarþing taki bú þess til meðferðar og annist þær skiptagerðir, sem hér fara fram.

Ekki er ástæða til að setja hér reglur um afstöðu skuldheimtumanna gagnvart útibúinu og erlenda félaginu, enda fer um hana eftir reglum, sem ekki eru sérstaklega bundnar við hlutafélög.

Um 140. gr.

Hér eru talin þau atvik, sem valda því, að útibú skal leggja niður og afmá úr hlutafélagaskrá. Hér er kveðið mun ýtarlegar á um þetta efni en í gildandi lögum. Ákvæði 1. tl. svipar til 50. gr. gildandi laga. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 141. gr.

Hér er mælt fyrir um áhrif þess á kröfur hérlendra lánardrottna útibús erlends hlutafélags, að afmá ber útibúið úr hlutafélagaskrá, sbr. 140. gr. Eru þá í gjalddaga fallnar þær kröfur lánardrottnanna, sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins hér og gefa skal út innköllun, ef hún hefur ekki áður farið fram.

Í greininni er fyrirvari um, að ákvæði hennar kunni að takmarkast af sérstökum milliríkjasamningum, sbr. t. d. lög nr. 21/1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

Hliðstæðar reglur og um ræðir í grein þessari eru ekki í gildandi lögum.

Um 142. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að nokkru leyti efnislega samhljóða 51. gr. gildandi laga.

Um XVII. KAFLA

Í þessum kafla (143.—147. gr.) er fjallað um skráningu hlutafélaga, einkum hvað greina skuli í tilkynningu til hlutafélagaskrár, hvaða gögn skuli fylgja með svo og um meðferð tilkynninga. Um skrásetningu hlutafélaga fjallar III. kafli (10.—19. gr.) gildandi laga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að skráning hlutafélaga

fari fram á einum stað fyrir landið allt, þ. e. a. s. ein heildarskrá verði haldin fyrir landið allt í stað gildandi fyrirkomulags skráningar, sem bindur hana við lögsagnarumdæmi. Auk ofannefndra meginbreytinga á fyrirkomulagi skráningar eru í frumvarpinu ýmsar breytingar frá gildandi skipan, sem ætlað er að færa skráninguna til nútíma horfs og hæfa breyttum þjóðfélagsháttum.

Um 143. gr.

Hér er lagt til, að viðskiptaráðherra annist um skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga og setji reglur um skipulag hlutafélagaskrárinnar.

Hlutafélagaskrár eru nú haldnar í hverju lögsagnarumdæmi um sig, sbr. 11. gr. hfl., en þar segir, að skrásetningu hlutafélaga annist lögreglustjóri, þar sem heimili félags er. Er þetta í samræmi við núverandi skipan félaga- og firmaskráningar almennt hér á landi, þ. e. félaga- og firmaskrár eru allar bundnar við lögsagnarumdæmi. Þessi skipan hefur haft margvíslegt óhagræði í för með sér. Framkvæmd mála þessara hefur ekki verið eins föst og samræmd sem skyldi, enda eru skráningarmálin einungis einn þáttur margvíslegra verkefna áðurnefndra embætta. Til þess að tryggja, að framkvæmd nýrrar löggjafar um hlutafélög verði sem best, er lagt til, að skráning félaganna fari fram á einum stað fyrir landið allt.

Í 2. mgr. er gefinn kostur á að velja um, hvort tilkynning ásamt fylgiskjölum og tilskildum gjöldum er send beint til hlutafélagaskrár eða afhent lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem tilkynnandi á heimili. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því, að skráningin verði færð úr lögsagnarumdæmunum og haldin á einum stað, þykir rétt, að það hagræði verði veitt, einkum þeim, sem fjarri búa aðsetri hlutafélagaskrárinnar, að geta afhent lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi tilkynningar. Einnig er gert ráð fyrir því, þótt ekki sé kveðið á um það í greininni, að lögreglustjórar verði tilkynnendum, sem til þeirra leita, til leiðbeiningar um gerð tilkynninga og önnur atriði þar að lútandi. Þrátt fyrir framangreind afskipti lögreglustjóra af málum þessum, þykir ekki annað fært en að kveða svo á um, að tilkynning öðlist ekki gildi, fyrr en við skráningu í hlutafélagaskrá, enda hafa lögreglustjórar ekki aðstöðu til að meta hvort skilyrði skráningar eru uppfyllt.

Um 144. gr.

Hér eru settar reglur um tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun hlutafélags, hvað greina ber í slíkri tilkynningu og hvaða gögn skuli fylgja henni. Um stofnun hlutafélags vísast til II. kafla frumvarpsins.

Ákvæði greinar þessarar svara til 12. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um, hvaða greina ber í tilkynningu um stofnun hlutafélags. Samkvæmt 1. tl. skal tilgreina ýmiss þau ákvæði samþykkta, sem skylt er að kveða á um samkvæmt 6. gr. Er hér einkum um að ræða þau ákvæði, sem þriðja mann getur skipt máli að fá vitneskju um. Í 2. tl. er krafist upplýsinga um ýmiss atriði varðandi hlutaféð eins og þau mál standa að lokinni hlutafjáráskrift. Í 3. tl. eru dregnar saman þær upplýsingar, sem veita ber um stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra, endurskoðendur og alla þá, er heimild hafa til að rita félagið. Nýmæli er að tilkynna ber varamenn.

Í 2. mgr. er boðið, að allir stjórnarmenn skuli undirrita tilkynningu og skulu undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum. Ákvæði um þetta eru ekki í gildandi lögum.

Í 1. tl. 3. mgr. er mælt svo fyrir um, að stofnsamningur, reikningsgögn samkvæmt 3. mgr. 5. gr. svo og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins, skuli fylgja tilkynningu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skulu drög að samþykktum félags teljast hluti stofnsamnings og samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. skal yfirlit um upphafsreikninga félags fylgja stofnsamningi í þeim tilvikum, þegar hlutafélag skal í sambandi við stofnunina taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri. Reikningsgögn

þau, sem getið er í 3. mgr. 5. gr. eru m. a. efnahags- og rekstrarreikningar þess fyrirtækis, sem fyrirhugað er, að hlutafélag í sambandi við stofnun þess taki við eða kaupi í rekstri. Reikningar þessir skulu vera fyrir tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun fyrirtækisins, ef það er síðar. Ennfremur skulu samkvæmt 1. tl. fylgja tilkynningu önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins. Hér koma margvísleg skjöl og gögn til álita, svo sem afsals- og leigugerningar, samningar um einkarétt á framleiðslu eða sölu og önnur hliðstæð gögn í tengslum við upplýsingar í stofnsamningi um stofnskilmála, þ. á m. upplýsingar um það, er greinir í 1.—3. mgr. 6. gr.

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. skal staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar fylgja tilkynningu og er það nýmæli.

Ákvæði 3. tl. 3. mgr. er hliðstætt d) lið 3. mgr. gildandi laga með þeirri breytingu, að auk skilríkja fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum, er hér lagt til, að sönnur skuli fylgja fyrir því, að framkvæmdastjórar og endurskoðendur uppfylli slík skilyrði.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Nauðsynlegt sýnist að veita ráðherra heimild til að krefjast hverra þeirra gagna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að taka afstöðu til þess, hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. Því er lagt til, að ráðherra verði veitt almenn heimild til að krefjast viðbótargagna og upplýsinga.

Um 145. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um skyldu til að tilkynna breytingar á því, sem áður hefur verið skrásett og svarar greinin til 14. gr. gildandi laga. Eins og áður, er lagt til, að frestur til að tilkynna breytingar verði einn mánuður sem almenn regla. Hins vegar eru í frumvarpinu ýmsar sérreglur um fresti, sbr. t. d. 127. gr., viku frestur til að tilkynna ákvörðun um samruna, 3. mgr. 128. gr., viku frestur til að tilkynna samruna dótturfélags við móðurfélag. Ástæðurnar fyrir óvenjulega skömmum frestum af þessu tagi eru þær, að opinberir hagsmunir krefjast þess, að vitneskja liggi fyrir um þessi atriði svo fljótt sem verða má.

Um 146. gr.

Grein þessi svarar til 15. og 16. gr. gildandi laga, en er mun ýtarlegri en ákvæði þeirra greina.

Hér er aðallega fjallað um meðferð tilkynninga um hlutafélög.

Í 1. og 2. mgr. er greint á milli ágalla, sem ekki er unnt að bæta úr og ágalla, sem úr má bæta. Í fyrra tilvikinu ber að synja skráningar, en í síðara tilvikinu skal gefa félaginu hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf.

Í 4. mgr. er kveðið svo á um, að gera skuli þriðja aðila viðvart, ef skráning tilkynningar getur skipt hann máli. Það er ráðherra að meta, hvenær svo nærri er gengið hagsmunum þriðja aðila með skráningu tilkynningar, að honum beri að gera viðvart.

Í 5. mgr. er ákveðinn 6 mánaða málshöfðunarfrestur fyrir tilkynnanda, er ekki sættir sig við ákvarðanir samkvæmt 1. og 2. mgr., til að bera málið undir dómstóla.

6. mgr. svarar til 16. gr. gildandi laga.

Um 147. gr.

Grein þessi svarar til 17. og 19. gr. gildandi laga.

Nauðsynlegt er, að tilkynningum til hlutafélagaskrár sé komið til vitundar almennings með opinberri birtingu. Það eru ekki einungis tilkynningar frá félaginu sjálfu, sem birta skal. Um getur verið að ræða athugasemdir, leiðréttingar og breytingar tilkomnar með öðrum hætti.

Í gildandi ákvæðum um birtingu er kveðið svo á um, að birta skuli hverja tilkynningu, sem hefur verið rituð í skrána og sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum skuli tilkynning öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar. Hér er lagt til, að ráðherra hafi nokkuð frjálsari hendur að því er varðar framkvæmd birtingar og því kveðið svo á um að birta skuli aðalefni þess, sem skrásett hefur verið.

Um XVIII. KAFLA

Í þessum kafla (148.—153. gr.) eru ákvæði um refsingar við ýmsum brotum, sem sérstaklega eru tengd rekstri hlutafélaga. Ennfremur eru hér ákvæði um tiltekin þvingunarúrræði, sem beita má til þess að knýja fram, að skylduverk verði unnin. Ef broti er þannig háttað, að þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum koma þær reglur að sjálfsögðu til greina.

Í VIII. kafla gildandi laga eru ákvæði um það efni, er hér um ræðir. Hér er þó ýtarlegar kveðið á um þetta efni og um nokkur nýmæli er að ræða.

Um 148. gr.

Hér er mælt fyrir um þau þvingunarúrræði, sem unnt er að beita, þegar þau skylduverk, sem inna ber af hendi samkvæmt frumvarpinu, ákvæðum félagssamþykkta eða ályktunum hluthafafundar, eru vanrækt. Grein þessi er efnislega samhljóða 52. gr. gildandi laga.

Um 149. gr.

Grein þessi er efnislega svipuð 53. gr. gildandi laga.

Til brota samkvæmt ákvæðum greinarinnar er krafist ásetnings. Hins vegar þarf auðgunartilgangur ekki að vera fyrir hendi til þess, að greinin eigi við. Sé auðgunartilgangur fyrir hendi myndi slíkt venjulega varða við ákvæði almennra hegningarlaga. Takmörk milli brota samkvæmt 2. tl. greinar þessarar og brota samkvæmt 2. mgr. 150. gr. kunna að reynast óglögg, sbr. nánar í athugasemdum við 150. gr.

Um 150. gr.

Fyrri málsgr. greinarinnar er nýmæli.

Þar sem hlutir ganga oft kaupum og sölum, er mikilvægt, að sem áreiðanlegastar upplýsingar liggi fyrir um hag hlutafélags á hverjum tíma og spornað verði gegn því, að rangar hugmyndir skapist um hag þess eða annað, sem það varðar. Því er í 1. mgr. lagt til, að refsing verði lögð við verknaði eða athafnaleysi, sem eru til þess fallin að skapa rangar hugmyndir um hag félags, þannig að áhrif geti haft á söluverð bréfa, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar.

Í síðari málsgr. er um svipuð brot að ræða og getur í 1. tl. 149. gr. Þó er sá munur á, að ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til rangra skýrslna í einkaskjölum, en eru ekki bundin við, að skýrsla sé gefin opinberlega eða til hluthafafundar eða forráðamanna félags. Hliðstætt ákvæði er í 2. tl. 54. gr. gildandi laga.

Ásetnings er krafist samkvæmt greininni.

Um 151. gr.

Hér eru ákvæði um brot, er varða atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. Í 56. gr. gildandi laga eru ákvæði um þetta efni, en þau eru mjög ófullkomin.

Miklu máli skiptir fyrir heilbrigðan félagsrekstur, að atkvæðagreiðslu sé ekki ólöglega raskað og ekki sé beitt ólöglegum áhrifum við framkvæmd hennar og miða ákvæði greinarinnar að því að koma í veg fyrir slíkt. Svarar greinin að mestu til 103. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þó er ekki gert ráð fyrir því hér, að

fésektum verði einungis beitt við smáfelld brot, sbr. 103. gr. alm. hgl., en að öðru leyti eru ákvæðin um refsingar hliðstæð.

Samkvæmt 4. og 5. tl. er refsinæmi við það bundið, að verknaður eða athafnaleysi sé félaginu í óhag.

Um 152. gr.

Grein þessi, sem svarar til 55. gr. gildandi laga, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 153. gr.

Grein þessi er nýmæli. Rétt þykir, að félagið beri ábyrgð á greiðslu fésektar á hendur fyrirsvarsmanna sinna, þegar brot hefur verið framið í sambandi við félagsstarfsemina.

Um XIX. KAFLA

Í þessum kafla (154.—160. gr.) er aðallega fjallað um atriði, er varða gildistöku laganna. Aðalreglan er sú, að ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verða, taka einnig til félaga, sem stofnuð hafa verið, áður en lögin öðlast gildi. Ýmsar undantekningar verður þó að gera frá þessu, eins og síðar verður rakið.

Um 154. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna. Óhjákvæmilegt er, að hæfilegur tími líði frá setningu laganna, þar til þau koma til framkvæmda.

Um 155. gr.

Hér er kveðið á um, að lögin skuli taka til áður stofnaðra og skráðra hlutafélaga. Undantekningar eru greindar í 156.—158. gr.

Um 156. gr.

Hlutafélögum, sem löglega eru stofnuð og skráð að eldri lögum, er skylt að breyta samþykktum sínum til samræmis við lög þessi, sbr. 158. gr., en að öðru leyti koma ákvæði laganna um stofnun hlutafélaga ekki til greina um þau. Rétt þykir, að sama gildi um félög, sem þegar hafa ráðið stofnun sína á stofnfundi, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 77/1921, en um skráningu þeirra fer þá eftir lögum þessum, svo sem við á. Ef stofnun félags er hins vegar skemmra á veg komin, verður að fara eftir ákvæðum laga þessara um stofnun að öllu leyti.

Um 157.—158. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 159. gr.

Rétt þykir, að fyrir hendi sé heimild til þess að kveða á um nánari framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 160. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 453. Lög [134. mál]

um breyting á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

(Afgreidd frá Nd. 30. mars.)

Samhljóða þskj. 354.

Nd. 454. Lög [150. mál]

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

(Afgreidd frá Nd. 30. mars.)

Samhljóða þskj. 296.

Nd. 455. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur haft frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði til meðferðar. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og kallað til sín ýmsa aðila, sem hafa gefið haldgóðar upplýsingar um fyrirhugaða verksmiðju.

Á fundi í nefndinni hafa komið til viðræðna aðilar frá eftirtöldum stofnunum: Náttúruverndarráði, Líffræðistofnuninni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Vita- og hafnamálaskrifstofunni, Járnblendifélaginu, Orkustofnun og Landsvirkjun. Enn fremur mættu á fundum hjá nefndinni forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans, ráðuneytisstjórinn í iðnaðarráðuneytinu, ritari viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, formaður Verkalýðsfélagsins á Akranesi og stjórnarmaður frá Verkalýðsfélaginu á Hvalfjarðarströnd, ásamt oddvita Skilmannahrepps. Skýrðu þeir allir viðhorf sín til verksmiðjumálsins, sem voru yfirleitt jákvæð. Einnig mætti hjá nefndinni Guðmundur Guðmundsson efnafræðingur, stjórnarmaður Sementsverksmiðju ríkisins. Var sérstaklega rætt við hann hvort og hvernig mætti nýta ryksalla frá járnblendiverksmiðjunni í sement. Standa vonir til að það megi gera.

Um fyrfirhugaða járnblendiverksmiðju hefur mikið verið rætt og ritað frá því málið kom fyrst á dagskrá hér á landi.

26. apríl 1975 voru sett lög um að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags í því skyni að koma á fót járnblendiverksmiðju við Grundartanga í Hvalfirði. Fyrirhugað var að reisa verksmiðjuna í samvinnu við bandarísk fyrirtækið Union Carbide Corporation. Með þeim aðila stofnaði ríkisstjórnin Íslenska járnblendifélagið h/f í aprílmánuði 1975. Eignarhluti íslendinga var 55%, en eignarhluti Union Carbide 45%. Union Carbide gekk úr félaginu á s. l. sumri, en ríkisstjórnin yfirtók hlut þess í Járnblendifélaginu. Um það samdist að Union Carbide greiddi íslendingum 850 millj. kr. Var upphæðin miðuð við að ríkissjóður yrði skaðlaus vegna ýmiss konar kostnaðar við undirbúning fyrirtækisins svo og Landsvirkjun vegna seinkunar á orkusölu. Viðræður voru teknar upp við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket a/s um aðild að fyrirtækinu. Samningar tókust og hafa þeir verið undirritaðir af Íslands hálfu með fyrirvara um samþykkt Alþingis á frumvarpi því, sem iðnaðarnefnd hefur nú fjallað um. Stofnkostnaður verksmiðj-

unnar er áætlaður 447 millj. norskra króna á verðlagi ársins 1978. Hefur áætlaður stofnkostnaður því hækkað um 71 millj. norskra króna frá árinu 1974. Áætluð ársframleiðsla er nú 50 þús. tonn, en var í eldri áætlun 47 þús. tonn. Orkustofnun og Landsvirkjun hafa gert grein fyrir orkusölusamningum til járnblendiverksmiðjunnar.

Skoðanir manna eru nokkuð skiptar um gildi stóriðju fyrir íslendinga, eins og eðlilegt má telja, þar sem um mál er að ræða, sem ekki er fengin löng reynsla fyrir. Ýmsir óttast mengun og óheilbrigði af völdum verksmiðjunnar og hafa snúist gegn málinu þess vegna. Vegna umræðna um mengunarhættu þykir rétt að birta hér kafla úr skýrslu Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 9. apríl 1975. Í þeirri skýrslu segir m. a.:

„Varðandi fyrirhugaða kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði er það mat Náttúruverndarráðs, að hættan á skaðlegum áhrifum á lífríki vegna mengunar af hennar völdum sé ekki veruleg, ef allar tiltækar varúðarráðstafanir eru gerðar, og minni en af öðrum málmblendiiðnaði, svo sem af framleiðslu mangan- og krómjárnblendis. Veldur því fyrst og fremst annað hráefni svo og annar tæknibúnaður til mengunarvarna. Þrátt fyrir áratugareynslu af mikilli og hvimleiðri rykmengun frá kísiljárnbræðslum í Noregi hafa að sögn umhverfisyfirvalda þar, Statens forureningstilsyn miljödepartementet, ekki komið fram neinar upplýsingar, sem benda til þess, að slík mengun hafi haft skaðleg áhrif á gróður eða dýralíf. Á hinn bóginn var það einnig upplýst, að það hafði ekki verið sérstaklega rannsakað, og að sjálfsögðu höfum við ekki reynslu af slíkri starfsemi hér á landi. Með þeim tæknibúnaði til rykhreinsunar, sem þróaður hefur verið á allra síðustu árum, hafa skapast möguleikar á stórfelldum úrbótum frá því sem áður var til varnar rykmengun út frá kísiljárnverksmiðjum og jafnframt verið unnt að bæta verulega innri starfsskilyrði í slíkum verksmiðjum.“

Hér hafa verið tilgreind nokkur atriði úr greinargerð Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríksins.

Mengunarvarnir eru nú miklu fullkomnari en gerst hefur allt fram á síðustu ár. Fullkomnustu rykhreinsunartæki verða notuð í verksmiðjunni á Grundartanga og fylgt ströngustu reglum til þess að koma í veg fyrir mengun. Með ýmsum skilyrðum, sem heilbrigðisráðuneytið hefur sett fyrir starfsleyfi til handa járnblendiverksmiðjunni ætti að vera fengin trygging fyrir því að ströngum reglum um mengunarvarnir innan og utan verksmiðjunnar verði fylgt.

Eins og áður segir komu forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans til viðræðna við iðnaðarnefnd um járnblendiverksmiðjuna. Liggur fyrir allítarleg greinargerð frá Þjóðhagsstofnun um málið. Hér skulu tilfærð lokaorð Þjóðhagsstofnunar. Þar segir m. a.:

„Helstu niðurstöður þessara athugasemda eru þær, að í samanburði við fyrri samninga séu áætlanir um stofnun og rekstur fyrirtækisins mun traustari en áður. Á þetta einkum við um stofnkostnaðar- og rekstrarkostnaðaráætlanir um sölu og markaðsmál og fjáröflun til byggingar verksmiðjunnar. Hins vegar sýna núverandi áætlanir minni arðsemi en þær fyrri, enda sennilega mun varkárari en þær áætlanir sem gerðar voru í samvinnu við Union Carbide. Mest áhætta virðist bundin forsendum um þróun markaðsverðs, þótt hún sé almennt talin verða svipuð því, sem þessar áætlanir gera ráð fyrir.“

Í umræðum um málið á Alþingi mun verða vitnað til hinnar ítarlegu greinargerðar Þjóðhagsstofnunar frekar en hér er nú gert.

Iðnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins um járnblendiverksmiðjuna. Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið rækilega og önnur gögn, sem

málið snerta. Að vel athuguðu máli mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 31. mars 1977.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.
Benedikt Gröndal, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.
Pétur Sigurðsson.

Sþ. 456. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að setja Þjóðhátíðarsjóði þá skipulagsskrá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Aðdragandi.

Á árinu 1971 hóf bankastjórn Seðlabankans máls á því við bankaráð, að útgáfa sérstakra minnispeninga væri verðugt framlag Seðlabankans í sambandi við hátíðarhöld í tilefni 1100 ára afmælis Íslands byggðar á árinu 1974. Var í framhaldi af þessu þegar hafinn undirbúningur slíkrar útgáfu, og var málið kynnt bæði ríkisstjórn og Þjóðhátíðarnefnd 1974, og fékk það góðar undirtektir beggja aðila. Var síðan hafist handa um undirbúning myntútgáfunnar, en nánar er skýrt frá framkvæmd myntsláttunnar og sölu myntarinnar í greinargerð bankastjórnar Seðlabankans, sem fylgir hér með sem fylgiskjal II.

Sala þjóðhátíðarmyntarinnar hófst vorið 1974, og gekk hún mjög vel. Lokauppgjör á sölutekjum var miðað við 31. desember 1975, og voru hreinar sölutekjur umfram allan kostnað taldar vera 337 millj. kr. miðað við uppgjörsdag. Af þessari fjárhæð var ákveðið að leggja 300 millj. kr. í sérstakan sjóð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Mismuninum er ætlað að standa undir ýmsum öðrum kostnaði, svo sem síðar mun að vikið.

Ráðstöfun hagnaðar af þjóðhátíðarmynt.

Áður en til útgáfu þjóðhátíðarmyntar kom var rækilega rætt um það, hversu ráðstafa skyldi þeim arði, sem af útgáfunni yrði. Tók bankaráð og bankastjórn Seðlabankans þegar þá afstöðu, að óeðlilegt væri, að bankinn tæki upp á sitt eindæmi ákvörðun um ráðstöfun svo mikilla fjármuna, þótt enginn vafi léki á því, að hér væri í raun um tekjur bankans að ræða og útgáfan væri gerð að frumkvæði hans. Hins vegar þótti rétt, að bankinn gerði tillögur um ráðstöfun fjárins, en ákvörðunarvald í því efni yrði í höndum ríkisstjórnar og Alþingis. Í samþykkt bankaráðsins um þetta efni sagði svo:

„Stjórn Seðlabankans mun í lok þjóðhátíðarársins afhenda ríkisstjórninni allan ágóða af útgáfu minnispeninganna með tillögum sínum um að honum verði varið til þess að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur fengið í arf.“

Var þessi tillaga rædd við ríkisstjórnina, og hlaut hún þar góðar undirtektir, en frekari ákvörðunum í málinu frestað, þangað til vitað væri, hver ágóðinn af sölunni yrði.

Málið var svo tekið upp að nýju í viðræðum milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar í lok ársins 1974 og gerði bankastjórnin þá ríkisstjórninni grein fyrir þeirri megintillögu sinni, að stofnaður yrði sérstakur sjóður af ágóða þjóðhátíðarmyntarinnar, en megintilgangur hans yrði sá, sem að framan er lýst. Þar sem nokkur hluti hinnar sérunnu myntar var þá óseldur, var fyrirsjáanlegt, að endanlegt uppgjör á söluhagnaði mundi dragast. Þótti því ekki tímabært að ræða frekar um skipulag sjóðsins á því stigi málsins. Hins vegar var á það bent af hálfu forsætisráðherra, að æskilegt væri að nokkrum hluta ágóðans yrði varið til þess að greiða ýmsan kostnað vegna þjóðhátíðarinnar, sem ekki höfðu reynst nægar fjárveitingar fyrir.

Hinn 10. desember 1976 gerði svo stjórn Seðlabankans opinberlega grein fyrir þeim hagnaði, sem orðið hafði af sölu þjóðhátíðarmyntarinnar, og skýrði um leið frá tillögum þeim, sem hún óskaði að gera varðandi verkefni og skipulag Þjóðhátíðarsjóðs. Í tillögunum er gert ráð fyrir, að fjárhæð sjóðsins verði 300 millj. kr., og hefur forsætisráðuneytið í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dómsmálaráðuneytið samið þá skipulagsskrá fyrir sjóðinn, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Greiðsla kostnaðar vegna þjóðhátíðar.

Svo sem að framan getur taldi ríkisstjórnin eðlilegt, að nokkrum hluta ágóðans af sölu þjóðhátíðarmyntarinnar yrði varið til þess að greiða ýmsan kostnað vegna þjóðhátíðarinnar, sem ekki var annað fé til að mæta. En nokkurn hluta þessa fjár hafði ríkissjóður lagt út umfram fjárveitingar.

Í samræmi við þetta og fyrir tilmæli forsætisráðuneytisins hefur Seðlabanki Íslands greitt eftirstöðvar vegna þjóðhátíðarhaldsins 1974 af tekjum af sölu þjóðhátíðarmyntar. Fyrir árslok 1976 greiddi bankinn 39 088 794 kr. sem sundurliðast þannig: Gjábakkavegur 25 414 505 kr., Sögusýning 9 675 289 kr. og Íslandskvikmynd 3 999 000 kr. Jafnframt hefur Seðlabankinn á þessu ári greitt 15 000 000 kr. af tekjum af sölu þjóðhátíðarmyntar til þeirra aðila, sem standa að byggingu Sögualdarbæjar í Þjórsárdal, en það fé á að nægja til að ljúka þeirri framkvæmd. Alls hefur bankinn þá greitt 54 088 794 kr. vegna þjóðhátíðarinnar, og hefur hluti þeirrar fjárhæðar komið af vöxtum af Þjóðhátíðarsjóðnum á árinu 1976, svo þær greiðslur skerða ekki stofnfé hans.

Um fjárhagslega niðurstöðu á þjóðhátíðarhaldinu 1974 er það almennt að segja, að skuld Þjóðhátíðarnefndar 1974 við ríkissjóð í ársbyrjun 1977 var 47 384 160 kr. Við lyktir á störfum sínum skilaði nefndin ýmsum birgðum upp í skuld sína við ríkissjóð. Bókfært verð þeirra birgða, sem að mestum hluta eru postulínsvörur, var 48 563 621 kr. Hefðu birgðir selst á bókfærðu verði, væru nettó-skil nefndarinnar við ríkissjóð jákvæð um 1 179 461 kr. Í skuldatölu nefndarinnar eru 4 656 480 kr., sem greiddar höfðu verið vegna Sögu Íslands, en eðlilegt virðist, að skuldatalan sé lækkuð um þá upphæð, þar sem ritun sögunnar er ekki lokið en útgáfa hennar á að standa undir þessum kostnaði. Með þessum hætti reiknað eru nettó-skil nefndarinnar við ríkissjóð jákvæð um 5 835 941 kr. Nokkuð af birgðum nefndarinnar hefur þegar verið selt. Ákveðið hefur verið, að Innkaupastofnun ríkisins, sem hefur þessar birgðir í vörslu sinni, auglýsi nú lokadag á sölu postulínsplatta, sem settir voru á markað sem minjagripir, og verði síðan það magn, sem óselt er eftir þann dag, tekið af almennum markaði og þannig frá því gengið, að söfnunargildi hinna seldu muna haldist.

Í greinargerð, sem forsætisráðuneytið fékk frá fyrrverandi framkvæmdastjóra Þjóðhátíðarnefndar 7. febrúar 1977, segir, að þegar metin sé afkoma þjóðhátíðarhaldsins sé nauðsynlegt að hafa í huga, að tollar og söluskattur af heildarinnflutningi nefndarinnar hafi numið tæpum þrjátíu milljónum króna. Fyrir minnispeninga, sem nefndin gaf út, hafi þessi gjöld numið 14.2 millj. kr. Síðan segir, að fjárveitingar til nefndarinnar samkvæmt fjárlögum allan þann tíma, sem hún starfaði, muni ekki

hafa náð 5 milljónum króna samtals. Hins vegar hafi heildarútgjöld nefndarinnar samkvæmt reikningsyfirliti í febrúar 1975 numið 142 milljónum króna, þegar dreginn hafi verið frá kostnaður við gerð Gjábakkavegar og vaxtagjöld vegna víxilláns til hans, en Gjábakkaveg taldi nefndin aldrei til hátíðarkostnaðar. Samkvæmt sama yfirliti höfðu þá verið greiddar rúmar 107 milljónir króna til ríkisféhirðis, sem voru tekjur Þjóðhátíðarnefndar, og aflað hafði verið með minjagripasölu að langstærstum hluta. Þjóðhátíðarnefnd hafði enga fjármunasýslu með höndum eftir að reikningsyfirlit þetta var gert.

Verkefni Þjóðhátíðarsjóðs.

Í þeirri skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, sem fylgir hér sem fylgiskjal I, er sjóðnum ætlað það meginhlutverk að vinna að varðveislu þeirra miklu verðmæta menningar og náttúru, sem íslendingar hafa fengið í arf. Á síðari tímum hafa menn vaknað til meðvitundar um það, að hinar ótrúlega öru tæknibreytingar nútímans eru að eyða fyrir augum okkar óbætanlegum menningararfi og spilla mörgum fegurstu stöðum landsins. Þó reynt hafi verið að spyrna við fótum með vaxandi framlögum og verndunaraðgerðum af hálfu ríkis og annarra aðila, blandast vafalaust engum hugur um þau miklu verkefni, sem hér eru ónunin. Mun því þessi nýi sjóður vafalaust hafa ærnu hlutverki að gegna.

Við skilgreiningu á verkefni sjóðsins hefur einkum verið haft tvennt í huga. Í fyrsta lagi er rétt að afmarka ekki hlutverk sjóðs sem þessa svo þröngt, að til baga geti orðið, því erfitt er að sjá fyrir, hvar skórinn muni helst kreppa í framtíðinni. Í öðru lagi hefur þó þótt rétt að taka út úr tvö verkefni, þar sem um óvenjumikla fjárþörf verður að ræða á næstu árum, ef hamla á móti örri og vaxandi eyðileggingu. Er hér annars vegar um að ræða náttúruvernd, en hins vegar varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta, sem dreifð eru um allt land. Er ætlað að binda einn fjórða af ráðstöfunarfé sjóðsins til hvors þessa verkefnis fyrir sig. Í fylgiskjölum III — V er að finna greinargerðir, sem samdar hafa verið af hálfu Náttúruverndarráðs, Þjóðminjasafns Íslands og Húsafriðunarnefndar, og er þar nánar gerð grein fyrir verkefnum þessara aðila og þörf þeirra fyrir aukið fjármagn til að sinna aðkallandi varðveislustarfi.

Hinum helmingnum af ráðstöfunarfé sjóðsins mundi stjórn hans úthluta í samræmi við meginmarkmið hans, og koma þá einnig til greina viðbótarfjárframlög til fyrrgreindra verkefna. Af þessu fé gæti sjóðurinn m. a. veitt styrki til opinberra safna, þ. á m. Landsbókasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar, en báðum þessum stofnunum er oft þörf sérstakra viðbótarframlaga, t. d. til kaupa á handritum, fágætum bókum og til varðveislu og viðgerðar á dýrgripum, sem liggja undir skemmdum. Það mundi einnig vera innan starfsvettvangs Þjóðhátíðarsjóðs að styrkja ýmsa söfnun aðra, er miðaði að því að varðveita upplýsingar um menningu fyrri kynslóða, og má þá t. d. nefna söfnun gamalla gripa bæði á vegum Þjóðminjasafns og annarra safna, söfnun sagnfræðilegra heimilda, upplýsinga um þjóðhætti og hvers konar munnlega geymd. Styrkir úr sjóðnum til úrvinnslu og rannsókna á slíkum gögnum og útgáfu rita um þau efni mundu einnig koma til álita. Upptalningu sem þessa ber þó ekki að skoða sem tilraun til tæmandi tilgreiningar á starfssviði og verkefnum sjóðsins, heldur frekar til leiðbeiningar um það, hver meginverkefnin muni væntanlega verða.

Ávöxtun sjóðsins, skipulag og stjórn.

Gert er ráð fyrir því, að Þjóðhátíðarsjóður verði ávaxtaður í Seðlabankanum, og verði reynt að láta hann njóta hagkvæmustu ávöxtunarkjara. Ekki þykir ástæða til þess að setja ákveðnari reglur um ávöxtun sjóðsins í stofnskrá, en hugsanlegt væri, að einhver hluti af fjármagni sjóðsins yrði ávaxtaður með lánum til ríkissjóðs í því skyni að fjármagna framkvæmdir, sem eru menningarlega mikilvægar og

standa nærri verksviði sjóðsins. Hefur ríkisstjórnin m. a. í huga, að til greina komi, að Þjóðhátíðarsjóður veiti lán til þess að fjármagna fyrsta áfanga byggingar Þjóðarbókhlöðu, sem er orðin aðkallandi framkvæmd, sem vafalaust nýtur mikils stuðnings á Alþingi. Verði um slíkar lánveitingar að ræða, er hins vegar eðlilegt, að þær verði með kjörum, sem séu ekki lakari en þau, sem sjóðurinn getur best fengið með öðrum hætti.

Heimilt er að ráðstafa árlega öllum tekjum sjóðsins til styrkveitinga. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að ganga á eða skerða stofnfé hans. Verði sjóðurinn t. d. ávaxtaður miðað við þau kjör, sem nú gilda um vaxtaaukareikninga, mundi árlegt ráðstöfunarfé nema um 66 millj. kr.

Lagt er til að sjóðsstjórn verði skipuð fimm mönnum og skulu þrír þeirra kjörnir af sameinuðu Alþingi, einn tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ákveður bæði, hve miklu fé verði varið til styrkveitinga hverju sinni og hverjir styrkina skuli hljóta. Ber hún í einu og öllu ábyrgð á stefnu sjóðsins og starfsemi, Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, annar kostnaður greiðist af sjóðnum sjálfum, en stjórn hans verður ólaunuð.

Fylgiskjal I.

SKIPULAGSSKRÁ FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐ

Sjóðurinn heitir Þjóðhátíðarsjóður.

Stofnfé hans er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

Forsætisráðuneytið hefur í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dómsmálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands samið eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 300 000 000 — þrjú hundruð milljónir króna —, sem er ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu þjóðhátíðarmyntar í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjáruppháðum, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæmustu kjörum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

a) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs.
b) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns.

Að öðru leyti úthlutar stjórn sjóðsins ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi við megintilgang hans, og komi þar einnig til álita viðbótarstyrkir til þarfa, sem getið er í liðum a) og b).

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum, er sjóðsstjórn ákveður. Úthlutun styrkja skal fara fram árlega og tilkynning um hana birt opinberlega.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera fimm menn skipaðir til fjögurra ára. Þrír skulu kjörnir af Sameinuðu Alþingi, einn skal tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Sömu aðilar skulu kjósa og skipa jafnmarga varamenn til sama tíma. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

8. gr.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og sjóðsstjórnar.

Annar kostnaður greiðist úr sjóðnum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal með þingsályktun heimildar Alþingis til að setja skipulagsskrá þessa. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á henni og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fylgiskjal II.

Greinargerð um þjóðhátíðarmynt og tillaga um sjóðsstofnun.

Ávarp Jóhannesar Nordals,
formanns bankastjórnar
Seðlabanka Íslands 10. desember 1976.

Mér er það sönn ánægja að mega fyrir hönd bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans bjóða gesti okkar velkomna hingað í dag. Svo sem yður er kunnugt, er tilefnið að gera grein fyrir stofnun sjóðs af þeim ágóða, sem orðið hefur af sölu þjóðhátíðarmyntar 1974, og tillögum bankans um ráðstöfun hans. En áður en að því kemur, þykir mér við eiga að rekja sögu máls þessa stuttlega.

Undirbúningur að útgáfu þjóðhátíðarmyntar hófst á árinu 1971 en þá var ákveðið, að útgáfa sérstakrar myntar, ásamt hátíðarútgáfu af handbókinni ICELAND, skyldi vera framlag Seðlabankans til hátíðarhalda í minningu 1100 ára afmælis

Íslands byggðar. Hafði bankastjórnin frá upphafi samráð um málið bæði við ríkisstjórn og þjóðhátíðarnefnd 1974, sem sýndi málinu mikinn áhuga. Á árinu 1972 fór fram hugmyndasamkeppni um gerð þjóðhátíðarmyntar, og urðu tillögur Þrastar Magnússonar, teiknara, fyrir valinu. Sá hann um endanlega hönnun myntarinnar í samráði við Royal Mint í London. Jafnframt var rækilega kannað í samvinnu við erlenda sérfræðinga, hvaða myntstærðir væru heppilegastar til sölu og hverjir sölumöguleikar væru erlendis. Var að lokum ákveðið að gefa út þrjá peninga, 10 þús. kr. gullpening, tvo silfurpeninga, 1000 kr. og 500 kr. að nafnverði. Rúmlega helmingur upplagsins skyldi vera venjuleg slátta, en hinn hlutinn sérunnin slátta, er seld yrði yfir nafnverði. Mun ég ekki rekja gerð myntarinnar frekar hér, enda upplýsingar um það öllum tiltækar.

Sala þjóðhátíðarmyntarinnar hófst 4. apríl 1974, og var hún til sölu bæði hér innan lands og erlendis, þar sem Royal Mint annaðist sölu hennar og dreifingu. Gekk salan vel, og voru allar gerðir hennar uppseldar um miðjan ágúst það ár, nema hinir sérunnu silfurpeningar. Reyndist sala þeirra erlendis heldur tregari en vonir stóðu til, og var því ákveðið að minnka upplag þeirra lítið eitt, frá því sem upphaflega var ákveðið.

Lokaupplag myntarinnar var sem hér segir. Slegnir voru 20 þús. gullpeningar, þar af 8 þús. sérunnir peningar og 111 þús. silfurpeningar af hvorri stærð, en af þeim voru 41 þús. sérunnir. Að nafnverði var verðgildi þjóðhátíðarmyntarinnar 366.5 millj. kr., en miðað við verð á innanlandsmarkaði var heildsöluandvirði að meðtöldum umbúðum og yfirverði á sérunninni mynt samtals 524 millj. kr. Rúmlega tveir þriðju hlutar myntarinnar voru seldir hér innan lands, en nokkur hluti þeirrar sölu var til erlendra aðila, er keyptu af íslenskum myntsölum. Mun láta nærri, að um helmingur þjóðhátíðarmyntarinnar hafi verið seldur beint á erlendan markað. Nægðu þær gjaldeyristekjur til þess að greiða öll útgjöld vegna myntarinnar í erlendum gjaldeyri, þ. e. a. s. kaup á málmi, myntsláttu- og sölukostnað.

Vegna mikilla verðbreytinga og gengisbreytinga á framleiðslu- og sölutíma myntarinnar fer mat á söluhagnaðinum að nokkru eftir forsendum um umreikning á milli mynta. En samkvæmt heildaruppgjöri, sem samþykkt hefur verið af bankaráði, eru hreinar sölutekjur umfram allan kostnað taldar vera 337 millj. kr. miðað við uppgjörsdag, sem var 31. desember 1975. Með tilliti til þess, að einhver frekari kostnaður getur orðið vegna innlausnar á mynt og fleiru, og bankinn hefur fallist á að taka þátt í ýmsum óuppgerðum kostnaði vegna þjóðhátíðarinnar eftir nánara samkomulagi við ríkisstjórnina, hefur verið ákveðið að 300 millj. kr. af þessum söluhagnaði skyldu lagðar í sérstakan sjóð til varðveislu í Seðlabankanum og til frekari ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar. Er þessi fjárhæð í góðu samræmi við þær hugmyndir, sem bankastjórnin hafði fyrirfram gert sér um væntanlegan hagnað af myntútgáfunni.

Þar sem þetta er í fyrsta skipti, sem Seðlabankinn hefur ráðist í útgáfu sérstakrar minningarmyntar í ágóðaskyni, hlaut það að vera nokkurt álitamál, hversu með ráðstöfun hagnaðarins skyldi farið af Seðlabankans hálfu. Tók stjórn bankans þetta mál til meðferðar og umræðu við ríkisstjórnina þegar í lok ársins 1973 og áður en í útgáfu myntarinnar var endanlega ráðist. Leiddi þetta til eftirfarandi meginniðurstöðu.

Annars vegar taldi stjórn bankans óeðlilegt, að hún tæki upp á sitt eindæmi ákvörðun um að verja svo miklum fjármunum til þarfa utan við verksvið bankans, enda þótt enginn vafi leiki á um formlega eignaraðild að þessu fé. Var því ákveðið, að bankinn gerði tillögur um þetta efni til ríkisstjórnarinnar, sem síðan tæki endanlega ákvörðun um ráðstöfun fjárins.

Hins vegar lagði bankastjórnin þá þegar fram þá hugmynd við ríkisstjórnina, að væntanlegum hagnaði yrði „varið til að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf“, eins og það er orðað í samþykkt bankaráðsins.

Var þessum hugmyndum vel tekið af ríkisstjórninni, en engar formlegar ákvarðanir voru þá teknar í málinu, en að því stefnt, að endanlegar tillögur bankans yrðu lagðar fyrir ríkisstjórnina, þegar sölu myntarinnar væri lokið og uppgjör lægi fyrir. Nú er allt þetta farsællega til lykta leitt og því tími kominn til þess, að formlega verði gengið frá ráðstöfun þess fjár, sem fyrir hendi er og ég hef þegar gert grein fyrir. Vil ég leyfa mér að rekja nánar tillögur bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans í þessu efni. Falla þær í tvo meginþætti, annars vegar ákvörðun stjórnar bankans um stofnun sjóðs og ávöxtun hans, en hins vegar tillögugerð til ríkisstjórnarinnar um hlutverk sjóðsins og stjórn.

Að því er fyrra atriðið varðar, hefur bankaráð Seðlabankans nú að tillögu bankastjórnarinnar ákveðið að stofna sérstakan sjóð af ágóða af útgáfu þjóðhátíðarmyntar. Nefnist hann Þjóðhátíðarsjóður og er stofnfé hans 300 millj. kr.

Seðlabankinn sér um varðveislu sjóðsins og mun leitast við að ávaxta hann með sem hagkvæmustum kjörum. Er heimilt að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við hlutverk hans, eins og það verður ákveðið í stofnskrá. Einnig skal heimilt, ef sjóðsstjórn telur það æskilegt, að ganga á höfuðstól sjóðsins, en þó aldrei meira en sem nemur einum tíunda árlega af upphaflegu stofnfé hans.

Stjórn Seðlabankans vill jafnframt óska eftir því við hæstvirta ríkisstjórn, að hún setji sjóðnum sérstaka stofnskrá, þar sem kveðið verði á um hlutverk hans og stjórn. Jafnframt leyfir hún sér að gera eftirfarandi tillögur um meginefni stofnskrárinnar.

1) Hlutverk Þjóðhátíðarsjóðs verði að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf. Ákveðið verði í stofnskrá, að tiltekinn hluti af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins gangi til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs, en annar fastur hluti til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Að öðru leyti ráðstafi stjórn sjóðsins fjármunum hans til styrkveitinga í samræmi við megintilgang sjóðsins, og komi þar einnig til greina viðbótarstyrkir til áðurnefndra þarfa.
2) Lagt er til, að stjórn sjóðsins skipi þrír menn. Verði einn tilnefndur af ríkisstjórn Íslands, einn af Háskóla Íslands, en hinn þriðji af Seðlabankanum. Forsætisráðherra skipi formann sjóðsstjórnar.
3) Hlutverk sjóðsstjórnar verði að ákveða, hversu miklu fé skuli verja til styrkveitinga á ári hverju innan þeirra marka, sem áður greinir. Einnig ráðstafi hún fé sjóðsins til styrkveitinga, en ákvarðanir stjórnarinnar um það efni taki þó ekki gildi, nema að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra.
4) Leitast verði við að tryggja, að styrkir úr Þjóðhátíðarsjóði verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Áður en ég lýk þessu máli mínu, langar mig til þess að styðja þær tillögur, sem ég hef nú flutt um ráðstöfun Þjóðhátíðarsjóðsins, nokkrum frekari rökum. Okkur, sem í stjórn Seðlabankans sitjum, er vissulega ljóst, að víða er fjár vant til framgangs góðra mála, svo að margar aðrar þarfir hefðu getað komið til álita. Tvennt réð þó öðru fremur þeirri tillögugerð, sem ég hef lýst. Í fyrsta lagi er hér ekki um svo mikla fjármuni að ræða, að þeir geti komið að verulegu gagni, nema notkun þeirra sé takmörkuð við tiltölulega þröngt svið. Í öðru lagi hafa þessar tekjur orðið til í beinu tilefni þjóðhátíðar til minningar um 1100 ára byggð á Íslandi, hátíðar, sem fyrst og fremst hafði þann tilgang að minna núlifandi kynslóð á þann arf, sem ellefu alda búseta forfeðra okkar í landinu hefur fært okkur í hendur. Réttlæting slíkra hátíðahalda hlýtur einkum að vera sú að hvetja til ræktarsemi við þann menningararf, sem er undirstaða sjálfstæðis íslendinga í dag,

og við það land, sem fóstrað hefur þjóð okkar allar þessar mörgu aldir og okkur er skylt að rækta og vernda um ókomna tíð. Það var einmitt slík ræktarsemi, sem Alþingi sýndi með samþykkt landgræðsluáætlunar á Þingvöllum sumarið 1974, og mun væntanlega síðar staðfesta með byggingu þjóðarbókhlöðu.

Enn bíða þó ótal verkefni, ef við viljum sýna landi okkar og menningu þá rækt, sem skylt væri. Um allt land eru þjóðarminjar og gömul menningarverðmæti að eyðast og falla fyrir tímans tönn og nýjum siðum, og mörg eru þau náttúruvé, sem skylt væri að friðlýsa og varðveita ósnortin fyrir komandi kynslóðir. Að þessum og þvílíkum verkefnum vonum við, að hægt verði að vinna af meiri þrótti og með betri árangri fyrir atbeina þess sjóðs, sem nú er verið að stofna.

Fylgiskjal III.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ.

Greinargerð um verkefni Friðlýsingarsjóðs.

Árið 1973 kom til athugunar að taka þátt í margra þjóða myntútgáfu til stuðnings náttúruvernd. Átti ég nokkur viðtöl um það mál við Seðlabankann en þessháttar myntútgáfa hefði orðið að vera á hans vegum. Sá aðili erlendur, sem til þessa vildi stofna, var World Wildlife Fund. Í þessum umræðum kom í ljós að fyrirhugað var að gefa út þjóðhátíðarmynt 1974, og var ekki talið ráðlegt að Ísland bendlaði sig við nokkra aðra myntútgáfu um svipað eða sama leyti. Kom þá einnig fram hjá bankastjórn Seðlabankans, að ætlunin var að bankinn beitti sér fyrir því að ríflegur hluti af ágóðanum af sölu þjóðhátíðarmyntar gengi til náttúruverndar.

Í tillögum Seðlabankans, sem að sjálfsögðu hafa mótast smátt og smátt, er nú gert ráð fyrir því, að ¼ af fé sjóðsins gangi til Friðlýsingarsjóðs á vegum Náttúruverndarráðs, og þá einnig ráðgert að veita megi viðbótarstyrki í sama skyni af öðru fé sjóðsins, sem ekki er bundið til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta, á vegum Þjóðminjasafns. Það er meginstefna nýju náttúruverndarlaganna að tengja saman náttúruvernd og útivistarmál, vernda fagra staði og svæði og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að menn fái notið þess sem friðað er. Ætlunin er að tengja þjóðina sem best við landið þótt þéttbýli aukist og færri og færri séu því tengdir landinu beint við dagleg störf eins og áður var. Þá er einnig hugsunin sú, að varðveita með friðun skemmtileg svæði, gróður og dýralíf, eftir því sem nauðsyn ber til vegna óhjákvæmilegra breytinga sem nútíma framkvæmdalífi fylgja. Almennt er nú viðurkennt að þetta þurfi að gera og að framkvæmdir af þessu tagi séu nauðsynlegur liður í lífi menningarþjóða. Verður því að ætla hæfilegt fé til þeirra framkvæmda, sem þarna þurfa að koma til.

Ríkisstjórn og Alþingi hafa sýnt þessu máli skilning og hefur verið veitt fé til starfrækslu Náttúruverndarráðs á þann veg, að töluvert hefur verið hægt að gera af því, sem ekki hefur haft verulegan stofnkostnað í för með sér, og sérstaklega hefur einnig verið veitt fé til uppbyggingar í þjóðgarðinum í Skaftafelli, sem þjóðin hefur þegar haft mikla ánægju af.

Á hinn bóginn hefur ekki reynst tiltækilegt að veita verulegt fé til Friðlýsingarsjóðs, sem á að standa undir stofnkostnaði við framkvæmdir. Hefur ekkert í hann safnast, og til hans eru áætlaðar 5.5 milljónir á þessa árs fjárlögum. Þá eru veittar 7 milljónir til framkvæmda í Skaftafelli, og 3 milljónir í Jökulsárgljúfrum. Hrekkur þetta að sjálfsögðu skammt til þess að halda megi áfram framkvæmdum á þessu sviði með hóflegum hraða, og framundan eru brýn verkefni. Það veltur því mjög mikið á því að ríkisstjórn og Alþingi fallist á tillögu Seðlabankans um þjóðhátíðarsjóðinn. Það er þýðingarmikið atriði í tillögunni, að sett verði í stofnskrá sjóðsins að ¼ af fé hans gangi til Friðlýsingarsjóðs vegna þess að friðunarframkvæmdir,

sem hafa stofnkostnað í för með sér, t. d. landkaup og byggingar, þarf að undirbúa mjög vel, og oft á löngum tíma, og að þeim því ekki hægt að standa skynsamlega nema vissa um fjármagn sé framundan.

Í framhaldi af þeim upplýsingum sem ég hef gefið Seðlabankanum í sambandi við undirbúning þessa máls, þykir rétt að láta í té eftirfarandi yfirlit um framkvæmdir í þessari grein á næstu árum, sem nú þegar eru á undirbúnings- og umræðustigi:

1. **Landakaup:** Þjóðgarðar skulu vera á ríkislandi. Síðasta áratug hafa tvær jarðir verið keyptar til slíkra nota, Skaftafell í Öræfum og Ás í Kelduhverfi. Á umræðu- eða undirbúningsstigi eru þessi mál:

   A) **Undir Jökli.** Svæðið frá Dagverðará að Gufuskálum er nú óbyggt, nema vitavörður er á Malarrifi. Brýnt er að koma upp einum þjóðgarði við sjávarsíðuna og er þetta svæði vel til þess fallið, fagurt og sérkennilegt með afbrigðum. Þarna eru nokkrar jarðir í einkaeigu, sem þyrftu að komast í þjóðareign, til að þjóðgarðshugmyndin komist í framkvæmd.

   B) **Jökulsárgljúfur.** Stækkun þjóðgarðs austan Jökulsár. Falast hefur verið eftir jarðahlutum í því skyni. Kæmi þá gljúfradalurinn allur inn í þjóðgarðinn.

   C) **Skaftafell.** Stækkun þjóðgarðs, og þá með því að fá hluta af Núpsstaðarlandi til viðbótar. (Núpsstaðarskógur, Grænalón og umhverfi o. s. frv.)

   D) **Brynjudalur—Botnsdalur.** Mikill áhugi er á því að land í dölum þessum komi að verulegu leyti til almenningsnota og friðunar vegna þéttbýlisins við Faxaflóa.

   E) **Þingvallasvæðið.** Ráðstafanir á Þingvallasvæðinu, vegna þess að þar þurfa að koma til vaxandi útivistarafnot í almannaþágu. Er hér átt við allt umhverfi Þingvallavatns, og liggja fyrir tillögur frá samkeppni, sem fram fór um hugmyndir að nýtingu svæðisins, þ. á m. til útivistar og búskapar. Yrðu hér að koma til landkaup einhver, ef vel ætti að vera, og svo annar stofnkostnaður.

   F) **Friðlýst svæði,** (friðlönd, náttúruvætti) eru mörg á löndum í einkaeign. Komi til, að þessháttar lönd séu boðin til sölu, getur staðið þannig á, að nauðsynlegt væri að geta hagnýtt takmarkaðan forkaupsrétt Náttúruverndarráðs. Sama er að segja um lönd á náttúruminjaskrá.

2. **Framkvæmdir í þjóðgörðum:** Um þær segir í náttúruverndarlögum 25. grein. „Í þjóðgörðum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll.“ Þar kemur til m. a.:

   A) **Skaftafell.** Náttúruverndarráð hefur komið upp þjónustumiðstöð, þ. e. tjaldsvæðum, snyrtihúsi, gæslumannaíbúðum, bílastæðum o. s. frv. Eftir er að leggja göngustíga, girða og koma göngubrú á Morsá. Eru þetta talsvert kostnaðarsamar framkvæmdir.

   B) **Jökulsárgljúfur.** Þar má nú heita að allt sé ógert. Þjónustumiðstöð þar, hliðstæð þeirri í Skaftafelli, er efst á framkvæmdaskrá ráðsins. Hefur henni verið valinn staður og er hún í hönnun. Þá verður að reisa lítið gæslumannahús í Vesturdal, og gera bílastæði. Göngubrú á Jökulsá er nauðsynleg. Mundi opnast stórfelld gönguleið báðum megin ár, einnig tengd Ásbyrgi.

   C) **Aðrir þjóðgarðar.** Í þeim yrði að koma upp hliðstæðum búnaði og í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum.

3. **Fjölsótt friðlönd og önnur svæði (friðuð).** Náttúruverndarráð hefur friðlýst um fjörutíu svæði á landinu. Sum er allstór svæði, en önnur náttúruvætti. Sum

þessara svæða eru þjóðgarðsígildi, þótt ekki séu formlega þjóðgarðar og koma undir stjórn ráðsins með friðlýsingu skv. 24. gr. náttúruverndarlaga. Er kappkostað að hafa samvinnu um rekstur þessara svæða við Ferðafélag Íslands, Ferðamálaráð o. fl. Hefur ráðið lagt nokkuð af rekstrarfjárveitingu sinni til kostnaðar vegna útivistar almennings, svo sem gæslu, gróðurverndar, leiðbeininga o. fl.

Óhjákvæmilegt er að leggja í **stofnkostnað** á þessum svæðum, en það hefur ekki verið hægt að neinu marki vegna fjárskorts. Þarna koma til tjaldsvæði með bílastæðum, snyrtiaðstaða, mengunarvarnir, merking og lagning gönguleiða, o. fl.

Þau svæði, sem hér er um að ræða, eru m. a. þessi:

Landmannalaugar og umhverfi þeirra.
Veiðivötn.
Hveravellir á Kili.
Nýidalur (Jökuldalur) við Sprengisandsleið.
Herðubreiðarlindir og Askja.
Þórsmörk, Goðaland og nágrenni.
Vatnsfjörður á Barðaströnd.
Hornstrandir (norðan Skorarheiðar).
Lakagígar.
Eldgjá.
Hvannalindir og umhverfi þeirra.
Lónsöræfi og Þórisdalur í Lóni.
Búðahraun á Snæfellsnesi.
Mývatnssveit.

4. **Girðingar um friðlönd.** Reynt er að komast sem mest hjá því að girða friðlönd. Stundum verður það þó ekki umflúið, og er framundan að girða sem hér segir:

Friðland við Gullfoss, 4 km.
Friðland í Búðahrauni, 6 km.
Við náttúruvættið Dímu í Lóni, 2 km.
Friðland á Halldórsstöðum í Laxárdal, u. þ. b. 10 km.
Í Skaftafelli, 12 km (sjá um þjóðgarða að framan).

5. **Mývatn—Laxá.** Með lögum er Skútustaðahreppur og Laxá ásamt 200 m breiðum spildum á bökkum hennar friðlýst með sérstökum hætti. Framkvæmd þessara laga kostar fé, og er veitt til rekstrarútgjalda á fjárlögum. En þarna verður einnig að koma til **stofnkostnaðar,** t. d. við Grjótagjá, Dimmuborgir, Skútustaðagíga, Kálfastrandarvoga, Slútnes o. fl., vegna aðsóknar á þessa staði, þá verður að leggja í stofnkostnað til verndar fuglalífi.

6. **Rannsóknir.** Með fyrrgreindum lögum var stofnuð náttúrurannsóknarstöð við Mývatn. Er brýnt að bæta aðstöðu hennar. Stöðin er rekin í samvinnu við Háskólann. Til greina kemur að koma upp hliðstæðri aðstöðu víðar á landinu.

7. **Gönguleiðir.** Útivist og umgengni við landið fylgir mikið og sumstaðar gífurlegt álag á eftirsóttustu stöðum, einkum á hálendinu. Stefna Náttúruverndarráðs er að dreifa þessu álagi á sem flesta staði, en forðast að loka aðlaðandi svæðum. Mikilvægur liður í þessu er að stuðla sem mest að gönguferðum. Þetta er einnig liður í baráttunni gegn skemmdaakstri utan vegaslóða.

Hér verða til að koma gönguskálabyggingar á löngum leiðum, göngubrýr á hættuleg vatnsföll, leiðamerkingar o. fl. Að þessu er vikið í 27. grein náttúruverndarlaga. Er ætlan ráðsins að hafa samráð við ferðafélög og Ferðamálaráð um skipulagningu gönguleiða, einkum í óbyggðum. Þyrfti ráðið að geta lagt talsvert af mörkum af sinni hálfu til framkvæmda af þessu tagi á næstu árum.

Hér hefur nokkuð verið talið af verkefnum, sem unnið er að, og sem fyrirhuguð eru á næstu árum. Upptalning þessi er þó að sjálfsögðu ekki tæmandi. Hún sýnir þó hve brýnt er að tillaga Seðlabankans nái fram að ganga. Mundi það fjármagn, sem fengist úr Þjóðhátíðarsjóði, hjálpa til að koma nokkrum skriði á þessi mál, þótt skammt hrykki að sjálfsögðu til að framkvæma það, sem æskilegt væri að koma í verk.

Ég vil að lokum færa forráðamönnum Seðlabankans sérstakar þakkir mínar og Náttúruverndarráðs fyrir þann skilning á nauðsyn umhverfis- og náttúruverndar, sem fram kemur í tillögum þeirra um Þjóðhátíðarsjóðinn, og vænti þess, að ríkisstjórn og Alþingi fallist á þessar tillögur.

Eysteinn Jónsson
form. Náttúruverndarráðs

Fylgiskjal IV.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Greinargerð um minjavernd.

Í tilefni af því að nú liggur fyrir að gera skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð leyfi ég mér að leggja fram eftirfarandi minnispunkta varðandi fornminjavernd á Íslandi og það verkefni sem framundan er án þess þó að grein sé gerð fyrir einstökum dæmum.

Hlutverki Þjóðminjasafns Íslands er lýst í Þjóðminjalögum, nr. 52 19. maí 1969. Því má í stórum dráttum skipta í tvær megingreinar, sem eru næsta ólíkar þótt skyldar séu. Annars vegar er Þjóðminjasafnið safnstofnun, þar sem menningararfi þjóðarinnar er ætlað að birtast í skýrri mynd með varðveislu alls konar áþreifanlegra hluta, atvinnutækja og listgripa, og sérfræðilegri rannsókn þeirra í því skyni að almenningur hafi þeirra sem best not. Hins vegar er svo fornminjavarsla og verndun og viðhald merkilegra húsa og annarra mannvirkja úti um landið allt. Má því segja að starfsemi safnsins snúi inn á við, að því sjálfu, og út á við, að föstum þjóðminjum sem bundnar eru við sína staði í landinu. Þessar tvær greinar eru í mörgum löndum aðskildar og heyra hvor undir sitt embætti, en hér hjá oss er Þjóðminjasafninu ætlað hvort tveggja.

Hér verður lítt fjallað um þá hliðina sem inn á við snýr. Þar bíða mörg verkefni eins og verða vill í öllum söfnum. Eitt þeirra er að setja aukinn kraft á söfnun þjóðháttaheimilda, en að öðru leyti er þar ekki bráð hætta á ferðum eða annað það sem kallar umsvifalaust á mikið fjármagn til að bægja frá einhverjum voða.

Öðru máli gegnir um þá hliðina sem út snýr, minjavörsluna úti um landið. Húsafriðun er hér mjög brýnt úrlausnarefni sem alls ekki verður sinnt svo að viðhlítandi sé nema með tilkomu mikilla fjármuna. Um það efni vísa ég til greinargerðar Harðar Ágústssonar sem hann hefur skrifað fyrir hönd Húsafriðunarnefndar, sem ætlað er mikilsvert hlutverk samkvæmt áðurnefndum Þjóðminjalögum frá 1969. Það sem ekki heyrir undir hana er aftur á móti **minjavernd** eða **fornminjavernd** úti um allt land, sem Þjóðminjasafninu er ætlað að annast samkvæmt lögunum og hér skal stuttlega gerð nokkur grein fyrir.

Sem fylgiskjal með þessari greinargerð leyfi ég mér að leggja ljósrit af þeim kafla Þjóðminjalaga sem um fornleifar fjallar, svo og stuttan kafla um fornleifavörslu úr inngangi dr. Kristjáns Eldjárns að bók hans Hundrað ár í Þjóðminjasafni.

Í fornleifalögum frá 1907 er gert ráð fyrir að landið verði kannað með tilliti til fastra fornleifa sem að dómi sérfróðra manna á að friðlýsa og ekki má hrófla nema eftir þeim heimildum sem lögin ákveða. Slíkt hið sama viðgengst í öllum

menningarlöndum. Bersýnilegt er að til þess að þessi starfsemi nái tilgangi sínum þarf að kanna allt landið rækilega frá þessu sjónarmiði, gera friðlýsingar eftir því sem þurfa þykir og síðan líta eftir að þær haldi. Eftir gömlu fornleifalögunum voru margir staðir friðlýstir og gefin út friðlýsingarskjöl, enda eru flestir þeirra enn við lýði svo sem vera ber, en þó hefur of oft komið fyrir að friðlýsingin hefur ekki enst til verndar og ber margt til þess, ekki síst það að ekki voru þegar í stað sett upp friðlýsingarmerki. Og hinu verður ekki heldur neitað að landið var langtum of lítið kannað frá minjavörslusjónarmiði til þess að tilgangi væri náð.

Rétt er að taka skýrt fram að starfsmenn safnsins hafa alla tíð reynt eftir megni að endurskoða friðlýsingar og bæta nýjum við þegar þeir hafa haft til þess tíma, og fyrir um það bil 15 árum var útbúið friðlýsingarmerki sem sett hefur verið upp á mörgum friðlýstum stöðum. En allt hefur þetta starf verið unnið eftir því sem færi hefur gefist á ferðalögum, en kerfisbundin könnun og friðlýsing hefur aldrei verið gerð, hvorki eftir hinum eldri né núgildandi lögum.

Nú hefur það lengi verið augljóst að við svo búið má ekki standa. Það verður að hefjast handa um skipulega könnun og skrásetningu fastra fornminja og friðlýsingu eftir því sem við á. En til þess vantar hvort tveggja í senn, mannskap og peninga. Núverandi fámennt starfslið safnsins fær með engu móti orkað að koma þessu í framkvæmd, og því fer mjög fjarri að safnið hafi nauðsynlegu fjármagni yfir að ráða. En verkefnið er að allra dómi, sem til þekkja, svo brýnt að það má ekki lengur dragast úr hömlu. Það sem fyrir liggur er í stuttu máli þetta: **Að endurskoða allar friðlýsingar fastra fornminja, skrásetja aðrar sem nokkru máli virðast skipta og dæma um hvort friðlýsa skuli, enn fremur líta eftir því framvegis að friðlýsing haldi, í sumum tilvikum jafnvel kaupa rétt til að friðlýsa þær, þegar svo er ástatt að friðlýsing veldur eiganda lands sýnilegu tjóni.**

Hér er ekki verið að tala um eiginlegar fornleifarannsóknir með uppgrefti. Að sjálfsögðu telur safnið sér skylt að beita sér fyrir slíku eftir efnum og ástæðum. Þakkarvert væri að hafa meiri mannafla og fé til þeirra hluta og stundum má kalla slíkar rannsóknir hluta af minjavörslunni, eins og t. d. þegar fornleifar koma í ljós við mannvirkjagerð og nauðsynlegt er að rannsaka þær þegar í stað ef þær eiga ekki að hverfa að öllu óathuguðu. Er hér þó fyrst og fremst verið að hugsa um **minjavörslu.**

Ekki þarf að rökstyðja hve kostnaðarsöm umrædd endurskoðun um landið allt hlýtur að verða. Það liggur í augum uppi. En væru peningar fyrir hendi, væri hægt að virkja ýmis öfl til að koma verkinu í framkvæmd og gætu menn þar lagt hönd á plóg yfir sumartímann þótt ekki væru þeir fastráðnir starfsmenn safnsins, en að sjálfsögðu væri verkið unnið undir þeirra stjórn. Eins og fjármálum Þjóðminjasafnsins nú er háttað er þess lítil von að ríkið telji sig geta lagt því til viðbótar alla þá fjármuni sem endurskoðun þessi og skráning kallar á. Það væri því hið mesta fagnaðarefni ef möguleikar opnuðust til að fá úr annarri átt fjármuni til að hrinda þessu verki af stað og fylgja því eftir.

Gísli Gestsson,
settur þjóðminjavörður.

Úr Þjóðminjalögum nr. 52 19. maí 1969.

Fornleifar.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

10. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

11. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

12. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

13. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, uns fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

15. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

16. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

ÚR BÓKINNI HUNDRAÐ ÁR Í ÞJÓÐMINJASAFNI EFTIR DR. KRISTJÁN ELDJÁRN

Fornleifavarsla.

Nú skal vikið að nokkrum viðfangsefnum Þjóðminjasafnsins, öðrum en safnmennsku og sýningarstarfsemi. Er þar fyrst að nefna fornleifavörslu. Hinn 16. nóvember 1907 undirritaði konungur lög um verndun fornminja (nr. 40/1907). Með þeim var stofnað embætti þjóðminjavarðar, og skyldi hann annast almenna verndun fornminja í landinu, bæði staðbundinna og lausra. Jafnframt segja lögin, að hann skuli vera forstöðumaður Forngripasafnsins. Um safnið er annars lítið í lögum þessum, og enn eru engin sérstök lög til um það. Samkvæmt fornminjalögunum ferðaðist Matthías Þórðarson á löngu árabili um allt Ísland og skráði kirkjugripi í öllum kirkjum landsins og friðlýsti fastar fornminjar, sem hann taldi, að varðveitast skyldu til komandi tíma. Þessi skrásetning og friðlýsing var meðal helstu stórvirkja Matthíasar, og er einkum kirkjugripaskrá hans mikið afrek. Fornminjarnar margar friðlýsti hann eftir lýsingum hinna fyrri fornfræðinga, Sigurðar Vigfússonar, Brynjúlfs Jónssonar frá Minnanúpi og Kr. Kålunds. Síðan hefur það alltaf verið í verkahring Þjóðminjasafnsins að halda þessari friðlýsingu í horfi, endurskoða einstaka staði og bæta við nýjum. Þó er nú svo komið, að mikil þörf er á allsherjar endurskoðun á öllu þessu verki, kanna að nýju hvern friðlýstan stað og ganga úr skugga um, að honum sé ekki hætta búin, og leysa ef til vill suma úr friðunarböndum. Enn fremur þarf að ganga betur og skýrar frá friðlýsingu kirkjugripa og þeim skyldum, sem forráðamenn kirkna hafa í því sambandi. Er hér fyrir höndum mikið verkefni, sem brýna nauðsyn ber til að vinna á næstu árum.

Fylgiskjal V.

HÚSAFRIÐUNARNEFND

Greinargerð um verkefni Húsafriðunarnefndar.

Eins og kunnugt er boðaði bankaráð Seðlabanka Íslands til fundar þann 10. des. síðastliðinn til að „gera grein fyrir stofnun sjóðs af þeim ágóða, sem orðið hefur af sölu þjóðhátíðarmyntar 1974, og tillögum bankans um ráðstöfun hans“ eins og segir í ræðu dr. Jóhannesar Nordals bankastjóra Seðlabankans er flutt var við þetta tækifæri. Í máli bankastjórans kom einnig fram að bankaráð legði til við ríkisstjórn Íslands að hagnaði af sjóðnum yrði „varið til að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf“. Ennfremur er óskað eftir því við ríkisstjórnina að „tiltekinn hluti af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins gangi til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs, en annar fastur hluti til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns“.

Húsafriðunarnefnd fagnar því að umrædd tillaga skuli fjalla um fjárhagslegan stuðning við húsverndarmál og telur að með tilkomu slíkra fjárveitinga muni stórum létta þeim þunga róðri sem varðveisla menningarminja hefur verið til skamms tíma. Með nokkrum sanni má segja að í þessum efnum séum við Íslendingar langt á eftir grannþjóðum okkar. Auðvitað á það sér sínar skýringar. Þjóðin öðlast ekki sjálfstæði fyrr en á þessari öld og hafði þá lengi vel tæpast bolmagn til að vinna að húsverndarmálum svo sem þurft hefði. En vissulega var þó starfið þegar hafið með stofnun Þjóðminjasafns. Hitt er brýnna að taka fram að nútíma þjóðlífshættir urðu með mun sneggra móti hér en í nágrenni okkar og því var meiri hætta á að það sem fyrir var af góðum og gildum menningarverðmætum færi í súginn. Ennfremur

var það byggingarefni, er hérlendis var einkum notað, endingarverra en víðast hvar annarsstaðar. Það er því óhætt að fullyrða að gífurlegt verk sé óunnið í húsverndarmálum hérlendis.

Gerð hefur verið á vegum Húsafriðunarnefndar forkönnun á því hvað brýnast er að vinna að í náinni framtíð svo að hin merkustu menningarverðmæti fari ekki í súginn. Samkvæmt skrá sem hér fylgir eru það ekki færri en 174 mannvirki. Hér við bætist svo önnur sem friða eða vernda þarf vegna frumkvæðis eða ábendinga annarra. Það er nefnilega langt í frá að rannsakað hafi verið til fulls hvað til muni vera af menningarminjum sem skilyrðislaust ber að varðveita.

Til þess að gera ofurlitla grein fyrir umfangi verksins sem bíður Húsafriðunarnefndar þykir rétt að skilgreina ofurlítið nánar hvernig vinna ber að þessum málum:

1. Fyrst þarf að gera sér grein fyrir hvað þarf að friða. Til þess er nauðsynlegt að vinna að yfirlitsrannsókn á þeim húsmenningararfi sem til er í landinu.
2. Í annan stað er brýnt að rannsaka viðkomandi hús þegar friðað er, mæla það upp og skrá sögu þess.
3. Í þriðja lagi þarf að veita fé til endurgervingar að einhverju eða öllu leyti.
4. Þá er nauðsynlegt að Húsafriðunarnefnd hafi frumkvæði að sögulegri rannsókn, yfirlits- eða sérathugunum, á íslenskri húsagerð og að lokum
5. Að fá slíkar rannsóknir útgefnar.

Enn sem komið er hefur Húsafriðunarnefnd engan starfskraft, en fékk á síðastliðnu ári umráð yfir Húsafriðunarsjóði. Vissulega var sjóðurinn kærkomið framlag, en miðað við hin miklu verkefni, sem bíða og hér hefur verið lýst, getur sjóðurinn ekki sinnt þeim nema að hluta til. Því telur Húsafriðunarnefnd sjóðstofnun á borð við þá, sem stjórn Seðlabankans hefur haft frumkvæði að og lýst hefur verið hér að ofan, muni verða mikilsvert framlag til eflingar menningarminjavörslu á Íslandi og bæta að mun aðstöðu Húsafriðunarnefndar til að ná því marki er henni er sett.

f. h. Húsafriðunarnefndar
Hörður Ágústsson
settur formaður

SKRÁ HÚSAFRIÐUNARNEFNDAR YFIR HÚS, SEM LAGT ER TIL AÐ VARÐVEITT VERÐI EÐA FRIÐUÐ Í NÁINNI FRAMTÍÐ

A eða B friðun.

Forgangsflokkur

Torfhús, borgir og byrgi:

1. Bæjardyr á Reynistað í Skagafirði.
2. Hlóðaeldhús að Syðra-Skörðugili, Skagafirði.
3. Gömlu bæjarhúsin að Hólum, Eyjafirði.
4. Hlöður tvær, hesthús, smiðja, skemma og hjallur að Núpsstað, V.-Skaftafellssýslu.
5. Fjárborgir tvær að Húsagarði, Holtum, Rangárvallasýslu.
6. Gömlu bæjarhúsin ásamt útihúsum að Húsum, Holtum, Rangárvallasýslu.
7. Bæjarhús að Eystra-Meðalholti, Gaulverjabæ, Árnessýslu.

Timburkirkjur:

1. Bjarnarhafnarkirkja, Snæfellsnessýslu.
2. Skarðskirkja, Dalasýslu.
3. Hjarðarholtskirkja í Dölum, Dalasýslu.
4. Sauðlauksdalskirkja, Barðastrandarsýslu.
5. Grundarkirkja í Eyjafirði, Eyjafjarðarsýslu.
6. Húsavíkurkirkja, Þingeyjarsýslu.
7. Hálskirkja í Fnjóskadal, Þingeyjarsýslu.
8. Kirkjubæjarkirkja í Hróarstungu, N.-Múlasýslu.
9. Berufjarðarkirkja, S.-Múlasýslu.

Steinkirkjur:

1. Hvalsneskirkja, Gullbringusýslu.
2. Þingeyrakirkja, Húnavatnssýslu.

Steinhús:

1. Nesstofa, Seltjarnarnesi.
2. Sómastaðabærinn, S.-Múlasýslu.
3. Gamla prestssetrið Sauðanesi, N.-Þingeyjarsýslu.

Timburhús utan Reykjavíkur og Akureyrar:

1. Hjálmarshús, Flateyri, V.-Ísafjarðarsýslu.
2. Vindmylla, Vigur, N.-Ísafjarðarsýslu.
3. Gömul verslunarhús í Neðstakaupstað, Ísafirði.
4. Fyrrum íbúðarhús Otto Wathne á Seyðisfirði.
5. Langabúð, Djúpavogi, S.-Múlasýslu.

Timburhús í Reykjavík:

1. Fríkirkjuvegur 1
2. — 3
3. Fríkirkjan.
4. Fríkirkjuvegur 11
5. Tjarnargata 18
6. — 20
7. — 22
8. — 24
9. — 26
10. — 28
11. — 32
12. — 33
13. — 37
14. — 38
15. — 40
16. Bernhöftsbakarí, ásamt íbúðarhúsi og geymslum við Bankastræti, Lækjargötu og Skólastræti.
17. Svonefnt Gunnlaugssenshús á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs.
18. Gamli Iðnskólinn ásamt gamla Búnaðarfélagshúsinu á horni Vonarstrætis og Lækjargötu.
19. Iðnaðarmannahúsið gamla, Iðnó við Vonarstræti.
20. Skálholtsstígur 6
21. — 7
22. Þingholtsstræti 11
23. — 12
24. — 13
25. — 14
26. — 15
27. — 16
28. — 20
29. — 21
30. — 23
31. — 24
32. — 25
33. — 26
34. — 27
35. — 29
36. Stýrimannastígur 2
37. — 5
38. — 6
39. — 7
40. — 8

41. Stýrimannastigur 9
42. — 10
43. — 11
44. — 12
45. — 14
46. — 15
47. Öldugata 23
48. Ránargata 28
49. Vesturgata 37

Steinhús í Reykjavík:

1. Austurstræti 9
2. — 11, Landsbanki Íslands.
3. — 16
4. Pósthússtræti 2, Eimskipafélag Íslands.
5. — 3
6. — 5, Aðalpósthúsið.
7. Fríkirkjuvegur 7, Glaumbær.
8. — 9, Kvennaskólinn.
9. Tjarnargata 30
10. — 34
11. — 35
12. — 36

Hús til frekari athugunar:

Torfhús, borgir og byrgi

Bæjarhús:

1. Leikskálar í Haukadal, Dalasýslu.
2. Þórormstunga í Vatnsdal, Húnavatnssýslu.
3. Barkarstaðir í Svartárdal, Húnavatnssýslu.
4. Guðlaugsstaðir í Blöndudal, Húnavatnssýslu.
5. Tungunes í Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
6. Auðnir í Sæmundarhlíð, Skagafirði.
7. Skarðsá í Sæmundarhlíð, Skagafirði.
8. Vellir í Seyluhreppi, Skagafirði.
9. Tyrfingsstaðir í Kjálka, Skagafirði.
10. Bóla í Blönduhlíð, Skagafirði.
11. Víðines í Hjaltadal, Skagafirði.
12. Hofstaðasel, Skagafirði.
13. Lækjarbakki í Hörgárdal, Eyjafjarðarsýslu.
14. Atlastaðir í Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
15. Grænavatn í Mývatnssveit, Þingeyjarsýslu.
16. Laugasel í Reykjadal, Þingeyjarsýslu.
17. Vesturhús, Hofi, A.-Skaftafellssýslu.
18. Skál á Síðu, V.-Skaftafellssýslu.
19. Skaftárdalur, Skaftártungu, V.-Skaftafellssýslu.

Hlöður:

1. Flatatunga í Kjálka, Skagafirði.
2. Kolkuós, Skagafirði.
3. Svínafell í Öræfum, A.-Skaftafellssýslu.
4. Eystri-Skógar, Rangárvallasýslu.

Fjós:

1. Krossanes á Tjörnesi, V.-Húnavatnssýslu.

Fjárhús:

1. Sturluflöt í Fljótsdal, S.-Múlasýslu.
2. Drangshlíð undir Eyjafjöllum, Rangárvallasýslu.
3. Húsar, Holtum, Rangárvallasýslu.

Hesthús:

1. Dalur í Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu.
2. Skammadalshóll, Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu.

Skemmur:

1. Breið, Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.
2. Víkur á Skaga, Skagafirði.
3. Ás í Fellum, N.-Múlasýslu.

Smiðjur:

1. Engihlíð í Langadal, A.-Húnavatnssýslu.
2. Skefilsstaðir í Laxárdal, Skagafirði.
3. Skaftafell, Bölti, Öræfum, A.-Skaftafellssýslu.

Hjallar:

1. Bjarneyjar, Breiðafirði.
2. Vatnsfjörður, N.-Ísafjarðarsýslu.
3. Gauthamarsvík, Steingrímsfirði, Strandasýslu.
4. Almenningur, Vatnsnesi, V.-Húnavatnssýslu.
5. Skefilsstaðir, Laxárdal, Skagafjarðarsýslu.
6. Hnappavellir, Öræfum, A.-Skaftafellssýslu.

Fjárborgir:

1. Selvogsheiði, Árnessýslu.
2. Syðri-Rauðalækur, Holtum, Rangárvallasýslu.

Réttir:

1. Tyrfingsstaðir, Kjálka, Skagafjarðarsýslu.
2. Stóra-Heiði, Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu.

Timburkirkjur:

1. Fitjar, Skorradal, Borgarfjarðarsýslu.
2. Hvammur, Norðurárdal, Mýrasýslu.
3. Setberg, Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.
4. Dagverðarnes, Fellsströnd, Dalasýslu.

5. Snóksdalur, Dalasýslu.
6. Nauteyri, Ísafjarðarsýslu.
7. Staður í Steingrímsfirði, Strandasýslu.
8. Kaldrananes, Bjarnarfirði, Strandasýslu.
9. Vesturhópshólar, Húnavatnssýslu.
10. Blönduós, Húnavatnssýslu.
11. Keta, Skaga, Skagafjarðarsýslu.
12. Knappsstaðir, Fljótum.
13. Glæsibær, Eyjafjarðarsýslu.
14. Lögmannshlíð, Eyjafjarðarsýslu.
15. Bakki, Öxnadal, Eyjafjarðarsýslu.
16. Vellir, Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
17. Tjörn, Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
18. Urðir, Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
19. Möðruvellir, Hörgárdal, Eyjafjarðarsýslu.
20. Möðruvellir fram, Eyjafjarðarsýslu.
21. Munkaþverá, Eyjafjarðarsýslu.
22. Hólar, Eyjafjarðarsýslu.
23. Illugastaðir, Fnjóskadal, Þingeyjarsýslu.
24. Einarsstaðir, Aðalreykjadal, Þingeyjarsýslu.
25. Svalbarð, Þistilfirði, Þingeyjarsýslu.
26. Skeggjastaðir, Múlasýslu.
27. Hjaltastaðir, Múlasýslu.
28. Heydalir, Múlasýslu.
29. Berunes, Múlasýslu.
30. Berufjörður, Múlasýslu.
31. Stafafell í Lóni, Skaftafellssýslu.
32. Prestbakki á Síðu, Skaftafellssýslu.
33. Langholt, Meðallandi, Skaftafellssýslu.
34. Breiðabólstaður, Fljótshlíð, Rangárvallasýslu.
35. Keldur á Rangárvöllum, Rangárvallasýslu.
36. Tungufell, Hreppum, Árnessýslu.
37. Stóri-Núpur, Hreppum, Árnessýslu.
38. Miðdalur, Laugardal, Árnessýslu.
39. Kirkjuvogur, Höfnum, Gullbringusýslu.

Steinkirkjur:

1. Þingeyri við Dýrafjörð, Ísafjarðarsýslu.
2. Þverá í Laxárdal, Þingeyjarsýslu.
3. Landakirkja, Vestmannaeyjum.

Nd. 457. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23/1952.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Við 42. gr. laganna orðist svo:

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann og tilkynna vinnuveitanda val hans. Ef verkamenn eru 25 eða fleiri, er heimilt að velja fleiri en einn trúnaðarmann. Starfi fyrirtæki í aðgreindum deildum, skal vera trúnaðarmaður fyrir hverja deild. Þegar trúnaðarmenn eru fleiri en einn, skal kjósa einn þeirra yfirtrúnaðarmann, og skipuleggur hann þá starf þeirra allra. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um val trúnaðarmanna að fenginni umsögn Alþýðusambands Íslands.

Trúnaðarmenn verkamanna skulu fylgjast með starfstilhögun í fyrirtæki í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmenn um allt það, sem snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna eða hollustu við vinnu og annan útbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmönnum verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmenn eru skyldir að gefa eftirlitsmönnum þær upplýsingar um fyrirtækið, er þeir geta í té látið og snerta öryggi eða hollustuhætti verkamanna.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur. Vinnuveitandi skal gera trúnaðarmönnum kleift að gegna hlutverkum sínum í vinnutíma og greiða þeim engu að síður full laun.

2. gr.

Á eftir 42. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Í hverju fyrirtæki, þar sem 25 eða fleiri verkamenn vinna að staðaldri, skal vera hollustunefnd, skipuð jafnmörgum fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda. Einn eða fleiri trúnaðarmenn skulu vera meðal fulltrúa verkamanna.

Heimilt er að setja upp hollustunefnd í fyrirtækjum með færri en 25 starfsmönnum, ef samkomulag verður um eða annar hvor aðili krefst þess.

Hollustunefndum er heimilt að skipa undirnefndir.

Fyrirtæki skulu tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins skipan hollustunefnda og breytingar á þeim. Á vinnustað skal festa upp skrá um skipan nefndanna.

Fulltrúar aðila gegna formennsku í hollustunefndum til skiptis. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Trúnaðarlæknir og annað starfsfólk við heilsugæslu í fyrirtæki eiga rétt á setu í hollustunefndum með málfrelsi og tillögurétti og ber að taka sæti í nefnd, ef meiri hluti hennar óskar.

Hollustunefndir skulu stuðla að bættum hollustuháttum og betra starfsumhverfi á vinnustöðum. Þær fjalla um allt, er varðar öryggi og heilsu starfsmanna, nýjungar eða breytingar á húsakynnum eða vélakosti og breytingar á starfsháttum. Enn fremur fjalla þær um nauðsynlega fræðslu fyrir starfsfólk varðandi öryggi og heilsuvernd.

Hollustunefndir skulu fjalla um slys, sem verða á vinnustað, eða atvinnusjúkdóma, er þangað má rekja, og gera tillögur um fyrirbyggjandi aðgerðir eftir því sem efni standa til.

Telji hollustunefndir hættu á ferðum fyrir líf eða heilsu verkamanna, geta þær kært málið til Öryggiseftirlits ríkisins, sem þá skal, ef það telur kæruna á rökum reista, láta hætta vinnu á viðkomandi vinnustað, sbr. 2. mgr. 38. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Alþýðuflokkurinn hefur undanfarin þing flutt og flytur á þessu þingi tillögu (154. mál) þess efnis, að ríkisstjórninni skuli falið að láta semja frumvarp til laga um vinnuvernd og starfsumhverfi, sem miðist við viðhorf og vandamál samtíðarinnar á þessu sviði. Mundi slík löggjöf koma í stað laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23/1952, og breytinga við þau.

Enda þótt þessi tillaga, sem hingað til hefur ekki hlotið afgreiðslu, en nú er í nefnd, næði samþykki þingsins, mundu líða eitt eða fleiri ár uns ný löggjöf tæki gildi. Hins vegar hafa komið fram á þingi upplýsingar um ástand vinnuverndar og hollustuhátta hjá stærsta iðnfyrirtæki landsins, og fiallað er um löggjöf um nýtt stórfyrirtæki, þar sem þau mál eru talin enn vandasamari og hættulegri. Telur Alþýðuflokkurinn því rétt, að nú þegar verði gerðar breytingar á lögunum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum til þess að auka aðhald á þessum sviðum og gefa verkafólki stóraukna aðild að öllu er varðar öryggi þess og hollustuhætti á vinnustað.

Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eru 25 ára gömul. Þau eru um margt ágætlega gerð og hefðu án efa svarað kröfum síns tíma, sérstaklega ef framkvæmd þeirra hefði verið sinnt betur og öryggiseftirlitinu veitt betri aðstaða til að leysa hið veigamikla hlutverk sitt af hendi.

Á síðasta áratug hafa orðið viðamiklar breytingar á viðhorfum til öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum. Stafar þetta bæði af stóraukinni notkun aragrúa af mismunandi hættulegum efnasamböndum, er áður voru ekki notuð, auknum hávaða og hraða og loks af vakningu um mikilvægi þessa báttar í lífskjörum vinnandi fólks.

Allan þennan áratug hefur verið unnið að nýrri löggjöf á þessu sviði í grannlöndum okkar, sérstaklega á Norðurlöndum. Er hægt að læra mikið af reynslu annarra í þessum efnum, og hefur raunar gefist gott tækifæri til þess í Norðurlandaráði.

Með þessu frumvarpi er aðeins tekið fyrir eitt atriði þessa umfangsmikla málaflokks, hollustufulltrúar starfsfólks og hollustunefndir. Er þetta gert í þeirri von, að með þessu megi vekja áhuga starfsliðs og vinnuveitenda á þessum málum og koma á eðlilegu samstarfi þeirra til að leysa vandamál og bæta vinnuvernd og starfsumhverfi.

Fyrsta grein frumvarpsins er um breytingar á 42. gr., sem fjallar um trúnaðarmenn verkamanna, er fylgist með öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Í stað þess, að verkamönnum sé heimilt að velja sér trúnaðarmenn, er það gert að skyldu, og heimilað að trúnaðarmenn séu fleiri en einn, ef fyrirtæki hefur 25 eða fleiri starfsmenn.

Önnur greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir, að settar skuli upp hollustunefndir, þar sem fleiri en 25 verkamenn starfa. Heimilt er að setja upp slíkar nefndir í minni fyrirtækjum.

Nefndir þessar eru gerðar þannig úr garði, að þær stefni sem mest til samkomulags um lausn aðsteðjandi vanda á hverjum stað, en ekki að þær kalli fram andstæður verkafólks og vinnuveitenda. Þess vegna er formennsku skipt, formaður fær úrslitaatkvæði og semja verður um stærð nefnda á hverjum stað eftir aðstæðum og stærð fyrirtækja.

Ed. 458. Frumvarp til laga [222. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

I. KAFLI
Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi og búa nemendur undir háskólapróf í þeim fræðum.
2. Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, enn fremur kennara í yngri aldursflokkum, sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn annast fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi. Heimilt er að fela skólanum fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu þssara laga.
4. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

II. KAFLI
Stjórn Kennaraháskólans.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor og skólaritara.

Skólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerð, ákvörðunarvald í málefnum skólans og stofnana hans og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann hefur almennt eftirlit með daglegri starfsemi skólans og vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans.

Vararektor er staðgengill rektors í forföllum út kjörtímabilið.

Skólaritari annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega.

Rektor og skólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir skólaráð eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af skólaráði eða rektor, sker menntamálaráðherra úr.

Menntamálaráðuneytið efnir, þegar þurfa þykir, til umræðufunda með fulltrúum allra þeirra skóla, er annast kennaramenntun.

Áður en lögum, er snerta Kennaraháskólann, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar skólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli.

3. gr.

Rektor er kjörinn úr hópi fastra kennara til þriggja ára í senn. Atkvæðisrétt eiga allir fastir kennarar skólans, skólastjóri Æfingaskólans, fulltrúi annarra fastra starfsmanna en kennara í skólaráði, fulltrúi lausráðinna kennara í skólaráði og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði þannig, að einn fulltrúi nemenda komi fyrir hverja fjóra atkvæðisbæra aðila aðra eða brot úr þeirri tölu. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði, og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.

Vararektor skal kjósa með sama hætti sem rektor, og er kjörtímabil hans hið sama og rektors.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð. Sami háttur skal hafður við kjör vararektors.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en vararektor gegnir rektorsstörfum þangað til. Vararektor gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef vararektor fellur frá eða lætur af störfum, skal kjósa nýjan vararektor.

4. gr.

Í skólaráði eiga sæti rektor, vararektor, skorarstjórar, skólastjóri Æfingaskólans, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara, einn fulltrúi tilnefndur af öðrum fastráðnum starfsmönnum skólans en kennurum og þrír fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði. Rektor er forseti ráðsins, en vararektor gegnir varaforsetastörfum. Skólaritari á sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Skólaritari er ritari skólaráðs.

Nú má kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur varamaður hans, sem nefndur er með sama hætti og aðalmaður, þá sæti þess, sem forfallaður er.

5. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski fjórir menn úr skólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar.

Skólaráð er ekki ályktunarfært nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr.

6. gr.

Rektor eða skólaráð geta boðað til starfsmannafunda til umræðna um einstök málefni Kennaraháskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti fastráð-

inna starfsmanna fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar skólans og starfsmenn við stjórnsýslu skólans eiga rétt á að sækja fund og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr.

Á fundum hverrar skorar eiga sæti allir kennarar við skorina, greinakennarar og æfingakennarar, svo og tveir fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði.

Hver skor velur sér skorarstjóra til tveggja ára í senn og annan til vara, og skulu þeir kjörnir úr hópi fastráðinna kennara við skorina. Kjör þeirra fer fram í apríl, en þeir taka við störfum 1. júlí sama ár.

8. gr.

Hver skor heldur fundi reglulega. Skorarstjóri boðar fundi, og er öllum fastráðnum starfsmönnum við skorina skylt að sækja fundi. Formanni er skylt að boða til skorarfundar, ef rektor eða þriðjungur skorarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, óska fundar.

Skorarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði skorarstjóra eða þess, er gegnir störfum hans.

Heimilt er skor að starfa í sérgreindum hópum eftir fræðasviðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

III. KAFLI

Inntaka nemenda og skólavist.

9. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf. Þó getur skólaráð heimilað inngöngu á grundvelli annarra prófa, náms og starfsreynslu, ef ráðið telur það tryggja jafngildan undirbúning.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir óska, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun námsins og hve miklu þurfi við að auka, að fengnum tillögum skólaráðs.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

10. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

11. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum og öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs, áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða, meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

12. gr.

Afskipti Kennaraháskólans af nemanda hætta, er nemandi lýkur kennaraprófi eða öðru fullnaðarprófi. Tilkynni nemandi, að hann sé hættur námi við skólann, skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir, hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar eru um námsástundun. Heimilt er að áskilja í reglugerð, að nemendur láti skrá sig til náms hvert kennsluár, sem þeir stunda nám við skólann, enda falli þeir niður af nemendatali, ef þeir láta ekki skrá sig. Sömuleiðis er heimilt að ákveða skrásetningargjöld í reglugerð og hvernig þeim skuli varið.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun nemenda má setja í reglugerð.

13. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólaráð og á skorarfundi. Enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

IV. KAFLI

Kennaranám.

14. gr.

Nám til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) skal skipuleggja sem þriggja ára nám.

Kennsluárið er frá 1. september til 15. júní. Í reglugerð skal kveða á um annaskiptingu kennsluárs.

15. gr.

Nám til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) skal skipulagt í námseiningum, og svari hver námseining til einnar viku námsvinnu. Hvert námsár er 35 virkar vikur og námið í heild því 105 námseiningar.

Náminu skal skipað í meginþætti sem hér segir:

I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 einingar.

II. Bekkjargreinar, samtals 30 einingar. Í þessum þætti skulu 10 námseiningar vera skyldunám fyrir öll kennaraefni, en 20 einingar skiptast að jöfnu milli bóklegra greina. annars vegar og list- og verkgreina hins vegar. Hið sameiginlega skyldunám skal m. a. taka til móðurmáls, og skal þess gætt, að allir kennaranemar fái undirstöðuþjálfun í lestrar- og skriftarkennslu.

III. Valgreinar, samtals 45 einingar. Valgreinar skulu vera úr hópi skyldunámsgreina í grunnskóla eða lúta að sérstöku verksviði í grunnskólastarfi, t. d. byrjendakennslu. Hver nemandi leggur stund á eina eða tvær valgreinar. Hámarksfjöldi námseininga í bóklegri valgrein er að jafnaði 30.

Skólinn getur heimilað nemanda að leggja aukna áherslu á II. námsþátt með því að bæta þar við allt að 15 námseiningum, en fækka einingum í III. námsþætti að sama skapi. Leggi nemandi stund á valgrein úr hópi list- og verkgreina skal hann taka 55 námseiningar í þeirri grein, að meðtöldum list- og verkgreinaeiningum í II. námsþætti.

Æfingakennsla og annað verklegt nám skal vera hluti af námi því, er að ofan greinir, 12 einingar hið minnsta.

Kennsla í einstökum greinum skal jafnan við það miðuð að búa nemendur undir að takast á hendur kennslu í þeim.

16. gr.

Kennsla í uppeldis- og kennslufræðum fyrir kennara á framhaldsskólastigi tekur til almennra uppeldisgreina í I. námsþætti skv. 2. mgr. 15. gr.

17. gr.

Námsgreinar Kennaraháskólans skiptast í skorir, sem hér segir:

1. Uppeldisskor: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, skólasaga, siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga.

2. Félagsskor: félagsfræði, saga, hagfræði, og landafræði.
3. Málaskor: íslenska, þar með taldar bókmenntir, málfræði, framsögn og hljóðfræði nútímamáls, danska og enska.
4. Raungreinaskor: eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
5. List- og verkmenntaskor: skrift, vélritun, mynd- og handmennt, tónmennt, leiktjáning, líkamsrækt og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

18. gr.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum skora og menntamálaráðuneytið samþykkir, skal gerð nánari grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

19. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum eigi skemur en fjóra mánuði á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám er hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

20. gr.

Skylt er hverjum fræðslustjóra að efna til fundar haust og vor með nýjum kennurum í fræðsluumdæminu. Á fundum þessum skal vera kennari frá Kennaraháskóla Íslands. Markmið fundanna er að veita nýjum kennurum leiðsögn varðandi störf þeirra, áður en þeir hefja kennslu og að fenginni reynslu fyrsta starfsárs, svo og að efla tengsl Kennaraháskólans við fræðsluumdæmin.

Um leiðsögukennara nýrra kennara fer eftir ákvörðun 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

V. KAFLI
Nám í uppeldisfræði.

21. gr.

Stofna skal til kennslu í uppeldisfræði til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands, er svari 105 námseiningum hið minnsta.

Nemendur, sem lokið hafa B.Ed.-prófi eða öðrum kennaraprófum, þar sem uppeldisfræði er hluti námsefnis, skulu fá fyrri námseiningar í þeirri grein metnar sem hluta af námi sínu í uppeldisfræði.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að hluti náms til B.A.-prófs í uppeldisfræði sé námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisfræði. Er heimilt að sækja slíkt nám til Háskóla Íslands, ef þörf gerist.

Heimilt er samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í uppeldisfræði til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.

22. gr.

Við Kennaraháskólann starfar rannsóknastofnun í uppeldisfræði samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Fastráðnir kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með starfi í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m. a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn hennar og tengsl við skólaráð og uppeldisskor.

VI. KAFLI
Próf og námsmat.

23. gr.

Próf skulu haldin í öllum námsgreinum og námsþáttum, er teljast til fullnaðarprófa við Kennaraháskólann. Heimilt er skólaráði að láta annars konar námsmat koma að nokkru leyti í stað almennra prófa.

Kennarar standa fyrir prófum hver í sinni grein.

Í reglugerð skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, einkunnir og annað, er að prófum lýtur.

24. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið einu sinni að nýju, næst þegar prófið er haldið. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt nemenda, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

25. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi skorarstjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum skora. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

26. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi greinarkennara og skor, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem nemandi hefur lokið annars staðar og að hverju leyti.

VII. KAFLI
Starfslið.

27. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs og fjárveitingum í fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er með samþykki skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að 5 ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun.

Í hvert skipti er nýr kennari ræðst að skólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara. Skólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast.

28. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður skólaráð aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður, sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðilegan undirbúning að mati dómnefndar. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, lektorsstöðu, enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstöðu við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar, eða lektorar.

29. gr.

Forseti Íslands skipar skólaritara og aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs.

Menntamálaráðherra skipar eða ræður aðra bókaverði, endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, húsvörð, tækjavörð, fulltrúa og annað starfslið við stjórnsýslu, að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Kveða skal nánar á í reglugerð um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur ofangreindra starfsmanna.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt fastráðnum starfsmanni Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknastörfum. Leita skal umsagnar rektors um orlofsumsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. VIII. kafla laganna.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar í því sambandi má setja í reglugerð.

VIII. KAFLI
Æfingaskóli.

31. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal reka æfinga- og tilraunaskóla, sem jafnframt er grunnskóli fyrir afmarkað hverfi Reykjavíkurborgar. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands og er miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans, sbr. 3. mgr. 15. gr. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að reka forskóladeildir við skólann.

32. gr.

Æfingaskólinn skal rekinn sem þróunarstofnun í þágu skólastarfs á grunnskólastigi. Skólinn fylgist með breytingum í skólamálum, reynir nýjungar í verki með skipulegum hætti, kynnir hugmyndir um kennslu og nám og birtir opinberlega niðurstöður tilrauna með þeim hætti, er henta þykir. Æfingaskólinn vinnur að þróunarverkefnum í samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. Verkaskiptingu og samstarf þessara aðila skal ákveða nánar í reglugerð.

Æfingaskólinn skal leita samstarfs við aðra skóla og vinna framangreind verkefni í samvinnu við þá eftir því sem hagkvæmt þykir.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólanefndar og skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Skólastjóri vinnur að stefnumótun skólans og annast daglega stjórn hans í umboði rektors Kennaraháskólans. Skólastjóra til ráðuneytis er skólanefnd, sem í eiga sæti skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjóri Reykjavíkur og tveir æfingakennarar kjörnir til tveggja ára af kennurum skólans. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólanefndar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er skólanefnd að kveðja fulltrúa foreldrafélags skólans til fundarsetu.

Skólanefnd heldur fundi eftir þörfum. Sömuleiðis getur rektor eða þriðjungur kennara Æfingaskólans krafist fundar í nefndinni. Skólastjóri er formaður skólanefndar, boðar til funda og stýrir þeim.

Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn skulu vera tveir yfirkennarar, annar fyrir forskóla og fyrri hluta grunnskóla, en hinn fyrir síðari hluta skólastigsins.

Skólastjóri efnir til almennra kennarafunda eftir þörfum til að kynna og ræða starfsemi og stefnumótun skólans.

34. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir 3/5 hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur 2/5 hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.
2. Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur.

35. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennaraþörf skólans, svo og aðrir kennarar ráðnir eftir þörfum. Um menntun og starfsreynslu æfingakennara skal nánar ákveðið í reglugerð.

Heimilt er, að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.

36. gr.

Æfingastjóri skal kjörinn til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara. Hann má endurkjósa einu sinni án lotuskila. Heimilt er, ef henta þykir og með samþykki menntamálaráðuneytisins, að æfingastjóri sinni áfram kennslu í hálfu

starfi og æfingakennslustjórn að hálfu, enda njóti hann fullnægjandi skrifstofuaðstoðar. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu undir yfirstjórn skólastjóra.

37. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum vinnu að rannsóknarverkefnum, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

38. gr.

Grunnskólar, sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólaráðs Kennaraháskóla Íslands, eru skyldir að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu.

IX. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

39. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum skólaráðs Kenaraháskóla Íslands, er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal að skólinn starfi að hluta á Akureyri.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, sbr. þó 41. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

41. gr.

Nemendur, sem skráðir voru í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 38/1971.

42. gr.

Kennarar, sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 8 ár eða lengur, en hafa ekki full kennsluréttindi, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði í nóvember 1972, svo sem rakið er hér á eftir. Nefndin skilaði áliti, þ. e. drögum að frumvarpi ásamt greinargerð, 18. júní 1976. Í menntamálaráðuneytinu hafa verið gerðar fáeinar breytingar á frumvarpinu frá drögum nefndarinnar, og varða þær, auk örfárra orðalagsbreytinga, 9. gr., 14. gr., 15. gr., 20. gr., 39. gr. og 42. gr. Breytinga þessara er nánar getið neðanmáls í athugasemdum við umræddar greinar.

Frumvarpsdrögum nefndarinnar fylgdi svofelld greinargerð:

„1. Skipun nefndar, viðfangsefni hennar og vinnubrögð.

Hinn 29. nóvember 1972 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Magnús Torfi Ólafsson nefnd til þess að endurskoða lög nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, í samræmi við 25. gr. téðra laga, en þar segir svo m. a.:

„Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.“

Í nefndina voru skipaðir Broddi Jóhannesson, rektor, formaður, Árni Gunnarsson, deildarstjóri, Jónatan Þórmundsson, prófessor, og Jónas Pálsson, skólastjóri, að því er tekur til Æfinga- og tilraunaskólans. Jónas tók í reynd fullan og gildan þátt í starfi nefndarinnar.

Er Baldur Jónsson, hafði verið kjörinn rektor í janúarmánuði 1975 óskaði nefndin eftir því, að hann tæki sæti í henni. Var hann skipaður í nefndina 4. mars 1975.

Hinn 24. nóvember 1975 var Kristínu Magnúsdóttur falið að starfa með nefndinni sem fulltrúi kennaranema, en Lars Andersen til vara.

Nefndin hóf störf sín með því að afla gagna um þróun í menntamálum kennara frá því að löggjöfin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var undirbúin. Auk þess sótti formaður nefndarinnar ráðstefnu Evrópuráðs um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara, er háð var í Bristol á Englandi 8.—13. apríl 1973. Þá sótti formaður ráðstefnu um kennaramenntun, sem haldin var í Lysebu við Ósló dagana 26.—28. nóvember 1975 á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Alls hélt nefndin 59 fundi. Hún ræddi við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins.

Á fyrstu fundum sínum lagði nefndin megináherslu á að ræða hlutverk og markmið í menntun og starfi kennara, en skilningur og mat á þeim efnum er forsenda allra ákvarðana um kennaranám, gerð þess og inntak.

Í kaflanum um markmið og lagaákvæði um þau í viðauka I er einnig vikið að störfum nefndarinnar.

2. Mikilvægust nýmæli frumvarpsins.

Ýmis nýmæli eru í frumvarpinu, en mikilvægustu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á hlutverki Kennaraháskóla Íslands og fyrri skipan kennaranáms eru þessar:

1. Kennaraháskólinn skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu.
2. Hann skal annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi.
3. Heimilt er að fela skólanum að annast fullmenntun kennara í þeim greinum grunnskóla, sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna.
4. Stofna skal til kennslu í uppeldisfræðum til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands. Auk þess er heimilt samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í Kennaraháskólanum til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.
5. Menntamálaráðherra er heimilað að lengja kennaranámið um allt að einu ári að fengnum tillögum skólaráðs.[1])
6. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp námseiningakerfi og kveðið er á um meginþætti kennaranáms á þeim grundvelli. Jafnframt er valgreinakerfið gert sveigjanlegra og tekur nú einnig til sérstakra verksviða í grunnskóla, t. d. byrjendakennslu.
7. Æfingaskólinn skal sinna þróunarverkefnum á uppeldissviði í samvinnu við menntamálaráðuneytið, einkum skólarannsóknadeild.

Miðstöð uppeldisfræðilegra rannsókna.

Með breytingum þessum er Kennaraháskólanum fengið aukið hlutverk á sviði fræðslu, rannsókna og frumkvæðis í uppeldismálum.

Margt ber til, að aukin áhersla er lögð á rannsóknarhlutverk Kennaraháskólans. Æ ljósara verður að sívaxandi íhlutun ríkisvalds um nám, námsferil og upp-

1) Ákvæði þessa efnis var fellt brott úr frumvarpinu í menntamálaráðuneytinu.

eldi ungmenna að öðru leyti, flókin gerð nútímasamfélags og sífjölgun ytri áreita, gera uppeldisfræðilegar rannsóknir skyld og nauðsynleg tæki til að meta gildi löggjafar og framkvæmdar á sviði skólamála, svo og virk tengsl þeirra.

Kennurum er ætluð aðild að þróunarverkefnum í skólum og svo mun verða framvegis. Er þeim því brýn nauðsyn að kynnast vísindalegum vinnubrögðum þegar í námi sínu.

Auk þess er vald hæfra manna á aðferðafræði og rannsóknartækni á sviði uppeldis- og kennslufræði beint skilyrði fyrir sjálfræði og ábyrgri ákvörðun, gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis og vænlegust vörn gegn hvoru sem heldur er trénun eða valdboði í uppeldisháttum. Þjálfun kennaraefna við tök móðurmáls og ofríkislausa framsetningu á sem flestum sviðum uppeldisvísinda er mikilvægur þáttur slíkra fræðslu- og rannsóknarstarfa, svo að mál fræðimanna verði hvorki einkamál þeirra né villumál alþýðu, heldur nothæft tæki hennar í umræðu og ákvörðun.

Traustri fræðilegri þjálfun kennaraefna er ætlað að verða forsenda ábyrgrar skoðanamyndunar og vinnubragða í daglegu starfi og undirstaða frekari sérhæfingar, ef á það reynir.

Eitt nýjasta, skýrasta og mikilvægasta dæmi um skilning íslenska löggjafans á gildi uppeldis- og kennslufræðilegra rannsókna er ákvæði laga um grunnskóla nr. 63/1974, 62.—63. gr.

Barátta fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldismála er að vonum drjúgum eldri en löggjöf um grunnskóla. Íslensk kennarasamtök höfðu um áratuga skeið lagt áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna og miðlun fræðilegra upplýsinga meðal kennara og skólamanna. Í þeim umræðum var þráfaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar, er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna, meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynsla hefur skorið úr því, að síst var ofgert við þorskinn. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku, að á heimari miðum hafi þörfin síst verið minni.

Í III. kafla laga um menntun kennara frá 12. mars 1947 er æfinga- og tilraunaskóla ætlað veigamikið rannsókna- og ráðgjafahlutverk, sbr. viðauka II, en þetta tvennt verður að fara saman, ef vel á að vera.

Af sömu rót rann ákvörðun löggjafans um að koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, sbr. II. kafla sömu laga, og fjárveitingar til rannsóknastarfa dr. Matthíasar Jónassonar og nokkurra fleiri.

Félag íslenskra sálfræðinga beitti sér mjög fyrir því um árabil í samvinnu við kennarasamtök, að uppeldisfræðileg rannsóknastörf yrðu efld og þeim tryggðar fjárveitingar og skipan, einkum á árunum um og eftir 1950. Lögðu þeir til að 0,25% af rekstrarfjárveitingum til skólamála ár hvert yrði varið til rannsókna. Hliðstæð hugmynd kom fram í frumvarpi til laga um grunnskóla, en náði ekki fram að ganga.

Með sérstökum bálki um rannsóknastofnun uppeldismála í lögum um Kennaraháskóla Íslands staðfesti löggjafinn að nýju nauðsynina á því rannsóknastarfi, sem mælt var fyrir um í lögum um menntun kennara nr. 16/1947. Skilgreind eru verkefni rannsóknastofnunarinnar, mannaflaþörf og stjórn, og ráð gert fyrir samvinnu Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins.

Að formi til var stofnun þessari aldrei komið á fót, en skólinn rækti að sínum hluta skyldur sínar samkvæmt áðurnefndum bálki í löggjöfinni og Alþingi lagði fé til starfseminnar í fjárveitingum til Kennaraháskólans.

Hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir þörf kennaraefna á því að kynnast uppeldis- og kennslufræðilegu rannsóknastarfi svo og því, að alþýða og stjórnvöld þarfnast þeirra til hliðsjónar, er meta skal uppeldisleg markmið og aðgerðir til að ná þeim.

Hinni spurningunni hefur lítt eða ekki verið svarað, hvers vegna þörf væri á miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum né heldur, hvers vegna Kennaraháskóli Íslands skuli gegna því hlutverki.

Það leiðir af stöðu Kennaraháskólans, að hann er, svo sem Kennaraskólinn var á undan honum, miðstöð kennaramenntunar í landinu, og hún verður nýtileg eða lítilsháttar eftir því, hvernig skólinn er verki sínu og vanda vaxinn, en auknar kröfur á hendur skólanum og aðgerðir, er efla hann til að rækja hlutverk sitt, stuðla að sjálfsögðu að bættri menntun kennara.

Það leiðir og af stöðu Kennaraháskólans í skólakerfinu, að skylt ætti að vera og líklegt til þeirra áhrifa sem vænst er af uppeldisfræðilegu rannsóknastarfi að fela honum forystu um það öðrum fremur. Kennsla í uppeldisfræðum til háskólaprófs, tengsl hennar við menntun kennara og starf á vettvangi, æfingaskólann og viðfangsefni hans eiga að fullnægja kröfum um fræðileg gæði náms og kennslu og tengingu kenninga og daglegra viðfangsefna á vettvangi.

Einsætt er, að jafnan er þörf hagsýni, hvort heldur er í meðferð mannafla, veraldlegra fjármuna eða annars, er til verðmæta kann að teljast. Á það því fremur við sem færri hendur eru til að vinna verkin, svo sem títt er í fámennu þjóðfélagi með fjölbreytt viðfangsefni.

Líklegt er, að hagsýni verði meiri, ef sami aðili hefur sýn yfir viðfangsefni eða tök á að skipuleggja þau og gefa ráð til um framkvæmd þeirra, beitingu mannafla og fjármagns og hagnýtingu á niðurstöðum í verki.

Með því að fela Kennaraháskóla Íslands slíka ábyrgð og aðild að vísindalegum rannsóknum í uppeldis- og kennslufræðum yrðu vísindamenn færðir nær vettvangi og vettvangur nær rannsóknastofunni.

Eðli **uppeldislegra rannsóknaverkefna** leiðir m. a. af lögbundnu hlutverki skóla, sbr. fyrrnefndan kafla í lögum um grunnskóla, en auk þess verður að ætla slíkri rannsóknastofnun heilskyggni á verkefni og hlutfallslegt gildi þeirra og því einnig eigið frumkvæði og frjálsræði um val á þeim. Samur hlýtur og að vera réttur og skylda þeirra stofnana, er Kennaraháskólinn tengist í rannsóknastarfi.

Það er eðli rannsókna, að niðurstöður vekja nýjar spurningar. Því verður ekki, ef vel á að fara, sagt fyrir um verkefnaval til frambúðar í hvorri merkingunni sem er, spásagnar eða valdaboðs. Því skyldi **löggjöf** um slík efni vera rúm, en **framkvæmd** hnitmiðuð. Ákvæði frumvarps, 1. gr., 1.tl., heimilar jafnt frumrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir.

Hér verður ekki freistað að gera grein fyrir umtaki og inntaki uppeldislegra rannsóknaefna, er við blasa um þessar mundir, en nefna má örfá hefðbundin svið:

Markmið og möguleikar uppeldis, meðtalið nám og kennsla.
Kennslufræði, almenn og sérleg.
Jaðarsvið: sálarfræði, líffræði lífeðlisfræði og samfélagsfræði.

Ekki verður heldur gerð tilraun til að flokka ótöluleg og fjölbreytt rannsóknaefni, er falla á þessi svið, rúm sem þröng. Nefna má þó örfá dæmi:

1. Hvenær, hvar og hvernig gerist vöxtur og nám?

Þetta er meginspurning, er teygir sig til allra fyrrnefndra sviða. Án ljósra svara við henni er m. a. torvelt að ákvarða skólaskyldu og ætlunarverk hennar.

2. Hvert er markmið kennslu í íslenskri stafsetningu? Hver er framkvæmd hennar, árangur og kostnaður?
3. Hver er námsárangur í hlutfalli við lengd skólatíma?
4. Hver er hlutfallslegur uppeldisárangur skólavistar og starfsvistar (þátttöku í atvinnulífi)? Með hvaða hætti verða tengsl þeirra farsælust?
5. Hverju máli skiptir stærð og samsetning námshóps í skóla?

Enginn mun glíma lengi né drengilega við þessar og þvílíkar spurningar, án þess að sannreyna að hann brestur trúverðug svör við þeim öllum.

Kennaraháskólinn annist kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Það nýmæli að Kennaraháskólinn skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra íslenskra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi leiðir af þeirri forsendu, að eftirsóknarvert sé, að kennarastéttin sé samstæð og heil í skilningi sínum á sameiginlegu hlutverki. Þá mun og reynast hagfellt að fela Kennaraháskólanum verkefni þetta af þeim sökum, að margar námseiningar verða sameiginlegar í uppeldis- og kennslufræðilegu námi kennara, á hvaða stigi sem þeir hyggjast kenna. Mun því starfslið skólans nýtast betur en ella og því verða brýning og ávinningur að því að takast á við verkefnið, en fjárveitinga- og framkvæmdavald mun eiga auðveldara með að glöggva sig á því, að saman verða að fara ríkar skyldur og full tök slíkrar stofnunar á að rækja þær, m. a. með því að fá til starfa mannafla, er notið hefur æskilegrar menntunar.

Fela má Kennaraháskólanum að annast kennslu í greinum sérkennaraskóla.

Nefndin hafði nokkra hliðsjón af hagræðingu, er hún lagði til að fela mætti Kennaraháskólanum fullmenntun kennara í skyldunámsgreinum, sem nú eru kenndar í sérskólum, því að af skipulagssökum getur komið sér vel fyrir flesta aðila að saman fari í Kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum, en auk þess leggur nefndin ríka áherslu á það meginsjónarmið, að nám kennara skuli vera **kennslumiðað**, þ. e. jafnan taka mið af væntanlegu starfi kennaraefnis, hvert svo sem viðfangsefnið eða greinin er.

Nútíma kennslufræði leggur æ þyngri áherslu á að temja nemendum æskilega **námsaðferð** og **námsviðhorf** með hliðsjón af sívaxandi þekkingu á flestum eða öllum sviðum. Þó fer fjarri, að kennara dugi að þekkja allt til kennslu, nema það sem hann á að kenna. Eftir sem áður, og raunar miklu fremur en áður, verður þekking kennara og skilningur hans á kennslugrein sinni að vera traust. Jafnvíst er, að enn síður má skorta á hæfni kennara til að koma efni sínu til skila í hendur og hug nemenda. Þann vanda, sem hér er til vísað verða námsskrárgerðarmenn að kljást við. Þeir komast ekki undan því að skilgreina námskröfur í greinum kennaraefnis, en þar verður ávallt mikillar hagsýni þörf í ráðstöfun á náms- og kennslutíma, og mun flestum fræðurum jafnan þykja á skorta þann tíma sem til umráða er í grein þeirra. Ströng sérhæfing í grein getur verið kennara á grunnskólastigi allsendis ófullnægjandi, þó að mikið nám liggi að baki. Er af því ljóst, að önnur sjónarmið hljóta að ráða efnisvali innan greinar í kennaranámi fyrir grunnskóla en öðru háskólanámi. Því er og einsætt, hversu örðugt muni vera að velja og hafna, er ákveða skal námsefni til kennaraprófs sem og að flétta hæfilega fast þætti greinar og kennslufræði.

Það sem hér hefur verið sagt á jafnt við, hvort sem greinar eru kenndar í sérskólum eða öðrum. Fleira kemur til, svo sem það meginviðhorf, að lögboðnar námsgreinar í grunnskóla skuli njóta jafnréttis, jafngildingar. Líklegt má telja, að sambýli þeirra í Kennaraháskólanum myndi stuðla að því flestu öðru fremur. Hér koma þó fleiri sjónarmið til álita, og vísast um þau efni til athugasemda við 1. gr., 3. tl.

Beint ákvæði um kennslu í sérgreinum var í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, og er greint frá því í viðauka II.

Kennsla í uppeldisfræði til B.A.- prófs.

Þeim mun nú fara mjög fækkandi, sem á annað borð velta uppeldismálum fyrir sér hérlendis, en draga í efa gildi þess að innlend menntastofnun láti í té kennslu til undirbúnings háskólaprófi í uppeldisfræði.

Til skamms tíma hafa íslenskir námsmenn sótt slíkt nám til annarra þjóða. Þeir hafa víða leitað fanga, og það er vel í sjálfu sér, en hópurinn hefur verið svo

fámennur, að hann hefur brostið afl til að fylgja fræðum sínum eftir með samfelldum rannsóknum á uppeldismálum heima fyrir og áhrifum á þau. Því hefur honum ekki auðnast að stuðla að þróun greinar sinnar í hæfi við stað og tíma, enda þótt hver og einn hinna örfáu einstaklinga hafi verið trúr verkamaður í víngarðinum. Þetta þarf engan að undra, sem hugleiðir, hver er staða þeirra greina, sem sækja þurfa alla meiri háttar fræðslu og endurnýjun til erlendra menntastofnana. Þær munu fæstar eiga sér teljandi von þróunar án halds og trausts í eigin skóla heima fyrir, þar sem kostur er á að njóta fræðslu, námsaðstöðu og stunda rannsóknir til fullgilds háskólaprófs.

Lítilli þjóð og aflfárri er brýn þörf á því að hafa náin kynni af æðstu menntum annarra þjóða, en henni er lífsnauðsyn að njóta fræðilegs sjálfræðis í uppeldismálum.

Því meiri trú sem fest er á gildi umhverfisþátta í uppeldi — og þeim einum fær uppalandi breytt samkvæmt eðli máls — því skyldara er að kanna og meta með trúverðugum kenningum, tækjum og aðferðum það sem næst er í eigin samfélagi.

Íslenskur jarðvegur, íslenskt gróðurríki hefur verið kannað eftir föngum um langt skeið, hreistur og annað fleira á fiski hefur verið skoðað um áratugi, svo og smíðaefni hvers konar til húsa og skipa, fallvötn, varmi og berggrunnur landsins, en uppeldiskjör íslenskra barna hafa engrar slíkrar fræðilegrar allsherjar athygli notið. Eru þó kjör þeirra og umhverfi allt um margt frábrugðin því, er með öðrum þjóðum gerist.

Á síðustu misserum hafa orðið þau tímamót í þessum efnum, að stofnað hefur verið til kennslu í uppeldisfræðum til B.A.- prófs við Háskóla Íslands í tengslum við það uppeldis- og kennslufræðinám, sem skólinn hefur lengi gefið kost á fyrir B.A.- prófsmenn úr öðrum greinum og verið hefur skilyrði kennsluréttinda þeim til handa. Kennsla til B.A.- prófs í uppeldisfræði samkvæmt skipulegri námsáætlun hófst haustið 1975, og með breytingu á reglugerð háskólans í janúar 1976 var uppeldisfræði formlega bætt í tölu B.A.- prófsgreina.

Nefndin telur eðlilegt, að framangreind starfsemi í Háskóla Íslands verði færð í Kennaraháskólann. Er það í samræmi við þá meginstefnu sem mörkuð er í 1. gr. frv. um hlutverk Kennaraháskólans. Ef sú uppeldis- og kennslufræðimenntun framhaldsskólakennara, sem rækt hefur verið í Háskóla Íslands, flyst á vegu Kennaraháskólans eins og frv. gerir ráð fyrir, sýnist og eðlilegt að kennslan í uppeldisfræði til B.A.- prófs flytjist með, sökum þeirra tengsla sem að framan getur, En einnig frá sjónarmiði Kennaraháskólans sem almennrar kennaramenntunarstofnunar eru gild rök fyrir því, að koma beri á fót kennslu til háskólaprófs í uppeldisfræði við skólann.

Þó að vænta megi, að aukin ábyrgð og virkari afskipti alþýðu af uppeldi og uppeldismálum verði þjóðfélagsleg nauðsyn á næstu áratugum og sé það raunar nú þegar, og uppeldisfræðingar fái af þeim sökum víðari starfsvettvang, fer ekki hjá því, að skólar og ýmsar aðrar stofnanir verði sem fyrr miðsvæðis í uppeldisstarfi. Verður því að ætla, að háskólagengnir uppeldisfræðingar tengist kennurum fastar í starfi en öðrum mönnum og störf beggja muni nýtast því betur sem samvinna þeirra og gagnkvæmur skilningur er heilli. Farsælast mun reynast, að kynni þeirra og samstarf hefjist þegar í námi þeirra. Eru þau rök að sjálfsögðu gildust í þessum efnum, er lúta að því, hversu menntun uppeldisfræðinga og kennara megi síðar nýtast í starfi.

Á hitt ber þó einnig að líta, að hagfelldara er að skipuleggja kennslu í uppeldisfræðum og auðveldari verkaskipting kennara, ef í sömu stofnun vinna fræðarar beggja, kennaraefna og uppeldisfræðinga. Það myndi og stuðla að eðlilegum og æskilegum tengslum uppeldislegrar kenningar og verklegrar framkvæmdar. Mun það báðum hollt, kenningunni og framkvæmdinni.

Ekki þykir vænlegt að stefna hærra í fyrstu atlögu en stofna til náms undir B.A.- próf í uppeldisfræði við Kennaraháskóla Íslands. Þó er skylt að vænta þess og ætlast til þess að greinin og skólinn þróist á þá lund að hann megi búa vísinda-

menn undir æðri prófgráður, þegar fram líða stundir. Leggur nefndin því til, að það sé á valdi skólaráðs og menntamálaráðherra að taka ákvörðun um það.

Líta má á ákvæðin um kennslu í uppeldisfræði í Kennaraháskóla Íslands sem lokastig þeirrar þróunar hreinnar starfsmenntunar íslenskra kennara á háskólastigi, sem hvað fyrst örlar á í Menntamálanefndaráliti II, 1921. Í nefndinni voru Guðmundur Finnbogason og Sigurður P. Sívertsen, en auk þeirra unnu að nefndarálitinu Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Helgason og Steingrímur Arason. Stefna þessi tók skýrari mynd með lagaákæðum um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands 1947, þó að ekki yrði úr framkvæmdum, hún var mjög í umræðu við undirbúning löggjafar um Kennaraskóla Íslands 1963, en loks staðfest í orði og verki í og með lögum um Kennaraháskóla Íslands 1971.

Einingar náms og meginþættir.

Nokkur vandi hefur stafað af því og óánægja meðal kennaraefna, að skýr fyrirmæli hefur brostið um skilgreiningar á námseiningum í Kennaraháskólanum, enda þótt löggjöfin gerði ráð fyrir því að háskólarnir báðir viðurkenndu námseiningar hvor annars. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er úr því bætt. Einnig eru meginþættir náms skilgreindir skýrar en fyrr og valgreinakerfið gert sveigjanlegra, sbr. athugasemdir um þessi atriði við 15. grein.

Þróunarverkefni og samvinna Æfingaskólans og skólarannsóknadeildar.

Á síðastliðnum áratug mun reynsla hafa leitt fátt skýrar í ljós á sviði íslenskra skólamála en nauðsynina á heilli samvinnu yfirstjórnar þeirra mála og Kennaraháskólans. Sú þróunarstefna, sem löggjafi og ríkisstjórn hafa fylgt fram á þessum tíma, hefur goldið þess, að skólinn hafði lítil tök á því að leggja henni lið eða eiga frumkvæði. Löggjafi og framkvæmdavald hafa mjög fylgt alþjóðlegri stefnu í skólamálum á þessum tíma, og auðkennist hún af því m.a. að endurskoða markmið náms og kennslu, viðfangsefni og vinnubrögð og virkja kennaralið, námsmenn og samfélag til atfylgis um þvílík efni. Stefna þessi er um margt vænleg og líkleg til farsælla áhrifa framvegis, ef vel er á haldið, en hér sem endranær geta góð vopn snúist í höndum manna, ef örugg tök brestur. Því er nauðsyn, að kennaraefni kynnist slíkum viðhorfum og vinnubrögðum rækilega þegar í námi sínu. Er af flestum sökum eðlilegt að fela Æfingaskólanum það hlutverk, því að þar á einkum að reyna á þjálfun kennaraefna við að tengja fræði sín frjóu verki. Jafnframt gæti Æfingaskólinn orðið framkvæmdavaldi til ráðuneytis og aðstoðar um endurmat og prófun á tækjum, vinnubrögðum og kenningum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

1. tl. Greinin ákvarðar hlutverk Kennaraháskóla Íslands og mikilvægustu breytingar, sem lagt er til að á því verði gerðar.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, 1. gr., 1. tl., að Kennaraháskóli Íslands skuli vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum, en hér er kveðið svo á, að hann skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu og búa stúdenta undir háskólapróf í þeim greinum. Á það auk B.Ed.- prófs (kennaraprófs) einnig við B.A.- próf í uppeldisfræði, en það er nýmæli, sbr. 21. gr.

Með ákvæðum þessum er stefnt að því að tengja mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknaaðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu, enda flytjist kennsla í uppeldisfræði úr Háskóla Íslands í Kennaraháskólann.

2. tl. Það er nýmæli, að skólinn skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Í því felst, að Kennaraháskóli Íslands taki að sér að annast þá kennslufræðilegu menntun, sem Háskóli Íslands lætur nú í té, einkum fyrir B.A.- prófsmenn, auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnað verði til hliðstæðrar menntunar fyrir kennara ýmissa skóla á framhaldsskólastigi (sbr. 16. gr.). Kennarar í verklegum greinum við iðnskóla og aðra sérskóla hafa hingað til ekki átt kost á uppeldis- og kennslufræðilegri menntun hér á landi, nema á einstökum námskeiðum, m. a. hin síðari ár á vegum framhaldsdeildar Kennaraháskólans. Ætla verður að þeim sé þó engu síður þörf slíks undirbúnings undir kennslustarf sitt en kennurum bóklegra greina. Þá felst og í ákvæði þessa töluliðar sú stefna, að Kennaraháskólinn annist hinn almenna uppeldis- og kennslufræðilega þátt í menntun þeirra sérgreinakennara, **sem nú hljóta alla kennaramenntun sína á vegum sérskóla á viðkomandi sviði.** Þar er átt við myndlistarkennara, sem nema við kennaradeild Myndlista- og handíðaskólans, tónmenntakennara, sem nema við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík, hússtjórnarkennara, er hljóta menntun sína í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og íþróttakennara, sem nema við Íþróttakennaraskóla Íslands. Hversu sem sérgreinamenntun þessara kennara verður hagað að öðru leyti (sbr. og aths. við 3. tölul. þessarar greinar), sýnist eðlilegt og hagkvæmt, að þessi hluti náms þeirra verði á vegum Kennaraháskólans sem hinnar sérhæfðu miðstöðvar í uppeldis- og kennslufræðum.

Með nýmælum þeim, sem í þessum tölul. felast, er að því stefnt að styrkja tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess, hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða sá aldursflokkur sem kennt er. Vex þeirri stefnu nú mjög fylgi víða um lönd. Einnig á ákvæði þetta að koma í veg fyrir tvíverknað og stuðla að hagfelldari nýtingu fjármagns, svo og bættri náms- og starfsaðstöðu í Kennaraháskólanum.

3. tl. Með upphafsákvæði þessa töluliðar er Kennaraháskólanum falið að annast fullmenntun[1]) kennara á grunnskólastigi í öllum þeim greinum sem kenndar eru til kennaraprófs við skólann. Ákvæði þetta er ekki nýmæli, en kemur í staðinn fyrir fyrra málslið 2. tl. 1. gr. í gildandi lögum, þar sem Kennaraháskóla Íslands er fengið það hlutverk „að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi". Þess ber þó að gæta, að „skyldunámsstig" hefur ekki að öllu sömu merkingu í þeim lögum og „grunnskólastig", þegar lög nr. 63/1974, um grunnskóla, verða komin til fullra framkvæmda með eins árs lengingu skólaskyldu. — Með fullmenntun er átt við þær námskröfur, sem fullnægja þarf til kennararéttinda.

Í síðara ákvæði þessa tölul. er heimilað að fela Kennaraháskólanum að annast fullmenntun kennara í þeim greinum, sem nú eru kenndar í sérstökum kennaraskólum eða kennaradeildum. Í gildandi lögum (1. gr., 1. tl.) er mælt fyrir um að Kennaraháskólinn skuli, til að forðast tvíverknað, hafa samstarf við skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hér er um að ræða sérgreinar þær, sem vikið er að í athugasemdum við 2. tölul. hér að framan. Í þeim tölul. er gert ráð fyrir, að Kennaraháskólinn annist uppeldis- og kennslufræðimenntun kennara í þessum greinum, og er þar með þegar séð fyrir veigamiklu samstarfi og verkaskiptingu. Síðan er í þessum tölulið gert ráð fyrir að heimilt sé að ganga lengra og fela Kennaraháskólanum einnig sjálfa sérgreinamenntunina. Hvort og þá að hvaða marki þeirri heimild verði beitt hlýtur að ráðast af rækilegri athugun margra atriða, bæði kennslulegs og fjárhagslegs eðlis. Færa má ýmis rök fyrir hvorri tveggja skipaninni, sérskólafyrirkomulagi og sameiningu við almennt kennaranám í Kennaraháskólanum. Með hinu fyrra mælir m. a., að í sérskólunum sé fyrir hendi aðstaða, sem ella þyrfti að byggja upp í Kennaraháskólanum, svo og að kennaramenntuninni í viðkomandi greinum sé styrkur og hagur að sambýli og samstarfi við aðra sérmenntun í greinunum, svo

1) Í frv. er notað orðið fullnaðarmenntun.

sem er um myndlistarnám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Á hinn bóginn má benda á, að sameining allrar kennaramenntunar fyrir grunnskóla í einni stofnun mundi stuðla að samræmingu kennaranámsins, jafnstöðu kennslugreina og einingu kennarastarfsins. Nefndin, sem frumvarpið samdi, taldi það ekki í verkahring sínum að taka beina afstöðu til þess, hvað best hentaði í þessum efnum, en taka ber fram, að ekki er ótrúlegt að mismunandi lausnir komi til álita eftir því hvaða sérgrein á í hlut. Hversu sem ráðast kann um stofnanalega tilhögun kennaranáms í umræddum greinum, ber að leggja áherslu á að samhæfa það öðru kennaranámi eins og kostur er. Æskilegt er að þessar greinar geti orðið valgreinar til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) með sama hætti og þær greinar, sem nú eru kenndar við Kennaraháskóla Íslands, enda virðist ekki ókleift að fella kennaranám í sérgreinunum inn í þá umgerð sem valgreinum er sniðin í 15. gr. frumvarpsins. Í því sambandi kann þó að þurfa að gera sérstakar kröfur um undirbúning til inngöngu í kennaranám, að því er listgreinar varðar.

4. tl. Í þessum tölul., sem fjallar um endurmenntun kennara, eru ekki aðrar breytingar frá hliðstæðu ákvæði í gildandi lögum en að starfsemin er ekki einungis miðuð við kennara á skyldunámsstigi, heldur bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Hefur framkvæmdin þegar hneigst í þá átt.

Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þessa þáttar í hlutverki Kennaraháskólans. Mönnum hefur orðið æ ljósara, að starfsmenntun í nútímaþjóðfélagi verður ekki áunnin í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf hún að vera með nokkrum hætti áfangamenntun. Kennarastarfið mun mörgum störfum fremur jafnan verða háð slíkri kvöð um sífellda endurnýjun menntunarforðans.

II. KAFLI

Um 2. gr.

Grein þessi kveður á um, hverjum falin sé æðsta stjórn Kennaraháskóla Íslands. Hún samsvarar að nokkru leyti 1. og 3. lið 2. gr. gildandi laga, en nokkur nýmæli eru í frumvarpinu. Lagt er til, að stjórn skólans sé einfölduð, þannig að í stað skólastjórnar og skólaráðs komi nú aðeins skólaráð. Hins vegar er lagt til, að sú skipulagsbreyting sé gerð stjórn skólans til styrktar, að greint sé skýrar á milli kjörinna fulltrúa starfsmanna í skólaráði og stjórnskipaðra embættismanna skólans, svipað og tíðkast hefur í Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir, að stofnuð sé staða skólaritara er annist í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans og hafi heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega. Ekki eru líkur á, að þessi nýja skipan hafi aukinn kostnað í för með sér, þar sem vararektor mundi þá ekki lengur gegna launuðu starfi, heldur verða staðgengill rektors í forföllum. Ætlast er til, að rektor geti með þessu fyrirkomulagi helgað sig í auknum mæli stefnumótun í málefnum skólans og almennu eftirliti með stjórn hans. Í stað ákvæðis 2. tl. 2. gr., um skólanefnd kennaraskóla, er hér gert ráð fyrir mun einfaldari og sveigjanlegri heimild fyrir menntamálaráðuneytið að efna til funda um kennaramenntun. Að öðru leyti eru hér ákvæði, sem ætlað er að kveða skýrar á um valdsvið hinna einstöku stjórnunaraðila.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um kjör rektors og vararektors. Er kosningarréttur til embætta þessara rýmkaður nokkuð frá því, sem nú er í 4. tl. 2. gr. Um kjör rektors og vararektors er lagt til, að ákvæði 39. gr. reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands verði flutt í lögin. Er það og í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Nýmæli er ákvæðið um það, hvernig með skuli fara, ef rektor fellur frá, lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er á enda, svo og ef rektor forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um skipulag skólaráðs. Er það í stórum dráttum hið sama og í 2. gr. gildandi laga. Fulltrúum í ráðinu er þó fjölgað nokkuð í því skyni, að allir starfshópar skólans eigi þar fulltrúa. Að öðru leyti er ákvæðið gert gleggra en áður, m. a. um það, ef fulltrúi forfallast.

Um 5. gr.

Nýmæli er það í frumvarpinu að kveða á um nokkur meginatriði fundarskapa, er miklu varða um greiða og skipulega fyrirtekt og afgreiðslu mála í skólaráði. Sambærilegt ákvæði er nú í 38. gr. reglugerðar skólans.

Um 6. gr.

Ákvæði um starfsmannafundi eru nýmæli. Er því ætlað að fylla upp í það skarð, er myndast kann við afnám skólastjórnar og kennarafunda. Tilhögun þessi er sveigjanlegri, en ætti að koma að svipuðu gagni. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

Um. 7. gr.

Hér er fjallað um skorir. Er ætlast til, að hver skor verði stjórnunareining með svipuðum hætti og verið hefur. Lagt er til, að nemendur hafi tvo fulltrúa á fundum hverrar skorar. Þá er og stefnt að því að treysta tengslin við Æfingaskólann með því að æfingakennarar þar eigi jafnan rétt til fundasetu og þátttöku í afgreiðslu mála sem greinakennarar. Ákvæðið um kjör skorarstjóra er óbreytt.

Um 8. gr.

Nýtt ákvæði er hér um fundarsköp skora. Er því ætlað að skapa festu varðandi boðun funda og meðferð mála á fundum. Nýtt er einnig ákvæðið um heimild skora til starfa í sérgreindum hópum eftir fræðasviðum, enda ljóst af 17. gr. frumvarpsins, að mjög ólíkar greinar lenda saman í sumum skorum, en hins vegar ekki æskilegt að fjölga þeim af stjórnunarástæðum.

III. KAFLI

Í þennan kafla er skipað saman ákvæðum, sem í l. nr. 38/1971 féllu undir kaflana um nemendaráð og inntöku nemenda í skólann, 3. og 4. gr. Eru ákvæði þessi lítt breytt efnislega í hinu nýja frumvarpi, en auk þeirra er bætt við nokkrum nýjum efnisákvæðum.

Um 9. gr.

Ákvæði um inntökuskilyrði sætir litlum breytingum. Það er þó heldur skýrara og einfaldara í framkvæmd en gildandi ákvæði. Í 1. tl. er miðað við jafngilt próf í stað jafngilds náms. Auk þess er sú breyting gerð, að skólaráð (áður skólastjórn) þarf ekki að leita samþykkis menntamálaráðherra, ef það telur önnur próf en stúdentspróf tryggja jafngildan undirbúning. Verður að ætla, að skólinn sé sjálfur best fallinn til að dæma um það.[1])

1) 1. tl. þessarar greinar var frá hendi nefndarinnar sem frv. samdi orðaður á þessa leið: „1. Stúdentspróf. Þó getur skólaráð heimilað inngöngu á grundvelli annarra prófa, ef ráðið telur þau tryggja jafngildan undirbúning." Í menntamálaráðuneytinu var undanþáguákvæðið rýmkað þannig, að heimilt skuli að taka auk „annarra prófa" tillit til náms og starfsreynslu þegar metið er hvort umsækjandi hafi nægan undirbúning til að hefja nám í Kennaraháskóla Íslands. Þróunin varðandi inntöku í háskóla er nú víða í þá átt, að láta ekki tiltekin próf vera allsráðandi í því efni, heldur líta einnig til þess, ef umsækjandi hefur með öðrum hætti aflað sér undirbúnings sem telja megi nægan grundvöll að viðkomandi háskólanámi. Þegar nefnd er starfsreynsla er hér sérstaklega haft í huga, að þeir sem fengist hafa við kennslustörf um nokkurt skeið með góðum árangri geti átt þess kost að setjast í Kennaraháskólann án þess að ljúka stúdentsprófi, ef skólaráð metur fullnægjandi forsendur fyrir hendi að öðru leyti.

2. tl. er efnislega samhljóða núgildandi 2. tl. 4. gr. að breyttu breytanda.

Í stað ákvæðis um hæfnispróf og lágmarkseinkunn í íslensku er hér lagt til að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar. Hér falla undir m. a. heimild til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann vegna óviðráðandi fjölda umsókna og heimild til að ákveða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum.

Um 10. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði, er áður var í 4. tl. 1. mgr. 4. gr., er nú gert ítarlegra og raunhæfara. Einkum er eftirlit með heilbrigðisástandi nemenda styrkt með því að lögfesta heimild til að ákveða í reglugerð um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu og um heilbrigðisrannsóknir eftir ákvörðun skólaráðs.

Um 11. gr.

Þetta er nýmæli í lögunum. Er það að nokkru leyti sniðið eftir 24. og 25. gr. l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Ekki þykir síður þörf hér að kveða á um viðurlög, ef nemandi brýtur lög eða aðrar reglur skólans eða gerist sekur um alvarlegt refsilagabrot. Er það bæði byggt á nauðsyn þess að halda uppi hæfilegum aga og aðhaldi innan skólans, almennum varnaðarsjónarmiðum og ekki síst því, að ungmenni þau, er veljast til kennslu barna og ungmenna síðar meir, séu vel þroskuð siðferðislega og vammlaus í öllu líferni sínu.

Ekki er ætlast til, að til brottvikningar að fullu komi, nema um ítrekun sé að ræða eða stórfelld brot. Ella má láta við áminningu sitja eða brottvikningu um stundarsakir. Ætíð hefur nemandi rétt til að skjóta ákvörðun um brottrekstur til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi þó ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Auk málskotsréttar nemanda á ætíð að veita honum kost á að svara til saka, og ætíð skal leita álits nemendaráðs, áður en brottvikning er ráðin.

Ákvæði 2. mgr. um brottvikningu að fullu vegna tiltekinna alvarlegra refsilagabrota er aðeins heimildarákvæði og því vægara en sambærilegt ákvæði 25. gr. l. nr. 84/1970. Brot þau, sem hér um ræðir, eru einungis þau brot, er hafa flekkun mannorðs í för með sér, þ. e. ef sakborningur hefur verið fullra 18 ára, er hann framdi brotið, og refsing er 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. l. nr. 52/1959, sbr. 1. gr. l. nr. 45/1961.

Um 12. gr.

Ákvæði 1 mgr. er nýmæli í lögum um Kennaraháskólann. Þykir heppilegt að lögfesta skýra reglu til að forðast hugsanlegan ágreining um það, hvort nemandi teljist við nám í skólanum og njóti réttinda og beri skyldur sem innritaður nemandi. Gert er ráð fyrir, að í reglugerð megi áskilja árlega skráningu, í því skyni fyrst og fremst að koma við betri yfirsýn og meira aðhaldi en áður. Jafnframt þykir rétt að heimila ákvörðun skrásetningargjalda með reglugerð og hvernig þeim skuli varið, m. a. í þarfir nemenda sjálfra. Ákvæðið er að mestu í samræmi við 21. og 26. gr. l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Í 2. mgr. er heimilað að setja reglugerðarákvæði um námsástundun nemenda.

Um 13. gr.

Ákvæði um nemendaráð er efnislega óbreytt, sbr. 3. gr. gildandi laga. Nemendaráði er þó einnig ætlað að tilnefna fulltrúa nemenda á skorafundi.

IV. KAFLI

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þriggja ára námi með 8½—9½ mánaða kennslu á ári. Menntamálaráðuneytið getur þó leyft allt að hálfsmánaðarvik frá þessu ákvæði. Sú hefð hefur skapast, að kennsluárið væri 9 mánuðir, frá 1. september til 31. maí. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kennsluárið geti verið 9½ mánuður, ef ástæða þætti til.

Nýmæli er það í þessari grein að menntamálaráðherra sé heimilt að lengja námið um allt að einu ári að fengnum tillögum skólaráðs.[1])

Kröfur um menntun kennara verða sífellt meiri og fleiri svið, sem þeir verða að kunna skil á. Með lögunum frá 1971 var kennaramenntun á Íslandi færð mjög til samræmis við það sem þá gerðist hjá þeim grannþjóðum okkar, sem við tökum helst mið af. Námslengd mun þó fremur hafa verið sambærileg við lægri mörkin þar og mun sá samanburður heldur hafa orðið okkur í óhag er tímar liðu.

Um 15. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi lögum að námið er skipulagt í námseiningum þar sem hver eining er ígildi einnar viku vinnu, en í gildandi lögum er öllum námstímanum skipt í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 vikustundum árlangt. Breytingin er gerð til auðveldunar á námsskipulagi og námsmati og er í samræmi við einingamat, sem nú er notað eða í undirbúningi að nota í skólakerfinu, m. a. í vaxandi mæli í Háskóla Íslands. Ætti því þessi tilhögun jafnframt að auðvelda gagnkvæma og sjálfsagða viðurkenning námshluta milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Skipting námsins í meginþætti felur í sér meiri sveigjanleika fyrir nemendur í vali námsefnis en er í gildandi lögum. Valfrelsi innan ákveðinna marka nær nú til rúmlega 60% námsefnis í stað tæpra 50% áður. Ásamt námseiningaskiptingunni ætti námsþáttaskipulagið að gera hægara um vik fyrir kennara, sem hafa hug á að bæta við nám sitt með markvissum hætti, t. d. afla sér aukinnar menntunar í grein til viðtækari kennsluréttinda.

Sveigjanleiki námsmagns í einstökum valgreinum er aukinn verulega eða í 30 einingar úr nálega 15 einingum í gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir að allir, sem B.Ed.- prófi ljúka, hafi hlotið undirbúning til að sinna almennri bekkjarkennslu en auk þess er nemanda gefið svigrúm til að einbeita sér hvort heldur er að bekkjarkennslu með fjölbreyttu námsgreinavali eða að kennslu einstakra námsgreina með þröngu vali (45 einingar í valgreinum).[2])

Nemandi, sem velur list-eða verkgrein, skal taka 55 einingar í þeirri grein, 30 einingar í almennum uppeldisgreinum, 5 einingar skyldunám m. a. í móðurmáli og 15 einingar annaðhvort bóklega valgrein eða bóklegar bekkjargreinar.

Gert er ráð fyrir að æfingakennslu verði ætlaður svipaður tími og nú er.

Um 16. gr.

Hér er aðeins um að ræða nánari skilgreiningu á magni þess náms, sem kveðið er á um í 1. gr., 2. tl., 2. ml.

---

1) Þetta ákvæði var fellt úr frv. í menntamálaráðuneytinu.

2) Ákvæðin um II. námsþátt, bekkjargreinar, voru þannig frá hendi nefndarinnar, sem frumvarpið samdi:

„II. Bekkjargreinar, samtals 30 einingar. Í þessum þætti skulu 10 námseiningar vera skyldunám fyrir öll kennaraefni, þ. á m. í móðurmáli, en 20 einingar skiptast að jöfnu milli bóklegra greina annars vegar og list- og verkgreina hins vegar."

Í menntamálaráðuneytinu voru ákvæðin færð í það horf sem nú er í frumvarpinu, með viðauka um lestrar- og skriftarkennslu. Var það gert til að taka af tvímæli um að allir brautskráðir grunnskólakennarar skyldu hafa hlotið undirstöðuþjálfun í slíkri kennslu, m. a. vegna þarfa lítilla skóla, þar sem verkaskiptingu eftir greinum og aldursstigum verður síður við komið.

Um 17. gr.

Nokkrar breytingar eru hér gerðar frá gildandi lögum um skipun námsgreina í skorir.

1. Uppeldisskor. Siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga eru fluttar í uppeldisskor úr félagsskor.
2. Félagsskor. Úr skorinni eru fluttar siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga. Inn koma í staðinn landafræði úr raungreinaskor og hagfræði, sem er ný grein.
3. Málaskor. Hér er engin efnisbreyting.
4. Raungreinaskor. Landafræði er flutt í félagsskor.
5. List- og verkmenntaskor. Mynd- og handmennt kemur í stað teiknunar og handavinnu, tónmennt í stað tónfræði, líkamsrækt í stað íþrótta. Orðalagsbreytingar þessar leiða ekki sjálfkrafa til breytinga á inntaki greinanna. Nokkuð öðru máli gegnir um leiktjáningu í stað leiklistar. Með breytingunni er lögð áhersla á uppeldislegt markmið kennslunnar.

Óbreytt er gildandi heimild stjórnar skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli og þarf ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 8. gr.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar á sér hliðstæðu í lögum um grunnskóla, 12. gr., 5. tl.[1])

V. KAFLI

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli og er meginákvæði hennar, að stofna skuli til kennslu í uppeldisfræði til B.A.- prófs við Kennaraháskólann, rökrétt afleiðing þeirrar stefnu, sem mörkuð er í 1. gr., að Kennaraháskóli Íslands skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi. Námstími og námskröfur skulu vera sambærileg við annað nám til B.A.- prófs.

Eðlilegt þykir, að nemendur, sem lokið hafa B.Ed.- prófi eða öðrum kennaraprófum, þar sem uppeldisfræði er hluti námsefnis, skuli fá fyrri námseiningar metnar sem hluta af námi í uppeldisfræði. Er það í samræmi við anda laga þessara og almenna stefnu.

Rétt þykir að hafa heimild í reglugerð til að ákveða, að námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisfræði séu hluti náms til B.A.- prófs í uppeldisfræði, svo og að heimilt sé að sækja það nám til Háskóla Íslands, ef þörf gerist, sbr. einnig 26. gr., enda kveði reglugerð á um inntak og umtak þeirra námsþátta.

Ætla verður að uppeldisvísindi eflist svo á Íslandi í framtíðinni, að meginkennslustofnun þeirra verði bæði fært og skylt að kenna þau til lokastigs háskólanáms.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um að við Kennaraháskólann starfi rannsóknastofnun í uppeldisfræði samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, en um starfssvið hennar, stjórn o. fl. skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

Í gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands eru ákvæði, 14. og 15. gr., um

---

1) Ákvæði um leiðsögukennara, með skírskotun til grunnskólalaga, var bætt við frumvarpsgreinina í menntamálaráðuneytinu.

sérstaka rannsóknastofnun uppeldismála, sem gert er ráð fyrir að starfrækt sé með aðild Kennaraháskólans og Háskóla Íslands auk þess sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins eigi aðild að stjórn hennar. Stofnun þessari hefur ekki verið komið á fót, þótt unnið hafi verið að ýmsum uppeldisfræðilegum rannsóknaverkefnum á vegum þeirra aðila, sem ætlað var að standa að stofnuninni. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hlutverk slíkrar stofnunar verði fellt undir verksvið Kennaraháskóla Íslands. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins, að Kennaraháskólinn skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi. Af því leiðir að sú starfsemi, sem lýtur að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum á að vera jafnsjálfsagður þáttur í viðfangsefnum skólans og kennslan sjálf. Samkvæmt 22. gr. er gert ráð fyrir að fá megi þessum þætti starfseminnar stofnunarform, þar sem líklegt er að það verði til þess fallið að treysta skipulagslegan grundvöll rannsóknanna og auðvelda áætlanagerð og yfirsýn. Þá verður og með því móti hægara að tengja sérfræðinga utan kennaraliðsins rannsóknastarfinu, þegar slíkt kann að þykja æskilegt. Jafnframt verður kennurum skólans auðveldara að fullnægja rannsóknaskyldu sinni, ef þeir njóta stuðnings slíkrar stofnunar. Um hliðstæða tilhögun má vísa til rannsóknastofnana á vegum Háskóla Íslands.

Sjálfsagt er að rannsóknastofnun í uppeldisfræðum við Kennaraháskólann kosti kapps um eðlilegt samstarf við aðra aðila sem starfsemi hennar tengist. Til greina kemur að slíku samstarfi sé formlega skipað með ákvæðum í reglugerð, þar sem mæla skal nánar fyrir um starfssvið stofnunarinnar og stjórn, svo og tengsl hennar við aðrar stjórnarstofnanir skólans.

VI. KAFLI

Um 23. gr.

Greinin er allmiklu styttri en sambærileg grein í gildandi lögum, sbr. 9. gr. Hún er rammagrein, sem fær fyllingu í reglugerð og gefur auk þess skólaráði aukið svigrúm um framkvæmd prófa.

Ákvæðið um að kennarar standi fyrir prófum, hver í sinni grein, felur í sér að kennari skuli sjálfur semja próf sín og ákveða umfang þeirra, þó að sjálfsögðu í samræmi við námsskrá og reglugerð.

Um 24. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um endurtekningu prófa.

Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð megi setja ákvæði um endurtöku prófs til að fá betri vitnisburð, þótt nemandi hafi hlotið lágmarkseinkunn í greininni.

Um 25. gr.

Hér er mælt fyrir um hvernig dæma skuli fullnaðarpróf. Í greininni felast veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, en í meginatriðum er fylgt þeirri tilhögun, sem ákveðin var í Háskóla Íslands með lögum nr. 45/1976. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að prófdómendur utan skólans verði að meginreglu einungis við skriflegt próf, ef sérstök ástæða þykir til. Þá er og nemendum, sem ekki standast próf, tryggður réttur til málskots að því er varðar mat kennara á skriflegri úrlausn.

Í greininni eru ákvæði um val prófdómenda og skipunartímabil, ítarlegri en í gildandi lögum.

Um 26. gr.

Í gildandi lögum, 1. gr. 1. tl., er kveðið svo á að Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sé skylt að viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvor annars, ennfremur að Kennaraháskólinn skuli hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hér eru þessi ákvæði almennari og ákveðið hverjir meti slíkt nám og hverjir skuli kallaðir til ráðuneytis þar um.

VII. KAFLI

Um 27. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um fjölda prófessora og dósenta. Ákvæði þetta hefur reynst dauður bókstafur og er það því fellt niður í frumvarpinu og í þess stað gert ráð fyrir að stofnun nýrra kennaraembætta fari eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til slíkra embætta í fjárlögum.

Nýmæli er heimild til að skipa dósenta eða lektora tímabundið.

Í lokamálsgrein er lögfest heimild til að kveða á í reglugerð um meginreglur varðandi starfsskyldur kennara. Í gildandi reglugerð um skólann er þó að finna slíkar reglur.

Um 28. gr.

Nýmæli er það að skólaráð ráði aðjúnkta í stað menntamálaráðherra áður.

Þrengd eru ákvæði um að veita megi umsækjanda, sem ekki fullnægi kröfum um fullgilt háskólapróf auk prófs í uppeldis- og kennslufræðum fasta stöðu við skólann. Er nú undanþágan aðeins bundin við lektorsstöður og háð því skilyrði, að dómnefnd hafi fjallað um umsóknina og metið umsækjanda hæfan til starfsins.

Um 29. gr.

Nýmæli er hér staða skólaritara, sbr. greinargerð með 2. gr.

Sú breyting er hér gerð að menntamálaráðherra skipar eða ræður fast starfslið skólans annað en kennara. Í gildandi lögum er rektor falin ráðning þessara starfsmanna, en í reynd hefur hún þó verið í höndum ráðuneytisins að undanskilinni ráðningu aðstoðarrektors.

Um 30. gr.

Með breytingum þeim, sem greinin gerir ráð fyrir á ákvæðum gildandi laga um orlof við Kennaraháskólannn (sbr. 23. gr. laganna), er meginhersla lögð á þarfir skólans og frumkvæði. Kemur það fram með þrennum hætti:

1) orlof skal vera heimilt föstum starfsmönnum skólans, en ekki kennurum hans einum,
2) skylt er ráðuneyti að leita umsagnar rektors um umsóknir um orlof starfsmanna,
3) réttur til orlofs er ekki gerður háður þjónustualdri starfsmanns.

Sveigjanleiki ákvæða frumvarpsins er eftir því sniðinn að reglur um orlof verði í reynd til að efla hæfni starfsliðs skólans.

Á því er alllöng hefð að veita kennurum einum fastra starfsmanna við skóla orlof. En hvort tveggja er, að við Kennaraháskólann kunna fastir starfsmenn að inna mikilvæga kennslu af höndum, þó að ekki beri þeir kennaranafn — það á við bókaverði — og aðrir kunna ásamt þeim að láta í té ýmsa þjónustu við kennaranám, t. d. í tækni margháttaðri, og getur mikið oltið á því fyrir skólann að þeim gefist kostur á að auka við sig námi.

VIII. KAFLI

Um 31. gr.

Greinin kveður á um rekstur sérstaks hverfisskóla í Reykjavík, sem skal vera miðstöð æfingakennslu við Kennaraháskóla Íslands. Greinin er í aðalatriðum samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Æfingadeildir hafa starfað við Kennaraskóla Íslands allt frá stofnun hans. Deildirnar sóttu nemendur víðsvegar að úr borginni, en á því varð þó breyting árið 1968, þegar hverfisskóli tekur til starfa í eigin skólahúsi á lóð Kennaraskólans. Ákvæði höfðu þó verið í lögum um sérstakan æfingaskóla allt frá árinu 1943, sbr. l. nr. 50/1943, um Kennaraskóla Íslands.

Í greininni segir, að skólinn sé miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans. Er hér skýrar að orði kveðið en í 16. gr. gildandi laga og þáttur skólans í menntun kennara nánar afmarkaður en þar er gert.

Skilgreining skólans sem miðstöðvar æfingakennslunnar felst m. a. í eftirfarandi:

1. Æfingaskólinn og starfsmenn hans eru ábyrgðarmenn við mótun æfingakennslunnar jafnt í einstökum greinum og kennslustarfi samfelldu. Þeim er ætlað, undir stjórn skólastjóra og æfingastjóra, að annast faglega umsjón með æfingakennslu í öðrum skólum og vera lausráðnum æfingakennurum þar til halds og trausts. Af framansögðu leiðir óbeint, að einungis hluti æfingakennslunnar fer fram í Æfingaskólanum sjálfum, þótt skólinn muni, svo sem skylt og eðlilegt er, hafa innan sinna veggja hlutfallslega fjölmennari hóp kennaranema en aðrir skólar. Sá misskilningur skýtur stundum upp kolli, að sérstaða Æfingaskólans sé í því fólgin að þar skuli allir nemar fá alla sína æfingu í kennslu. Þetta er að sjálfsögðu hvorki framkvæmanlegt né æskilegt.
2. Kennaranemar skulu eiga samastað í skólahúsi Æfingaskólans, er þeir vinna að undirbúningi kennsluæfinga sinna. Gildir þetta jafnt fyrir nema, er sækja kennsluæfingar sínar í Æfingaskólanum sjálfum og þá, sem sækja til annarra skóla, að svo miklu leyti sem slíku verður við komið og hentugt þykir. Athvarf kennaranema þarf að vera í húsnæði sérstaklega búnu til þessara nota. Þar þarf að vera til reiðu kennsluefni, kennslutæki og önnur nauðsynleg gögn. Aðstaða þessi myndi jafnframt notuð þegar efnt væri til námskeiða fyrir nema og kennara í notkun kennslu- og námsgagna.
3. Æfingaskólanum er einnig ætlað að gegna hlutverki sínu sem miðstöð æfingakennslu í landinu með því að sinna nýbreytni í skólastarfi öðrum skólum fremur og veita þannig verðandi kennurum færi á að fylgjast með verklagi í skóla, sem er í skipulegri þróun. Sjá um þetta atriði nánar í skýringum, sem fylgja 31. gr.

Nafn skólans er stytt úr Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands. Er þetta eingöngu gert til hægðarauka, þar eð nafnið er þannig heldur styttra og þjálla.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal tekið skýrt fram að með nafnbreytingunni er ekki gefið í skyn, að þetta skuli draga úr verkefnum skólans á sviði nýbreytni og tilrauna við nám og kennslu. Þessu er þveröfugt farið svo sem víða kemur skýrt fram í frumvarpinu og þessari greinargerð.

Forskóladeildir fyrir 5 og 6 ára börn eru þegar í Æfingaskólanum. Í lok greinarinnar er ákvæði sem heimilar að svo verði einnig framvegis að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 32. gr.

Greinin fjallar um tilraunahlutverk skólans og nýbreytni við nám og kennslu. Ákvæði greinarinnar stefnir að sama marki og 17. gr. gildandi laga, en eftir öðrum leiðum, enda margt breytt, þótt ekki sé lengra um liðið frá setningu þeirra.

Í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1947 og 1963 voru ákvæði um að Æfingaskólinn skyldi starfa sem tilraunaskóli og jafnframt sinna rannsóknum á sviði skólamála, sbr. viðauka II. Fyrir löggjafanum hefur sennilega vakað að skólinn sinnti a. m. k. að einhverju leyti verkefnum, sem síðar voru falin skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. Lagaákvæði þessi um Æfingaskólann komu þó aldrei til framkvæmda né heldur ákvæðin í lögum nr. 16/1947, um rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Lögin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 geyma enn ákvæði um tilraunaskóla og rannsóknaskyldu. Hefur starfsemi skólans þróast í þá átt síðan skólinn tók til starfa sem hverfisskóli og flutti í sérstakt skólahús. Á þessum árum hefur einnig samstarf ráðuneytis og Æfingaskólans orðið virkara en áður var.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt á undanförnum árum, að samhæfingu skorti milli starfsmenntunar kennara og breytinga á kennslu og námsefni, sem menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir. Í umræðu um Æfingaskólann hefur fyrr og síðar bryddað á þeirri skoðun, að æfingakennsla og vísindaleg rannsóknastörf á sviði kennslustarfa færu illa saman, þar eð halda þyrfti rannsóknabreytum sem mest einangruðum og aðstæðum óbreyttum, ef mark skyldi taka á niðurstöðum, en þetta hlyti að reynast erfitt í deildum, þar sem æfingakennsla færi fram. Þessi rök eru réttmæt a.m.k. í sumum tilvikum, ef miðað er við rannsóknir skv. aðferðalíkani raunvísinda. Skal og heldur ekki gert lítið úr þörf nákvæmni af þessu tæi, t. d. í mörgum greinum sálarfræði og einnig við prófun kennsluaðferða. Hins vegar er oft ógerlegt að koma við slíkum vinnubrögðum þegar leggja skal reynsludóm á nýjungar í kennslu eða hagnýt not breyttra námsaðferða eða námsefnis. Skipulegt mat skv. einhverjum sæmilega skilgreindum kvörðum verður oftast að duga, a. m. k. fyrst í stað. Þá kemur enn til að draga má í efa hvort aðferðir náttúruvísinda henta ævinlega sérlega vel, þegar rannsaka skal kennslu- og námsferli. Af þessum sökum hafa sérfræðingar á þessu sviði hin síðari ár beitt nokkuð sveigjanlegri aðferðum en fyrr og vinna rannsóknir sínar við eðlilegar aðstæður. Má telja víst að gera megi margvíslegar marktækar kannanir, þótt æfingakennsla fari fram samtímis og stundum gæti slíkt hentað vel, ef fyrirhyggju er gætt við skipulagningu.

Þá er þess enn að geta sem mestu skiptir í þessu samhengi að tilraunahlutverk skólans er í rauninni ekki — og svo hefur sennilega ekki heldur verið í upphafi — tengt vísindalegri tilraunastarfsemi í þröngri merkingu heldur hinu sem vikið er að hér að framan, að skólinn hefði forgöngu um nýjungar í skólastarfi eða það sem í frumvarpsgreininni er nefnt nýbreytni og legði á verkefni sín nokkurt mat hverju sinni. Þessu sjónarmiði til stuðnings skal bent á heiti skóla erlendis, sem reknir eru í þessum yfirlýsta tilgangi: „forsöksskole“ á norðurlandamálum og „laboratory school“ á ensku. Svipaðir skólar hafa einnig risið hérlendis hin síðustu ár, sbr. starfsemi Fossvogsskóla í Reykjavík og Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Nú um sinn virðist stefna í þá átt að hver skóli geti og eigi að mótast sem mest innan frá og þróast í samræmi við eigin þarfir og aðstæður í skólahverfinu. Sérstaða Æfingaskólans gagnvart öðrum skólum yrði skv. framansögðu einkum fólgin í því að honum bæri beinlínis skylda til að fylgjast með framvindu skólamála erlendis og hér heima, brjóta upp á nýjungum í starfi og greina opinberlega frá viðleitni sinni í þessa veru. Að framan var þess getið að verkefnum, sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins hefur sinnt hin síðari ár, hafi löggjafinn sennilega í lagaákvæðum um menntun kennara 1947 og Kennaraskóla Íslands 1963 ætlast til að sinnt væri að einhverju leyti af Æfingaskólanum og vafalaust einnig rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Margt horfir nú öðruvísi við í þessum málum, en þó er enn raunhæfur grundvöllur fyrir samstarfi Kennaraháskólans og menntamálaráðuneytisins um ýmis hagnýt og fræðileg efni, er lúta að námsefnisgerð, námsstjórn og æfingakennslu. Vettvangur þessa samstarfs af hálfu menntastofnunar kennara yrði í rannsóknastofnun í uppeldisfræði við Kennaraháskólann og Æfingaskólinn.

Ákvæði um samstarf við aðra skóla um rannsóknaverkefni er sett til að koma í veg fyrir einangrun, en þessum stofnunum er mikil nauðsyn að endurnýja stöðugt tengsl sín við skólastarf í landinu.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans og er að nokkru samhljóða ákvæðum um sama efni í 18. og 19. gr. gildandi laga. Með „öðrum starfsmönnum“ er m. a. átt við starfslið á skrifstofu og sérfræðinga við ráðgjafarstörf. Gert er ráð fyrir skólanefnd, er sé rektor og skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skólans, og er þetta nýmæli auk nokkurra annarra minni háttar breytinga.

Skipan sú, sem verið hefur skv. gildandi lögum, að allir fastir kennarar skólans, auk rektors Kennaraháskólans, skólastjóra og fræðslustjóra Reykjavíkurborgar,

eigi sæti í stjórn skólans, reynist þung í vöfum, gerir ákvörðunartöku seinvirka og jafnvel óþægilega fyrir starfsfólk. Með breytingunni er ekki ætlunin að rýra aðild kennara að stefnumótun skólans, enda eiga þeir fulltrúa í skólanefnd, en talið heppilegt að tillögur og áhrif starfsliðs á þróun skólans komi einnig fram með öðrum hætti, t. d. á samstarfsfundum kennara, sérstökum kennarafundum eða fyrir tilstilli sérstaklega kjörinna nefnda og starfshópa innan skólans, sbr. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Nauðsyn þykir að festa í lögum ákvæði um, að tveir yfirkennarar starfi við skólann. Æfingaskólanum er ætlað að sinna mörgum og vandasömum verkefnum og því álitið heppilegt að skólastjóri sé ekki of bundinn störfum við daglegt eftirlit í skólanum.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar og rekstrargjalda Æfingaskólans milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Greinin er samhljóða 2. tölulið 18. gr. í gildandi lögum.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um kennaralið skólans og svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Sú meginbreyting er þó gerð frá því, sem áður var, að við skólann skuli að mestum hluta starfa fastráðnir æfingakennarar, en á þeim og almennum kennurum er nokkur munur, bæði að því er varðar kennsluskyldu og launakjör. Starfskjaramunur og tvískipting kennaraliðs skólans, sem af honum leiðir, orkar á ýmsan hátt tvímælis og hefur í för með sér marga ókosti beint og óbeint og torveldar eðlilega samvinnu kennara og fulla nýtingu starfsliðs, ekki síst samhæfingu verkefna, sem kennurum ber að sinna. Hér er auk kennslu átt við samstarfsfundi innan skólans, viðtöl við kennaranema og vinnu með kennurum Kennaraháskólans og alveg sérstaklega umsjónarstörf með æfingakennslu í einstökum greinum og samstarf við lausráðna æfingakennara í öðrum skólum. Af þessum sökum og öðrum, sem lítillega verður vikið að hér á eftir, þykir vænlegra til árangurs og betur í samræmi við markmið Æfingaskólans að allir — eða nær allir — kennarar skólans skuli fastráðnir æfingakennarar. Svigrúm yrði þó áfram að ráða til skamms tíma nokkra kennara að skólanum á kjörum almennra kennara. Væntanlega yrði einkum um að ræða nýliða við kennslustörf. Æfingakennsla er ekki nema að takmörkuðu leyti bundin við kennslu einstakra æfingakennara í tiltekinni kennslustofu ákveðinn stundafjölda á viku heldur verður hún best rækt í fjölþættu og samvirku starfi kennara og nema, þegar þeir gegna um lengra tímabil margvíslegum sameiginlegum störfum sínum. Í samræmi við þetta er Æfingaskólanum ætlað að vera kennaraefnum sýnishorn af sveigjanlegu skólastarfi, sem þeir eigi jafnan aðgang að. Samkvæmt því er starf allra kennara skólans jafn mikilvægt og raunar annarra starfsmanna einnig. Til þessa viðhorfs er þá einnig að rekja helsta rökstuðning þess að allir fastir kennarar skólans sitji við sama borð í kjaralegu tilliti, enda geti þeir hver á sínu sviði lagt til skólastarfsins fullgildan skerf, svo að skólinn gegni hlutverki sínu.

Telja verður að í framantöldum atriðum felist umtalsverð breyting á æfingakennslunni frá því sem gildandi lög ákveða og algengast hefur verið um framkvæmd hennar til þessa. Þetta má m. a. marka af því, að verkefni og vinnuframlag einstakra æfingakennara verða ekki metin (a. m. k. ekki í Æfingaskólanum) í fjölda kenndra æfingastunda (sbr. upphaf 21. gr. 2. tl. í gildandi lögum) heldur tekið mið af vinnu kennarans samanlagðri á sviði kennslu og uppeldisstarfs í skólanum, sem hann ásamt samkennurum og kennaranemum innir af hendi.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um stöðu æfingastjóra, val hans og verksvið. Í gildandi lögum er æfingastjóri talinn til starfsmanna Kennaraháskólans, sbr. 13. gr. þeirra laga,

tölulið I. 4. Frumvarpsgreinin kveður á um breytingu að því leyti, að æfingastjóra skal nú kjósa úr hópi fastra æfingakennara til þriggja ára í senn og má ekki endurkjósa hann nema einu sinni án lotuskila.

Með þessari breytingu er að því stefnt að æfingastjóri sé í sem allra nánastri snertingu við sjálfa framkvæmd æfingakennslunnar, hafi starfsaðstöðu í Æfingaskólanum og sé ótvírætt hluti af starfsliði skólans. Starf núverandi æfingastjóra hefur raunar þegar orðið mjög á þennan veg og hann hefur bækistöð sína í Æfingaskólanum. Af sömu ástæðu er talið heppilegt, að æfingastjóri gegni ekki starfi of lengi í senn. Auk þess kynni að reynast erfitt fyrir viðkomandi að hverfa aftur að kennslu, ef því starfi hefur ekki verið sinnt um margra ára skeið. Af sama toga er sú heimild að kennari megi gegna æfingastjórastarfi að hálfu móti kennslu, en njóti þá skrifstofuaðstoðar til viðbótar sem því svarar.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 20. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 22. gr. 1. málslið gildandi laga.

IX. KAFLI

Um 39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.[1])

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.[2])

Áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna nýmæla í drögum að frumvarpi.

Nýmæli í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, horfa til hagræðingar í rekstri að því leyti, að Kennaraháskólanum er falin kennsla, sem nú fer fram við ýmsa aðra skóla (sérkennaraskóla og Háskóla Íslands). Má vænta að fremur leiði lækkun en hækkun kostnaðar af þeim skipulagsbreytingum í heild sinni. Líku máli gegnir um prófkostnað. En auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir, að skólinn taki að sér kennslu í uppeldis- og kennslufræði fyrir ýmsa kennara á framhaldsskólastigi, sem fram að þessu hafa ekki átt hennar kost, sbr. athugasemdir í greinargerð um 1. gr., 2. tl., svo og 4. tl. hér á eftir. Breytingu þessari hlýtur að fylgja aukinn kostn-

1) Því ákvæði greinarinnar sem lýtur að hugsanlegri starfsemi á Akureyri á vegum Kennaraháskólans var bætt í frv. í menntamálaráðuneytinu. Ætla má, að þegar fram líða stundir verði þörf fyrir kennaramenntað fólk það mikil, að hagkvæmt reynist að kenna þau fræði víðar en í Reykjavík.

2) Þessari grein var bætt í frv. í menntamálaráðuneytinu. Í drögum að frumvarpi sem samið hefur verið í ráðuneytinu um menntun og réttindi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla er gert ráð fyrir. að kennari sem starfað hefur sem settur kennari 8 ár eða lengur, en skortir full kennsluréttindi, geti, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, fengið skipun í stöðu sína. án þess að öðlast þar með réttindi til starfa á öðrum stöðum eða skólastigum. Hér er kveðið á um að kennurum sem svo er ástatt um og í starfi verða við skyldunámsskóla við gildistöku nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands skuli gerður kostur á að ljúka á vegum hans réttindanámi, er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Er þá m. a. haft í huga að um gæti orðið að ræða sumarkennslu og bréfanám að einhverju leyti.

aður. Loks ber að nefna auknar skyldur Ætingaskólans og jafna dreifingu þeirra á herðar allra fastráðinna kennara skólans ásamt þar af leiðandi kjarajöfnuði.

Breytt tilhögun valgreina, sbr. 15. gr., felur í sér nokkra aukningu á kennslumagni, en ekki á að vera þar um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Hér fara á eftir skýringar á þeim nýmælum, er áhrif hafa á rekstrarkostnað í Kennaraháskólanum sjálfum.

1. Gert er ráð fyrir einu nýju starfi við skólann, starfi skólaritara, sbr. 5. mgr. 2. gr. Við tilkomu skólaritara fellur niður starf aðstoðarrektors, en hann hefir verið í launafl. A 23 og sinnt 1/3 hluta af kennsluskyldu lektors. Þarna er því um mjög óverulegan kostnaðarauka að ræða.
2. Ætla má að kostnaður vegna prófdómara lækki verulega frá því sem nú er, sbr. 25. gr. Á fjárlagatillögum skólans fyrir 1977 er sá kostnaður áætlaður 3,9 millj.
3. Kennsla í uppeldisfræði til B.A.- prófs við Kennaraháskóla Íslands, sbr. 21. gr., þarf ekki óhjákvæmilega að leiða til kostnaðarauka, enda er gert ráð fyrir að hún leysi af hólmi hliðstæða kennslu við Háskóla Íslands.
4. Erfitt er að átta sig á kostnaðarauka við framkvæmd 2. tl. 1. gr. þess efnis, að skólinn annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Miðað við tillögur til fjárlaga varðandi þessar greinar má ætla, að þessi kennsla muni kosta um 3.5—4 millj. kr., en þar á móti kemur sparnaður á kennslukostnaði í þeim skólum þar sem slík kennsla fer fram nú þegar.
5. Erfitt er að áætla kostnaðarauka vegna 4. tl. 1. gr. um endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á framhaldsskólastigi. Kostnaður vegna endurmenntunar á grunnskólastigi er nú áætlaður um 30 millj. kr. árið 1977. Auk þess er í áætlun gert ráð fyrir 3 millj. fyrir slíka menntun á framhaldsskólastigi. Ef skrefið hefði þegar verið stigið til fulls og Kennaraháskólinn tekið algjörlega við endur- og viðbótarmenntunarhlutverki á framhaldsskólastigi, hefði upphæðin sennilega orðið 10—12 millj. kr.

VIÐAUKI

I.

MARKMIÐ KENNARAMENNTUNAR OG LAGAÁKVÆÐI UM ÞAU

Horft um öxl.

Í löggjöf um Kennaraskóla Íslands er fátt um bein ákvæði um markmið náms og kennslu fyrr en í lögum nr. 23/1963. Þar er þeim lýst með einni málsgrein. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands átta árum síðar eru allýtarleg ákvæði um hlutverk skólans og markmið í fimm töluliðum. Færri orð löggjafa fyrri tíðar um markmið kennaraskóla sanna ekki, að þeir hafi síður gert sér þeirra grein. Fjölgun ákvæða um markmið í lögum um uppeldismál benda þó til, að álitamálum hafi fjölgað jafnhliða aukinni ábyrgð skóla og endurmati á stöðu þeirra og samfélagslegu hlutverki.

Aflmeiri þjóðir en íslendingar hafa jafnan varið miklum tíma, fé og vel búnum mannafla til að endurskoða löggjöf um menntun kennara sinna og títt er, að mikil og almenn umræða verði um hana, ekki síst markmiðin.

Löggjöfin frá 1971 var undirbúin af fáum mönnum á skömmum tíma í miklu umróti þjóðfélagslegra hugmynda, kjörorða og slagorða. Stórir geirar skólakerfisins voru í enduskoðun svo og gerð og inntak námsefnis. Þó að ætla verði kennaraskólum frumkvæði. er fráleitt að meginstefna þeirra víki frá eða brjóti harkalega í bága við þá heimspeki, sem er forsenda almennrar skólalöggjafar. Umfangsmesti þáttur íslenskrar endurskoðunar skólamála á þessum tíma var löggjöf um skyldunám, og var frumvarp til laga um grunnskóla lagt fram á sama þingi og frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Markmið og viðfangsefni í skyldunámsskólum eru forsenda starfs í kennaraskólum fyrir það stig. Af því leiðir, að báðar nefndir hlutu að fást við ýmsar sömu spurningarnar. Vörðuðu þær hvort tveggja ævarandi viðfangsefni uppeldis og kjarna lífsviðhorfs sem og lausn á brýnum viðfangsefnum á líðandi stund. Af þessum sökum taldi laganefnd Kennaraskólans frá 1969 sig eiga skylt erindi við grunnskólanefnd, en því er á þessi efni minnt, að laganefnd Kennaraháskólans frá 1972 tók þar upp þráðinn sem fyrirrennari hennar sleit hann. Taldi nefndin það vera í anda ákvæðis 25. gr. gildandi laga um Kennaraháskólann, um að endurskoða þau eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra, að endurmeta í ljósi fenginnar reynslu þær meginspurningar, er ræddar höfðu verið á sameiginlegum fundi nefndanna, grunnskólanefndar og laganefndar frá 1969. Fer hér á eftir erindi það, er laganefnd lagði fyrir grunnskólanefnd 17. október 1969, en það varð og upphafsþáttur í umræðum laganefndar frá 1972:

„Sérhver endurskoðun á menntun kennara verður að hafa hliðsjón af hinni lögfestu menntamálastefnu og sennilegum breytingum á henni á hverjum tíma.

Þar sem hvor tveggja löggjöfin, fræðslulögin og lögin um Kennaraskóla Íslands, er nú í endurskoðun, leyfi ég mér, fyrir hönd laganefndar Kennaraskólans, að beina nokkrum spurningum til fræðslulaganefndar um ýmis atriði, er varða einkum skyldunámið — markmið og starfshætti á því skólastigi — en atriði þessi öll skipta máli í menntun kennara. Eru spurningar til þess ætlaðar að flýta fyrir því, að laganefnd Kennaraskólans berist vitneskja um ýmsar gildar forsendur fyrir nýrri lagasetningu um kennaramenntunina.

Skörun er nokkur á spurningum:

I. Markmið skóla.

1. Hvernig mun **meginmarkmið skóla á skyldunámsstigi** verða skilgreint í hinni endurskoðuðu fræðslulöggjöf?
2. Hvaða kröfur mun nefndin setja fram um uppeldi í skyldunámsskólanum:
   a) samfélagslegt og siðferðilegt?
   b) vitsmunalegt?
   c) listrænt?
   d) líkamlegt?
3. Hverjir skulu þeir kostir vera, er skólinn býður:
   a) Jafn réttur öllum nemendum til handa með jöfnum tækifærum í hlutfalli við **getu hvers og eins?**
   b) Viðurgerningur sniðinn eftir **meðalþörfum nemendahópsins?**
   c) Forgangsréttur **úrvalsins?**
4. Ef nefndin notar orðalagið „harmonískur persónuleiki“ eða staðgengil þess, hver er skilgreining hugtaksins? Sama á við hugtakið **alhliða þroski.**

II. Skólaskylda, viðfangsefni og vinnubrögð í skólanum.

1. Hver skal skólaskylda vera?
   a) Hvenær skal hún hefjast?
   b) Hvenær skal henni ljúka?
2. Hvert er fyrirhugað **hlutfall nemenda og kennara?**
3. Hversu lengi skal skólinn vera **samfelldur?**
4. Hvers konar vinnubrögð skulu vera í skólanum og hvers konar vinnustaður skal hann vera? (Stundaskráin, heildarskipulagning starfsdagsins, sjálfstæð vinnubrögð, flokkavinna, samvinna kennara, heimavinna nemenda, vettvangsfræðsla, o. s. frv.)
5. Að hve miklu leyti skal skyldunámið sinna **almennri** og að hve miklu leyti **hagnýtri** fræðslu til beins undirbúnings undir atvinnulífið?

6. Hvert er fyrirhugað hlutfall **bekkjarkennslu** og **fagkennslu?**
   a) Hvar skal fagkennsla hefjast?
   b) Hvar skal bekkjarkennslu lokið?
7. Hverjar verða námsgreinar og hvernig verður þeim skipað í heildir og á aldursflokka? (Námsskrá)
8. Hvert má ætla að verði hlutfallslegt gildi **grunnmenntunar** og **endurmenntunar?**

III. Afbrigðileg kennsla.

1. Hver skulu vera meginsjónarmið um kennslu **afbrigðilegra barna?** (Blandaðir bekkir, lesbekkir og aðrir hjálparbekkir, sérbekkir, einstaklingshjálp?) Hver sérfræðileg aðstoð er fyrirhuguð í skólunum?
2. Hvert mat mun nefndin leggja á skólasamfélagið með hliðsjón af **geðheilsu nemenda?**
3. Að hve miklu leyti kann að verða unnt að taka íslenskar **félagsfræðilegar rannsóknir** og reynslu **íslenskra félagsstofnana** til greina við endurskoðunina?

IV. Önnur atriði.

1. Hvaða lágmarkskröfur telur nefndin eðlilegt að gera til menntunar
   a) kennara á skyldunámsstigi?
   b) skólastjóra og annarra starfsmanna skólanna?
2. Hverjar verða á öðrum sviðum en hér hafa verið talin helstar nýjar kröfur, er endurskoðun á fræðslulögunum mun gera til kennaramenntunar?"

Þess var áður getið, að spurningar þessar snerta beint sem óbeint gerð skóla, námsefni og vinnubrögð með hliðsjón af meginviðhorfum til einstaklings og samfélags og varða efni, er báðar nefndir hlutu að ræða rækilega.

Um þær mundir er spurningarnar voru ræddar við grunnskólanefnd, var rík áhersla lögð á norræna (og evrópska) samvinnu á sviði menntamála, jafnvel samræmingu námsefnis og prófa. Af þeim sökum var eðlilegt, að störf laganefnda mótuðust allmjög af því. Átti það ekki síst við störf laganefndar Kennaraskólans frá 1969, og er hún úr sögunni, en að framan var á það minnt, að hún aflaði gagna og kannaði rækilega menntun kennara í löndum, er helst þóttu til eftirbreytni og gerði grein fyrir því. Var því rökrétt, að nefndin frá 1972 einbeitti sér í fyrstu atlögu að því að afla gagna og ræða um þróun og meginstefnur í menntamálum kennara frá því að lokið var undirbúningi löggjafarinnar um Kennaraháskólann frá 1971.

Ekki verður rakin hér þorri þeirra atriða, er í umræðu bar í nefndinni, en kjarni þeirra flestra mun rúmast í tólf eftirfarandi liðum. Framsetning þeirra er tilraun til að ákvarða í stuttu máli hlutverk kennara, skilyrði þess að hann megi rækja það, mat á manngildi, mannlegum eigindum og vægi námsgreina í ljósi þeirra, samstöðu kennarastéttar og tök kennara á því að skipta um reit innan starfsgreinar sinnar.

Nokkrar meginforsendur laganefndar.

Við ákvarðanir sínar hefur laganefndin haft sérstaka hliðsjón af eftirfarandi meginatriðum:

1. Í starfi sínu skal kennari vera fær um að taka ábyrga afstöðu gagnvart sérhverju uppeldislegu viðfangsefni.
2. Forsendur slíkrar ábyrgðar eru:
   a) almennir verðleikar kennarans
   b) starfsmenntun hans
   c) þjóðfélagsleg staða hans og virk samfélagsleg tengsl.

3. Ágæti kennara markast öðru fremur af öryggi hans að meta og hagnýta uppeldislega kosti hverju sinni, hvort heldur varðar einstakling eða hóp, námsefni og gerð þess eða uppeldislegar aðgerðir.
4. Hvert aldursskeið manneskjunnar er markmið í sjálfu sér og algert í gildi sínu.
5. Því yngri sem nemandi er, því afdrifaríkara og langærra hlýtur allt uppeldisstarf að verða. Af þeim sökum er því meira komið undir öryggi kennara sem nemandi er yngri.
6. Ábyrgð í starfi og þjóðfélagsstaða skyldu fylgjast að.
7. Lögboðnar námsgreinar skulu njóta jafnréttis. Það á og við meginþætti „alhliða þroska“, hvort heldur er vitrænn, geðrænn, félagslegur eða líkamlegur.
8. Í skyldunámsskóla ætlar ríkisvaldið öllum nemendum jafnan rétt: að öðlast þann þroska sem auðna leyfir. Af þessum sökum eru skyldur allra kennara á þessu stigi jafnar.
9. Af framanskráðu leiðir, að menntun kennara á skyldunámsstigi skuli vera jafngild að jafnt metin, óháð grein og aldursstigi.
10. Kennarastéttin skal vera samstæð og tengd böndum einingar sökum sameiginlegra viðfangsefna, jafngildrar menntunar, stöðu, kjara og kosta á frama í námi og starfi.
11. Námskjarna og sérhæfingu skal þann veg hagað, að kennari geti verið hvort er vill bekkjarkennari eða greinarkennari hvar sem er á landinu.
12. Kennari skal eiga kost á að auka við stofnnám sitt og flytjast eftir greinum eða aldursstigi, nema hvort tveggja sé, og leggja stund á framhaldsmenntun sem starfsskipting skóla krefst.

Fyrsti liður varðar starfshæfni kennara. Meginþættir í ábyrgri afstöðu hans eru starfssiðgæði, fullnægjandi þekking, skilningur og leikni. Slíkar kröfur er hverju samfélagi skylt að gera til þeirra manna, sem það löghelgar til að vera forsjá og hirðar barna sinna drjúgan hluta vaxtarskeiðs þeirra. Ekki er sá skilningur kennara minnst verður, sem greinir eigin takmarkanir og réttar áttir við að leita samráðs og aðstoðar.

Annar liður lýtur að þeirri staðreynd að hvarvetna í þjóðlífi er keppt um hæfasta mannaflann. Er þjóðarskylda og nauðsyn, að stétt kennara sé vel mönnuð. Af fyrsta lið leiðir, að gera verður strangar kröfur um starfsmenntun, en þó kemur hún fyrir ekki, ef verðleikar kennara til vits, geðs og gerðar rísa ekki undir menntuninni.

Því fer fjarri að störf kennara og árangur þeirra séu yfirleitt skoðuð og metin í heildarsamhengi við þjóðfélagslega stöðu þeirra og virk samfélagsleg tengsl. Á þennan þátt er víða um lönd lögð æ ríkari áhersla í löggjöf, reglugerðum og námsskrám um menntun kennara, svo og í vinnubrögðum skóla og skiptum þeirra við hverfi sín. Til þess tekur annar liður einnig.

Þriðji liður er sjálfskýrður. Fjórði liður viðurkennir mannhelgi óháð aldursstigi og þroska.

Fimmti liður staðfestir mikilvægi byrjendakennslu fyrir allan námsferil ungmennis og herðir enn á því sem staðhæft er í fyrsta og öðrum lið.

Sjötti liður minnir á, að taka verður afleiðingum af því að árangur af starfi kennara er mjög háður þjóðfélagslegri stöðu þeirra og tengslum við hverfi sitt.

Frá og með sjöunda lið til tíunda liðar er lögð áhersla á fjögur meginsvið mannlegs þroska og jafnrétti þeirra og í þeim tengslum einnig jafnrétti námsgreina skyldunáms. Það hefur leitt af misjöfnu, oft tísku- og tímabundnu mati á mannlegum þroskasviðum og forgangsstöðu þeirra, að skólar hafa gert hlut lögboðinna námsgreina mjög misjafnan í öllum viðurgerningi. Þó að laganefndin ætli þeim jafnrétti, gengur hún þess ekki dulin, að tíska mun jafnan ráða miklu um mat á öllum gildum, og því er hverri menntastofnun þörf á sífelldri endurskoðun og prófun á markmiðum sínum. Mun þörfin brýn um sinn að auka geðrækt, félagsrækt og líkamsrækt, en ofgera þó í engu.

Störf manna sem nám þeirra hafa löngum verið metin eftir því, hvort þau reyndu frekar á vitþroska þeirra en verkþroska. Sjöundi liður áréttar, að uppeldisgildi náms og kennslu ræðst fremur af aðferð og vinnubrögðum en námsgrein.

Jafnrétti þroskasviða og námsgreina hlutar kennurum jafnan rétt og skyldur óháð nemanda, aldursstigi, þroska eða námsgrein. Af því leiðir einnig, að líta ber á kennara sem samstæðan hóp um sameiginleg viðfangsefni, og draga af því rökréttar ályktanir um menntun, stöðu og kjör.

Í tíunda lið er höfð sérstök hliðsjón af fámenni margra héraða á landinu, svo sem gert hefur verið í íslenskri lagasetningu um kennaramenntun frá upphafi og stefnt að því að mennta kennara á þá lund, að hann sé svo jafnvígur á námsgreinar, að hann anni bekkjarkennslu að verulegu leyti á fyrri stigum skyldunáms, en sé fær um að kenna eina til tvær greinar í grunnskóla öllum.

Auk þeirra raka, er leiðir af byggðaskipan, eru gild uppeldisfræðileg rök fyrir þessari lausn, og er þessi stefna nú ríkjandi um Norðurlönd öll.

Af þessu leiðir ekki að bekkjarkennari skuli einoka bekk sinn, heldur er gert ráð fyrir samvinnu kennara og framlagi hvers og eins eftir verðleikum hans.

Loks er í tólfta lið bent á nauðsyn þess að kennarar eigi kost á að bæta menntun sína, ef þeir æskja að breyta til og kjósa sér nýjan vettvang í uppeldisstarfi, sem oft er brýn ástæða til að gera, svo og að afla sér eftir þörfum framhaldsmenntunar á verksviði sínu.

Svipast um í samtíð. Litið fram á við.

Í frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands 1971 og frumvarpi til laga um grunnskóla sama ár var gerð rækileg grein fyrir menntun kennara austan hafs og vestan, en löggjöf um hana hafði verið í endurskoðun í mörgum löndum á 7. áratug aldar. Almennt auðkenni þróunar var að herða á kröfum um undirbúningsmenntun kennraefna, og varð tíðust regla að krefjast stúdentsprófs eða ígildis þess til inntöku í kennaraskóla, svo og að lengja kennaranámið og breyta kennaraskólum í kennaraháskóla, tengja þá háskólum eða flytja námið í háskóla. Er vísað til greinargerða með fyrrnefndum lagafrumvörpum um almenna skipan kennaranáms eftir löndum fram að þeim tíma.

Frá því að frumvarp til laga um Kennaraháskólann kom fram hefur endurskoðun haldið áfram og menntun kennara verið grandskoðuð í flestum löndum Evrópu, einkum lengd og lokastig kennarnáms, markmið og megininntak, gerð þess og gæði. Jafnframt hafa verið bornar fram rökstuddar óskir um breytingar á menntun kennara.

Þegar Menningarmálanefnd Evrópuráðs bauð til ráðstefnu um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara í ríkjum Evrópu í Bristol í apríl 1973 var samhliða boðsbréfi gerð grein fyrir þeim athugunum, sem hér hefur verið lauslega að vikið, svo og helstu niðurstöðum (sbr. Symposium on Research and Reform in Teacher Education, Bristol 8.—13. IV. 1973. Background Material, II, Reform. Excerpts from offical reports. Documentation Centre for Education in Europe, bls. 1).

Þó að hefð, skólakerfi og viðhorf séu með ýmsum hætti í ríkjum álfunnar, var eftirfarandi meginatriða getið öðrum oftar í skýrslum frá einstökum þjóðum og talið, að við þau skuli leggja sérstaka og aukna alúð:

Símenntun kennara, eining kennarastéttar, nám á háskólastigi öllum kennurum til handa, uppeldisleg rannsóknastörf, verkstöðvar kennara, vönduð innsetning nýliða í kennarastarf og loks að **í hendur haldist rannsóknir á nýjum kennsluháttum** og **raunverulegar og væntanlegar breytingar á hlutverki skóla.**

Auk þess sem hér er talið fer nú mjög vaxandi skilningur á því að uppeldi gerist víðar en í skólastofum. Kom það ljóst fram á ráðstefnunni. Á það jafnt við nemendur og kennara. Af líkum toga spunninn er aukinn skilningur og áhugi á nánari tengslum og samvinnu skóla og skólahverfis.

Vert er að vekja athygli á því, að krafa um símenntun kennara felur í sér viðurkenningu á því, að ekki beri að vænta, að kennaraskólar geti látið nemendum í té eða eflt og þjálfað með þeim „nema hluta þeirrar þekkingar, skilnings og leikni, sem kennari þarf á að halda í sarfi sínu. Dýpkun þekkingar, hvort heldur er í kennslugrein eða uppeldisfræði verður að vinnast í starfi og endurmenntun“, sbr. NOU 1974:58, bls. 12, og er eðlilegt, að stofnnám kennara sé við það miðað.

Sú þróun kennaramenntunar, sem lýst var og um rætt á Bristolráðstefnunni hefur gengið fram með vaxandi þunga og hraða. Er því skilmerkilega lýst í **yfirlitsriti um helstu sjónarmið samtíðar, er kennaramenntun varða,** er lagt var fyrir 33. fund Háskóla- og vísindanefndar Evrópuráðs í Linköping 12.—14. maí 1976. (Current Trends in Teacher Education. A survey by Rhys Gwyn.)

Háskóla- og vísindanefndin hafði mælt með því við menningarmálaráð Evrópuráðsins, að fram færi frekari könnun á þróun kennaramenntunar í framhaldi af þeim athugunum, sem lagðar voru fram og ræddar á Bristolfundinum. Svo var gert, og er sú könnun undirstaða yfirlitsrits Gwyns. Laganefndin kynnti sér meginatriði skýrslu þessarar og staðfesti hún það, sem raunar er að vonum, að meginvandamál er kennaramenntun varða, eru áþekk í löndum álfunnar, svo og markmið og leiðir. Í inngangi að riti sínu segir höfundur: „Tvenns konar sannfæring er forsenda alls þess, er hér verður sagt. Sú fyrst, að menntun kennara hafi úrslitagildi í uppeldislegum aðgerðum hverrar þjóðar — að ekki velti meira á menntun og þjálfun nokkurs einstaklings né eigi hún æðri forgangsrétt en undirbúningur kennara yngri barna í framtíð.

Sú er önnur sannfæring, að þar sé nú komið sögu á löngum þróunarferli kennaramenntunar, að margs konar straumar og samfélagsleg öfl hafi ótvírætt mótað aðstæður á þá lund, að þeim verði ekki valin vægari einkunn en bráð kreppa.“ (Ívitnað rit, bls. 2, 11. 5).

Fyrri staðhæfingin er í fullu samræmi við þær meginniðurstöður laganefndar, sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, en síðari staðhæfingin lýtur einkum að þörfinni á því að endurmeta hlutverk kennara og endurskoða menntun þeirra í ljósi þess, hraðari framvindu þeirra mála, röngum áætlunum um fæðingartölur og öðrum mannfjöldaáætlunum, sem höfðu óheppileg örvandi áhrif á aðsókn að kennaranámi og viðbúnaði til að sinna því og síðast en ekki síst efnahagsörðugleikum ýmissa ríkja.

Ekki er líklegt, að sá vandi sem hér er lýst, hafi verið sárari í öðru landi álfunnar en Íslandi á s.l. áratug, en með lögum um Kennaraháskóla Íslands var stigið úrslitaskref til að ráða bót á honum að því er varðaði endurmat á hlutverki kennara og menntun þeirra og eðlilegan fjölda þeirra í námi. Sú stefna, sem þá var fylgt, er staðfest af framvindu í öðrum löndum, einkum um norðanverða álfuna.

Í skýrslu sinni leggur Gwyn áherslu á ferns konar ávinning, sem af því leiðir að rækja kennaramenntun á háskólastigi:

1. Tök á að afla starfsliðs, sem gætt er úrvals hæfileikum.
2. Tök á að fá til nemendur, sem búnir eru áþekkum hæfileikum.
3. Góður búnaður menntastofnunar.
4. Markverðum hluta starfs er varið til rannsókna.

(Ívitnað rit, bls. 4, 3.1.1.)

Þá bendir Gwyn á, að ekki muni ætíð vera farsælt að fela háskólum þeim, sem fyrir eru í landi, menntun kennara, þar eð íhaldssemi margra þeirra og ókunnugleiki af daglegu skólastarfi kynni að hindra nauðsynlega þróun. (Ívitnað rit bls. 7, 3. 11.)

Á Norðurlöndum gætir mjög aukinnar áherslu á samfélagslegt hlutverk kennara að þróun og endurnýjun í uppeldisstörfum og viðleitni að brúa bilið milli kennara á ýmsum skólastigum, jafnvel að afmá skilin milli þeirra.

Norðmenn skipuðu nefnd síðari hluta árs 1972 til að semja frumvarp að **náms-**

skrá og reglugerð fyrir kennaraháskóla (**pedagogiske högskolar**). Skilaði hún áliti 25. október 1974, **Lærarutdanning** NOU 1974:58.

Nefndin gerir rækilega grein fyrir hlutverki kennaraháskóla og lýsir í níu meginatriðum til hvers kennaraefni skal vera fúst og fært, er það lýkur námi.

Kennari skal vera fær um að 1) eiga virka aðild að því að ná markmiðum á því stigi eða sviði sem hann hyggst starfa á, 2) skilja félagslegt hlutverk kennslu og skóla, 3) taka verkefnum sínum sem hluta af heildarstarfi skóla síns og skilja sameiginlega þætti allrar kennslu, 4) fylgjast með þróun í skólum, námsgreinum,náms- og starfssviðum, sem kennarar eru skuldbundnir, svo að þeir geti samið starf sitt að breytingum á skóla og breyttum högum ungmenna, 5) eiga frumkvæði og taka þátt í uppeldis- og kennslufræðilegum rannsóknum og endurnýjun, 6) skipuleggja, leysa af hendi, meta og rökstyðja uppeldis- og kennslufræðileg viðfangsefni, 7) skilja aðstæður, viðbrögð og atferli ungmenna, búa þeim öryggi og efla þrifnað þeirra, 8) rækta með sjálfum sér frjálsa rýnandi afstöðu og jákvætt starfssiðgæði gagnvart viðfangsefnum og vandamálum framtíðar í starfi, 9) taka virkan þátt í félags- og menningarlífi og efla samvinnu, samkennd og félagslegt jafnrétti. (NOU 1974:58, bls. 12.)

Finnar hafa einnig nýverið lýst markmiðum kennaranáms fyrir grunnskóla og menntaskóla. Skipuðu þeir nefnd 5.9. 1973 og skilaði hún rækilegu áliti á s. l. ári, **Betänkande av 1973 års lärarutbildningskommission** 1975:75. Auk þess að fjalla um markmið kennaramenntunar skyldi nefndin semja frumvörp að námsskrám og próf-reglugerð fyrir kennara við grunnskóla og menntaskóla. — Fleiri verkefni voru nefndinni falin, sem varða kennaramenntun.

Í 5. kapítula nefndarálits þessa er grein gerð fyrir almennum markmiðum kennaramenntunar, hlutverki kennara um þessar mundir og þeim líklegum breytingum, er á því kunna að verða eftirleiðis. Er þess vænst, að framvegis muni kennarar starfa saman í gengjum meir en verið hefur, kenna breytilegum námshópum, skipuleggja, örva til frumkvæðis og sinna námsráðgjöf og annarri handleiðslu, en verða leystir undan daglegri hjakkvinnu.

Stöðu og horfum kennaramenntunar á Norðurlöndum er lýst í stuttu og skýru máli í skýrslu Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn um ráðstefnu um kennaramenntun í Lysebu 26.—28. nóvember 1975. Jostein Osnes gerir þar grein fyrir hvoru tveggja skipan þeirra mála um sinn og brýnustu viðfangsefnum (sbr. **Lärarutbildningen i framtiden.** Preliminär dokumentation av lärarutbildningskonferens på Lysebu 26.—28. nóvember 1975. Sekretariatet for nordisk kulturelt samarbejde 1976).

II.
NOKKUR ATRIÐI ÚR LÖGGJAFARSÖGU KENNARASKÓLANS

Upphaf íslensks kennaraskóla.

Hér fer á eftir örstutt frásögn af lagasetningu um Kennaraskóla Íslands. Er einkum farið eftir ritinu **Kennaraskóli Íslands** 1908—1958. Freysteinn Gunnarsson tók saman. Er ritið auðkennt F. G., þegar í það er vitnað. Auk þess er stuðst við handrit Þórðar Eyjólfssonar, **Fræðslulöggjöf.** (Yfirlit til ársloka 1972). Handritið er í eigu skólans.

Íslendingar urðu langsíðastir Norðurlandaþjóða til að koma á fót sérstakri menntun kennara og setja löggjöf um hana. Telja má, að saga lagasetningar um fræðslu íslenskra kennara hefjist með frumvarpi til laga um menntun alþýðu, er þeir feðgar Þórarinn prófastur Böðvarsson og Jón sonur hans báru fram á Alþingi 1887. Fjallar 10. kapituli frumvarps þeirra um stofnun kennaraskóla. Er þar gert ráð fyrir tveimur kennaraskólum á landinu. Skyldi annar þeirra vera á Möðruvöllum í Hörgárdal, hinn í Hafnarfirði. „Námstími í skólum þessum er 3 ár fyrir

þá, sem gjörast vilja kennendur við hreppaskóla eða umgangskennarar, en 4 ár fyrir þá, sem vilja verða kennarar við héraðsskóla.“ (F. G. bls. 13).

Flutningsmenn frumvarps gerðu ráð fyrir því, að kennaraskólar þessir hæfu störf sín 1. október 1888. Ekki gekk frumvarp þetta fram.

Vorið 1892 hófust námskeið fyrir kennara í Flensborgarskóla í samræmi við reglugerð 1. febrúar 1892 fyrir kennarakennslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg.

„Aðalatriði þessarar fyrstu reglugerðar um kennaranám eru þessi: Námskeiðin skyldu standa einn og hálfan mánuð ár hvert, frá 1. apríl til 14. maí. Auk þess skyldi tilsögn veitt í uppeldisfræði frá 1. október til 31. mars þeim nemendum úr efri deild gagnfræðaskólans, sem óska þess.

Inntökuskilyrði voru gagnfræðapróf eða burtfararpróf úr kvennaskóla eða búnaðarskóla eða inntökupróf er sýndi, að nemandi hefði aflað sér nauðsynlegrar undirbúningsmenntunar. Auk þess mátti taka þá próflaust, sem verið höfðu kennarar við barnaskóla eða haft á hendi sveitakennslu. Kennslugreinar voru: Uppeldisfræði, uppeldisiðnaður (slöjd), teiknun og auk þess verklegar kennsluæfingar í kristindómi, náttúrufræði, landafræði, reikningi, íslensku og skrift.

Ljúka skyldi kennaraprófi að námskeiði loknu.“ (F. G. bls. 14).

Ekki þótti þessi lausn fullnægjandi og sumarið 1895 skrifuðu Jón Þórarinsson og Jóhannes Sigfússon kennarar við Flensborgarskóla stiftsyfirvöldum „langt og ýtarlegt erindi um kennaraskólamálið og tillögur sínar í því efni. Eftir að hafa gert grein fyrir nauðsyn kennaraskóla, báru þeir fram þrjár tillögur. Aðaltillagan var sú, að stofnaður „sé sérstæður þriggja ára kennaraskóli. Varatillögur voru:

a) Að kennaraskólinn sé sameinaður gagnfræðaskóla.
b) Að stofnaður sé tveggja ára sérstæður kennaraskóli.“

Árangur þessa erindis varð sá, að árið eftir, 1896, tók til starfa kennaradeild í Flensborg, sem starfaði síðan fram til 1908. Var það eins árs deild, eins konar 3. bekkur gagnfræðaskólans. Stóð kennsla í henni hálfum öðrum mánuði lengur en gagnfræðaskólinn, eða frá 1. október til 14. maí.“ (F. G. bls. 14 og áfr.).

Árið 1895 skipaði Alþingi nefnd til þess að gera tillögur um sveitakennslu og barnaskóla, svo og undirbúningsmenntun barnakennara. Bar nefndin fram frumvarp um stofnun kennaraskóla í Flensborg. Það var fellt með litlum atkvæðamun. Árið 1897 kom frumvarp þetta lítið breytt aftur fram á þingi, flutt af menntamálanefnd. Það komst í gegnum neðri deild, var fellt við 3. umræðu í efri deild. Árið 1899 kom það enn fyrir Alþingi og var fellt með litlum mun atkvæða. Í umræðum kom þá fram, að hentugra væri að flestu leyti að hafa kennaraskólann í Reykjavík, og óx þeirri skoðun fylgi á næstu árum.

Árið 1903 bar menntamálanefnd neðri deildar fram frumvarp um kennaraskóla í Reykjavík. Var að mestu farið eftir tillögum Guðmundar Finnbogasonar, er hann birti í bók sinni Lýðmenntun þá um vorið. Skólinn skyldi vera þriggja ára skóli, námstími frá 1. október til 14. maí. Þrefað var um staðarvalið og frumvarpið dagaði uppi. Tveimur árum síðar kom það aftur fyrir þingið, og þá sem stjórnarfrumvarp lítið breytt. Deilt var um skólastað. Efri deild vildi hafa skólann í Hafnarfirði, en neðri deild í Reykjavík. Frumvarpið féll við atkvæðagreiðslu í sameinuðu þingi, og voru 25 atkvæði með, en 13 á móti, en í sameinuðu þingi þurfti ⅔ atkvæða til samþykktar.

„Árið 1907 var kennaraskólamálið loks borið fram til sigurs á Alþingi. Stjórnin lagði aftur fram frumvarpið frá 1905. Umræður urðu miklar. Framsögumaður nefndar í neðri deild var Stefán Stefánsson. Taldi hann þrefið um skólastaðinn nú vera úr sögunni. Svo var þó ekki í raun og veru. Eftir að hafa gengið í gegnum allar umræður í báðum deildum var frumvarpið loks samþykkt við eina umræðu í sameinuðu þingi með 28 atkvæðum gegn 7, og þar með afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi. Þetta gerðist laugardaginn 14. september 1907.“ (F. G. bls. 19).

Svo sem fyrr var að vikið urðu íslendingar síðastir Norðurlandaþjóða til að stofna kennaraskóla. Finnar fóru næstir á undan þeim, og munaði 44 árum.

Þrjár ársdeildir skyldu vera í skólanum og skólaárið frá 1. október til 31. mars.

Hægfara þróun.

Með lögum nr. 9/1909 var sú breyting gerð, að námstími skyldi vera frá fyrsta vetrardegi til síðasta vetrardags. Er sú breyting hliðstæð þeim er síðar voru gerðar allt til ársins 1947, en þær voru einkum fólgnar í því að lengja námstíma.

„Árið 1922 lagði stjórnin fyrir Alþingi frumvarp til laga um kennaraskóla, sem Menntamálanefnd (Guðm. Finnbogason og Sig. P. Sívertsen) hafði samið. Skyldi námstími lengdur í 4 ár og fullkominn æfingaskóli stofnaður. Ekki þótti fært að samþykkja frumvarpið vegna kostnaðar og var það afgreitt með rökstuddri dagskrá." (F. G. bls. 19).

Með lögum nr. 10/1924 er námstími lengdur í 7 mánuði á ári og skyldi vera frá 1. október til aprílloka. Þá var ensku bætt á námsskrá skólans.

Með lögum nr. 50/1943 er námstími lengdur í 4 ár og inntökuskilyrði þyngd. Skyldu nú vera tveggja ára gagnfræðanám eða ígildi þess.

Lög nr. 16/1947 um menntun kennara marka tímamót í sögu íslenskrar lagasetningar um menntun kennara. Lög þessi eru í sjö köflum og fjalla um Kennaraskóla Íslands, kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, æfinga- og tilraunaskóla, Íþróttakennaraskóla Íslands, Handíðakennaraskóla Íslands, húsmæðrakennaraskóla og loks réttindi kennara.

Lög þessi birta nýjan skilning á hlutverki kennaraskólans og var það rökrétt afleiðing af endurmati á skyldum viðfangsefnum kennara, þar sem félagslegum þáttum, sérhæfingu og rannsóknastarfi er ætlaður mikill hlutur, svo og beinum og óbeinum tengslum skólans við starfandi kennara með útgáfu leiðbeiningarrita, samningu verkefna o. fl. Skólaárið var lengt í 8 mánuði, inntökuskilyrði hert, ýmsum almennum greinum kennaranáms ætlað stúdentsprófsgildi, og kennurum heimilt nám í kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Verður síðar vikið að þessum atriðum tveimur.

Um löggjöf þessa segir Freysteinn Gunnarsson: „Lögin um menntun kennara höfðu margt til síns ágætis, en sá var galli á gjöf Njarðar, að þau hafa í ýmsum veigamiklum atriðum ekki komið til framkvæmda." Það átti m. a. við kaflann um æfinga- og tilraunaskóla og kosti kennara á því að stunda nám í Háskóla Íslands.

Stúdentaskóli.

Með lögum nr. 23/1963 um Kennaraskóla Íslands urðu meiri þáttaskil í sögu **skólans** en sögu **kennaramenntunar** á Íslandi. Að vísu komu þar fram ýmis merk nýmæli svo sem stofnun undirbúningsdeildar sérnáms, en með henni var kennurum í list- og verkgreinum séð fyrir menntun í bóklegum greinum til kennararéttinda og staðfest ákvörðun löggjafans að ætla öllum greinum skyldunáms jafnan rétt og kennurum með fullum réttindum jafna stöðu og kosti á frama í starfi. Önnur ný deild var stofnuð með löggjöf þessari, menntadeild, er fékk það hlutverk að búa kennara undir stúdentspróf. Þriðja nýja deildin, framhaldsdeild, skyldi veita kennurum framhaldsmenntun, og markaði ákvæðið um hana skýrast þá stefnu, að aukið skyldi við starfsmenntun kennara. Deild þessi varð, svo sem henni var ætlað í upphafi, vísir þess er koma skyldi. Ýmsar fleiri breytingar voru gerðar með löggjöf þessari, er vörðuðu starfshætti skólans. Námstími stúdenta var ekki bundinn í lögunum, en laganefnd hafði gert ráð fyrir, að kennaranám þeirra yrði lögfest sem tveggja ára **nám.**

Allmikill ágreiningur var í laganefnd um hlutverk og stöðu skólans og á hvaða forsendum kennurum skyldi veittur kostur á háskólanámi, en samtök kennara

höfðu um langt skeið beitt sér mjög fyrir að svo mætti verða. Með lögum um menntun kennara 1947 skyldi þeim greidd leið til náms í kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Í reynd tókst þeim þó aldrei að fá viðurkennd réttindi til náms í Háskóla Íslands samkv. þessum lögum, enda var ákvæðið um kennslustofnunina aldrei framkvæmt.

Með ráðuneytisbréfi B 144/1946 um stúdentspróf í áföngum var kennurum gerður kostur á að ljúka stúdentsprófi í áföngum, enda hefðu þeir lokið kennaraprófi með fyrstu einkunn.

Þegar líða tók á sjötta áratug aldar hneigðust margir að því, að sú væri líklegasta leiðin til að efla veg Kennaraskólans og menntunarlegan hag kennara, að skólinn „fengi rétt til að útskrifa stúdenta." Ýmsir af kennurum skólans lýstu skoðun sinni á þessum efnum um þetta leyti (F. G. bls. 170 og áfram). Þeir voru að vísu flestir uggandi um, að þá yrði sinnt síður en skyldi „höfuðhlutverki kennaraskólans að sjá skyldunámsstiginu fyrir hæfum kennurum", en töldu þó æskilegt að hann öðlaðist áður greind réttindi. Ágúst Sigurðsson benti á leið til þess að sneiða hjá hættulegum afleiðingum þess að setja skólanum tvenns konar markmið, en auka jafnframt og bæta kennaramenntunina:

„Til þess að skólinn geti bæði veitt kennaramenntun og undirbúning undir stúdentspróf, tel ég að bæta þurfi 5. bekk við skólann, og væri heppilegast að hann starfaði í tveim deildum, byggi önnur deildin undir stúdentspróf, en hin deildin veitti sérmenntun fyrir smábarnakennslu eða kennslu í enstökum námsgreinum." (F. G., bls. 172).

Sú varð raunin, að við endurskoðunina var höfuðkapp lagt á þá meginbreytingu að gera Kennaraskólann að stúdentaskóla, þar sem menn gátu haldið áfram námi að loknu kennaranámi og þreytt stúdentspróf.

Ágreiningur var þó sem fyrr segir í nefnd þeirri er undirbjó löggjöfina 1963, einkum um það hlutverk kennaraskóla að taka að sér viðfangsefni menntaskóla í stað þess að efla starfsmenntun kennara að magni og gæðum. Lagði minnihluti fram drög að frumvarpi innan nefndar þar sem áhersla var lögð á það atriði, að framhaldsmenntun sú er skólinn léti í té skyldi varða kennaralegar menntir einar auk þess að veita réttindi til náms í háskólum. Til þess skyldi stofna sérstaka deild við skólann „er veitir réttindi til að kenna í gagnfræðaskólum og stunda nám í háskólum. Þessari deild er og sérstaklega ætlað að annast viðhaldsmenntun kennara." (2. gr. 3. tl. í frumvarpsdrögum minnihluta nefndar). Þar sem samstaða fékkst ekki í nefndinni um að binda viðfangsefni kennaraskólans við kennaranám eitt, en fá það viðurkennt til inntöku í háskóla, dró minnihluti frumvarpsdrög sín til baka.

Samstaða varð þó í nefndinni um svofellt ákvæði, þar sem meginákersla er lögð á það hlutverk skólans að mennta kennara, en ekki stúdenta, 2. gr., 3. tl. frumvarps nefndar:

„3. **Framhaldsdeild,** eins árs nám fyrir þá, sem lokið hafa kennaraprófi í almennu kennaradeildinni. Hlutverk þessarar deildar er að veita nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir stunda nám í eigi færri greinum en þremur, og sé ein þeirra aðalgrein. Þessu námi lýkur með prófi og veitir það réttindi til náms í B.A.- deild Háskólans. Heimilt er að lengja námstíma í þeim greinum í tvö ár.

Heimilt er kennurum að stunda framhaldsnám í þessari deild í einstökum greinum eftir frjálsu vali, eftir því sem ástæður leyfa.

Ennfremur er það hlutverk framhaldsdeildar að búa þá nemendur, sem lokið hafa prófi úr almennu kennaradeildinni og þess óska, undir stúdentspróf og útskrifa þá. Kennarapróf í uppeldisfræði og kennslufræði skal gilda til stúdentsprófs, og má þá sleppa öðru sem því svarar, í máladeild skólans."

Ekki var ágreiningur um það innan nefndar, að námstími í almennu kennaradeildinni skyldi vera fjögur ár, en tvö ár í kennaradeild stúdenta.

Um námsskipunina var rætt allmikið og lagði minnihluti til að námið í Kennaraskólanum skyldi fylgja þremur línum:

1. a) tungumála- og félagsfræðilínu,
   b) náttúrufræðilínu,
   c) handavinnu- og listalínu.
2. Á fyrsta vetri skyldu allir nemendur hinnar almennu kennaradeildar stunda sama nám í undirstöðugreinum, svo sem nánar yrði fyrir mælt í reglugerð.

Í lok fyrsta vetrar skyldu þeir velja aðalgrein eftir einni hinna þriggja lína. Sérhvert kennaraefni skyldi hafa kennt a. m. k. 12 vikur með fullri ábyrgð áður en kennaraprófi væri lokið.

Í meðförum varð sú breyting á frumvarpi nefndarinnar, að ákvæði um lágmarkstíma stúdenta í kennaranámi var fellt niður, og ákvað yfirstjórn skólans að það skyldi vera eins vetrar nám fyrst um sinn og stóð svo til hausts 1969, að það var lengt í tvö ár. Skammur námstími stúdenta var þá án hliðstæðu við það er gerðist með nokkurri þeirri þjóð, er íslendingar tóku sér til samjafnaðar um menntun kennara. Æfingakennsla var ákveðin 3 vikur í frumvarpsdrögum nefndarinnar.

Markvert ákvæði var í löggjöfinni frá 1963 um að starfa skyldu í sambandi við Kennaraskólann sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild sérnáms „sem veita að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.“ Undirbúningsdeild sérnáms veitti kennaraefnum í sérgreinum svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu og öðrum uppeldisstörfum kennslu í uppeldisgreinum og 1—3 bóklegum greinum til jafns við nemendur í almennu kennaradeildinni.

Ákvæðið um sérdeildir var aldrei framkvæmt og aldrei eftir því leitað, hvorki af skólans hálfu né yfirstjórnar hans, enda aðstaða öll svo erfið, að þess var enginn kostur.

Markvert er ákvæðið eigi að síður, þegar skoðuð er þróun hugmynda um ábyrgð Kennaraskólans á kennaramenntun og aðild að henni.

Í yfirliti þessu hefur einkum verið vakin athygli á nýmælum þeim í löggjöf, er stefnt hafa að eflingu kennaramenntunar. Hitt væri eigi síður forvitnilegt, hvaða ákvæði fólu í sér undanslátt frá fyrri stefnu svo og hvaða þættir löggjafar voru dæmdir til að verða dauður bókstafur og þá af hvaða sökum, eða lentu í undandrætti um áratugaskeið.

Að vonum er gleggstra dæma af þessu tæi að leita í löggjöfinni frá 1947, enda geymir hún sögulega skoðað flest og merkust nýmæli í lagasetningu um íslenska kennaramenntun. Má þar nefna til ýmis ákvæði er lúta að aukinni starfsmenntun, réttindi til framhaldsnáms og sér í lagi rannsókna- og ráðgjafahlutverk Æfinga- og tilraunaskólans.

Skólinn skyldi stofnaður til kennsluæfinga og tilrauna og hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Hann skyldi og hafa forgöngu um að slíkar athuganir væru gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá gat fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppalendur, ennfremur samningu verkefna fyrir skólana. — Sérstakt ráð, skólaráð, skyldi hafa á hendi yfirstjórn þeirra athugana, er fram fóru á vegum skólans og gera ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólamálum í samræmi við niðurstöður tilrauna.

Hvaða sess hefur íslensk kennaramenntun skipað?

Með löggjöf hefur íslenskum kennaraskólum ekki verið ætlað teljandi frumkvæði eða forysta. Fram til ársins 1971 er löggjöfin frá 1947 undantekning í þessu efni. Því hefur löggjöf um menntun kennara fylgt á eftir lagasetningu um barnafræðslu og aðra lögboðna fræðslu á skyldustigi. Áþekk hefur þróun orðið víða um lönd. Af þessu hefur leitt, að allar breytingar og umbætur á barnafræðslu hlutu að ganga hægar fram en til var ætlast svo sem vænta má, ef forystusauðnum er skipað í sporaslóð hjarðarinnar. En miklu hefur og ráðið sú hefðbundna afstaða til

menntunar og skólastigs, sem frumkvöðlar bættrar alþýðumenntunar um síðustu aldamót leituðust við að breyta.

Kennarablaðið hóf göngu sína í októbermánuði 1899. Ritstjóri þess, Sigurður Jónsson, skrifaði greinaflokkinn **alþýðumenntun á Norðurlöndum.** Þar segir:

„Nú hefir þegar verið tekið fram hið helsta, sem gert hefir verið af löggjafarinnar hálfu til að efla alþýðumenntun hér á landi. Til frekari skýringar skulu hér tilfærðar upphæðir, þær sem veittar eru af opinberu fé í þessum tilgangi fyrir yfirstandandi ár. Að vísu standa tölur þessar í fjárlögunum, og er öllum innan handar að kynna sér þær þar, en oss finnst vel viðeigandi að setja þær hér, svo að kennurum gefist kostur á að fá glöggt yfirlit yfir það, sem landið í heild sinni kostar til alþýðumenntunarinnar.

1.	Til sveitakennara	kr.	5 500
2.	Til barnaskóla	—	5 500
3.	Til Flensborgarskólans	—	2 500
4.	Til kennarafræðslu	—	2 800
5.	Námsstyrkur handa kennaraefnum allt að	—	0 500
6.	Til Möðruvallaskólans	—	8 600
7.	Til Kvennaskólans	—	6 900
	Með útgjöldum þessum má einnig telja:		
8.	Styrk til skólaiðnaðarkennslu	—	0 500
9.	Styrk til að semja og gefa út kennslubækur	—	0 300
	Samtals	kr.	33 100

Til samanburðar má geta þess, að til latínuskólans eru veittar 36 738 kr., til prestaskólans 12 060 kr., til læknaskólans 7 080 kr., til stýrimannaskólans 6 840 kr., til búnaðarskólanna samtals 10 000 kr. fyrir yfirstandandi ár.“ (Kbl. 1. árg. bls. 167).

Hinn 30. dag júnímánaðar sama ár (þ. e. 1900) voru 17 stúdentar brautskráðir úr latínuskólanum, 6 þeirra utanskóla. (Kennarablaðið 1. árg. bls. 160).

Ef allt það fé, sem þetta ár var veitt til **„alþýðumenntunarinnar“** er dregið frá því, sem veitt var til latínuskólans eins, verður **afgangurinn** öllu ríflegri en fjárhlutur sá allur, sem lagður var á sama tíma til kennarafræðslu, styrks handa kennaraefnum og styrks til að semja og gefa út kennslubækur.

Innbyrðishlutföll þessara talna um fjárveitingar lýsa þeim skólapólitíska arfahluta, er 19. öldin skilaði hinni 20. Hans gætir í íslenskri lagasetningu um kennaramenntun eða framkvæmd hennar, nema hvort tveggja væri, allar götur til löggjafarinnar um Kennaraháskólann 1971.

Með lögum nr. 38 1971 um Kennaraháskóla Íslands er brotið blað í sögu kennaramenntunar í landinu. Á það við hvort tveggja lagasetninguna og framkvæmd hennar í þeim skilningi, að leitast var við að fullnægja henni í verki og hún varðaði starfsmenntun kennara bæði að anda og bókstaf í öllum beinum ákvæðum. Vandkvæði á framkvæmd breyta þar engu um.

Með þeim lögum skipuðu íslendingar sér að nýju við hlið vestrænna þjóða um menntun kennara fyrir skyldunámsstig. Norðmenn höfðu að vísu ekki enn afgreitt sem lög frumvarp frá 19. desember 1968, en það varð að lögum árið 1973, sbr. l. nr. 39/1973 om lærarutdanning. Með þeim var norskum kennaraskólum breytt í **pedagogiske högskoler** og námið lengt í 3 ár.

III.

ÁÆTLAÐUR NÁMSMANNAFJÖLDI Í KENNARAHÁSKÓLANUM Á NÆSTU ÁRUM

Reynslan af löggjöfinni um Kennaraháskólann bendir til þess, að næstu árin fari aðsókn að skólanum enn vaxandi. Er einsætt, að fjöldi brautskráðra kennara frá skólanum mun fullnægja almennri kennaraþörf á grunnskólastigi frá og með vori 1977.

TAFLA I.

Fjöldi námsmanna í B.Ed.- námi árin 1971—76.

	1971—72	1972—73	1973—74	1974—75	1975—76
I. ár	9	30	27	66	98
II. ár		9	27	22	57
III. ár			8	28	20
Samtals:	9	39	62	116	175

Tafla I. greinir frá aðsókn að kennaranámi (B.Ed.- námi) og framgangi námsmanna frá því haustið 1971, er lögin um Kennaraháskólann komu til framkvæmda. Ekki var talin ástæða til að tjá fjölda annarra námsmanna, er í skólanum voru á sama tíma, sbr. þó töflu II.

Svo sem taflan ber með sér hefur nýliðum á fyrsta námsári fjölgað úr 9 í 98, og mun þeim fjölga á næstu árum, ef að líkum lætur.

TAFLA II.

Fjöldi kennara í vetrarlöngu framhaldsnámi.

1971—72	1972—73	1973—74	1974—75	1975—76	Samtals
55	13	57	42	16	**183**

Tafla II sýnir aðsókn að framhaldsdeild skólans á sama tíma. Þar er um að ræða sérhæfingu kennara í vetrarlöngu námi, einkum í kennslu seinfærra og treglæsra ungmenna.

Með hliðsjón af fenginni reynslu má gera ráð fyrir, að kennaranemar á fyrsta námsári verði 130 hið fæsta næstu árin. Ef afföll á námsferlinum frá upphafi til loka hans eru 15% og sá fyrirvari er gerður, að inntaka nýliða verði ekki takmörkuð, verður árlegur námsmannafjöldi í B.Ed.- námi um 350 hið fæsta.

Erfiðara er að áætla sennilegan fjölda kennara í framhaldsnámi, þar sem kostur er gerður á sérhæfingu vetrarlangt. Líklegt er að forsendur sóknar í slíkt nám breytist að einhverju leyti fyrir áhrif B.A.- náms í uppeldisfræði og skipulagsbreytinga í kennaranámi. Með hliðsjón af meðalfjölda kennara í slíku námi undanfarin 5 ár er fjöldi þessi áætlaður 35.

Fjöldi kennaraefna í sérkennaraskólum svo og kennara fyrir framhaldsskóla, sem ætlað er að stunda nám í uppeldisgreinum í Kennaraháskólanum er áætlaður 30 í hvorum flokki eða 60 talsins alls.

Með þessu lagi má vænta, að árlegur námsmannafjöldi í fullu námi í Kennaraháskólanum verði, skv. frumv.:

Í B.Ed.- námi	350	
– sérhæfingu	35	
– sérkennaraskólum	30	
– öðrum framhaldsskólum	30	
Alls um	445	námsmenn

Auk þeirra námsmanna sem hér hafa verið taldir mun Kennaraháskólinn annast framvegis sem hingað til lengri eða skemmri endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara. Miðað við óbreytta löggjöf má ætla, að þeir verði ár hvert 12—1300. Á líðandi ári er fjöldi þeirra áætlaður 1070, en 1270 árið 1977. Stafar fjölgunin einkum af breyttum kennsluháttum í grunnskólum svo og fjölgun námsþátta í endurmenntun. Ef frumvarpið verður að lögum, mun enn fjölga nokkuð á námskeiðum þessum vegna þátttöku kennara á framhaldsskólastigi umfram það sem verið hefur.

Áætlun þessi er takmörkuð við kennaranám eitt."

Ed. 459. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna, staflið c, bætist: Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Við 10. gr. laganna, um landsútsvör, bætist eftirfarandi stafliðir:

f) Vátryggingafélög.
g) Flugfélög.
h) Eimskipafélag Íslands hf., Hafskip hf.
i) Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Innkaupadeild LÍÚ, ferðaskrifstofur.
j) Samband ísl. samvinnufélaga.

3. gr.

E-liður 11. gr. laganna orðist svo:

2% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. c.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í eftirfarandi tilvikum miðast fjárhæð landsútsvara við ákveðið hlutfall af rekstrarútgjöldum næstliðins almanaksárs skv. ákvæðum V. kafla um aðstöðugjald:

f) 1% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. f.
g) 0.33% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. g.
h) 0.65% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. h.
i) 1.30% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. i.
j) 0.50—1.30% af rekstrarútgjöldum þess fyrirtækis, sem nefnt er í 10. gr. j, í samræmi við reglur um aðstöðugjöld í Reykjavík.

5. gr.

Við 36. gr. laganna bætist:

Fyrirtæki, sem greiða landsútsvar samkvæmt ákvæðum 10. gr. f-j, greiða ekki aðstöðugjald.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 10. og 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 1972, eru ákvæði um greiðslu landsútsvara, og eru þau við það miðuð, að nokkur stærstu fyrirtæki landsins, sem óumdeilanlega hafa starfsvettvang um land allt, greiði framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 13. gr. kemur fjórðungur landsútsvara, sem til fellur í hverju sveitarfélaga, í hlut þess, en að öðru leyti er úthlutunarfé Jöfnunarsjóðs skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fær hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins.

Í frv. þessu er lagt til að fjölga nokkuð þeim fyrirtækjum sem greiða landsútsvar. Mjög mörg fyrirtæki hafa landið allt sem viðskiptasvæði, en hér er aðeins gerð tillaga um nokkur hin stærstu.

Ed. 460. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Oddi Ólafssyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja. Hann lánar endurgjaldslaust talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks að fenginni umsögn Öryrkjabandalags Íslands. Þó skulu ekki lánaðar fleiri en 25 á hverjum tíma. Ráðherra ákveður við næstu gjaldskrárbreytingu, að sama gjald komi fyrir hvert símtal sem fram fer innan sama númerasvæðis.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu þjónustu- og stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Að því skal stefnt að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til þess að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

Nd. 461. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

I.

Þetta mál var til meðferðar Alþingis fyrir tveim árum, og er saga þess orðin býsna löng og viðburðarík. Með lögum nr. 10/1975 var ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag í samvinnu við bandaríska auðhringinn Union Carbide Corporation um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Lög þessi voru samþykkt 26. apríl 1975, og Járnblendifélagið var stofnað formlega tveim dögum síðar, 28. apríl 1975, með þátttöku Union Carbide, eins og lögin gerðu ráð fyrir. Íslenska ríkið átti meiri hluta í félaginu og réð stjórn þess og stefnu að formi til. Að því leyti var fullnægt einu mikilvægasta skilyrði þess að hægt sé að stofna til atvinnurekstrar útlendinga í landinu.

Union Carbide Corporation reyndist illa í samstarfinu. Samstarfssamningurinn hafði ekki fyrr verið undirritaður en auðhringur þessi tók að sýna tregðu í samvinnu um byggingu og rekstur Grundartangaverksmiðjunnar, enda kom í ljós, að kísiljárnframleiðsla var ekki eins arðvænleg og Alþingi hafði verið talin trú um meðan málið var til umræðu á tímabilinu febrúar til apríl 1975. Markaður fyrir þessa vöru þrengdist skyndilega árið 1975 og söluverð hennar hríðféll. Enn er markaður fyrir kísiljárn mjög „veikur“, svo að notað sé orðalag Þjóðhagsstofnunar.

Union Carbide Corporation leist svo illa á ástandið í markaðsmálum járnblendisins, að það kaus að kaupa sér lausn frá aðild að sameign fyrirtækisins með íslendingum fyrir ærið gjald. Union Carbide vildi ekki eiga neitt á hættu í þessu sambandi og valdi þá leið að draga sig til baka áður en lengra yrði haldið út í óvissuna.

II.

Járnblendimálið er nú tekið upp í nýjum búningi, sem þó er í flestu líkur því, sem var fyrir tveim árum. Enn er stefnt að því að efna til samstarfs um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju með erlendu fyrirtæki. Að þessu sinni hefur valið

fallið á norska auðhringinn Elkem-Spigerverket í stað Union Carbide Corporation í New York. Á því er e. t. v. einhver stigsmunur að ganga til samstarfs við norskan auðhring í stað Union Carbide frá New York, en eðlismunur er enginn.

Elkem-Spigerverket er myndarlegt og traust fyrirtæki, en engin góðgerðarstofnun fremur en við er að búast. Það er ekki eins og að hafa himin höndum tekið að þurfa í slíkum viðskiptum sem þessum að hrekjast frá einum auðhringnum til annars, hvort sem hann á heimilisfang í New York eða Osló. Það á að vera og er grundvallarstefna varðandi íslenskt atvinnulíf að varast erlenda þátttöku í uppbyggingu þess, og gildar ástæður verða að ráða, ef út af er brugðið.

III.

Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði á sér býsna langan sögulegan aðdraganda, sem ekki er hægt að gera ítarlega grein fyrir í stuttu máli. En segja má, að bak við hugmyndina um kísiljárnframleiðslu á Grundartanga liggi sú ímyndun, sem festi rætur hér á landi snemma á þessari öld, að leið íslendinga til hagsældar og framfara lægi í því að virkja fallvötn landsins til raforkuframleiðslu í þágu stórfyrirtækja, og gilti þá einu hvort slík fyrirtæki væru innlend eða erlend, aðalatriðið væri að ná tangarhaldi á auðmagni og tæknikunnáttu til þess að koma upp þess háttar fyrirtækjum. Þessi stefna var ekki einvörðungu boðuð með köldum rökum efnishyggju og talnaspeki, heldur allt eins með skáldlegum draumsjónum og listrænum tilfinningahita.

En reynslan hefur sýnt, að þessi „hugsjón“ er blekking.

Eigi að síður er járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði afsprengi þeirrar hugmyndar, að því aðeins sé hægt að virkja orkulindir landsins með hagkvæmni að við þær séu tengdar stóriðjuframkvæmdir sem séu að meira eða minna leyti á vegum útlendra auðhringa.

M. a. vegna andstöðu minnar við þennan hugsunarhátt sé ég mér ekki fært að mæla með samþykkt þessa frv.

IV.

Þegar mál þetta var til meðferðar Alþingis árið 1975, gerði ég margvíslegar athugasemdir við það, sem fyrst og fremst voru efnahags- og fjárhagslegs eðlis. Ég taldi þá að hér væri um að ræða áhættufyrirtæki, sem óvarlegt væri að íslendingar stæðu að. M. a. benti ég á þá hættu sem því væri samfara, ef sameigandinn að verksmiðjunni hlypist frá skyldum sínum í ótíma eða þegar verst gegndi fyrir okkur. Grunur minn í þessu tilliti sannaðist fyrr en nokkurn gat órað fyrir, eins og sýnt var í viðbrögðum Union Carbide við markaðserfiðleikunum, sem hófust fyrir eða um mitt ár 1975. Það traust, sem fyrirsvarsmenn málsins höfðu sett á Union Carbide í sambandi við markaðs- og sölumál, brást svo gersamlega á fyrstu vikum samstarfsins, að varla gat talist einleikið. Sannaðist, að traust á alþjóðlega auðhringa er ærið valt, þegar til kastanna kemur.

V.

Með vísan til þess, sem ég hef rakið hér á undan, legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 14. apríl 1977.

Ingvar Gíslason.

Nd. **462. Nefndarálit** [129. mál]

um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Afstaða mín til frumvarpsins um járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði er óbreytt eftir að fjallað hefur verið um málið í iðnaðarnefnd neðri deildar.

Ég tel, að með samningi þessum séu íslendingar að sóa hinni dýrmætu orkuauðlind, raforkunni, á óhagkvæman hátt og taka á sig mjög áhættusamar fjárhagsskuldbindingar um leið og vikist er frá nauðsynlegum skilyrðum mengunarvarna. Ég tel, að hér sé tekin röng stefna í atvinnumálum þjóðarinnar, og vara við því að áfram verði gengið á þeirri braut, svo sem mikill vilji er fyrir af hálfu núverandi stjórnvalda.

Stóriðja, sem byggir á erlendum aðföngum, erlendri tæknikunnáttu og erlendum markaðsyfirráðum, þótt hún sé í meirihlutaeign íslendinga, má ekki hafa forgang í atvinnuþróun landsins, forgang að nýtingu orkuauðlinda landsins, þegar við blasa í landinu fjölmargir vannýttir möguleikar þjóðlegs íslensks iðnaðar og fjölmargar óuppfylltar þarfir fyrir raforku.

Fullnýta þarf sem fyrst ónýttan markað fyrir raforkuhitun, en sá markaður nemur mörg hundruð Gwh., og spara þannig milljarða króna í olíukostnað. En árleg olíunotkun þjóðarinnar til húshitunar er nú um 130 millj. lítrar og kostar á innflutningsverði olíu 1977 um 2.5 milljarða og á verði til íslenskra neytenda um 4 milljarða.

Eins þarf að kanna til fulls nýtingarmöguleika raforku til fiskmjölsþurrkunar í stað olíu, en þau tæknilegu vandamál, sem þar standa í vegi, má vafalaust leysa.

Jafnframt þessu verkefni þarf að styrkja innlendan iðnað í landinu, svo sem með tækniaðstoð, markaðsrannsóknum, auknum lánveitingum og niðurfellingu tolla af hráefni. Gera þarf stórhuga iðnþróunaráætlun um uppbyggingu nýiðnaðar, sem hagnýtir innlend hráefni og orku landsins. Á þessu sviði bíða þjóðarinnar mörg verkefni. Sum þessara nýiðnaðarverkefna má ráðast í þegar vegna þess að nægilegar rannsóknir liggja fyrir um hagkvæmni og rekstur, en önnur þarf að undirbúa frekar. Sem nýiðnaðarverkefni má nefna úrvinnslu fiskúrgangs til lyfjaframleiðslu, steinefnaiðnað úr vikri, gjalli og perlusteini, einkum til þarfa í byggingariðnaði, en úr þessum efnum má vinna hvers konar þilplötur, og einangrunarefni og nota þau í stað innfluttrar plast- og trjávöru. Basalt má bræða og móta úr því rör til iðnaðar og hellur til húsagerðar. Nefna mætti vinnslu úr ýmsum sjávarefnum, frekari vinnslu landbúnaðarafurða, að ekki sé minnst á stóreflingu fiskvinnsluiðnaðar. Hvers konar tækja- og vélaiðnaður fyrir undirstöðuatvinnuvegina á líka að eiga mikla þróunarmöguleika, sé að honum hlúð, svo sem nýsmíði í járniðnaði fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu og margvíslegur raftækjaiðnaður fyrir raforkuver og dreifikerfi raforku.

Sementsframleiðslu þarf að auka, en nú eru flutt til landsins árlega um 40 000 tonn af sementsgjalli fyrir hundruð milljóna, sem framleiða mætti í landinu.

Innlenda áburðarframleiðslu þarf einnig að auka, og framleiðslu fóðurköggla til skepnueldis.

Þessum verkefnum, er ég hef hér lýst, á þjóðin að snúa sér að og hafna þeirri stefnu, sem núverandi iðnaðarráðherra er sérstakur áhugamaður um, þ. e. a. s. stórfelldri erlendri stóriðju. Markmið hinna erlendu stóriðjuspekúlanta hafa komið skýrt fram í áætlun Integral, sem svissneski álhringurinn Alusuisse hefur haft forgöngu um að gera, en í henni er ekki einungis lagt til að erlendir aðilar komi hér upp álbræðslu, heldur gerist þeir aðilar að virkjunarrannsóknum og síðar byggingu orkuvera í landinu.

Reynslan af álverinu í Straumsvík ætti að vera okkur víti til varnaðar. En áhrif raforkusölunnar til ÍSALs á orkubúskap íslendinga eru geigvænlegar, þegar borið er saman orkuverð til auðhringsins og þær miklu fjárfestingar og skuldbind-

ingar sem þjóðin hefur tekið á sig í þessu sambandi. Þannig kemur fram í upplýsingum frá Sambandi íslenskra rafveitna um orkusölu til notenda árið 1975, að heildarsöluverðmæti raforkunnar það ár hafi verið 6 659 millj., þar af greiddi ÍSAL 490 milljónir, eða 7.4% af heildarsöluverðmætinu. Sýnir þetta vel, hvers konar blekkingariðja hefur verið rekin af áróðursmönnum hinnar erlendu stóriðjustefnu.

En þótt verksmiðjan á Grundartanga sé í meirihlutaeign íslendinga og hlíti íslenskum lögum og sé því allt öðruvísi en stóriðjan í Straumsvík, og þó að verðbótaákvæði orkusölusamningsins við Járnblendifélagið séu önnur og hagkvæmari en við álverið, hlýt ég í vali mínu milli innlendrar nýtingar raforkunnar og nýtingar hennar fyrir járnblendiverksmiðjuna að velja hinn fyrri kost. Ég minni á, að þótt upphafleg könnun á hagkvæmni kísiljárnverksmiðju væri gerð í tíð vinstri stjórnar, höfðu slíkar hugmyndir verið lagðar til hliðar, þar sem aðrar athuganir, m. a. á útrýmingu olíunotkunar til húshitunar, höfðu leitt í ljós, einkum eftir stórhækkun olíuverðs, augljósa hagkvæmni þess að nýta raforkuna til innlendra nota, — til húshitunar og til nýrrar iðnaðarframleiðslu.

Í samræmi við þessar niðurstöður var ákveðið að hraða sem mest framkvæmd þeirrar stefnumörkunar vinstri stjórnarinnar að endurbæta raflínukerfi landsins og samtengja landshlutana.

Auk þess er ljóst, að frumvarp þetta og samningar við Elkem-Spigerverket eru í ýmsum atriðum verri en upphaflegar hugmyndir um samvinnu Union Carbide, svo sem hvað varðar sölu og markaðsmál, tæknisamvinnu og mengunarvarnir.

Hér er því um raunverulega valkosti að ræða: annars vegar nýtingu raforkunnar til innlendra þarfa til að fullnægja efnahagslegum og félagslegum kröfum fólksins í landinu, og svo hins vegar nýtingu raforkunnar í samvinnu við útlendinga við mjög áhættusama framleiðslu, sem byggir á erlendum aðföngum. En ég hef haldið því fram, að raforkusala til járnblendiverksmiðjunnar kunni að leiða til orkuskorts og þá um leið aðgerðaleysis af hálfu stjórnvalda til aukinnar innlendrar orkunýtingar. Þegar ég segi að stefnt sé í orkuskort, hef ég í huga að landið verði tengt í eitt rafveitusvæði með þeim stofnlínum sem ákveðnar hafa verið, en komið hefur fram hjá raforkuyfirvöldum að tæknilega væri hægt að koma þessum línum upp á næstu þremur árum (Austurlína 1978 — Vestfjarðalína 1979), ef fé væri veitt til þeirra verkefna. En með þeim skapast möguleikar á því að veita umframorku af einu svæði til annars frá svæðum, sem hafa umframorku, eða landshluta, sem nú búa við orkuskort, svo sem til Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða, og jafnframt að hætta dísilkeyrslu á þessum svæðum til raforkuframleiðslu. Þessar framkvæmdir eru dýrar, en þó ódýrar í samanburði við það ráðaleysi og bruðl sem núverandi ástand þessara mála býður.

Í nýjustu orkuspám, þar sem gert er ráð fyrir slíku samtengdu kerfi, kemur glöggt fram, að hin mikla sala á raforku til járnblendiverksmiðjunnar getur leitt til orkuskorts áður en næsta virkjun kemur í gagnið, og er þó í þeirri spá ekki gert ráð fyrir neinum stórátökum í atvinnumálum eða sérstökum nýiðnaðargreinum er nota mikla raforku. Sérstakt áhyggjuefni hlýtur þetta að vera nú þegar mikil óvissa ríkir um framkvæmdir við Kröfluvirkjun, og þótt vonast sé til að sá vandi, sem þar er við að fást, reynist yfirstíganlegur, er það algjört ábyrgðarleysi í allri áætlanagerð og orkuspám að gera ráð fyrir að Kröfluvirkjun geti hafið fulla raforkuframleiðslu næstu árin.

Í greinargerð frá Orkustofnun, sem iðnaðarnefnd hefur borist, kemur fram að í slíku samtengdu kerfi verði orðin afl- og orkuskortur 1978, sé ekki gert ráð fyrir neinni framleiðslu frá Kröfluvirkjun. En sé gert ráð fyrir hálfri framleiðslu hennar verður komin aflskortur 1979 og orkuskortur 1980. En í greinargerðinni kemur fram að kæmi ekki til sala á forgangsorku til járnblendiverksmiðjunnar færðust fullnýtingarmörk afls og orku aftur um tvö ár.

Orkuþörfin er því til, um það geta menn ekki deilt. Í því sambandi vil ég vekja athygli á að verkfræðideild Landsvirkjunar hefur tilkynnt iðnaðarnefnd að orku-

salan til járnblendiverksmiðjunnar miðað við 488 Gwh. nemi um 630 millj. á ári fyrst í stað, en það samsvarar um það bil sölu 200 Gwh. af forgangsorku á almennan markað eða til rafveitna.

Væri sú leið valin að selja raforkuna á almennan markað væri tekjutap Landsvirkjunar vegna járnblendiverksmiðjunnar bætt, auk þess sem óráðstafað væri um 288 Gwh., sem selja mætti við vægu verði til innlendra neytenda, er hagnýtt gætu slíka orku. Þær aðstæður, sem ég hef nú lýst, eru slíkar að með engu móti er hægt að rökstyðja raforkusölu til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og enn fráleitara þegar haft er í huga að raforkuna á að selja undir framleiðslukostnaðarverði orkunnar frá Sigöldu, miðað við 10% vexti og 40 ára afskriftartíma. Og er þá ekki gert ráð fyrir auknum framleiðslukostnaði vegna Hrauneyjafossvirkjunar, svo sem eðlilegt væri að gera.

En verð forgangsorku er 202 aurar/kwh. fram til 1982, en verð afgangsorku 51 eyrir/kwh. og meðalverð því 1.26 aurar, — á sama tíma og verð raforku til landsmanna er að meðaltali rúmar 12 kr. Hins vegar ber á það að líta, að þótt verð á forgangsorku sé 202 aurar/kwh. eða um 95% af gjaldskrárverði Landsvirkjunar frá og með áramótunum 1976—77, verður fyrst og fremst að styðjast við meðalverðið 1.26 aurar/kwh., því vegna hinna ströngu afhendingarskilmála er það rangtúlkun að tala um afgangsorku í sambandi við afhendingu til verksmiðjunnar. En í samningum eru eftirfarandi ákvæði um sölu afgangsorku, auk verðákvæðanna.

Ákvæði 5.1. Mesta sala 306 Gwh. á ári.

Ákvæði 5.2. Meðalsala 244 Gwh. á ári á samningstímabilinu.

Ákvæði 5.3. Minnsta sala á einu ári 153 Gwh.

Ákvæði 5.4. Minnsta sala á samfelldu 4 ára tímabili 183.5 Gwh. á ári.

Þessu ströngu skilyrði gefa mjög lítið svigrúm, og er því alrangt að tala um ótryggða orku í þessu sambandi eða afgangsorku. Stefna frumvarpsins í raforkusölu til verksmiðjunnar er því alröng.

Mikil ástæða er til að efast um arðsemi járnblendiverksmiðjunnar, sem stafar af því hve háð verð á kísiljárni er verði stáls, en stálframleiðsla á nú í miklum erfiðleikum bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. En það er Evrópumarkaðurinn sem selja á framleiðslu verksmiðjunnar. Þessu ástandi stálmarkaðarins er nokkuð lýst í fjármálaritinu „Economist“ 12. febr. 1977, en þar segir að stálframleiðsla í Evrópu og Bandaríkjunum eigi nú í vaxandi erfiðleikum vegna aukinna umsvifa japana og reyndar annarra þjóða þriðja heimsins, séu stálvinnslustöðvar í Evrópu nú reknar langt undir fullum afköstum, í Þýskalandi t. d. á um 60% af afkastagetu, og fjölmörg fyrirtæki í Frakklandi, Belgíu, Bretlandi og víðar séu gjaldþrota. Segir í greininni að hugmyndir séu uppi um þjóðnýtingu þessarar framleiðslu víða í Evrópu og væntanlegar séu aðgerðir í tollamálum til að reyna að verja hana frekari áföllum. Útlit er því fyrir að verð á kísiljárni verði lágt á næstu árum, en mikið verðfall var á þessari vöru á árinu 1976. Og í viðræðum við iðnaðarnefnd neðri deildar hefur Jón Sigurðsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar sagt, að miðað við verðlag ársins 1976 hefði járnblendiverksmiðjan ekki borið sig, og undirstrikað þá staðreynd, að fyrirtækið sé áhættufyrirtæki. Að ósk minni hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út arðsemi verksmiðjunnar miðað við rekstur á árinu 1976, og læt ég þá útreikninga fylgja nefndarálitinu sem fylgiskjal. En niðurstöður þeirra útreikninga eru þær, að miðað við verðlag á kísiljárni á því ári og áætlaðan rekstrarkostnað verksmiðjunnar hefði beint tap á rekstrinum orðið á því ári 22 milljónir norskra króna eða um 800 milljónir ísl. króna.

Arðsemisáætlun sú, sem hins vegar er stuðst við í samningum um verksmiðjuna, byggir á spá Elkem um verðlag kísiljárnverðs 1978, en full ástæða er til að draga í efa þá arðsemisáætlun og þær verðlagsforsendur, er hún miðar við, þegar litið er til fenginnar reynslu og þeirrar markaðsþróunar sem spáð er í stáliðnaði.

En það er ekki nóg með að rekstraráætlanir járnblendiverksmiðjunnar séu byggðar á loftköstulum hvað varðar sölu á afurðum hennar, hráefnakostnaður er

greinilega mjög vanreiknaður. Þannig er það deginum ljósara að jafnvel þótt við tækjum mark á spádómum Elkems um skilaverð kísiljárns, en gengjum út frá réttum hráefnakostnaði, blasir eigi að síður við stórkostlegur halli á rekstri verksmiðjunnar.

Ef við leiðréttum nú þessar augljósu reikningsskekkjur þeirra, sem ákafast tala fyrir verksmiðjunni á Grundartanga, og göngum út frá eðlilegum hráefnakostnaði, hver verður þá arðsemi verksmiðjunnar? — Lítum á rekstraryfirlitið yfir árið 1985, sem byggt er á verðlagi ársins 1978, áætluninni sem Járnblendifélagið vill nota sem mælikvarða á arðsemi verksmiðjunnar, en áætlun þessi gerði ráð fyrir 7 milljónum norskra króna í hagnað. Jú, hagnaðurinn er horfinn og niðurstaða rekstraryfirlitsins er orðin neikvæð um 10 milljónir norskra króna eða u. þ. b. 360 millj. ísl. króna. Og til þess að glæfrafyrirtækið á Grundartanga geti borið sig og komi út með hallalausan rekstur, miðað við söluverðsforsendur Járnblendifélagsins og Elkems, má verð á hráefnum ekki vera hærra en 38% af sölutekjum eða 6% lægra en meðaltal síðustu sex ára.

Allt er því gert til að gera fyrirtækið girnilegt í augum íslendinga. Gerðar eru spár um stórhækkað söluverð á kísiljárni, þrátt fyrir svart útlit í markaðsmálum, og útreikningarnir svo kórónaðir með því að lækka hráefnakostnað stórlega frá því sem eðlilegt hefur talist í slíkum iðnaði síðustu árin, þrátt fyrir þá staðreynd að hráefnaverð hefur hækkað meira en söluverð nú um margra ára skeið.

Við þetta má svo bæta því, að fram kemur í skýrslu, er dreift hefur verið á Alþingi frá starfshóp um auðhringi, að ákvæði sölusamnings og raforkusamnings bendi ótvírætt til þess, að óvarlegt sé að gera ráð fyrir fullum afköstum verksmiðjunnar að jafnaði, en afkastaminnkun, svo sem úr 100% í 80%, hefur veruleg neikvæð áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækisins. Þannig sést í töflu, er skýrslunni fylgir og byggir á 80% afköstum á grundvelli rekstraryfirlits frá þjóðhagsstofnun, að hallinn í íslenskum krónum, miðað við verðlag ársins 1976 á annan milljarð, en sé miðað við verðlag ársins 1978 yrði þessi halli um 300 milljónir. Tafla þessi fylgir nefndarálitinu sem fylgiskjal.

Tekjur Elkems af rekstri verksmiðjunnar eru af þessum sökum t. d. hlutfallslega meiri en íslendinga, sé tekið mið af þeirri fjárfestingarábyrgð sem þessir aðilar taka á sig við stofnun fyrirtæksins.

Niðurstaða mín er því sú, hvað viðkemur arðsemi þessa fyrirtækis, að hér sé um áhættusamt glæfrafyrirtæki að ræða eins og ástandi markaðsmála er nú háttað. Og áhætta okkar íslendinga er vitaskuld allt önnur og miklu meiri en hins norska aðila, því hann hefur þegar margvíslegra hagsmuna að gæta á kísiljárnsmarkaðinum. Hann er knúinn til þess vegna baráttu sinnar um yfirráðin á Evrópumarkaðinum að halda framleiðslu sinni áfram og reisa nýjar verksmiðjur í stað þeirra gömlu sem gengið hafa úr sér, auk þess sem hann hirðir gróða af sölu tækniþekkingar, bræðsluofna, tækjabúnaðar og sölu kvarts, sem er eitt af undirstöðuvinnsluhráefnum verksmiðjunnar og ætlunin er að kaupa frá Norður-Noregi þar sem Elkem á slíkar námur. Eins mun Elkem vera eignaraðili að stáliðjuverum í Evrópu og hagsmunir þess því flóknir og margslungnir.

Ég gat þess við 1. umræðu málsins, að full ástæða væri til að kanna, hvaða áhrif hinn sérstaki tæknisamningur Járnblendifélagsins við tæknideild Elkem kynni að hafa, svo sem við val hreinsitækja. Nú hefur það verið staðfest, að tæknideild Elkems, sem fær einokunaraðstöðu við val og smíði ýmiss tæknibúnaðar, svo sem hreinsibúnaðar, telur sig ekki geta smíðað hreinsitæki, sem hreinsi meira en 95% af útblæstri verksmiðjunnar, og hún hafi ekki yfir að ráða þeirri tæknikunnáttu sem geri kleift að endurvinna úrgang verksmiðjunnar.

Union Carbide, sem upphaflega var rætt við um samstarf við byggingu verksmiðjunnar, hafði hins vegar yfir að ráða tækni til að hreinsa útblásturinn um 99% og tækni til að endurvinna úrgang hennar. Allar umræður um mengunarþátt verksmiðjunnar og veitingu starfsleyfis í upphafi voru því miðaðar við tæknikunnáttu hins bandaríska aðila, en með tilkomu Elkems eru nú allt önnur viðhorf uppi.

Er nefndarálit þetta er samið hefur ekki gefist tími til að kanna nægilega vel einstök ákvæði starfsleyfis, með tilliti til umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en augljóst er þó að þau ákvæði, sem kveða á um rekstur hennar í bilanatilfellum, eru allt önnur og marklausari en gert var ráð fyrir af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins og önnur en Náttúruverndarráð hafði krafist.

Í starfsleyfinu er í raun veitt heimild til rekstrar verksmiðjunnar í slíkum tilvikum, meðan unnið sé að viðgerð, í stað þess að kveðið er mjög skýrt á um stöðvun rekstrar í slíkum bilanatilfellum í tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs.

Jafnframt er í starfsleyfinu dregið mjög úr valdi Heilbrigðiseftirlits ríkisins til að ákveða áætlanir fyrirtækisins um viðhald og rekstur hreinsibúnaðar og aðgerðir í bilanatilfellum, en í umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins var gert ráð fyrir því, að slík áætlun væri háð samþykki þess, áður en fyrirtækið hæfi starfsemi sína, en nú í starfsleyfinu er einungis gert ráð fyrir að Heilbrigðiseftirlit ríkisins fái áætlun af þessu tagi til kynningar.

Má því ljóst vera, að enn einu sinni er það ætlun stjórnvalda að sniðganga tillögur íslenskra heilbrigðisaðila í veigamiklum atriðum um fyrirkomulag mengunarvarna við stóriðju, þrátt fyrir fengna reynslu, svo sem í Straumsvík og við Kísiliðjuna við Mývatn.

Ég legg áherslu á, að nú er í fyrsta skipti verið að veita starfsleyfi til stóriðju, þar sem kostur er á því að fjalla um ákvæði Náttúruverndarráðs og kröfur heilbrigðisaðila, áður en ákvörðun er tekin um byggingarframkvæmdir, og því ljóst, að starfsleyfi þetta mun í framtíðinni verða notað sem fordæmi um gerð slíkra starfsleyfa. Vegna þessa er brýnna en ella, að vel sé frá öllum hnútum gengið.

Með nefndaráliti mínu læt ég fylgja nokkur fylgiskjöl til frekari skýringar á einstökum rökstuðningi mínum í þessu máli, svo sem:

1. Bréf orkumálastjóra til iðnaðarnefndar Nd. um orkusölu til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.
2. Töflu er sýnir óhagkvæmni orkusölu til ÍSALs á tímabilinu 1966—1976.
3. Áætlun um rekstraryfirlit kísiljárnverksmiðju 1985 á áætluðu verðlagi ársins 1978, gerða af Þjóðhagsstofnun.
4. Áætlað rekstraryfirlit kísiljárnversins fyrir eitt ár miðað við full afköst og verðlag ársins 1976, gert af Þjóðhagsstofnun.
5. Töflu er sýnir hlutdeild hráefna í framleiðslu járnblendiverksmiðju á árunum 1971—1976.
6. Töflu um heildsöluvísitölu hráefna í Noregi 1970—1976.
7. Töflu um hreyfingu markaðsverðs kísiljárns 1971—1977.
8. Töflu um áætlað rekstraryfirlit kísiljárnverksmiðjunnar fyrir eitt ár, miðað við 80% afköst, gerða af Ámundi Ásmundssyni verkfræðingi og Elíasi Davíðssyni kerfisfræðingi.

Í samræmi við niðurstöður athugunar minnar á frumvarpi til laga um járnblendiverksmiðju á Grundartanga er tillaga mín sú, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem augljós hagkvæmni og félagslegar og efnahagslegar aðstæður í landinu gera nauðsynlegt, að íslendingar hefji nú þegar markvisst hagnýtingu innlendra orkugjafa, fjármagns og vinnuafls til að takmarka sem mest olíunotkun, svo sem með rafhitun húsa og nýtingu rafmagns til uppbyggingar nýrra iðngreina, telur deildin engan grundvöll til orkufreks stóriðnaðar, er byggir á erlendum aðföngum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sigurður Magnússon.

Alþingi, 13. apríl 1977.

Fylgiskjal I.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis

Varðar: Orkusölu til járnblendiverksmiðju á Grundartanga

Að beiðni hæstvirtrar iðnaðarnefndar á fundi hennar með undirrituðum 77 01 26 hefur Orkustofnun látið athuga hve lengi Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun muni anna raforkumarkaðinum á landinu í heild. Er þá gengið út frá drögum að orkuspá fyrir landið í heild, sem Orkustofnun og Landsvirkjun höfðu gert í mars 1976 og lögð voru fyrir orkuspárnefnd. Nefndin er nú um það bil að ganga frá endanlegri gerð spárinnar, en hún liggur þó enn ekki fyrir. Samt má fullyrða að endanlega gerðin víkur ekki að marki frá drögunum frá mars 76, þannig að þau koma að fullum notum í því samhengi sem hér um ræðir.

Niðurstöðurnar urðu á þessa leið:

	Fullnýting að afli	Fullnýting að orku
Sigalda, ein sér	1978	1978
—Sigalda + Krafla	1979	1980.
Sigalda + Krafla	1980	1982

Fullnýting að afli miðast við aflþörf orkuspárinnar að viðbættum 20% til vara. Að orkuver sé talið fullnýtt að afli táknar að þetta bil er orðið minna en 20%, en ekki að aflskortur sé skollinn á. Fullnýting að orku táknar aftur á móti beinlínis orkuskort samkvæmt spánni. Við mat á því, hvenær þörf sé nýrrar virkjunar, ber fremur að miða við fullnýtingu að orku.

Ef ekki kæmi til sala á forgangsorku til járnblendiverksmiðjunnar færast fullnýtingarmörkin aftur um 2 ár frá því sem að ofan er talið.

Í orkuspánni er reiknað með mannfjöldaþróun samkvæmt spá Framkvæmdastofnunar. Á grundvelli hennar var, í samráði við þá stofnun, gerð áætlun um mannafla í ýmsum atvinnugreinum í framtíðinni og orkuspáin fyrir atvinnuvegi eins og t. d. iðnað byggð á henni.

Reiknað er með rafhitun í þeim hlutum landsins þar sem ekki er að vænta hitaveitna. Ekki er reiknað með öðrum orkufrekum iðnaði en þeim sem þegar er kominn eða gerð hafa verið samningsdrög um.

Orkuspáin tekur þannig mið af væntanlegri atvinnuþróun með ofangreindri takmörkun varðandi hugsanlegan nýjan orkufrekan iðnað. Hún tekur fullt tillit til rafhitunar og reiknar með að allri rafhitunarþörf verði fullnægt með forgangsorku. Verði hluta þessarar þarfar fullnægt með afgangsorku lækkar spáin sem því nemur, því afgangsorka er yfirleitt aldrei meðtalin í orkuspám, eðli máls samkvæmt.

Í orkuspánni er á hinn bóginn ekki reiknað með neinni tilfærslu á orkunotkun í atvinnugreinum eins og iðnaði frá olíu yfir á forgangsraforku, t. d. til gufuframleiðslu o. þ. h. Að því marki sem slík tilfærsla kann að eiga sér stað er reiknað með að um afgangsraforku eina verði að ræða.

Vakin er athygli á því, að hér er lögð til grundvallar orkuspá fyrir landið í heild og hún borin saman við vinnslugetu Sigöldu og Kröflu. Slíkt er að því leyti óraunhæft nú, að landið er enn ekki samtengt í einn raforkumarkað. Við vitum að Sigalda ein sér verður ekki í reynd fullnýtt að orku 1978. En mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að ástæðan til þess er **ekki** sú, að orkuþörfin sé ekki fyrir hendi, heldur sú, að flutnings- og dreifikerfi landsins er ekki í stakk búið til að koma orkunni, sem ekki nýtist frá Sigöldu, til þeirra notenda sem þurfa á henni að halda. Það ríkir m. ö. o. offramboð af orku í einum hluta landsins samtímis orkuskorti í öðrum hlutum þess.

Um rafmagnssamninginn við Járnblendifélagið vill Orkustofnun koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við hæstvirta iðnaðarnefnd:

1. Verðið á forgangsorku er 202 aur/kWh fram til 1982 (Meðalverð 3.5 norskir aur/kWh = 126 ísl. aur/kWh við gengi 100 nkr. = 3592.60 ísl. kr.; verðhlutföll forgangsorku : afgangsorku 10 : 2.5 og magnhlutföll forgangsorku : afgangsorku 244:244 = 1:1 að meðaltali á samningstímanum. Verð afgangsorku á sama tímabili er 0.25 x 202 = 51 aur/kWh.
2. Forgangsorkuverðið er um 83% af samsvarandi verði frá norsku ríkisrafveitunum **í nýjum orkusölusamningum** (Meðalverð nýrra og gamalla samninga er miklu lægra). Þetta verð er um 95% af gjaldskrárverði Landsvirkjunar frá og með áramótum 76/77 fyrir notanda með nýtingartíma járnblendiverksmiðjunnar, en 110% af gjaldskrárverðinu eins og það var um áramótin 75/76 og þágildandi gengi norskrar krónu. Í stórum dráttum virðist forgangsorkuverðið þannig vera svipað gjaldskrárverðinu fyrir sambærilegan notanda.

   Orkustofnun leggur ekki mat á það, hvort þessi 17% munur á verði hér og í Noregi sé eðlilegur eða ekki miðað við aðstæður. Til þess þarf ýmiss konar gögn sem stofnunin hefur ekki undir höndum nú.
3. Eftir því sem séð verður af tiltækum gögnum virðist forgangsorkuverðið vera svipað og kostnaðarverð orkunnar frá Sigöldu á verðlagi nú, miðað við 10% vexti og 40 ára afskriftartíma.
4. Við samanburð við gjaldskrárverð Landsvirkjunar ber að aðgæta, að það felur ekki í sér söluskatt eða verðjöfnunargjald, sem hvort tveggja fellur á síðasta sölustigið; til hins endanlega notanda. Járnblendiverksmiðjan greiðir þannig hvorugt.
5. Í samningnum eru eftirtalin ákvæði varðandi sölu á afgangsorku, auk verðákvæðisins:
   5.1 Mesta sala 306 GWh/ári.
   5.2 Meðalsala 244 GWh/ári á samningstímanum.
   5.3 Minnsta sala á einu ári 153 GWh/ári.
   5.4 Minnsta sala á samfelldu 4 ára tímabili 183.5 GWh/ári.

   Varðandi þessi ákvæði vill Orkustofnun benda á eftirfarandi:
   (1) Að miðað við verðlagningu orkunnar sýnast þessi ákvæði tæplega eiga heima. Hér er gerð gæðakrafa sem varla er í samræmi við verð vörunnar.
   (2) Við 5.1 er ekkert að segja. Þetta ákvæði leiðir af því að úttektin er takmörkuð við 37 MW.
   (3) Ákvæði 5.2 á Landsvirkjun út af fyrir sig að geta uppfyllt án vandkvæða og án þess að takmarka verulega sölu á afgangsorku til annarra notenda. Óeðlilegt er hins vegar að notandi, sem ekki greiðir hærra verð, geti gert slíka gæðakröfu.
   (4) Ákvæðin 5.3 og 5.4 geta hugsanlega leitt til þess, ef þeim er strangt framfylgt, að aðrir kaupendur afgangsorku frá Landsvirkjun verði að sætta sig við meiri sveiflur í orkuafhendingu milli árstíða og milli ára, en járnblendiverksmiðjan þarf að gera, enda þótt ákvæðin hafi ekki áhrif á meðaltal orkuafhendingar yfir lengri tíma. Meiri sveiflur í afhendingu má líta á sem rýrnun á gæðum hinnar seldu vöru. Hversu mikil áhrif í þessa átt ákvæðin geta haft verður ekki sagt fyrir um nema með sérstakri rekstrareftirlíkingu, sem eðlilegt væri að Landsvirkjun léti gera.

Æskilegt væri að losna alveg við ákvæðin 5.2—5.4, enda eru þau ekki í samræmi við verðlag afgangsorkunnar.

Virðingarfyllst,

Jakob Björnsson.

Fylgiskjal II.

Landsvirkjun — Orkusala.

	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Raforkusala til ÍSAL í millj. kr.	—	—	—	43	162	178	208	314	359	490	742
Raforkusala til annarra[1] í millj. kr.	106	121	154	212	325	448	497	630	971	1 547	1 838
Raforkusala samtals	106	121	154	255	487	626	705	944	1 330	2 037	2 580
Árlegt meðaltal vísit. framfærsluk.	(90)	(97)	109	134	154	156	176	226	342	491	654
Vísitala/orkusölu samt.	0.85	0.80	0.71	0.53	0.32	0.25	0.25	0.24	0.26	0.24	0.25
ÍSAL í GWST	—	—	—	162	614	672	769	1 172	1 171	1 027	1 068
Aðrir í GWST	487	506	525	528	619	670	726	798	831	787	846
ÍSAL í kr/kwst (meðaltal)	—	—	—	0.27	0.26	0.26	0.27	0.27	0.31	0.47	0.69
Aðrir í kr/kwst (meðaltal)	0.22	0.24	0.29	0.40	0.53	0.67	0.68	0.79	1.16	1.97	2.17
(ÍSAL kr/kwst)/(Aðrir kr/kwst)				0.68	0.49	0.39	0.40	0.34	0.27	0.24	0.32
Hreinar tekjur Landsvirkjunar (millj. kr.)	19.1	30.6	48.0	16.9	÷76.8	46.1	25.8	102.5	106.2	348.8	
Hreinar tekjur Landsv. á föstu verðlagi vísitölu framfærslu	21.2	31.5	44.0	12.6	÷49.9	29.6	14.7	45.4	31.1	71.0	

[1]) Aðrir táknar alla viðskiptamenn Landsvirkjunar að ÍSAL undanskildu.

Fylgiskjal III.

Áætlað rekstraryfirlit kísiljárnversins 1985 á áætluðu verðlagi ársins 1978.

		Milljónir norskra króna
Sölutekjur		
50 000 tonn á 3 405 n.kr.		170
Hráefni		
Kvarz	13	
Koks	25	
Kol	8	
Járn	5	
Rafskaut	6	
Annað	1	
		58
Raforka		18
Hafnargjöld og annar breytilegur framleiðslukostnaður		5
Fastur framleiðslukostnaður		
Vinnulaun	11	
Stjórnun, skrifstofukostn. og viðhald	10	
		21
Tækniþóknun o. fl. 3.9%		7
Verðjöfnunargjald		2
Vextir		24
Afskriftir		28
	Gjöld alls	163
Hreinn hagnaður fyrir beina skatta		+7

Fylgiskjal IV.

Áætlað rekstraryfirlit kísiljárnversins fyrir eitt ár, miðað við full afköst og verðlag ársins 1976.

		Milljónir norskra króna
Sölutekjur		
50 000 tonn á 2 388 n.kr.[1])		119
Hráefni		
Kvarz	12	
Koks	22	
Kol	7	
Járn	4	
Rafskaut	5	
Annað	1	
		51
Raforka		18
Hafnargjöld og annar breytilegur framleiðslukostnaður		4

		Milljónir norskra króna
Fastur framleiðslukostnaður		
Vinnulaun	10	
Stjórnun, skrifstofukostnaður og viðhald	8	
		18
Tækniþóknun o. fl. 3.9%		5
Verðjöfnunargjald		2
Vextir[2])		18
Afskriftir[2])		25
Gjöld alls		141
Hreinn hagnaður fyrir beina skatta		÷22

Skýringar:

1) Tekjuverð, 2388 n.kr. pr. tonn, sem hér er tekið sem dæmi, er skilaverð til norskra kísiljárnframleiðenda á árinu 1976. Í áætlunum Járnblendifélagsins nú er tekið til viðmiðunar sem grunnverð á árinu 1976 2800 n.kr. pr. tonn. Sé það gert hækka sölutekjur og hagnaður um 20 m. n.kr. frá því sem sýnt er hér að ofan. Hreint tap mundi þá lækka úr **22 m. n.kr.** í **2 m. n.kr.**
2) Hér eru teknir inn árlegir meðalvextir og afskriftir alls rekstrartímabilsins og er þá gert ráð fyrir 10% lækkun stofnkostnaðar, þar eð hér er ekki gert ráð fyrir verðhækkunum á byggingartímanum.

Fylgiskjal V.

Hlutdeild hráefna í framleiðslu járnblendiverksmiðju á árunum 1971—76.

Allar tölur í millj. norskra króna.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Sölutekjur 50 000 tonn	71	62	61	94	149	119
Kvartz	7	7	8	9	10	12
Koks	13	13	14	16	19	22
Kol	4	4	5	5	6	7
Járn — málmar	3	3	3	4	4	4
Rafskaut	3	3	4	4	5	5
Annað	1	1	1	1	1	1
Samtals hráefnakostnaður	31	31	35	39	45	51
Hráefni sem hlutfall af sölut.	42%	50%	57%	41%	30%	43%

Fylgiskjal VI.

Heildsöluvísitala hráefna í Noregi 1970—76.

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
1. Kol og kox	189	213	223	235	264	311	365
2. Járn-málmar	151	136	135	160	208	195	206

Fylgiskjal VII.

Hreyfing á markaðsverði kísiljárns, sett jafnt og 100 1971 (meðaltal á ári).

1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977 spá
100	88	90	160	190	157	188

Fylgiskjal VIII.

Áætlað rekstraryfirlit kísiljárnverksmiðjunnar fyrir eitt ár, miðað við 80% afköst og á grundvelli rekstraryfirlita frá Þjóðhagsstofnun.

(Í millj. n. kr.)

Sölutekjur	Verðlag 1976		Áætl. verðlag 1978	
40 000 tonn á 2 388 n.kr./tonn (1976)	95			
eða 3 405 n.kr./tonn (1978)				136
Gjöld				
Hráefni	41		46	
Raforka	14		14	
Hafnargjöld og annar breytil. kostnaður	3		4	
Fastur framleiðslukostnaður:				
Laun	10		11	
Stjórnun, skrifstofukostn. og viðhald	8		10	
Tækniþóknun o. fl.	4		5	
Verðjöfnunargjald	2		2	
Vextir	18		24	
Afskriftir	25	125	28	144
Tap í millj. n.kr.		30		8
Tap í millj. ísl. kr.		1 130		300

Nd. 463. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Garðari Sigurðssyni.

Aftan við frv. komi ný grein, sem orðist svo:

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist:

Þrátt fyrir veiðiheimildir í lögum þessum eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 1. júní 1977 til 1. júní 1978.

Ed. 464. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um kaup og kjör sjómanna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 14. apríl 1977.

Steingrímur Hermannsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes, frsm.

Oddur Ólafsson. Ingiberg J. Hannesson.

Nd. 465. Lög [144. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 347.

Ed. 466. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör sjómanna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við setningu bráðabirgðalaganna var gengið á rétt verkalýðssamtakanna. Rétt er að vekja athygli á því, að þegar lögin voru gefin út ríkti hvorki verkfallsástand né hafði áður verið reynt til þrautar að ná niðurstöðu með eðlilegum samningaviðræðum. Þótt ekki væru nema þessar tvær ástæður sér, þá hlutu verkalýðssamtökin að mótmæla útgáfu bráðabirgðalaganna mjög harðlega.

Samningsuppkast það er löggilt var með bráðabirgðalögunum hafði verið samþykkt af einum fjórum af samtals 26 aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, en fellt af tuttugu og tveimur.

Við útgáfu bráðabirgðalaganna var bundinn endi á framhaldandi samningaviðræður, sem miðuðu að samræmingu sjómannakjara um land allt, bæði varðandi aflahlut og tryggingar. Frá því bráðabirgðalögin voru gefin út hefur verið samið sérstaklega á Vestfjörðum um hærri aflahlut, og má því til sanns vegar færa að andi bráðabirgðalaganna hafi verið brotinn nær tafarlaust.

Gildistími þessara bráðabirgðalaga, sem sett voru á mjög svo hæpnum forsendum, og mótmælt hefur verið kröftuglega, rennur út 15. næsta mánaðar. Verði þau nú staðfest á Alþingi, mundi slíkt aðeins leiða til harðari deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Því leggur undirritaður minni hluti til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. apríl 1977.

Stefán Jónsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 467. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 4 13. febr. 1976 um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða sérstakt gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi eftirfarandi hlutfallstölu fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins:

10% árið 1977, 8% árið 1978, 6% árið 1979, 4% árið 1980 og 2% árið 1981, en greiðsla þessi fellur niður frá og með 1. jan. 1982. Sömu ákvæði gilda þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjársjóðs, þegar afli er seldur til neyslu innanlands.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða sérstakt gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi eftirgreindri hlutfallstölu af heildarsöluverðmæti (brúttó-söluverðmæti) aflans:

16% árið 1977, 12% árið 1978, 8% árið 1979, 6% árið 1980 og 3% árið 1981, en greiðsla þessi fellur niður frá og með 1. jan. 1982. Sömu ákvæði gilda, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar heildarsöluverðmæti (brúttó-söluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

3. gr.

Upphaf 16. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra beitt frá 16. febr. 1976 til 31. des. 1981, en þá falla þau úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í árslok 1968, undir viðreisnarstjórn, voru sett lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna stórfelldrar gengisfellingar.

Ráðstafanir þessar voru aðallega fólgnar í því að skerða hlut sjómanna með stórfelldum hætti. Tekin voru 10% af óskiptum afla og raunar 20% af sumum tegundum, ef landað var innanlands, en 16% ef landað var erlendis. Auk þess voru tekin 11% af brúttóverðmæti afla til handa útgerðinni upp í kostnaðarhlutdeild sem svo kallaðist. Samtök sjómanna mótmæltu harðlega þessu gerræði, en án árangurs.

Með tilkomu vinstri stjórnarinnar var hlutdeild í útgerðarkostnaði felld niður, svo þar voru þessir hlutir strax lagaðir til hálfs. Þeim stóra áfanga var fagnað af hálfu sjómanna, en enn stefndu þeir að því að fá framlag til Stofnfjársjóðs lækkað og síðan afnumið.

Þegar núverandi stjórn komst til valda var framlag í Stofnfjársjóð hækkað í des. 1974 úr 10 í 15% — og enn á ný gegn kröftugum andmælum sjómannastéttarinnar, en sem fyrr var talað fyrir daufum eyrum.

Með breytingu á fyrirkomulagi sjóðakerfisins, sem ráðist var í vegna mikils þrýstings af hálfu sjómanna, var framlag til Stofnfjársjóðs lækkað aftur í 10% af brúttóverðmæti, en þó er þessi hlutfallstala ekki sambærileg hinum fyrri 10%, vegna breytinganna á sjóðakerfinu og þeirrar fiskverðshækkunar, sem af þeim leiddi — að jafnaði 24% — í raun var lækkunin úr 15% í 12.4% af sama stofni.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlag í Stofnfjársjóð verði afnumið í áföngum, þannig að það hverfi jöfnum skrefum á árunum frá 1977 til og með 1981, um fimmtung af núverandi gjaldi árlega. Gjald til Stofnfjársjóðs, þegar landað er erlendis, lækki einnig í svipuðum áföngum.

Verður að teljast með öllu óeðlilegt, að sjómenn gjaldi tíund af kaupi sínu til þess að greiða stofnkostnað þeirra fiskibáta, þar sem þeir eru ráðnir í skiprúm.

Nd. 468. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 21. des. 1971, um breyt. á l. nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1977.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.	Eðvarð Sigurðsson.	Pálmi Jónsson.

Nd. **469. Frumvarp til laga** [225. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

I. GILDISSVIÐ

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

2. gr.

Nám á framhaldsskólastigi, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi samkvæmt lögum þessum. Skólar sem undir lögin falla nefnast framhaldsskólar.

II. MARKMIÐ

3. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun, er sé á hverjum tíma markviss undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi.

III. INNGÖNGUSKILYRÐI

4. gr.

Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að stunda nám í framhaldsskóla.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum eða greinaflokkum til inngöngu á tilteknar námsbrautir eða í tiltekna námsáfanga, svo og um aðgang fullorðinna að framhaldsskólanámi.

IV. NÁMSSKIPAN

5. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda **námsáfanga.** Námsáfangi skal metinn til eininga eftir umfangi námsefnisins. Skipulagt samval námsáfanga myndar **námsbraut.** Námsbrautum er skipað á **námssvið** með hliðsjón af skyldleika sérnáms, er gerir kleift að koma við sameiginlegu grunnnámi fyrir allar brautir sviðsins. Námssviðin eru tengd með sameiginlegum kjarna undirstöðugreina. Um námssvið og námsbrautir skal mælt í reglugerð.

6. gr.

Námsbraut skal að jafnaði skipulögð þannig, að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi sem veiti tiltekinn starfsundirbúning og/eða rétt til framhaldsnáms. Í reglu-

gerð skal kveða á um hvar á námsbraut slík námslok geti verið og um markmið námsins á hverju stigi, bæði að því er varðar undirbúning til starfa og til framhaldsnáms.

7. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til framhaldsnáms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Með sama hætti skulu og markaðar sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

8. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám er tekur mið af sérstökum markmiðum brautarinnar. Leitast skal við að samhæfa bóklegt og verklegt nám eftir því sem við verður komið. Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum að nokkru marki.

9. gr.

Um námsáfanga, umfang þeirra, inntak og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga, skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.

10. gr.

Um námsmat, þ. á m. próf og vitnisburði, skal mælt í reglugerð, svo og um almenn skilyrði sem fullnægja þarf til að flytjast milli námsáfanga.

11. gr.

Setja skal í reglugerð ákvæði um árlegan starfstíma framhaldsskóla, annaskiptingu, svo og fjölda og lengd kennslustunda.

V. SKÓLASKIPAN

12. gr.

Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna, og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa, skal leitast við að sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun.

Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður hvar starfrækja skuli framhaldsskóla og til hvaða námsbrauta hver skólastofnun taki, hvort tveggja í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð, er starfa samkvæmt lögum um grunnskóla.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera áætlun til 5 ára um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á. Skal áður afla tillagna fræðsluráða fyrir hvert fræðsluumdæmi. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti til næstu fimm ára. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

15. gr.

Heimilt er að gera samning við stofnun eða fyrirtæki um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu gerðir eða staðfestir af menntamálaráðuneytinu eða aðila í umboði þess, og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

VI. STJÓRN

16. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Ráðuneytinu til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla er **framhaldsskólaráð**, skipað formönnum námssviðsnefnda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, einum fulltrúa fyrir grunnskóla og öðrum fyrir háskóla, þremur fulltrúum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, þremur tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands, einum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda, einum tilnefndum af Kvenfélagasambandi Íslands, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, svo og fulltrúa menntamálaráðuneytisins, og er hann formaður ráðsins. Menntamálaráðherra skipar framhaldsskólaráð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Fyrir hvert námssvið skal skipuð ráðgefandi nefnd, **námssviðsnefnd.** Til starfa í nefndinni skulu skipaðir allt að þrír fulltrúar fyrir hverja námsbraut á viðkomandi sviði, svo og formaður og ritari, sem jafnframt er varaformaður. Hinir síðasttöldu eiga fasta setu í nefndinni, en formaður kveður fulltrúa námsbrautar til fundar, þegar fjallað er um málefni er varða viðkomandi braut. Menntamálaráðuneytið skipar námssviðsnefnd til fjögurra ára í senn, og skulu fulltrúar starfsnámsbrauta valdir með hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi starfssviði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Námssviðsnefndir eru ráðgjafaraðilar um inntak og tilhögun náms, hver á sínu námssviði. Nefndirnar skulu kappkosta náið samstarf við aðila atvinnulífs á þeim starfssviðum sem námið varðar.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framhaldsskólaráð og námssviðsnefndir og störf þeirra. Menntamálaráðuneytið setur námssviðsnefndum erindisbréf.

17. gr.

Fræðsluráð, kjörin samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla, hvert í sínu fræðsluumdæmi, með hliðstæðum hætti og að því er tekur til grunnskóla, eftir því sem við getur átt. Heimilt er og að fela fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu, sbr. grunnskólalög, verkefni við stjórnun framhaldsskólamálefna í umdæminu. Verksvið þeirra aðila, sem um ræðir í þessari grein, skal nánar ákveðið í reglugerð.

Í þeim tilvikum er eitt eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa að skólahaldi á framhaldsskólastigi með sveitarfélögum í öðru fræðsluumdæmi, skal um stjórnunarafbild fara eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við sveitarstjórnir og fræðsluráð er í hlut eiga.

18. gr.

Ef einstök sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa sameiginlega að framhaldsskóla, skal við skólann starfa skólanefnd skipuð fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga. Um skipun og störf skólanefndar fer eftir ákvæðum í reglugerð og samningi milli menntamálaráðuneytisins og þeirra sveitarfélaga er í hlut eiga.

Standi einstakt sveitarfélag innan fræðsluumdæmis eitt sér ásamt ríkinu að framhaldsskóla, fjallar skólanefnd skólahverfisins, sbr. grunnskólalög, um málefni framhaldsskólans með hliðstæðum hætti og að því er tekur til grunnskóla, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar, sem auk hans skal skipuð allt að tveimur fulltrúum kennara og jafnmörgum fulltrúum nemenda, svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann. Um skipan skólastjórnar, verksvið hennar, starfstíma og starfshætti, skal nánar kveðið á í reglugerð.

Ef stuttir áfangar náms á framhaldsskólastigi eru tengdir grunnskóla, getur ráðuneytið ákveðið, að um stjórn skólastofnunarinnar í heild fari eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

20. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

21. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal kveðið á í reglugerð.

VII. STARFSLIÐ

22. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun
   a) yfirstjórn, rekstur
   b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagning kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Ráðgjöf
   a) náms- og starfsráðgjöf
   b) félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
4. Þjónustustarfsemi
   a) skólasafn
   b) mötuneyti, heimavistir
   c) heilsugæsla
   d) húsvarsla, ræsting.

Um fjölda starfsmanna og skipting starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið skipar fasta starfsmenn framhaldsskóla. Fela má ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæma, sbr. IX. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla, að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla.

23. gr.

Um skilyrði til að verða settur eða skipaður kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um embættisgengi kennara. Setja má í reglugerð ákvæði um menntunarkröfur til annarra starfsmanna.

Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla.

VIII. FJÁRMÁL

24. gr.

Skólahald samkv. lögum þessum skal kostað af ríki og sveitarfélögum í sameiningu. Kostnaðarskipting skal miðuð við eftirfarandi meginatriði:

a) Úr ríkissjóði greiðist launakostnaður vegna skólastjórnar og kennslu. Sett skulu í reglugerð ákvæði um hámark stundafjölda til stjórnunar og kennslu og um lágmarksfjölda nemenda í kennsluhópum.
b) Úr ríkissjóði greiðist framlag til starfa við ráðgjöf, skólasöfn og félagsstörf. Framlag ríkissjóðs skal vera helmingur kostnaðar, allt að hámarki sem sett skal í reglugerð og miðast við vel skipulögð og nauðsynleg störf á þessum sviðum.
c) Annar almennur rekstrarkostnaður greiðist af ríkissjóði að hálfu. Þar sem framhaldsskóli er rekinn í sömu stofnun og grunnskóli, skal greiða úr ríkissjóði rekstrarframlag sem miðist við nemendafjölda í framhaldsskólanum og meðalkostnað ríkissjóðs í sambærilegum skólum, sem reknir eru sem sjálfstæðar stofnanir.
d) Viðhald húsa, endurnýjun búnaðar og húsaleiga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, sjá g-lið.
e) Um rekstur heimavista gildi ákvæði stafliða a til d. Nemendur greiða matargerðar- og matarefniskostnað í mötuneytum.
f) Nemendur greiði kennslubækur og kennsluefni sem þeir vinna úr.
g) Til stofnkostnaðar kennsluhúsnæðis og húsnæðis fyrir almenna þjónustu svo sem skólasafn, félagsstörf og mötuneyti greiðir ríkissjóður framlag kr. 54 000 á vergan m^2 gólffletar. Búnaður og lóðargerð greiðist að 70/100 úr ríkissjóði og miðast eignaraðild ríkisins við þann hundraðshluta.
h) Til stofnkostnaðar heimavista greiðir ríkissjóður framlag kr. 65 000 á vergan m^2 gólffletar. Búnað og lóðargerð greiðir ríkissjóður að 85/100 og miðast eignaraðild hans við þann hundraðshluta.

Framlög ríkissjóðs skv. stafliðum g og h miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 100 stig eins og hún var í nóvember 1975 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem á henni verða.

25. gr.

Sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi skulu, skv. 24. gr., kosta að sínu leyti allt skólahald skv. lögum þessum sem fram fer í fræðsluumdæminu. Menntamálaráðuneytið setur reglur um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar milli sveitarfélaga í hverju umdæmi, að fengnum tillögum fræðsluráðs. Skal fræðsluráð kappkosta að ná samkomulagi milli sveitarfélaganna. Takist það ekki sker menntamálaráðuneytið úr. Reglur um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga skulu m.a. taka tillit til eftirfarandi:

a) Íbúafjölda sveitarfélagsins og fjölda ungmenna 16—19 ára, án tillits til þess hvort þau notfæra sér skólahald í umdæminu eða ekki.
b) Aðstöðu, sem sveitarfélag það sem skóli er staðsettur í, nýtur umfram önnur með tilliti til þjónustu og fjárhagslegra atriða.
c) Fjarlægðar sveitarfélags frá skólastað.

26. gr.

Heimilt skal með samkomulagi við menntamálaráðuneytið að eitt sveitarfélag eða fleiri í sameiningu standi að framhaldsskóla án aðildar annarra sveitarfélaga í fræðsluumdæminu, enda taki skólinn til verulegs hluta af því námi sem gert er ráð fyrir í lögum þessum. Slíkt fyrirkomulag má ekki verða til þess að hindra eðlilegt skipulag skólahalds og samvinnu skóla í umdæminu, takmarka aðstreymi nem-

enda eða auka með óeðlilegum hætti kostnað annarra sveitarfélaga. Með sama hætti geta sveitarfélög, með samþykki menntamálaráðuneytisins, samið um aðild að framhaldsskóla utan síns fræðsluumdæmis, ef það stuðlar að eðlilegu skipulagi skólasóknar.

27. gr.

Menntamálaráðherra getur ákveðið að fengnu samþykki Alþingis, að í undantekningartilvikum verði einstakir skólar kostaðir að öllu leyti úr ríkissjóði, enda sé þá um mjög sérhæft skólastarf að ræða sem krefst sérstakrar staðsetningar og sýnt þyki að með hlutdeild í skólahaldinu verði óeðlileg kostnaðarbyrði lögð á sveitarfélög í viðkomandi fræðsluumdæmi.

IX. REGLUGERÐIR

28. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Reglugerð getur tekið til framhaldsskólastigsins í heild eða einstaks námssviðs eða námsbrautar. Auk þeirra atriða, sem vísað er til reglugerðar í einstökum greinum laganna, skal í reglugerð m. a. kveða á um undirbúning og forræði byggingarframkvæmda fyrir framhaldsskóla, svo og um skólareglur.

X. GILDISTAKA LAGANNA OG UNDIRBÚNINGUR AÐ FRAMKVÆMD ÞEIRRA

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980, og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi, svo og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi:

Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla,
— — 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla,
— — 10/1973, um Fósturskóla Íslands,
— — 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands,
— — 81/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík,
— — 6/1971, sbr. lög nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands,
— — 49/1946, sbr. lög nr. 89/1952, um húsmæðrafræðslu,
— — 53/1975, um hússtjórnarskóla,
— — 68/1966, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972, um iðnfræðslu,
— — 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands,
— — 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands,
— — 12/1970, um menntaskóla,
— — 38/1965, um myndlista- og handíðaskóla Íslands,
— — 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands,
— — 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík,
— — 1/1973, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum,
— — 67/1966, sbr. lög nr. 21/1973 og lög nr. 56/1974, um vélstjóranám,
— — 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, þó skulu halda gildi sínu ákvæði 9. gr. þeirra laga um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmd laganna, m. a. með ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi. Getur ráðuneytið í því skyni hlutast til um eða heimilað, að einstakir skólar víki frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, enda sé um að ræða tilhögun sem samrýmist meginstefnu þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. febrúar 1977 skilaði nefnd sú, sem skipuð var til að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi, frumvarpi því sem hér er lagt fram, ásamt greinargerð og fylgiskjali. Frv. er nú lagt fram til kynningar, en eigi að því stefnt að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Nefndin lét fylgja frumvarpinu svofellda greinargerð og fylgiskjöl:

INNGANGUR

Ýmsar ástæður knýja á um endurskoðun framhaldsskólastigsins.

Lög um grunnskóla, sem samþykkt voru á Alþingi í maí 1974, eru óðum að koma til framkvæmda og það leiðir aftur til þess að óhjákvæmilegt er að samhæfa nám í grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir framhaldsnámi, að loknu gagnfræðaprófi og landsprófi miðskóla, farið vaxandi og jafnframt hefur mjög ákveðið verið óskað eftir auknu og fjölþættara námi miðað við það sem kostur hefur verið á til þessa.

Þetta hefur leitt í ljós ýmsa annmarka á núverandi skipulagi. Námsbrautir hafa verið lokaðar að meira og minna leyti. Réttindi nemenda hafa í mörgum tilvikum verið óljós. Markmið náms og kennslu hefur oft verið lítt skilgreint og val námsefnis virðist í sumum tilvikum vera handahófskennt. Þá hefur hlutdeild ríkissjóðs í stofn- og rekstrarkostnaði skóla verið háð því um hvers konar nám var að ræða. Þessir ágallar eiga sér eðlilegar orsakir, en þær verða ekki raktar hér.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að lagfæra verstu ágallana en þessi viðleitni hefur nær eingöngu beinst að afmörkuðum brautum framhaldsskólastigsins, og þess ekki verið gætt, að stigið myndar í raun eina samvirka heild, sem verður að vera í eðlilegum tengslum við aðliggjandi skólastig. Úrbætur, sem gerðar hafa verið, hafa því stundum ekki reynst til frambúðar.

Að undanförnu hefur margt verið rætt og ritað um skipan náms á þessu skólastigi. Lög og reglugerðir um einstaka skóla hafa verið tekin til endurskoðunar og ný löggjöf verið sett m. a. um viðskiptamenntun. Nefndir hafa verið skipaðar til þess að fjalla um veigamikla þætti framhaldsskólans. Má þar t. d. nefna Verk- og tæknimenntunarnefnd sem skilaði í júlí 1971 ýtarlegri greinargerð um verk- og tæknimenntun á Íslandi, Iðnfræðslulaganefnd sem skilaði tillögum um þróun verkmenntunar í desember 1975, nefnd sem endurskoðaði lög um hjúkrunarnám og skilaði tillögum í júlí 1976 og ýmsa starfshópa sem hafa undirbúið stofnun fjölbrautaskóla.

Öll þessi vinna og athuganir, sem gerðar hafa verið, hafa beinst að afmörkuðum sviðum framhaldsskólastigsins en ekki að skólastiginu í heild. Þrátt fyrir þetta hefur umræðan um einstaka þætti og endurskoðun þeirra leitt til þess að smátt og smátt hafa komið fram hugmyndir um æskilegt skipulag framhaldsskólanna er hafa hnigið mjög í eina átt en þó ekki verið felldar í eina heild.

Hinn 25. nóvember 1974 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Í nefndinni áttu sæti eftirtaldir deildarsjórar í menntamálaráðuneytinu:

Hörður Lárusson, sem var formaður nefndarinnar,
Árni Gunnarsson,
Indriði H. Þorláksson og
Stefán Ól. Jónsson.

Nefndin skilaði frumtillögum til menntamálaráðherra 21. júlí 1976 til þess að gera honum grein fyrir meginhugmyndum sínum.

Þá hafði nefndin kynnt og rætt ýmsa þætti tillagnanna á fundum með kennurum og skólastjórum við grunnskóla og framhaldsskóla og fleiri aðilum.

Dagana 8. og 9. október 1976 boðaði ráðuneytið til ráðstefnu á Hótel Esju í Reykjavík með þátttöku manna frá skólum og atvinnulífi. Voru tillögurnar frá 21.

júlí kynntar og ræddar í starfshópum, sjá fundargerð bls. 77. Menntamálaráðherra fól síðan nefndinni að endurskoða tillögurnar með hliðsjón af því sem fram kom á ráðstefnunni og hefur nefndin nú lokið þeirri endurskoðun. Auk þess hafa ýmsum þáttum verði gerð fyllri skil og nýjum bætt við.

Tillögur nefndarinnar fjalla um heildarskipulag náms á framhaldsskólastigi og eru því gerðar án tillits til einstakra stofnana. Nefndin lagði fyrst og fremst áherslu á að afla almennra upplýsinga um nám og námsbrautir en umfjöllun um málefni stofnana kemur aðallega til á síðara stigi þegar afstaða hefur verið tekin til þeirra skipulagstillagna sem hér liggja fyrir.

Myndum af einstökum námssviðum og námsbrautum er ætlað að sýna hugsanlegt námsframboð, skipulag brauta og tengsl þeirra, sbr. bls. 13 og 14 og kaflann um námssvið og námsbrautir bls. 31.

Þess ber að geta að tillögur um einstakar námsbrautir getur þurft að endurskoða þegar fram hefur farið gaumgæfileg athugun á markmiðum og inntaki námsins.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga eru byggðar á þeim meginforsendum að sama regla gildi um allt nám á framhaldsskólastigi og að sveitarfélögin eigi ábyrga aðild að rekstri framhaldsskóla.

Fleiri kostir koma þó til greina í þessu efni, en þeir sem fram koma í tillögunum, sem eðlilegt er að athuga áður en lokaákvörðun er tekin.

Það er von nefndarinnar að þær tillögur sem hér liggja fyrir geti stuðlað að bættu skipulagi framhaldsmenntunar í landinu.

MEGINTILLÖGUR

Nefndin leggur til að komið verði á samræmdum framhaldsskóla sem felur m. a. í sér eftirfarandi:

1. Öllum sem lokið hafa grunnskólanámi skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi. Leitast skal við að hafa góða menntunaraðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.
2. Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein samræmd heild, en er hér greindur í 8 meginnámssvið til hagræðingar, sem hvert um sig greinist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miðar að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár eftir því að hvaða marki er stefnt. Þótt gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar sem hann hefur áður aflað sér.
   Markaðar skulu leiðir til framhaldsnáms af öllum brautum.
3. Nám í framhaldsskóla skal skipulagt í námsáföngum og hver áfangi metinn til eininga sem miðast við eina kennslustund á viku í eitt skólaár, eða tvær á einni önn. Með námseiningu er átt við það magn námsefnis sem telst hæfilegt fyrir meðalnemanda á fyrirgreindum tíma. Er þá einnig meðtalin nauðsynleg heimavinna og gildir þetta bæði um verklegt og bóklegt nám. Sömu námseiningu má kenna á mislöngum tíma allt eftir getu og hæfileikum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Hver námsáfangi skal hafa fullt gildi þótt nemandi flytjist milli námsbrauta, ef námsáfanginn heyrir til þeirri námsbraut sem skipt er yfir á. Í þessu tilliti geta tveir eða fleiri áfangar verið jafngildir enda þótt innihald þeirra sé ekki nákvæmlega það sama.
4. Gefnar skulu út námsskrár og skulu þær marka meginstefnu í námi og hjálfun nemenda hvort heldur námið fer fram í skóla eða á vinnustað. Við gerð nám-

skrár skal taka mið af nauðsynlegri þekkingu, þjálfun í starfi og/eða undirbúningi til áframhaldandi náms svo og mismunandi námshæfni nemenda. Leitast skal við að tryggja samræmingu náms í sömu námsgrein á mismunandi námsbrautum eftir því sem unnt er en jafnframt nauðsynlega sérhæfingu eftir námsmarkmiðum.

5. Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námssvið eða brautir í einni skólastofnun. Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið. Nýtt verði sem best það skólahúsnæði sem nú er fyrir hendi í landinu.
6. Námstaður er hver sú stofnun sem sett hefur verið á fót til að annast ákveðna námsþætti innan heildarskipulagsins eða hefur hlotið opinbera viðurkenningu til þess. Auk skóla geta **skólaverkstæði** og **fyrirtæki** eða **stofnanir** verið námstaðir.
   Skólinn skal vera þungamiðja hverrar námsbrautar og annast fræðilegan undirbúning og menntun, faglega og almenna. Ennfremur skal skólinn hafa umsjón með þeim þáttum námsins sem fara fram utan hans. **Skólaverkstæði** annast verklega undirbúningsmenntun og þjálfun. **Fyrirtæki** eða **stofnun** annast þá verklega þætti námsins sem nátengdastir eru því starfi sem menntunin miðast við og verða ekki aðskildir frá því.
7. Miðað er við, sem meginreglu, að sveitarfélög verði aðilar að öllu skólahaldi á framhaldsskólastigi bæði að því er varðar stjórnun og fjármögnun, og jafnframt að sama regla gildi um skiptingu kostnaðar, hver sem námsbrautin er.
8. Sett verði heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla og reglugerðir um einstakar námsbrautir og stofnanir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.

ÁSTAND OG ÞRÓUN

Skólar þeir sem nú starfa á framhaldsskólastiginu hafa verið stofnaðir til að veita almenna bóklega menntun og til að sinna ákveðnum þörfum atvinnulífsins. Markmið skólanna voru upphaflega skilgreind með hliðsjón af þessum þörfum og í samræmi við aðstæður á þeim tíma. Sérstök lög hafa verið sett fyrir hvern skóla eða tegund skóla þar sem kveðið er á um inntökuskilyrði, námsgreinar, próf, réttindi að námi loknu og stjórn skólans. Hins vegar hafa hvorki lög né reglugerðir um skólana tryggt að starfsemi þeirra þróaðist í samræmi við breytingar á þjóðfélagsháttum. Skipulagning skólastarfsins í heild hefur eðlilega verið nær eingöngu í höndum starfsliðs skólanna og val námsefnis og annarra viðfangsefna í flestum tilvikum í höndum einstakra kennara sem fóru þá eftir eigin viðhorfum og reynslu.

Að jafnaði hafa námskrár ekki verið gefnar út og nýir kennarar hafa því haft við lítið að styðjast annað en kennsluefni, bækur og önnur gögn, frá fyrirrennurum sínum og í sumum tilvikum hafa þeir skipulagt nám og kennslu á nýjan leik í samræmi við eigin skoðanir einvörðungu. Samvinna milli skóla er lítil eða nánast engin nema helst þeirra sem starfa skv. sömu lögum, t. d. menntaskólanna, og jafnvel innan sömu stofnunar er takmörkuð samvinna milli kennara.

Þetta fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst, hefur m. a. leitt til þess að námsbrautir hafa verið einangraðar í þeim skilningi, að nemendur hafa ekki átt greiða leið til áframhaldandi náms og flutningur milli námsbrauta hefur verið ýmsum annmörkum háður. Þá hafa starfshættir skólanna vart fylgt þeirri þróun sem orðið hefur á ýmsum sviðum þjóðlífsins og þeir svara ekki eins vel nú og áður þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Breytingar á búsetu í landinu og breyttir atvinnuhættir valda því að forsendur fyrir staðsetningu skóla og ákvörðun um verkefni þeirra eru nú aðrar en áður. Auk þess eru sífellt að koma fram kröfur um menntun og þjálfun fólks í nýjum starfsgreinum jafnframt því sem aðrar hverfa. Þannig hníga rök að því, að ýmsar núverandi skólastofnanir verði betur nýttar til annarra hluta en nú er, og má í því sambandi benda á að þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir framhaldsnámi er mjög lítil aðsókn að sumum framhaldsskólanna, t. d. húsmæðraskólunum.

Yfirleitt hefur verið gert ráð fyrir, að skóli hefði aðeins eina námsbraut innan sinna vébanda og stofnun þeirra við það miðuð. Þó er að verða breyting á þessu með tilkomu fjölbrautaskólanna. Vegna fámennis og strjálbýlis hérlendis eru fáir nemendur á hverri námsbraut og er ljóst, að rekstur skóla hlýtur oft að verða óhagkvæmur frá fjárhagslegu sjónarmiði og því mikilvægt að leita hagkvæmra leiða í þessu efni.

Ákvæði um námsmat og skilyrði til flutnings milli námsáfanga, þ. á m. milli anna og ára, þykir eðlilegra að hafa í reglugerð en lögum. Benda má á, að aðferðir við námsmat, vitnisburðir eða einkunnir og túlkun þeirra eru mjög til umræðu og athugunar um þessar mundir í mörgum löndum og ekki er ljóst hvaða stefnu þessi mál muni taka á næstunni. Afdráttarlaus lagaákvæði um þetta efni geta hæglega orðið til þess að hamla eðlilegu skólastarfi.

Um 11. gr.

Árlegur starfstími verður væntanlega nokkuð misjafn eftir námsbrautum, og sama gegnir um kennslumagn. Um þessi atriði þarf að setja skýr ákvæði, a. m. k. um efri og neðri mörk og virðist eðlilegt að það sé gert í reglugerð.

Um 12. gr.

Í greininni er bent á þrjá mismunandi kosti um tengsl námsbrauta og skólastofnana og gert ráð fyrir að tilhögun ráðist með hliðsjón af aðstæðum. Þó er ætlast til að reynt sé að hafa fleiri brautir en eina í sömu stofnun, þar sem því verður með eðlilegu móti við komið. Er þá einkum haft í huga að raunverulegir valkostir nemenda verði fleiri en ella, en einnig félagslegur ávinningur að samskiptum við nemendur af öðrum brautum, svo og betri skilyrði til hagræðingar í kennslu.

Lokaákvæði greinarinnar er mikilvægt stefnuatriði, þ. e. að í öllum landshlutum verði gefinn kostur á eins fjölbreytilegu námsframboði og unnt er, sbr. og 8. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í því felst, að hagræðingarsjónarmið verði ekki látin einráð við ákvörðun um staðsetningu einstakra námsbrauta, heldur tekið sanngjarnt tillit til möguleika nemenda á að stunda það nám, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þurfa að sækja til fjarlægra landshluta.

Um 13. og 14. gr.

Hér er ákvörðunarvald um staðsetningu skólastofnana á framhaldsskólastigi og verksvið þeirra falið menntamálaráðuneytinu í samráði við fræðsluráð. Kemur hér fram sú stefna, sem áréttuð er frekar í síðari greinum frumvarpsins, að ætla fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum veigamikla ábyrgð á og afskipti af málefnum framhaldsskólanna. Er það atriði nánar rætt síðar, sbr. einkum athugasemdir við 17. gr.

Ákvæði 13. greinar ber að skoða í samhengi við næstu grein (14. gr.), um gerð áætlana um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi. Kemur þá enn skýrar fram, að ætlast er til aðildar heimaaðila að ákvörðun um skipan þessara mála, jafnframt því að Alþingi verði tryggð nauðsynleg yfirsýn í sambandi við undirbúning fjárveitinga.

Um 15. gr.

Eins og vikið er að í almennri greinargerð hér að framan (bls. 20) er eðlilegt að gera ráð fyrir, að verklegu námi geti verið fyrir komið með ýmsu móti, bæði innan vébanda viðkomandi framhaldsskóla og í tengslum við eða á vegum atvinnufyrirtækja og stofnana. Í þessari grein felst heimild til að nýta síðari kostinn, enda sé með samningi um það efni tryggt eðlilegt samstarf við hlutaðeigandi skóla. Undir þetta ákvæði gæti m. a. fallið námssamningur við iðnmeistara, en jafnframt er því ætlað að verða grundvöllur samstarfs skóla og atvinnulífs á ýmsum sviðum starfsmenntunar þar sem slíku skipulögðu samstarfi er nú tæpast til að dreifa.

Um 16. gr.

Í 1. málsgr. felst, að yfirstjórn opinberra skólastofnana á framhaldsskólastigi verði að meginreglu í höndum menntamálaráðuneytisins. Undir það ráðuneyti fellur nú þegar langmestur hluti skólakerfisins, en nokkrir sérskólar eru þó á vegum annarra ráðuneyta. Einkum er hér um að ræða nokkrar námsbrautir sem starfræktar eru í tengslum við heilbrigðisstofnanir (sjúkraliðaskóla, þroskaþjálfaskóla, lyfjatæknaskóla, röntgentæknaskóla, ljósmæðraskóla), svo og búnaðarskóla (bændaskóla og garðyrkjuskóla), auk þess sem fáeinir starfsmenntunarskólar eru reknir af ríkisstofnunum (loftskeytaskóli, póst- og símaskólinn). Eðlilegt virðist að allar námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla séu undir yfirumsjón sama ráðuneytis, nema veigamiklar sérástæður mæli með undantekningu. Nefndin telur slíkar ástæður helst koma til álita í sambandi við bændaskólana sem starfa á Hólum og Hvanneyri, svo og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Þeir eru reknir í nánum tengslum við umfangsmikil bú, sem gegna veigamiklu hlutverki á sviði tilrauna í þágu landbúnaðarins. Er ekki óeðlilegt að telja að sá þáttur sé það þungur á metunum að viðkomandi skólastofnanir eigi fremur heima á verksviði landbúnaðarráðuneytisins en menntamálaráðuneytisins. Hins vegar verður að gera ráð fyrir, að búfræðinámsbrautir verði stofnaðar í tengslum við ýmsa framhaldsskóla landsins, og ættu þær þá að vera undir umsjón menntamálaráðuneytisins. Þá er og mikilvægt, að námið við bændaskólana verði þannig skipulagt, að það geti með eðlilegum hætti fallið inn í hið samræmda framhaldsskólakerfi.

Hinn samræmdi framhaldsskóli mun spanna námsbrautir sem varða flest svið þjóðlífsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að til sé ákveðinn vettvangur fyrir samráð um stefnumörkun í málefnum framhaldsskóla og um samræmda framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið. Þessu hlutverki er **framhaldsskólaráði**, sem um ræðir í 2. málsgr., ætlað að gegna í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Gert er ráð fyrir að í framhaldsskólaráði verði fulltrúar aðliggjandi skólastiga, einstakra námssviða framhaldsskólans sjálfs og aðila atvinnulífsins, Kvenfélagasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk fulltrúa ráðuneytisins. Miðað við að námsviðin verði 8 að tölu, yrði ráðið með þessum hætti skipað 20 mönnum, þar af 7 fulltrúum heildarsamtaka í atvinnulífi. Þessu fjölmenna ráði er ekki ætlað að sinna stjórnsýsluverkefnum, heldur að fjalla um meginatriði í stefnu og framkvæmd. Má ætla að hæfilegt þætti að ráðið kæmi saman í þessu skyni einu sinni til tvisvar á ári. Þess hefur orðið vart, að menn væru uggandi um að samkunda af þessu tæi yrði naumast fallin til raunverulegra áhrifa, en nefndin telur að ráðið ætti að geta orðið harla gagnlegur samráðsvettvangur og raunar hæpið að með góðu móti verði án verið einhverrar slíkrar ráðgjafarstofnunar sem hafi yfirsýn um málefni framhaldsskólastigsins í heild.

Í 3. málsgr. greinarinnar er fjallað um **námssviðsnefndir**, skipan þeirra og hlutverk. Með þeirri tilhögun á skipan nefndanna, sem gert er ráð fyrir, er stefnt að því annars vegar að allar námsbrautir innan hvers námssviðs eigi trausta aðild að viðkomandi námssviðsnefnd, en hins vegar að margmenni verði ekki til að draga úr starfhæfni nefndanna. Er reynt að ná þessu markmiði með því að gera ráð fyrir breytilegri samsetningu námssviðsnefndar eftir því um hvaða námsbrautir er fjallað

hverju sinni, en fastafulltrúar eiga að tryggja samræmi í málsmeðferð og nauðsynlega yfirsýn. Ljóst er, að á fjölbreyttustu námssviðum verður mikill fjöldi manna kvaddur til starfa í námssviðsnefnd með þessu móti, en hvorki verður það talið óæskilegt út af fyrir sig né er þar um að ræða algera nýjung. Má t. d. minna á fræðslunefndir iðngreina sem gert er ráð fyrir í núgildandi iðnfræðslulögum.

Hlutverk námssviðsnefnda verður fyrst og fremst tengt inntaki náms og námstilhögun. Er þá gert ráð fyrir, að fyrir liggi námskrá fyrir viðkomandi námsbrautir, þannig að í hlut nefndanna komi að fylgjast með framkvæmd og eiga frumkvæði að eða fjalla um breytingar og nýmæli og stuðla með öðrum hætti að þróun náms hver á sínu sviði. Nefndunum er lögð sú skylda á herðar að leita náins samstarfs við aðila atvinnulífs á þeim starfssviðum sem námið varðar, og við val á fulltrúum starfsnámsbrauta skal höfð hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi starfssviði. Ekki þótti tiltækilegt að kveða á um, að slíkir fulltrúar skyldu skipaðir samkvæmt formlegri tilnefningu ákveðinna hagsmunasamtaka vinnumarkaðarins, m. a. vegna þess að mjög erfitt mundi reynast í mörgum tilvikum að ákvarða hvaða aðilar ættu að fara með slíkt umboð.

Þótt ekki sé vikið að því í sjálfu frumvarpinu er í þessu sambandi rétt að leggja áherslu á, að yfirumsjón málefna hins samræmda framhaldsskóla verður veigamikið verkefni sem krefjast mun eflingar og hugsanlega endurskipulagningar þeirra eininga menntamálaráðuneytisins sem að því vinna.

Um 17. gr.

Það er eindregin skoðun nefndarinnar, sem frumvarpið samdi, að æskilegt sé og eðlilegt að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur sveitarfélaga eða samstarfseininga þeirra að meira marki en nú á sér stað. Þegar frá eru taldir iðnskólar og framhaldsnám við gagnfræðaskóla hafa langflestir framhaldsskólar til skamms tíma verið alfarið á vegum ríkisins, bæði að því er varðar kostnað og stjórnun. Markverð breyting á þessu er að verða með stofnun fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má telja þá þróun eðlilega, þar sem ljóst er, að úrkostir um nám að lokinni skólaskyldu og framkvæmd þeirra mála er nú á tímum atriði sem hverja byggð skiptir miklu, jafnvel engu minna en tilhögun skyldunáms. Meðan framkvæmd öll er á vegum ríkisins er hætt við að áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum mikilvægu málum og tækifæri til eðlilegra áhrifa á skipan þeirra verði minni en skyldi. Hins vegar er skólahaldi á framhaldsskólastigi að jafnaði þannig farið, að víðast má gera ráð fyrir, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að skólastofnun. Virðist ekki óeðlilegt að leggja fræðsluumdæmin átta til grundvallar, þegar ákveða skal svæðaskiptingu að því er varðar stjórn framhaldsskólamála.

Þau sjónarmið sem nú voru rakin liggja að baki ákvæðum þessarar greinar um hlut fræðsluráða, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa að málefnum framhaldsskóla, hliðstæðan því hlutverki sem þessum aðilum er ætlað á sviði grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum. Gera má ráð fyrir, að slík aukning á verksviði hafi í för með sér þörf á eflingu fræðsluskrifstofa, en ekki virðist sjálfsögð ástæða til að breyta ákvæðum um skipan fræðsluráða af þessu tilefni.

Í lokamálsgrein greinarinnar er fjallað um frávik frá þeirri meginreglu, að fræðsluumdæmi og framhaldsskólasvæði fari saman. Í þeim kafla almennrar greinagerðar, sem fjallar um skólaskipan (bls. 65 og áfram) kemur fram, að nefndin sem frumvarpið samdi hefur gert ráð fyrir slíkum frávikum í tveimur landshlutum; annars vegar á mörkum Vestfjarðaumdæmis, Vesturlandsumdæmis og Norðurlandsumdæmis vestra, en hins vegar á mörkum Reykjanesumdæmis og Reykjavíkur. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um aðild viðkomandi sveitarfélaga að stjórnsýslu varðandi málefni framhaldsskóla.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sniðin með hliðsjón af þeirri tilhögun sem á hefur komist í þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt lögum nr. 14/1973, um

heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Fyrri málsgreinin á t. d. við um Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík, en hin síðari um Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla.

Um 19. gr.

Ákvæði tveggja fyrstu málsgreinanna um skólastjóra og skólastjórn eru að efni til í samræmi við þá skipan sem í gildi er t. d. í menntaskólum. Í síðustu málsgreininni er fjallað um tilvik, þar sem nám á framhaldsskólastigi er í skjóli grunnskóla að því marki, að ekki er ástæða til að stofna til sérstakrar stjórnunareiningar.

Um 20. gr.

Ákvæðin um nemendaráð eru að mestu sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

Um 21. gr.

Greinin kveður á um að gert skuli ráð fyrir almennum kennarafundum innan framhaldsskóla, en um verksvið þeirra skal mæla í reglugerð. Það tíðkaðist nokkuð áður, að í lögum um framhaldsskólastofnanir væri gert ráð fyrir að allir fastir kennarar skólans, ásamt skólastjóra, skipuðu skólastjórn. Á síðari árum hefur fremur verið horfið að þeirri tilhögun skólastjórnar að bæði kennarar og nemendur ættu þar kjörna fulltrúa (sbr. t. d. lög nr. 12/1970, um menntaskóla). Eftir sem áður eiga almennir kennarafundir nauðsynlegu hlutverki að gegna, m. a. sem vettvangur til að fjalla um nýmæli í kennslu- og námsháttum.

Um 22. gr.

Í þessari grein eru talin meginverkefni sem rækja þarf í framhaldsskólum og miða ber við í ráðningu starfsliðs. Það verður hins vegar mjög mismunandi eftir nemendafjölda skóla, námssviðum og fjölda námsbrauta, hve mikinn mannafla þarf til að vel sé fyrir öllum nauðsynlegum starfsþáttum séð. Er gert ráð fyrir, að reglur um skipan starfa séu settar í reglugerð(um) með tilliti til mismunandi aðstæðna.

Þótt fjöldi starfsmanna og verkaskipting verði mismunandi eftir skólastofnunum, koma flestallir þeir starfsþættir, sem í frumvarpsgreininni eru taldir, við sögu í hverjum framhaldsskóla, nema hvað störf við mötuneyti og heimavistir verða bundin þeim skólum þar sem slík aðstaða er. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í samræmdum framhaldsskóla, sbr. almenna greinargerð hér að framan (bls. 18).

Um 23. gr.

Upphafsákvæði greinarinnar er miðað við, að lög verði sett um kröfur sem fullnægja þarf til að verða settur eða skipaður kennari, en frumvarp um það efni hefur verið samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Er þar m. a. að finna ákvæði um menntunarkröfur til kennara framhaldsskóla. Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi kveða á um slíkar kröfur til annarra starfsmanna, svo sem þeirra er annast ýmiss konar ráðgjafarstörf.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mælt fyrir um, að í reglugerð verði sett ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Er þá haft í huga að framhaldsskólakennurum verði tryggð hliðstæð aðstaða á þessu sviði og kennurum grunnskóla, og gert ráð fyrir að slík ákvæði taki einnig til annarra starfsmanna er vinna að uppeldislegum verkefnum við framhaldsskóla.

Um 24. gr.

Í grein þessari er kveðið á um meginatriði í skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Er þar gert ráð fyrir sem meginreglu, að ríkissjóður greiði allan kennslu- og stjórnunarkostnað en annar rekstrarkostnaður greiðist að hálfu úr ríkissjóði og

að hálfu af sveitarfélögum. Stofnkostnaður og viðhaldskostnaður greiðist u. þ. b. að 70/100 af ríkissjóði, nema heimavistir u. þ. b. að 85/100.

Í stafliðum a, b og c er fjallað um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Auk ákvæða um skiptingu kostnaðar er þar ákveðið að sett verði í reglugerð ákvæði um hámarksframlög ríkissjóðs, svo sem til kennslu, stjórnunarstarfa og þjónustustarfa.

Tilgangurinn er sá að setja með þessu ramma sem ætti að stuðla að hagkvæmu skipulagi. Einnig er gert ráð fyrir því í staflið c, að þegar framhaldsnám er rekið í tengslum við grunnskóla miðist rekstrarþátttaka ríkissjóðs, auk launahlutdeildar skv. liðum a og b, við fast framlag. Er það gert til einföldunar á uppgjöri á þessum kostnaði. Miðað er við að rekstur heimavista verði með þeim hætti, að ríki og sveitarfélög greiði stofnkostnað, viðhald og rekstur húsanna, en eins og hingað til greiði nemendur mötuneytiskostnað, þ. e. efni og vinnu við matargerð. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði breytt þeirri reglu að nemendur greiði bækur og það efni sem þeir nota í námi sínu.

Að því er tekur til stofnkostnaðar er gert ráð fyrir ámóta fyrirkomulagi og nú er í gildi varðandi grunnskóla, þ. e. að framlag ríkissjóðs verði ákveðin föst krónutala pr. m^2, sem greiðist óháð raunverulegum byggingarkostnaði. Framlag ríkissjóðs pr. m^2 að því er varðar kennsluhúsnæði er u. þ. b. 70% af grunntölu (hluta ríkis og sveitarfélags) þeirri sem gildir fyrir grunnskóla, en sú tala er nokkuð breytileg eftir því hvar byggt er. Fyrir heimavistir er þetta hlutfall u. þ. b. 85%, sem er hið sama og nú gildir skv. lögum um skólakostnað nr. 49/1967 um heimavistir fyrir nemendur ofan skyldunáms. Gert er ráð fyrir að kaup á búnaði og lóðargerð greiðist í sömu hlutföllum og byggingarkostnaður.

Um 25. gr.

Í þessari grein er ákveðið að miða skuli aðild sveitarfélaga að stofnun og rekstri framhaldsskóla við fræðsluumdæmi, sbr. þó frávik skv. 26. grein, og að öllum sveitarfélögum í umdæminu beri að taka þátt í skólarekstrinum. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um það hvernig kostnaði skuli skipt á milli sveitarfélaganna, og taki þær reglur mið af íbúafjölda þeirra, fjarlægð frá skólastað og þeirrar sérstöku aðstöðu, sem það sveitarfélag nýtur sem hefur skólann innan sinna vébanda. Auk hagkvæmari skólaþjónustu við íbúa á staðnum er þar einnig um að ræða, að í hlut þess sveitarfélags koma að jafnaði útsvarstekjur af launum starfsfólks við skólann sem greidd eru að mestu úr ríkissjóði, svo og tekjur af auknum umsvifum og þjónustu sem af skólahaldinu leiðir.

Um 26. gr.

Í þesari grein felast frávik frá þeirri meginreglu að fræðsluumdæmi sé sú rekstrarheild sem að framhaldsskóla stendur, sbr. athugasemd við 25. gr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að einstök sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, geti myndað sjálfstæða rekstrarheild ef þau uppfylla það skilyrði að stærðar vegna sé þar hægt að halda uppi framhaldsnámi í svo verulegum mæli, að tiltölulega lítill hluti nemenda þurfi að sækja út fyrir mörk þeirra. Einnig er gengið út frá því, að ekki sé um að ræða verulegt aðstreymi nemenda annars staðar úr fræðsluumdæminu, þannig að ekki komi til hindranir við skipulagningu skólahaldsins þar. Þetta frávik kemur til álita fyrir kaupstaði eins og Hafnarfjörð, (þá ásamt Garðabæ og Bessastaðahreppi), Kópavog og e. t. v. fleiri. Hins vegar er gert ráð fyrir fráviki, sem felst í því, að eitt eða fleiri sveitarfélög í einu umdæmi geti gerst aðilar að framhaldsskólum í öðru umdæmi með samkomulagi þar um. Er þá haft í huga að mörk fræðsluumdæma eru ekki alltaf hagkvæm með tilliti til samgangna og skólasóknar. Á það t. d. við um A-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós.

Um 27. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að í undantekningartilvikum og háð ákveðnum skilyrðum sé vikið frá ákvæðum um þátttöku sveitarfélaga í framhaldsskólakostnaði.

Þar sem hér er um að ræða frávik frá grundvallarreglu þykir rétt að heimild til slíkrar ákvörðunar sé hverju sinni háð samþykki Alþingis. Ekki er sýnt að til þessa ákvæðis þurfi að grípa, en þó er það hugsanlegt.

Um 28. gr.

Þess er víða getið í einstökum greinum frumvarpsins, að ætlast sé til að málum verði skipað nánar í reglugerð. Raunar er það augljós stefna frumvarpsins, að því er ætlað að vera undirstaða rammalöggjafar um framhaldsskólastigið, en af því leiðir, að sitthvað sem nú er kveðið á um í lögum um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir verður ekki fellt inn í slíka heildarlöggjöf. Nefndin sem frumvarpið samdi telur þó hvorki nauðsynlegt né æskilegt að í framhaldi af setningu rammalaga verði sett endurskoðuð lög um einstök námssvið eða námsbrautir. Hætt er við, að slík lagasetning mundi fremur stefna í tvísýnu en stuðla að þeirri samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem er eitt meginatriði þessa frumvarps. Til þess er ætlast, að með ákvæðum frumvarpsins sé mörkuð nægilega skýrt sú stefna sem fylgja beri um mótun og starfsemi námsbrauta framhaldsskóla til þess að framkvæmdaratriðum megi skipa nánar með reglugerðum. Svo sem fram kemur í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að reglugerðir á grundvelli laganna geti ýmist tekið til ákveðinna efnisþátta er varða framhaldsskólastigið í heild eða fjallað um einstök námssvið eða námsbrautir. Dæmi um hugsanlegar reglugerðir af síðara tæinu væri reglugerð um hjúkrunarnám, reglugerð um vélstjóranám o. s. frv.

Um 29. gr.

Ljóst er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar náms á framhaldsskólastigi sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst umfangsmikils undirbúnings sem taka mun talsverðan tíma. Nokkur helstu verkefni sem vinna þarf eru talin í inngangskafla hinnar almennu greinargerðar hér að framan (bls. 22). Með hliðsjón af þessu er lagt til, að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1980. Þykir það æskilegri háttur en að láta þau öðlast gildi þegar við setningu en koma til framkvæmda smám saman. Ef síðari aðferðin yrði valin er hætt við að meiri óvissa yrði um hvaða ákvæði ættu að teljast í gildi á hverjum tíma, þ. e. hvenær fyrirmæli hinna nýju laga teldust hafa leyst ákvæði fyrri löggjafar af hólmi. Með ákvæðum frumvarpsgreinarinnar er ætlast til, að við formlega gildistöku laganna eigi þau jafnframt að geta komið til fullrar framkvæmdar. Hins vegar verður að vera unnt að hefjast þegar í stað handa um aðgerðir er miði að því að koma á hinni nýju samræmdu skipan. Er því gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái umboð til að heimila einstökum skólum frávik frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, ef um er að ræða ráðstafanir sem samrýmast meginstefnu hinnar nýju löggjafar.

Í frumvarpsgreininni eru talin lög sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi við gildistöku hinna nýju laga. Er þar um að ræða flest lög sem nú eru í gildi um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Undantekning eru lög um bændaskóla, nr. 55/1963, og lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, sbr. athugasemd við 16. gr. Orkað getur tvímælis hvort ástæða sé til að fella úr gildi lög um Leiklistarskóla Íslands með hliðsjón af því að verksvið hans sé án beinna skipulagstengsla við nám á framhaldsskólastigi eins og nú háttar. Á hinn bóginn kann það jafnframt að vera röksemd fyrir því að taka ákvæðin um skólann til endurskoðunar í þessu samhengi. Þótt laga nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, sé ekki getið í upptalningunni, er ljóst að endurskoðun á þeim yrði að óbreyttu nauðsynleg í framhaldi af setningu laga um samræmdan framhaldsskóla, en endurskoðun laganna um Tækniskólann fer nú fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögunum sjálfum. Þá er og rétt að vekja athygli á, að áður en ný heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið tekur gildi þarf að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum, þar sem ákvæði um atvinnuréttindi eru bundin námi samkvæmt núverandi skipan, sbr. t. d. lög nr. 69/1973,

um atvinnuréttindi skipsstjórnarmanna á íslenskum skipum. Loks er og eðlilegt að gera ráð fyrir því, að við afnám núgildandi laga um iðnfræðslu verði séð til þess að áfram verði í lögum ákvæði um réttindi og skyldur aðila að námssamningum iðnnema.

LÝSING NÁMSSVIÐA OG NÁMSBRAUTA

Í þessum kafla er greint frá því hvernig nefndin telur, að samræmdur framhaldsskóli geti greinst í námssvið og námsbrautir. Gerðar hafa verið skýringarmyndir (skipurit) um samræmdan framhaldsskóla, er sýna átta námssvið og nokkrar námsbrautir á hverju þeirra. Er þeim ætlað að auðvelda yfirsýn yfir það, hvernig nefndin telur að skipulag námsbrauta geti orðið. Jafnframt auðveldar það samanburð við það skólaskipulag sem í gildi er. Nefndin telur, að hinn samræmdi framhaldsskóli eigi að þróast frá því kerfi, sem við höfum, til hins nýja á þann hátt að núverandi skólar breyti smám saman starfi sínu og falli með þeim hætti inn í samræmda framhaldsskólann sbr. 13., 14. og 29. gr. í drögum að frumvarpi til laga um framhaldsskóla og greinargerð með þeim. Þetta tekur nokkurn tíma en ætti ekki að valda losi í skólastarfinu, ef rétt er að þessu staðið.

NÁMSSVIÐ

Yfirlitsmynd sú, sem ber yfirskriftina Samræmdur framhaldsskóli, bls. 32, sýnir í stórum dráttum skiptingu framhaldsskólans í námssvið og að nokkru hvernig þau greinast í námsbrautir. Myndin sýnir einnig hvernig tengsl geta verið á milli námsbrauta innan sama námssviðs og við nám á háskólastigi. Hins vegar sýnir myndin engan veginn hvernig námið á einstökum brautum er skipulagt, né hvernig það tengist námi á öðrum námsbrautum og námssviðum, sjá bls. 13. Það er ótvíræður kostur samræmds framhaldsskóla, að nám á einstökum námsbrautum og námssviðum er unnt að tengja saman á ýmsa vegu. Á yfirlitsmyndinni eru sýnd öll þau tákn, sem notuð eru í skýringarmyndunum.


Rétt er að benda á það að rétturinn, sem merktur er í skýringum verklegt og bóklegt nám og er hálfur svartur og hálfur hvítur, þarf ekki að tákna að bóknámi og verknámi sé skipt að jöfnu á námsárið, heldur að í náminu er umtalsverð verkkennsla. Þá ber heldur ekki að líta á reitinn, sem táknar verkþjálfun, alfarið sem eins árs tímabil eins og ferningarnir annars tákna.

Þá er einnig rétt að benda á, að skýringarmyndunum er alls ekki ætlað á nokkurn hátt að sýna tengsl við einstakar menntastofnanir. Þær hugmyndir sem hér eru settar fram eru óháðar því hvaða hlutverki einstökum menntastofnunum er ætlað að gegna á framhaldsskólastiginu eða hvaða ráðuneyti hefur farið með, eða færi með, yfirstjórn einstakra skóla eða námsbrauta.


Þar sem tvær skýringarmyndir eru af sömu tegund er annarri, þeirri sem er með lituðum reitum, ætlað að sýna helstu nýmæli í námi, sem í hugmyndunum felast eða nám sem hefur verið utan framhaldsskólanna til þessa.

Nefndin vill einnig vekja athygli á því, að á yfirlitsmyndinni skipa námssviðin misstórt rúm í myndinni. Það merkir ekki á nokkurn hátt vægi einstakra námssviða í framhaldsskólanum heldur hitt hvernig nefndinni þótti rétt að sýna í grófum dráttum hvernig hugsanleg námsgreining gæti orðið án þess þó að rýra heildarmarkmiðið, samræminguna. Við athugun myndanna á að vera unnt að sjá í megindráttum áætlaða námslengd og samgönguleiðir milli námsbrauta að nokkru marki, en í námskrá verður kveðið á um námsefni hverrar námsbrautar, sem er hinn raunverulegi grunnur sem allt nám verður að reisa á og af því markast að sjálfsögðu möguleikar hvers og eins til að flytjast milli námsbrauta og til að byggja upp nám sitt í framhaldsskólanum.

Samræmdur framhaldsskóli



Samræmdur framhaldsskóli



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

ALMENNT BÓKNÁMSSVIÐ

Almennt bóknámssvið er skipulagt sem 4ra ára nám. Nefndin leggur til að það greinist, eins og nú er í menntaskólum, í fimm meginbrautir sem eru: nýmála-, fornmála-, eðlisfræða-, náttúrufræða- og félagsfræðabraut, en fleiri námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla falla með eðlilegum hætti að þessu sviði, t. d. almenn uppeldisfræðabraut og viðskiptabraut, þótt þær séu ekki sýndar hér.

Námið er skipulagt í námsáföngum sem unnt er að velja saman á ýmsa vegu. Lokapróf af bóknámsbraut veitir rétt til háskólanáms, ef fullnægt er skilyrðum um námseiningafjölda og námsárangur. Sameiginlegur kjarni er þó með öllum bóknámsbrautum, auk hans hefur hver braut bundið samval greina. Til viðbótar geta nemendur valið námsgreinar að eigin vild að vissu marki. Þetta er hliðstætt því sem nú er í menntaskólum.


Hluti af kjarna bóknámssviðs er sameiginlegur kjarna annarra námssviða. Þó er gert ráð fyrir að einhver munur geti verið á einstökum námsáföngum og námseiningar mismunandi margar sem áskilið er að taka í námsgrein.

Af þessum sökum á að vera unnt að kenna saman nemendum af fleiri námssviðum, ef aðstæður í skóla gera það kleift, jafnframt því að nemendur af öðrum námssviðum ættu að geta valið sér námsáfanga af bóknámssviði ef þeir kjósa það, og gagnkvæmt.

Þótt bóknámsbrautir séu skipulagðar sem fjögurra ára námsbrautir, sbr. skýringarmynd á bls. 35, er gert ráð fyrir, að nemendur geti lokið námi fyrr, ef þeir hafa lokið þeim námsáföngum sem krafist er til inngöngu í aðra skóla eða ef nemandi óskar ekki eftir lengra námi. Með þessum hætti er komið til móts við mismunandi afkastagetu nemenda auk þess sem ætla má að tilteknir áfangar á bóknámssviði geti nýst í öðru námi. Á bóknámssviði er gert ráð fyrir hliðstæðu bóknámi og hingað til hefur farið fram í framhaldsdeildum og menntaskólum og öðrum þeim framhaldsskólum sem veitt hafa fræðslu í almennum bóknámsgreinum.

Almennt bóknámssvið

Dæmi um námsleiðir



BÚFRÆÐISVIÐ

Búfræðisvið tekur til búfræði- og garðyrkjunáms. Hér verður gerð grein fyrir fjórum meginnámsbrautum þessa sviðs, þ. e.:

búfræðibraut
búsýslubraut
garðyrkjubraut og
skrúðgarðyrkjubraut.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á námi á búfræðisviðinu, þótt byggt sé á þeim grunni sem lagður hefur verið í búnaðarskólum.

Helsta breytingin er sú, að gert er ráð fyrir að ný námsbraut verði stofnuð sem nefnd hefur verið búsýslubraut. Námsbrautin er hliðstæð iðnbrautum á tækni- og húsgtjórnarsviðum og í sumum tilvikum gæti orðið um samkennslu að ræða.

Þetta er tveggja ára námsbraut ætluð þeim sem búa sig undir ýmis störf í landbúnaði.

Náminu er skipt milli bóknáms og verknáms eða verklegar þjálfunar í ýmiss konar bústörfum utan húss og innan. Í bóklega náminu verði t. d. kennd íslenska, stærðfræði, eitt erlent tungumál og samfélagsfræði með áherslu á félags-, tryggingaog sveitarstjórnarmál.

Í verklega náminu verði t. d. kennd: búfjárhirðing, meðferð og hirðing véla og áhalda, logsuða, rafsuða, smíðar úr tré og málmi eftir því sem aðstæður leyfa og húsgtjórnargreinar fyrir þá sem þess æskja.

Þá telur nefndin að vel geti komið til álita fleiri greinar en hér hafa verið nefndar, svo sem skógrækt, fiskirækt, kjöt- og mjólkurmeðferð og sláturstörf.

Nefndin telur eðlilegt að um nokkurt valfrelsi geti orðið að ræða á þessari námsbraut, einkum þó í verklegum greinum.

Nefndin telur athugandi að koma upp búsýslubraut við héraðsskóla, einkum í héruðum þar sem búnaðarskólar eru ekki starfandi nú.

Annað búfræðinám er byggt ofan á eins árs grunnnám, sjá skýringarmynd bls. 37. Þetta fyrsta námsár á margt sameiginlegt með fyrsta árs námi annarra námssviða þótt gert sé ráð fyrir nokkru sérhæfðu námi í búfræðigreinum.

Sömu námseiningar ættu að vera að einhverju leyti á búsýslubraut og 1. námsári búfræðibrautar og því ætti að vera unnt að hafa einhverja samkennslu.

Á öðru námsári greinist námið, sjá skýringarmynd bls. 37, í búfræði- og garðyrkjubrautir. Það skiptist í bóklegt fagnám og verklega þjálfun í skóla og starfsreynslu á búi eða garðyrkjustöð. Gert er ráð fyrir að námslok að loknu 2. námsári svari til þess sem nú er við búfræðipróf frá bændaskólum. Auk þess sem búfræðipróf veitir rétt til áframhaldandi búfræðináms, veitir annað námsárið meiri og dýpri fræðilega þekkingu til bústjórnar en búsýslubrautin.

Þriðja námsárið er beint framhald 2. árs og er ætlað þeim sem búa sig undir meiri háttar búrekstur, verkstjórn í landbúnaðarfyrirtækjum og skrúðgarðyrkjustörf.

Fjórða námsárið er svo frekari almennur undirbúningur fyrir þá sem stefna að framhaldsnámi í búvísindum eða leita inn í annað nám sem gerir kröfur um aukna almenna menntun.


Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að eftir búfræðipróf, eins og það er nú, sé unnt að bæta við einu námsári í búfræði. Þetta telur nefndin æskilegt vegna þess, að nútíma búrekstur krefst víðtækrar og staðgóðrar þekkingar auk þess sem mörg landbúnaðarfyrirtæki, búnaðarsamtök og stofnanir þurfa á sérmenntuðu starfsliði að halda í þjónustu sinni.

Nefndin gerir ráð fyrir að garðyrkjunámið verði með sama hætti áfram og nú er, en það greinist í tvær brautir, þ. e. garðyrkju- og skrúðgarðyrkju. Kennsla á að geta verið sameiginleg að verulegum hluta á 2. ári á báðum brautum og að einhverju leyti á 3ja námsári, þótt stefnt sé að tvenns konar lokamarki.

Fyrsta námsár búfræðisviðs, svo og 2. námsár búsýslubrautar, ættu að geta farið fram á ýmsum stöðum á landinu, en núverandi bænda- og garðyrkjuskólar ættu að annast um 2. og 3. námsárið, sem er hliðstætt því námi sem nú fer fram í þessum skólum.


Búfræðisvið

Dæmi um námsleiðir



Búfræðisvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

HEILBRIGÐISSVIÐ

Námsbrautir fyrir þá, sem hyggja til starfa í heilbrigðisstéttum og nefndin telur að mennta eigi á framhaldsskólastigi, eru skipulagðar á heilbrigðissviði. Þar er einnig sett snyrtinám, en að mati nefndarinnar á nám og starf að snyrtingu margt sameiginlegt með námi heilbrigðisstétta.

Nefndin leggur til að nám fyrir heilbrigðisstéttir verði skipulagt sem samræmd heild, en eins og nú er farið námi þessara stétta skortir nokkuð á að svo sé. Þá leggur nefndin einnig til að stofnaðar verði nýjar brautir eins og fram kemur hér á eftir, þótt náminu sé ætlað að falla alfarið inn í áfangakerfi samræmda framhaldsskólans. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að skipulagt starfsnám og starfsþjálfun fari fram á heilbrigðisstofnunum eins og verið hefur. Skýringarmynd á bls. 41, sýnir hvernig heilbrigðissvið greinist í námsbrautir. Fyrsta námsárið er hugsað sem almennt bóknámsár og er gert ráð fyrir að allir taki það, en á eftir komi það sem nefndin kallar þrepanám, þ. e. að námslok geti verið eftir mismunandi langan námstíma, t. d. eftir tvö, fjögur, fimm eða sex ár í námi og ætti sá, er nám stundar á námsbrautinni, að vera fær um að taka að sér ákveðin störf eftir hvert þrep, en jafnframt að geta haldið áfram námi, ef hann kýs og tilskildum námsárangri er náð. Þannig á t. d. sjúkraliði að geta haldið áfram námi og lokið hærri prófgráðum síðar. Á þessu fyrsta námsári fer fram kynning á námi einstakra námsbrauta sviðsins og starfi viðkomandi heilbrigðisstétta, en valfrelsi í námi er takmarkað. Nefndin skipar 6 námsbrautum á sviðið sem eru:

1. Snyrtibraut.

Nefndin gerir tillögu um að tekin verði upp kennsla í snyrtigreinum. Er þá átt við andlits-, hand- og fótsnyrtingu, andlitsförðun, húðhreinsun og húðmeðferð o. fl. á þessu sviði. Lengd námsins, eins og sýnt er á skýringarmynd, er tvö ár.

Snyrtinám hefur ekki verið unnt að stunda hér á landi nema að takmörkuðu leyti til þessa. Ýmsir hafa stundað snyrtinám erlendis, en námstími þar er mismunandi langur.

Allstór hópur fólks er farinn að vinna á þessu starfssviði og því þótti nefndinni eðlilegt að leggja til sérstaka námsbraut sem búið gæti fólk undir starfið. Hins vegar liggja ekki fyrir nægjanlegar skilgreiningar á starfssviði þessara starfshópa, svo unnt sé að ákvarða námið endanlega strax.

2. Sjúkraliðabraut.

Nefndin gerir ráð fyrir að námstími fyrir sjúkraliða verði 2 ár, sem er hliðstæður tími og nú er, en gert er ráð fyrir að nám sjúkraliða sé samræmt námi á hjúkrunarfræðibraut á tveimur fyrstu árum hennar að verulegu leyti. Þó er gert ráð fyrir því, að verknám það, sem fram fer á síðara ári á heilbrigðisstofnunum, falli ekki nema að hluta til að námi hjúkrunarfræðibrautar. Til álita kæmi þó að hafa sjúkraliðanám sem fyrsta stig að hjúkrunarfræðinámi og samhæfa námið alfarið.

3. Hjúkrunarfræðibraut.

Hjúkrunarfræðibrautin er skipulögð sem 6 ára nám með námslokum eftir 4., 5. og 6. námsár, eftir því hvaða stig er tekið. Námsbrautin á sér hliðstæðu í námi sem hjúkrunarskólarnir annast nú, en inn í námsbrautina er fellt ljósmæðranám ásamt sérfræðinámi hjúkrunarfræðinga.

Nefndin gerir ráð fyrir að á 4. námsári greinist námið annars vegar í nám sem lýkur með hjúkrunarfræðiprófi, en þetta nám veitir undirbúning til almennra hjúkrunarstarfa, og hins vegar nám fyrir verðandi ljósmæður.

Nám í hjúkrunarfræði lengist frá því sem nú er í lögum um eitt ár, ljósmæðranám um tvö ár og bætt er við sérnámi, sem er eitt eða tvö ár, eftir því að hvaða marki er stefnt í sérnámi. Sérnám eða sérhæfing hjúkrunarfræðinga gerir nefndin ráð fyrir að geti orðið í ýmsum greinum hjúkrunar, svo sem í heilsugæslu, svæfingahjúkrun, geðhjúkrun, barnahjúkrun, ellihjúkrun og til starfa á hand- og lyflækningadeildum sjúkrahúsa.

Þá telur nefndin eðlilegt, að þeir sem lokið hafa fjögurra ára hjúkrunarfræðinámi geti hafið nám í hjúkrunarfræðum í háskóla og lokið BS-prófi væntanlega á 3 árum, sem er styttri tími en stúdentar þurfa nú í Háskóla Íslands, þar sem nám á hjúkrunarfræðibraut ætti að stytta námstíma í háskóla um eitt ár. Hið sama ætti einnig að geta átt sér stað um læknanám að þeir sem stundað hafa nám á heilbrigðissviði gætu stytt tíma til kandidatsprófs í læknisfræði.

4. Þjónustu- og ritarabraut.

Námsbraut þessari, sem er ný, er ætlað að gegna tvíþættu hlutverki. Annars vegar er hún ætluð þeim sem lokið hafa grunnnámi heilbrigðissviðs og búa sig undir ýmis aðstoðar-, afgreiðslu- og þjónustustörf sem unnin eru á heilbrigðisstofnunum eða í tengslum við þær, svo sem almennar upplýsingar, móttöku gesta, aðstoðarstörf á læknastofum, spjaldskrárvinnu, skýrslusöfnun, útfyllingu eyðublaða og ýmis önnur störf, sem æskilegt er að hafa nokkra sérþekkingu til að geta unnið. Nefndin gerir ráð fyrir að hluti námsins verði þjálfun sem fengin er í starfi. Þetta nám ætti einnig að henta vel fólki sem hefur unnið á heilbrigðisstofnunum og kýs að bæta við menntun sína.

Hins vegar er ritaranám ætlað þeim sem gerast læknaritarar og er það skipulagt sem fjögurra ára nám. Á tveimur fyrstu námsárunum er gert ráð fyrir almennu námi fyrst og fremst, svo sem í tungumálum, efnafræði, vélritun o. fl. almennum námsgreinum, en á síðari hluta námstímans er gert ráð fyrir að hluti námsins fari fram á heilbrigðisstofnunum sem verkleg þjálfun. Auðvelt ætti að vera að tengja kennslu á læknaritarabraut í almennum greinum við kennslu á öðrum námssviðum, s. s. á bóknáms- og viðskiptabrautum.

Hér á landi hefur þetta nám ekki verið til og þeir sem lagt hafa stund á þetta nám hafa orðið að sækja það til annarra landa.

5. Lyfjatæknabraut.

Lyfjatæknabraut er hér skipulögð sem 4ra ára nám og er það lenging um eitt ár frá því sem nú er, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að námið verði hliðstætt því sem verið hefur.


6. Röntgentæknabraut.

Röntgentæknabraut er hliðstæð lyfjatæknabrautinni og sams konar lenging á náminu, en breytingar á námsskipulagi eru ekki lagðar til. Hér er ekki um fjölmennar brautir að ræða og verulegur hluti námsins er verkleg þjálfun á stofnunum.

Lyfjatæknanám og röntgentæknanám hófst fyrir fáum árum hér á landi að tilhlutan heilbrigðisráðuneytisins. Þótt hér sé ekki um fjölmenna starfshópa að ræða þykir nefndinni eðlilegt að skipulagt sé nám beggja hópanna á heilbrigðissviði í nánum tengslum við annað nám þar.


Heilbrigðissvið

Dæmi um námsleiðir



Heilbrigðissvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

HÚSSTJÓRNARSVIÐ

Á hússtjórnarsviði hefur nefndin skipað námi, sem er á einn eða annan hátt tengt meðferð og vinnslu matvæla, framreiðslu, matreiðslu, brauð- og kökugerð, hússtjórn og hótelrekstri. Á skýringarmynd á bls. 45, eru sýndar sjö námsbrautir mislangar eða frá einu ári upp í fimm. Þær eru:

iðjubraut
brauðgerðarbraut
framreiðslubraut
matreiðslubraut
kjötiðnabraut
matráðsmannabraut
hússtjórnarbraut.

Gera má ráð fyrir að fljótlega þurfi að bæta við nýjum námsbrautum á sviðinu, t. d. í lagmetisiðnaði.

Að loknu grunnskólanámi er um tvær leiðir að velja til náms á hússtjórnarsviði, þ. e. að fara inn á iðjubraut eða fara inn í grunnnám hússtjórnarsviðs, sem er hugsað sem sameiginlegt undirstöðunám fyrir síðari sérhæfingu á einstökum brautum sviðsins. Á fyrsta námsári er gert ráð fyrir nokkuð stórum sameiginlegum kjarna sem að hluta til verði sami námskjarni og á öðrum námssviðum. Á öðru námsári má gera ráð fyrir að hluti náms flestra brauta falli saman.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir námsbrautum sviðsins.

1. Iðjubrautir.

Iðjubrautir eru nýjar, þ. e. þær eiga sér ekki hliðstæðu í skólakerfi okkar. Nefndin gerir ráð fyrir að námið verði að hluta til verklegt og fari fram á vinnustöðum, en bóknám verði veitt í önnum eða á námskeiðum í skóla. Þá er miðað við, að námskjarna hússtjórnarsviðs sé skipt á tvö ár, en námslok gætu þó orðið eftir eitt ár í sumum tilvikum, sé um mjög frábreytt störf að ræða. Nefndin telur að svona námsskipan henti vel starfsfólki í kjöt- og mjólkuriðnaði og einnig við annan matvælaiðnað eða meðferð og flutning á matvælum, þar sem áhersla er lögð á stutt en hagnýtt nám. Iðjubrautir hússtjórnarsviðs eru hliðstæðar iðjubrautum tæknisviðs, sjá kafla um tæknisvið bls. 50.

2. Brauðgerðarbraut.

Nefndin gerir ráð fyrir að komið verði upp námsbraut í brauð- og kökugerð. Námsbraut þessi ætti að taka til bakaraiðnaðar, svo og annars náms til undirbúnings störfum við brauð- og kökugerð, þótt það falli ekki undir löggiltar iðngreinar, því að ætla má að brauðgerðariðnaður fari vaxandi.

3. Framreiðslubraut.

Hún er ætluð framreiðslufólki á hótelum, veitingahúsum og veitingastöðum sem þarf á sérmenntun að halda. Nefndin gerir ekki tillögur um neina verulega breytingu á námi framreiðslufólks frá því sem nú er.

4. Kjötiðnabraut.

Nám í kjötiðnaði er ekki fjölbreytt eins og nú er. En nefndin telur að mikilvægt sé að til boða standi nám sem lýtur að meðferð kjöts og vinnslu þess, því að aukin fjölbreytni í kjötvinnslu hlýtur að ryðja sér til rúms hér á landi sem annarsstaðar. Þess vegna leggur nefndin til að stofnuð verði sérstök námsbraut í kjötiðnaði er taki bæði til náms í löggiltum iðngreinum og iðjustörfum.

5. Matreiðslubraut.

Þessi námsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut og er það eins árs stytting á námi matreiðslumanna frá því sem nú er. Þá gerir nefndin ráð fyrir að unnt sé að ljúka námi af brautinni eftir tvö ár, t. d. námi sjókokka og þeirra sem vinna í smærri mötuneytum.

Brauðgerðar-, framreiðslu-, kjötiðna- og matreiðslubrautir geta allar fallið að núverandi skipulagi iðnfræðslu að því leyti að meistarakerfið getur haldið sér, þótt einnig sé unnt að stunda allt námið í skóla. Nefndin gerir ráð fyrir að námi geti lokið með sveinsprófi og að meistararéttindi haldi sér þá, en þau sé aðeins unnt að fá með því að stunda nám í meistaraskóla. Um allar þrjár síðast töldu brautirnar gildir hið sama að þeir sem hafa lokið sveinsprófi geta farið í meistaranám eða tæknanám, sjá skýringarmynd bls. 45.

6. Matráðsmannabraut.

Matráðsmannabraut er ætluð fólki sem býr sig undir störf í mötuneytum skóla, vinnustaða og sjúkrahúsa. Nefndin telur að eðlileg námslok gætu verið að loknu öðru námsári, en þriðja árið væri ætlað þeim sem tækju að sér stærri og ábyrgðarmeiri verkefni. Að loknu matráðsmannanámi er unnt að fara í tæknanám sem einkum er ætlað þeim sem taka að sér stærri mötuneyti, hótel eða óska að sérhæfa sig á einhverju sviði, t. d. í sjúkrafæði, rekstri matsölustaða eða framleiðslustjórn í matvælaiðnaði.

7. Hússtjórnarbraut.


Hússtjórnarbraut er skipulögð sem 2ja eða 4ra ára námsbraut. Á tveggja ára námsbrautinni er gert ráð fyrir almennri fræðslu í hússtjórn og miðar að því að búa nemendur undir venjulegt heimilishald, en fjögurra ára námið miðar einkum að undirbúningi undir háskólanám, annaðhvort kennaranám eða annað háskólanám. Námið á 3. og 4. ári gæti fallið vel að námi á almennri bóknámsbraut og af þeim sökum ólíklegt að um kennslu á 3. og 4. ári verði að ræða sem sjálfstæða einingu þótt leiðin sé sýnd á myndinni á bls. 45 sem samfelld braut á þessu námssviði.

Nefndin telur æskilegt að efla eina menntastofnun sem gæti annast um meginhluta náms hússtjórnarsviðs, þar sem hinn sameiginlegi námskjarni sviðsins er stór, en kennslubúnað og húsnæði þarf að miða við sérhæft nám.

Nefndin telur eðlilegt, að Hótel- og veitingaskóli Íslands gegni þessu hlutverki, þótt einstakar brautir á hússtjórnarsviði eigi að sjálfsögðu að koma á ýmsum stöðum á landinu eftir því sem nemendafjöldi og aðstæður leyfa. En námið á að vera auðvelt að skipuleggja í námseiningum og samræma það námi á öðrum námssviðum.


Hússtjórnarsvið

Dæmi um námsleiðir



Hússtjórnarsvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

LISTASVIÐ.

Nefndin hefur skipað leiklistar-, myndlistar- og tónmenntarnámi saman á listasvið. Þótt námsbrautir þessar séu ólíkar að því er varðar námið sjálft, eiga þær þó það sameiginlegt að veita menntun til að flytja, túlka eða skapa listræn verk.

Nefndin gerir ráð fyrir sameiginlegum námskjarna fyrir allar námsbrautirnar á fyrsta námsárinu. Í hinum sameiginlega kjarna ætti t. d. að vera: íslenska, eitt erlent tungumál, menningarsaga og listasaga. Nefndin telur æskilegt að á fyrsta námsári á listasviði sé veitt alhliða kynning listrænna greina, svo að nemendur fái nokkra innsýn í listræna menningararfleifð íslendinga og annarra þjóða.

Allar námsbrautirnar eru skipulagðar sem 4ra ára brautir, sem greinast á öðru námsári, sjá skýringarmynd bls. 48. Þótt námsbrautirnar séu sýndar sem 4ra ára brautir, er nefndinni ljóst að námsafköst einstaklinga í listrænum greinum eru mismunandi mikil og ráðast af undirbúningi, listrænum hæfileikum og þjálfun nemenda.


Þess vegna má gera ráð fyrir mislöngum námstíma einstaklinga áður en skilgreindum námslokum er náð eða fenginn nægur undirbúningur til að geta hafið háskólanám.

Nefndin gerir ráð fyrir, að kennaranám í listgreinum verði samhæft annarri kennaramenntun.

Nefndin leggur áherslu á, að nemendur á öðrum námssviðum framhaldsskóla eigi kost á að velja listgreinar sem þátt í námi sínu til jafns við aðrar greinar.


Listasvið

Dæmi um námsleiðir



Listasvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

TÆKNISVIÐ.

Tæknisvið er umfangsmesta námssvið framhaldsskólans, enda eru kröfur um kunnáttu og sérhæfni í tæknigreinum orðnar miklar og margbreytilegar og verður að taka mið af því við skipulagningu námsins.

Tæknigreinum skipar nefndin saman í eina heild, þótt þær séu nokkuð sundurleitur flokkur, þegar fjarskyldustu greinar eru bornar saman. Námstími á tæknisviði er frá einu og upp í fjögur ár eða meira, þegar um tækna- og tæknifræðinám er að ræða eða starfsþjálfunartími er talinn með.

Nám á tæknisviði er unnt að velja eftir mismunandi leiðum sbr. skýringarmynd á bls. 53. Ein leiðin liggur um **iðjubrautir** þar sem saman er tengt bóknám í skóla og verknám á vinnustöðum. Bóknámskjarna tæknisviðs, sem gert er ráð fyrir á fyrsta námsári, er skipt á tvö ár á iðjubraut og geta nemendur sem lokið hafa námi á iðjubraut síðar farið inn á aðrar námsbrautir tæknisviðs sbr. skýringarmyndir á bls. 53 og 55.

Önnur leið inn á tæknisvið liggur í gegnum **verknámsskólaár.** Nefndin leggur til að á fyrsta námsári tæknisviðs geti nemendur valið verknám sem væri grunnám fyrir ýmsar iðnbrautir, vélstjórabraut og aðrar námsbrautir þar sem verknám er mikilvægur þáttur námsins.

Þriðja leiðin liggur í gegnum **bóknámsár,** en þá leið ættu þeir einkum að velja sem ætla í nám sem gerir miklar kröfur um almennt undirstöðunám, t. d. í tungumálum, stærðfræði, eðlisfræði eða öðrum bóklegum greinum. Þegar námseiningar einstakra námsbrauta hafa verið ákveðnar eiga nemendur að geta séð hvaða inngönguleið til náms á tæknisvið sé heppilegust fyrir þá.

Fjórða leiðin til náms á tæknisviði og liggur í gegnum **verkþjálfun** er fyrir þá, sem komnir eru til starfa úti í atvinnulífinu og hafa hlotið þar **verkþjálfun,** en kjósa að hefja nám aftur. Nefndin telur eðlilegt að þessir menn geti farið inn í nám án þess að þurfa að taka nám samkvæmt leið eitt, tvö eða þrjú og lýst er að framan. Þessa leið myndu þeir fara sem orðnir eru t. d. 21 árs gamlir og hafa hug á námi í þeirri starfsgrein sem þeir hafa unnið í.

1. Iðjubrautir.

Iðjubrautir tæknisviðs eiga að þjóna mikilvægu hlutverki í verk- og tæknimenntun, þótt nokkurn tíma taki að skipuleggja nám þetta þar sem hér er um nýjar námsbrautir að ræða. Nefndin telur að í stofnun þessara námsbrauta felist veigamesta nýjungin að því er varðar nýmæli í námi og starfsmenntun í landinu. Með eflingu verksmiðjuiðnaðar og aukinni sérhæfingunni ýmiss konar hefur komið fram að þörf er á að veita menntun til starfa, sem áður voru ekki til eða hafa gjörbreyst. Þessar þarfir er iðjubrautum ætlað að leysa. Iðjubrautir ættu að henta vel starfsfólki við margbreytileg störf t. d. í fataiðnaði, efnaiðnaði, byggingaiðnaði, í mannvirkjagerð ýmis konar, við rafmagns-, síma-, vatns- og skólplagnir og í verksmiðjuiðnaði af ýmsu tagi og jafnframt til starfa er lúta að sjóvinnu og fiskvinnslu. Til margra þessara starfa hefur fólk verið þjálfað á vinnustöðum, en ekki ætíð hlotið viðurkenningu á starfskunnáttu sinni þar sem ekki hefur verið um skipulagt nám að ræða. Úr þessu ætti að vera unnt að bæta með skipulagningu námsins enda þótt það fari áfram fram að verulegu leyti á vinnustöðum.

Þeir sem lokið hafa námi á iðjubraut geta haldið áfram námi á öðrum námsbrautum tæknisviðs eins og sýnt er á skýringarmyndum á bls. 53 og 55.

2. Rafeindabrautir.

Nefndin hefur skipað saman á rafeindabrautir námi rafvirkja, rafvélavirkja, útvarps- og sjónvarpsvirkja, símvirkja, loftskeytamanna og öðru námi tengdu fjarskipt-

um, ratsjám, fiskleitartækjum og sjálfvirknibúnaði af ýmsu tagi. Mest af því námi, sem nefndin hefur gert ráð fyrir á þessum brautum, er til í ýmsum myndum hér á landi, en hefur ekki verið skipulagt sem námsheild eins og nefndin gerir ráð fyrir. Aukin hagkvæmni í kennslu ætti að nást með þessari skipan og samræming í menntun sem leiða ætti til eðlilegri verkaskiptingar í rafeindagreinum en verið hefur áður.

Nám á rafeindabrautum er skipulagt með námslokum eftir 2. og 3. námsár, eftir því hvaða nám er stundað. Námið á að geta fallið að núverandi skipulagi iðnfræðslu á sama hátt og greint er frá í kaflanum um hússtjórnarsvið, og hið sama gildir um iðnbrautir, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

3. Iðnbrautir.

Iðnnámi öðru en því sem áður hefur verið nefnt er öllu skipað á iðnbrautir. Hér er því um marggreint nám að ræða. Eins og sést á skýringarmynd á bls. 53 og vikið er að hér að framan er um mismunandi leiðir að ræða inn á tæknisviðið og erfitt er að segja til um hvort ein leiðin verður fjölfarnari en önnur, en nefndin telur þó að verknámsskólaleiðin og almenna bóknámsárið ættu að vera aðalleiðir þeirra sem stefna að iðnnámi.

Nefndin telur að endurskipuleggja þurfi allt iðnnámið bæði bóklegt og verklegt.

Með góðri skipulagningu á námi og vandlega unninni námskrá á að vera unnt að ljúka iðnnámi á tveimur til þremur árum, sem veiti hæfni og starfsundirbúning hliðstæðan því sem nú er við töku sveinsprófs að loknum þremur til fjórum árum. Nefndin gerir ráð fyrir, að verknám fari ýmist fram í skóla eða á vinnustöðum utan skóla og verkþjálfunin fari fram á vinnustöðum, en að skólinn hafi tengsl við vinnustaðina og fylgist með því að nemendur fái notið viðhlítandi kennslu og verkþjálfunar. Nefndin telur að sækja þurfi mismunandi mikinn hluta verklegrar kennslu nemenda út fyrir skólann. Fer það eftir eðli starfs hve vel hentar að kenna það inni í kennslustofu. Í sumum greinum er þetta unnt, öðrum ekki, eða a. m. k. allt of kostnaðarsamt til að það sé ráðlegt.

Um ýmsar leiðir getur verið að velja til að koma nemendum í verklega þjálfun og má þar nefna:

1) námssamning við iðnmeistara,
2) samning við fyrirtæki um að taka nemendur í þjálfun og
3) skólinn taki sjálfur að sér verkefni til að þjálfa nemendur, t. d. í byggingariðnaði.

Allar eru þessar leiðir þekktar erlendis og koma að sjálfsögðu til athugunar hér. Þótt valinn verði kostur eitt eða tvö er gert ráð fyrir að námið verði háð eftirliti skólans.

Að loknu sveinsprófi er ráðgert að komi starfsreynsla eins og nú á sér stað í iðnfræðsluskipulaginu og síðan sé unnt að fara í allt að eins árs meistaraskóla. Í meistaraskólanum er m. a. gert ráð fyrir dýpkun faglegrar þekkingar, rekstrar- og hagfræði, verkstjórnarfræði og fræðslu um tryggingar- og atvinnumál. Að loknu sveinsprófi er einnig unnt að velja tæknanám, sjá skýringarmynd bls. 57. En að loknum meistaraskóla eða tæknanámi er unnt að fara í tæknifræðinám. Þá er einnig gert ráð fyrir því að að loknu iðnnámi sé unnt að stefna beint að tæknifræðinámi með eins til tveggja ára viðbótarnámi.

4. Tæknabraut.

Nefndin leggur til að skipulögð sé sérstök námsbraut sem hún nefnir tæknabraut, en það er námsbraut sem einkum er ætluð mönnum sem hafið hafa störf úti í atvinnulífinu og hlotið þar margvíslega verkþjálfun og kjósa að auka þekkingu sína og komast í tækna- eða tæknifræðinám.

Inn á tæknanám eru ýmsar leiðir, sbr. skýringarmynd bls. 57. Tæknabrautin sem inngönguleið í tæknanám liggur utan við hið hefðbundna iðnnámsskipulag en líkleg er hún til að geta veitt ýmsum aðgang að námi sem ella hefðu ekki komið inn í neitt framhaldsnám.

5. Fiskvinnslubraut.

Fiskvinnslubrautin er hliðstæð því námi sem nú fer fram í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði og byggð upp í þrepum eftir því að hvaða námslokum er stefnt, en þau eru að loknu 2., 3. og 4. námsári. Inn á fiskvinnslubraut er unnt að komast eftir mismunandi leiðum, sjá skýringarmynd bls. 53.

Fiskvinnslunámi er skipað hér á tæknisvið. Hugsanlegt hefði einnig verið að skipa því á hússtjórnarsvið, en hér réði meira um að tekið var meira tillit til þeirra þátta í náminu er lúta að eftirlitsstörfum í fiskvinnslustöðvum, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórnun og rannsóknarstörfum.

Nefndin telur æskilegt að auk náms á fiskvinnslubraut skv. framansögðu verði stofnuð iðjubraut í fiskvinnslu.

6. Vélstjórabraut.

Nefndin leggur til að nám vélstjóra verði með svipuðu sniði og verið hefur, enda virðist það falla vel að samræmdum framhaldsskóla. Þó telur nefndin að samræma megi 1. stig vélstjóranáms grunnmenntun í málmiðnagreinum og á þann hátt stytta þann námstíma sem kenna þarf vélstjóranemum sér. Að loknu þessu 1. ári tekur hvert viðbótarstig eitt ár í námi. Inngönguleiðir í námið eru sýndar á skýringarmynd bls. 53.


Nefndin telur að þeir sem lokið hafa 4. stigi vélstjóranáms eigi að geta haldið beint áfram til tæknifræðináms.

7. Skipstjórnarbraut.

Það má segja um skipstjórnarbraut hið sama og um tvær þær síðasttöldu, að engin skipulagsbreyting í námi skipstjórnarmanna er lögð til. Þó er nafninu stýrimannanámi breytt í skipstjórnarnám. Námið er skipulagt með námslokum eftir 2., 3. og 4. námsár, með mismunandi réttindum eftir hvert námsár. Í námið er unnt að komast í gegnum grunnnámsárið eða iðjubrautir, sjá skýringamynd, bls. 53, að fullnægðum kröfum um siglingatíma. Nefndin telur eðlilegt, eins og sýnt er á skýringarmynd bls. 55, að unnt sé að fara eftir nám á skipstjórnarbraut í tækna- og tæknifræðinám og er þá m. a. höfð í huga tenging við útgerðartæknanám.


Tæknisvið

Dæmi um námsleiðir




Tæknisvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

Sýnishorn af tengslum IÐJUBRAUTAR við námsbrautir á tæknisviði




Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

LEIÐIR TIL TÆKNANÁMS

Á skýringarmynd á bls. 57, eru sýndar mismunandi námsleiðir til tæknanáms. Þar af eru nýjar iðjubrautir og tæknabrautir. Nefndin telur, að með þessu skipulagi megi vænta þess að menn, sem komnir eru út í atvinnulífið með mismunandi menntun, eigi þess kost að búa sig undir tæknanám eftir þeim leiðum sem hér eru nefndar tæknabrautir. Hið sama gildir um þá, sem lokið hafa námi á iðjubraut, þeim opnast leið í tæknanám.

Af öllum námsbrautum tæknisviðs á að vera unnt að bæta við námseiningum sem nægja ættu til inngöngu í háskóla, ef tilskildum árangri er náð.

Leiðir til tæknanáms



UPPELDISSVIÐ

Á uppeldissvið hefur nefndin skipað 6 námsbrautum, sem allar eiga það sameiginlegt, að þær eru á einhvern hátt tengdar námi fólks sem hugsar til starfa að félags-, íþrótta-, æskulýðs- eða uppeldismálum.

Námsbrautir uppeldissviðs eiga margt sameiginlegt með almennum bóknámsbrautum og því ætti að vera unnt að koma við verulegri samkennslu nemenda á uppeldissviði og bóknámssviði, en það á einnig við um ýmsar aðrar námsbrautir.

Námstími brautanna er 2—6 ár eftir því að hvaða námslokum er stefnt. Sumar námsbrautirnar eiga sér hliðstæður í menntakerfi okkar, en aðrar ekki. Er hér því um veruleg nýmæli að ræða í námi á uppeldissviði, sem nefndin metur tímabær miðað við þörf á sérhæfðu fólki til starfa að þeim málum er að framan getur.

Hver námsbraut býður upp á sérgreinda menntun, en fyrsta námsárið er sameiginlegt með þeim öllum. Á öðru ári greinist námið í sérstakar námsbrautir, þótt hluti námsins sé sameiginlegur á því ári.

Á uppeldissvið hefur nefndin skipað eftirtöldum námsbrautum:

1. Félagsmálabraut.

Námsbraut þessi, sem er ný, er ætluð þeim sem búa sig undir að starfa að æskulýðs- og félagsmálum og tómstundaiðju ýmiss konar, t. d. hjá ungmenna- og íþróttafélögum eða opinberum aðilum.

Nefndin leggur til að þetta sé 2ja ára námsbraut, en tengist öðrum brautum á uppeldissviðinu þannig, að auðvelt ætti að vera að bæta við námið, ef einhver kýs að halda áfram námi á uppeldissviðinu, sjá skýringarmynd bls. 60.

2. Íþróttabraut.

Nefndin leggur til að stofnuð verði sérstök námsbraut ætluð íþróttaþjálfurum og öðrum þeim sem vinna að íþróttamálum. Brautin er þó ekki ætluð íþróttakennurum, þar sem nefndin telur eðlilega framtíðarskipan, að nám þetta fari fram á vegum Kennaraháskóla Íslands. Nám á íþróttabraut er tvö eða þrjú ár. Íþróttastarfsemi í landinu fer vaxandi og þar af leiðandi aukin þörf á starfsfólki með einhverja menntun á þessu sviði, t. d. leiðbeinendur fyrir almenningsíþróttir, íþróttastarf fyrir fatlaða auk keppnisíþrótta.

3. Almenn uppeldisfræðibraut.

Hún er fyrst og fremst ætluð þeim sem stefna að háskólanámi, svo sem kennaranámi og uppeldis- og sálarfræðinámi.

Þar sem ætla má að ýmsir, sem stunda nám á öðrum brautum uppeldissviðs, kjósi að búa sig undir háskólanám, þótti nefndinni rétt að sýna almenna uppeldisfræðibraut á sviðinu.

Námsefni almennu uppeldisfræðibrautarinnar fellur vafalaust vel að námi á almennu bóknámssviði. Þess vegna er sennilegt að unnt verði að kenna nemendum á 3. og 4. námsári á almennri uppeldisfræðibraut alfarið með nemendum bóknámssviðs.

4. Fósturnámsbraut.

Fósturnámsbraut er ætluð þeim sem búa sig undir að vinna uppeldisstörf á dagvistarheimilum og uppeldisstofnunum fyrir börn.

Gert er ráð fyrir að þetta sé tveggja til fjögurra ára námsbraut sem veiti nám til fósturstarfa á dagvistarheimilunum. Tveggja ára námið er ætlað fólki sem kýs stutta hagnýta námsbraut til starfa við ýmis aðstoðarstörf á dagvistarheimilum, í skólum og á uppeldisstofnunum eða í tengslum við þær.

Fjögurra ára nám á brautinni ætti að veita undirbúning til almennra fósturstarfa á venjulegum dagvistarstofnunum, en framhaldsnáms verði krafist af þeim sem taka að sér deildarstjórn eða forstöðu dagvistarheimila eða vinna á stofnunum fyrir börn með sérþarfir. Fer það eftir eðli starfs, hvort krafist verði eins eða tveggja ára framhaldsnáms. Fósturnámið sjálft lengist um eitt ár frá því sem nú er, en gert er ráð fyrir að námið hefjist að grunnskóla loknum, sem er minna undirbúningsnám en nú er krafist, en við bætist svo framhaldsnámið, þannig að það tekur orðið 6 ár frá grunnskólaprófi að ljúka fullnaðarnámi, sem er hliðstæður námstími og þeirra sem ljúka tveggja til þriggja ára háskólanámi.


Þessi námsbraut ætti einnig vel að henta fólki sem komið er til starfa en vill auka við menntun sína. Brautin á að sjálfsögðu margt sameiginlegt með öðrum námsbrautum sviðsins að því er nám varðar, og því væri unnt að koma við samkennslu milli námsbrauta.

5. Þroskaþjálfabraut.

Námi þroskaþjálfa er skipað hér á uppeldissvið. Þetta nám hefur verið tengt námi heilbrigðisstétta. Nefndin leggur til að þessu sé breytt vegna þess að þroskaþjálfar starfa nú í vaxandi mæli við uppeldisstofnanir fyrir þroskaheft börn og starf þeirra því meira uppeldisstarf en hjúkrunarstarf. Nám þroskaþjálfa er lengt um eitt ár og bætt er við framhaldsnámi, sem gæti verið eitt eða tvö ár, og sameiginlegt framhaldsnámi fyrir fóstrur. Gert er ráð fyrir að nám þroskaþjálfa fari fram að hluta til á stofnunum, sjá skýringarmynd bls. 60.


Uppeldissvið

Dæmi um námsleiðir



Uppeldissvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

VIÐSKIPTASVIÐ

Á viðskiptasvið hefur nefndin skipað námsbrautum, sex talsins, sem allar eiga að gegna því hlutverki að veita menntun er nýtist í viðskiptalífinu, svo sem við afgreiðslu-, skrifstofu-, bókhalds- eða stjórnunarstörf. Sumar námsbrautirnar eru nýjar, aðrar eiga hliðstæðu í skólakerfi okkar.

Nefndin gerir tillögur um tvenns konar skipan náms, annars vegar venjulegt nám í skóla og hins vegar að saman fari verkþjálfun á vinnustað og bókleg kennsla í skóla. Lengd námsins er frá einu ári og upp í fjögur ár, eftir því að hvaða námslokum er stefnt. Brautirnar eru þó tengdar á þann veg að unnt er að byggja ofan á þær styttri og ljúka 4ra ára námi. Þó ber þess að geta að hinum sameiginlega námskjarna fyrsta árs er skipt á tvö ár á verknámsbrautum.

Viðskiptasvið greinist sem hér segir:

1. **Verslunarbraut** er tveggja ára verknámsbraut. Námið fer bæði fram í skóla og á vinnustað með verkþjálfun og verklegri kennslu. Gert er ráð fyrir að nemendur geti farið inn á námsbrautina að loknu grunnskólaprófi. Bóknámskjarna má taka í önnum en honum er, sem áður greinir, skipt í tvö ár, en námslok geta verið eftir fyrra árið, ef þess er óskað. Námið er ætlað þeim sem sérhæfa vilja sig til verslunarstarfa.

2. **Banka- og tryggingabraut** er ætluð nemendum sem vilja búa sig undir störf í bönkum og tryggingastofnunum. Sama skipan er á námi og á verslunarbraut, þ. e. að hluti námsins er verkleg þjálfun í starfi og skipulegt nám í skóla. Námið í skólanum ætti að skipuleggja með hliðsjón af þeim námsþáttum sem best henta í starfinu. Bankarnir hafa rekið skóla fyrir fastráðið starfsfólk sitt og á þann hátt reynt að bæta menntun fólksins. En svo mikill fjöldi fólks vinnur nú í bönkum og hjá tryggingafélögum að full ástæða er til þess að bjóða upp á í almenna skólakerfinu námsbraut, sem nýtist fólki til starfa í bönkum og hjá tryggingafélögum.

3. **Póst- og tollabraut** er þriðja sérhæfða verknámsbraut viðskiptasviðs. Hún er skipulögð með sama hætti og hinar tvær framantöldu. Póstur og sími hefur rekið skóla fyrir póstmenn og tollstjóraembættið hefur rekið skóla fyrir starfsmenn tollsins. Nefndin leggur til að nám sem henti til þessara starfa verði veitt á framhaldsskólastiginu en verkþjálfunin fari fram á vinnustað eins og að framan er greint.

4. **Skrifstofu- og stjórnunarbraut.**


Nefndin leggur til að á námsbraut þessari verði um að velja tveggja eða þriggja ára nám eftir því hvort stefnt er að undirbúningi til almennra skrifstofustarfa eða að stjórnunarstörfum sérstaklega. Leiðin inn í þetta nám liggur í gegnum grunnnám viðskiptasviðs eða verslunarbraut. Þetta nám er hugsað vera hliðstætt því námi, sem veitt hefur verið í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum að Bifröst, og ætti að ljúka með verslunarprófi að loknu tveggja ára námi. Tveggja ára námið miðaðist þá einkum við almenn skrifstofustörf, en þriggja ára námið miðaðist þá við undirbúning til vandasamari skrifstofustarfa og skrifstofustjórn í fyrirtækjum þar sem ekki er krafist háskólamenntunar til starfa.

5. **Almenn viðskiptabraut** er 4ra ára námsbraut og miðar að undirbúningi til háskólanáms. Hliðstæða þessarar námsbrautar er í lærdómsdeild Verslunarskóla Íslands.

Nám á þessari braut ætti að mestu leyti að geta fallið að námi á almennri bóknámsbraut og þess vegna ætti að vera mögulegt að kenna saman nemendum á þessum námsbrautum.


Viðskiptasvið

Dæmi um námsleiðir



Viðskiptasvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

UM SKÓLASKIPAN, NEMENDAFJÖLDA OG VERKEFNI EINSTAKRA SKÓLASTAÐA

Nokkur almenn atriði.

Hér á eftir verður reynt að gefa nokkra hugmynd um líklegan nemendafjölda í framhaldsskólum og hugsanlega skiptingu hans á skólastaði. Það skal tekið fram að forsendur þær sem byggt er á eru ekki nægilega kannaðar og því ekki um að ræða nákvæmar tölur hvorki í heild né á einstökum stöðum eða námsbrautum. Þrátt fyrir það ætti þetta yfirlit að gefa allgóða mynd af þeim möguleikum sem kerfið gefur að því er varðar skipulag í framkvæmd og jafnframt stuðla að því að unnt sé að gera sér grein fyrir stöðu og þróunarhorfum einstakra skóla og skólastaða.

Eins og getið er um hér að framan, þar sem drepið er á verkefni einstakra skóla, mun kostnaður af framkvæmd skólahalds ráðast í veigamestu atriðum af skipulagi námsins og er þar bent á þætti svo sem stærð námshópa og nýtingu á húsnæði og búnaði, einkum til kennslu og þjálfunar í verklegum greinum. Nauðsynlegt er að settar verði reglur til viðmiðunar um þessi atriði til þess að tryggja hagkvæma framkvæmd en slíkar reglur hljóta að byggjast á ítarlegri könnun.

Ber því að taka eftirfarandi hugmyndir um fjölda nemenda og skiptingu hans á skólastaði með fyrirvara um síðari breytingar, þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir.

Áður en vikið er að nemendafjölda skal bent á nokkur atriði sem hafa verður í huga.

a) **Tengsl við grunnskóla.**

Gert er ráð fyrir að framhaldsskóli starfi sem sjálfstæð stofnun eða í tengslum við grunnskóla eftir aðstæðum. Hið síðarnefnda á einkum við fámennari staði, þar sem vart er ráð fyrir því gerandi að um verði að ræða sérstakar stofnanir, heldur verði aðstaða og kennslukraftar nýtt sameiginlega með grunnskólanum. Framhaldsnám á þessum stöðum verður því að nokkru háð því, hvernig til tekst með uppbyggingu grunnskólans. Hér skiptir stærð skólanna verulegu máli, t. d. hvort síðustu aldursárgangar þeirra eru það fjölmennir, að þeir ásamt framhaldsnáminu geti staðið undir nægilegum fjölda sérhæfðra kennara. Hugmyndir nefndarinnar um framhaldsnám á einstökum stöðum eru í meginatriðum miðaðar við, að skólaskipan á grunnskólastigi verði sem næst með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í tillögum ráðuneytisins um skiptingu landsins í skólahverfi frá því í desember 1975. Verulegar breytingar frá þeim kunna að leiða til þess að framhaldsnám á sumum þeim stöðum, sem hér er reiknað með, reynist óraunhæft.

b) **Héraðsskólar.**

Í hugmyndum þessum er miðað við að nýtt verði sem best það húsnæði sem fyrir er til skólahalds, þ. á m. héraðsskólarnir. Ljóst er þó, að sumir þeirra eru þannig í sveit settir, að það skapar verulegan vanda að nýta aðstöðu þeirra til fullnustu, án þess að brjóta gegn skynsamlegu skipulagi að öðru leyti. Þessa gætir þegar að því er varðar suma skólana og þarf að hyggja náið að framtíðarhlutverki þeirra, þegar teknar verða ákvarðanir sem geta haft áhrif á stöðu þeirra.

Ástæður til þess vanda, sem að þessum skólum steðjar nú og kemur fram í þverrandi aðsókn, eru fyrst og fremst þær að uppbyggingu grunnskóla á vegum sveitarfélaga hefur fleygt verulega fram og taka þeir nemendur sem áður sóttu héraðsskólana án þess að nýr starfsvettvangur hafi myndast fyrir þá. Reynt hefur verið að byggja upp í skólum þessum framhaldsnám í formi framhaldsdeilda, en aðsókn hefur víðast verið takmörkuð.

Augljóst er að nýting skólanna fyrir framhaldsnám er verulegum annmörkum háð. Húsnæði flestra þeirra miðast við kennslu 5—7 bekkjardeilda og vistun 100—140 nemenda og kennara þeirra. Á eðlilegu aðdráttarsvæði skólanna, sem í flestum tilfellum má telja að sé ein eða tvær næstu sýslur, er fjöldi unglinga í aldursárgangi yfirleitt 30—40, að frátöldum unglingum á þéttbýlisstöðum þar sem ætla má að framhaldsnám verði. Skólarnir geta því rúmað 3—5 heila árganga af svæðinu. Hins vegar er óframkvæmanlegt að skólar með svo fáa nemendur í hverjum árgangi og í heild bjóði upp á þá breidd í námi og þann fjölda mismunandi námsbrauta sem ætla má að unglingarnir leiti eftir. Með því að sérhæfa skólana, þ. e. að ætla þeim kennslu á fáum námsbrautum verður að vísa hluta af nærsveitanemendum frá, en í staðinn yrðu skólarnir að leita nemenda lengra að, af svæðum annarra héraðsskóla eða frá þéttbýlisstöðum, sem rýra myndi þegar takmarkaða möguleika þar á uppbyggingu framhaldsnáms. Eins eru sérhæfingunni takmörk sett að því er varðar sérbúnað í húsnæði og sérmenntaða kennslukrafta, sem hætt er við að nýtist illa í svo fámennum stofnunum.

Annar kostur er að stækka skólana til þess að skapa rúm fyrir fjölbreyttari kennslu. Telja má þá leið útilokaða þar sem hún fær því aðeins staðist, að ekki verði byggt upp framhaldsnám á þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar, en nemendum þaðan vísað í héraðsskólana. Auk þess að ganga þvert á þá stefnu að gera nemendum kleift að sækja skóla frá heimilum eins lengi og við verður komið, yrði þessi kostur dýrari en flestir aðrir.

Þá má og benda á að hæpið kann að vera að tilætlaður árangur náist með framangreindum leiðum. Reynsla undanfarandi ára sýnir að nemendur leita ekki síður á þéttbýlisstaðina til náms en í heimavistarskóla, ef þeir á annað borð þurfa að leita frá heimilum sínum

Í eftirfarandi hugmyndum hefur því verið við það miðað, að skólar þessir verði ekki stækkaðir frá því sem nú er og að þeir gegni a. m. k. um hríð hlutverki grunnskóla og framhaldsskóla samtímis. Er gert ráð fyrir að þeir hafi 8. og 9. bekk grunnskóla fyrir ákveðið svæði og til viðbótar eina eða fleiri deildir á framhaldsskólastigi, þ. e. á fyrsta og öðru ári þess, þar sem gert er ráð fyrir að námsefni hinna ýmsu námsbrauta verði að vissu marki sameiginlegt og kennsla fámennra aldursárganga ekki eins óhagkvæm og á síðari árum skólastigsins. Verkefni hinna einstöku héraðsskóla yrðu nokkuð mismunandi eftir aðstæðum.

c) **Hússtjórnarskólar.**

Við það er miðað að rekstur hússtjórnarskóla í þeirri mynd sem hann hefur verið breytist og hússtjórnarkennslan færist í auknum mæli til annarra stofnana. Unnt ætti að vera að sameina hússtjórnarskólana öðrum skólastofnunum en sumstaðar virðist þó eðlilegt, að húsnæði þeirra verði ráðstafað til annarra verkefna t. d. á Staðarfelli, Löngumýri og Laugalandi í Eyjafirði.

d) **Bændaskólar.**

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir búfræðibraut í hinum samræmda framhaldsskóla, sem m. a. kæmi inn á það fræðslusvið sem nú er rækt í bændaskólunum. Hlutverk þeirra myndi því líklega breytast á þann veg, að þeir sinntu fyrst og fremst hinum síðari og sérhæfðari áföngum námsins svo og búvísindanámi. Fyrri áfanga námsins, svo og verkþjálfun, ættu nemendur að geta tekið víðar. Efamál virðist að rétt sé að fjölga bændaskólunum, eins og nú er fyrirhugað með nýjum bændaskóla á Suðurlandi. Má benda á möguleika á að koma upp búfræðinámi í Skógum, að Laugarvatni eða á Selfossi með verkkennslu og þjálfun á nálægum stöðum, þar sem aðstaða er fyrir hendi án þess mikla tilkostnaðar sem því fylgir að byggja upp skóla frá grunni.

e) **Iðnskólar.**

Gert er ráð fyrir að iðnfræðsla verði sameinuð öðru framhaldsnámi á viðkomandi stöðum. Undantekning yrði þó líklega Iðnskólinn í Reykjavík sökum stærðar hans, en hann mundi þá starfa innan samvirks skipulags með nærliggjandi skólastofnunum. Einnig má ætla, að hans hlutverk verði að hafa á boðstólum þær iðnbrautir, sem mest þurfa á sérhæfðri aðstöðu að halda og þeim sem fásóttastar eru og yrðu því ekki fyrir hendi annars staðar.

f) **Menntaskólar.**

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að almennt bóknámssvið framhaldsskólans svari í stórum dráttum til menntaskólanáms eins og það er nú, þ. e. á því sviði verði námsbrautir sem ekki veita starfsréttindi eða undirbúning undir ákveðin störf, en miðast fyrst og fremst við undirbúning undir áframhaldandi nám. Að þessu leyti getur starfssvið núverandi menntaskóla haldist að mestu óbreytt, þar sem ekki kemur annað til sem kann að hafa áhrif á það.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði, munu þó líklega hafa nokkur áhrif á starfsgrundvöll menntaskólanna. Í stað þess að menntaskólarnir eru nú svo til einu námsbrautirnar sem leiða til háskólanáms, er gert ráð fyrir að því marki verði einnig náð af öðrum námsbrautum með þeirri viðbót námsáfanga sem nauðsynlegir verða taldir. Einnig er gert ráð fyrir að unnt verði að dreifa almennu bóknámi meira en gert hefur verið, einkum fyrstu áföngum þess. Þetta tvennt ætti annars vegar að leiða til þess, að eftirspurn eftir námi í sérstökum menntaskólum minnki og hins vegar að breyta eftirspurninni á þann veg að færri leiti eftir fyrstu áföngum almenns bóknáms í menntaskólum en síðari áföngunum. Það gæti því í vaxandi mæli orðið hlutverk núverandi menntaskóla að taka við nemendum sem lokið hafa fyrstu áföngum almenns bóknáms á öðrum námsbrautum eða í minni skólum og sjá þeim fyrir þeim *námsáföngum sem þá skortir til að hefja nám á háskólastigi.*

Ekki er þó gert ráð fyrir að hið sama geti gilt um alla núverandi menntaskóla. Líklegt er að framangreint geti átt við menntaskólana í Reykjavík og Menntaskólann á Akureyri með skipulegri verkefnaskiptingu milli þeirra og annarra skólastofnana á þessum stöðum. Eðlilegt virðist að á Ísafirði verði sameinað í eina stofnun allt framhaldsskólanám þar og á Egilsstöðum verði sömuleiðis skólastofnun með breiðara starfssviði en almennu bóknámi. Á Laugarvatni ætti að vera hægt að sameina í eina stofnun þá framhaldsskóla sem þar starfa nú, e. t. v. að Íþróttakennaraskólanum undanskildum, og nýta aðstöðu þar betur og auka námsframboðið. Með stofnun Menntaskólans í Kópavogi var stefnt að fjölbreyttara námsframboði sem orðið gæti í einni stofnun eða í samvinnu fleiri skóla.

g) **Aðrir framhaldsskólar.**

Um framtíðarskipan annarra framhaldsskóla, sem flestir miða starf sitt við þröngt sérsvið og starfsréttindi, mun fara eftir aðstæðum og hlutverki skólanna. Búast má við að dreifing *námsins og áfangaskipting muni* hafa þau áhrif á þróun þeirra, að þeir verði að miða starf sitt við að taka við nemendum, sem lokið hafa fyrstu áföngum námsins annars staðar, e. t. v. hlotið takmörkuð starfsréttindi. Skapar þetta þörf fyrir mjög sveigjanlegt skipulag kennslu, t. d. í formi tiltölulega stuttra námskeiða. Í sumum tilvikum kann að verða unnt að færa allt sérnámið inn í stofnanir með fjölþætt verkefni svo sem fjölbrautaskóla, þó í öðrum tilvikum verði nauðsynlegt að halda áfram með sérskóla vegna sérhæfingar námsins og til að taka við nemendum úr minni skólunum.

h) **Verknám í skólum.**

Á síðustu árum hefur verknám í skólum verið mjög til umræðu, einkum að því er iðnnám varðar, og hefur það í sumum tilvikum leyst meistarakerfið af hólmi að hluta til eða að öllu leyti. Ekki liggur þó fyrir sú reynsla af verknámi í skólum hér á landi að alhæfa megi út frá henni. Í þessu sambandi er að mörgu að hyggja og skal fátt eitt nefnt.

— Þó verknám í skóla hafi ýmsa ótvíræða kosti fram yfir meistarakerfið fylgja því annmarkar sem ekki verður litið fram hjá. Ekki er unnt, nema að nokkru leyti, að búa til í skóla þær aðstæður sem mæta nemendum á vinnustöðum og hætta er á að fram komi tilhneiging til einangrunar og stöðnunar.
— Kostnaður við verknám í skóla er mjög mikill, bæði stofn- og rekstrarkostnaður, sökum þess hve mikils þarf við í húsnæði og búnaði og hve smáar kennslueiningar þurfa að vera.
— Verknám í skóla krefst mikillar samþjöppunar, þar sem ekki verður unnt að koma upp og starfrækja þá aðstöðu sem til þarf nema á fáum stöðum á landinu. Ætla má t. d. að fyrir grunnnám í tré- eða málmiðnum þurfi um 20 000 íbúa til þess að fullnýta lágmarksaðstöðu fyrir verknám í skóla. Þegar grunnnámi sleppir og sérgreining hefst þarf enn meira til.

M. a. af framangreindum ástæðum leggur nefndin til að á þessu sviði verði tryggt svigrúm til frekari þróunar og reynslu með því, að auk framantalinna kosta verði tekin upp skipuleg samvinna skóla og atvinnufyrirtækja um menntun og þjálfun nemenda. Augljóst er að ekki gildir hið sama í þessu efni fyrir allar starfsgreinar og ekki þarf hið sama heldur að gilda fyrir alla sem leggja stund á nám með sama lokamarki. Nefndin gerir því ráð fyrir að í meginatriðum verði um tvær leiðir í iðnnámi að ræða, þ. e. leið í gegnum bóknám og verklegt grunnnám í skóla með frekari verklegri þjálfun í atvinnufyrirtækjum eða leið þar sem skólinn annist hið bóklega nám en allur verklegi þátturinn fáist hjá atvinnufyrirtækjum. Hins vegar leggur nefndin áherslu á að verknám sem fer fram utan skóla verði skipulagt af skólunum og undir eftirliti þeirra.

i) **Nýjar námsbrautir.**

Að því leyti sem tillögur nefndarinnar fela í sér nýjar námsbrautir er ekki gert ráð fyrir að stofnaðir verði sérskólar fyrir þær, en þeim verði komið upp við hlið annarra í þeim skólum sem fyrir eru. Um þær, svo og sumt annað nám sem fyrir er, kann að koma í ljós að nauðsyn sé að safna nemendum á þeim brautum saman á fáa eða jafnvel einn stað. Auk þess sem einhverjir núverandi sérskólar fengju slík hlutverk er eðlilegt, að hinir almennu skólar hafi með sér verkaskiptingu að þessu leyti.

Lausleg áætlun um nemendafjölda og skiptingu hans á námsbrautir.

Nemendafjöldi er áætlaður þannig að gert er ráð fyrir að hver aldursárgangur sé 2,1% af íbúafjölda, nema í Reykjavík 1,9%. Miðað er við íbúafjölda 1. desember 1974. Fjöldi í árgangi verður þá svipaður og verið hefur síðustu ár. Þá er gert ráð fyrir að sókn í það nám, sem hinn samræmdi framhaldsskóli nær til, verði þannig:

1. námsár sæki 85% árgangs
2. námsár sæki 70% árgangs
3. námsár sæki 55% árgangs
4. námsár sæki 30% árgangs

Ekki hefur verið áætluð skipting nemenda á hin 8 námssvið, en stuðst er við mun grófari skiptingu sem er þannig:

a) Almennt bóknám án sérstakrar starfsmenntunar.
b) Nám sem miðar að starfsmenntun í ýmsum þjónustugreinum.
c) Nám sem miðar að starfsmenntun í iðn, iðju og tæknigreinum.

Skipting nemenda eftir þessum meginsviðum og námsárum er áætluð þessi í hundraðshlutum af áætluðum árgangi:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár	4. námsár
a) almennt bóknám	25%	20%	20%	20%
b) starfsnám í þjónustugreinum	30%	25%	15%	5%
c) starfsnám í iðn, iðju og tækni ..	30%	25%	20%	5%
Samtals	85%	70%	55%	30%

Áætlaður heildarfjöldi nemenda, sbr. töflu hér á eftir, er miðaður við þessar forsendur:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár	4. námsár	Alls
a) almennt bóknám	1 093	874	874	874	3715
b) starfsnám í þjónustugreinum	1 311	1 093	656	219	3279
c) starfsnám í iðn, iðju og tækni ..	1 311	1 093	874	219	3497
Samtals	3 715	3 060	2 404	1 312	10 491

Hér á eftir fer yfirlit yfir hugsanlega skiptingu nemenda á skólastaði. Hefur landinu verið skipt eftir fræðsluumdæmum, með þeim frávikum að vegna samgangna er nemendum úr A-Barðastrandarsýslu ætluð samleið með nemendum af Vesturlandi, nemendum úr Strandasýslu með nemendum af Norðurlandi vestra og nemendum af Seltjarnarnesi, Mosfellshreppi, Kjalarnesi og Kjós með nemendum úr Reykjavík, og gert er ráð fyrir að á hverju svæði verði skólahald skipulagt sem ein heild, auk þess sem það falli inn í hinn almenna skipulagsramma tillagnanna.

Það skal tekið fram, að fjöldi nemenda á hverju svæði og hverjum stað er við það miðaður, að nemendur leiti eftir menntun innan svæðisins ef hún er í boði þar. Eins og reynslan sýnir er ekki hægt að treysta þessari forsendu fullkomlega af ýmsum ástæðum og gera má ráð fyrir tilfærslu nemenda á ýmsa lund.

Þar sem forsenda þess, að framhaldsnám dafni á fámennari svæðunum, er að nemendur sæki ekki burt nema möguleikar innan svæðisins séu fullnýttir, er mikilvægt að náin samvinna sé milli skóla innan hvers svæðis um skipulag náms, þannig að tryggt sé að nemendur geti flutt sig þar snurðulaust milli skóla eftir því sem viðkomandi námsbraut krefst.

Framhaldsskólasvæði, íbúafjöldi 1. des. 1974, áætluð stærð aldursárgangs 2,1% af íbúafjölda, nema á svæði F. 10 1,9%.

	Fjöldi íbúa 1.12. 1974	Áætlaður fjöldi í árg. 16—19 ára
F.1 Vesturland og A-Barðastr.s.	14 315	301
F.2 Vestfirðir nema A-Barðastr.s. og Strandasýsla	8 308	174
F.3 Norðurland vestra og Strandas.	11 269	237
F.4 Norðurland eystra	23 572	495
F.5 Austurland	11 919	250
F.6 Suðurland	18 529	389
F.7 Reykjaneskjördæmi án Seltjarnarness, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhrepps	39 526	830
F.8 Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppur	89 190	1 695
	216 628	4 371

Áætluð skipting nemenda á skólastaði — framhaldsskólastig.

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár		Samtals
Svæði F.1						
Akranes	91	113	168	62	(30) F.8	434
Borgarnes	42	25				67
Reykholt	38	20				58
Stykkishólmur	54	56				110
Ólafsvík	34					34
	259	214	168	62	(30) F.8	703
Svæði F.2						
Patreksfjörður	24					24
Núpur	30					30
Ísafjörður	94	121	95	35	(17) F.8	345
	148	121	95	35	(17) F.8	399
Svæði F.3						
Reykir	48	20				68
Blönduós	42	39				81
Sauðárkrókur	74	107	130	47	(24) F.4	358
Siglufjörður	37					37
	201	166	130	47	(24) F.4	544
Svæði F.4						
Ólafsfjörður	23					23
Dalvík	37					37
Akureyri	252	257	248	149+50		906+50
Húsavík	67	72	26			165
Laugaskóli	45	20				65
	424	349	274	149+50		1 196+50
Svæði F.5						
Egilsstaðir	101	94	91	50	(13) F.4	336
Neskaupstaður	71	88	50		(13) F.4	209
Eskifjörður	19					19
Höfn	32					32
	223	182	141	50	(26) F.4	596
Svæði F.6						
Skógar	37					37
Selfoss	161	155	122	37	(24) F.8	475
Vestm.eyjar	78	64	32		(10) F.8	174
Laugarvatn	57	51	58	41	(6) F.8	207
	333	270	212	78	(40) F.8	893
Svæði F.7						
Keflavík	210	174	137	50	(24) F.8	571
Hafnarfjörður	230	208	181	66	(32) F.8	685
Garðabær	48	22				70
Kópavogur	216	177	139	51	(26) F.8	583
	704	581	457	167	(82) F.8	1 909
Svæði F.8						
Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellssveit	1 440	1 181	929	507+170		4 057+170

Tölur í svigum tákna þann fjölda nemenda sem áætlað er að fari áfram í námi, en ekki sé boðið upp á nám á viðkomandi stað. Fyrir aftan svigann er tilgreint það svæði, sem ætlað er að nemandi sæki til áframhaldandi náms, þ. e. Akureyrar eða Reykjavíkur, og kemur samtala þessara nemenda fram þar sem viðbót við nemendur af heimasvæðinu. Er hér um að ræða nemendur í mjög sérhæfðu námi svo sem tæknanámi o. fl.

Um einstök svæði.

Í sambandi við námsbrautatáknin í þeim yfirlitum sem hér fara á eftir ber að hafa í huga, einkum að því er varðar fámennari staði, að í ýmsum tilvikum getur orðið um að ræða samkennslu nemenda af mismunandi námssviðum þótt sýnd sé einungis ein tegund námsbrauta (a, b eða c).

F.1 Vesturland og A-Barðastrandarsýsla.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Akranesi, þar sem allt framhaldsnám yrði stjórnunarlega í einni stofnun. Sameinaðir yrðu iðnskólinn og það framhaldsnám sem nú er við gagnfræðaskólann og aukið við það eftir því sem aðstæður leyfa. Auk þeirra staða, sem tilgreindir eru, myndi bændaskóli starfa á Hvanneyri. Ekki er miðað við, að húsmæðraskólarnir á Varmalandi og Staðarfelli verði nýttir sérstaklega fyrir framhaldsnám nemenda af þessu svæði. Ekki er gert ráð fyrir að framhaldsnámið verði í sérstökum stofnunum nema á Akranesi a. m. k. þegar fram í sækir. Annars staðar yrði það í tengslum við grunnskóla. Námsbrautir á einstökum stöðum eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Akranes	abc	abc	abc	a
Borgarnes	abc	b	—	—
Reykholt	ab	a	—	—
Stykkishólmur	abc	bc	—	—
Ólafsvík	bc	—	—	—

Akranes ..... Miðstöð svæðisins með 1.—3. námsár á brautum b og c og 1.—4. námsár á brautum a. Nemendur sæki að jafnaði til Akraness þegar möguleika þrýtur annars staðar á svæðinu. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	27	42	62	62
b)	32	27	45	—
c)	32	44	61	—

Borgarnes ..... Nemendur úr kauptúninu og nágrenni og uppsveitum á brautum c. 1. árs nám á brautum a og c. 1.—2. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	10	—
b)	12	25
c)	20	—

Reykholt ..... Nemendur úr uppsveitum Borgarfjarðar, Dölum og Snæfellsnesi að hluta. 1. og 2. árs nám á brautum a og 1. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	20	20
b)	18	—

Stykkishólmur ..... Nemendur úr kauptúninu, Snæfellsnesi og Dölum að hluta. 1. árs nám á brautum a. 1.—2. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	20	—
b)	12	24
c)	22	32

Ólafsvík ..... Nemendur úr kauptúnum á Snæfellsnesi öðrum en Stykkishólmi. 1. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
b)	17
c)	17

F.2 Vestfirðir að undanskildum A-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Ísafirði þar sem sameinaðir yrðu í eina stofnun menntaskóli, iðnskóli og húsmæðraskóli, sem einnig tæki við því námi ofan grunnskóla, sem nú er við gagnfræðaskóla á staðnum, svo og þeirri viðbót, sem til gæti komið. Á Patreksfirði yrði framhaldsnámið tengt grunnskólanum og skólinn á Núpi myndi einnig vera með grunnskóladeildir. Námsbrautir á hverjum stað fyrir sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Ísafjörður	abc	abc	abc	a
Patreksfjörður	bc	—	—	—
Núpur	ab	—	—	—

Ísafjörður ..... Miðstöð svæðisins með 1.—3. árs nám á brautum b og c og 1.—4. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	25	35	35	35
b)	29	43	26	—
c)	40	43	34	—

Patreksfjörður ..... Nemendur úr V-Barðastrandarsýslu. 1. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
b)	12
c)	12

Núpur ..... Nemendur úr V-Ísafjarðarsýslu og V-Barðastrandarsýslu. 1. árs nám á brautum a og b. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	19
b)	11

F.3 Norðurland vestra og Strandasýsla.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Sauðárkróki, þar sem framhaldsnám yrði í einni stofnun, sem a. m. k. um sinn yrði í tengslum við grunnskóla. Sami háttur yrði hafður annars staðar á svæðinu. Miðað er við að Húsmæðraskólinn á Löngumýri verði lagður niður, en sú stofnun sem annast mundi allt framhaldsnám á Blönduósi tæki við verkefnum og húsnæði kvennaskólans þar. Gert er ráð fyrir að Bændaskólinn á Hólum starfi áfram en í ýmsum greinum ætti sam-

vinna við framhaldsskólann á Sauðárkróki að vera möguleg. Námsbrautir á hverjum stað fyrir sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Sauðárkrókur	abc	abc	abc	a
Reykjaskóli	abc	a	—	—
Blönduós	abc	bc	—	—
Siglufjörður	abc	—	—	—

Sauðárkrókur ..... Miðstöð svæðisins með 1.—3. árs nám á brautum b og c og 1.—4. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	22	27	47	47
b)	26	40	35	—
c)	26	40	48	—

Reykjaskóli ..... Nemendur úr Strandasýslu og V-Húnavatnssýslu. 1. árs nám á brautum a, b og c og 2. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	14	20
b)	17	—
c)	17	—

Blönduós ..... Nemendur úr A-Húnavatnssýslu og að hluta úr V-Húnavatnssýslu og Strandasýslu. 1. árs nám á brautum a og 1.—2. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	12	—
b)	15	19
c)	15	20

Siglufjörður ..... Nemendur úr kaupstaðnum. 1. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	11
b)	13
c)	13

F.4 Norðurland eystra.

Miðstöð svæðisins yrði Akureyri. Auk þess er gert ráð fyrir, að þangað sæki nemendur af Norðurlandi vestra og Austurlandi, sem ekki fá á þeim svæðum lokið mjög sérhæfðu námi. Gera má ráð fyrir að framhaldsskólastofnanir á Akureyri yrðu tvær. Annars vegar menntaskólinn, sem annast myndi áfram almennar bóknámsbrautir, og hins vegar ný stofnun fyrir aðrar brautir sem til kæmu við sameiningu alls annars framhaldsskólanáms á staðnum.

Í kaupstöðunum Ólafsfirði og Dalvík er þrátt fyrir fáa nemendur gert ráð fyrir eins árs framhaldsnámi m. t. t. þess að nemendur geti sótt nám frá heimilum sínum. Á Húsavík og Laugum er gert ráð fyrir námsaðstöðu fyrir nemendur úr Þingeyjarsýslum, sem í sumum tilvikum lykju síðan námi sínu á Akureyri. Í öllum kaupstöðum yrði framhaldsnámið tengt grunnskólunum og á Laugum er gert ráð fyrir sameiningu héraðsskólans og húsmæðraskólans. Námsbrautir á hverjum stað fyrir sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Akureyri	abc	abc	abc	abc
Ólafsfjörður	abc	—	—	—
Dalvík	abc	—	—	—
Húsavík	abc	abc	c	—
Laugar	ab	b	—	—

Akureyri ..... Miðstöð svæðisins og að auki safnstaður fyrir Norður- og Austurland. 1.—4. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	74	73	100	100
b)	89	92	74	50
c)	89	92	74	50

Ólafsfjörður ..... Nemendur úr kaupstaðnum. 1. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	6
b)	8
c)	9

Dalvík ..... Nemendur úr kaupstaðnum og nágrenni. 1. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	11
b)	13
c)	13

Húsavík ..... Nemendur úr kaupstaðnum, S- og N-Þingeyjarsýslum. 1.—2. árs nám á brautum a og b. 3. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár
a)	13	27	—
b)	15	12	—
c)	39	33	26

Laugaskóli ..... Nemendur úr S- og N-Þingeyjarsýslum. 1. árs nám á brautum a og b. 2. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	21	—
b)	24	20

F.5 Austurland.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Egilsstöðum en aðalstöðvar iðn- og tæknibrauta verði í Neskaupstað, þar sem iðnskóli og annað framhaldsnám yrði sameinað og rekið í tengslum við efri hluta grunnskólans. Þá er gert ráð fyrir framhaldsnámi við grunnskólana á Eskifirði og á Höfn í Hornafirði. Námsbrautir á hverjum stað um sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Egilsstaðir	abc	ab	ab	a
Neskaupstaður	abc	bc	c	—
Eskifjörður	ab	—	—	—
Höfn	abc	—	—	—

Egilsstaðir ..... Miðstöð svæðisins. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b. 1. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	35	50	50	50
b)	42	44	41	—
c)	24	—	—	—

Neskaupstaður ..... Nemendur úr kaupstaðnum og af öllu svæðinu á sviði c. 1.—3. árs nám á brautum c. 1.—2. árs nám á brautum b 1. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár
a)	9	—	—
b)	21	25	—
c)	41	63	50

Eskifjörður ..... Nemendur úr kaupstaðnum og frá Reyðarfirði. 1. árs nám á brautum a og b. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	9
b)	10

Höfn ..... Nemendur úr A-Skaftafellssýslu. 1 árs nám á brautum a., b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	10
b)	11
c)	11

F.6 Suðurland.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Selfossi, þar sem sameinað yrði í einni stofnun iðnskóli og það framhaldsnám sem nú er við gagnfræðaskólann þar. Yrði námið fyrst um sinn rekið í tengslum við gagnfræðaskólann en í sérstakri stofnun þegar fram í sækir og fjöldi nemenda vex. Í Vestmannaeyjum er gert ráð fyrir námi sem miðast fyrst og fremst við nemendur úr kaupstaðnum.

Á Laugarvatni er miðað við að menntaskóli, héraðsskóli og húsmæðraskóli verði sameinaðir í eina stofnun sem annaðist allt framhaldsnám á staðnum, að frátöldu námi íþróttakennara, sbr. bls. 58.

Þá er gert ráð fyrir að í Skógum verði námsaðstaða fyrir nemendur úr V-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu á fyrsta ári framhaldsskólans á brautum a og b.

Auk framangreindra skóla er á þessu svæði Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi, sem sérstöðu hefur vegna mjög sérhæfðra verkefna.

Námsbrautir á hverjum stað um sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Selfoss	abc	abc	abc	a
Skógar	ab	—	—	—
Vestmannaeyjar	abc	abc	bc	—
Laugarvatn	abc	ab	ab	a

Selfoss ..... Miðstöð svæðisins. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	38	37	37	37
b)	46	44	26	—
c)	77	74	59	—

Skógaskóli ..... Nemendur úr V-Skaftafellssýslu og hluta Rangárvallasýslu. 1. árs nám á brautum a og b. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	17
b)	20

Vestmannaeyjar .... Nemendur úr kaupstaðnum. 1.—2. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár
a)	23	18	—
b)	27	23	14
c)	28	23	18

Laugarvatn ..... Nemendur úr uppsveitum Árnessýslu og víðar af Suðurlandi. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og 1. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	20	23	44	41
b)	24	28	17	—
c)	13	—	—	—

F.7 Reykjanesumdæmi að undanskildu Seltjarnarnesi, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi.

Keflavík ..... Nemendur af Suðurnesjum. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	62	50	50	50
b)	74	62	37	—
c)	74	62	50	—

Hafnarfjörður ..... Nemendur úr Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	60	66	66	66
b)	72	60	49	—
c)	98	82	66	—

Garðabær ..... Nemendur úr kaupstaðnum og Bessastaðahreppi. 1. og 2. árs nám á brautum b og 1. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	22	—
b)	26	22

Kópavogur ..... Nemendur úr kaupstaðnum. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	64	51	51	51
b)	76	63	38	—
c)	76	63	50	—

F.8 Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppur.

Reykjavík ..... 1.—4. árs nám á öllum brautum. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	424	339	339	339
b)	508	421	253	169
c)	508	421	337	169

Fylgiskjal.

FUNDUR
um námskipan á framhaldsskólastigi
8. og 9. október 1976.

Dagana 8. og 9. október 1976 gekkst menntamálaráðuneytið fyrir fundi um námskipan á framhaldsskólastigi í húsnæði Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Eftirtaldir tóku þátt í fundinum:
Vilhjálmur Hjálmarsson, menntamálaráðherra
Birgir Thorlacius, ráðuneytisstj., menntamálaráðun.
Indriði H. Þorláksson, menntamálaráðun.
Árni Gunnarsson, menntamálaráðun.
Friðrik Gíslason, Hótel- og veitingaskóli Íslands
Ásmundur Guðmundsson, Félag menntaskólakennara
Hörður Ágústsson, Myndlista- og handíðask. Ísl.
Guðmundur Sveinsson, Fjölbrautask. Breiðholti
Kristbjörg Þórðardóttir, Sjúkraliðask. Íslands
Steinunn Ingimundardóttir, Húsmæðrask. Varmalandi
Ingibjörg R. Magnúsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.
Torfi Ásgeirsson, menntamálaráðun.
Jónas Jónsson, Búnaðarfél. Íslands
Björgvin Þór Jóhannsson, Vélskóli Íslands
Óli Þ. Guðbjartsson, Gagnfr.sk. á Selfossi
Ólafur Jens Pétursson, Tækniskóli Íslands
Bjarni Kristjánsson, Tækniskóli Íslands
Steinar Steinsson, Iðnsk. Hafnarfjarðar
Helgi Þorláksson, Vogaskóli, Reykjavík
Sigríður Valgeirsdóttir, Kennaraháskólinn
Kristján Bersi Ólafsson, Flensborgarskóli
Kristján Thorlacius, Vörðuskóli
Björn Bjarnason, M.T.
Jóhann S. Hannesson, M.H.
Benedikt Sigvaldason, Héraðssk. Laugarvatni
Svavar Lárusson, Framhaldsdeildir Samvinnuskólans
Valdimar Hergeirsson, Verslunarskóli Íslands
Magnús Jónsson, Fél. skólastjóra gagnfræðastigsins

Halldór Guðjónsson, Háskóli Íslands
Ólafur H. Guðmundsson, Iðnráð Reykjavíkur
Andri Ísaksson, Háskóli Íslands
Gunnar Guttormsson, iðnaðarráðuneyti
Sveinn Sigurðsson, Iðnsk. í Reykjavík
Óskar Guðmundsson, Iðnfræðsluráð
Björn Halldórsson, samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga
Ölvir Karlsson, samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján J. Gunnarsson, Fræðsluskrifst. Reykjavíkur
Örn Bjarnason, skólayfirlæknir
Guðný Helgadóttir, menntamálaráðun.
Stefán Ól. Jónsson, menntamálaráðun.
Hörður Lárusson, menntamálaráðun.
Þuríður Kristjánsdóttir, Kennaraháskóli Ísl.
Ingibjörg Helgadóttir, form. Hjúkrunarfél. Ísl.

Menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, flutti ávarp. Hann gat um undirbúning laga um grunnskóla, svo og framhaldsstarfið s. s. setningu reglugerða og endurskoðun námsefnis. Þá drap hann á ýmis atriði varðandi framhaldsskólastigið. Hann kvað þennan fund vera til að kynna frumtillögur þeirrar nefndar sem skipuð var til að fjalla um endurskoðun framhaldsskólastigsins. Að lokum þakkaði hann mönnum þátttökuna.


Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, var skipaður fundarstjóri og Guðný Helgadóttir, fulltrúi, ritari.

Hörður Lárusson, Stefán Ólafur Jónsson, Árni Gunnarsson og Indriði H. Þorláksson fluttu framsöguerindi og síðan voru almennar umræður. Verður hér gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í umræðunum svo og niðurstöðum starfshópa sem störfuðu síðari daginn.

ALMENNAR UMRÆÐUR OG FYRIRSPURNIR

Að loknum framsöguerindum hófust almennar umræður og fyrirspurnir. Fyrstur tók til máls Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands.

Hann dreifði mynd af tækniskólabraut sem breiðgötu á framhaldsskólastigi.


Fundur menntamálaráðuneytisins um
NÁMSSKIPAN Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
8. og 9. okt. 1976
Bjarni Kristjánsson
rektor
TÆKNISKÓLABRAUT,
breiðgata á framhaldsskólastigi
2ja ára verkskóli iðnaðarins
(eitt hraðferðarár fyrir stúdenta)
b) byggingasvið
r) rafmagnssvið
v) vélasvið
tæknir II
tæknir I
sveinspr.
Háskólastig
rgd
ubd
eðlissvið
önnur svið
stúd.
Ýmsar brautir
Iðnnám í mörgum greinum
Menntaskólar á mörgum svíðum

Bjarni sagðist vera hræddur við almenna skólanámið því að það kæmi til með að beina flestum inn á almenna bóknámsbraut. Hann sagðist vilja að nemendur gætu byrjað á sérnáminu strax að loknum grunnskóla. Hann sagði Tækniskóla Íslands vera að gera allt annað í tæknanámi en gert er ráð fyrir í tillögunum. Bjarni kvað ósamræmi vera á milli heildarmyndar og útfærðrar myndar af tæknanámi og óeðlilegt að ör visi úr tæknanámi inn á mitt ár tæknifræðináms.

Hörður Lárusson taldi það misskilning hjá Bjarna að 1. árið væri sama og 1. ár menntaskóla. Nefndin gerir ráð fyrir að nemendur geti farið beint inn í verknám en hún taldi rétt að veita nemendum rétt á kjarnanámi fyrst, vegna fagnáms síðar. Ef nemandi sleppir 1. ári er hætt við að örðugra verði fyrir hann að skipta um braut. Verknámsskóli getur alveg fallið að þessu skipulagi. Nefndin batt sig ekki við þann stofnunarlega ramma sem nú er.

Magnús Jónsson spurði hvort til væri nokkur áætlun um það hvenær tillögur eða lagafrumvörp verða lögð fram. **Menntamálaráðherra** sagði að svo væri ekki. Mikil vinna væri eftir og ná þyrfti sem víðtækastri samstöðu áður en farið væri með tillögurnar fyrir Alþingi til endanlegrar afgreiðslu. Nauðsynlegt væri að hafa á hraðar hendur en hann treysti sér ekki til að nefna ákveðinn tíma.

Jónas Jónsson sagðist skilja vel kerfið og hugsunina í heild en ýmislegt kæmi í ljós þegar einstök svið væru skoðuð. Nefnd sem samdi frv. til nýrra laga um búnaðarfræðslu lagði ekki til að búnaðarfræðsla félli undir menntamálaráðuneytið heldur undir landbúnaðarráðuneytið svo að viss tengsl við aðra þætti þess ráðuneytis rofnuðu ekki.

Jónas taldi hæfilegt að hafa 3—4 búnaðarskóla. Hann sagðist ekki geta fellt sig við orðið búsýsla. Jónas benti á að tengsl vantaði við höfuðatvinnuvegina í 17. gr. í tillögum nefndarinnar.

Stefán Ól. Jónsson kvað gæta misskilnings hjá mönnum með 1. árið. Almenna námsárið er sett sem undirstaða fyrir sviðin til að dýpka þekkingu nemenda í almennum greinum. 16 st. er varið í almennu greinarnar en á móti kæmu sérgreinarnar.

Óli Þ. Guðbjartsson sagðist ánægður með það hversu langt verkið væri komið. Hann fjallaði um þátt sveitarfélaga í kostnaði vegna framhaldsskólastigs. Nú er allur kostnaður framhaldsskólastigs greiddur af ríkinu nema lög um fjölbrautaskóla gera ráð fyrir 40% kostnaðarhluta sveitarfélaga. Lítil sveitarfélög ráða ekki við það.

Ingibjörg Magnúsdóttir taldi minni kröfur vera gerðar um almenna menntun áður en hjúkrunarnám hæfist og spurði hverju það sætti.

Stefán Ól. Jónsson sagði tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir eins árs lengra hjúkrunarnámi en gildandi lög um hjúkrunarnám kveða á um og hliðstæðar inntökukröfur eru gerðar, þótt nemendur með meiri menntun hefðu setið fyrir við inntöku í skólana. Nefndin taldi eðlilegt að framhaldsnám í hjúkrunarfræði á háskólastigi og tæknifræði tækju við af hjúkrunarnámi á framhaldsskólastigi.

Helgi Jónasson lýsti fylgi sínu við megintillögur nefndarinnar. Hann kvað mjög brýnt að koma á samræmdri löggjöf um framhaldsskóla. Helgi sagðist telja rétt að reka framhaldsskóla saman af ríki og sveitarfélagi því að það skapaði samábyrgð. Helgi sagðist ekki vilja styðja það að sveitarfélög eða ákveðnir atvinnuhópar stæðu einhliða að skóla. Skipulag skólakerfisins þarf að vera í einu ráðuneyti. Þá taldi hann námsráðgjöf mikilvæga til að stýra streymi í framhaldsskóla.

Halldór Guðjónsson taldi ýmis nýmæli vera í tillögunum sem fengju Háskóla Íslands erfið verkefni til að leysa. Halldór varaði við þeirri vinnuaðferð að byrja á flæðiritum með auðum reitum sem á eftir að fylla. Þá sagði hann að menntun ætti að hafa gildi í sjálfri sér en ekki að vera eingöngu bundin við þarfir.

Ingibjörg Magnúsdóttir sagði að misskilnings gætti í uppbyggingu hjúkrunarnámsins, þ. e. að nemendur af hjúkrunarbraut fari úr einu grunnnámi inn á annað í háskóla. Nefnd, sem fjallaði um hjúkrunarnám, gerði auknar kröfur um inntökuskilyrði í hjúkrunarnám.

Bjarni Kristjánsson sagðist ekki vilja kannast við að hafa misskilið nefndarmenn og tillögur þeirra.

Kl. 19 var fundi frestað til næsta dags en þá störfuðu starfshópar.

Niðurstöður starfshópa.

1. Starfshópur:

Guðmundur Sveinsson, skólameistari
Halldór Guðjónsson, kennslustjóri
Helgi Þorláksson, skólastjóri
Hörður Ágústsson, listmálari
Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri
Kristján Thorlacius, yfirkennari
Magnús Jónsson, skólastjóri
Ólafur Jens Pétursson, tækniskólakennari
Sigríður Valgeirsdóttir, prófessor
Sveinn Sigurðsson, skólastjóri

Hópurinn fjallaði um **Tengsl grunnskóla — framhaldsskóla — háskóla.**

Bent var á eftirtalin atriði til umræðu:

a) Vitnisburðir. Er unnt að nota sömu viðmiðun við námsmat í framhaldsskólum og grunnskólum?
b) Á að gefa vitnisburði í bókstöfum, tölum eða á annan hátt?
c) Er nauðsynlegt að takmarka fjölda nemenda inn á einstakar brautir framhaldsskólans? Ef svo er, hvaða aðferðum á þá að beita?
   Ef inntaka nemenda er án skilyrða, hvaða afleiðingar hefur það í för með sér a) stjórnunarlega?, b) fjárhagslega?
d) Hvernig á að mæta mismunandi undirbúningi nemenda úr grunnskóla? (Mismunurinn getur t. d. orsakast af ólíkri námsgetu og ólíku vali nemenda í 9. bekk).
e) Mikill hluti námsbrauta á framhaldsskólastigi er 3 ár. Er rétt að stefna að því að framhaldsskólinn verði þriggja ára skóli?
f) Sama og c-liður fyrir Háskólann.
g) Hvaða áhrif hefur skipulagsbreyting framhaldsskólans á Háskólann? (Mótast e. t. v. nokkuð af niðurstöðum e-liðar).

Niðurstöður:

a-liður.

Sömu meginhugmyndir ættu að liggja til grundvallar námsmati í grunnskóla og framhaldsskóla. Hópurinn var ekki sammála um að framhaldsskólarnir ættu að fallast á að taka gilt námsmat grunnskóla. Sumir töldu að þriðji aðili ætti að bjóða upp á námsmat og gætu framhaldsskólar miðað við dóm hans.

b-liður.

Hópurinn taldi eðlilegt að taka upp einfaldari einkunnaskala en 1—10, t. d. helminga skalann og nota bókstafi frekar en 1—5.

c- og d-liður.

Hópurinn bætti spurningu við c-liðinn: Á framhaldsskólinn að vera opinn eða lokaður? Flestir litu svo á að hann væri opinn, þ. e. brautir fyrir alla. Hópurinn

fjallaði um aðferðir sem hægt væri að beita ef takmarka þyrfti fjölda nemenda inn á einstakar brautir. Norðmenn beita þrenns konar aðferðum:

a) einkunn
b) aldri
c) starfsreynslu.

Hópurinn taldi rétt að beita öllum aðferðunum. Aldurinn skiptir þar mestu máli. Meðaleinkunn ætti ekki alfarið að ráða og meðaleinkunn ætti ekki að gilda upp úr grunnskóla. Einkunnir í eistökum greinum giltu inn í framhaldsskólann. Hópurinn lagði ríka áherslu á stóraukna ráðgjöf — náms- og starfsráðgjöf — og tryggja þyrfti að þetta yrði meira en orðin tóm.

Framhaldsskólanefndin óskaði eftir svari við því hvort það ættu að vera einhverjir aðilar sem hefðu áhrif á takmörkun inn á brautir framhaldsskólans, s. s. meistarasamtök. Hópurinn treysti sér ekki til þess að svara þessu. Hópurinn taldi æskilegt að gerðar yrðu einhverjar ráðstafanir til að gera nemendum, sem hefðu litla námsgetu, mögulegt að fara inn á ýmsar brautir með námskeiðum eða sérstökum bekkjum.

e-liður.

Hópurinn var sammála um að stefna bæri að 3ja ára framhaldsskóla. Ákveðnar marklýsingar fylgdu tímamörkunum til upplýsingar. Markmið eru nú oft mjög óljós.

f- og g-liður.

Halldór Guðjónsson lýsti því sem sinni skoðun að Háskólinn stefndi ekki að takmörkun. Háskólinn ætti að gefa mönnum, sem ekki hefðu nægilegan undirbúning, tækifæri til að afla hans í Háskólanum. Háskólinn tæki alla sem óskuðu inngöngu og hefðu lokið framhaldsskóla. Háskólinn er rannsóknar- og vísindastofnun og þangað ættu allir að eiga kost á að komast. Líta ætti á allt skólakerfið sem eina heild og koma í veg fyrir skil á milli skyldunáms, framhaldsskóla og háskóla.

2. starfshópur.

Ásmundur Guðmundsson, menntaskólakennari
Bjarni Kristjánsson, rektor
Friðrik Gíslason, skólastjóri
Gunnar Guttormsson, fulltrúi
Jóhann S. Hannesson, menntaskólakennari
Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri
Valdimar Hergeirsson, viðskiptafræðingur
Þuríður J. Kristjánsdóttir, prófessor

Hópurinn fjallaði um **Námsefni, námseiningar.**

Bent var á eftirtalin atriði til umræðu:

a) Framhaldsskólanefnd hefur gert ráð fyrir að skipta öllu námsefni á framhaldsskólastigi í skilgreindar einingar þar sem ein eining samsvari 2 st. á viku í eina önn.

Hverjir eru kostir þessa og ókostir?
Er önnur viðmiðun (2 st.) heppilegri?
Er unnt að nota sömu viðmiðun bæði um bóklegt og verklegt nám?

b) Hvað eru miklir möguleikar á skörun milli námsbrauta? (Ath. sérstaklega einstök námssvið).

Er raunhæft að hafa sameiginlegan kjarna fyrir alla nemendur á 1. ári framhaldsskólans?

c) Hvernig á að haga sérhæfingu í námi?

Á t. d. að gera ráð fyrir að nemandi geti lokið sérhæfðu námi á tiltölulega skömmum tíma að loknu grunnskólanámi á kostnað almenna námsins?
Hvað með námsbrautir sem til þessa hafa sett tiltekið aldurslágmark sem inntökuskilyrði?

d) Hvaða almennar námsgreinar eiga að vera í framhaldsskólanum?

e) Hvert er hæfilegt hlutfall milli sérhæfðs náms og almenns náms á 1. ári? 2. ári? 3. ári? 4. ári?

f) Kennsluskipan. Er raunhæft að miða alfarið við að komið verði á áfangakerfi, sbr. M. H. eða á að miða við afmarkaðar námsbrautir í bundnu formi en þó með tiltölulega greiðum samgangi á milli brauta?

Er unnt að koma við meiri sveigjanleika í bekkjarkerfinu en almennt er viðurkennt?
Hvaða önnur afbrigði er hægt að hugsa sér?

g) **Verklegt nám.** Verklegt nám í skóla, á vinnustöðum.

h) Skipan námsbrauta, sbr. skipurit framhaldsskólanefndar.

Niðurstöður:

Hópurinn komst að því að þörf væri á hugarfarsbreytingu varðandi verknám og forgangur bóknáms hyrfi.

a-liður.

Hópurinn taldi það kost að skipta námsefninu í einingar en skilgreina þyrfti vel hvað átt er við með einingu. Sama viðmiðun verði notuð fyrir bóklegt og verklegt nám þar sem bóklegt nám í skóla + heimavinna = verklegt nám í skóla = verklegt nám + heimavinna. Mæld er sú vinna sem nemandinn leggur í námið.

b-liður.

Í nefndarálitinu kemur óbeint fram að sumar brautir almenna bóknámssviðsins falla saman við aðrar brautir framhaldsskólans. Hópurinn ræddi þetta atriði ekki rækilega þar sem námskrár eru forsenda þess að hægt sé að bera saman brautir.

c-liður.

Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að sameiginlegur kjarni fyrir alla nemendur á 1. ári væri óþarfur þar sem hann mundi óhjákvæmilega felast í hverri braut. Í umræðum kom fram að rangt væri að hafa kjarna þar sem nemendum ætti að vera frjálst að velja sér einingar til viðbótar sérnáminu. Einingarnar yrðu metnar þó að þær féllu ekki inn í skyldunámið, ef nemendur flyttust á milli brauta því að ekkert væri í framboði skólans sem væri einskisvert — allt væri menntun í sjálfu sér.

Sumir höfðu áhyggjur af að láta nemendur velja um braut 16 ára en það væru óþarfa áhyggjur ef engar blindgötur væru í kerfinu.

Hópurinn reyndi að komast að því hvers vegna kjarninn væri settur og taldi hann það vera til að tryggja að menntun nemenda væri ekki of þröng, þ. e. minna

bóknám → þrengri menntun. Eitt af verkefnum framhaldsskólans væri að ganga að þessu sjónarmiði dauðu.

Hugtökin almennt nám og sérhæft nám, verknám og bóknám eru mjög óljós og byggð á rangri tvískiptingu. Þau þarfnast endurskoðunar.

Nauðsynlegt virðist að hafa aldurslágmark inn á vissar námsbrautir eða lágmarksaldur til að fá starfsréttindi. Nemendur gætu notað tímann eftir grunnskólann til að læra hvað sem er.

f-liður.

Hópurinn ræddi þessa spurningu lítið en álit hópsins hefði sennilega orðið að áfangakerfi væri vert allrar umhugsunar.

g-liður.

Hópurinn taldi að æskilegasta fyrirkomulagið væri að skólinn sæi um grunnmenntunina en frekara nám og þjálfun færi fram á vinnustöðunum. Tryggja þyrfti að nám færi fram á vinnustöðunum, t. d. með eftirliti, milliprófum, viðtölum.

Verkmenntun þyrfti að hefja á hærra stig en það yrði ekki gert nema í hugum almennings.

3. starfshópur:

Benedikt Sigvaldason, skólastjóri
Björgvin Þ. Jóhannsson, tæknifræðingur
Helgi Jónasson, fræðslustjóri
Kristbjörg Þórðardóttir, skólastjóri
Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri
Ólafur Ásgeirsson, menntaskólakennari
Óli Þ. Guðbjartsson, skólastjóri
Steinar Steinsson, tæknifræðingur
Svavar Lárusson, kennari
Ölvir Karlsson, oddviti

Hópurinn fjallaði um **Framkvæmdir.**

Bent var á eftirtalin atriði til umræðu:

a) Hvaða athuganir **tölfræðilegar og aðrar** þarf að gera áður en framkvæmdir hefjast? Hvaða upplýsinga þarf að afla?

Fjöldi nemenda á einstökum námsbrautum nú?
Þarf að meta mikilvægi námsbrauta m. t. t. eftirspurnar og fyrirsjáanlegrar þróunar?
Þarf að draga upp ítarlega mynd af þeim stofnunarlega ramma sem nú er fyrir hendi?

b) Hver eru lágmarksskilyrði fyrir stofnun einstakra brauta? (Skilgreining á námsbraut).

c) Hvernig er best að aðlaga núverandi stofnanir breyttum starfsháttum?
Á að byrja framkvæmdir á afmörkuðum sviðum (námsbrautum) eða byggja kerfið upp í heild frá grunni og ætla þeim mun lengri tíma til undirbúnings?

d) Hvernig nýtast núverandi stofnanir í þessu kerfi?

e) Hvað á að dreifa náminu mikið?

Hvaða þættir hafa mest að segja í þessu efni?

f) Hugmyndir um forgangsröð verkefna.

g) Hvaða aðilar eiga að annast framkvæmdir?

h) Stjórnun framkvæmda.

Niðurstöður:

Hópurinn gaf sér þá forsendu að allir væru sammála stofnun sameinaðs framhaldsskóla.

a-liður.

Hópurinn fjallaði um hvert væri markmið náms í framhaldsskóla og taldi hann það bæði vera hagnýta menntun og menntun menntunarinnar vegna.

Hópurinn taldi rétt að taka tillit til hins hagnýta og því væri æskilegt að nemendur gætu snúið sér að sérhæfðu námi strax. Kjarninn rynni inn í sérnámið. Frekari menntun yrði veitt með símenntun innan framhaldsskólastigsins.

Hópurinn taldi að athuga þyrfti hvers atvinnulífið á hverjum stað krefðist og hvernig það gæti komið inn í myndina. Þegar niðurstöður lægju fyrir yrði hinn stofnunarlegi rammi settur. Í sumum greinum væri aðeins hægt að bjóða nám á einum stað.

Sú hugmynd kom fram að nota flytjanleg verkstæði sem flutt yrðu um landið.

Þar sem kröfur eru alltaf að breytast er erfitt að setja ákveðið stefnumark í námi. Í sérhæfðu námi þyrfti að vera visst grunnnám. Þar sem aldrei er hægt að ætlast til að skólinn veiti fullkomna menntun taldi hópurinn að símenntun þyrfti að koma til.

b-liður.

Hópurinn taldi að setja þyrfti upp módel af skólunum í fræðsluumdæmunum. Út frá því væri hægt að ákveða lágmarksfjölda nemenda. Reyndar væri um pólitíska ákvörðun að ræða, þ. e. sinna dreifbýli með fáa nemendur.

Skipuleggja mætti námið í einingum og nokkrir skólar í fræðsluumdæminu mynduðu braut. Námið í skólunum þarf að fylgjast að í tíma. Einnig væri hægt að hugsa sér námskeið þar sem námseiningu yrði lokið í einni lotu.

c-liður.

Hópurinn taldi rétt að aðlaga núverandi stofnanir breyttum starfsháttum og helst strax. Að loknu þessu skólaári, þegar 4. bekkur gagnfræðastigsins hverfur, þarf framhaldsskólastigið að taka við. Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna gætu verið byrjunin en fjölga þyrfti brautum.

Undirbúningsvinna s. s. skipulagning námsins og námsbrautanna krefst verulegs fjár. Margir þyrftu að leggja hönd á plóginn. Menntamálaráðuneytið stjórnaði verkinu. Samráð yrði haft við atvinnulífið, sem legði fram tillögu um inntak.

Nemendur þurfa að eiga kost á menntun menntunarinnar vegna þegar þeir eru reiðubúnir til þess.

d-liður.

Í Reykjavík er ætlunin að losa gagnfræðaskóla fyrir framhaldsskóla en byggja við grunnskóla. Sérskólar fengju það hlutverk að stýra þeim þáttum sem sneru að þeim, sbr. menntaskólar hafa fylgst með menntadeildum við gagnfræðaskólana. Iðnskólinn í Reykjavík gæti t. d. einn veitt námslok í sumum erfiðum greinum en skipulagt neðri stig í dreifbýli — verið nokkurs konar móðurskip. Í dreifbýli er víða skortur á húsnæði.

g-liður.

Um þennan lið voru menn ekki á eitt sáttir. Sú hugmynd kom fram að grunnskólinn yrði á kostnað sveitarfélaga en ríkið kostaði framhaldsskóla. Svipuð skipting yrði viðhöfð og í grunnskólalögunum en menn voru sammála um að þá þyrfti tekjuskipting að breytast. Sú hugmynd kom fram að ríkið sæi um námsáætlanir og kennaralaun en sveitarfélög um byggingar og rekstur en það kallar á auknar tekjur sveitarfélaga.

Hópurinn komst ekki að endanlegri niðurstöðu í þessu máli en taldi að hrein verkefnaskipting með sameiginlegri ábyrgð væri besta lausnin.

4. starfshópur:

Andri Ísaksson, prófessor
Björn Bjarnason, rektor
Björn L. Halldórsson, skrifstofustjóri
Guðmundur Einarsson, verkfræðingur
Ingibjörg Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur
Jónas Jónsson, ritstjóri
Ólafur H. Guðmundsson, húsgagnasmiður
Kristján Bersi Ólafsson, skólameistari
Örn Bjarnason, skólayfirlæknir

Hópurinn fjallaði um **Löggjöf um samræmdan framhaldsskóla.**

Bent var á eftirtalin atriði til umræðu:

Tekin verði til sérstakrar athugunar drög að frumvarpi til laga um framhaldsskóla.

Niðurstöður:

Hópurinn ræddi um síðustu grein frumvarpsins um gildistöku laganna. Honum fannst eðlilegast að lögin öðluðust þegar gildi en ákvæði yrði um hvenær einstök atriði kæmu til framkvæmda.

Sú tillaga kom fram að sett yrðu almenn rammalög en sérstök lög um ýmsar stofnanir.

Hópurinn taldi rétt að formleg ákvörðun um stefnumörkun lægi fyrir og benti á þingsályktunartillögu eða lög um undirbúning framhaldsskóla án smáatriða.

Rætt var um skóla sem falla undir önnur ráðuneyti en menntamálaráðuneytið og taldi hópurinn rétt að sem flestir skólar féllu undir menntamálaráðuneytið. Þó að svo væri ekki gætu skólarnir fallið undir heildarlöggjöf.

Hópurinn lagði áherslu á að ákveða þyrfti nánar um gildistökuna í lagasetningu. Einnig hvernig yfirstjórn flyttist milli stofnana.

Hópurinn fjallaði um fáar greinar beint og valdi þær sem væru mikilvægastar.

1. gr.:
Rætt var um heitið framhaldsskóli. Tillaga kom fram um miðskóla, þ. e. grunnskóli, miðskóli, háskóli, en hún fékk ekki hljómgrunn.

2. gr.:
Í markmiðsgrein þyrfti að ákvarða nánar að framhaldsskólinn ætti að fullnægja þörfum hvers tíma.

4. gr.:
Ábending kom fram um að fullnægja þyrfti tilteknum skilyrðum til að komast inn á ákveðnar brautir, t. d. tækju búnaðarskólar sveitaunglinga beint en kaupstaðarunglingar þyrftu að fara í sveit áður. Talið var hægt að sleppa seinni hlutanum.

5. gr.:
Hópurinn taldi rétt að telja upp þau námssvið sem gert er ráð fyrir í tillögunum en hafa upptalninguna samt ekki tæmandi svo að menntamálaráðuneytið hefði heimild til að fjölga námssviðum.

17. gr.: (16. gr. í frumv.)
Hópurinn fjallaði ítarlega um þessa grein og kom strax fram sú efasemd að framhaldsskólaráð kæmi ekki að öllu leyti að gagni. Erfitt og viðkvæmt væri að ákveða hverjir skyldu eiga sæti í því og hverjir ekki og ekki víst að tengsl við atvinnulífið væru tryggð.

Samhljóða niðurstaða hópsins var að fella framhaldsskólaráð niður en halda í þess stað framhaldsskólaþing með nokkru millibili.

Hópurinn taldi námssviðsnefndirnar eiga fullan rétt á sér og þær bæri að efla. Ytri aðilar þyrftu að eiga sæti í þeim. Formaður væri skv. tilnefningu aðila utan skólakerfisins en ritari tilnefndur af ráðuneytinu.

VIII. kafli.

Þeir skólar sem væru mjög sérhæfðir og starfræktir á einum stað yrðu ríkisskólar.

Hópurinn taldi að menntamálaráðuneytið hefði forgöngu um að koma sameinuðum framhaldsskóla á en til þess þyrfti aukið starfslið í menntamálaráðuneytinu.

Almennar umræður.

Andri Ísaksson.

Andri gat þess að tveir í 4. starfshópi teldu fulla nauðsyn á ákvæði í lögunum sem heimilaði stýringu nemenda inn á ákveðnar brautir. Það gæti talist þjóðhagsleg nauðsyn á hverjum tíma að stýra nemendum inn á vissar brautir og þá með einhverri hvatningu en fyrst og fremst með ráðgjöf. Ef ytri hvatning dygði ekki þá kæmi til stýring frá skólunum m. a. með námshröðun.

Andri fagnaði því að þessi ráðstefna skyldi hafa verið haldin. Hann benti á að nauðsynlegt væri að ræða tillögurnar við ýmsa aðila s. s. stjórnmálamenn. Þegar þróunarhraðinn væri mikill þá væri samráð og samtöl við ýmsa aðila mjög þýðingarmikil.

Hörður Lárusson.

Hörður þakkaði mönnum fyrir þátttökuna í ráðstefnuninni og ýmsar ábendingar sem væru nefndinni gagnlegar. Hann gat þess að nefndin mundi nú endurskoða álitsgerðina sem síðan yrði gefin út og dreift til umsagnar. Að lokum sleit hann ráðstefnuninni um kl. 18.00.

Reykjavík, 18. október 1976.

Guðný Helgadóttir.

Nd. 470. Nefndarálit [159. mál]

frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og fengið umsagnir margra aðila um það.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1977.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Sverrir Hermannsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
Garðar Sigurðsson.	Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Ed. 471. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Stjórn innkaupastofnunarinnar skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar og tekur lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir. Fjármálaráðherra skipar formann stjórnar til eins kjörtímabils í senn.

Forstöðumaður stofnunarinnar skal skipaður af fjármálaráðherra að fengnum tillögum stjórnar.

Að öðru leyti skal starfssvið stofnunarinnar ákveðið með reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að starfsemi innkaupastofnunar ríkisins hefur sætt nokkurri opinberri gagnrýni á liðnum árum. Skoðanir hafa verið skiptar um sum þeirra atriða, sem gagnrýnd hafa verið, en um önnur hefur ekki þurft að deila. Með lögum nr. 63. frá 1970 eru umsvif innkaupastofnunarinnar aukin verulega frá því sem eldri lög kváðu á um og margar veigamiklar ákvarðanir eru þar teknar um innkaup og framkvæmdir er snerta hagsmuni alþjóðar. Veltur því á miklu að starfsemi stofnunarinnar og ákvarðanir, er hún tekur, séu í fullu samræmi við vilja þings og þjóðar. Mun láta nærri að vörusala stofnunarinnar og verksamningar, er hún gerði á síðasta ári, nemi nálægt fjórum milljörðum króna samtals.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að Alþingi kjósi sjálft stjórn stofnunarinnar og tryggi með því að stefnu þess sé fylgt í öllum meiri háttar málum er stofnunin á ákvörðunarvald í og að þess sé jafnan gætt að starfseminni sé gert að fylgja viðteknum viðskiptavenjum.

Ed. 472. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og voru þrír þeirra sameiginlegir með samgöngunefnd Nd. Á tveimur þeirra mætti nefnd sú, sem unnið hafði að samningu frv. og sagt er frá í athugasemdum þess. Gerðu nefndarmenn ítarlega grein fyrir breytingum á skipulagi pósts og síma, sem unnið hefur verið að og felast í frv. Á þriðja fund nefndarinnar komu formenn starfsmannafélaga pósts og síma, þeir Ágúst Geirsson, form. Félags ísl. símamanna, Björn Björnsson, form. Póstmannafélags Íslands, og Gylfi Már Jónsson, form. Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna, og skýrðu þeir frá viðhorfi starfsmanna pósts og síma til frv. Að beiðni nefndarinnar sendu þeir síðar skriflega greinargerðir um afstöðu starfsmannafélaganna til málsins. Er þar mælt með þeirri heildarstefnu, sem fram kemur í frv., en gerðar athugasemdir við nokkur einstök atriði. Hefur samgöngunefnd reynt að taka tillit til sumra þeirra og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

Samgöngunefnd mælir með samþykkt frv. með þeim breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Stefán Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson skrifa undir nefndarálitið með þeim fyrirvara, að þeir muni flytja breytingartillögu við það. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Alþingi, 19. apríl 1977.

Jón Helgason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Stefán Jónsson, með fyrirvara.
Eggert G. Þorsteinsson, með fyrirvara.	Steinþór Gestsson.	Ingiberg J. Hannesson.

Ed. 473. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Síðustu setningar 4. gr.: „upp að tilteknu launamarki, enda sé við val starfsmanna gætt sömu reglna og um hærra launaðar stöður“ falli niður.
2. Í 3. tl. 6. gr. falli orðin „skóla og“ niður, og í stað orðanna „rekstur mötuneyta“ komi: umsjón mötuneyta.
3. Aftan við 8. gr. komi: Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.

Ed. 474. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu pósts og síma.

Frá Stefáni Jónssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

1. gr. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs, á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, sjö menn í stjórn póst- og símamálastofnunarinnar og aðra sjö til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi hinna kjörnu aðalmanna. Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna. Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar.

Ed. 475. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Aðalkjarasamningur skal gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára, miðað við mánaðamót. Gildistökutími skal ákveðast í kjarasamningi.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endur-

skoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Gagnaðili skal innan viku frá móttöku bréfanna hafa tekið skriflega afstöðu til þeirra. Náist ekki samkomulag innan tveggja vikna frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan fjögurra vikna frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Aðili, sem segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum tillögur um nýjan aðalkjarasamning og megintillögur um sérkjarasamninga. Samningaviðræður skulu þegar uppteknar. Gagnaðili skal innan þriggja vikna frá uppsögn samninga hafa tekið skriflega afstöðu til tillagna að nýjum aðalkjarasamningi og innan sex vikna til megintillagna að nýjum sérkjarasamningum.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningaumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar 3 vikur uppsagnarfrests eru liðnar, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komist á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Sáttasemjari ríkisins skal kveða tvo menn sér til aðstoðar við sáttastarfið. Menn þessir hafi réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

5. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd að liðnum sex vikum uppsagnarfrests, og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðilar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Deila um sérkjarasamninga skal ganga til Kjaradóms að liðnum átta vikum uppsagnarfrests, og skulu þá aðilar senda Kjaradómi greinargerð um málið.

Aðilar geta vísað kjaradeilu til Kjaradóms fyrr á stigi máls en í 1. og 2. málsgr. segir, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðila, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.

6. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur tekur kjaradeilu til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sátta en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

7. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.

Hafi náðst samkomulag um aðalkjarasamning en ekki sérkjarasamninga, skal ágreiningsefnum um þá samninga vísað til Kjaradóms. Um málsmeðferð alla skal fara eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á.

Sérkjarasamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 22. gr.

8. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins.

9. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Í dómi Kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skal koma til framkvæmda, og gildir hann í tvö ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

Dómur bindur aðila á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessara, sbr. II. kafla.

10. gr.

24. og 25. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi ný 24. gr. svohljóðandi:

Kjaradómur sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðila um:

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaradómi, sbr. 3. málsgr. 3. gr. og 6. gr.

11. gr.

29. gr. laganna, sem verði 28. gr., orðist svo:

Nú er sett á fót ný ríkisstofnun, og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarfélaga viðurkenndra heildarsamtaka, sem í hlut eiga.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðila, skal Kjaradómur skera úr deilunni. Sama gildir, ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

12. gr.

31. gr. laganna, sem verði 30. gr., orðist svo:

Kostnaður við Kjaradóm, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðalkjarasamningi milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalags háskólamanna, sem undirritaður var 9. desember 1975, er heimilt að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. nóvember 1977. Jafnframt falla úr gildi allir sérkjarasamningar, sem byggðir eru á aðalkjarasamningi þessum. Um gerð nýrra samninga fer eftir ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 46/1973, sbr. lög nr. 35/1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, gilda nú í reynd aðeins um kjör þeirra ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í þeim samtökum, sem mynda Bandalag háskólamanna. Heildarendurskoðun og samræming á kjarasamningakerfi ríkisins hefur enn ekki farið fram og virðist eiga nokkuð langt í land. Talið var því nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 46/1973 og heimila Bandalagi háskólamanna að segja upp gildandi kjarasamningum fyrr en ákvæði þeirra segja til um. Breytingartillögurnar eru gerðar í samráði við stjórn BHM og leggur hún mikla áherslu á, að þær verði samþykktar á þessu þingi.

Um 1. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á 7. gr. laganna, að upphaf gildistíma kjarasamnings verði ákveðið í kjarasamningnum sjálfum, en gildistíminn verði áfram tvö ár.

Reglur um endurskoðun kjarasamnings á gildistíma verði óbreyttar að öðru leyti en því, að frestir verði styttir og gagnaðili skyldaður til að taka skriflega afstöðu til krafna.

Um 2. gr.

Uppsagnarfrestur er styttur úr fjórum mánuðum í þrjá.

Um 3. gr.

Lagt er til, að tillögur að nýjum aðalkjarasamningi og megintillögur að sérkjarasamningum fylgi uppsögn og gagnaðili verði að gefa skrifleg svör innan ákveðins tíma.

Um 4. gr.

Lagt er til, að frestur sé styttur um eina viku, og að sáttasemjari ríkisins kveðji tvo menn sér til aðstoðar við sáttastarfið.

Um 5. gr.

Frestur þar til kjaradeilu er vísað til Kjaradóms er styttur um tvær vikur.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að unnið sé að gerð sérkjarasamninga nokkuð jafnhliða gerð aðalkjarasamnings. Verði kjaradeilu um sérkjarasamning vísað til Kjaradóms, skal Kjaradómur leggja úrskurð á deiluna innan mánaðar frá lokum uppsagnarfrests. Þennan frest má þó lengja um einn mánuð með samkomulagi.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Lagt er til, að Kjaranefnd verði lögð niður og Kjaradómi falin verkefni hennar. Virðist þarflaust að hafa tvær stofnanir til að fjalla um þessi mál. Þetta mun að vísu auka nokkuð störf kjaradómsmanna en ætti samt eigi að vera til kostnaðarauka.

Um 11., 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Síðasti aðalkjarasamningur við BHM var undirritaður 9. desember 1975 og gilti frá 1. júlí 1976. Síðan hafa verið gerðar á þeim samningi smábreytingar. Samkvæmt lögum á samningur þessi að gilda til 1. júlí 1978. Hér er lagt til að heimilað verði að segja samningnum upp miðað við 1. nóvember 1977. Ástæður til þess eru meðal annars þær, að BSRB hefur þegar sagt upp kjarasamningum sínum. Þess er að vænta að samningar við þá aðilja takist í vor eða sumar, en þeir hafa verkfallsrétt.

Ed. 476. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Hún hefur fengið um það umsagnir og fengið sérfræðing dómsmálaráðuneytisins í umferðarmálum til sín til viðræðu um málið.

Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form.	Oddur Ólafsson, fundaskr., frsm.	Geir Gunnarsson.	Jón G. Sólnes.
Halldór Ásgrímsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 477. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Við 8. málsgr. 60. gr. laganna bætist:
   Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.

b. (3. gr.) Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:
Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

3. Við 2. gr. (verður 4. gr.). Greinin orðist svo:
Breytingar þessar á umferðarlögum taka gildi 1. jan. 1978.

Nd. 478. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Alþingi, 18. apríl 1977.

Pétur Sigurðsson, form.	Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm.	Tómas Árnason.
Garðar Sigurðsson.	Guðl. Gíslason.	Sighv. Björgvinsson.

Nd. 479. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Umsagnir um frv. bárust frá bæjarráði Siglufjarðar og Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði, sem mæla eindregið með samþykkt þess, svo og frá síldarútvegsnefnd, sem er jákvæð, að fullnægðum tilteknum atriðum.

Þórarinn Þórarinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Tómas Árnason.	Lúðvík Jósepsson.	Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 480. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 27. des. 1976, um breyt. á l. nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess.

Lúðvík Jósepsson skilar séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þórarinn Þórarinsson og Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 19. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. **481. Frumvarp til laga** [228. mál]

um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. til erlendra aðila.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Íslensku hluthöfunum í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. skal heimilt að selja breskum aðilum öll hlutabréf sín í félaginu, enda skuldbindi hinir bresku kaupendur sig til að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðuneytisins.

Íslenska matvælamiðstöðin hf. var stofnuð 1965 og var tilgangur félagsins upphaflega „að greiða fyrir kynningu og sölu íslenskra afurða og annarra íslenskra framleiðsluvara, m. a. með því að reka verslun og veitingastarfsemi".

Félagið hefur í raun aldrei rekið neina starfsemi hér á landi, heldur einungis veitingahús í London. Árið 1968 var helmingur félagsins yfirtekinn af bresku hlutafélagi, Angus Steak Houses Ltd., og einstaklingum á þess vegum. Tók það fyrirtæki við rekstrinum, sem fram til þess tíma hafði gengið mjög illa.

Síðan þetta gerðist hefur reksturinn gengið bærilega og fyrirtækið endurgreitt öll þau lán, sem hinir innlendu eigendur þess höfðu veitt því meðan það átti í rekstrarörðugleikum.

Nú er hins vegar ljóst orðið, að eina leið þessara eigenda til að fá aftur að einhverju leyti það fjármagn, sem upphaflega var lagt í fyrirtækið, er að selja það að fullu hinum bresku aðilum, enda er verðmæti fyrirtækisins nú eingöngu fólgið í frádráttarhæfni uppsafnaðs taps þess, sem eingöngu getur komið bresku fyrirtæki að gagni. Að auki rennur út á árinu 1979 leigusamningur um þá aðstöðu, sem félagið hefur til starfsemi sinnar í London.

Hið uppsafnaða tap var hinn 30. júní 1975 £ 32 066, en söluverð þess hluta, er íslensku hluthafarnir eiga, er £ 18 000.

Í lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, er hvergi tekið fram, að meiri hluti hlutafjár skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara eða manna búsettra á Íslandi. Skilyrði af þessu tagi er hins vegar víða að finna í sérlögum um helstu atvinnugreinarnar. Vegna slíkra ákvæða í íslenskri löggjöf og með tilliti til framkvæmdar við skráningu hlutafélaga um langan tíma hefur verið litið svo á, að í íslenskum hlutafélögum verði meiri hluti hlutafjárins að vera í eigu hérlendra aðila án tillits til þess, hvort félagið rekur atvinnu, sem háð er sérlögum, sem hafa að geyma ákvæði um meirihlutaeign íslenskra aðila.

Þannig hefur verið litið svo á, að sérstaka lagaheimild þurfi til að selja öll íslensku hlutabréfin til erlendra aðila, þar eð hér er um að ræða íslenskt hlutafélag, jafnvel þótt það hafi alltaf haft allan sinn rekstur erlendis.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er þannig heimild, sem beinist eingöngu að þessu einstæða tilviki, en felur ekki í sér neina stefnubreytingu að því er tekur til eignarhalds útlendinga á hlutabréfum í íslenskum hlutafélögum.

Hinir íslensku hluthafar, sem selja mundu bréf sín eru: Ríkissjóður, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Loftleiðir.

Einstakir nefndarmenn í fjárhags- og viðskiptanefnd áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Ed. 482. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið til fundar við sig Jóhannes Nordal bankastjóra og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra í Seðlabankanum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Jón G. Sólnes.	Albert Guðmundsson.
	Axel Jónsson.	

Ed. 483. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessarar er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár og ársvextir eigi hærri en 10%.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafið um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum Bjargráðasjóðs, er hlutverk búnaðardeildar hans m. a. að veita fjárhagsaðstoð til fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka.

Vegna óþurrkanna á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum síðastliðið sumar varð geysimikil fóðurvöntun hjá bændum í þessum landshlutum. Að áliti nefndar, sem skipuð var til að kanna þessi mál, urðu afföll á fóðri vegna lítilla og lélegra heyja síðastliðið sumar að verðmæti um 850 millj. króna. Nefndin lagði til, að

Bjargráðasjóður veitti tilgreindum 70 sveitarfélögum á þessu svæði lán samtals að fjárhæð um 370 millj. króna til 5 ára til að endurlána bændum til fóðurkaupa. Stjórn Bjargráðasjóðs hefur fallist á tillögur nefndarinnar, að því tilskildu að sjóðnum verði aflað fjár til viðbótar eigin ráðstöfunarfé hans, svo að unnt verði að veita þessa aðstoð. Eru líkur til, að sú lánafyrirgreiðsla fáist. Lánin eða a. m. k. hluta þeirra verður sjóðurinn að endurgreiða á næstu 2 árum. Vextir verða hliðstæðir vöxtum á almennum peningamarkaði. Þessi endurgreiðslukjör munu valda sjóðnum verulega aukinni greiðslubyrði á næstu árum og þar með rýra möguleika hans til að gegna hlutverki sínu, og telur stjórn sjóðsins því óumflýjanlegt, að væntanleg lán verði með vöxtum allt að 10%, en samkvæmt gildandi lögum sjóðsins nr. 51/1972, 10. gr. er ákveðið, að fjárhagsaðstoð sjóðsins sé fólgin í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána, og er því sjóðnum ekki heimilt að veita lán gegn vöxtum nema þessu ákvæði sé breytt, svo sem í frumvarpi þessu greinir.

Ed. 484. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og fengið til fundar við sig Halldór Pálsson búnaðarmálastjóra og Hauk Jörundsson fulltrúa, sem gáfu svör við spurningum nefndarmanna og upplýsingar um ýmis efnisatriði frv.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breyt., sem hún flytur í sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Axel Jónsson var fjarverandi þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 19. apríl 1977.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Ingiberg J. Hannesson.	Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 485. Breytingartillögur [104. mál]

við frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „1. mars“ komi: 15. mars.
   b. Orðið „yfirleitt“ falli niður.
2. Við 5. gr. Í 2. málsgr., á eftir orðunum „að ráði yfirdýralæknis“ komi: og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði.

Ed. 486. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Steingrímur Hermannsson. Ingi Tryggvason. Ragnar Arnalds.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 487. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Eftir að hafa skoðað málið og kynnt mér umfjöllun þess í Ed. legg ég til að Alþingi **vísi frv. um virkjun Hvítár í Borgarfirði til ríkisstjórnarinnar,** í trausti þess að hagkvæmni virkjunarinnar verði rannsökuð frekar, en málið síðan lagt á ný fyrir Alþingi ef niðurstöður frekari rannsókna verða jákvæðar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til að frumvarpið verði samþ., en hefur þó í nefndaráliti sínu fyrirvara um frekari rannsóknir á hagkvæmni virkjunarinnar og viðurkennir þar með í reynd að málið hefur ekki hlotið þann undirbúning sem nauðsynlegur er.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Sigurður Magnússon.

Nd. 488. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til bættra móttökuskilyrða fyrir sjónvarpssendingar á fiskimiðum úti fyrir Vestfjörðum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en ég tel rétt að samþykkja það með breytingum.

Ég tel ekki rétt að miða aðgerðir í sjónvarpssendingarmálum eingöngu við fiskimiðin úti fyrir Vestfjörðum, heldur eigi þar að vera um að ræða aðgerðir sem má telja til fiskimiðanna almennt við landið. Nauðsynlegt er að gerð verði áætlun um að leysa þetta verkefni á nokkrum árum, og þykir þá rétt að veita heimild til lántöku vegna framkvæmdanna.

Að sjálfsögðu er eðlilegt að aðstaða til sjónvarpssendinga á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum verði bætt sem allra fyrst, þar sem þau fiskimið eru einmitt

stunduð af fjölmörgum skipum sem aðstöðu hafa til sjónvarpsmóttöku. En önnur fiskimið við landið þurfa einnig að njóta bættrar útsendingar.

Breytingartillögur mínar við frv. eru á sérstöku fylgiskjali. Að þeim tillögum samþykktum legg ég til að frv. verði samþykkt.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 489. Breytingartillögur [71. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til bættra móttökuskilyrða fyrir sjónvarpssendingar á fiskimiðum úti fyrir Vestfjörðum.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin láti gera áætlun um dreifingu sjónvarps fyrir fiskimiðin við landið. Skal við það miðað að sæmileg sjónvarpsskilyrði náist á flestum fiskimiðum við landið á næstu 4 árum. Framkvæmdir samkv. áætluninni hefjist á árinu 1978.
2. Við 2. gr. Niður falli úr greininni orðin „allt að 20 milljónum króna“.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið.

Nd. 490. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir mæla með samþykkt frumvarpsins að því tilskildu að ekki komi neitt það fram við lokarannsóknir, sem mæli gegn hagkvæmni virkjunarinnar, að virkjunin falli inn í samræmda heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir og að virkjunin verði hönnuð þannig að fullt tillit verði tekið til náttúruverndarsjónarmiða.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Ingvar Gíslason.	Benedikt Gröndal.

Sþ. 491. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um lausaskuldir bænda.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundum sínum. Borist hafa umsagnir frá Búnaðarþingi og Stéttarsambandi bænda, báðar mjög jákvæðar.

Nefndin mælir með samþykkt till. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „á árinu 1977“ falli niður úr tillögugreininni.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Páll Pétursson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson.
Karvel Pálmason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Jón G. Sólnes.
	Steingrímur Hermannsson.	

Sþ. 492. Nefndarálit [10. mál]

um till. til þál. um votheysverkun.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt þáltill. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað 1. mgr. og upphafs 2. mgr. tillgr. komi:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er með því að ...
Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Páll Pétursson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson, frsm.
	Steingrímur Hermannsson.	Karvel Pálmason.

Sþ. 493. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunar með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. mgr. hljóði svo:
Niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar næsta reglulega Alþingi.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Páll Pétursson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson, frsm.
	Steingrímur Hermannsson.	Karvel Pálmason.

Ed. 494. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Jón Skúlason, Gamaliel Sveinsson, Brynjólfur Ingólfsson og Gaukur Jörundsson, sem höfðu annast samningsgerð við Mikla norræna símafélagið.

Meiri hluti nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Ragnar Arnalds skilar séráliti.

Alþingi, 22. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Albert Guðmundsson.
Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara. | Axel Jónsson. | Jón G. Sólnes.

Ed. 495. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Albert Guðmundsson.
Ragnar Arnalds. | Jón Árm. Héðinsson. | Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 496. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Albert Guðmundsson, frsm.
Ragnar Arnalds. | Jón Árm. Héðinsson. | Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 497. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðisins „Fiskkassar“ í tollskrárnúmeri 39.07.13 í 1. gr. laganna komi: Fiskkassar og vörupallar úr plasti (plastpallets).

Sþ. 498. Breytingartillögur [220. mál]

við till. til þál. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur, Guðmundi H. Garðarssyni, Sighvati Björgvinssyni, Svövu Jakobsdóttur, Jón Árm. Héðinssyni og Karvel Pálmasyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar, að hagnaði þeim, sem varð af sölu þjóðhátíðarmyntar í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974, skuli varið þannig:

   a. Til byggingar þjóðarbókhlöðu ..... 200 millj. kr.
   b. Til Húsafriðunarsjóðs ..... 100 millj. kr.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

   Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun á hagnaði af sölu þjóðhátíðarmyntar.

Nd. 499. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til bættra móttökuskilyrða fyrir sjónvarpssendingar á fiskimiðum úti fyrir Vestfjörðum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þar sem ríkisstjórnin hefur til athugunar skýrslu nefndar um dreifingu sjónvarps, sem m. a. nær til fiskimiða, leggur meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.
Tómas Árnason.	Ey. Kon. Jónsson.	Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 500. Frumvarp til laga [230. mál]

um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna, annarra en bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, sem ráðnir eru til lengri eða skemmri tíma í þjónustu banka í eigu ríkisins, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Laun og önnur starfskjör starfsmanna, er lög þessi taka til, skulu ákveðin með kjarasamningum milli aðila þeirra, er um ræðir í 2. gr.

2. gr.

Bankaráð þeirra banka, sem greindir eru í 1. gr., fara með fyrirsvar bankanna við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Þau skulu skipa sameiginlega nefnd, til að fara með samninga af sinni hendi.

Samband íslenskra bankamanna fer með fyrirsvar bankastarfsmanna við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Sambandið skal skipa nefnd til að fara með samninga af sinni hendi.

Tilkynna skal viðskiptaráðherra eigi síðar en við uppsögn samninga, hverjir eigi sæti í samninganefndum.

3. gr.

Bankastarfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagi í Sambandi íslenskra bankamanna eða félagi innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum sambandsins.

Bankastarfsmaður, sem eigi er innan vébanda Sambands íslenskra bankamanna, skal greiða gjald til sambandsins og aðildarfélags þess, er hann ætti að tilheyra, sem er jafnt og það gjald, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan vébanda sambandsins.

4. gr.

Endurrit af uppsögn kjarasamninga svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

Náist ekki samkomulag milli samninganefnda, geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður oddamanni, er samningsaðilar koma sér saman um, tveim mönnum, er oddamaður tilnefnir í dóminn utan raða samningsaðila, svo og einum manni frá hvorum aðila.

Hafi samningar hvorki tekist né ágreiningi verið skotið til gerðardóms á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests, skal sáttasemjari ríkisins taka deiluna til meðferðar. Sáttasemjari skal kveðja til tvo menn til að vinna með sér að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 33, 3. nóvember 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, skulu ekki gilda um þá bankastarfsmenn, sem lög þessi taka til.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna sáttasemjara ríkisins og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.
2. Ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar skv. 6. gr.
3. Til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um kjarasamninga eigi síðar en 5 sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu.

Þegar sáttatillaga hefur verið lögð fram, getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

6. gr.

Um það, hvernig atkvæðagreiðslu um sáttatillögu skuli háttað, skal kveðið á í samkomulagi því, sem greinir í 9. gr.

Sáttatillaga telst felld, ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði, sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Eftir að vinnustöðvun er hafin getur sáttanefnd borið fram miðlunartillögu og fer um hana eftir sömu reglum og sáttatillögur, að því er varðar atkvæðagreiðslu.

7. gr.

Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum banka í eigu ríkisins, sem í verkfalli eru, skylt að starfa áfram að nauðsynlegri öryggisvörslu og sinna beinum skuldbindingum bankanna og íslenska ríkisins við erlenda aðila.

Um það, hvaða starfsmenn skuli halda áfram störfum og hvaða verkefni þeir skuli inna af hendi þótt verkfall sé hafið, skal nánar kveðið á í samkomulagi því, sem greinir í 9. gr.

8. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir Samband íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráð ríkisbankanna hins vegar dómara til setu í dómnum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samband íslenskra bankamanna rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

9. gr.

Bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna skulu gera með sér samkomulag um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum þessum.

Viðskiptaráðherra skal staðfesta slíkt samkomulag áður en það öðlast gildi, svo og allar breytingar, er á því kunna að verða gerðar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands og nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan viðskiptaráðuneytisins, en þó í fullu samráði við bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna, svo og fyrirsvarsmenn Sambands íslenskra bankamanna.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi frumvarpa til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins og viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi. Sá undirbúningur er þó ekki svo langt á veg kominn, að fært þyki að leggja fram frumvörp þess efnis fyrir Alþingi það, er nú situr. Í yfirlýsingu, sem gefin var, þegar samkomulag um kjör bankastarfsmanna var gert þann 18. júní 1976, kváðust bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna myndu beita sér fyrir því, að í fyrirhugaða löggjöf um viðskiptabankana yrðu sett ákvæði um kjarasamninga bankastarfsmanna. Jafnframt kváðust sömu aðilar myndu beita sér fyrir því, að sett yrðu sérstök lög um kjarasamninga bankastarfsmanna, ef ný löggjöf um viðskiptabankana hefði ekki verið samþykkt á Alþingi í febrúar 1977. Yfirlýsing þessi var gefin í samráði við ráðherra.

Í beinu framhaldi af yfirlýsingu þessari er frumvarp þetta lagt fram. Efni þess er í megin dráttum það sama og laga nr. 29 frá 1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Stærsti munurinn er sá, að í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna geri með sér samkomulag um ýmis þau atriði, sem lögfest eru í lögum nr. 29 frá 1976. Samkomulag þetta, svo og allar breytingar á því, er háð staðfestingu viðskiptaráðherra.

Rétt er að taka fram, að starfsmenn viðskiptabanka í einkaeigu og flestir starfsmanna sparisjóða hafa verið félagar í Sambandi íslenskra bankamanna. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á því, enda er fyrirhugað að þessir bankar og sparisjóðir (eða Samband íslenskra sparisjóða fyrir þeirra hönd) gerist með sérstöku samkomulagi aðilar að því kjarasamningafyrirkomulagi, sem ráðgert er í frumvarpi þessu. Sama getur átt við um aðra sjóði og stofnanir, sem vinna á sama vettvangi og bankar og sparisjóðir.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram, til hverra lögin taki. Gert er ráð fyrir því, að bankaráð ákveði eftir sem áður laun og önnur launakjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, en þeir síðarnefndu hljóta eðli málsins samkvæmt að teljast hluti bankastjórnar.

Önnur ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um, hverjir fari með fyrirsvar hvors aðila við gerð og framkvæmd kjarasamninga.

Í 3. mgr. segir, að tilkynna skuli viðskiptaráðherra eigi síðar en við uppsögn samninga, hverjir eigi sæti í samninganefndum beggja aðila. Þetta er gert til að skapa meiri festu í samningaviðræðum.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 29 frá 1976.

Um 4. gr.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli, þar sem aðilum er veitt heimild til að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms, náist ekki samkomulag milli samninganefnda.

Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar efnislega samhljóða ákvæðum 13. og 15. gr. laga nr. 29 frá 1976.

Um 5. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er bankastarfsmönnum þeim, sem lögin taka til, veitt verkfallsheimild.

Að öðru leyti svipar ákvæðum greinarinnar til ákvæða 18.—22. gr. laga nr. 29 frá 1976.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er því vísað til samkomulags aðila skv. 9. gr., hvernig atkvæðagreiðslu um sáttatillögu skuli háttað.

Að öðru leyti svipar ákvæðum greinarinnar til ákvæða 24. og 25. gr. laga nr. 29 frá 1976.

Um 7. gr.

Í samræmi við ákvæði 26. gr. laga nr. 29 frá 1976 er starfsmönnum banka í eigu ríkisins, þótt í verkfalli séu, gert skylt að starfa áfram að nauðsynlegri öryggisvörslu og sinna beinum skuldbindingum bankanna og íslenska ríkisins við erlenda aðila.

Í 2. mgr. er því svo vísað til samkomulags aðila skv. 9. gr., hvaða starfsmenn skuli halda áfram störfum og hvaða verkefni þeir skuli inna af hendi.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum VII. kafla laga nr. 29 frá 1976.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því, að bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna geri með sér samkomulag um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögunum. Samkomulag þetta fylgir athugasemdum þessum sem fylgiskjal.

Í 2. mgr. segir, að viðskiptaráðherra skuli staðfesta samkomulag skv. 1. mgr., áður en það öðlast gildi, svo og allar breytingar, sem á því kunna að verða gerðar. Ríkisstjórninni er þar með veitt vald til þess að hindra það, að gerðar séu breytingar á fyrrgreindu samkomulagi, er kynnu að veita starfsmönnum banka í eigu ríkisins annan og betri rétt en öðrum opinberum starfsmönnum.

Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

um kjarasamninga félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna.

1. gr.

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna, sem eru ráðnir til lengri eða skemmri tíma í þjónustu þeirra stofnana er hafa undirritað samkomulagið, enda sé það starf þeirra aðalstarf.

2. gr.

Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna sem samkomulag þetta tekur til skal fara eftir atriðum þessa samkomulags og kjarasamningum, sem gerðir eru samkvæmt því.

3. gr.

Samkvæmt samkomulagi þessu fara bankaráð og stjórnir lánastofnana með fyrirsvar sinna stofnana en Samband íslenskra bankamanna með fyrirsvar starfsmanna við kjarasamninga og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá.

Samningar skulu fara fram á milli samninganefnda þriggja til sjö manna er hvor aðili um sig skipar. Kjarasamningar skulu staðfestir af hlutaðeigandi bankaráðum og stjórn Sambands íslenskra bankamanna.

4. gr.

Kjarasamningur skal kveða á um föst laun, fjölda launaflokka, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu, orlof, greiðslu ferðakostnaðar, fæðisaðstöðu, tryggingar, meginreglur til viðmiðunar um röðun starfsheita í launaflokka og önnur kjaraatriði, sem eigi eru lögbundin.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir og gilda skemmst 24 mánuði frá gildistökudegi miðað við mánaðamót.

Óski annar hvor aðila, að gefnu sérstöku tilefni, endurskoðunar á launalið kjarasamnings á samningstímanum skulu aðilar þegar í stað hefja viðræður. Náist ekki samkomulag innan þrjátíu daga skal ágreiningsatriðum skotið til úrlausnar gerðardóms sbr. ákvæði 6. gr. Slík endurskoðun skal þó ekki fara fram oftar en einu sinni á samningstímanum.

5. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en þrír mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

Í samþykktum Sambands íslenskra bankamanna skal vera ákveðið hver taki ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, boðun verkfalls og hvernig ákvörðun þar um skuli tekin.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum kröfugerð og megintillögur um nýjan kjarasamning og skulu samningaviðræður þá þegar teknar upp.

Endurrit af uppsögn kjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

6. gr.

Náist ekki samkomulag milli samninganefnda, geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms. Skal dómurinn skipaður einum manni frá hvorum aðila og oddamanni, er aðilar koma sér saman um, og er hann formaður dómsins. Oddamaður velur tvo menn til viðbótar í dóminn utan raða samningsaðila. Gerðardómur skal fella úrskurð innan eins mánaðar frá því, að málinu er vísað til hans, nema aðilar komi sér saman um lengri frest. Skal úrskurðurinn taka tillit til starfskjara og þróunar þeirra við sambærileg störf á vinnumarkaði almennt, hvort sem er hjá atvinnufyrirtækjum eða ríki, ríkisstofnunum, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

7. gr.

Hafi samningar hvorki tekist né ágreiningi verið skotið til gerðardóms á fyrstu sextíu dögum uppsagnarfrests, skal sáttasemjari ríkisins taka deiluna til meðferðar. Sáttasemjari skal kveðja til tvo menn til að vinna með sér í sáttanefnd að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara.

8. gr.

Heimilt er að beita vinnustöðvun þegar að loknum uppsagnarfresti með þeim takmörkunum, sem í samkomulagi þessu greinir.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna sáttasemjara ríkisins og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst fimmtán sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.
2. Ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 10. gr.
3. Til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um kjarasamninga eigi síðar en fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu. Sáttanefnd ákveður í samráði við samninganefndir aðila hvernig atkvæðagreiðslu um sáttatillögu skuli háttað, þar á meðal um fjölda kjörstaða og hvenær hún skuli fram fara.

9. gr.

Þegar sáttatillaga samkvæmt 8. gr. hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að fimmtán sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

10. gr.

Atkvæðagreiðslur um samninga og um sáttatillögu fara fram af hálfu bankaráða með þeim hætti, að atkvæði eru greidd í bankaráðum (og í stjórn Sambands íslenskra sparisjóða), og ræður meirihluti atkvæða afstöðu hverrar stofnunar um sig. Atkvæði stofnananna eru síðan vegin saman með ákveðnum vogum, er m. a. taka tillit til starfsmannafjölda þeirra, og ræður meirihluti atkvæða sem þannig er fenginn.

Allir aðalfélagar Sambands íslenskra bankamanna, sem uppfylla skilyrði 1. gr. þessa samkomulags og eiga í kjaradeilu, hafa atkvæðisrétt um sáttatillögu. Leggja skal fram kjörskrá, áður en atkvæðagreiðsla hefst. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og standa í minnst tvo daga. Sáttanefnd eða fulltrúum hennar er heimilt að vera á kjörfundum.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn send sáttanefnd.

Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttanefndar og er hvorum aðila heimilt að hafa umboðsmenn viðstadda talningu.

Sáttatillaga telst felld, ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Sáttatillaga, sem hefur verið samþykkt, telst gildur kjarasamningur.

11. gr.

Ef sáttatillaga er felld geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms, sbr. 6. gr.

12. gr.

Eftir að vinnustöðvun er hafin, getur sáttanefnd borið fram miðlunartillögu, og fer um hana eftir sömu reglum og sáttatillögur, að því er varðar atkvæðagreiðslu.

13. gr.

Þegar vinnustöðvun er hafin, skulu allir afgreiðslustaðir viðkomandi stofnana vera lokaðir og er starfsmönnum bankanna, öðrum en bankastjórum og aðstoðarbankastjórum, óheimilt að vinna nokkurt starf fyrir vinnuveitanda sinn, þó með eftirtöldum undantekningum:

1. Vinnuveitendur geta eigi síðar en þrem dögum áður en boðuð vinnustöðvun á að hefjast lagt fyrir Samband íslenskra bankamanna skrá um nöfn þeirra starfsmanna, er vinna skulu meðan á vinnustöðvun stendur, og mega á þeirri skrá vera allir þeir, sem hafa húsvörslu að aðalstarfi og auk þeirra allt að fimm af hundraði þeirra félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna, sem starfa hjá hverjum vinnuveitanda. Skránni má ekki breyta meðan á vinnu-

stöðvun stendur, nema með samþykki Sambands íslenskra bankamanna.

2. Starfsfólki á framangreindri skrá er skylt og einungis heimilt að vinna að eftirtöldum verkefnum:
   A. Nauðsynlegri öryggisvörslu.
   B. Nauðsynlegum afgreiðslum til þess að standa við beinar skuldbindingar stofnunarinnar við erlenda aðila, greiðslur erlendra ábyrgða og greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum stofnunarinnar sjálfrar eða sem hún er í ábyrgð fyrir. Enn fremur að inna af hendi greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum íslenska ríkisins eða sem eru með ábyrgð þess.
   C. Vinnu við erlendan póst, símskeyti og telexsambönd.

Um laun og kjör þeirra sem vinna meðan á vinnustöðvun stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi, sem gerður verður að lokinni vinnustöðvun.

14. gr.

Um ágreiningsatriði, er varða framkvæmd kjarasamnings, skal fjallað af kjaranefnd. Skal hún skipuð þrem mönnum frá hvorum aðila að loknum kjarasamningum og starfa þar til nýir samningar hafa verið gerðir. Kjaranefnd skal kveðja oddamann til starfa með sér til að fjalla um atriði, sem ekki næst samkomulag um.

15. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir Samband íslenskra bankamanna annars vegar og vinnuveitendur hins vegar dómara til setu í dómnum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samband íslenskra bankamanna rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

16. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

Nú er sett á fót fyrirtæki í eigu þeirra stofnana sem hafa undirritað samkomulag þetta og skal þá ákveða kjör starfsmanna þess með samkomulagi milli viðkomandi stofnana og Sambands íslenskra bankamanna.

17. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi, þegar ákvæði um samnings- og verkfallsrétt starfsmanna ríkisbankanna hafa verið lögleidd í samræmi við yfirlýsingu bankanna frá 18. júní 1976 og viðskiptaráðherra hefur staðfest það.

Gert er ráð fyrir að gildistími samkomulagsins verði hinn sami og lagaákvæðanna. Aðilar geta þó hvenær sem er gert breytingar á samkomulaginu, séu þeir um það sammála, en slíkar breytingar skulu staðfestar af viðskiptaráðherra.

Ed. 501. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 3. gr. Önnur málsgrein falli niður.

Nd. 502. Breytingartillaga [18. mál]

við brtt. á þskj. 449 [Skylduskil til safna].

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Við 3. tölulið. Á eftir orðunum „hvers slíks rits“ í 2. mgr. bætist: ef landsbókavörður óskar.

Nd. 503. Frumvarp til laga [18. mál]

um skylduskil til safna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndefni í víðasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákv. 3. gr., sbr. einnig 10. gr.

Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni, sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

Til skylduskila skulu enn fremur koma jafnmörg eintök hliðstæðs efnis, sem unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

7. gr. hljóðar svo:

Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málsgrein 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málsgrein sömu gr.

10. gr. hljóðar svo:

Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

Þeir útgefendur, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar, og ber Landsbókasafni að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau til varðveislu Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

13. gr. hljóðar svo:

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögregluyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

14. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna, nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er brjóta kunna í bág við lög þessi.

Nd. 504. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Á eftir orðinu „Seyðisfirði“ í 2. málsgr. 10. gr. komi: og bókasafninu í Vestmannaeyjum.

Nd. 505. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 14. gr.
   a) Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður:
      Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald skv. nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.
   b) Aftan við 3. mgr. komi nýr málsliður:
      Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skotvopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.
2. Við 15. gr.
   a) 1. mgr. falli niður.
   b) Við bætist ný mgr., sem verði 3. mgr.:
      Lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá, sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.
3. Við 32. gr. Upphaf 3. mgr. hljóði svo:
   Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt ...

Ed. 506. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. B1. „austur frá Langanesi (vms 10)“ komi orðin: norðaustur frá Langanesi (vms 10).

2. gr.

B3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13) er skipum, 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

3. gr.

C4 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00'0 V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

4. gr.

C8 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24′1 n.br., 14°32′5 v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

5. gr.

D1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt 63°08′0 N, 19°57′0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

6. gr.

E1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt 64°43′7 N og 24°12′0 V, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

7. gr.

E3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

8. gr.

Liður F Breiðafjörður í 3. gr. orðist svo:

F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti 64°43′7 N og 24°12′0 V í punkt 64°43′7 N og 24°26′0 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu tímabilið 1. júní til 31. desember.

F3. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16′0 N.

F4. Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

9. gr.

3., 4. og 5. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski eða smáhumar í afla, eða þá friðaðar fisktegundir, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknastofnuninni eða einhverjum af tilteknum fiskifræðingum, sem tilnefndir verða sérstaklega af forstjóra í þessu skyni.

Hafrannsóknastofnunin getur að fengnum slíkum tilkynningum bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum allt að 7 sólarhringum. Slíkar skyndilokanir

taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi skipstjórum eftirlitsskipa, leiðangursstjórum eða trúnaðarmönnum ráðherra.

Landhelgisgæslunni skal tilkynnt um skyndilokanir skv. 4. mgr. þegar er þær hafa verið ákveðnar, og einnig skal sjávarútvegsráðuneytinu þá tilkynnt um slíkar skyndilokanir og forsendur þeirra. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan 7 sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks eða friðaðra tegunda á viðkomandi svæði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 507. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta lengi til athugunar. Meiri hl. n. — fulltrúar stjórnarflokkanna, — hefur ekki fengist til að afgreiða málið og sé ég mig því knúinn til að skila mínu séráliti. Ég er samþykkur tillögunni og vil samþykkja hana óbreytta.

Alþingi, 21. apríl 1977.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 508. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt, nr. 10 1960.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar — fulltrúar stjórnarflokkanna — vill ekki samþykkja frumvarpið og er vafasamt um afgreiðslu þess af þeirra hálfu. Ég vil hins vegar samþykkja frumvarpið og legg áherslu á að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu á söluskattslögunum að söluskattur verði felldur niður af kjöti og kjötvörum og af raforkusölu. Hér er því um verðlækkunarráðstöfun að ræða sem vissulega kæmi sér vel eins og nú er ástatt.

Alþingi, 21. apríl 1977.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 509. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til byggingarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

Frumvarp til byggingarlaga var lagt fyrir síðasta Alþingi og var þá tekið fyrir í félagsmálanefnd Nd. Sendi hún frumarpið víða til umsagnar. Tuttugu og níu umsagnir bárust nefndinni og komu þar fram fjölmargar athugasemdir. Ekki vannst nefndinni þá tími til að vinna endanlega úr öllum umsögnum og hlaut því frumvarpið ekki afgreiðslu á þinginu.

Að ósk félagsmálaráðherra störfuðu formenn félagsmálanefnda beggja deilda ásamt ráðuneytisstjóranum í félagsmálaráðuneytinu að því að endurskoða frumvarpið og var það gert í samræmi við þær athugasemdir, sem borist höfðu, og þau sjónarmið, sem fram komu í félagsmálanefnd Nd.

Helstu breytingar, sem orðið hafa á frv. frá því í fyrra, eru þessar:

Gert er ráð fyrir að í byggingarreglugerð verði sett ákvæði er auðveldi ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar. Er hér fyrst og fremst átt við fjölbýlishús og opinberar byggingar.

Til að tryggja að allar byggðir landsins eigi aðild að svæðisbyggingarnefndum, ákveður félagsmálaráðuneytið starfsvettvang þeirra að fenginni umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga og sýslunefnda.

Fækkað er umsagnaraðilum varðandi umsóknir til að öðlast rétt til að gera uppdrætti að mannvirkjum. Veitir ráðherra þennan rétt — þ. e. landslöggildingu — að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar. Breytt er ákvæðum um byggingarstjóra, þannig að byggingarstjórar geta orðið aðrir en þeir, sem sérmenntaðir eru í byggingarmálefnum. Má ætla að með þessu fyrirkomulagi verði ekki um aukinn kostnað húsbyggjenda að ræða. Tekin eru inn ákvæði um skyldur sveitarfélaga við húsbyggjendur. Aðrar breytingar eru minni háttar.

Nefndin hefur nú fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Þó áskilja allir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. apríl 1977.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Eðvarð Sigurðsson.
	Jóhann Hafstein.	

Nd. 510. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með breytingu á gildistökuákvæði. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLAGA:

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978.

Alþingi, 22. apríl 1977.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Eðvarð Sigurðsson.
	Jóhann Hafstein.	

Ed. 511. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason.
Helgi F. Seljan. Eggert G. Þorsteinsson. Axel Jónsson.
Steingrímur Hermannsson.

Ed. 512. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyt. á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess með breytingu sem lögð er til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason.
Helgi F. Seljan. Eggert G. Þorsteinsson. Axel Jónsson.
Steingrímur Hermannsson.

Ed. 513. Breytingartillaga [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyt. á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Heimilt er þó að taka allt að 10% ársvexti, ef sjóðsstjórn telur óhjákvæmilegt. Lánstími skal að jafnaði vera fimm ár.

Ed. 514. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðalefni þessa frumvarps er að losa erlent fyrirtæki undan þeirri skyldu að greiða til íslenska ríkisins skatta, tolla eða önnur gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, vegna starfsemi sinnar hér á landi. Ekki verður séð, að nein frambærileg rök hafi verið færð fram til að réttlæta þessa undanþágu, sem raunar ætti aldrei að þekkjast í viðskiptum okkar við erlend auðfélög.

Mikla norræna símafélagið er skuldbundið til þess samkvæmt samningi að sjá íslendingum fyrir nægum fjölda símalína til meginlands Evrópu fram til ársins 1985. Þegar nú blasir við, að núverandi fjarskiptasamband er að verða með öllu ófullnægjandi, eru einkum tveir kostir fyrir hendi:

Í fyrsta lagi, að Mikla norræna símafélagið leggi nýjan sæstreng austur um haf og reki hann fram til ársins 1985, en þá yfirtækju íslendingar þessi fjarskipti, hugsanlega með jarðstöð, sem þá yrði tekin í notkun.

Í öðru lagi, að Mikla norræna símafélagið byggi jarðstöð í samvinnu við íslendinga, eins og nú er fyrirhugað, en viðskipti fari fram með eðlilegum hætti án þess að félagið krefjist skattfrelsis eða annars óhæfilegs endurgjalds fyrir þjónustu sína.

Ef Mikla norræna símafélagið hafnar báðum þessum leiðum liggur beinast við **að rifta samningnum,** þar sem félagið stendur þá ekki við sinn hluta samningsins, og yfirtækju þá íslendingar fjarskiptin með þeim hætti, sem hagkvæmastur væri talinn. Hefði raunar verið eðlilegast, að fyrst af öllu hefði verið reynt að ná samningum við Mikla norræna um að leysa það með öllu út úr fyrri samningi með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

En því miður hafa aðrar leiðir verið lítt eða ekki kannaðar en sú sem ríkisstjórnin hefur valið, og hefur málinu verið forklúðrað á versta veg. Samninganefndin, sem samdi við Mikla norræna símafélagið, telur sig aðeins hafa haft fyrirmæli frá ríkisstjórninni um að semja við símafélagið um byggingu jarðstöðvar, að því er formaður samninganefndar, Gaukur Jörundsson prófessor, hefur tjáð fjárhags- og viðskiptanefnd. Bygging jarðstöðvar þegar í stað virðist því hafa verið sú ófrávíkjanlega forsenda, sem ríkisstjórnin og samninganefndin fyrir hennar hönd gengu út frá.

Hins vegar verður alls ekki séð, að meiri nauðsyn sé á byggingu jarðstöðvar á Íslandi þegar í stað. Annar sæstrengur austur um haf mundi veita nægilegt öryggi í fjarskiptum fyrst um sinn. Sá kostur fylgir jarðstöð, að unnt er að fá sjónvarpsmyndir erlendis frá með skjótum hætti, en með núverandi skipan mála verður sjónvarpsefni að koma til Íslands með flugvélum. Þar sem útsending sjónvarps hér á landi fer einkum fram að kvöldi og myndefni er því langoftast a. m. k. nokkurra tíma gamalt, en daglegar flugsamgöngur eru við önnur lönd, getur þetta atriði þó ekki ráðið úrslitum. Hafa verður í huga, að notkun jarðstöðvarinnar er mjög dýr, og má reikna með samkvæmt upplýsingum póst- og símamálastjóra, að 10 mínútna dagleg notkun sjónvarpsins á jarðstöð alla daga ársins kosti um 70 millj. kr. og klukkutíma bein útsending frá öðru landi í eitt skipti mundi kosta um 1150 þús. kr., og er þá ótalin greiðsla fyrir sjálft myndefnið. En sending myndefnis með flugvél kostar hins vegar aðeins nokkur þúsund kr., og verður því bersýnilega um að ræða stórfelldan viðbótarskatt á notendur sjónvarps, ef jarðstöð verður notuð í þágu þess í ríkum mæli.

Auk þess er rétt að minna á, að bygging jarðstöðvar mun kosta rúmlega eitt þúsund milljónir króna. Ekkert liggur fyrir um, hvernig þess fjár verður aflað, nema hvað Mikla norræna leggur fram andvirði 10 millj. danskra króna, þ. e. 322

millj. kr. Afganginn verður ríkisstjórn Íslands að útvega, annaðhvort með auknum sköttum á landsmenn eða með erlendum lántökum, sem mörgum þykja þó þegar orðnar nógu miklar. Fari kostnaður við byggingu stöðvarinnar fram úr áætlun, sem engum mun koma á óvart, eykst framlag íslendinga til greiðslu kostnaðar að sama skapi, þar sem framlag dana er þegar bundið við ákveðna krónutölu í danskri mynt.

En danirnir hafa ekki aðeins tryggt sér algert skattfrelsi af hluta sínum í byggingu og rekstri jarðstöðvar, heldur er þeim einnig heitið í þessum óvenjulega samningi, að árlegur nettóhagnaður þeirra af fjarskiptum milli Íslands og annarra Evrópulanda fari aldrei niður fyrir 2 millj. danskra króna fram til ársins 1991. Þannig er ákveðið í gr. 4.2.6 í samningnum, að núverandi fjarskiptataxta megi ekki lækka fram til 1985 nema félaginu séu tryggðar a. m. k. 2 036 860 danskar krónur í tekjur, þegar allur kostnaður félagsins af rekstri jarðstöðvarinnar hefur verið frá dreginn, og skv. gr. 4.2.5 ábyrgist íslenska ríkisstjórnin, að árlegar tekjur félagsins af jarðstöðinni á tímabilinu 1986 til ársloka 1991 fari að meðaltali ekki niður fyrir sömu upphæð, rúmar 2 millj. danskra kr., þegar öll útgjöld félagsins vegna rekstrar stöðvarinnar hafa verið dregin frá. Er því ljóst, að framlag Mikla norræna til byggingar jarðstöðvar, 10 millj. kr. danskar, er dýru verði keypt.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst, að samningur ríkisstjórnarinnar við Mikla norræna símafélagið er óhagstæður og ákvæði um skattfrelsi félagsins óviðunandi með öllu. Ríkisstjórninni ber því að ganga að nýju til samninga við símafélagið um málið í heild og kanna allar færar leiðir, m. a. frestun á byggingu jarðstöðvar til ársins 1985 eða riftun fyrri samninga við félagið vegna breyttra aðstæðna. **Ég legg því til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl, 1977.

Ragnar Arnalds.

Sþ. 515. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um verðjöfnun og aðstöðujöfnun.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirfarandi ráðstafanir til þess að tryggja verðjöfnun á rafmagni og símagjöldum og á flutnings- og fargjöldum:

1. Að koma á fullkomlega samræmdu verði á rafmagni frá almenningsveitum fyrir árslok 1977, þannig að tryggt sé að verð á raforku til heimilisnotkunar og til iðnaðar og annarar almennrar notkunar verði hið sama um allt land.
2. Að samræma símagjöld um allt land fyrir árslok 1977, þannig að landið allt verði eitt verðlagssvæði og enginn munur verði gerður á landssímagjöldum innnanlands, vegna fjarlægðar milli staða.
3. Að taka upp samningaviðræður við þá aðila, sem flytja meginhlutann af vörum til landsins, með það fyrir augum að fá þá til að tryggja sama flutningsgjald fyrir vörur fluttar til landsins, til allra helstu hafna í landinu.

   Fáist ekki samkomulag um slíkt fyrirkomulag, þá leiti ríkisstjórnin eftir nauðsynlegum lagaheimildum til að ná því marki, strax og Alþingi kemur saman á næsta hausti.
4. Að taka upp samninga við Flugfélag Íslands og önnur flugfélög, sem annast farþegaflug innanlands, um nýtt fyrirkomulag um ákvörðun fluggjalda sem miði að samræmingu flugfargjalda þannig að fargjöld lækki á lengri flugleiðum og verði sem jöfnust.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa átt sér stað um byggðastefnu og byggðamál og um þann óréttláta aðstöðumun, sem ýmsir landsmenn eiga við að búa vegna búsetu sinnar.

Allir stjórnmálaflokkar viðurkenna í orði, að það sé óréttlátt að ríkið eða opinberir aðilar veiti almenna þjónustu með þeim hætti að misgera í verðlagningu íbúum landsins eftir því hvar þeir eru búsettir. En þrátt fyrir slíkar viðurkenningar í orði er það óumdeilanleg staðreynd, að þannig er þó staðið að opinberri þjónustu í ýmsum greinum.

Sem dæmi um slíkt má nefna þjónustu Landssímans og þjónustu opinberra rafmagnsveitna.

Misrétti af slíku tagi er að finna í mörgum greinum.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að Alþingi leggi fyrir ríkisstjórnina að leiðrétta þetta herfilega misrétti í tveimur mikilvægum greinum, þ. e. a. s. varðandi raforkuverð og símagjöld. Misrétti vegna búsetu verður að leiðrétta. Ljóst er að í þeim efnum verður ekki allt leiðrétt í einu. Hér er því lagt til að hefjast handa með því að leiðrétta hið hróplega misrétti sem nú er ríkjandi í raforkuverði og í símajöldum eftir búsetu manna.

Í þessum efnum er auðvelt að koma leiðréttingum fram. Almenningsrafveitur eru nær allar í eign ríkisins, ýmist að fullu eða að svo miklu leyti, að í rauninni þarf aðeins ákvörðun ríkisstjórnar til að tryggja sama raforkuverð til allra landsmanna, óháð búsetu. Nú er innheimtur sérstakur skattur til jöfnunar á raforkuverði. En þrátt fyrir hann er það staðreynd, að verð á raforku til heimilisnotkunar er enn miklu hærra frá Rafmagnsveitum ríkisins en t. d. frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Samþykki Alþingi þá tillögu, sem hér er flutt, er auðvelt að koma á jöfnun á rafmagnsverði fyrir lok þessa árs.

Hið sama er að segja um jöfnun símgjalda. Þar er um að ræða ríkisstofnun, sem ríkisstjórnin getur falið að breyta verðlagningu hvenær sem er. Það fyrirkomulag, sem nú gildir um landssímagjöld, þ. e. a. s. gjald fyrir símtöl milli símstöðvarsvæða innanlands, er með öllu óþolandi.

Það hefur í för með sér að yfirleitt verður fólk úti á landi að greiða margfalt hærri símagjöld en t. d. íbúar Reykjavíkursvæðisins, fyrst og fremst vegna þess að á því svæði eru nær allar opinberar stofnanir og flestar þjónustumiðstöðvar og nær öll innflutningsverslun landsins.

Með samþykkt þessarar þáltill. væri auðvelt að fá leiðrétt þetta misrétti fyrir næstu áramót.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin taki upp viðræður við stærstu skipafélögin og flugfélögin um samræmingu á flutningsgjöldum fyrir vörur og á fargjöldum í flugi, þannig að aðstaða fólks verði sem jöfnust hvar sem búið er á landinu.

Varðandi þau atriði er leiðréttingin ekki eins auðveld og í sambandi við rafmagn og símagjöld, en þó er ljóst að ríkisstjórnin getur, ef ekki með samningum og samkomulagi, þá með lagasetningu, tryggt mikilvægar breytingar til aðstöðujöfnunar einnig á þessum sviðum.

Með tillögu þessari er lagt til, að Alþingi taki ákvarðanir um aðgerðir í nokkrum mikilvægum greinum, sem miða að verðjöfnun og aðstöðujöfnun og leiðréttingu á því misrétti, sem nú er ríkjandi eftir því hvar menn eru búsettir í landinu.

Sþ. 516. Nefndarálit [107. mál]

um till. til þál. um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Steinþór Gestsson. Sighv. Björgvinsson. Pálmi Jónsson.
Lárus Jónsson. Friðjón Þórðarson. Gunnlaugur Finnsson.
Helgi F. Seljan.

Sþ. 517. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um kosningarrétt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er ágreiningur um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt hennar. Magnús Torfi Ólafsson skrifar undir með fyrirvara. Jón Helgason og Jónas Árnason munu skila séráliti.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form. Ólafur G. Einarsson, frsm. Lárus Jónsson.
Magnús T. Ólafsson, með fyrirvara. Jón Skaftason.

Sþ. 518. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með þessari

BREYTINGU:

2. töluliður hljóði svo:
Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Lárus Jónsson.
Ólafur G. Einarsson. Jón Skaftason. Jónas Árnason.
Magnús T. Ólafsson.

Sþ. 519. Nefndarálit [110. mál]

um till. til þál. um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómsstólum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Ólafur G. Einarsson.	Jón Skaftason.	Jónas Árnason.
	Magnús T. Ólafsson.	

Sþ. 520. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um byggingu dómhúss.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar með þessari

BREYTINGU:

Síðasti málsliður: „Stefnt skal að því að byggingu hússins verði lokið fyrir 1981," falli niður.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Jón Skaftason.	Jónas Árnason.	Lárus Jónsson.
	Magnús T. Ólafsson.	

Ed. 521. Frumvarp til laga [51. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Eftir 3. umr. í Nd. 25. apríl)

Samhljóða þskj. 52 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, sem hann hefur leyfi fyrir.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.

6. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum í 2. málsgr. 15. gr. þessara laga.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda tilnefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast framleiðsluna.

Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal, hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

10. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja skilyrðum 1. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þeir hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

11. gr. hljóðar svo:

Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.

14. gr. hljóðar svo:

Hver, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald skv. nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. (skotvopnaleyfi) skulu vera skrifleg. Skal í þeim tilgreina nafn, nafnúmer, stöðu og heimilisfang leyfishafa. Einnig skal nákvæmlega tilgreina, hvaða skotvopn eru leyfð, þar á meðal tegund, hlaupvídd og númer þess. Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til þess. Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skot-

vopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.

Skotvopnaleyfi gilda hvar sem er á landinu.

15. gr. hljóðar svo:

Aðeins getur sá einstaklingur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga eða laga, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, er andlega heilbrigður, og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt þeim leyfi fyrir skotvopni, þótt sá hafi brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið að brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn.

Lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá, sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. mgr., þar á meðal sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg.

20. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

22. gr. hljóðar svo:

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.

32. gr. hljóðar svo:

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað, skal sá, sem sviptur er leyfinu, skila því til lögreglu ásamt efnum og tækjum, sem hann hefur í vörslum sínum samkvæmt leyfinu.

Ef eigi eru fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku, getur lögreglustjóri, að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu, ákveðið, að selja greiddan varning. Söluandvirði, að frádregnum kostnaði, skal þá renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Sama gildir um tæki og efni, sem mönnum er almennt óheimilt að hafa í vörslu sinni.

Ed. 522. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Ballestad, Tore Lie, arkitekt í Reykjavík, f. í Noregi 16. júlí 1944. Fær réttinn 1. júní 1977.
2. Blöndal, Stefán Patrik, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 28. júní 1976.
3. Brynjar Þór Þorsteinsson, barn í Hafnarfirði, f. í Noregi 20. maí 1970.
4. Dam, Edith, húsmóðir á Reynisbrekku í Mýrdal, f. í Færeyjum 14. mars 1938.
5. Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 30. september 1974.
6. Heide, Paul Reynir, úrsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1952.
7. Helgeland, Tordis Lillian, húsmóðir á Dalvík, f. í Noregi 18. ágúst 1937.
8. Jóhannesen, Jona Alvilda Gertrud, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 21. febrúar 1940.
9. Kulp, Georg, nemandi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 7. ágúst 1960.
10. Lilaa, Jonhild Franciska, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 23. júní 1919.
11. McDougall, William, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Skotlandi 12. nóvember 1932.
12. Meyer, Dieter, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 16. mars 1953.
13. Pedersen, Dagny Ingeborg Graversen, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 8. október 1926.
14. Purkhús, Jógvan Martin, verslunarmaður á Akureyri, f. í Færeyjum 12. mars 1943.
15. Rossen, Eigil Martin Steen, verkstjóri í Stykkishólmi, f. í Danmörku 27. nóvember 1945.
16. Rusnak, Edward Felix, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1961.
17. Rusnak, Robert Michael, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 27. apríl 1960.
18. Samuelsen, Lilly Guldborg Jellöj, húsmóðir á Suðureyri, f. í Færeyjum 29. júní 1937.
19. Sardar, Mohammad, iðnverkamaður í Garðabæ, f. í Sýrlandi 8. janúar 1943.
20. Sarinana, Thalia Garcia-Marin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Mexikó 5. mars 1935.
21. Schumann, Lothar Günter Heinrich Franz, námsmaður í Reykjavík, f. í Þýskalandi 16. september 1956.
22. Shafiee, Mohammad, háskólanemi í Reykjavík, f. í Íran 26. júní 1926. Fær réttinn 6. júní 1977.
23. Touati, Mohand, landbúnaðartæknifræðingur í Reykjavík, f. í Frakklandi 26. ágúst 1952.
24. Yoon, Eun Ah, barn í Bessastaðahreppi, f. í Suður-Kóreu 27. janúar 1975.
25. Zalewskki, Kristofer Oliversson, námsmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. júlí 1951.
26. Þorbjörg Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Vestur-Þýskalandi 13. febrúar 1973.

Nd. 523. Lög [186. mál]

um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 374.

Ed. 524. Frumvarp til laga [165. mál]

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 324 með þessum breytingum.

4. gr. hljóðar svo:

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamálastofnun forstöðu.

Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr. Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun.

6. gr. hljóðar svo:

Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

8. gr. hljóðar svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum stofnunarinnar. Á þeim fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram reksturs- og framkvæmdaáætlanir sbr. 9. gr. til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar. Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.

Helstu verkefni hverrar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild;** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætlanir vegna reksturs og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald, fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild;** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetningu á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radíósambönd stofnunarinnar, radíóeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild;** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og umsjón mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild;** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.

Ed. 525. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu pósts og síma.

Frá samgöngunefnd.

Við 11. gr. Á eftir 1. mgr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðherra er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Nd. 526. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsgr. og í 18. gr. 2. málsgr. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur, sem synjað hefur verið um fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.

Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.

Ed. 527. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Í stað orðsins „Fiskkassar“ í tollskrárnúmeri 39.07.13 í 1. gr. laganna komi: Fiskkassar og vörupallar úr plasti (plastpallets).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 528. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

2. gr.

Við 8. málsgr. 60. gr. laganna bætist:

Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.

3. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:

Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

4. gr.

Breytingar þessar á umferðarlögunum taka gildi 1. jan. 1978.

Ed. 529. Frumvarp til laga [104. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 353 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

5. gr. hljóðar svo:

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eigenda, uns dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis, og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði, sérstaka útrýmingarböðun, þ. e. tvíböðun, í hólfinu eða á svo stóru svæði sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ítarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varast samgang fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hverrar einstakrar skepnu. Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf. Yfir-

dýralæknir getur hlutast til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði. Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í ríkisútvarpinu og birt í Lögbirtingablaðinu.

Nd. 530. Frumvarp til laga [165. mál]

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 324 með þessum breytingum.

4. gr. hljóðar svo:

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamálastofnun forstöðu.

Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr. Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun.

6. gr. hljóðar svo:

Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina. Helstu verkefni hverrar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild;** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætlanir vegna reksturs og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald, fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild;** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetningu á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radíósambönd stofnunarinnar, radíóeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild;** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og umsjón mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild;** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr. hljóðar svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum stofnunarinnar. Á þeim fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram reksturs- og framkvæmdaáætlanir sbr. 9. gr. til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni

og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar. Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.

11. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja.

Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Að því skal stefnt, að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

Sþ. 531. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

(Lögð fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, er undirrituð var í Ramsar, Íran, hinn 2. febrúar 1971 og prentuð er hér sem fylgiskjal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á ráðstefnu um vernd votlendis og votlendisfugla, sem haldin var í Ramsar í Íran dagana 30. janúar til 3. febrúar 1971, var gerð alþjóðasamþykkt sú um verndun votlendis, sem hér liggur fyrir, og samþykkt að vinna að aðild sem flestra ríkja að henni. Samþykktin er ávöxtur af miklu undirbúningsstarfi margra þjóða í því skyni að skrásetja og vernda merkustu votlendi í hverju landi.

Í samþykktinni eru votlendi skilgreind sem hvers konar mýrlendi, vötn, fjörur og sjór að sex metra dýpi (1. grein). Ákvæði eru um að hver samningsaðili skuli tiltaka votlendi innan lögsögu sinnar vegna sérstakrar skrár um svæði er hafa alþjóðlegt gildi (2. grein). Lögð er áhersla á að skráning slíkra svæða raskar á engan hátt óskoruðum fullveldisrétti viðkomandi samningsaðila yfir umræddu svæði (2. gr. 3. liður, sbr. 4. gr. 2. lið). En kveðið er á um samstarf þjóða á milli um verndaraðgerðir, rannsóknir og miðlun upplýsinga (2.—5. gr.).

Náttúruverndarþing 1972 ályktaði að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðild Íslands að samþykktinni. Náttúruverndarráð og ýmis náttúruverndarsamtök hafa síðan unnið að stefnumótun á þessu sviði með friðun svæða, upplýsingasöfnun og útgáfu fræðsluefnis, þar á meðal rits Landverndar, Votlendi. Hefur náttúruverndarráð lagt til að Mývatn og Laxá, sem friðlýst eru með lögum nr. 36/1974, verði við fullgildingu samþykktarinnar sett á skrá skv. 2. gr. hennar.

Aðildarríki samþykktarinnar voru fyrir skemmstu orðin 15 talsins, þ. e. Ástralía, Bretland, Búlgaría, Finnland, Grikkland, Íran, Ítalía, Noregur, Nýja-Sjáland, Pakistan, Sambandslýðveldið Þýskaland, Sovétríkin, Suður-Afríkulýðveldið, Sviss og Svíþjóð. Nokkur fleiri höfðu undirritað samþykktina með fyrirvara um fullgildingu.

Samþykkt þessi er á ýmsan hátt hliðstæð milliríkjasamningum sem íslendingar hafa þegar gerst aðilar að, t. d. alþjóðasamþykkt um fuglaverndun og alþjóðasam-

komulagi um varnir gegn olíumengun. Alþjóðlegt samstarf á þessu sviði er skipulagt af Alþjóðasambandi um náttúruvernd (IUCN), sem Ísland er aðili að, og Alþjóðastofnun um rannsóknir votlendisfugla (IWRB), sem íslendingar hafa átt allmikið samstarf við og óformlega aðild að.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT UM VOTLENDI, SEM HAFA ALÞJÓÐLEGT GILDI, EINKUM FYRIR FUGLALÍF

Samningsaðilar, sem gera sér grein fyrir órjúfanlegum gagnkvæmum tengslum manns og umhverfis

— leggja áherslu á mikilvægi votlenda fyrir vatnsmiðlun, fyrir sérkennilegan gróður og dýralíf, og þá sérstaklega votlendisfugla;

— telja að votlendi séu náttúruauðlind, er hafi mikið hagrænt, menningarlegt og vísindalegt gildi og séu mikilvæg til útivistar, og missir þeirra væri óbætanlegur;

— vilja stöðva vaxandi röskun og eyðingu votlenda nú og framvegis;

— gera sér ljóst að votlendisfuglar eiga oftlega för yfir landamæri og verða því að teljast alþjóðleg náttúruverðmæti;

— eru þess fullvissir að vernd votlenda og gróðurs og dýralífs þar megi tryggja með framsýni og sameiginlegu átaki einstakra þjóða og með alþjóðasamvinnu;

— hafa gert með sér svohljóðandi samþykkt:

1. gr.

1. Í samþykkt þessari teljast til votlenda hvers konar mýrar, flóar, fen og vötn, bæði náttúruleg og tilbúin, varanleg og óvaranleg, með kyrru vatni eða rennandi, fersku, hálfsöltu eða söltu, og þar á meðal sjór allt að sex metra dýpi um fjöru.

2. Í samþykkt þessari teljast votlendisfuglar þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendum.

CONVENTION ON WETLANDS OF INTERNATIONAL IMPORTANCE ESPECIALLY AS WATERFOWL HABITAT

The Contracting Parties,

Recognizing the interdependence of man and his environment;

Considering the fundamental ecological functions of wetlands as regulators of water régimes and as habitats supporting a characteristic flora and fauna, especially waterfowl;

Being convinced that wetlands constitute a resource of great economic, cultural, scientific and recreational value, the loss of which would be irreparable;

Desiring to stem the progressive encroachment on and loss of wetlands now and in the future;

Recognizing that waterfowl in their seasonal migrations may transcend frontiers and so should be regarded as an international resource;

Being confident that the conservation of wetlands and their flora and fauna can be ensured by combining far-sighted national policies with co-ordinated international action;

Have agreed as follows:

Article 1

1. For the purpose of this Convention wetlands are areas of marsh, fen, peatland or water, whether natural or artificial, permanent or temporary, with water that is static or flowing, fresh, brakish or salt, including areas of marine water the depth of which at low tide does not exceed six metres.
2. For the purpose of this Convention waterfowl are birds ecologically dependent on wetlands.

2. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal innan lögsögu sinnar tiltaka viðeigandi votlendi, er sett skulu á skrá um votlendi, sem hafa alþjóðlegt gildi, hér eftir nefnd „skráin". Skráin skal haldin af skrifstofu þeirri er stofnsett er samkvæmt 8. gr. Mörkum hvers votlendis skal nákvæmlega lýst og einnig skulu þau færð inn á kort. Ár og strandsvæði, er jaðra við votlendin, mega vera innan slíkra marka, svo og eyjar eða sjávarsvæði á meira en sex metra dýpi, sérstaklega ef þau skipta máli sem aðsetur votlendisfugla.

2. Velja skal votlendi í skrána eftir alþjóðlegu mikilvægi þeirra á sviði vistfræði, grasafræði, dýrafræði, vatnalíffræði eða vatnafræði. Á fyrsta stigi skal tilfæra votlendi er hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla á hvaða árstíma sem er.
3. Skráning votlendis raskar á engan hátt óskoruðum fullveldisrétti samningsaðila yfir svæði því, þar sem votlendið er.

4. Sérhver samningsaðili skal tilfæra að minnsta kosti eitt votlendi fyrir skrána við undirskrift samþykkt þessarar eða þegar hann tilkynnir formlega staðfestingu hennar eða aðild að henni, samkvæmt ákvæðum 9. gr.
5. Sérhver samningsaðili hefur rétt til þess að bæta á skrána fleiri votlendum í lögsögu sinni og færa út mörk votlenda sem þegar eru á skránni. Þá skal aðili hafa rétt til að þrengja mörk votlenda er þegar eru á skránni, eða fella þau burt með öllu, ef brýnir þjóðhagsmunir krefjast þess. Aðili skal svo fljótt sem auðið er tilkynna stofnun þeirri eða ríkisstjórn, sem annast skrásetningu þá er greinir í 8. gr., allar slíkar breytingar.

6. Sérhverjum aðila ber að taka tillit til alþjóðlegrar ábyrgðar sinnar á vernd, meðferð og skynsamlegri hagnýtingu farandstofna votlendisfugla, bæði þegar valin eru svæði á skrána og

Article 2

1. Each Contracting Party shall designate suitable wetlands within its territory for inclusion in a List of Wetlands of International Importance, hereinafter referred to as "the List" which is maintained by the bureau established under Article 8. The boundaries of each wetland shall be precisely described and also delimited on a map and they may incorporate riparian and coastal zones adjacent to the wetlands, and islands or bodies of marine water deeper than six metres at low tide lying within the wetlands, especially where these have importance as waterfowl habitat.
2. Wetlands should be selected for the List on account of their international significance in terms of ecology, botany, zoology, limnology or hydrology. In the first instance wetlands of international importance to waterfowl at any season should be included.
3. The inclusion of a wetland in the List does not prejudice the exclusive sovereign rights of the Contracting Party in whose territory the wetland is situated.
4. Each Contracting Party shall designate at least one wetland to be included in the List when signing this Convention or when depositing its instrument of ratification or accession, as provided in Article 9.
5. Any Contracting Party shall have the right to add to the List further wetlands situated within its territory, to extend the boundaries of those wetlands already included by it in the List, or, because of its urgent national interests, to delete or restrict the boundaries of wetlands already included by it in the List and shall, at the earliest possible time, inform the organization or government responsible for the continuing bureau duties specified in Article 8 of any such changes.
6. Each Contracting Party shall consider its international responsibilities for the conservation, management and wise use of migratory stocks of waterfowl, both when designating entries

þegar hann neytir réttar síns til þess að breyta atriðum á skránni að því er tekur til votlenda innan lögsögu hans.

3. gr.

1. Aðilar skulu undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra, svo sem unnt er.

2. Sérhver samningsaðili skal sjá um að honum verði tilkynnt jafnskjótt og auðið er, ef vistfræðileg sérkenni votlenda, sem eru innan lögsögu hans og eru á skránni, hafa breyst, eru að breytast eða eru líkleg til þess að breytast vegna verklegra framkvæmda, mengunar eða annarrar röskunar af mannavöldum. Upplýsingar um slíkar breytingar skal þegar senda til stofnunar eða stjórnar þeirrar sem ábyrgð ber á skrásetningu svo sem greinir í 8. gr.

4. gr.

1. Sérhver aðili skal stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi.

2. Ef aðili þrengir, vegna brýnna þjóðhagsmuna, mörk votlendis sem er á skránni, eða fellir það af skrá, skal hann svo sem framast er unnt bæta þann missi. Áhersla er lögð á, að hann stofni í staðinn friðlönd fyrir votlendisfugla og til verndar nægilega stórum hluta upphaflegrar vistar, annað hvort á sömu slóðum eða annars staðar.

3. Samningsaðilar skulu stuðla að rannsóknum og miðlun upplýsinga og rita um votlendi, gróður þeirra og dýralíf.

4. Aðilar skulu leitast við að auka stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum.

5. Aðilar skulu stuðla að þjálfun starfsliðs á sviði rannsókna, nýtingar og gæslu votlenda.

for the List and when exercising its right to change entries in the List relating to wetlands within its territory.

Article 3

1. The Contracting Parties shall formulate and implement their planning so as to promote the conservation of the wetlands included in the List, and as far as possible the wise use of wetlands in their territory.
2. Each Contracting Party shall arrange to be informed at the earliest possible time if the ecological character of any wetland in its territory and included in the List has changed, is changing or is likely to change as the result of technological developments, pollution or other human interference. Information of such changes shall be passed without delay to the organization or government responsible for the continuing bureau duties specified in Article 8.

Article 4

1. Each Contracting Party shall promote the conservation of wetlands and waterfowl by establishing nature reserves on wetlands, whether they are included in the List or not, and provide adequately for their wardening.
2. Where a Contracting Party in its urgent national interest, deletes or restricts the boundaries of a wetland included in the List, it should as far as possible compensate for any loss of wetland resources, and in particular it should create additional nature reserves for waterfowl and for the protection, either in the same area or elsewhere, of an adequate portion of the original habitat.
3. The Contracting Parties shall encourage research and the exchange of data and publications regarding wetlands and their flora and fauna.
4. The Contracting Parties shall endeavour through management to increase waterfowl populations on appropriate wetlands.
5. The Contracting Parties shall promote the training of personnel competent in the fields of wetland research, management and wardening.

5. gr.

Aðilar skulu ráðgast innbyrðis um framkvæmd skuldbindinga, er samþykkt þessi felur í sér, sérstaklega þegar um er að ræða votlendi sem ná yfir lögsögu fleiri en eins aðila, eða þegar um er að ræða vatnasvæði sem eru í lögsögu fleiri en eins aðila.

Þeir skulu jafnframt leitast við að samræma og vinna að framkvæmd markmiða og laga um vernd votlenda, gróðurs þeirra og dýralífs, bæði þeirra er nú eiga við og þeirra er kunna að eiga við í framtíðinni.

6. gr.

1. Samningsaðilar skulu, þegar þörf krefur, efna til ráðstefna um vernd votlenda og votlendisfugla.

2. Ráðstefnur þessar skulu vera ráðgefandi og bærar um meðal annars:

   a) að ræða framkvæmd þessarar samþykktar;
   b) að ræða viðauka og breytingar á skránni;
   c) að fjalla um upplýsingar sem fyrir liggja samkvæmt ákvæðum 3. gr., 2. málsgr., um breytingar á vistfræðilegum sérkennum votlenda sem eru á skránni;
   d) að koma á framfæri við samningsaðila almennum eða sérstökum tilmælum um vernd, ráðstöfun eða hyggilega nýtingu votlenda og gróðurs þeirra og dýralífs;
   e) að vinna að því við alþjóðastofnanir, sem hlut eiga að máli, að þær geri greinargerðir og tölulegar skýrslur um mál sem snerta votlendi og eru fyrst og fremst alþjóðlegs eðlis.

3. Aðilar skulu tryggja, að hlutaðeigandi aðilum á öllum stigum ráðstöfunar votlenda verði kynnt tilmæli slíkra ráðstefna um vernd, ráðstöfun og hyggilega nýtingu votlenda og gróðurs þeirra og dýralífs, og ennfremur að þeir taki tillit til slíkra tilmæla.

7. gr.

1. Meðal fulltrúa aðila á slíkum ráðstefnum skulu vera menn sem eru sérfróðir

Article 5

The Contracting Parties shall consult with each other about implementing obligations arising from the Convention especially in the case of wetland extending over the territories of more than one Contracting Party or where a water system is shared by Contracting Parties.

They shall at the same time endeavour to co-ordinate and support present and future policies and regulations concerning the conservation of wetland and their flora and fauna.

Article 6

1. The Contracting Parties shall, as the necessity arises, convene Conferences on the Conservation of Wetlands and Waterfowl.
2. These Conferences shall have an advisory character and shall be competent inter alia:
   a) to discuss the implementation of this Convention;
   b) to discuss additions to and changes in the List;
   c) to consider information regarding changes in the ecological character of wetlands included in the List provided in accordance with paragraph 2 of Article 3;
   d) to make general or specific recommendations to the Contracting Parties regarding the conservation, management and wise use of wetlands and their flora and fauna;
   e) to request relevant international bodies to prepare reports and statistics on matters which are essentially international in character affecting wetlands.
3. The Contracting Parties shall ensure that those responsible at all levels for wetlands management shall be informed of, and take into consideration, recommendations of Conferences concerning the conservation, management and wise use of wetlands and their flora and fauna.

Article 7

1. The representatives of the Contracting Parties at such Conferences should in-

um votlendi eða votlendisfugla, vegna þekkingar og reynslu er þeir hafa aflað sér við vísindastörf, stjórnsýslu eða á annan slíkan hátt.

2. Hver aðili sem á fulltrúa á ráðstefnu skal fara með eitt atkvæði. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir til samþykktar tilmæla, enda taki að minnsta kosti helmingur aðila þátt í atkvæðagreiðslu.

clude persons who are experts on wetlands or waterfowl by reason of knowledge and experience gained in scientific, administrative or other appropriate capacities.

2. Each of the Contracting Parties represented at a Conference shall have one vote, recommendations being adopted by a simple majority of the votes cast, provided that not less than half the Contracting Parties cast votes.

8. gr.

1. Alþjóðasambandið um náttúruvernd (IUCN) skal annast skrifstofuhald samkvæmt samþykkt þessari, uns önnur stofnun eða stjórn er skipuð. Til slíkrar skipunar þarf samþykki tveggja þriðju hluta aðila.

2. Skrifstofuhald er í því fólgið meðal annars:
   a) að aðstoða við að kalla saman og skipuleggja ráðstefnur þær er nánar greinir í 6. grein;
   b) að halda skrá um votlendi með alþjóðlegt gildi og taka við upplýsingum frá aðilum um allar viðbætur, útfærslur, brottfellingar eða takmarkanir, er snerta votlendi, sem eru á skránni, samkvæmt ákvæðum 2. greinar, 5. málsgreinar;
   c) að taka við upplýsingum frá samningsaðilum um allar breytingar á vistfræðilegum sérkennum votlenda sem á skránni eru, samkvæmt ákvæðum 3. greinar, 2. málsgr.;
   d) að senda tilkynningar um allar breytingar á skránni eða breytingar á sérkennum votlenda, sem þar eru skráð, til allra samningsaðila, og að sjá til þess að þessi mál séu rædd á næstu ráðstefnu;
   e) að tilkynna viðkomandi samningsaðila um tilmæli ráðstefnanna að því er varðar slíkar breytingar á skránni eða breytingar á sérkennum skrásettra votlenda.

Article 8

1. The International Union for the Conservation of Nature and Natural Resources shall perform the continuing bureau duties under this Convention until such time as another organization or government is appointed by a majority of two-thirds of all Contracting Parties.

2. The continuing bureau duties shall be, inter alia:
   a) to assist in the convening and organizing of Conferences specified in Article 6;
   b) to maintain the List of Wetlands of International Importance and to be informed by the Contracting Parties of any additions, extensions, deletions or restrictions concerning wetlands included in the List provided in accordance with paragraph 5 of Article 2;
   c) to be informed by the Contracting Parties of any changes in the ecological character of wetlands included in the List provided in accordance with paragraph 2 of Article 3;
   d) to forward notification of any alternations to the List, or changes in character of wetlands included therein, to all Contracting Parties and to arrange for these matters to be discussed at the next Conference;
   e) to make known to the Contracting Party concerned, the recommendations of the Conferences in respect of such alternations to the List or of changes in the character of wetlands included therein.

9. gr.

1. Undirritun samþykktar þessarar eru ekki sett tímamörk.
2. Sérhver aðili Sameinuðu þjóðanna eða einhverrar af sérstofnunum þeirra eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða aðili að Alþjóðadómstólnum getur gerst aðili að þessari samþykkt með:
   a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu;
   b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu og síðari fullgildingu;
   c) aðild.
3. Fullgilding eða aðild skal fara fram með afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals til aðalritara Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) (hér á eftir nefndur „vörsluaðili").

Article 9

1. This Convention shall remain open for signature indefinitely.
2. Any member of the United Nations or of one of the Specialized Agencies or of the International Atomic Energy Agency or Party to the Statute of the International Court of Justice may become a party to this Convention by:
   a) signature without reservation as to ratification;
   b) signature subject to ratification followed by ratification;
   c) accession.
3. Ratification or accession shall be effected by the deposit of an instrument of ratification or accession with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, (hereinafter referred to as "the Depository").

10. gr.

1. Samþykkt þessi öðlast gildi fjórum mánuðum eftir að sjö ríki hafa gerst aðilar að henni samkvæmt ákvæðum 9. greinar, 2. málsgr.
2. Fyrir þá er síðar gerast aðilar verður samþykktin bindandi fjórum mánuðum eftir þann dag, sem undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða afhending fullgildingar- eða aðildarskjals fer fram.

Article 10

1. This Convention shall enter into force four months after seven States have become Parties to this Convention in accordance with paragraph 2 of Article 9.
2. Thereafter this Convention shall enter into force for each Contracting Party four months after the day of its signature without reservation as to ratification, or its deposit of an instrument of ratification or accession.

11. gr.

1. Samþykkt þessi gildir um óákveðinn tíma.
2. Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild að samþykktinni, eftir að fimm ár eru liðin frá þeim degi er samþykktin öðlast gildi fyrir hann, með því að tilkynna það skriflega. Uppsögn aðildar skal öðlast gildi fjórum mánuðum eftir þann dag sem tilkynning um hana berst vörsluaðila.

Article 11

1. This Convention shall continue in force for an indefinite period.
2. Any Contracting Party may denounce this Convention after a period of five years from the date on which it entered into force for that Party by giving written notice thereof to the Depository. Denunciation shall take effect four months after the day on which notice thereof is received by the Depository.

12. gr.

1. Vörsluaðili skal svo fljótt sem auðið er tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað og gerst aðilar að samþykkt þessari um:
   a) undirskriftir undir samþykktina,

Article 12

1. The Depository shall inform all States that have signed and acceded to this convention as soon as possible of:
   a) signatures to the Convention;

b) afhendingu fullgildingarskjala vegna samþykktarinnar,
c) afhendingu aðildarskjala vegna samþykktarinnar,
d) hvenær samþykktin öðlast gildi,
e) tilkynningar um uppsögn aðildar að samþykktinni.

2. Þegar þessi samþykkt hefur öðlast gildi skal vörsluaðili láta skrásetja hana hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ákvæðum 102. greinar stofnskrárinnar.

b) deposits of instruments of ratification of this Convention;
c) deposits of instruments of accession to this Convention;
d) the date of entry into force of this convention;
e) notifications of denunciation of this Convention.

2. When this Convention has entered into force, the Depository shall have it registered with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem hafa til þess löglegt umboð, skrifað undir þessa samþykkt.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Gert að Ramsar hinn 2. febrúar 1971 í einu frumriti á hverju máli um sig, ensku, frönsku, þýsku og rússnesku. Séu þau ósamhljóða skal enski textinn gilda. Frumritið skal afhent vörsluaðila til varðveislu og skal hann senda staðfest afrit af frumritinu öllum samningsaðilum.

DONE at Ramsar this 2nd day of February 1971, in a single original in the English, French, German and Russian languages, in any case of divergency the English text prevailing, which shall be deposited with the Depository which shall send true copies thereof to all Contracting Parties.

Ed. 532. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Ragnar Arnalds.
Jón Árm. Héðinsson.
Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes.

Sþ. 533. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir allmargra aðila um málið.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með till. með svofelldri

BREYTINGU:

Við tillgr. bætist: Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Steingrímur Hermannsson sat hjá við atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Páll Pétursson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Jón G. Sólnes, frsm.
Karvel Pálmason.	Sverrir Hermannsson.	Guðm. H. Garðarsson.

Ed. 534. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarp til laga um ríkisborgararétt og umsóknir þær, sem borist hafa eftir að frumvarpið kom fram. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Geir Gunnarsson.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 535. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþ. með þeim breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Jón G. Sólnes.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Geir Gunnarsson.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 536. Breytingartillögur [172. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

1. Á eftir orðunum „auðkennds almenningsvagns“ bætist: á áætlunarleið.
2. Á eftir fyrri efnismálslið greinarinnar komi nýr málsliður, sem orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um auðkenni þessara vagna og önnur framkvæmdaatriði.

Sþ. 537. Skýrsla

um norrænt samstarf 1976.

UM NORÐURLANDARÁÐ.

Norðurlandaráð starfar á grundvelli Helsingforssáttmálans, sem gerður var 1962. Með breytingu sáttmálans 1971 var stofnuð norræna ráðherranefndin, sem starfar í tengslum við ráðið. Á þeim 25 árum, sem liðin eru frá stofnun Norðurlandaráðs, hefur starf þess þróast. Það var norrænt þingmannasamband í upphafi, en er á seinni árum orðið stofnun, sem byggist á þjóðréttarlegum skuldbindingum. Er sagt, að hvergi meðal annarra ríkja eigi Norðurlandaráð sér algera hliðstæðu. Samkvæmt Helsingforssáttmálanum fer starf Norðurlandaráðs fram með beinum samskiptum landsstjórna Norðurlanda: þingmanna, ríkisstjórna og embættismanna, án milligöngu utanríkisþjónustu landanna eða annarra milliliða. Hlutverk Norðurlandaráðs er að hafa frumkvæði og vera ráðgefandi í þeim málum þjóðlífsins, þar sem henta þykir að hafa sameiginlega norræna stefnu eða samræmda löggjöf, og í málum, þar sem hagræði er að því að nýta sameiginlega upplýsingamiðlun og starfskrafta til þess að þoka málum áfram til góðs fyrir öll löndin.

Aðalstarfsvettvangur Norðurlandaráðs eru þing þess, sem að jafnaði eru haldin einu sinni á ári. Þar eiga sæti 78 þingmenn, til þess kjörnir, og ríkisstjórnafulltrúar, svo margir frá hverju landi sem hver ríkisstjórn kýs úr sínum hópi, auk þess fulltrúar fyrir landsstjórnir Færeyja og Álandseyja. Hinir kjörnu fulltrúar skiptast svo sem hér segir milli landanna: Þjóðþing Danmerkur velur 16 þingmenn, Ríkisþing finna 17, Alþingi íslendinga 6, Stórþing Noregs og Ríkisþing svía sína 18 þingmennina hvort, Lögþing Færeyja velur tvo þingmenn og Landsþing Álandseyja einn. Auk þess kýs hvert þing jafnmarga varafulltrúa.

Á þingum Norðurlandaráðs eru það aðeins hinir kjörnu þingmenn, sem hafa tillögurétt, málfrelsi og atkvæðisrétt. Ráðherrar hafa þar einungis tillögurétt og málfrelsi, atkvæðisrétt hafa þeir ekki. Norðurlandaráð mun vera eina fjölþjóðlega samkundan, þar sem allar ríkisstjórnir Norðurlandanna, allir ráðherrar þeirra, geta átt sæti samtímis.

Á milli þinganna starfa hinir 78 þingmenn í 5 málefnanefndum auk forsætisnefndarinnar. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur aðalskrifstofu í Stokkhólmi. Framkvæmdastjóri hennar eða aðalritari er Helge Seip, fyrrum ráðherra í Noregi. Auk þess starfrækja landsdeildirnar sérstaka skrifstofu. Hér á landi gegnir skrifstofa Alþingis þessu hlutverki, og er Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ritari Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

RÁÐHERRANEFND NORÐURLANDA.

Í ráðherranefnd Norðurlanda starfa ríkisstjórnir landanna saman. Samstarfsráðherrarnir, sem svo eru nefndir, einn í hverri ríkisstjórn, hafa með höndum

samræmingu norrænna samstarfsmála. Sá ráðherra íslenskur, sem fer með norræn samstarfsmál, er Geir Hallgrímsson forsætisráðherra. Hinn íslenski ritari samstarfsnefndarinnar er Guðmundur Benediktsson ráðuneytisstjóri. Ráðherrar á Norðurlöndum, sem fjalla um sömu málaflokka, halda með sér fundi, stundum ásamt tilsvarandi nefndum Norðurlandaráðs. Einnig starfa á vegum ráðherranefndarinnar margar embættismannanefndir.

Ráðherranefndin hefur m. a. það hlutverk að framkvæma ályktanir Norðurlandaráðs og gefur þingum þess skýrslu um störf sín og norrænar stofnanir, sem starfa í tengslum við ráðherranefnd og Norðurlandaráð. Ráðherranefndin getur haft frumkvæði að tillögugerð gagnvart Norðurlandaráði.

Á vegum ráðherranefndarinnar eru starfræktar tvær skrifstofur, sem starfa allt árið. Ráðherranefndin hefur aðalskrifstofu í Osló. Framkvæmdastjóri hennar eða aðalritari er Olli Bergman. Menningarmálaskrifstofa ráðherranefndarinnar er í Kaupmannahöfn. Framkvæmdastjóri hennar er Klas Olofsson.

STÖRF NORÐURLANDARÁÐS 1976.

Í desember 1975 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir í sameinuðu Alþingi. Gilti sú kosning árið 1976, en fulltrúarnir eru jafnan kosnir til eins árs í senn. Þessir þingmenn hlutu kosningu: Ásgeir Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Skaftason, Magnús Kjartansson, Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson. Varamenn voru kjörnir: Axel Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Gils Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Helgason og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Verkefnum var skipt á þennan hátt: Formaður Ragnhildur Helgadóttir, varaformaður Jón Skaftason. Í laganefnd var kjörinn Ásgeir Bjarnason, í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd Gylfi Þ. Gíslason og jafnframt í upplýsingamálanefnd, Jón Skaftason í efnahagsnefnd og upplýsingamálanefnd, Magnús Kjartansson í samgöngumálanefnd, Ragnhildur Helgadóttir í forsætisnefnd og félagsmálanefnd, Sverrir Hermannsson í efnahagsmálanefnd.

Þing Norðurlandaráðs 1976 var haldið í Kaupmannahöfn 28. febrúar til 3. mars. Þetta þing hafði á ýmsan hátt mikið gildi fyrir íslendinga: Forsætisnefnd ráðsins gaf á þessu þingi mjög þýðingarmikla stuðningsyfirlýsingu við íslendinga í landhelgisbaráttu þeirra, og tveir íslenskir listamenn hlutu verðlaun Norðurlandaráðs, þeir Atli Heimir Sveinsson, sem fékk tónlistarverðlaunin, og Ólafur Jóhann Sigurðsson, er fékk bókmenntaverðlaunin.

Fleiri stórviðburðir í sambandi við starf Norðurlandaráðs urðu á þessu ári. Norræni fjárfestingarbankinn tók til starfa sumarið 1976, norrænn umhverfissáttmáli tók gildi í október 1976, endurskoðaður norrænn menningarsamningur tók gildi, ákvæði um sameiginlegan norrænan kosningarétt til sveitarstjórna tók gildi í nokkrum landanna, og í september 1976 gekkst forsætisnefnd ráðsins fyrir merkri ráðstefnu um pólitískt lýðræði. Allt eru þetta viðburðir, sem marka spor í sögu Norðurlandaráðs, og allt eru þetta spor fram á við.

Um þær mundir sem Norðurlandaráðsþing átti að hefjast árið 1976, blöstu við ýmsir erfiðleikar á Íslandi. Allsherjarverkfall var í landinu og fiskveiðideila okkar við breta var á hættulegu stigi. Árekstrar breskra herskipa og íslenskra skipa voru tíðir og stöðugt yfirvofandi. Breska stjórnin virtist ákveðin í því að halda uppteknum hætti. Ljóst var, að það gat haft töluverða þýðingu gagnvart bresku stjórninni, ef ótvíræð gagnrýni á framkomu breta kæmi frá Norðurlöndunum öllum. Á það þurfti að leggja áherslu á alþjóðlegum vettvangi og af fleirum en íslendingum sjálfum, hve óheppileg og tilgangslaus þessi deila væri. Norðurlandaráð hlaut að vera áhrifamikill vettvangur til að fjalla um þetta mál. En það var líka ljóst, að alveg vandalaust var þetta ekki, vegna þess að í Norðurlandaráði hafa menn forðast umræður og deilur um utanríkismál, ef inn í þær deilur spinnast málefni, þar sem ríkin á Norðurlöndum hafa mismunandi afstöðu. Ýmsir hafa túlkað þetta svo, að um utanríkispólitík fjalli Norðurlandaráð alls ekki. Sönnu nær er að segja, að um öryggis-

og varnarmál fjalli Norðurlandaráð ekki. Þessi hefð stafar frá þeim tíma, er finnar gengu í ráðið. Gefin var um það yfirlýsing á þjóðþingi finna, er þeir samþykktu inngöngu í Norðurlandaráð, að þeir tækju ekki afstöðu til utanríkismála, ef um öryggismál væri að tefla. Þótt landhelgismál íslendinga fæli öðrum þræði í sér harða deilu við ríki utan Norðurlanda, mátti einnig líta á málið sem sameiginlegt norrænt hagsmunamál, því að verndun fiskstofna í Atlantshafi er sameiginlegt norrænt hagsmunamál. Það gaf í sjálfu sér tilefni til að ræða málið á vettvangi Norðurlandaráðs. Annað kom hér einnig til. Það var, hve geysimiklir hagsmunir voru í húfi fyrir íslendinga. Þótt deilan væri við ríki utan Norðurlandanna, mátti að því leyti til finna í þessu máli frávik frá hinni almennu reglu um utanríkismál, að hér var um að ræða baráttu einnar þjóðar í Norðurlandaráði fyrir lífsbjörg sinni.

Svo leit út um tíma sem allsherjarverkfallið yrði til þess, að íslensku fulltrúarnir kæmust ekki utan til þess að ræða um þessi mál við stjórnmálamenn hinna Norðurlandanna, og fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar komust ekki utan fyrr en útséð var um endanlega lausn vinnudeilnanna á öðrum degi þingsins. Íslendingar gátu vegna verkfallsins ekki tekið þátt í lokaundirbúningsfundum fyrir þingið, daginn áður en það skyldi hefjast. En að lokum tókst samkomulag við forvígismenn vinnudeilnanna á þann veg, að íslenska þingmannanefndin komst á miðjum fyrsta degi þingsins til þess að taka þátt í fundahöldum, og hafði þá ekki einungis verkfallið, heldur og veður hamlað ferðum hennar. Er óhætt að segja, að þessi skilningur og fyrirgreiðsla forvígismanna í verkfallinu varð til þess, þó seint væri, að það tókst á síðustu stundu að hafa samband við þingmenn frá hinum löndunum í því skyni að greiða fyrir hugsanlegri stuðningsyfirlýsingu við íslendinga. Í þessu máli sýndu norðmenn okkur mikinn drengskap, hvar í flokki sem þeir stóðu, og á engan er hallað, þótt þetta sé tekið fram. Vitanlega fengum við frá öllum löndunum mikilsverðan stuðning, og það var í raun og veru finni, sem reið á vaðið, þó að finnar ættu manna erfiðast að tala um utanríkismál, svonefnd, í Norðurlandaráði. Í ræðum sínum og viðtölum við menn lögðu íslendingar höfuðáherslu á hið sameiginlega norræna gildi sem fiskverndunarmarkmiðið með útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands hefði. Sænski varaforsetinn hafði flutt setningarræðu þingsins í stað íslenska forsetans þáverandi, sem ekki var kominn á vettvang. Hann og síðan finnski varaforsetinn lýstu því báðir yfir, að þeir teldu, að Norðurlandaráð gæti ekki horfið heim að loknu þingi án þess að hafa lýst yfir stuðningi við íslendinga. Þá kom fram tillaga frá öllum vinstri sósíalistaflokkunum á Norðurlöndum, þar sem sagði, að ráðið harmaði framkomu breta á Íslandsmiðum. Tillaga þessi var að formi til venjuleg ályktunartillaga. Hún hefði farið til nefndar og hlotið venjulega meðferð þar, þannig að nokkurn tíma hefði tekið að afgreiða hana og endanleg afgreiðsla ekki fengist á þessu þingi. Hún var að vísu góðra gjalda verð. En það, sem mestu máli skipti, var að fá breta sem fyrst til að fara heim með herskip sín til þess að unnt væri að skapa aðstöðu til að ræðast við.

Það var í sjálfu sér mjög mikils virði, að hver ræðumaðurinn af öðrum, allir meðal þekktustu stjórnmálamanna Norðurlanda, lýstu yfir áhyggjum sínum út af ástandinu á Íslandsmiðum og sögðu, að Norðurlandaþjóðum bæri að styðja okkur, frændur sína. Til að taka undir og leggja áherslu á það, sem fram hafði komið í langflestum ræðum manna á fyrsta degi þingsins um þetta efni, ákvað forsætisnefndin að standa að gerð sérstakrar yfirlýsingar, sem samkvæmt reglum ráðsins þarf ekki að hljóta sams konar meðferð og venjulegar tillögur þess. Hún gat þess vegna fengið afgreiðslu strax samdægurs og þar með haft þá þýðingu, sem henni var ætlað. Vandinn var hins vegar að finna það orðalag, sem allur þessi hópur gæti fallist á. Í þessu skyni fékk forsætisnefndin næsta morgun alla utanríkisráðherrana og norrænu samstarfsráðherrana á fund með sér og ræddi við þá um orðalag yfirlýsingarinnar. Fékkst því framgengt, að allir viðstaddir samþykktu yfirlýsingu um málið. Að því búnu var ákveðið að sá, sem stýrði fundum ráðsins það síðdegi, Trygve Bratteli, skyldi lesa þinginu yfirlýsinguna og sjá til þess, að hún yrði af-

greidd samkvæmt þingsköpum ráðsins. Þennan dag var forsætisráðherra Íslands kominn til þingsins. Hafði ræðu hans verið beðið með eftirvæntingu, og vafalaust er, að sú ræða jók skilning manna á nauðsyn yfirlýsingar forsætisnefndarinnar. Yfirlýsingin hljóðaði svo:

„Forsætisnefnd Norðurlandaráðs staðfestir, að Norðurlandaþjóðirnar hafa með þungum áhyggjum fylgst með deilu þeirri, sem þróast hefur milli Stóra-Bretlands og Íslands í sambandi við fiskveiðarnar innan hinna nýju 200 mílna fiskveiðitakmarka. Forsætisnefndinni er ljóst, að nýting auðæfa hafsins er tilverugrundvöllur hinnar íslensku bræðraþjóðar og að sérstakar ráðstafanir eru nauðsynlegar til þess að tryggja að þessum auðæfum verði ekki eytt."

Blaðaskrif um yfirlýsingu þessa urðu geysimikil um öll Norðurlönd. Er vafalaust, að þau urðu til þess að auka verulega skilning á málefnum okkar og að þau urðu okkur í raun stórlega til hjálpar. Þótt nokkrar gagnrýnisraddir heyrðust, þá voru hinar miklu, miklu fleiri, sem studdu málstað íslendinga og tóku afstöðu með því sem gert var í þessu máli á Norðurlandaráðsþinginu. Formleg atkvæðagreiðsla um þetta mál fór ekki fram á þinginu.

Ef marka má andrúmsloft eða „stemmingu" á þingi sem þessu, má fullyrða, að Ísland átti þarna einbeitta stuðningsmenn. Þess má geta, að í norska Stórþinginu kom það fram síðar í áliti utanríkismálanefndar, að hún teldi yfirlýsingu forsætisnefndarinnar um fiskveiðimál íslendinga engan veginn brot á þeirri hefð að fjalla ekki um utanríkis- og öryggispólitísk mál í Norðurlandaráði.

Þótt þetta mál, landhelgismálið, hafi af eðlilegum ástæðum verið efst í huga íslendinga á þessum tíma, má ekki gleyma því, að um mörg mikilvæg mál önnur var fjallað á þessu þingi. Það mál, sem að öðru leyti setti mestan svip sinn á hinar almennu umræður fyrstu tvo daga þingsins, var samstarf í orku- og efnahagsmálum, eins og raunar oft áður, og þá ekki síst umræður um hinn væntanlega norræna fjárfestingarbanka. Stofnun fjárfestingarbankans hafði verið samþykkt á aukaþingi, hinu fyrsta í sögu ráðsins, sem haldið hafði verið í nóvember árið 1975 í Stokkhólmi. Það örlaði aðeins á því sjónarmiði í umræðunum, að óþarft hefði verið að flýta sér svo mjög að samþykkja stofnun bankans að kveðja til aukaþings í þessu skyni. Aftur á móti er alveg óvíst hver orðið hefðu afdrif þessa máls, ef það hefði dregist úr hömlu að kalla saman þing til þess að bera málið undir atkvæði þess. Sannleikurinn er sá, að umræður um norrænt efnahagssamstarf hafa verið á döfinni allt frá 1959, og hvað eftir annað hefur hugmynd um slíkt samstarf strandað á einhverjum pólitískum örðugleikum einhverra þjóðanna. Þegar ráðherranefndin gerði það að tillögu sinni við forsætisnefndina vorið 1975, að nú skyldi fjallað um stofnun fjárfestingarbanka, þótti forsætisnefndinni rétt að koma strax til móts við þetta sjónarmið og láta það fá afgreiðslu svo fljótt sem verða mátti. Það var í sjálfu sér mjög ánægjulegt, að samstaða skyldi vera milli ráðherranna um þetta mál. En málið var hins vegar svo mikilvægt, að ekki þótti fært að ráðast í stofnun bankans, án þess að það hefði verið borið undir þingið. Því var það, að forsætisnefndin ákvað að halda sérstakt þing í þessu skyni, þing, sem var mjög einfalt í sniðum og stóð aðeins einn dag og fjallaði aðeins um þetta mál og svo tvö önnur, sem voru óumdeild. Stofnun bankans var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta í ráðinu, gegn atkvæðum þeirra, sem eru lengst til hægri og vinstri í norrænni pólitík. Fram skal tekið, að íslenska sendinefndin stóð saman sem einn maður í þessu máli. Ýmis atriði varðandi starfsemi bankans voru enn óákveðin. Forsætisnefnd og ráðherranefnd í sameiningu þurftu að taka ákvarðanir um fjölda manna í stjórn bankans og eftirlitsnefnd, sem ákveðið var að setja á stofn. Í henni skyldu vera 5 frá Norðurlandaráði, þ. e. a. s. þingmenn, og 5 frá ríkisstjórnunum. Í stjórn bankans skyldi einnig vera einn maður frá hverju Norðurlandanna. Það segir sig sjálft, að það var mikið hagsmunamál fyrir íslendinga, að svo yrði gengið frá málum, að það yrðu örugglega 5 eða 10 menn í þessum stjórnum. Annars var hætta á, að íslendingar yrðu þar e. t. v. ekki með. Málefni Norræna fjárfestingarbankans, sem

er mjög mikið fyrirtæki og merkileg nýjung í samstarfi Norðurlanda, verða ekki rædd frekar í þessari skýrslu.

Hér skulu loks nefnd nokkur mál, sem samþykkt voru á þinginu í Kaupmannahöfn og eru um ýmis efni. Samþykktar voru ályktanir um:

1) áætlun um ferðamálasamstarf,
2) fjölgun flugleiða innan Norðurlanda,
3) gildi ökuskírteina,
4) aukna ferðamöguleika fyrir elli- og örorkulífeyrisþega,
5) samstarf á sviði almennra menningarmála fyrir börn,
6) verkefni í norrænu tungumálasamstarfi,
7) dreifingu á nýsigögnum,
8) sjónvarpsdagskrár fyrir sjómenn,
9) aukið norrænt samstarf um framhaldsnám,
10) fjölmiðlarannsóknir,
11) sagnfræðirit um stöðu norrænna kvenna,
12) opinber innkaup á Norðurlöndum,
13) eiturefni og hættuleg efni í atvinnulífinu,
14) norræna verkefnaáætlun á sviði vinnuumhverfis,
15) aðgerðir til að styrkja menningarlíf sama,
16) breyttar ríkisborgararreglur og
17) norrænt samstarf um útgáfu opinberra skýrslna.

MÁLEFNI NEFNDANNA.

Nú verður vikið að málefnum, sem nefndir Norðurlandaráðs hafa unnið að árið 1976. Fyrst skal þá nefnt, að nefndirnar hafa fjallað um tillögur frá ráðherranefndinni um víðtækar verkefnaáætlanir í tilteknum málaflokkum. Nokkuð af þessum tillögum verður til meðferðar og afgreiðslu á næsta Norðurlandaráðsþingi um mánaðamótin mars-apríl í Helsinki. Hér er um að ræða verkefnaáætlun í vinnumarkaðsmálum, sérstaka áætlun, merka, um aðbúnað á vinnustöðum, og loks sameiginlega áætlun um félags- og heilbrigðismál. Enn fremur er unnið að nýrri verkefnaáætlun á sviði byggingarmála. Þá er áætlun um samstarf um málefni sveitarfélaga, sem liggja að sameiginlegum landamærum, en hún snertir að sjálfsögðu ekki íslendinga.

1. LAGANEFND.

Laganefnd Norðurlandaráðs hefur s. l. ár lagt höfuðáherslu á samstarf á sviði **sifjaréttar**, sérstaklega samræmingu reglna um fjármál hjóna, svo og um fjármál ógifts sambúðarfólks. Að öðrum atriðum hjúskaparlaga hefur verið unnið í hinum einstöku löndum eftir þeim sjónarmiðum, sem þar ríkja. Þá hefur í laganefndinni verið fjallað um reglur á sviði **persónuréttar**, sérstaklega verndun friðhelgi einkalífs í sambandi við tölvulöggjöf. Loks hefur nefndin fengist við réttarleg vandamál vegna stöðu sama í Norður-Skandinavíu.

Á vegum ráðherranefndar hefur verið unnið að sérreglum á sviði **skaðabótaréttar** og þá sérstaklega fjallað um hlutlæga ábyrgð. Ný atriði í norrænum **höfundarétti** hafa verið til umræðu, einkum atriði er varðar túlkandi listamenn. Loks eru til umræðu vandamál í sambandi við aðrar tegundir refsinga heldur en frelsisskerðingu.

Fulltrúi Íslands í laganefnd er Ásgeir Bjarnason, forseti sameinaðs Alþingis.

2. FÉLAGSMÁLANEFND.

Þegar hefur verið vikið að verkefnum á sviði félagsmálanefndar og þá sérstaklega nefndar tillögur ráðherranefndarinnar um verkefnaáætlanir um **vinnumarkað** og **aðbúnað á vinnustöðum.** Síðar nefnda tillagan var rækilega rædd á sérstakri ráð-

stefnu, sem félagsmálanefnd Norðurlandaráðs hélt í Þorsgrunn í Noregi sumarið 1975. Þar voru fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins á Norðurlöndum, bæði samnorrænu samtökunum og einnig samtökum hinna einstöku landa, auk fulltrúa Norðurlandaráðs í félagsmálanefndinni. Á grundvelli þess, sem fram kom á þessari ráðstefnu, hefur síðan verið unnið mikið starf, og má vænta mikils af þessari áætlun. Verkefni áætlunar þessarar standa að meira eða minna leyti í sambandi við sameiginlega norræna vinnumarkaðinn, sem gerður var samningur um árið 1954. Ísland hefur aldrei gerst formlega aðili að norræna vinnumarkaðnum, en hefur hins vegar notið ýmissa réttinda, sem af honum leiðir. Það hefur verið rætt nýlega, hvort íslendingar ættu að gerast aðilar að vinnumarkaðnum. Í vegi stendur enn þá neikvæð afstaða Alþýðusambands Íslands, en ríkisstjórninni þykir rétt að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um þetta mál. Mér sýnist vera full ástæða til þess að endurskoða þessa afstöðu íslendinga. Ég held, að aðild að vinnumarkaðnum hefði ekki þær hættur í för með sér, sem menn héldu fyrir 23 árum, þegar hann kom til sögunnar. Þá voru forsendur aðrar. Hins vegar mundum við hafa ýmsa hagsmuni af aðildinni. Einnig varðar það nokkuð stolt okkar sem þjóðar í samstarfi við aðra, að afstaða okkar sé ekki einungis bundin við hagsmuni sjálfra okkar.

Félagsmálanefndin hefur mjög rætt um, að nauðsynlegt væri að koma á norrænum vinnumarkaði fyrir vissar sérfræðingastéttir, sem ekki falla undir hinn norræna almenna vinnumarkaðssáttmála. Er hér sérstaklega um að ræða ýmiss konar starfsmenn **á sviði heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu.** Tekið hefur til starfa **norræn læknislyfjanefnd** og norræn nefnd um **vandamál fatlaðra.**

Samstarfsnefnd um **jafnrétti karla og kvenna** starfaði á vegum ráðherranefndarinnar, og á árinu lét ráðherranefndin ganga frá skýrslu um Alþjóðavinnumálastofnunina og **konur í atvinnulífinu.**

Fulltrúi Íslands í félagsmálanefnd er Ragnhildur Helgadóttir.

3. SAMGÖNGUMÁLANEFND.

Samgöngumálanefnd fjallaði um skýrslur norrænnar embættismannanefndar um umferðarmál, fyrst og fremst þrjá þætti. Hin fyrsta fjallar **um fólksflutninga** innan bæja og borga. Þar er rætt um, hvernig skipuleggja eigi fólksflutninga framtíðarinnar í litlum og meðalstórum þéttbýlisstöðum. Önnur skýrsla fjallar um norræna **vegarannsóknaáætlun** og í því sambandi um grundvöll að athugun á kostnaðarhlutdeild hinna ýmsu ökutækja í sambandi við slit veganna. Þriðja skýrslan var um **hjálpartæki til að létta fötluðum notkun fjarskiptaþjónustu** og útbreiðslu slíkra tækja, hvernig koma má þeim á markað og gera þau ódýrari. Rætt var um **flugsamgöngur í norðurhluta Skandinavíu** og **ferju milli Íslands og Færeyja og annarra Norðurlanda.** Fyrir liggur nú verkefnaáætlun norrænna ferðamála, en undirbúningur hennar var mikið starf.

Fulltrúi Íslands í samgöngumálanefndinni er Magnús Kjartansson (varamaður Gils Guðmundsson).

4. EFNAHAGSMÁLANEFND.

Efnahagsmálanefndin ræddi 1976 um möguleika á því að finna lagaform fyrir samstarf sveitarfélaga, sem liggja að sameiginlegum landamærum. Í þeirri nefnd var einnig rætt um nýja **verkefnaáætlun** á sviði **byggingaiðnaðarins.** Fjallað var um norrænt samstarf um **öryggisráðstafanir vegna kjarnorkuframleiðslu.** Í þessari nefnd hefur mikið verið fjallað um **orkumálasamstarf.** Ráðherranefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ástæða til að gera sérstakan norrænan sáttmála um samstarf á sviði orkumála. Hins vegar stendur yfir og má búast við töluverðu samstarfi milli tveggja landa eða fleiri í senn í þessum hópi, þó að ekki séu öll

lönd aðilar hverju sinni. Nefna má sem dæmi tvíhliða samninga Noregs og annarra ríkja, t. d. norsk-íslenska járnblendisamninginn. Olíulindir Noregs munu hafa vaxandi þýðingu við gerð tvíhliða samninga.

Hinn nýi Norræni fjárfestingarbanki verður þessu samstarfi vafalaust til eflingar. Í þessu sambandi verður og að geta um Norræna iðnþróunarsjóðinn, sem þegar hefur gengt mikilvægu hlutverki. Fram í ágúst síðasta ár hafði hann veitt framlög og lán samtals að upphæð 26.5 milljónir norskra króna til 65 verkefna.

Í auknum mæli er unnið að upplýsingamiðlun í sambandi við rannsókn á orku á Norðurlöndum, og unnið er að skýrslu um **sameiginlega og gagnkvæma nýtingu á orkulindum landanna.**

Á grundvelli mála, sem fjallað var um í þessari nefnd, hefur ráðherranefndin látið vinna að verkefnum til öryggis og **hagræðis neytendum.** Þetta hefur sérstaklega varðað **merkingar og upplýsingar um vörur**, sem fyrst og fremst eru notaðar á heimilum, bæði tæki, svo og ýmiss konar vörur úr efnaiðnaði, þvottaefni og ýmis kemísk efni, sem hættulegt gæti verið að nota, ef þau væru ekki með glöggum upplýsingum og vel merkt. Er mikið hagræði að því að hafa sameiginlegar norrænar merkingar á slíkum vörum — merkingar, sem skiljast í öllum löndunum.

Í efnahagsmálanefnd ráðsins eiga sæti þeir Jón Skaftason og Sverrir Hermannsson.

5. MENNINGARMÁLANEFND.

Menningarmálanefndin lagði á árinu höfuðáherslu á **hækkun framlags til Menningarmálasjóðsins.** Þá hefur nefndin unnið að stuðningi við þátttöku ýmissa **samtaka almennings** í menningarsamstarfi Norðurlanda, og aukna áherslu hefur nefndin lagt á stuðning við norrænt íþróttasamstarf. Nefndin hefur lýst áhyggjum af því, að kostnaðurinn við úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hefur vaxið hraðar en verðlaunaupphæðin. Menningarmálanefndin hefur unnið mikið að auknu samstarfi í **útvarps- og sjónvarpsmálum,** fjallað um virkara **samstarf um sérmenntun** og lagt áherslu á, að norræn **prófskírteini hafi gildi í öllum löndunum.** Þá hefur nefndin hvatt til aukins stuðnings við norrænt samstarf um **rannsóknir á heilsufari á norðlægustu slóðum.** Nefndin fékk samþykktar tillögur um bætta dreifingu á svonefndum **nýsigögnum** (AV-material) **um hin norrænu lönd.**

Þá hefur nefndin unnið að því að sett yrði upp norræn **menningarmiðstöð í Finnlandi og önnur í Færeyjum,** í Þórshöfn. Þau mál eru nú í höndum ráðherranefndarinnar.

Íslenski fulltrúinn í menningarmálanefndinni og jafnframt formaður hennar nú um nokkurra ára skeið er Gylfi Þ. Gíslason.

MENNINGARFJÁRLÖGIN OG NORRÆNI MENNINGARMÁLASJÓÐURINN.

Á vegum ráðherranefndarinnar eru að höfðu samráði við menningarmálanefndina gerð sérstök **menningarfjárlög,** sem Norðurlandaráð fjallar um, auk hinna almennu fjárlaga. Fjárlög ráðherranefndarinnar til menningarmála á árinu 1976 námu samtals 45 263 000 dönskum krónum. Þar af gengu til **Norræna menningarmálasjóðsins** 6.5 millj. danskra kr. Frv. til fjárlaga ársins 1977 er að upphæð samtals 52 millj. danskra kr., en framlag Norræna menningarmálasjóðsins hækkar væntanlega í 8 millj. danskra kr. á árið 1978 fyrir atbeina menningarmálanefndarinnar. Fjárveitingar menningarfjárlaganna skiptust þannig, að til rannsókna, sem fram fara í ýmiss konar norrænum rannsóknarstofnunum, fóru 16 393 000 danskra kr. Til kennslumála í ýmsum samnorrænum skólum og föstum námskeiðum fóru 6 530 000 danskra kr. Til almennrar menningarstarfsemi, þ. á m. Norræna hússins, listaverðlaunanna, tónlistarsamstarfs o. fl., fóru 6.5 millj. danskra kr. Sérstakt ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar til menningarmála var 5 millj. danskra kr. Gert er ráð fyrir, að milli fjárveitinganna verði svipað hlutfall árið 1977. Á árinu 1976 hafði Norræni

menningarmálasjóðurinn 1 millj. danskra kr. meira til umráða en 1975, framlagið hækkaði úr 5.5 millj. upp í 6.5 millj. kr. Rúmri millj. danskra kr. úr Norræna menningarmálasjóðnum eða 16% var varið árið 1976 til stuðnings við ýmiss konar tímabundin vísindaverkefni. Sá hluti, sem fór til tímabundinnar fræðslustarfsemi, var álíka stór, og það sem eftir var, ca. 4.5 millj. danskra kr., eða 68%, fór til stuðnings ýmiss konar almennrar menningarstarfsemi, tónleika, leiksýninga o. fl. Árið 1976 lagði sjóðsstjórnin sérstaka áherslu á norrænar **menningarvikur,** sem fram fóru í ýmsum byggðarlögum á Norðurlöndum. Haldin var 51 norræn menningarvika og veitt í þessu skyni 1 millj. danskra króna.

Í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins var árið 1976 af hálfu Íslandsdeildar Jóhann Hafstein (varamaður Gils Guðmundsson). Á Norðurlandaráðsþingi 1976 var Sverrir Hermannsson kosinn í stjórn sjóðsins fyrir árið 1977 og 1978 (varamaður Gils Guðmundsson).

HIN ALMENNU FJÁRLÖG RÁÐHERRANEFNDAR.

Hin almennu fjárlög ráðherranefndar voru 1976 22 066 000 danskar kr. og í frumvarpinu fyrir árið 1977 er lagt til, að upphæðin verði 28 149 000 danskar kr. Á árinu 1976 var varið til heilbrigðis- og félagsmála 3.5 millj. danskra kr., til verkefna á sviði efnahagsmála, þ. á m. iðnaðar, orkumála og neytendamála, um 5.5 millj. danskra kr. til vinnu að samgöngumálum fóru um 1.2 millj. danskra kr.

Tekið skal fram, að þessi fjárlög ráðherranefndarinnar eru aðeins til ýmissa stofnana og áætlanagerða. Framlög til Norræna fjárfestingarbankans eru ekki innifalin í heildarupphæðinni.

Sameiginlegur kostnaður vegna starfs Norðurlandaráðs er samkv. **fjárlögum forsætisnefndarinnar** á árinu 1976 4 150 000 sænskar kr. Verulegur hluti af þessari upphæð er kostnaður við útgáfustarfsemi á vegum ráðsins, en hún er talsverð: annars vegar svokölluð **Nordisk udredningsserie,** sem hefur mikinn fróðleik að geyma um margvísleg málefni, hins vegar tímaritið **Nordisk Kontakt,** sem kemur út hálfsmánaðarlega á starfstíma þinganna og flytur fréttir frá öllum þjóðþingum Norðurlandanna. **Framlög hinna einstöku landa** vegna starfs Norðurlandaráðs svo og ráðherranefndarinnar skiptist í hlutfalli við brúttó-þjóðarframleiðslu landanna. Á árinu 1976 skiptist þetta svo, að Danmörk lagði til 22% af fjármununum, Finnland 16%, Ísland 1%, Noregur 16% og Svíþjóð 45%. Á árinu 1977 er gert ráð fyrir, að hlutdeild Íslands verði 0.9%. Það skal tekið fram, að fjárveitingar á fjárlögum ráðsins fara ekki eftir þjóðartekjum eða þjóðarframleiðslu landanna, heldur einungis eftir þörfum og starfsemi hverju sinni.

FJÁRLAGANEFND OG UPPLÝSINGAMÁLANEFND.

Sérstök 10 manna **fjárlaganefnd** er kosin af Norðurlandaráðsþingi. Þar eiga sæti allir nefndarformennirnir auk eins manns til viðbótar úr hverri nefnd. Verkefni fjárlaganefndar er að fjalla um fjárlagafrumvörp ráðherranefndar og fjárlög ráðsins. Formaður þessarar nefndar árið 1976 var Gylfi Þ. Gíslason.

Á hverju þingi er einnig kosin **upplýsingamálanefnd,** sem sér um útbreiðslustarfsemi ráðsins og annast ritstjórn Nordisk Kontakt. Fulltrúar Íslands í þeirri nefnd árið 1976 voru Jón Skaftason og Gylfi Þ. Gíslason. Ritstjórar Nordisk Kontakt, tímarits ráðsins, eru einn frá hverju landi. Íslenski ritstjórinn er Björn Jóhannsson, fréttaritstjóri Morgunblaðsins.

FORSÆTISNEFNDIN.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs annast stjórn ráðsins milli þinga. Í nefndinni er einn þingmaður frá hverju landi. Forseti Norðurlandaráðs er kosinn til eins árs, og samkvæmt hefð er það fulltrúi sá í forsætisnefndinni, sem er frá því landi, þar sem þingið er háð það árið.

Ég hef áður fjallað um yfirlýsingu forsætisnefndarinnar um landhelgismál íslendinga og störf hennar að undirbúningi stofnunar Norræna fjárfestingarbankans. Á s. l. vori kaus forsætisnefndin af hálfu Norðurlandaráðs sérstaka **eftirlitsnefnd** með starfi Fjárfestingarbankans. Íslenski fulltrúinn í eftirlitsnefndina var kosinn af hálfu ráðsins Jón Skaftason, en af hálfu ráðherranefndarinnar Jóhann Hafstein. Í stjórn bankans voru skipaðir af Íslands hálfu Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, og Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri. Gengið var frá reglum um samskipti ráðherranefndarinnar og nefnda Norðurlandaráðs. Ákveðið var að stefna að því að koma á sameiginlegum fundum forsætisnefndar og forsætisráðherra Norðurlandanna, en slíkir fundir voru haldnir reglulega áður en ráðherranefndin var stofnuð.

Forsætisnefndin gekkst fyrir **ráðstefnu** í Kristiansand í Noregi 27.—29. september 1976 um „De politiske demokrati i sögelyset". Efninu var skipt í þrjá þætti. Í hinum fyrsta var málið rætt frá evrópsku sjónarmiði. Í öðrum þætti var rætt um þróun samfélagsins og framtíð lýðræðisins. Í þriðja þætti var rætt um sambandið milli stjórnmálamanna og fjölmiðla, um sambandið milli stjórnmálamanna og hagsmunahópa og um sambandið milli stjórnmálamanna, pólitískra samtaka og hinna almennu borgara. Hvert efni ræddu tveir frummælendur, annar þeirra stjórnmálamaður. Úr hópi stjórnmálamanna voru frummælendur á þessari ráðstefnu Trygve Bratteli, Gunnar Helén, Ulf Sundquist, Kåre Villoch, Grete Philip og Knud Enggård. Auk þess fluttu inngangserindi á ráðstefnunni Ruth Ryste fyrir hönd norsku ríkisstjórnarinnar og Ragnhildur Helgadóttir, sem setti ráðstefnuna. Aðrir frummælendur voru ritstjórarnir Jan Magnus Jansson og Jörgen Schleiman, prófessor Ulf Torgersen, Lennart Bodström og Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, sem flutti fyrirlestur um sambandið milli stjórnmálamanna, stjórnmálasamtaka og hins almenna borgara. Ráðstefna þessi fjallaði um efni, sem er nærtækt fyrir stjórnmálamenn, efni, sem á okkar tímum er aðkallandi að lýðræðissinnaðir stjórnmálamenn og almenningur geri sér nána grein fyrir. Fyrirlestrar ráðstefnunnar verða allir gefnir út á vegum ráðsins í ritaflokknum Nordisk Udredningsserie.

Síðari hluta ársins hefur mjög verið rætt um flokkspólitíska samsetningu forsætisnefndarinnar og hafa þær umræður farið fram að norsku frumkvæði.

1976 áttu þessir sæti í forsætisnefndinni:

Knud Enggård, Venstre, Danmörk, forseti ráðsins,
Johannes Antonsson, Centerpartiet, Svíþjóð, fyrri hluta tímabilsins, og
Olof Palme, Socialdemokr., síðari hluta tímabilsins,
Trygve Bratteli, Arbeiderpartiet, Noregi,
V. J. Sukselainen, Centerpartiet, Finnlandi,
Ragnhildur Helgadóttir, Sjálfstfl., Íslandi.

UM 25 ÁRA AFMÆLI RÁÐSINS.

Upplýsingamálanefndin sinnti á árinu 1976 sérstaklega því verkefni að undirbúa útbreiðslu og sérstakar aðgerðir í sambandi við 25 ára afmæli ráðsins á árinu 1977. Unnið var að sérstakri áætlun um **útbreiðslustarfsemi** og haldinn var fundur með framkvæmdastjórum stjórnmálaflokkanna í hverju landi skömmu eftir áramót. Þá voru námskeið fyrir blaðamenn um norræn málefni, og á vegum upplýsingamálanefndar vann sérstök vinnunefnd starfsmanna ráðsins að því að gera úr garði farandsýningu um **stöðu norrænna kvenna í ljósi sagnfræðinnar.** Prentun sýningargagna seinkaði vegna þingkosninga í Svíþjóð á s. l. hausti. Þetta varð til þess, að ekki var unnt að halda hér á landi áætlun um sýningartíma, þar eð gögnin bárust ekki öll fyrr en löngu seinna. Áætlað er, að sýningin verði á árinu 1977 í Norræna húsinu og víðar á landinu.

Norrænu félögin munu taka að sér að standa fyrir ýmiss konar hátíðahöldum og samkomuhaldi í tilefni af afmæli Norðurlandaráðs og verður það gert á degi sem valinn hefur verið af Norðurlandaráði sem norrænn dagur, og er það 23. mars.

Reykjavík, febrúar 1977.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 538. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum. Jákvæðar umsagnir bárust frá Umferðarráði, umferðarnefnd Reykjavíkur, F. Í. B. og Landssamtökum klúbbanna Öruggur akstur.

Hins vegar benti Samband ísl. tryggingafélaga á það, að hraðaaukning úr 45 í 50 km á klst. orsakaði 25% meiri hemlunarvegalengd, og lagðist gegn frv.

Nefndinni þykir rétt að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Svava Jakobsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Páll Pétursson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 539. Frumvarp til laga [233. mál]

um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og tóbaksvarningi eru bannaðar hér á landi.

2. gr.

Bannað er ennfremur að nota neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsnota.

Jafnan skal haft samráð við hlutaðeigandi forráðamenn, eigendur eða stjórnendur, áður en slíkt bann er sett á, en ekki er það skilyrði að þeir samþykki bannið.

Við veitingu heimildar til reksturs langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa, leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru eða öllu í farartækinu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa nefnd, sem fær það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum.

Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna.

Heilbrigðisráðherra ákveður um ráðstöfun fjárins.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1977. Jafnframt falla þá úr gildi 2. og 3. málsliður 1. mgr. og öll 2. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ljós hefur komið að bann það, sem sett var á tóbaksauglýsingar með lögum 59/1971, hefur ekki orðið jafn víðtækt og æskilegt væri. Í skjóli þess, að tekið er fram að auglýsingar séu bannaðar utan dyra, hafa verið uppi auglýsingaherferðir tóbaksframleiðenda í flestum stærri matvöruverslunum landsins. Jafnframt hefur verið leitast við að haga því svo að auglýsingaspjöld sjáist jafnt utan frá sem innan dyra. Efnt hefur verið til samkeppni meðal kaupmanna og vegleg ferðaverðlaun veitt fyrir mesta og besta tóbaksskreytingu búðarinnar.

Þá hafa tóbaksframleiðendur stofnað til skákkeppni í nafni tiltekinnar sígarettutegundar og veitt rífleg peningaverðlaun.

Af þessu er ljóst að þörf er á að setja lög, sem taka af öll tvímæli í þessu efni.

Nokkur Norðurlandanna hafa síðustu árin sett hjá sér lög um tóbaksmál, sem vert er að vekja athygli á.

Hér er um að ræða eftirtalda löggjöf:

Í Noregi: Lög frá 19. mars 1973 um hömlur á sölu tóbaksvarnings o. fl. ásamt reglugerðum um bann við tóbaksauglýsingum og um undantekningar frá því banni. Lögin og reglugerðirnar tóku gildi 1. júlí 1975.

Í Finnlandi: Lög sem samþykkt voru 15. júní 1976 um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum. Lögin tóku gildi 1. mars 1977. Eru þau augljóslega sniðin eftir tóbakslögum norðmanna en talsvert ítarlegri.

Í Svíþjóð: Lög frá 11. desember 1975 um aðvörunartexta og lýsingu á innihaldi tóbaksvarnings og reglugerð um sama efni en fyrirmæli hennar komu til framkvæmda 1. janúar 1977.

Skal nú greint frá helstu ákvæðum þessarar norrænu tóbakslöggjafar um auglýsingabann, aðvaranir og lýsingu á innihaldi, takmarkanir á tóbakssölu og um reyklausa staði.

Auglýsingabann.

Bæði norsku og finnsku tóbakslögin kveða á um bann við auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi. Á það jafnt við um vörur sem framleiddar eru úr tóbaki —sígarettur, vindla, reyktóbak og neftóbak — og efni og tæki sem eru notuð til reykinga, svo sem reykjarpípur, sígarettupappír og sígarettuvefjara.

Bannaðar eru fyrst og fremst beinar tóbaksauglýsingar en einnig óbeinar, þ. e. notkun tóbaksvarnings í auglýsingum um annan varning eða þjónustu, svo sem það t. d. að sýna reykjandi mann í fataauglýsingu.

Bannið nær bæði til venjulegra auglýsinga og til annars konar starfsemi, sem beint er að neytendum í því skyni að örva sölu á tóbaksvarningi. Þar með telst samkvæmt norsku ákvæðunum fjölmiðlun tilkynninga til almennings, eftirlíkingar, skilti og svipaður búnaður, útstillingar og fleira af því tagi auk dreifingar prentaðs máls, vörusýna o. fl. meðal neytenda.

Undantekningar frá banninu varða einkum rit sem prentuð eru erlendis og eru ekki ætluð til tóbaksauglýsinga fyrst og fremst.

Aðvaranir og lýsing á innihaldi.

Bæði norsku og finnsku tóbakslögin kveða á um skyldu til að merkja umbúðir tóbaksvarnings með aðvörun um þá hættu, sem heilsu manna stafar af varningnum. Í finnsku lögunum eru auk þess ákvæði um skyldu til að rannsaka vörur sem búnar eru til úr tóbaki. Skulu settar reglur um hættuleg efni, sem mega alls ekki vera í tóbaksvörum eða tóbaksreyk og um hámark innihalds af öðrum skaðlegum efnum. Leyfðar tóbaksvörur skulu flokkaðar sem AFAR SKAÐLEGAR eða SKAÐLEGAR eftir því hve mikið er í þeim af efnum eins og tjöru, kolsýringi og nikótini.

Í sænsku reglugerðinni, sem áður var nefnd, eru nákvæmar reglur um aðvaranir og lýsingu innihalds á sígarettuumbúðum og um aðvaranir á umbúðum annars tóbaksvarnings. Merkja skal pakkningar, sem ætlaðar eru til dreifingar til neytenda.

Reglugerðinni fylgja sextán mismunandi aðvörunartextar á sígarettupakka og þrjár sérstakar aðvaranir á annars konar tóbaksvörur. Svíar eru fyrsta þjóðin í heiminum, sem notar marga mismunandi aðvörunartexta og er þess vænst að boðskapurinn komist betur til skila þannig.

Lýsing á innihaldi sígarettureyks skal varða þéttað reykefni (tjöru), nikótín og kolsýring í reyknum af hverri sígarettu í pakkanum og til samanburðar skal greina frá meðalmagni af sömu efnum í þeim sígarettutegundum sem seldar eru í Svíþjóð en meðaltöl þessi ákvarðar heilbrigðisstjórnin árlega eftir upplýsingum frá framleiðendum og innflytjendum. Það tíðkast ekki enn í öðrum löndum en Svíþjóð að geta um magn kolsýrings í sígarettureyk en nýjar rannsóknir benda til að þetta efni sé jafnvel hættulegra en hin tvö t. d. hvað varðar hjartasjúkdóma og skaðlegar afleiðingar af reykingum kvenna um meðgöngutímann.

Takmarkanir á sölu tóbaksvarnings.

Tóbakslögin norsku og finnsku leggja blátt bann við því að selja börnum yngri en 16 ára tóbaksvarning. Norsku lögin banna einnig að selja þeim eftirlíkingar, sem geta örvað til notkunar tóbaks. Athyglisvert er að löggjafarsamkomur beggja landanna hækkuðu aldursmarkið frá því sem lagt var til í frumvörpunum, þ. e. úr 15 árum í 16 ár.

Þess skal getið að í finnsku lögunum er heimild til smásölu tóbaksvarnings úr sjálfsölum mjög takmörkuð.

Reyklausir staðir.

Finnsku tóbakslögin eru víðtækari en hin norsku einkum að því leyti að þau kveða á um bann við tóbaksreykingum á tilteknum stöðum. Um þetta er fjallað nánar í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með tóbaksvarningi er í lögum þessum átt við sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak, munntóbak, sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og hvers konar hliðstæðan varning, sem á markaði er eða fram kann að koma.

Með auglýsingum er m. a. átt við hvers konar fjölmiðlun tilkynninga til almennings með aukna sölu fyrir augum, svo og eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og fleira af því tagi, notkun tóbaksvöruheita og auðkenna t. d. í sambandi við ýmis konar mót eða keppni, auk dreifingar prentaðs máls, vörusýna o. fl. meðal neytenda.

Um 2. gr.

Hér er lagt bann við óbeinum auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi. Slíkur auglýsingamáti er ekki síður hættulegur en hinn beini áróður fyrir tiltekinni tegund tóbaks.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að heilbrigðisráðherra fái heimild til að banna reykingar á tilteknum stöðum. Þessu ákvæði svipar til ákvæða í finnsku tóbakslögunum sem samþykkt voru 15. júní 1976 og tóku gildi hinn 1. mars 1977. Í finnsku lögunum er lagt bann við tóbaksreykingum á tilteknum stöðum:

1. Í þeim hlutum barnaheimila, skóla og annars hliðstæðs húsnæðis sem ætlaðir eru börnum á eða undir skólaskyldualdri.
2. Á opinberum samkomum innan húss fyrir börn eða unglinga á sama aldursskeiði.
3. Í móttökuherbergjum, biðstofum eða samkomuherbergjum, sem almenningur hefur aðgang að í húsakynnum á vegum embættis eða yfirvalds eða í samsvarandi opinberu húsnæði.
4. Í almenningsfarartækjum. Eigendum er þó heimilt að leyfa reykingar í hluta farartækis, sem sérstaklega er til tekinn.

Umráðamenn opinberra húsakynna geta sjálfir kveðið á um enn frekara bann við reykingum og takmörkun þeirra þannig að áhrif hafi að lögum.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða síðasta málslið 7. gr. laga 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Með lögum 59/1971 var sú skylda lögð á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, að verja 0.2% af brúttósölu tóbaks til þess að standa undir kostnaði við að auglýsa skaðsemi tóbaks og til að vara við hættu af tóbaksreykingum. Skyldi þetta gert í samráði við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Í framhaldi af þessu setti Á. T. V. R. á stofn þriggja manna „Samstarfsnefnd um reykingavarnir“ með einum fulltrúa frá Á. T. V. R., Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Samstarfsnefndin hefur unnið gott starf s. l. fimm ár. Sum árin hefur starfið þó að verulegu leyti legið niðri vegna fjárskorts og hefur þá verið safnað í sjóð til stærri átaka.

Úr þessu verður að bæta með auknu framlagi til þessarar baráttu.

Þá er ennfremur lagt til að samstarfsnefndin verði nú skipuð af heilbrigðisráðherra, en ekki af Á. T. V. R., og að fela megi henni meiri verkefni á þessu sviði, sbr. t. d. þingsályktunartillögu um reykingavarnir, sem samþykkt var á Alþingi 26. febrúar 1976.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. **540. Frumvarp til laga** [234. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Fyrsta málsgrein 6. gr. laga nr. 68/1967, orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

2. gr.

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968 orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum um Iðnlánasjóð eru ákvæði þess efnis, að sjóðnum sé heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Nauðsyn ber til þess, vegna vaxandi verkefna sjóðsins, að rýmka þessa heimild. Er lagt til, að tekin verði í lög Iðnlánasjóðs hliðstæð heimildarákvæði til lántöku og nú eru í lögum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Fiskveiðasjóðs.

Um 2. gr.

Á árinu 1967 voru samþykkt lög um stofnun lánadeildar veiðarfæraiðnaðar við Iðnlánasjóð. Til þess að afla lánadeildinni tekna, var ákveðið, að lagt skyldi 1% gjald á tiltekin veiðarfæri við innflutning. Tekjur af gjaldi þessu á árinu 1976 námu 10.9 millj. kr. Ástæður fyrir ákvörðun um stofnun lánadeildar veiðarfæraiðnaðarins, voru erfiðleikar veiðarfæraiðnaðarins í landinu á þessum tímum, og sú ákvörðun að stefna að eflingu hans. Segja má, að það markmið hafi náðst. Meðal annars af þeirri ástæðu hafa lánakjör lánadeildar veiðarfæraiðnaðarins nú síðustu árin verið hliðstæð almennum lánakjörum Iðnlánasjóðs.

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur eindregið lagt til, að umrætt veiðarfæragjald verði nú fellt niður. Hampiðjan h.f. hefur ritað iðnaðarráðuneytinu bréf þar sem mælt er með því, en þó jafnframt lagt til, að lánadeild veiðarfæraiðnaðarins starfi að öðru leyti óbreytt áfram. Þykir rétt að verða við þessum óskum um að fella veiðarfæragjaldið niður og felur frumvarpið það í sér.

Samkvæmt ákvæðum 7. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 19, 5. apríl 1968, var ríkisstjórninni heimilað að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1.5 millj. kr. til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hafði, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvarðana stjórnvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964. Þar sem heimildarákvæði þessi hafa verið nýtt, þykir eigi ástæða til að grein þessi haldist lengur í lögum, og er því lagt til að hún falli niður.

Sþ. 541. Fyrirspurn [235. mál]

til landbúnaðarráðherra um málefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað veldur því, að ekki er flutt af hálfu ríkisstjórnarinnar frumvarp um breytingu á lögum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem stjórnskipuð nefnd hefur skilað frá sér fyrir allnokkru?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að bæta stöðu Stofnlánadeildarinnar á þessu ári, ef frv. nær nú ekki fram að ganga?

Nd. 542. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um umboðsnefnd Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Nd. sendi frumvarpið til umsagnar forseta Alþingis. Umsögn þeirra er svo hljóðandi:

„Allsherjarnefnd Nd. hefur sent forsetum Alþingis til umsagnar frv. Benedikts Gröndal á þskj. 4 um umboðsnefnd Alþingis.

Frumvörp um umboðsmann Alþingis hafa nokkrum sinnum verið flutt, bæði sem þingmannafrumvörp og stjórnarfrumvarp.

Stjórnarfrumvarp um málið var flutt á þinginu 1974—75, en varð ekki útrætt. Það frumvarp mun nú vera í athugun í nefnd, sem falið var að endurskoða það.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, felur í sér aðra lausn á sama máli. Eðlilegast virðist, að ákvæði þess komi til athugunar hjá nefnd þeirri, sem áður er nefnd.

Er því lagt til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í því skyni að hún sendi það til umræddrar nefndar.

Ásgeir Bjarnason. Þorv. Garðar Kristjánsson. Ragnhildur Helgadóttir.“

Með tilvísun til þessarar umsagnar leggur allsherjarnefnd til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Svava Jakobsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Páll Pétursson.
Ingólfur Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Friðjón Þórðarson.

Sþ. 543. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jónas Árnason, frsm.
Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.	Magnús T. Ólafsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Sþ. 544. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar með þeirri breytingu sem flutningsmenn leggja sjálfir til á þingskjali 359.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jónas Árnason, frsm.
Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.	Magnús T. Ólafsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Ed. 545. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálaráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:
Ráðherra skipar sex manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára i senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Sþ. **546. Skýrsla**

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1976.

A. ALMENNAR HAFNIR

Inngangur.

Á fjárlögum ársins 1976 voru veittar 675.0 milljónir króna til framkvæmda í almennum höfnum. Var listinn yfir fjárveitingar eftirfarandi:

		Þús.kr.
1.	Akranes	51 200
2.	Borgarnes	1 100
3.	Arnarstapi	2 000
4.	Ólafsvík	12 000
5.	Grundarfjörður	28 200
6.	Stykkishólmur	5 500
7.	Patreksfjörður	4 100
8.	Bíldudalur	11 400
9.	Þingeyri	22 600
10.	Suðureyri	3 000
11.	Bolungarvík	37 500
12.	Ísafjörður	16 400
13.	Súðavík	15 000
14.	Hvammstangi	17 800
15.	Blönduós	2 300
16.	Skagaströnd	22 500
17.	Sauðárkrókur	36 800
18.	Siglufjörður	20 600
19.	Ólafsfjörður	33 300
20.	Dalvík	2 600
21.	Hrísey	5 000
22.	Akureyri	50 100
23.	Húsavík	9 000
24.	Raufarhöfn	10 000
25.	Vopnafjörður	20 000
26.	Borgarfjörður eystri	1 400
27.	Seyðisfjörður	7 000
28.	Neskaupstaður	64 000
29.	Reyðarfjörður	4 800
30.	Fáskrúðsfjörður	6 700
31.	Breiðdalsvík	20 100
32.	Djúpivogur	6 000
33.	Vestmannaeyjar	22 800
34.	Stokkseyri	17 800
35.	Eyrarbakki	9 400
36.	Hafnir í Höfnum	4 000
37.	Sandgerði	47 800
38.	Gerðar	7 400
39.	Hafnarfjörður	15 800
	Samtals:	675 000

Síðar var bætt 9.0 millj. kr. við fjárveitingu Hafnarfjarðar og 52.0 millj. kr. til Grindavíkur svo að fjárveitingar til almennra hafna urðu alls 736 millj. kr.

Áætlanagerð og rannsóknir.

Á árinu 1976 var rannsóknum hafnastæða haldið áfram. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Arnarstapi — athugaðir dýpkunarmöguleikar innan við hafnargarð.
Ólafsvík — athugaðir dýpkunarmöguleikar í norður (vestur)-höfn.
Skagaströnd — athugaðir möguleikar á þilrekstri framan við síldarverksmiðju.
Ólafsfjörður — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Dalvík — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Hrísey — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Árskógssandur — athugaðir möguleikar á lengingu á bryggju.
Hauganes — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Akureyri — athugaðir möguleikar á stálþili á austurbakka Oddeyrar.
Grenivík — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Grímsey — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Kópasker — athugaðir möguleikar á dýpkun innan hafnar.
Seyðisfjörður — athugaðir möguleikar á bryggju framan við frystihús.
Eskifjörður — athugaðir möguleikar á bryggju framan við frystihús.
Breiðdalsvík — athugaðir möguleikar á stálþilsrekstri í togarabryggju.
Vestmannaeyjar — athugaðir möguleikar á að breyta innsiglingu.
Sandgerði — athugaðir möguleikar á dýpkun við bryggju.
Hafnarfjörður — athugaðir dýpkunarmöguleikar í Suðurhöfn og við Bátalón.
Kópavogur — athugaðir dýpkunarmöguleikar í Fossvogi fyrir smábátahöfn.

Mælingar á höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirfarandi stöðum: Rifi, Ólafsvík, Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey, Vopnafirði og Njarðvík.

Unnið var að ákvörðun hafnarstæðis og hönnun í samvinnu við heimamenn á þessum stöðum: Akranesi, Arnarstapa, Ólafsvík, Grundarfirði, Þingeyri, Bolungarvík, Skagaströnd, Ólafsfirði, Dalvík, Vopnafirði, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Sandgerði og Njarðvík.

Unnið var að rannsóknum á öldum og veðurfari. Á þessu ári má segja að fyrst hafi komist skriður á þessar mælingar. Í árslok hafði stofnunin eignast sex öldumæla og fimm voru í smíðum. Öldumælingar voru framkvæmdar á árinu 1976 út af Þorlákshöfn og Vopnafirði, við Akranes, Grundartanga og Arnarstapa.

Í eigu stofnunarinnar voru sjö sjávarfallamælar og voru mælingar framkvæmdar með þeim á eftirtöldum stöðum: Rifi, Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík.

Tilgangurinn með þessum mælingum er að ákvarða hæðarkerfi og sjávarföll í þessum höfnum.

Í rannsóknastöðina á Keldnaholti voru keyptar nýjar og fullkomnari bylgjuvélar. Tilraunir voru gerðar með gerð grjótvarnar á Akranesi, og líkan af Sundahöfn var byggt og hófust tilraunir með það.

Dýpkunartæki Hafnamálastofnunar.

Grettir, grafskip Hafnamálastofnunar, var í viðgerð í Hafnarfjarðarhöfn fyrri hluta ársins og hóf þar dýpkun 27. maí. Stóð sú vinna til 10. júní. Dýpkað var, þar sem gamla Bæjarbryggjan stóð, en hún hafði verið rifin skömmu áður. Grafnir voru upp 3 000m³, en ekki tókst að ljúka verkinu.

Síðan var Grettir dreginn til Bolungarvíkur, og dýpkaði hann þar frá 12. júní til 7. ágúst. Grafnir voru upp um 11 000m³ af allföstu efni. Gekk verkið vel, enda var veður hagstætt.

Þá var Grettir dreginn norður til Skagastrandar og byrjaði vinnu þar 9. ágúst. Lauk því verki 9. sept. Höfðu þá verið grafnir upp 12 000m³ af seigum leir og sandi.

Síðan var Grettir dreginn til Súgandafjarðar og dýpkaði hann þar utan við hafnarmynnið og breikkaði og dýpkaði rennuna inn í hana. Var unnið á Súgandafirði frá 14. sept. til 1. okt. Grafnir voru upp 5000m³.

3. okt. til 5. des. var Grettir við dýpkun í Þorlákshöfn á vegum verktakans Ístaks hf. Hafði komið í ljós stórgrýti og klapparsker í innsta hluta hafnarinnar, sem undirverktakinn Björgun hf. hafði ekki tæki til að hreinsa burtu. Grafnir voru upp um 4000m³ af grjóti og sandi.

Hinn 6. des. kom Grettir aftur til Hafnarfjarðar og hélt áfram því verki, sem frá var horfið um vorið. Þessu verki lauk 24. des. og höfðu þá verið grafnir upp 6000m³ til viðbótar.

Þetta var síðasta dýpkun Grettis, en hann verður nú að öllum líkindum seldur til niðurrifs.

Dæluprammin Hákur var í ítarlegri viðgerð og skoðun fyrstu tvo mánuði ársins 1976. 18. mars hóf Hákur dælingu í Hafnarfjarðarhöfn. Dýpkuð var renna upp að nýja stálþilsgarðinum og upp með honum. Einnig var dælt upp við skipasmíðastöðina Bátalón og við uppsátur smábátaeigenda þar hjá. Verkinu lauk 19. júní og hafði þá verið dælt upp 60 000m³.

Síðan var Hákur dreginn til Karlseyjar í Breiðafirði, og þar dældi hann frá 26. júní til 11. júlí. Dælt var upp 29 000m³ úr hafnarstæði nýju þörungaverksmiðjunnar.

Að þessu verki loknu var Hákur dreginn norður fyrir Horn og til Hvammstanga. Þar dældi hann frá 19. júlí til 15. ágúst. Var dýpkað innan nýju hafnarinnar og efninu dælt í uppfyllingu fyrir botn hennar, alls 17 000m³.

Næst hóf Hákur dælingu á Sauðárkróki, og stóð hún frá 16. ágúst til 10. okt. Var dælt upp 39 000m³ í fyllingu sunnan hafnarinnar. Dýpkað var upp með nýja stálþilsbakkanum og í innsiglingu.

Síðan var Hákur dreginn til Hríseyjar, og var dælt upp 14 500m³ úr höfninni þar. Efninu var dælt út úr höfninni út á talsvert dýpi, en ekki í uppfyllingu. Þetta verk stóð frá 11. okt. til 29. okt.

30. okt. til 10. nóv. var unnið að viðgerð á Hák. Fór hún fram á Dalvík. Var einnig skipt um ýmsa slitfleti.

Að viðgerð lokinni var Hákur dreginn austur til Seyðisfjarðar. 12. nóv. hófst dæling á Seyðisfirði og stóð hún til 24. nóv. Dælt var upp 8600 m³ frá stálþilinu í vesturhöfninni.

Síðan var Hákur dreginn til Reyðarfjarðar og dældi hann frá nýja stálþilinu frá 26. nóv. til 14. des. Dælt var upp 15 000 m³ í fyllingu innan við höfnina. Hér var um mjög gott fyllingarefni að ræða og myndaðist töluvert land þarna.

Frá Reyðarfirði fór Hákur suður til Hornafjarðar og var þar um áramótin.

Yfirlit yfir framkvæmdakostnað í almennum höfnum árið 1976.

Staður	Kostnaður Millj.kr.
Akranes	19.2
Grundartangi	5.0
Borgarnes	1.5
Arnarstapi	34.2
Hellnar	1.2
Ólafsvík	35.0
Grundarfjörður	40.0
Stykkishólmur	6.6
Karlsey	55.0
Patreksfjörður	14.5
Þingeyri	24.0
Flateyri	6.5
Suðureyri	35.0
Bolungarvík	52.5
Ísafjörður	16.5
Súðavík	12.2
Hvammstangi	32.0
Skagaströnd	46.5
Sauðárkrókur	55.0
Hofsós	1.0
Siglufjörður	6.0
Ólafsfjörður	24.0
Dalvík	6.8
Hrísey	12.2
Hjalteyri	7.6
Akureyri	88.7
Húsavík	16.6
Vopnafjörður	3.5
Borgarfjörður eystri	10.2
Seyðisfjörður	9.0
Neskaupstaður	52.0
Reyðarfjörður	12.0
Fáskrúðsfjörður	0.3
Stöðvarfjörður	1.0
Breiðdalsvík	80.0
Djúpivogur	11.0
Höfn í Hornafirði	1.5
Vestmannaeyjar	45.5
Stokkseyri	28.0
Eyrarbakki	24.0
Grindavík	8.5
Sandgerði	21.0
Gerðar	9.0
Hafnarfjörður	71.0
Samtals:	1 042.8
Þessu til viðbótar var allvíða unnið að athugunum og mælingum og nam sá kostnaður	5.2
Samtals	1 048.0

Hér fer á eftir lýsing framkvæmda í hverri höfn fyrir sig.

AKRANES

Unnið var við byggingu grjótvarnar utan á aðalhafnargarðinn.

Gott grjótnám fannst 6 km frá höfninni og var það opnað. Grjótmagnið sem unnið var nam 22 500 m³, og varð meðalverð um 1500 kr./m³.

Vinna hófst 13. maí 1976 og stóð til áramóta 1976—77.

Hús fyrir hafnarvog var steypt á árinu 1976 og vogin keypt. Verður hún sett upp á árinu 1977.

Framkvæmdakostnaður: 19.2 millj. kr.

BORGARNES

Gengið var frá og steypt þekja.

Framkvæmdakostnaður: 1.5 millj. kr.

ARNARSTAPI

Ekið var út 50 m löngum grjótgarði, sem á að skýla fyrir norðan- og austanöldu. Mikinn hluta grjótsins varð að sækja um 5 km leið, en smæsta grjótið fékkst á staðnum. Grjótmagn var um 14 000 m³.

Vinna hófst 19. júlí og lauk 20. sept. 1976.

Framkvæmdakostnaður: 34.2 millj. kr.

HELLNAR

Þegar unnið var við grjótgarðinn á Arnarstapa, var einnig sprengt sker við hafnargarðinn á Hellnum.

Framkvæmdakostnaður: 1.2 millj. kr.

ÓLAFSVÍK

Steyptur var kantur á nýja stálþilið, alls 95 m, og þekja að hluta, alls 475 m². Eftir er hluti þekjunnar og var honum frestað til 1977.

Gert var við rifur, sem mynduðust í þilið, þegar það var rekið niður. Steypt var í þær með aðstoð kafara.

Þilið er nú komið í fulla notkun sem viðlega fyrir báta.

Unnið var einnig við byggingu hafnarvogar.

Framkvæmdir hófust 14. júní og lauk 26. nóvember 1976.

Framkvæmdakostnaður: 35.0 millj. kr.

GRUNDARFJÖRÐUR

Rekið var niður 45 m stálþil innan á grjótgarðinn, sem byggður var árið áður. Gengið var frá þilinu, kantur steyptur, lögð að því raflína og sett upp bráðabirgðalýsing. Eftir á þó að steypa þekju. Með byggingu þessa kants verður hægt að taka nýju skjólhöfnina í notkun. Þarna verður viðlega báta, en löndun verður enn sem áður við eldri hafnarkantana. Enn er dýpi lítið innan nýju hafnarinnar, og verður það næsta verkefni þarna að bæta úr því.

Vinna hófst á Grundarfirði 13. júlí og lauk um áramót 1976—77.

Framkvæmdakostnaður: 40.0 millj. kr.

STYKKISHÓLMUR

Lokið var við staurabryggju snemma á árinu, en auk þess var unnið nokkuð að framkvæmdum við dráttarbraut.

Framkvæmdakostnaður: 6.6 millj. kr.

KARLSEY

Haldið var áfram byggingu hafnar þörungaverksmiðjunnar. Rekið var niður 78 m stálþil. Framkvæmdir hófust 15. maí og lauk 12. nóv. 1976.

Dæluprammin Hákur dældi frá þilinu 26. júní til 11. júlí 1976, samtals 26.000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 55.0 m.kr.

PATREKSFJÖRÐUR

Lokið var við að steypa þekju þá, sem frestað var árið áður. Flatarmál hennar er 2 000 m². Vinna hófst 23. júní og lauk 1. október 1976.

Framkvæmdakostnaður: 14.5 millj. kr.

ÞINGEYRI

Byrjað var á byggingu nýs löndunar- og viðlegukants fyrir togara.

Vinna hófst með því, að keyrður var út grjótgarður um 100 metra langur, þar sem gamla timburbryggjan var. Innan á þennan grjótgarð var svo rekið 125 m langt stálþil. Þegar vinnu var hætt um áramót, var ekki enn lokið vinnu við festingar. Verður þessu verki haldið áfram á árinu 1977.

Verkið hófst 4. október og var unnið til áramóta 1976—77.

Framkvæmdakostnaður: 24.0 millj. kr.

FLATEYRI

Steypt var þekja við stálþilið, sem rekið var niður árið áður. Var um að ræða 6 m breiða þekju meðfram kantinum. Malbikaðir höfðu verið 9 m þar fyrir innan árið áður.

Steypt var alls 600 m² þekja.

Vinna hófst 9. júní og lauk 20. október 1976.

Framkvæmdakostnaður: 6.5 millj. kr.

SUÐUREYRI

Gengið var frá þekju, raflögn og fleiru, sem ábótavant var á „Brjótnum". Gert var við ýmsar skemmdir, sem urðu í óveðrinu veturinn áður, svo sem grjótvörn utan á innri höfn o. fl. Vinna hófst 28. júní og lauk 23. okt. 1976.

Dýpkunarskipið Grettir dýpkaði innsiglinguna inn í innri höfnina og inn í höfninni. Grettir var við þessa dýpkun frá 14. sept. 1976 til 1. okt. 1976. Grafnir voru upp 5000 m³. Keypt var hafnarvog, sem sett verður upp 1977.

Framkvæmdakostnaður: 35.0 millj. kr.

BOLUNGARVÍK

Unnið var að lengingu viðlegubryggju. Var viðlegukantur aukinn um 28 m. Timbur til þessa var frá árinu áður. Unnið var við þetta verk frá 10. júní til 28. ágúst 1976.

Dýpkunarskipið Grettir vann við dýpkun í Bolungarvík dagana 12. júní til 7. ágúst 1976. Grafnir voru upp um 11 000 m³. Gekk verkið vel, þar sem Grettir var nýviðgerður og veður hagstætt.

Framkvæmdakostnaður: 52.5 millj. kr.

ÍSAFJÖRÐUR

Greiddar voru á árinu 12.0 millj. kr. af kaupverði hafnsögubáts. Keyptar voru festingar fyrir stálþil, timbur o. fl. fyrir 4.5 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 16.5 millj. kr.

SÚÐAVÍK

Steypt var þekja á landgang hafnarbakka upp að frystihúsi, alls 750 m². Settir voru niður 2 pollar til viðbótar á hafnargarðinn.

Verkið hófst 30. ágúst og stóð til 23. okt. 1976.

Framkvæmdakostnaður: 12.2 millj. kr.

HVAMMSTANGI

Unnið var við að setja upp lýsingu á nýja hafnargarðinn og einnig á norðurgarðinn. Eru lagnir nú að mestu frágengnar í garðana.

Keypt var timbur í viðlegubryggju, sem byggð verður innan á nýja garðinn á næsta ári.

Var unnið við þessi verk með hléum frá 12. júlí til 8. des. 1976.

Dælupramminn Hákur dældi upp úr nýju höfninni á tímabilinu 19. júlí til 15. ágúst 1976. Efninu var dælt í uppfyllingu fyrir botni hafnarinnar, alls 17 000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 32.0 millj. kr.

SKAGASTRÖND

Keypt var efni í 60 m stálþilskant frá Sauðárkróki og Eyrarbakka. Hluta festinga vantar þó enn. Byrjað var á að steypa akkerisplötu. Unnið var að þessu á tímabilinu 16. júlí til 13. ágúst 1976.

Rannsakað var með borunum og tilraunarekstri stáls, hvar hagstæðast væri að staðsetja stálþilið.

Dýpkunarskipið Grettir vann við dýpkun innsiglingar dagana 9. ágúst til 9. sept. 1976.

Á árinu 1977 verður innri hluti hafnarinnar dýpkaður og rekið þar niður stálþilið, sem búið er að kaupa.

Framkvæmdakostnaður: 46.5 millj. kr.

SAUÐÁRKRÓKUR

Haldið var áfram byggingu stálþilsins og steyptur á það kantur (134 m). Gengið var frá vatns- og raflögn. Þekjan, sem verður bæði steypt og malbikuð, frestast til 1977.

Gert var við sandfangarann og hann lengdur um 35 m með grjótgarði. Hefur sandfangarinn skilað góðum árangri og hefur orðið mikil landmyndun af hans völdum.

Unnið var að þessum verkum á tímabilinu 28. maí til 17. des.

Dælupramminn Hákur kom til Sauðárkróks 16. ágúst og var þar til 10. október. Dældi hann á þeim tíma upp 39 000 m³. Aðallega var dýpkað upp með nýja stálþilinu og út af grjótgarðinum í innsiglingunni. Er nú stálþilið komið í fulla notkun með dýpi allt að 6.5 metrum. Efni því sem kom upp með dælingu, var dælt í uppfyllingu sunnan hafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 55.0 millj. kr.

SIGLUFJÖRÐUR

Byrjað var á undirbúningi byggingu togarabryggju. Byrjaði dýpkunarpramminn Björninn á uppgreftri lauss efnis í bryggjustæðinu. Grafnir voru alls 5000 m³.

Vinna hófst 27. júlí og stóð til 25. nóv. 1976.

Framkvæmdakostnaður: 6.0 millj. kr.

ÓLAFSFJÖRÐUR

Gert var við rifur þær, sem mynduðust í nýja stálþilið, þegar það var rekið niður. Steyptur var 130 m kantur á þilið og gengið frá því, svo að nú má nota það til viðlegu báta. Eftir er að ganga frá lögnum og þekju.
Vinna hófst 14. júní og stóð til 30. október 1976.
Framkvæmdakostnaður: 24.0 millj. kr.

DALVÍK

Unnið var við mælingu og hafnarvog.
Framkvæmdakostnaður: 6.8 millj. kr.

HRÍSEY

Dælupramminn Hákur kom til Hríseyjar 11. október og dældi úr höfninni til 29. október 1976, alls 14 500 m^3.
Framkvæmdakostnaður: 12.2 millj. kr.

HJALTEYRI

Keyrður var út grjótgarður, sem skýla á væntanlegri bátabryggju.
Á árinu 1977 verður þarna byggður viðlegu- og löndunarkantur fyrir minni báta.
Unnið var fyrir fé heimamanna, þar sem fjárveiting var ekki fyrir hendi.
Framkvæmdakostnaður: 7.6 millj. kr.

AKUREYRI

Lokið var við steypu kants á nýja stálþilið í vöruhöfninni. Eftir er þá aðeins frágangur þekju og hreinsun frá þilinu að framan, svo að hann sé fullbúinn.
Reknir voru niður 105 m af stálþili við Slippstöðina. Efni til þessa var fyrir hendi frá fyrra ári. Þessu verki verður haldið áfram á árinu 1977.
Unnið var allt árið 1976.
Framkvæmdakostnaður: 88.7 millj. kr.

HÚSAVÍK

Gengið var frá lögnum í nýja stálþilsgarðinn og steypt á hann þekja, alls 1500 m^2.
Sett var upp lýsing á Suðurgarðinn. Unnið var frá 7. júlí til 14. ágúst 1976.
Framkvæmdakostnaður: 16.6 millj. kr.

KÓPASKER

Keyrt var út grjót utan á hafnargarðinn, alls 3000 m^3. Gert var við skemmdir á hafnargarðinum, sem urðu af völdum jarðskjálftans um veturinn. Þurfti að leggja steypu undir ysta kerið og steypa þekju á hluta garðsins, alls 300 m^2. Verkið hófst 24. júní og lauk 23. október 1976.
Framkvæmdakostnaður: 18.0 millj. kr.

VOPNAFJÖRÐUR

Þar var unnið við rannsóknir og mælingar.
Framkvæmdakostnaður: 3.5 millj. kr.

BORGARFJÖRÐUR EYSTRI

Fengið var ker frá Breiðdalsvík og það greitt.
Framkvæmdakostnaður: 10.2 millj. kr.

SEYÐISFJÖRÐUR

Dælupramminn Hákur kom til Seyðisfjarðar 12. nóv. og dældi þar til 24. nóvember 1976. Dælt var 8600 m³ frá stálþilinu í Vesturhöfninni, svo að þar er nú fullt dýpi fyrir stærri skip.

Framkvæmdakostnaður 9.0 millj. kr.

NESKAUPSTAÐUR

Verklok og greiðsla lausaskulda frá fyrra ári, samtals 52.0 millj. kr.

REYÐARFJÖRÐUR

Lokið var við ýmsan frágang á nýja stálþilinu svo sem þybbur og stiga.

Dagana 26. nóv. til 14. des. 1976 var dælupramminn Hákur á Reyðarfirði og dældi framan við þilið. Dælt var upp 15 000 m³ upp í landfyllingu. Er þá hægt að leggja stórum skipum að þilinu.

Eftir er þá einungis að ganga frá þekjunni.

Framkvæmdakostnaður: 12.0 millj. kr.

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Þar var greiddur verkfræðikostnaður vegna dráttarbrautar, samtals 250 þús. kr.

STÖÐVARFJÖRÐUR

Þar var um verklok og viðgerð að ræða fyrir 1.0 millj. kr.

BREIÐDALSVÍK

Haldið var áfram byggingu nýs hafnargarðs á Breiðdalsvík. Árið 1975 hafði verið ekið út grjótgarði og var nú sett niður 13x25 m ker við enda hans. Ker þetta var keypt frá Akranesi, þar sem það hafði legið í nokkur ár. Á Akranesi var kerið hækkað og steypt á það 4 m útkrögun. Í byrjun september var það dregið til Breiðdalsvíkur suður fyrir land og sett niður á malarsæng út af enda grjótgarðsins. Lengja þurfti svo grjótgarðinn út í kerið. Kerið var síðan fyllt, steyptir á það pollar og sett upp fríholt, þannig að nota mátti það. Á árinu 1977 verður steypt á það þekja og gengið frá því að öðru leyti.

Vinna hófst við þetta verk 14. júní og lauk 3. des. 1976.

Framkvæmdakostnaður: 80.0 millj. kr.

DJÚPIVOGUR

Steypt var þekja á nýja stálþilið og gengið frá lögnum við það.

Þekjan var alls 1150 m².

Vinna hófst 15. júlí og lauk 18. sept. 1976.

Framkvæmdakostnaður: 11.0 millj. kr.

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Þar voru framkvæmdar mælingar o. fl. fyrir 1.5 millj. kr.

VESTMANNAEYJAR

Komið var upp aðstöðu fyrir nýju ferjuna. Var það bygging hreyfanlegrar landgöngubrúar ásamt dýpkun.

Lokið var við lagnir í Nausthamarsbryggju og byrjað á lögnum í Básaskersbryggju.

Unnið var allt árið 1976.

Framkvæmdakostnaður: 45.5 millj. kr.

STOKKSEYRI

Unnið var að endurbyggingu bryggjunnar á Stokkseyri.
Var hún breikkuð og hækkuð alls um 700 m².
Vinna hófst 16. júlí og lauk í febr. 1977.
Framkvæmdakostnaður: 28.0 millj. kr.

EYRARBAKKI

Unnið var að því að auka kyrrð í höfninni með byggingu brimvarnargarðs úr grjóti á innri enda steypta varnargarðsins við opið. Var opinu einnig lokað með grjótgarði. Opið hefur verið álitið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að höfnin fylltist af sandi. Verður fylgst með sandburði í höfnina og verður opið opnað aftur, ef með þarf.

Byggðir voru sjóvarnargarðar, og var grjót í þá tekið inn af bátadokkinni og hún þannig lengd um 40—50 metra. Verður nú hægt að lengja kantinn 30—40 metra inn í landið.

Grjótmagn í brimvarnargarð var alls 13 000 m³ og grafnir voru upp alls 12 00 m³ úr dokkinni.

Vinna hófst í maíbyrjun og lauk 15. nóvember 1976.
Framkvæmdakostnaður: 24.0 millj. kr.

GRINDAVÍK

Sett voru upp innsiglingaljós við innsiglinguna inn í höfnina.
Framkvæmdakostnaður: 8.5 millj. kr.

SANDGERÐI

Lögð var raflögn út á grjótvarnargarðinn norðanmegin. Dýpkað var upp með ysta hluta steypta hafnargarðsins. Þessi hluti kantsins er því nú nógu djúpur fyrir stærri báta og skip, en svo var ekki áður. Þurfti að sprengja burtu sker, sem þarna var, alls um 800 m³.

Byrjað var á verkinu 4. október og unnið til áramóta 1976—77. Var þá verkinu ekki alveg lokið.

Til stóð að dælupramminn Hákur dældi úr höfninni, en ekki varð af því og frestaðist það til ársins 1977.

Framkvæmdakostnaður: 21.0 millj. kr.

GERÐAR

Sett var grjótvörn á landgang bryggju, alls 5500 m³.
Verkið hófst 26. október og lauk 1. des. 1976.
Framkvæmdakostnaður: 9.0 millj. kr.

HAFNARFJÖRÐUR

Steyptur var kantur á nýja stálþilið, alls 285 metrar. Sett var á það lýsing, pollar og löndunarkrani. Unnið var við þetta frá miðjum júní til miðs sept. 1976.

Trébryggjan í Norðurhöfninni var rifin og kom dýpkunarskipið Grettir til Hafnarfjarðar 27. maí til að hreinsa og dýpka bryggjustæðið. Var Grettir við það verk til 10. júní og hafði þá grafið upp 3000 m³. Grettir lauk ekki verkinu vegna fjárskorts, en 6. desember kom hann aftur til Hafnarfjarðar og hafði lokið verkinu 24. desember 1976 og grafið þá upp 6000 m³ til viðbótar.

Framkvæmdakostnaður: 71.0 millj. kr.

B. LANDSHAFNIR

Tölur um heildarfjármagn til framkvæmda í landshöfnum er að finna í töflu 1 í fskj., en samkv. henni var alls varið til þeirra framkvæmda 677.0 millj. kr. árið 1976.

Landshöfn Keflavík-Njarðvík

Haldið var áfram byggingu grjótgarðsins og var ekið í hann um 50 000 m³ af sprengdu grjóti. Er nú grjótgarðurinn farinn að hafa veruleg áhrif á skjólið í höfninni.

Einnig var unnið að lögnum í Norðurgarðinn.

Unnið var allt árið 1976.

Framkvæmdakostnaður: 95.2 millj. kr.

Landshöfn á Rifi

Gengið var frá stálbrúsanum frá fyrra ári. Var fyllt með grjóti út að honum og steypt á hann hús fyrir innsiglingarvita.

Byggð var timburkista innst í höfninni, sem á að vera viðlegukantur fyrir smábáta, auk þess sem hún veitir skjól. Er hér um að ræða 60×6 m timburkistu fram af 20 m löngum grjótgarði. Var henni ekki lokið um áramót.

Verkið hófst 12. júlí og stóð til 3. desember 1976, en áður hafði verið unnið í janúar.

Framkvæmdakostnaður: 42.0 millj. kr.

Landshöfn í Þorlákshöfn

Á árinu 1976 var haldið áfram byggingu Þorlákshafnar. Ekið var 186 000 m³ af grjóti í Norðurgarðinn og voru settir 276 dolosar á enda hans. Alls fóru því 380 000 m³ af grjóti í báða garðana og 2904 dolosar. Innan á Norðurgarðinn var rekið 252 metra langt stálþil. Ytri 100 metrar þess eru miðaðir við 6 metra dýpi, en innri hlutinn við 5.4 metra dýpi. Gengið var frá stálþilinu með þekju og lögnum.

Höfnin var dýpkuð, dælt úr henni 60 000 m³ af lausu efni og grafið og sprengt 4000 m³ af föstu efni. Björgun hf. var undirverktaki við dælingu lausaefnis en dýpkunarskip Hafnarmálastofnunar ríkisins, Grettir, gróf upp sprengt efni.

Unnið var frá ársbyrjun 1976 og fram í desember.

Stækkun Þorlákshafnar var formlega tekin í notkun við sérstaka athöfn 7. nóv. 1976.

Vegna kaupa Vestmannaeyinga á nýrri bílferju þurfti að byggja sérstakt ferjulægi í Þorlákshöfn. Var því komið fyrir innst við nýja stálþilið.

Unnið var fyrir 540 milljónir króna á árinu. Alls verður því kostnaður við stækkun Þorláshafnar rúmar 1400 millj. kr.

C. FERJUBRYGGJUR

Framkvæmdir við ferjuhafnir námu á árinu 31.0 millj. kr. Þar af voru notaðar til endurbyggingar bryggju á Flatey á Breiðafirði 11.0 millj. kr., en 20.0 millj. kr. til kers og bryggju í Æðey.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1976.

I. Almennar hafnir: (Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hl. %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Akranes	Grjótg., mælingar ÷ selt ker (39—25)	75	14 000		
	Hafnarvog	40	5 200		
				19 200	12 580
Akureyri	Stálþil í vöruhöfn	75	47 700		
	Kantur við dráttarbraut	75	41 000		
				88 700	66 525
Arnarstapi	Grjótgarður	75		34 200	25 650
Árskógssandur	Mælingar og verkfærakostnaður	75		300	225
Bakkafjörður	Mælingar og verkfærakostnaður	75		80	60
Bíldudalur	Mælingar o. fl.	75		400	300
Blönduós	Mælingar	75		1 000	750
Bolungarvík	Dýpkun Grettis	75	45 000		
	Trébryggja	75	7 500		
				52 500	39 375
Borgarfjörður eystri	Ker (á Breiðdalsvík)	75		10 200	7 650
Borgarnes	Steypt þekja, mælingar	75	1 500		1 125
Breiðdalsvík	Grjótgarður og ker (15,0)	75		80 000	60 000
Búðir Fáskrúðsf.	Verkf.kostn. o. fl. v/dr.brautar	40		250	100
Dalvík	Mælingar o. fl.	75	2 100		
	Hafnarvog	40	4 700		
				6 800	3 455
Djúpivogur	Steypt þekja	75		11 000	8 250
Drangsnes	Verkfærakostnaður	75		40	30
Eskifjörður	Mælingar	75		600	450
Eyrarbakki	Dýpkun með sprengingum	75		24 000	18 000
Flateyri	Steypt þekja	75		6 500	4 875
Gerðar	Grjótvörn við bryggju	75		9 000	6 750
Grenivík	Mælingar	75		600	450
Grímsey	Mælingar o. fl.	75		1 000	750
Grundarfjörður	Stálþil, steyptur kantur	75		40 000	30 000
Hafnarfjörður	Dýpkun Háks og garðar	75	29 500		
	Dýpkun Grettis	75	23 000		
	Steyptur kantur, lýsing o. fl.	75	13 000		
	Rif á bryggju	75	3 300		
	Mælingar o. fl.	75	800		
	Hafnarvog	40	1 400	71 000	52 760
Hafnir í Höfnum	Mælingar o. fl.	75		400	300
Hauganes	Verkfr.kostn.	75		200	150
Hellnar	Lagfærð grjótvörn	75		1 200	900
Hjalteyri	Grjótgarður	75		7 600	5 700
Hofsós	Verklok	75		1 000	750
Hólmavík	Rannsóknir	75		20	15
Hrísey	Dýpkun Háks, mælingar	75		12 200	9 150
Húsavík	Steypt þekja, vatns- og raflagnir	75		16 600	12 450
Hvammstangi	Dýpkun Háks og garður	75	18 000		
	Lýsing o. fl.	75	3 000		
	Efni í trébryggju	75	11 000		
				32 000	24 000
Höfn í Hornafirði	Mælingar o. fl.	75		1 500	1 125
Ísafjörður	Hafnsögubátur	40	12 000		
	Stálfestingar, timbur o. fl.	75	4 500		
				16 500	8 175
Kópasker	Viðgerð á bryggju, kostn. 18,0 millj. kr. Styrkur Hafnabótasj.				
Neskaupstaður	Verklok nýju hafnar	75		52 000	39 000
Ólafsfjörður	Viðgerð á þili, steyptur kantur	75		24 000	18 000
Ólafsvík	Viðgerð á þili, steypt þekja	75	25 000		
	Hafnarvog	40	10 000		
				35 000	22 750

Tafla 1. Hafnaframkvæmdir 1976 (frh.)

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hl. %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Patreksfjörður	Steypt þekja, lýsing o. fl.	75		14 500	10 875
Raufarhöfn	Verkfr. kostn. o. fl.	75		80	60
Reyðarfjörður	Dýpkun Háks o. fl.	75		12 000	9 000
Sandgerði	Lagfæring grjótgarðs	75	7 500		
	Lýsing mælingar o. fl.	75	2 500		
	Dýpkun með sprengingum	75	11 000		
				21 000	15 750
Sauðárkrókur	Dýpkun Háks	75	30 000		
	Steypt þekja, lagnir ÷ selt þil 11,0	75	25 000		
				55 000	41 250
Seyðisfjörður	Dýpkun Háks viðg. á bryggju	75		9 000	6 750
Siglufjörður	Dýpkun (Björninn) o. fl.	75		6 000	4 500
Skagaströnd	Dýpkun Grettis og garður	75	26 000		
	Bryggjusmíði, þil o. fl.	75	20 500		
				46 500	34 875
Stokkseyri	Viðgerð á bryggju	75		28 000	21 000
Stykkishólmur	Verklok staurabryggju	75	5 500		
	Dráttarbraut	40	1 100		
				6 600	4 565
Stöðvarfjörður	Verklok og viðgerð	75		1 000	750
Súðavík	Steypt þekja	75		12 200	9 150
Suðureyri	Dýpkun Grettis	75	14 000		
	Brjótur, fylling o. fl.	75	18 000		
	Hafnarvog og löndunarkrani	40	3 000		
				35 000	25 200
Tálknafjörður	Mælingar o. fl.	75		400	300
Vestmannaeyjar	Ferjubryggja o. fl.	75		45 500	34 125
Vogar	Verkfr.kostn. o. fl.	75		20	15
Vopnafjörður	Rannsóknir, mælingar	75		3 500	2 625
Þingeyri	Stálþil (þil og festingar, óbókað)	75		24 000	18 000
Þórshöfn	Verkfr.kostn. o. fl.	75		40	30
	Samtals			979 430	721 395
II. Sérstakar framkvæmdir:					
Grindavík	Lýsing o. fl.	75		8 500	6 375
Karlsey	Stálþil, dýpkun m. Hák o. fl.			55 000	
Grundartangi	Rannsóknir			5 000	
	Samtals			68 500	6 375
III. Landshafnir:					
Keflavík-Njarðvík	Grjótgarður, vatnslögn o. fl.			95 200	
Rif	Smábátabryggja, steypt þekja o. fl.			42 000	
Þorlákshöfn	Grjótgarður, stálþil dýpkun			539 800	
	Samtals			677 000	
IV. Reykjavíkurhöfn:					
	Olíustöð í Örfirisey, stækkun			29 410	
	Framkvæmdir í Sundahöfn			26 258	
	Fylling o. fl. fyrir Skipaútgerð ríkisins			24 793	
	Ýmsar aðrar framkvæmdir			45 675	
	Samtals			126 136	
V. Ferjuhafnir:					
Flatey á Breiðaf.	Endurbygging bryggju			11 000	
Æðey	Ker og bryggja			20 000	
	Samtals			31 000	
	Framkvæmdir alls 1976			1 882 066	

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1976.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Hafnir	Staða við ríkissjóð í árslok 1975		Ríkishluti framkv. 1976	Fjárveiting 1976	Staða við ríkissjóð í árslok 1976	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	23 450		12 580	51 200		15 170
2. Akureyri	30 100		66 525	50 100	46 525	
3. Arnarstapi		7 060	25 650	2 000	16 590	
4. Árskógssandur		40	225	0	185	
5. Bakkafjörður		30	60	0	30	
6. Bíldudalur		550	300	11 400		11 650
7. Blönduós	2 400		750	2 300	850	
8. Bolungarvík	650		39 375	37 500	2 525	
9. Borgarfj. eystri	970		7 650	1 400	7 220	
10. Borgarnes			1 125	1 100	25	
11. Breiðdalsvík		2 270	60 000	20 100	37 630	
12. Búðir Fáskrúðsf.		4 200	100	6 700		10 800
13. Dalvík	520		3 455	2 600	1 375	
14. Djúpivogur		550	8 250	6 000	1 700	
15. Drangsnes	1 530		30	0	1 560	
16. Eskifjörður	580		450	0	1 030	
17. Eyrarbakki		5 950	18 000	9 400	2 650	
18. Flateyri		9 000	4 875	0		4 125
19. Gerðar		15	6 750	7 400		665
20. Grenivík		240	450	0	210	
21. Grindavík	43 425		6 375	52 000		2 200
22. Grímsey		1 910	750	0		1 160
23. Grundarfj.	9 320		30 000	28 200	11 120	
24. Hafnarfj.		5 430	52 760	24 800	22 530	
25. Hafnir í Höfnum		2 730	300	4 000		6 430
26. Hauganes	3 240		150	0	3 390	
27. Hellnar		30	900	0	870	
28. Hofsós		1 010	750	0		260
29. Hólmavík			15	0	15	
30. Hrísey		1 820	9 150	5 000	2 330	
31. Húsavík	3 720		12 450	9 000	7 170	
32. Hvammstangi		1 770	24 000	17 800	4 430	
33. Höfn í Hornaf.		550	1 125	0	575	
34. Ísafjörður	8 180		8 175	16 400		45
35. Kópasker			0	0		
36. Neskaupst.	88 220		39 000	64 000	63 220	
37. Ólafsfj.	22 220		18 000	33 300	6 920	
38. Ólafsvík	5 575		22 750	12 000	16 325	
39. Patreksfj.		5 215	10 875	4 100	1 560	
40. Raufarhöfn	60		60	10 000		9 880
41. Reyðarfj.		1 950	9 000	4 800	2 250	
42. Sandgerði	19 115		15 750	47 800		12 935
43. Sauðárkrókur	3 090		41 250	36 800	7 540	
44. Seyðisfj.	1 055		6 750	7 000	805	
45. Siglufj.	190		4 500	20 600		15 910
46. Skagaströnd	810		34 875	22 500	13 185	
47. Stokkseyri		8 410	21 000	17 800		5 210
48. Stykkish.	9 190		4 565	5 500	8 255	
49. Stöðvarfj.	120		750	0	870	
50. Súðavík	700		9 150	15 000		5 150
51. Suðureyri	380		25 200	3 000	22 580	
52. Tálknafj.	420		300	0	720	
53. Vestmannaeyjar		1 975	34 115	22 800	9 340	
54. Vogar	870		15	0	885	
55. Vopnafj.	1 725		2 625	20 000		15 650
56. Þingeyri	195		18 000	22 600		4 405
57. Þórshöfn			30	0	30	
Alls	282 020	62 705	722 060	736 000	327 020	121 645

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda.

		Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2		736 000
Landshafnir:		
Keflavík-Njarðvík	100 000	
Rif	35 000	
Þorlákshöfn	524 381	659 381
Ferjuhafnir:		
Flatey á Breiðafirði	7 000	
Vigur	2 000	
Svefneyjar	1 000	10 000
Samtals		1 405 381
Karlsey:		
Fjárv. frá iðnaðarráðun. (greitt)		30 000

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða.

	Þús. kr.
Akranes	500
Álftanes	400
Bessastaðatjörn	300
Eyrarbakki	3 000
Bakkafjörður	200
Flateyri	300
Garðskagi	600
Garður	400
Grótta	300
Höfn í Hornafirði	300
Innri-Akraneshreppur	100
Melar í Melasveit	100
Miðneshreppur	600
Sauðárkrókur	400
Seltjarnarnes	400
Stokkseyri	700
Vogar, Vatnsleysuströnd	400
Selvogur	100
Alls	9 100

Tafla 5. Gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán árið 1976.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Akureyri	174	Mjóifjörður	12
Árskógssandur	39	Neskaupstaður	342
Bíldudalur	388	Ólafsfjörður	114
Bolungarvík	574	Ólafsvík	353
Borgarfj. eystri	109	Patreksfjörður	615
Búðardalur	60	Reyðarfjörður	133
Dalvík	47	Sandgerði	230
Eskifjörður	138	Sauðárkrókur	144
Eyrarbakki	298	Seyðisfjörður	310
Flatey á Skjálfanda	302	Siglufjörður	71
Flateyri	338	Skagaströnd	23
Grenivík	30	Stykkishólmur	109
Grindavík	293	Súðavík	60
Grundarfjörður	38	Suðureyri	434
Hafnarfjörður	369	Tálknafjörður	90
Hólmavík	75	Vestmannaeyjar	298
Hrísey	39	Vopnafjörður	258
Húsavík	255	Þingeyri	543
Ísafjörður	50	Þórshöfn	245
		Samtals	8 000

Nd. 547. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um könnun á hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum, kynnt sér umsögn Seðlabankans um málið og greinargerð bankans frá 1972 um gjaldmiðilsbreytingu, en hún er gerð í tilefni þingsályktunartillögu, sem þá kom fram um tíföldun verðgildis íslenskrar krónu. Auk þess hefur nefndin kynnt sér álitsgerð aðalféhirðis Seðlabankans til bankastjórnar um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfunnar.

Með hliðsjón af þessum athugunum er nefndin sammála um réttmæti þess, að athugun sú, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, fari fram, og þá sem liður í umfangsmeira verki, er miði að því að auka virðingu fyrir gjaldmiðlinum og að styrkja hann á annan hátt.

Því er það tillaga nefndarinnar, að máli þessu **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Lúðvík Jósepsson.	Tómas Árnason.	Ey. Kon. Jónsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. 548. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Heimilt er þó að taka allt að 10% ársvexti, ef sjóðsstjórn telur óhjákvæmilegt. Lánstími skal að jafnaði vera fimm ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafið um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 549. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahsan, Ikram, verkamaður í Kópavogi, f. á Indlandi 29. október 1947.
2. Árskóg, Gestur Jóhannes, barn á Dalvík, f. í Englandi 2. júlí 1967.
3. Ballestad, Tore Lie, arkitekt í Reykjavík, f. í Noregi 16. júlí 1944. Fær réttinn 1. júní 1977.
4. Bartlett, Thomas Henry, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 2. ágúst 1940.
5. Blöndal, Stefán Patrik, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 28. júní 1976.
6. Bocchino, Stefán Þór, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 22. febrúar 1961.
7. Brown, Elizabeth Anna, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
8. Brynjar Þór Þorsteinsson, barn í Hafnarfirði, f. í Noregi 20. maí 1970.
9. Chan, Sonja Arna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 30. júní 1976.
10. Dam, Edith, húsmóðir á Reynisbrekku í Mýrdal, f. í Færeyjum 14. mars 1938.
11. Damjanowitch, Martina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 29. apríl 1955.
12. Guðjónsson (f. Davidsen), Gynda Maria, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 26. ágúst 1926.
13. Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 30. september 1974.
14. Heide, Paul Reynir, úrsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1952.
15. Helgeland, Tordis Lillian, húsmóðir á Dalvík, f. í Noregi 18. ágúst 1937.
16. Jacobsen, Birgitta Þorkels, verkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 22. október 1952.

17. Jepson, Dóra Ingunn, f. á Íslandi 17. október 1962.
18. Jóhannesen, Jona Alvilda Gertrud, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 21. febrúar 1940.
19. Karl Jóhann Ingólfsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 12. febrúar 1964.
20. Kulp, Georg, nemandi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 7. ágúst 1960.
21. Lilaa, Jonhild Franciska, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 23. júní 1919.
22. McDougall, William, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Skotlandi 12. nóvember 1932.
23. Magnús Þorgeirsson, barn á Ólafsfirði, f. í Vestur-Þýskalandi 17. janúar 1972.
24. Meyer, Dieter, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 16. mars 1953.
25. Olsen, Kim Svanberg, sjómaður á Seyðisfirði, f. í Danmörku 28. júní 1961.
26. Pedersen, Dagny Ingeborg Graversen, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 8. október 1926.
27. Phillips, Margaret Ann, húsmóðir í Rangárvallasýslu, f. 14. janúar 1937.
28. Poulsen, Joen Henrik, vélstjóri í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. janúar 1908.
29. Purkhús, Jógvan Martin, verslunarmaður á Akureyri, f. í Færeyjum 12. mars 1943.
30. Rossen, Eigil Martin Steen, verkstjóri í Stykkishólmi, f. í Danmörku 27. nóvember 1945.
31. Rusnak, Edward Felix, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1961.
32. Rusnak, Robert Michael, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 27. apríl 1960.
33. Ryan, Elín Mazelma, póstfreyja í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. ágúst 1954.
34. Samuelsen, Lily Guldborg Jellöj, húsmóðir á Suðureyri, f. í Færeyjum 29. júní 1937.
35. Sardar, Mohammad, iðnverkamaður í Garðabæ, f. í Sýrlandi 8. janúar 1943.
36. Sariana, Thalia Garcia-Marin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Mexíkó 5. mars 1935.
37. Schuman, Lothar Günter Heinrich Franz, námsmaður í Reykjavík, f. í Þýskalandi 16. september 1956.
38. Shafiee, Mohammad, háskólanemi í Reykjavík, f. í Íran 26. júní 1926. Fær réttinn 6. júní 1977.
39. Sigríður Guðrún Sigurðardóttir, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 7. september 1975.
40. Touati, Mohand, landbúnaðartæknifræðingur í Reykjavík, f. í Frakklandi 26. ágúst 1952.
41. Winkler, Patrik Harvey, verkamaður í Keflavík, f. í Þýskalandi 7. janúar 1952.
42. Yoon, Eun Ah, barn í Bessastaðahreppi, f. í Suður-Kóreu 27. janúar 1975.
43. Zalewski, Kristofer Oliversson, námsmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. júlí 1951.
44. Þorbjörg Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Vestur-Þýskalandi 13. febrúar 1973.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 550. Lög [19. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 286.

Ed. 551. Breytingartillaga [234. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni og Jóni Árm. Héðinssyni.

Við 2. gr. Á eftir gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir 7. gr. laga nr. 68/1967 komi ný grein, svo hljóðandi:
Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild starfsumhverfis. Skal deildin veita iðnfyrirtækjum lán til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.
Stjórn Iðnlánasjóðs aflar deildinni tekna, sbr. 1. mgr. 6. gr.

Ed. 552. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

Við 40. gr. laganna bætist 5. málsgrein, svo hljóðandi:
Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns á áætlunarleið í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um auðkenni þessara vagna og önnur framkvæmdaatriði. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ítrustu varúð við akstur frá biðstöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 553. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um kosningarrétt.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar og geta undirritaðir ekki mælt með samþykkt hennar eins og hún er orðuð.
Í tillögunni er lagt til að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram tillögur til breytinga á stjórnarskránni, sem miði að jöfnun kosningarréttar. Og í niðurlagi greinargerðar segja flutningsmenn, að þar bendi þeir á þá meginstefnu, sem þeir vilja að höfð verði að leiðarljósi, og samþykkt tillögunnar yrði almenn viljayfirlýsing þingsins þar um.
Enda þótt ekki sé í tillögugreininni sagt, að ná skuli jöfnun kosningarréttar, er það þó markmiðið, sem stefna skal að. Við erum andvígir því, að miða skuli við það eitt við væntanlegar breytingar á stjórnarskránni, þar sem fleiri sjónarmið þurfa sannarlega að koma þar til greina, eins og alltaf hefur átt sér stað við fyrri breytingar.
Hins vegar hafa orðið það miklar breytingar á íbúafjölda einstakra kjördæma síðan núverandi kjördæmaskipan var samþykkt, að nauðsynlegt er að gera ein-

hverjar breytingar á kosningaskipan svo fljótt sem kostur er. En einstrengingslegar ályktanir til stjórnarskrárnefndar eru ekki líklegasta leiðin til að ná því marki.

En það er nauðsynlegt, að reynt sé að ná samkomulagi um þetta mál. Og þar sem vænlegast virðist að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því með viðræðum milli þingflokkanna, þar sem sjónarmið tillögumanna yrði m. a. tekið til athugunar, þá leggjum við til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. apríl 1977.

Jón Helgason, fundaskr., frsm. Jónas Árnason.

Nd. 554. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form.
Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.
Þórarinn Þórarinsson.
Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson.
Tómas Árnason.
Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara.

Nd. 555. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Gylfi Þ. Gíslason.
Tómas Árnason.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 556. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Tómas Árnason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 557. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.
	Tómas Árnason.	

Sþ. 558. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um framkvæmd skattalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Þar sem eðlilegt er, að ákvæði sem stuðli að samræmingu í framkvæmd skattalaga, verði í skattalögum þeim, sem nú er unnið að, enda verði þess talin þörf að undangenginni rannsókn, þá leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr., frsm.	Magnús T. Ólafsson.
Ólafur G. Einarsson.	Lárus Jónsson.	Jónas Árnason.
	Jón Skaftason.	

Sþ. 559. Nefndarálit [39. mál]

um till. til þál. um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Lárus Jónsson.	Jónas Árnason.
	Magnús T. Ólafsson.	

Sþ. 560. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni þroskaheftra.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan felur það í sér, að ríkisstjórnin láti undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um heildarskipulag varðandi öll málefni þroskaheftra.

Hliðstæð tillaga var flutt á síðasta þingi og var allsherjarnefnd þá sammála um að vísa henni til ríkisstjórnarinnar, þar sem upplýsingar bárust um að viðkomandi ráðuneyti hefðu málefni vangefinna til endurskoðunar. Nefndarálit þar að lútandi náði ekki afgreiðslu þingsins.

Á s. l. vetri var leitað umsagnar eftirtalinna aðila: menntamálaráðuneytis, heilbrigðismálaráðuneytis, Félags þroskaþjálfa, Styrktarfélags vangefinna, en svör bárust ekki frá Félagi þroskaþjálfa og menntamálaráðuneyti.

Þær umsagnir, sem bárust, voru hafðar til hliðsjónar þegar allsherjarnefnd kynnti sér tillöguna nú. Jafnframt voru ráðuneytisstjórar menntamálaráðuneytis, heilbrigðismálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis kvaddir á fund nefndarinnar. Einnig mætti Magnús Magnússon sérkennslufulltrúi. Eftirfarandi upplýsingar komu fram:

Í grunnskólalögum, nr. 63/1974, er mörkuð stefna í sérkennslumálum. Innan skamms mun verða gefin út reglugerð skv. lögunum, sem ráðgert er að feli einnig í sér endurskoðun á ákvæðum reglugerðar nr. 199/1972, sem sett var samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 53/1967, um fávitastofnanir.

Hinn 14. maí 1975 gerði Alþingi svofellda ályktun um sérkennslumál:

„Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt, að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna."

Á fjárlögum fyrir árið 1977 var veitt fé til launa sérkennslufulltrúa. Hefur Magnús Magnússon skólastjóri verið settur sérkennslufulltrúi og tók hann til starfa 3. janúar 1977.

Á síðasta vetri ákváðu þrjú ráðuneyti að skipa nefnd til að endurskoða gildandi ákvæði laga um heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmál og fleira er varðar þroskahefta. Nokkuð dróst að nefndin yrði skipuð, en í nóvember í haust voru þeir Sverrir

Bjarnason, Jón Ólafsson og Hjálmar Vilhjálmsson skipaðir í umrædda nefnd og er sá síðast taldi formaður hennar. Erindisbréf formanns nefndarinnar er svo hljóðandi:

„Þér eruð hér með skipaður í nefnd til að endurskoða gildandi ákvæði laga um heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmál og fleira er varðar þroskahefta.

Hafa ber í huga jöfnum höndum samræmingu, breytingu einstakra laga og heildarskipan eftir því sem við þykir eiga að athuguðu máli. Æskilegt er að nefndin leiti álits áhugahópa og sérfræðinga.

Með yður í nefndinni eiga sæti Sverrir Bjarnason læknir, tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu, og Jón Ólafsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu. Yður ber að kveðja nefndina saman til fyrsta fundar."

Þá er þess að geta, að viðkomandi ráðuneyti hafa komið sér saman um skipan vinnunefndar á vegum ráðuneytanna, sem mun hafa náin samráð um málefni þroskaheftra.

Eins og fram kemur í þessari upptalningu hefur ýmislegt verið aðhafst er varðar málefni þroskaheftra, sem beinist að því að samræma ákvæði laga og reglugerða og samhæfa og flýta meðferð mála hjá hlutaðeigandi ráðuneytum.

Meðal almennings er vaxandi skilningur á málefnum þroskaheftra, og það er eindreginn vilji þingmanna að styðja þetta góða málefni og það göfuga starf, sem lagt er fram, ekki síst af áhugasamtökum.

Vissir erfiðleikar eru á því að færa þau málefni, er varða þroskahefta, undir eitt ráðuneyti, og ekki er víst, að heildarlöggjöf leysi þann vanda, sem talað er um. Það ber þó að athuga, og með hliðsjón af nefndarskipan menntamálaráðuneytis og öðrum þeim aðgerðum, sem að framan eru raktar, leggur allsherjarnefnd til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Jónas Árnason, með fyrirvara.	Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.
	Magnús T. Ólafsson.	

Nd. 561. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal enn fremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu enn fremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað, og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978.

Nd. 562. Lög [197. mál]

um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl)

Samhljóða þskj. 398.

Nd. 563. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl)

Samhljóða þskj. 475.

Nd. 564. Lög [211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl)

Samhljóða þskj. 427.

Ed. 565. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.
Helgi F. Seljan.
Albert Guðmundsson.

Nd. 566. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur fjallað um efni frumvarpsins á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Jón Skaftason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Karvel Pálmason.	Sig. Magnússon.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Ed. 567. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja Húseiningum hf. húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Jón G. Sólnes.	Axel Jónsson.	Albert Guðmundsson.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Ed. 568. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 27. des. 1976, um breyt. á l. nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.	Axel Jónsson.
	Jón G. Sólnes.	

Ed. 569. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. til erlendra aðila.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr., frsm. Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds. Axel Jónsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 570. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til laga um Skálholtsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 8. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær málsgreinar sem orðist svo:
Um fjárveitingar úr ríkissjóði til Skálholtsskóla gildir eftirfarandi:

a) Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%.
b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist.

Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum stafliðum miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.

Ed. 571. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til laga um Skálholtsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Tryggvason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Steingr. Hermannsson.
Ragnar Arnalds. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 572. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til leiklistarlaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Tryggvason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Steingr. Hermannsson.
Ragnar Arnalds. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 573. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til laga um skylduskil til safna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund þá Finnboga Guðmundsson landsbókavörð og Ólaf Pálmason deildarstjóra.
Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Tryggvason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr., með fyrirvara. Steingr. Hermannsson.
Ragnar Arnalds. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 574. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í lögum þessum“ komi: í II. kafla þessara laga.
2. Við 2. gr. Orðin „sbr. einnig 10. gr.“ í lok 1. mgr. falli brott.
3. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: og V. kafla.
4. Við 10. gr. 2. mgr. falli brott.
5. Á eftir 12. gr. komi ný grein í nýjum kafla (V. kafla), með fyrirsögninni: **Ríkisstyrkt útgáfa.** Greinin orðist svo:

   Þeir útgefendur, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafni að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Nd. 575. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu pósts og síma.

Frá Benedikt Gröndal og Lúðvík Jósepssyni.

1. gr. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs á fjögurra ára fresti sjö menn í stjórn póst- og símamálastofnunarinnar og aðra sjö til vara. Enn fremur skipar starfsmannaráð tvo menn í stjórnina úr hópi starfsmanna og aðra tvo til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi aðalmanna.

Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar.

Nd. 576. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II kafla laga nr. 20 5. maí 1976 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. B-liðar 15. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:

Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamat eins og það var í ársbyrjun 1976, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.

2. gr.

26. gr. orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum reiknast þannig:
   Af fyrstu 6 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 9 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0,8%.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0,8% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1000 kr. skal fella niður við álagningu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp, sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Séð er, að frumvarpið nær ekki fram að ganga á þessu þingi, og hafði því reyndar ekki verið ætlað að koma til framkvæmda við skattlagningu á árinu 1977. Vegna hins framreiknaða fasteignamats sem tók gildi

frá og með 31. desember s. l. er hins vegar nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þegar við álagningu á þessu ári. Breytingar þær, sem lagt er til með frumvarpinu að gerðar verði, eru tvíþættar, en miða báðar að því að koma í veg fyrir að skattlagning breytist vegna hækkaðs fasteignamats. Annars vegar er lagt til að heimild sú til að nota fasteignamat sem fyrningarstofn, sem er í síðasta málslið 3. mgr. B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973), verði eftir sem áður miðuð við fasteignamat það sem gilti fram til 30. desember á árinu 1976. Er ekki ástæða til að láta hækkun fasteignamatsins sem í gildi gekk á síðasta degi ársins leiða til stóraukinna fyrningarheimilda. Hin breytingin, sem í frumvarpinu felst, lýtur að eignarskatti. Eins og kunnugt er var eignarskattsstiginn við skattlagningu á árinu 1976 þannig að fasteignir voru metnar til eignarskatts á 2,7 földu þágildandi fasteignamatsverði og voru fyrstu 2 700 000 krónur skattgjaldseignar manna skattfrjálsar en 0,6% skattur var reiknaður af næstu 1 500 000 kr. og 1,0% af þeirri skattgjaldseign, sem þar var fram yfir. Þessi ákvæði voru tímabundin og giltu einungis fyrir skattárið 1975. Verði ekkert að gert mun eignarskattur fyrir skattárið 1976 því leggjast á skattgjaldseign manna sem er umfram 1 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 1977 er reiknað með að innheimtur eignarskattur einstaklinga sé 610 milljónir króna og er álagning þá áætluð u. þ. b. 635 milljónir króna. Hliðstæðar tölur fyrir eignarskatt félaga eru 575 og 600 milljónir króna. Samtals gera fjárlög því ráð fyrir að álagður eignarskattur sé 1 235 milljónir króna. Áætlaður álagður eignarskattur skv. 2. gr. þessa frumvarps er u. þ. b. 1 180 milljónir króna og skiptist hann þannig að áætluð álagning á einstaklinga er um 580 milljónir króna en áætluð álagning á félög er um 600 milljónir króna. 2. gr. frumvarpsins hefur því væntanlega ekki í för með sér breytingar á eignarskattsbyrði félaga en eignarskattsbyrði einstaklinga mun heldur lækka við breytinguna. Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að skattfrjáls eign hjóna verði hærri en skattfrjáls eign einhleypings og er það nýmæli. Jafnframt er lagt til að í stað tveggja þrepa í eignarskattstiga manna verði nú aðeins eitt skatthlutfall, 0,8% af skattgjaldseign. Þó er gert ráð fyrir að niður falli álagður eignarskattur sem ekki nær 1000 kr., en hingað til hefur verið miðað við 100 kr.

Ætla má að með þessum breytingum fækki eignarskattsgreiðendum um meira en 10 000.

Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa launþegasamtaka og ríkisins um leiðir, sem vera kynnu færar til lækkunar tekjuskatts í tengslum við kjarasamningaumleitanir þær, sem nú standa yfir. Í þessum umræðum hefur einnig nokkuð verið fjallað um útsvarsálagningu og hugsanlegt er að breyting á henni komi til greina sem liður í ráðstöfunum í þessu sambandi.

Fulltrúar launþega hafa gefið til kynna í höfuðatriðum þær leiðir, sem launþegasamtökin telja sínum félögum koma einna helst að gagni við slíka lækkun skatta. Hins vegar hljóta skattbreytingar af þessu tagi að koma því aðeins til álita, að samningar séu að takast innan þess ramma, sem ætla mætti, að hagkerfið þoli miðað við hæga niðurfærslu verðbólgustigsins og jöfnuð í viðskiptum við útlönd.

Þess vegna er ekki tímabært að svo stöddu að leggja fyrir Alþingi tillögu í þessa átt. Skýrist línur í kjarasamningamálum meðan frumvarp þetta er til meðferðar Alþingis, má gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin leggi fram tillögur um breytingar á þessu frumvarpi. Dragist þetta fram yfir þinglok, verður að gera ráð fyrir, að nauðsynlegar breytingar yrðu gerðar með bráðabirgðalögum.

Ed. 577. Frumvarp til laga [237. mál]

um breytingu á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

1. gr.

1. töluliður 7. gr. laganna orðist svo:

		31	Bakkafjörður	-	2,0	-	1,1	-	3,1
		32	Búðardalur	4,0	2,0	-	1,2	-	7,2
		33	Djúpivogur	9,0	4,0	1,0	1,2	-	15,2
		34	Breiðdalsvík	4,0	2,0	-	1,2	-	7,2
		35	Fáskrúðsfjörður	5,0	2,0	1,0	1,2	-	9,2
		36	Seyðisfjörður	6,0	6,0	3,0	1,2	-	16,2
			Samtals "S"	96,0	98,0	29,0	24,7	-	247,7
			SAMTALS:	313,0	248,0	525,0	27,2	1306,0	2419,2
			%:	12,8	10,2	21,5	1,1	53,5	100,0

Tafla 18

BYGGINGAR Á ÆTLUNAR-FLUGVÖLLUM

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

	flokkur		flugvöllur	Flugturn	Flugstöðvar og farþegaskýli	Tækjageymslur	Sandgeymslur	Aðrar byggingar	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	580,0	72,0	12,0	-	664,0
	A2	2	Akureyri	-	-	29,0	-	-	29,0
		3	Vestmannaeyjar	8,0	65,0	18,0	12,0		103,0
		4	Ísafjörður	-	5,0	18,0	-	-	23,0
		5	Egilsstaðir	-	5,0	22,0	8,0	36,0	71,0
	A3	6	Hornafjörður	-	53,0	18,0	8,0	-	79,0
		7	Sauðárkrókur	-	53,0	18,0	8,0	-	79,0
		8	Húsavík	-	53,0	22,0	8,0	-	83,0
		9	Patreksfjörður	-	53,0	18,0	8,0	-	79,0
			Samtals "A":	8,0	867,0	235,0	64,0	36,0	1210,0
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	-	-	-	-	-
		11	Rif	-	18,0	-	-	-	18,0
		12	Þingeyri	-	18,0	-	-	-	18,0
		13	Blönduós	-	5,0	-	-	-	5,0
		14	Norðfjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
		15	Vopnafjörður	-	-	-	-	-	-
		16	Stykkishólmur	-	18,0	-	-	-	18,0
		17	Raufarhöfn	-	-	-	-	-	-
		18	Þórshöfn	-	18,0	-	-	-	18,0
		19	Flateyri	-	7,0	-	-	-	7,0
		20	Suðureyri	-	7,0	-	-	-	7,0
		21	Bíldudalur	-	7,0	-	-	-	7,0
	S2	22	Reykhólar	-	7,0	-	-	-	7,0
		23	Hólmavík	-	7,0	-	-	-	7,0
		24	Grímsey	-	7,0	-	-	-	7,0
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	-	-	-
		26	Gjögur	-	7,0	-	-	-	7,0
		27	Kópasker	-	7,0	-	-	-	7,0
		28	Borgarfj.eystri	-	7,0	-	-	-	7,0
		29	Mývatn	-	-	-	-	-	-
		30	Hvammstangi	-	5,0	-	-	-	5,0
		31	Bakkafjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
		32	Búðardalur	-	5,0	-	-	-	5,0
		33	Djúpivogur	-	5,0	-	-	-	5,0
		34	Breiðdalsvík	-	5,0	-	-	-	5,0
		35	Fáskrúðsfjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
		36	Sáyðisfjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
			Samtals "S"	-	180,0	-	-	-	180,0
			SAMTALS:	8,0	1047,0	235,0	64,0	36,0	1390,0
			%:	0,6	75,3	16,9	4,6	2,6	100,0

Tafla 19

BÚNAÐUR FYRIR FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU ÁÆTLUNARFLUGVALLA (flugturnar og flugradio)

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Símasamband	Veðurmælitæki	Fjarskiptatæki (VHF)	Húsbúnaður	Ýmis annar tækjabúnaður flugumferðarþjónustu	SAMTALS
ADALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	-	0,6	0,3	4,0	4,9
	A2	2	Akureyri	-	7,8	0,6	0,3	3,5	12,2
		3	Vestmannaeyjar	-	3,0	-	0,3	3,5	6,8
		4	Ísafjörður	-	-	-	0,3	3,5	3,8
		5	Egilsstaðir	-	7,8	0,6	0,3	3,5	12,2
	A3	6	Hornafjörður	-	2,0	0,6	0,3	3,5	6,4
		7	Sauðárkrókur	-	7,8	0,6	0,3	3,5	12,2
		8	Húsavík	-	7,8	-	0,3	0,5	8,6
		9	Patreksfjörður	-	2,0	-	0,3	0,5	2,8
			Samtals "A":	-	38,2	3,0	2,7	25,5	69,9
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	0,1	-	0,1	0,1	0,3
		11	Rif	0,7	2,1	-	0,1	0,1	3,0
		12	Þingeyri	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		13	Blönduós	-	2,1	-	0,1	0,1	2,3
		14	Norðfjörður	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		15	Vopnafjörður	-	2,0	-	0,1	0,1	2,2
		16	Stykkishólmur	0,2	2,1	-	0,1	0,1	2,5
		17	Raufarhöfn	-	2,0	-	0,1	0,1	2,2
		18	Þórshöfn	-	2,0	-	0,1	0,1	2,2
		19	Flateyri	-	0,1	-	0,1	0,1	0,3
		20	Suðureyri	0,1	0,1	-	0,1	0,1	0,4
		21	Bíldudalur	0,2	0,1	-	0,1	0,1	0,5
	S2	22	Reykhólar	0,1	0,1	-	0,1	0,1	0,4
		23	Hólmavík	0,2	0,1	-	0,1	0,1	0,5
		24	Grímsey	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		26	Gjögur	-	0,1	-	0,1	0,1	0,3
		27	Kópasker	0,4	-	-	0,1	0,1	0,6
		28	Borgarfj.eystri	0,2	0,5	-	0,1	0,1	0,9
		29	Mývatn	0,4	0,5	0,6	0,1	0,1	1,7
		30	Hvammstangi	-	0,5	-	0,1	0,1	0,7
		31	Bakkafjörður	0,1	0,5	-	0,1	0,1	0,8
		32	Búðardalur	0,7	0,1	-	0,1	0,1	1,0
		33	Djúpivogur	0,4	0,5	-	0,1	0,1	1,1
		34	Breiðdalsvík	0,1	0,5	0,6	0,1	0,1	1,4
		35	Fáskrúðsfjörður	0,2	0,5	0,6	0,1	0,1	1,5
		36	Seyðisfjörður	0,1	0,5	0,6	0,1	0,1	1,4
			Samtals "S"	4,1	17,1	2,4	2,7	2,7	29,0
			SAMTALS:	4,1	55,3	5,4	5,4	28,2	98,9
			%:	4,2	56,2	5,5	5,5	28,6	100,0

Tafla 20

VÉLABÚNAÐUR Á ÆTLUNAR-FLUGVÖLLUM

Áætlaður fjárfestingar-kostnaður (millj.kr.)

(F: Flutt frá öðrum flugvelli, vegna endur-nýjaðs búnaðar þar.)

	flokkur		flugvöllur	Slökkvibúnaður	Bifreiðar	Hemlunarmælar	Sanddreifarar	Annar vélabúnaður	SAMTALS
ADALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	60,0	-	-	-	35,0	95,0
	A2	2	Akureyri	30,0	-	-	-	4,5	34,5
		3	Vestmannaeyjar	3,6	-	2,0	2,0	13,9	21,5
		4	Ísafjörður	3,6	-	2,0	2,0	4,5	12,1
		5	Egilsstaðir	3,6	-	2,0	-	4,5	10,1
	A3	6	Hornafjörður	3,6	-	-	2,0	13,9	19,5
		7	Sauðárkrókur	3,6	3,0	-	2,0	4,5	13,1
		8	Húsavík	3,6	3,0	-	2,0	4,5	13,1
		9	Patreksfjörður	3,6	3,0	-	2,0	13,9	22,5
			Samtals "A":	115,2	9,0	6,0	12,0	99,2	241,4
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		11	Rif	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		12	Þingeyri	3,6	-	-	-	-	3,6
		13	Blönduós	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		14	Norðfjörður	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		15	Vopnafjörður	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		16	Stykkishólmur	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		17	Raufarhöfn	3,6	-	0,1	F	-	3,7
		18	Þórshöfn	3,6	-	0,1	F	9,4	13,1
		19	Flateyri	3,6	-	0,1	F	-	3,7
		20	Suðureyri	3,6	-	0,1	F	-	3,7
		21	Bíldudalur	3,6	-	0,1	F	-	3,7
	S2	22	Reykhólar	1,1	-	0,1	0,6	-	1,8
		23	Hólmavík	1,1	-	0,1	0,6	9,4	11,2
		24	Grímsey	1,1	-	0,1	0,6	-	1,8
		25	Fagurhólsmýri	-	-	0,1	0,6	-	0,7
		26	Gjögur	1,1	-	0,1	0,6	9,4	11,2
		27	Kópasker	1,1	-	0,1	0,6	-	1,8
		28	Borgarfj.eystri	F	-	0,1	0,6	9,4	10,1
		29	Mývatn	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		30	Hvammstangi	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		31	Bakkafjörður	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		32	Búðardalur	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		33	Djúpivogur	F	-	F	0,6	-	0,6
		34	Breiðdalsvík	F	-	F	0,6	-	0,6
		35	Fáskrúðsfjörður	F	-	F	0,6	-	0,6
		36	Seyðisfjörður	F	-	F	0,6		0,6
			Samtals "S"	48,7	-	2,2	12,6	37,6	101,1
			SAMTALS:	163,9	9,0	8,2	24,6	136,8	342,5
			%:	47,9	2,6	2,4	7,2	39,9	100,0

Tafla 21

BLINDAÐFLUGSBÚNAÐUR FYRIR ÆTLUNARFLUGVELLI

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Radiovitar (NDB)	Merkivitar	Miðlínusendar (LLZ) og Aðflugshallasendar (GS)	Fjarlægðarmælivitar (DME)	Annar blindaðflugsbúnaður	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	-	20,9	17,9	0,8	39,6
	A2	2	Akureyri	-	6,8	36,9	-	0,4	44,1
		3	Vestmannaeyjar	-	-	-	17,9	0,2	18,1
		4	Ísafjörður	-	3,4	20,9	17,9	0,4	42,6
		5	Egilsstaðir	-	-	-	17,9	0,6	18,5
	A3	6	Hornafjörður	-	-	-	-	0,2	0,2
		7	Sauðárkrókur	-	-	16,9	17,9	0,4	35,2
		8	Húsavík	-	3,4	36,9	-	0,4	40,7
		9	Patreksfjörður	3,5	3,4	-	-	0,4	7,3
			Samtals "A":	3,5	17,0	132,5	89,5	3,8	246,3
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	3,5	3,4	-	-	0,2	7,1
		11	Rif	3,5	3,4	-	-	0,2	7,1
		12	Þingeyri	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		13	Blönduós	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		14	Norðfjörður	-	3,4	-	-	0,4	3,8
		15	Vopnafjörður	-	3,4	-	-	0,4	3,8
		16	Stykkishólmur	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		17	Raufarhöfn	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		18	Þórshöfn	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		19	Flateyri	-	-	-	-	0,2	0,2
		20	Suðureyri	-	-	-	-	0,2	0,2
		21	Bíldudalur	-	-	-	-	-	-
	S2	22	Reykhólar	-	-	-	-	-	-
		23	Hólmavík	-	-	-	-	0,2	0,2
		24	Grímsey	-	-	-	-	0,2	0,2
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	-	0,2	0,2
		26	Gjögur	-	-	-	-	0,2	0,2
		27	Kópasker	-	-	-	-	0,2	0,2
		28	Borgarfj.eystri	3,5	-	-	-	0,2	3,7
		29	Mývatn	-	-	-	-	-	-
		30	Hvammstangi	3,5	-	-	-	0,2	3,7
		31	Bakkafjörður	-	-	-	-	-	-
		32	Búðardalur	-	-	-	-	-	-
		33	Djúpivogur	-	-	-	-	-	-
		34	Breiðdalsvík	-	-	-	-	-	-
		35	Fáskrúðsfjörður	3,5	-	-	-	0,2	3,7
		36	Seyðisfjörður	-	-	-	-	-	-
			Samtals "S"	17,5	30,6	-	-	4,2	52,3
			SAMTALS:	21,0	47,6	132,5	89,5	8,0	298,6
			%:	7,0	15,9	44,4	30,0	2,7	100,0

Tafla 22

RAFORKUVIRKI OG LJÓSABÚNAÐUR FYRIR ÆTLUNARFLUGVELLI

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

	flokkur		flugvöllur	Hælmtaugar og vararafstöðvar	Hindranaljós	Flugbrautarljós	Aðflugshallaljós	Aðflugsljós	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	0,5	15,2	8,6	-	24,3
	A2	2	Akureyri	-	1,0	2,1	0,8	12,0	15,9
		3	Vestmannaeyjar	3,0	2,0	-	1,0	6,6	12,6
		4	Ísafjörður	-	2,0	-	5,8	0,5	8,3
		5	Egilsstaðir	-	1,0	1,3	0,7	12,0	15,0
	A3	6	Hornafjörður	-	1,0	7,7	4,4	13,8	26,9
		7	Sauðárkrókur	-	0,5	-	-	-	0,5
		8	Húsavík	-	0,5	-	-	11,7	12,2
		9	Patreksfjörður	2,5	2,0	11,0	4,5	3,3	23,3
			Samtals "A":	5,5	10,5	37,3	25,8	59,9	139,0
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	1,0	-	-	0,5	1,5
		11	Rif	3,1	0,5	6,6	4,3	3,2	17,7
		12	Þingeyri	-	1,0	-	-	0,5	1,5
		13	Blönduós	1,7	0,5	6,6	4,3	3,2	16,3
		14	Norðfjörður	1,0	0,5	-	-	0,5	2,0
		15	Vopnafjörður	2,4	0,5	6,6	4,3	3,2	17,0
		16	Stykkishólmur	3,5	0,5	6,6	4,3	3,2	18,1
		17	Raufarhöfn	1,7	0,5	6,6	4,3	3,2	16,3
		18	Þórshöfn	-	0,5	6,6	4,3	3,2	14,6
		19	Flateyri	-	1,0	0,4	-	0,5	1,9
		20	Suðureyri	0,7	1,0	-	-	0,5	2,2
		21	Bíldudalur	1,5	1,0	0,4	-	0,5	3,4
	S2	22	Reykhólar	0,7	0,5	0,4	-	0,5	2,1
		23	Hólmavík	1,3	0,5	-	-	0,5	2,3
		24	Grímsey	1,0	0,5	0,4	-	0,5	2,4
		25	Fagurhólsmýri	-	0,5	0,4	-	0,5	1,4
		26	Gjögur	1,9	0,5	-	-	0,5	2,9
		27	Kópasker	4,8	0,5	6,6	4,3	3,2	19,4
		28	Borgarfj.eystri	1,3	0,5	0,4	-	0,5	2,7
		29	Mývatn	1,9	0,5	0,4	-	0,5	3,3
		30	Hvammstangi	1,9	0,5	0,4	-	0,5	3,3
		31	Bakkafjörður	3,1	0,5	-	-	0,5	4,1
		32	Búðardalur	3,1	0,5	0,4	-	0,5	4,5
		33	Djúpivogur	1,9	0,5	0,4	-	0,5	3,3
		34	Breiðdalsvík	1,0	0,5	0,4	-	0,5	2,4
		35	Fáskrúðsfjörður	1,5	1,0	0,4	-	0,5	3,4
		36	Seyðisfjörður	1,9	1,0	0,4	-	0,5	3,8
			Samtals "S"	42,9	17,0	51,4	30,1	32,4	173,8
			SAMTALS:	48,4	27,5	88,7	55,9	92,3	312,8
			%:	15,5	8,8	28,4	17,9	29,5	100,0

Tafla 23

HEILDARYFIRLIT YFIR ÁÆTLAÐAN FJÁRFESTINGARKOSTNAÐ Á ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM

(Upphæðir í millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Flugbrautir og önnur athafnasvæði (Tafla 17)	Byggingar (Tafla 18)	Búnaður fyrir flugumferðarþjónustu (Tafla 19)	Vélabúnaður (Tafla 20)	Blindaðflugsbúnaður (Tafla 21)	Raforkuvirki og ljósabúnaður (Tafla 22)	S A M T A L S
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	620,0	664,0	4,9	95,0	39,6	24,3	1447,8
	A2	2	Akureyri	118,0	29,0	12,2	34,5	44,1	15,9	253,7
		3	Vestmannaeyjar	274,5	103,0	6,8	21,5	18,1	12,6	436,5
		4	Ísafjörður	105,0	23,0	3,8	12,1	42,6	8,3	194,8
		5	Egilsstaðir	302,0	71,0	12,2	10,1	18,5	15,0	428,8
	A3	6	Hornafjörður	191,0	79,0	6,4	19,5	0,2	26,9	323,0
		7	Sauðárkrókur	235,0	79,0	12,2	13,1	35,2	0,5	375,0
		8	Húsavík	189,0	83,0	8,6	13,1	40,7	12,2	346,6
		9	Patreksfjörður	137,0	79,0	2,8	22,5	7,3	23,3	271,9
			Samtals "A":	2171,5	1210,0	69,9	241,4	246,3	139,0	4078,1
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	6,5	-	0,3	4,3	7,1	1,5	19,7
		11	Rif	11,5	18,0	3,0	4,3	7,1	17,7	61,6
		12	Þingeyri	12,0	18,0	0,2	3,6	3,6	1,5	38,9
		13	Blönduós	-	5,0	2,3	4,3	3,6	16,3	31,5
		14	Norðfjörður	12,0	5,0	0,2	4,3	3,8	2,0	27,3
		15	Vopnafjörður	17,3	-	2,2	4,3	3,8	17,0	44,6
		16	Stykkishólmur	27,3	18,0	2,5	4,3	3,6	18,1	73,8
		17	Raufarhöfn	14,0	-	2,2	3,7	3,6	16,3	39,8
		18	Þórshöfn	18,0	18,0	2,2	13,1	3,6	14,6	69,5
		19	Flateyri	6,1	7,0	0,3	3,7	0,2	1,9	19,2
		20	Suðureyri	4,1	7,0	0,4	3,7	0,2	2,2	17,6
		21	Bíldudalur	24,2	7,0	0,5	3,7	-	3,4	38,8
	S2	22	Reykhólar	4,1	7,0	0,4	1,8	-	2,1	15,4
		23	Hólmavík	4,0	7,0	0,5	11,2	0,2	2,3	25,2
		24	Grímsey	4,5	7,0	0,2	1,8	0,2	2,4	16,1
		25	Fagurhólsmýri	0,9	-	0,2	0,7	0,2	1,4	3,4
		26	Gjögur	4,5	7,0	0,3	11,2	0,2	2,9	26,1
		27	Kópasker	-	7,0	0,6	1,8	0,2	19,4	29,0
		28	Borgarfj.eystri	11,1	7,0	0,9	10,1	3,7	2,7	35,5
		29	Mývatn	6,4	-	1,7	0,7	-	3,3	12,1
		30	Hvammstangi	1,1	5,0	0,7	0,7	3,7	3,3	14,5
		31	Bakkafjörður	3,1	5,0	0,8	0,7	-	4,1	13,7
		32	Búðardalur	7,2	5,0	1,0	0,7	-	4,5	18,4
		33	Djúpivogur	15,2	5,0	1,1	0,6	-	3,3	25,2
		34	Breiðdalsvík	7,2	5,0	1,4	0,6	-	2,4	16,6
		35	Fáskrúðsfjörður	9,2	5,0	1,5	0,6	3,7	3,4	23,4
		36	Seyðisfjörður	16,2	5,0	1,4	0,6	-	3,8	27,0
			Samtals "S"	247,7	180,0	29,0	101,1	52,3	173,8	783,9
			SAMTALS:	2419,2	1390,0	98,9	342,5	298,6	312,8	4862,0
			%:	49,8	28,6	2,0	7,0	6,2	6,4	100,0

8.4. **Framkvæmdatími.**

8.4.1. Nefndin leggur til að framangreindum framkvæmdum verði lokið á **6 árum,** sem þýðir að meðaltali **900 millj. kr.** fjárveitingu á ári til framkvæmdaverkefna miðað við núverandi verðlag og gengi.

8.5. **Skipting á kjördæmi.**

8.5. **Skipting á kjördæmi.**

8.5.1. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu áætlaðs framkvæmdafjár á kjördæmi:

Tafla 25

kjördæmi/verkefni	millj.kr.	%
Reykjavík	1.447,8	26,8
Reykjanes	5,0	0,1
Vesturland	203,8	3,8
Vestfirðir	722,9	13,4
Norðurland vestra	431,0	8,0
Norðurland eystra	821,5	15,2
Austurland	990,1	18,3
Suðurland	534,9	9,9
Leiðarflugþjónusta og óráðstafað	243,0	4,5
Samtals:	5.400,0	100,0

9. FJÁRMÖGNUN

9.1. **Yfirlit yfir framkvæmdafjárveitingar (1950—1976).**

9.1.1. **Mynd 13** sýnir bókfærða árlega fjárfestingu flugmálastjórnar tímabilið 1950 til 1976. Þar sem mismunandi ör verðbólga hefur verið öll þessi ár, og ekki liggur ljóst fyrir hvaða vísitölu bæri að nota til að fá raunhæfan samanburð á milli framkvæmdaára, er framkvæmdafjárveiting ársins 1976 (252 millj. kr.) notuð sem viðmiðun, og bókfærður fjárfestingarkostnaður annara ára umreiknaður miðað við skráð gengi Bandaríkjadollara á hverjum tíma.

9.2. **Yfirlit yfir fjárveitingar til flugmála árið 1976.**

9.2.1. Þegar gert er yfirlit yfir stöðu gjalda og tekna íslenska ríkisins á sviði flugmála er óhjákvæmilegt að taka með í reikninginn alþjóðaflugþjónustuna, gjöld og tekjur ríkisins vegna Keflavíkurflugvallar, svo og þær tekjur af flugvallagjaldi" (farþegaskatti), sem nú renna beint í ríkissjóð. Þar sem fjárveitingar til flugmála eru nú skráðar í fjárlögum undir tveim ráðuneytum, þ. e. utanríkisráðuneyti (vegna Keflavíkurflugvallar) og samgönguráðuneyti, er í eftirfarandi yfirliti getið þessarar skiptingar innan sviga:

Tafla 26


tegund gjalda og tekna	millj.kr.	%
GJÖLD		
Rekstrargjöld (419 + 87)	506	40
Fjárfestingar (252 + 43)	295	24
Afborganir lána (26 + 8)	34	3
Alþjóðaflugþjónustan	416	33
Samtals:	1.251	100
TEKJUR		
Lendingargjöld o.fl. (76 + 199)	275	22
"Flugvallagjald" (35 + 200)	235	19
Alþjóðaflugþjónustan	416	33
samtals:	926	74
Framlag ríkissjóðs	325	26
Samtals:	1.251	100

Raunverulegt framlag ríkissjóðs til flugmála nemur því aðeins **325 millj. kr.** eða samsvarandi 26% af núverandi umsvifum ríkisins á sviði flugmála. Víðast hvar erlendis renna tekjur af fríhafnarviðskiptum á flugvöllum einnig til flugvallanna sjálfra, og eru slíkar tekjur t.d. 7.4% af heildartekjum sænsku flugmálastjórnarinnar. Séu áætlaðar tekjur fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli árið 1976, 132 millj. kr., reiknaðar með í ofangreindu yfirliti, lækkar beint framlag ríkissjóðs í **193 millj. kr.** eða samsvarandi 14% af núverandi umsvifum ríkisins á sviði flugmála.

9.2.2. Fróðlegt er að kanna nánar áætlaða skiptingu ofangreindra gjalda og tekna á milli millilandaflugs og innanlandsflugs:

Tafla 27

gjöld og tekjur	millilanda-flug		innanlands-flug		samtals	
	millj.kr.	%	millj.kr.	%	millj.kr.	%
Gjöld, samtals	650	100	601	100	1.251	100
Tekjur af flug-umferðinni	850	131	76	13	926	74
Framlag ríkis-sjóðs	-200	-31	525	87	325	26


Mynd 13
- 64 -
BOKFÆRÐ ÁRLEG FJÁRFESTING FLUGMÁLASTJÓRNAR
Fjárfestingar
millj.kr./ári
400
350
300
250
200
150
100
50
Athugasemd: Fjárfestingarfé ársins 1976 (252 millj.kr.) er notað sem viðmiðun, en fjárfestingarfé fyrri ára síðan reiknað sem hlutfall fjárveitinga miðað við skráð gengi á Bandaríkja-dollar á hverjum tíma.
meðaltal áranna 1950-1976
1,5% árleg aukning frá árinu 1950 (7,9 millj.)
Ár
1950
1952
1954
1956
1958
1960
1962
1964
1966
1968
1970
1972
1974
1976
1978
1980
1982

Segja má, að miðað við núverandi rekstrarform Keflavíkurflugvallar sé 200 millj. kr. hagnaður af millilandafluginu, en upphæð þessi samsvarar áætluðum tekjum af „flugvallagjaldi“ millilandaflugs.

9.3. Tillögur varðandi fjármögnun framkvæmda.

9.3.1. Fjármagn til flugmála kemur í eðli sínu aðeins eftir tveim leiðum, þ. e. frá skattgreiðendum almennt í formi framlags ríkissjóðs, eða frá flugfarþegum og öðrum notendum loftrýmisins (farþegaskattar, lendingargjöld o. fl.). Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið víðast hvar um heim, að tekna til að standa straum af útgjöldum við rekstur flugvalla og þjónustu fyrir flugið er í vaxandi mæli aflað í formi afnotagjalda. Á vegum ICAO hefur verið gerð viðamikil úttekt á þessum málum, og hefur fastaráðið gefið út stefnumörkun sína á sviði gjaldamála (ICAO Doc. 9082-C/1015 „Statements by the Council to Contracting States on Charges for Airports and Route Air Navigation Facilities“). Árið 1973 var samþykkt á alþjóðlegri ICAO-ráðstefnu (DEN/ICE/2) að ca. 30—40% kostnaðar við alþjóðaflugþjónustuna á Íslandi og Grænlandi verði innheimt í formi afnotagjalda (en-route charges). ICAO hefur nú boðið til annarar ráðstefnu (DEN/ICE/3) um þessi mál í maí 1977, og er þar búist við að samþykkt verði að hækka afnotagjöldin þannig að þau geti numið ca. 70—90% af heildarkostnaði við þessa þjónustu.

9.3.2. Sum aðildarríki ICAO, t. d. Svíþjóð, hafa markað þá stefnu, að afnotagjöld í einu eða öðru formi standi undir öllum kostnaði hins opinbera við flugmál, og því verði ekki um nein framlög úr ríkissjóði að ræða til þessa málaflokks. Til þess að unnt sé að ná þessu markmiði þurfa flugflutningar að vera töluvert miklir þannig að nýting hlutaðeigandi mannvirkja verði góð. Hér á landi er þjóðhagslegt gildi flugsamgangna það mikið, að eðlilegt er að hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við flugvelli og þjónustu sé tiltölulega mikil. Víða á landinu eru tryggar flugsamgöngur forsenda fyrir búsetu. Heilbrigðisyfirvöld geta takmarkað byggingu fullkominna og dýrra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva við tiltölulega fáa staði, og treysta síðan á að sjúkraflug og aðrar samgöngugreinar leysi vanda annara byggðarlaga. Með hliðsjón af framangreindu, og miðað við núverandi rekstrarform Keflavíkurflugvallar, leggur nefndin til að mörkuð verði sú stefna að hlutfall afnotagjalda og annara beinna tekna af flugumferð verði 100% af útgjöldum í sambandi við millilandaflug, og ekki hærra en 50% af útgjöldum í sambandi við innanlandsflug.

9.3.3. Mjög þýðingarmikið er að ofangreindu markmiði í sambandi við afnotagjöld í innanlandsflugi verði náð á nægilega löngum aðlögunartíma þannig að flugfélögum gefist góður tími til að aðlaga rekstur sinn breyttum forsendum. Eftirfarandi **tafla 28** sýnir einfalt dæmi um hugsanlega skiptingu gjalda og tekna fyrir innanlandsflug þar sem gert er ráð fyrir að hlutdeild afnotagjalda aukist um 5% á ári. Í þessu einfalda dæmi er miðað við stöðugt verðlag, en að rekstrarkostnaður aukist um 10% af fjárfestingarkostnaði ársins á undan:

Tafla 28

(Innanlandsflug)	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	5. ár	6. ár
Rekstrargjöld (m.kr.)	500	590	680	770	860	950
Fjárfestingar (m.kr.)	900	900	900	900	900	900
Gjöld samtals (m.kr.)	1.400	1.490	1.580	1.670	1.760	1.850
Afnotagjöld (%)	10	15	20	25	30	35
Framlag ríkissjóðs (%)	90	85	80	75	70	65
Afnotagjöld (m.kr.)	140	223	316	418	528	648
Framl. ríkissj.(m.kr.)	1.260	1.267	1.264	1.252	1.232	1.202

9.3.4. **Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977, er nú (nóv. 1976) liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 300 millj. kr. fjárveitingu til framkvæmdaverkefna flugmálastjórnar, að viðbættum 21 millj. kr. til fjárfestingaverkefna á Keflavíkurflugvelli. Í eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á gjöldum og tekjum samkvæmt frumvarpinu, svo og ef fjárfestingar yrðu hækkaðar um 600 millj. kr.**

Tafla 29

tegund gjalda og tekna	Frumvarp til fjárlaga 1977		Frumvarpið, en framkv. fjárv. hækkuð um 600 millj.kr.	
	millj.kr.	%	millj.kr.	%
GJÖLD				
Rekstrargjöld	706	42	706	31
Fjárfestingar	321	19	921	40
Afborganir lána	59	4	59	3
Alþjóðaflugþjónustan	583	35	583	35
Samtals:	1.669	100	2.269	100
TEKJUR				
Lendingargjöld o.fl.	296	18	296	13
"Flugvallagjald"	250	15	250	11
Alþjóðaflugþjónustan	583	35	583	35
Samtals:	1.129	68	1.129	50
Framlag ríkissjóðs	540	32	1.140	50
Samtals:	1.669	100	2.269	100

9.3.5. Nefndin leggur til að „flugvallagjald“ og tekjur af fríhöfn Keflavíkurflugvallar, sem nú renna í ríkissjóð, verði markaðir tekjustofnar, er renni til flugmálastjórnar, enda yrði slík ráðstöfun í samræmi við alþjóðavenjur á þessu sviði.

9.3.6. Nefndin leggur til að kannað verði hvort æskilegt sé að sveitarfélög taki þátt í rekstri flugvalla á svipaðan hátt og víða tíðkast erlendis.

10. EFTIRLIT MEÐ FLUGREKSTRI

10.1. Skírteini flugliða og loftfara.

10.1.1. Aukið flugöryggi fæst ekki eingöngu með bættri gerð flugvalla og auknum tækjakosti á þeim, heldur með samstilltu átaki á breiðu sviði flugmála. Eins og fram kom í kafla 4, þar sem raktar voru helstu orsakir flugslysa, eru mannleg mistök lang algengasta orsök slysanna. Slík mistök hafa bæði stafað af skorti á þekkingu og dómgreind, og í sumum tilvikum af kæruleysi. Frumorsökina *mátti oft rekja til ófullnægjandi kennsluhátta og/eða* að viðhaldsþjálfun flugmanna væri ábótavant. Í þessum síðasta kafla skýrslu nefndarinnar verða því rædd nokkur atriði, er almennt hafa áhrif á öryggi flugs, og þar sem einnig væri þörf úrbóta.

10.1.2. Áður fyrr var það algengt, að tiltölulega reynslulitlir atvinnuflugmenn stunduðu flugkennslu þar til þeim byðist starf hjá flugfélögunum. Við slíkt fyrirkomulag hefur ekki myndast nægileg festa í framkvæmd flugkennslu, og reglur í þessu sambandi voru í lágmarki. Töluverð breyting til batnaðar hefur orðið á s. l. nokkrum árum. Við flugskólana starfa nú yfirleitt reyndir flugkennarar, sem hlotið hafa sérstök réttindi útgefin af loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, og hafa sérhæft sig á sviði flugkennslu. Þá er nú almennt krafist með tilteknu millibili hæfnisprófa (PFT) allra flugmanna.

10.1.3. Núverandi ákvæði um skírteini flugmanna og annara flugliða er að finna í „Reglugerð um fluglið“, sem gefin var út árið 1949. Sú reglugerð var á sínum tíma að mestu byggð á þáverandi ákvæðum ICAO „Annex 1 — Personnel Licensing“. Í september 1976 var lokið við nýja þýðingu á „Annex 1“, sem hefur að geyma fjölda nýrra ákvæða, sem ætlað er að stuðla að auknu öryggi flugs. Þessi frumdrög eru nú í athugun hjá flugráði og verða væntanlega gefin út sem reglugerð innan tíðar.

10.1.4. Að undanförnu hefur verið unnið að gerð og útgáfu ýmissa annara reglugerða, er varða skráningu og notkun loftfara, og eru fleiri slíkar í undirbúningi. Nauðsynlegt er að stuðla að því að útgáfa brýnna reglna geti haldið áfram á eðlilegan hátt.

10.2. Búnaður og viðhald loftfara.

10.2.1. Varðandi búnað íslenskra loftfara er almennt farið eftir alþjóðlegum ákvæðum ICAO, svo og ýmsum reglum flugmálastjórnar Bandaríkjanna og/eða reglum, sem settar hafa verið á Norðurlöndunum. Gerðar hafa verið auknar kröfur til búnaðar þeirra loftfara, sem fljúga blindflug, einkum þeirra, sem notuð eru í reglubundnu áætlunarflugi. Á þessu sviði er þó nauðsynlegt að meta á raunhæfan hátt það gagn, sem hlutaðeigandi loftför hefðu af tilteknum viðbótarbúnaði, miðað við þann kostnaðarauka, sem kaup og rekstur hans hefði í för með sér. Verði gerðar óraunhæfar kröfur um tækjabúnað þeirra loftfara, sem ætla að fljúga blindflug, og um er að ræða tæki, sem flugfélögin telji sig ekki þurfa og/eða hafi ekki efni á, gæti slíkt jafnvel þvingað til sjónflugs við lakara öryggi en venjulegt blindflug myndi veita.

10.2.2. Óhætt er að segja, að viðhaldsaðstaða við flugrekstur hér á landi er almennt mjög slæm. Undantekning er flugskýli nr. 4 á Reykjavíkurflugvelli, sem nú hefur verið endurbætt og búið hitakerfi, og Flugfélag Íslands hf. notar við viðhald

og skoðanir Fokker F-27 flugvéla sinna. Þá hefur Flugstöðin hf. byggt myndarlegt viðhaldsskýli fyrir flugvélar sínar. Annað viðhald loftfara fer yfirleitt fram í óupphituðum skýlum, og í nokkrum tilfellum jafnvel undir beru lofti. Eðlilegt er að flugfélög byggi sjálf þau flugskýli, sem þau þurfa fyrir geymslu og viðhald loftfara sinna. Hins vegar kæmi til greina, að flugmálastjórnin hefði nú forgöngu um að reisa lítið, upphitað flugskýli á Reykjavíkurflugvelli, sem eingöngu yrði ætlað til viðhalds og skoðunar minni loftfara, og leigt hlutaðeigandi flugfélögum og öðrum eigendum loftfara á kostnaðarverði. Nefndin leggur til að gerð verði nánari athugun á tæknilegum og fjárhagslegum þáttum þessa máls þannig að greitt verði fyrir nauðsynlegum og brýnum endurbótum á sviði viðhaldsmála.

10.3. **Opinbert eftirlit á vegum flugmálastjórnar.**

10.3.1. Loftferðaeftirliti flugmálastjórnar er m. a. ætlað að sinna eftirliti með flugrekstri flugfélaganna. Um slíkt eftirlit eru ákvæði í viðbæti nr. 6 við stofnskrá alþjóðaflugmálastofnunarinnar svo og ítarlegar framkvæmdaleiðbeiningar í ICAO Doc. 8335-AN/879/2 „Manual of Procedures for Operations Certification and Inspection". Í framkvæmd hér á landi hefur slíkt eftirlit fyrst og fremst takmarkast við viðhaldsmálefnin, en málefnum í sambandi við flugreksturinn sjálfan ekki verið sinnt sem skyldi. Hér er fyrst og fremst um að kenna skorti á starfsliði. Nefndin leggur til að heimild verði veitt til að ráða við loftferðaeftirlitið flugstjóra, er reynslu hafi í áætlunarflugi, og honum falið að annast ofangreind eftirlitsverkefni, sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum reglum um flugrekstur.

Ed. 595. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Steingr. Hermannsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson, frsm.
Jón G. Sólnes.	Stefán Jónsson.	Oddur Ólafsson.
	Ingiberg J. Hannesson.	

Nd. 596. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Páll Pétursson, varaform.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, frsm.
Sighvatur Björgvinsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.

Nd. 597. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, eru einnig nú hafðar til hliðsjónar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því að þeim, sem tilgreindir eru í frv., eins og það er eftir 2. umr. í Ed. á þskj. 549, og enn fremur konu þeirri, sem getið er um í breytingartillögu á sérstöku þingskjali, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Páll Pétursson, varaform., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir.
Friðjón Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 598. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Ström, Jastrid Olina Susanna, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 8. júlí 1928.

Sþ. 599. Nefndarálit [189. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Jón Skaftason.	Jónas Árnason.	Lárus Jónsson.
	Magnús T. Ólafsson.	

Sþ. 600. Nefndarálit [8. mál]

um till. til þál. um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir, að Alþingi beiti sér fyrir framlagi til byggingar sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg á fjárlögum ársins 1977. Svo varð ekki. Hins vegar lítur fjárveitinganefnd svo á, að í þingsályktunartillögu þessari sé hreyft mikilsverðu nauðsynjamáli, sem athuga þarf við undirbúning næstu fjárlaga. Fjárveitinganefnd hefur orðið sammála um að leggja til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Steinþór Gestsson.	Pálmi Jónsson.	Helgi F. Seljan.
Geir Gunnarsson.	Gunnlaugur Finnsson.	Friðjón Þórðarson.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Sþ. 601. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðsins „áætlun“ í fyrsta málslið komi: kostnaðaráætlun.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Gunnlaugur Finnsson.
Helgi F. Seljan.	Friðjón Þórðarson.	Geir Gunnarsson.
Pálmi Jónsson.	Steinþór Gestsson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 602. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál nokkuð, m. a. voru haldnir þrír fundir sameiginlegir með samgöngunefnd Ed., skömmu eftir að frv. var lagt fram á þessu þingi. Í Ed. var frumvarpinu breytt lítið eitt.

Eftir atvikum mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Nánar í framsögn.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Friðjón Þórðarson, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Stefán Valgeirsson.
Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Páll Pétursson.

Garðar Sigurðsson.

Nd. 603. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1937, um samvinnufélög.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin tók frumvarpið til meðferðar á fundum sínum og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt. Ellert B. Schram og Ólafur G. Einarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Jóhann Hafstein var fjarverandi.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Stefán Valgeirsson.	Eðvarð Sigurðsson.
	Magnús T. Ólafsson.	

Sþ. 604. Þingsályktun [212. mál]

um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 432.

Sþ. 605. Þingsályktun [10. mál]

um votheysverkun.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er með því að:

1) kynna bændum reynslu þeirra, sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
2) veita hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og
3) veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður.

Sþ. 606. Þingsályktun [69. mál]

um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Sérstaklega skal kannað, hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar þau fimm ár, sem liðin eru frá því að lög nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi.

Niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar næsta reglulega Alþingi.

Sþ. 607. Þingsályktun [89. mál]

um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsókna ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.
2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.

Sþ. 608. Þingsályktun [110. mál]

um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 131.

Sþ. 609. Þingsályktun [117. mál]

um byggingu dómhúss.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning, þ. e. lóðarval, hönnun og fjármagnsöflun að byggingu dómhúss fyrir héraðsdómstólana í Reykjavík, rannsóknarlögreglu ríkisins og embætti ríkissaksóknara.

Sþ. 610. Þingsályktun [139. mál]

um lausaskuldir bænda.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því hvort nauðsynlegt sé að útvega Veðdeild Búnaðarbanka Íslands aukafjármagn, þannig að Veðdeildinni verði gert kleift að veita þeim bændum, sem verst eru settir, tækifæri til þess að breyta lausaskuldum í föst lán. Leiði könnunin í ljós að hagur einhverra sé það bágur að þetta komi ekki að fullum notum, þá verði kannað hvort unnt sé að gera Stofnlánadeild og Veðdeild kleift að veita þeim bændum, sem eiga í mestum erfiðleikum, frest á afborgunum af lánum við deildirnar.

Sþ. 611. Þingsályktun [65. mál]

um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi í þingbyrjun næsta haust frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni.

Sþ. 612. Þingsályktun [35. mál]

um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 35.

Sþ. 613. Þingsályktun [14. mál]

um rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ítarlega rannsókn á því, hvaða jarðefni innlend eru helst nýtanleg til iðnaðarframleiðslu miðað við arðsemi, staðsetningu og notagildi. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 614. Þingsályktun [107. mál]

um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 126.

Sþ. **615. Þingsályktun** [39. mál]

um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 39.

Nd. **616. Nefndarálit** [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30 apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Lúðvík Jósepsson.
Tómas Árnason.	Þórarinn Þórarinsson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. **617. Lög** [228. mál]

um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. til erlendra aðila.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 481.

Nd. **618. Frumvarp til laga** [51. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Eftir eina umr. í Ed., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 52 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, sem hann hefur leyfi fyrir.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.

6. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum í 1. málsgr. 15. gr. þessara laga.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda tilnefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast framleiðsluna.

Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal, hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

10. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja skilyrðum 1. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þeir hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

11. gr. hljóðar svo:

Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.

14. gr. hljóðar svo:

Hver sem leitar leyfis til að eignast skotvopn skal gera grein fyrir því, í hverju skyni hann leitar leyfisins. Setja má reglur um fjölda leyfa, sem veitt verða hverjum einstaklingi. Aðeins getur sá einstaklingur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

Leyfi samkvæmt 1. mgr. (skotvopnaleyfi) skulu vera skrifleg. Skal í þeim tilgreina nafn, nafnnúmer, stöðu og heimilisfang leyfishafa. Einnig skal nákvæmlega tilgreina, hvaða skotvopn eru leyfð, þar á meðal tegund, hlaupvídd og númer þess. Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til þess. Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skot-

vopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.

Skotvopnaleyfi gilda hvar sem er á landinu.

15. gr. hljóðar svo:

Hver sem leitar leyfis til að eignast skotvopn skal gera grein fyrir því, í hverju skyni hann leitar leyfisins. Setja má reglur um fjölda leyfa, sem veitt verða hverjum einstaklingi.

Aðeins getur sá einstaklingur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga eða laga, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, er andlega heilbrigður, og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt þeim leyfi fyrir skotvopni, þótt sá hafi brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið að brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn.

Lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá, sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. mgr., þar á meðal sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg.

20. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

22. gr. hljóðar svo:

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.

32. gr. hljóðar svo:

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað, skal sá, sem sviptur er leyfinu, skila því til lögreglu ásamt efnum og tækjum, sem hann hefur í vörslum sínum samkvæmt leyfinu.

Ef eigi eru fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku, getur lögreglustjóri, að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu, ákveðið, að selja greiddan varning. Söluandvirði, að frádregnum kostnaði, skal þá renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Sama gildir um tæki og efni, sem mönnum er almennt óheimilt að hafa í vörslu sinni.

Ed. 619. Frumvarp til laga [18. mál]

um skylduskil til safna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

I. KAFLI
TILGANGUR

1. gr.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu, sem á er lögð í II. kafla laga þessara, er að tryggja:

a) að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem skilaskylda nær til;
b) að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
c) að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna, opinberrar stjórnsýslu eða annarra réttmætra þarfa.

II. KAFLI
SKILASKYLT EFNI

2. gr.

Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndaefni í víðtækasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákvæði 3. gr.

Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni, sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

Til skylduskila skulu enn fremur koma jafnmörg eintök hliðstæðs efnis, sem unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

3. gr.

Séu afbrigði í texta, myndaefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags, skulu koma til skylduskila þrjú eintök af algengustu gerð, en að auki eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó skilin undan þessu ákvæði.

4. gr.

Til skylduskila skulu koma sérprentanir og nýjar útgáfur, ennfremur endurprentanir, ef minnsta breyting er gerð á texta, myndaefni eða frágangi, enda þótt sama letursteypa eða filmusetning sé notuð og ekki talið um nýja útgáfu að ræða.

Skyldueintök skulu vera hrein og óskert. Bækur og tímarit skal afhenda í brotnum örkum.

5. gr.

Það efni, sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota, getur útgefandi ákveðið, að safn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu, ef óskað er. Sá tími, sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda, má ekki fara fram úr fyrningartíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið, að þann tíma, sem efni er innsiglað, séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni.

Af efni, sem opinber yfirvöld gera upptækt, skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

Ráðuneyti getur veitt undanþágu frá skylduskilum efnis, sem um er fjallað í þessari grein.

6. gr.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Landsbókasafni Íslands er falið að setja reglur um, hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skylduskilum.

III. KAFLI
FRAMKVÆMD SKYLDUSKILA

7. gr.

Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málsgrein 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málsgrein sömu gr. og V. kafla.

8. gr.

Landsbókasafn Íslands veitir skyldueintökum viðtöku og hefur eftirlit með skylduskilum. Skilaskyldir aðilar skulu senda safninu eigi sjaldnar en einu sinni á ári það efni, sem þeim ber að skila, og skal skilum fyrir hvert ár lokið eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári. Skilum skal fylgja skrá í tvíriti, þar sem hið afhenta efni er greint lið fyrir lið, en hið smærra efni má þó flokka og greina fjölda eininga í hverjum flokki. Skránni skal fylgja skrifleg yfirlýsing hins skilaskylda aðila um, að honum beri ekki skv. lögum þessum að skila öðru efni en því, sem greint er á skránni. Hafi prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki ekki unnið neitt skilaskylt efni á árinu, skal eigi að síður senda Landsbókasafni skriflega yfirlýsingu um það. Landsbókasafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár.

9. gr.

Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki gjaldþrota eða hætti störfum, áður en skylduskil hafa að fullu verið innt af höndum, er þrotabúinu eða kostnaðaraðila hins unna efnis skylt að sjá um, að ákvæðum 2. gr. sé fullnægt.

IV. KAFLI
VARÐVEISLA OG MEÐFERÐ SKYLDUEINTAKA

10. gr.

Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

11. gr.

Landsbókasafn Íslands og Amtsbókasafnið á Akureyri skulu aðeins lána skyldueintök til afnota á lestrarsal. Háskólabókasafni er heimilt að lána út skyldueintök stofnunum Háskólans, starfsmönnum og stúdentum vegna rannsókna þeirra, ennfremur öðrum söfnum innan lands og utan og stjórnsýslustofnunum.

12. gr.

Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lögum þessum, annað en smáprent.

V. KAFLI

Ríkisstyrkt útgáfa.

13. gr.

Þeir útgefendur, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafni að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

VI. KAFLI

VIÐURLÖG

14. gr.

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögregluyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

VII. KAFLI

GILDISTAKA

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er brjóta kunna í bág við lög þessi.

Ed. **620. Lög** [45. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 46.

Nd. **621. Lög** [200. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 401.

Nd. **622. Lög** [230. mál]

um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 500.

Sþ. 623. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar. Síðan henni var vísað til nefndarinnar hefur komið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um framhaldsskóla, sem að sumu leyti fjallar um sama efni og tillagan greinir. Þar sem það frv. mun verða til sérstakrar athugunar til næsta Alþingis telur nefndin ástæðu til, að sú athugun nái einnig yfir efni þessarar till., og leggur því til að **tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Geir Gunnarsson.	Gunnlaugur Finnsson.	Lárus Jónsson.
Helgi F. Seljan.	Friðjón Þórðarson.	Steinþór Gestsson.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Nd. 624. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti iðnaðarnefndar hefur ekki fengist til að fjalla um frumvarp þetta, svo sýnt er að það fær ekki afgreiðslu á þessu þingi. Ég harma þetta þar sem stofnun Iðntæknistofnunar Íslands er ein meginforsenda þess að hægt sé að efla íslenskan iðnað, sem nú býr við ófullkomna tækni- og rannsóknaraðstöðu og síversnandi almenna aðstöðu í samanburði við erlendan samkeppnisiðnað.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var undir forustu iðnaðarráðuneytisins unnið á margvíslegan hátt að eflingu íslensks iðnaðar í samvinnu við samtök hans. Eitt þeirra verkefna var gerð frumvarps um Iðntæknistofnun Íslands, sem hafði það meginmarkmið að tengja opinbera tækniþjónustu sem best hinum einstöku iðngreinum og iðnaðinum sem heild, um leið og reynt var að tryggja sem best samvinnu og samhæfingu tækniþjónustunnar til að nýta sem best fjármagn, starfskrafta og tækjabúnað. Frumvarp þetta, sem undirbúið var af fyrrverandi iðnaðarráðherra, var upphaflega lagt fyrir 94. löggjafarþing, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda umfangsmikið.

Magnús Kjartansson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, flutti svo frumvarpið um ITSÍ nú á þessu þingi, eftir að honum þótti sýnt að núverandi iðnaðarráðherra hefði horfið frá því að fylgja málinu eftir.

Ég lýsi mig andvígan þeirri afstöðu meiri hluta iðnaðarnefndar að hafna því að fjalla um frumvarpið, en meiri hlutinn hefur vísað til þess, að unnið sé að undirbúningi frumvarps um sama efni á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Ég tel áhugaleysi meiri hlutans endurspegla það almenna áhugaleysi sem ríkir hjá meiri hluta Alþingis um að efla íslenskan iðnað og iðnþróun, meðan miklum tíma er varið í viðræður við útlendinga um erlenda stóriðju í landinu. Vitað er, að meðal íslenskra iðnrekenda er mikill áhugi á eflingu tækniþjónustunnar, og í nýlegu blaðaviðtali við formann Félags ísl. iðnrekenda segir hann: „Við höfum enga „Hafrannsóknastofnun“ fyrir iðnaðinn, en vonandi verður frumvarpið um Tæknistofnun iðnaðarins loksins að lögum núna eftir öll þessi ár.“

Þessi ósk iðnrekenda og annarra þeirra, er áhuga hafa á eflingu íslensks iðnaðar, mun ekki rætast á þessu þingi, og verður meiri hluti iðnaðarnefndar, sem kosið hefur að svæfa frumvarpið um Iðntæknistofnun Íslands í nefnd, að bera fulla ábyrgð á því.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1977.

Sigurður Magnússon.

Nd. 625. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um atvinnulýðræði.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar aðila vinnumarkaðsins. Umsagnir bárust frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálanefnd ríkisins.

Nefndin telur að hér sé mikilsverðu máli hreyft, en athuga verði vel, eftir hvaða leiðum þeim markmiðum verði náð að auka stjórnunaráhrif starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum.

Hinn 30. ágúst 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Björn Jónsson, nefnd til að semja frv. um atvinnulýðræði. Nefnd þessi starfaði nokkuð á því ári, en að ósk aðila vinnumarkaðsins gerði hún hlé á störfum sínum ótiltekinn tíma til að kanna þessi mál betur. Með bréfi, dags. 30. ágúst s. l., spurðist félagsmálaráðuneytið fyrir um það, hvort þeir aðilar, sem fulltrúa eiga í nefndinni, teldu æskilegt að nefndin héldi áfram störfum eða yrði lögð niður. Að ósk A. S. Í. starfar nefndin áfram og hóf hún störf að nýju í mars s. l.

Með tilliti til framanskráðs telur félagsmálanefnd eðlilegt að hin stjórnskipaða nefnd, sem aðilar vinnumarkaðsins eiga hlut að, athugi frumvarpið og leiti þeirra leiða, sem æskilegast er að fara, áður en til lagasetningar kemur. Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ellert B. Schram og Jóhann Hafstein voru fjarstaddir.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Ólafur G. Einarsson, fundaskr. Stefán Valgeirsson.

Eðvarð Sigurðsson. Magnús T. Ólafsson.

Ed. 626. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd efri deildar hefur fjallað um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hefur nefndin lagt áherslu á að skoða sem vandlegast þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og breytingar á byggingu og rekstri þeirrar verksmiðju sem ráðgerð er. Einnig hefur nefndin lagt áherslu á að kanna ítarlega meginefnisþætti málsins, einkum arðsemi, markaðsmál, orkukaup og hollustuhætti og umhverfismál.

Í þessu skyni hefur nefndin kannað gögn þau, sem iðnaðarnefnd neðri deildar hafði aflað, og kvatt á sinn fund eftirgreinda sérfræðinga: Jón Steingrímsson frá Íslenska járnblendifélaginu hf., Garðar Ingvarsson frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, Jón Sigurðsson og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Þorvarð Elíasson frá Verslunarráði Íslands, Jóhann Má Maríusson, Gísla Júlíusson og Elías Elíasson frá Landsvirkjun, Ásmund Ásmundsson og Elías Davíðsson frá Starfshópi um auðhringa, Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis, Ólaf Ólafsson landlækni, Hrafn Friðriksson og Eyjólf Sæmundsson frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eystein Jónsson, Árna Reynisson og Vilhjálm Lúðvíksson frá Náttúruverndarráði. Auk ítarlegra umræðna á fundum nefndarinnar lögðu ýmsir ofangreindra aðila fram skriflegar greinargerðir um viðkomandi málefni.

Eftir þá ítarlegu athugun málsins, sem að ofan er lýst, mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt frv. án breytinga.

Alþingi, 30. apríl 1977.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Eggert G. Þorsteinsson, með fyrirvara.	Jón G. Sólnes, með fyrirvara.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 627. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frumvarpið og fylgja.

Alþingi, 30. apríl 1977.

Steingrímur Hermannsson, form.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Jón G. Sólnes, frsm.
Stefán Jónsson.	Albert Guðmundsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 628. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahsan, Ikram, verkamaður í Kópavogi, f. á Indlandi 29. október 1947.
2. Árskóg, Gestur Jóhannes, barn á Dalvík, f. í Englandi 2. júlí 1967.
3. Ballestad, Tore Lie, arkitekt í Reykjavík, f. í Noregi 16. júlí 1944. Fær réttinn 1. júní 1977.

4. Bartlett, Thomas Henry, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 2. ágúst 1940.
5. Blöndal, Stefán Patrik, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 28. júní 1976.
6. Bocchino, Stefán Þór, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 22. febrúar 1961.
7. Brown, Elizabeth Anna, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
8. Brynjar Þór Þorsteinsson, barn í Hafnarfirði, f. í Noregi 20. maí 1970.
9. Chan, Sonja Arna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 30. júní 1976.
10. Dam, Edith, húsmóðir á Reynisbrekku í Mýrdal, f. í Færeyjum 14. mars 1938.
11. Damjanowitch, Martina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 29. apríl 1955.
12. Guðjónsson (f. Davidsen), Gynda Maria, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 26. ágúst 1926.
13. Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 30. september 1974.
14. Heide, Paul Reynir, úrsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1952.
15. Helgeland, Tordis Lillian, húsmóðir á Dalvík, f. í Noregi 18. ágúst 1937.
16. Jacobsen, Birgitta Þorkels, verkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 22. október 1952.
17. Jepson, Dóra Ingunn, f. á Íslandi 17. október 1962.
18. Jóhannesen, Jona Alvilda Gertrud, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 21. febrúar 1940.
19. Karl Jóhann Ingólfsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 12. febrúar 1964.
20. Kulp, Georg, nemandi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 7. ágúst 1960.
21. Lilaa, Jonhild Franciska, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 23. júní 1919.
22. McDougall, William, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Skotlandi 12. nóvember 1932.
23. Magnús Þorgeirsson, barn á Ólafsfirði, f. í Vestur-Þýskalandi 17. janúar 1972.
24. Meyer, Dieter, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 16. mars 1953.
25. Olsen, Kim Svanberg, sjómaður á Seyðisfirði, f. í Danmörku 28. júní 1961.
26. Pedersen, Dagny Ingeborg Graversen, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 8. október 1926.
27. Phillips, Margaret Ann, húsmóðir í Rangárvallasýslu, f. 14. janúar 1937.
28. Poulsen, Joen Henrik, vélstjóri í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. janúar 1908.
29. Purkhús, Jógvan Martin, verslunarmaður á Akureyri, f. í Færeyjum 12. mars 1943.
30. Rossen, Eigil Martin Steen, verkstjóri í Stykkishólmi, f. í Danmörku 27. nóvember 1945.
31. Rusnak, Edward Felix, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1961.
32. Rusnak, Robert Michael, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 27. apríl 1960.
33. Ryan, Elín Mazelma, póstfreyja í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. ágúst 1954.
34. Samuelsen, Lily Guldborg Jellöj, húsmóðir á Suðureyri, f. í Færeyjum 29. júní 1937.
35. Sardar, Mohammad, iðnverkamaður í Garðabæ, f. í Sýrlandi 8. janúar 1943.
36. Sariana, Thalia Garcia-Marin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Mexíkó 5. mars 1935.
37. Schuman, Lothar Günter Heinrich Franz, námsmaður í Reykjavík, f. í Þýskalandi 16. september 1956.
38. Shafiee, Mohammad, háskólanemi í Reykjavík, f. í Íran 26. júní 1926. Fær réttinn 6. júní 1977.
39. Sigríður Guðrún Sigurðardóttir, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 7. september 1975.
40. Ström, Jastrid Olina Susanna, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 8. júlí 1928.
41. Touati, Mohand, landbúnaðartæknifræðingur í Reykjavík, f. í Frakklandi 26. ágúst 1952.
42. Winkler, Patrik Harvey, verkamaður í Keflavík, f. í Þýskalandi 7. janúar 1952.
43. Yoon, Eun Ah, barn í Bessastaðahreppi, f. í Suður-Kóreu 27. janúar 1975.
44. Zalewski, Kristofer Oliversson, námsmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. júlí 1951.
45. Þorbjörg Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Vestur-Þýskalandi 13. febrúar 1973.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 629. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá Helga F. Seljan.

Við ákvæði til bráðabirgða. 1. málsgr. orðist svo:
Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur sem ekki hlutu fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna sem 1. gr. á við um.

Ed. 630. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Fyrri málsliður ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:
Ákvæði 1. greinar skal gilda frá gildistöku laga nr. 56 1975.

Nd. 631. Lög [101. mál]

um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 113.

Ed. 632. Lög [146. mál]

um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 292.

Nd. 633. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til laga um skylduskil til safna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 13. gr. Á eftir orðunum „eitt eintak hverju safni“ komi: Auk þess er ráðherra heimilt að fenginni umsögn landsbókavarðar að fela Landsbókasafninu að láta öðrum bókasöfnum í té eitt eintak af umræddum ritum, þó þannig að ekki verði um fleiri en eitt bókasafn að ræða í hverju kjördæmi, sem þessara réttinda njóta.

Sþ. 634. Nefndarálit [205. mál]

um till. til þál. um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna á tveimur fundum. Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins kom á fund nefndarinnar og veitti nefndarmönnum ýmsar upplýsingar. Meðal annars kom fram, að um árabil hafa verið uppi fyrirætlanir um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja, sérstaklega í sambandi við hugmyndir um rafhitun húsa þar.

Nú hefur iðnaðarráðuneytið með bréfi óskað eftir því, að athuguð verði lagning nýs raflínustrengs til Vestmannaeyja, og hefur þegar farið fram nokkur könnun á málinu af tilefni þessa bréfs. Að fengnum þeim upplýsingum, sem rafmagnsveitustjórinn veitti, varð samkomulag í nefndinni um að mæla með samþykkt tillögunnar með þeim breytingum, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Pálmi Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Gunnlaugur Finnsson.
Sighv. Björgvinsson.	Steinþór Gestsson.	Friðjón Þórðarson.
Lárus Jónsson.	Geir Gunnarsson.	Helgi Seljan.

Sþ. 635. Breytingartillaga [205. mál]

við till. til þál. um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að gera nú þegar framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja.

Nd. 636. Lög [51. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 618, sbr. 52.

Ed. 637. Lög [159. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 308.

Nd. 638. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsgr. og í 18. gr. 2. málsgr. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. greinar skal gilda frá gildistöku laga nr. 56 1975.

Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.

Ed. 639. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ljóst er af upplýsingum, sem fram hafa komið við umfjöllun málsins í þingnefndum og við umræður um málið í neðri deild, að hér er um að ræða fjárglæfrafyrirtæki þar sem líkurnar benda flestar til þess að þjóðinni sé búið fjárhagslegt tjón ef úr verður. Fyrir liggja upplýsingar um versnandi stöðu málmblendiiðnaðarins í

heiminum, og líkur benda til þess að enn frekar muni halla á ógæfuhliðina fyrir þessari framleiðslugrein er stundir líða fram. Samkvæmt nýlegum upplýsingum, fengnum úr nafnkunnum erlendum efnahagsmálatímaritum, eru málmblendiverksmiðjur Evrópu margar hverjar á gjaldþrotsbarmi vegna versnandi samkeppnisaðstöðu við málmblendiverksmiðjur í öðrum heimshlutum (sjá fylgiskjal nr. 1). Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefði tap af járnblendisverksmiðjunni numið 850 milljónum króna á s. l. ári hefði hún þá verið í gangi (sjá fylgiskjal nr. 2). Ljóst er einnig að raforkusala Landsvirkjunar til fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju á því verði, sem um er samið, er mjög óhagstæð og nægir söluverðið ekki fyrir kostnaði við framleiðslu Sigölduversins.

Ljóst er enn fremur, að starfsleyfi það, sem heilbrigðisráðuneytið hefur gefið út til verksmiðjunnar, fullnægir alls ekki þeim kröfum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð gera til hollustuhátta og umhverfisverndar af hálfu slíkra fyrirtækja (sjá fylgiskjal nr. 3), og virðist svo sem hlífa eigi fyrirtækinu af fjárhagsástæðum við því að koma upp fullkomnum mengunarvörnum og ráðstöfunum til heilsugæslu.

Loks er þess að geta, að fyrir liggja óyggjandi upplýsingar um það að allur þorri fólksins, sem býr við Hvalfjörð og í nánustu grannsveitum fyrirhugaðrar verksmiðju, er andvígur því að verksmiðja þessi rísi á Grundartanga.

Af þessum sökum leggur minni hl. iðnaðarnefndar til að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Stefán Jónsson.

Fylgiskjal I.

LE MONDE DIPLOMATIQUE: Ágúst 1976.

Fréttir frá CECA (Evrópska Kola- og Stálsambandið).

Eftir sex mánaða vangaveltur — sem eru að mestu leyti stjórnmálalegs eðlis — hefur Evrópska Kola- og Stálsambandið (CECA) ákveðið 21. júlí, hvers konar ráðstöfunum skuli beita gegn stálkreppunni (. . .). Þessar ráðstafanir, sem kenndar eru við Simonet, höfund þeirra, eru í fimm liðum:

Takmörkun framleiðslunnar. Simonet leggur til að CECA fái í framtíðinni vald til að krefjast af stálverum takmörkunar á framleiðslunni á grundvelli kvóta, sem þau mundu samþykkja fyrir fram. Þessi kvóti yrði reiknaður út með tilliti til markaðshorfa.

Verð. Simonet leggur til að CECA gefi út viðmiðunarverð, sem stálframleiðendur haldi sig við.

Samskipti við lönd utan Efnahagsbandalagsins. Til að koma í veg fyrir að stjórnlaus innflutningur raski mörkuðum innan bandalagsins og valdi verðhruni, er lagt til að CECA geti bannað stálframleiðendum innan CECA-samtakanna að breyta verðskráningu til samræmis við hið lága verð, sem aðilar utan bandalagsins bjóða.

Fjárfestingar. CECA óskar einnig eftir því að geta haft virk áhrif á ákvarðanir verðandi framleiðslugetu innan umráðasvæðis síns. Þótt CECA ætli sér ekki að svo stöddu að banna byggingu nýrra stálvera, gæti CECA beitt áhrifum sínum á fyrri stigum ákvörðunartöku, þegar hugað er að nýjum fjárfestingum í þessum iðnaði. CECA gæti beint fjárfestingaraðilum í þær greinar, sem eru févana. Verði heildarframleiðslugeta samt of mikil, áskilur CECA sér rétt til að taka ákveðnari og neikvæðari afstöðu til nýrra fjárfestinga.

Félagsleg endurhæfing og byggðaþróun. Það hefur komið í ljós, að kreppan hafi hrjáð sérstaklega ákveðin héruð og ákveðna launþegahópa. Simonet telur að CECA eigi að kanna betur þessi mál og athuga hvernig megi efla og flýta endurskipulagi í iðnaðinum („reconversion industrielle").

BUSINESS WEEK: 8. 11. 1976.

Vonir stáliðnaðarins hafa brugðist gersamlega.

(. . .) Tveir þriðju af því stáli, sem selt er í Bandaríkjunum á þessu ári, mun vera plötustál („flat-rolled steel") — en venjulega er hlutur þessarar stáltegundar aðeins 40—45%. Stjórnendur stálfyrirtækja kvarta um að þessi stáltegund sé sú sem færi þeim minnstan hagnað. Lauterbach frá stálfyrirtækinu Wheeling segir að „hækka verði talsvert söluverð þessarar stáltegundar" til að ná viðunandi arðsemi.

Nauðsyn hærra stálverðs verður greinilegra, þegar haft er í huga, að stálframleiðslukostnaður er mjög háður nýtingu verksmiðjanna. En nú er nýtingin aðeins 75% af framleiðslugetu þeirra. Tímakaups-verkamönnum er sagt upp í þúsundatali og birgðir látnar minnka. Edgar B. Speer frá U. S. Steel segir að fyrirtækið muni selja ýmsar vörur einungis af brigðum það sem eftir er af árinu. Hann telur ólíklegt að nokkur verksmiðja komist upp í 90% nýtingu fyrr en í fyrsta lagi á öðrum ársfjórðungi næsta árs.

Of mikil afkastageta stálvera knýr stálfyrirtæki til að draga úr fjárfestingum í nýjum verksmiðjum. National Steel t. d. hefur frestað um óákveðinn tíma áætlunum sínum um byggingu stálvers að framleiðslugetu 2.3 milljón tonn.

Forráðamenn stáliðnaðarins kenna japönskum stálinnflutningi um, að vonir þeirra hafi brugðist. Á vesturströndinni, þangað sem japanir flytja mest inn, hefur Kaiser Steel tapað 3.6 milljónum dala á þriðja ársfjórðungi þessa árs, en á samsvarandi tímabili í fyrra var hagnaður þeirra 3 milljónir dala.

LE NOUVEL OBSERVATEUR 10. 1. 1977.

Milljarðarnir gufa upp.

„Stáliðnaður heimsins er í kreppu. Á einu ári minnkaði salan um 20% (. . .) Til að mæta kreppunni hefur Efnahagsbandalagið lýst yfir „kreppuástandi" í þessum iðnaði og þar með fengið tækifæri til að hrinda af stað Simonet-áætluninni. Sú áætlun miðar að því að draga úr framleiðslunni í því skyni m. a. að hækka söluverð á stáli (. . .)

En framkvæmd þessarar áætlunar mun ekki út af fyrir sig jafna þann mismun í framleiðni, sem ríkir milli hinna ýmsu landa Efnahagsbandalagsins. Framleiðni franska stáliðnaðarins er t. d. mjög léleg og er hann því ekki vel samkeppnisfær miðað við stáliðnað annarra landa. Í Frakklandi fer fram aðeins 12.5% af framleiðslunni með nýjustu tækniaðferðum á meðan samsvarandi hlutfall í Japan er 30%. Franskir stálframleiðendur flytja aðeins út óunnið stál. Þess vegna er útflutningur þeirra hlutfallslega minni en útflutningur þjóðverja og japana, sem selja úrvinnslutæknina með (. . .)

En samt hefur franska ríkið lánað stálframleiðendum landsins 6.85 milljarða franka á tímabilinu 1961 til 1976 með mjög hagstæðum vaxtakjörum (2.8 milljarða árið 1966, 2.65 milljarða árin 1972—73 til byggingar stálversins í Fos við Miðjarðarhafið, 1.4 milljarða árið 1975, þar af 800 milljónir til stálfyrirtækisins USINOR og 600 milljónir til SACILOR). Auk þess hefur Evrópska Kola- og Stálsambandið (CECA) lánað frönskum stálframleiðendum 2 milljarða franka með mjög hagstæðum kjörum. Einnig skal nefnt að bankaskuldir franska stáliðnaðarins nema um 26

milljörðum franka. Heildarskuldir franska stáliðnaðarins eru nú taldar álíka miklar og velta þess."

Blaðið heldur svo áfram og gagnrýnir bæði franska stálframleiðendur og franska ríkið fyrir það að öll þessi fjárútlát hafi ekki leitt til þess árangurs, sem til var ætlast. Blaðið telur mikla óstjórn vera í stáliðnaðinum, lánsfé til hans illa varið og að ríkið fylgist ekki nógu vel með nýtingu þess.

THE ECONOMIST: 12. 2. 1977.

Kreppan í stálheiminum („The crises in world steel").

Fyrirsjáanlegt er, að hin mikla kreppa stálmarkaðarins heldur áfram. — Pantanir minnka og þeim fækkar. Verksmiðjur eru reknar langt undir afkastagetu. Undirboð valda truflunum á mörkuðum. Uppsögnum verkamanna fer sífellt fjölgandi. Fjöldi stálfyrirtækja rambar á barmi gjaldþrots, sem vart getur annað bjargað en þjóðnýting.

Algengt er að heyra kveinstafi um varnaraðgerðir gegn Japan, Suður-Kóreu, Suður-Afríku eða Spáni. Þessar raddir heyrast í Bandaríkjunum, en eru verulega háværar í Evrópu. Jafnvel stáliðnaðurinn í Japan á sína slæmu daga. Langflestir halda því fram að kreppan sé í rénun og að nauðsynlegar varnarráðstafanir nú af hálfu hins opinbera verði hægt að leggja niður í framtíðinni. En á bak við þetta felast þróunarlöndin með ákveðni og fjármagn til þess að byggja upp sinn eigin útflutningsiðnað á stáli. Hvert eiga þá hinir hefðbundnu útflytjendur stáls að leita með afurðir sínna úreltu verksmiðja? Þeir verða að umbylta og endurskipuleggja eigin framleiðslu.

Þetta segir í nýútkominni grein úr viðskiptaritinu THE ECONOMIST þann 12. 2. s. l. Ef lesið er áfram má finna eftirfarandi upplýsingar um ástand stálmarkaðarins í heiminum:

Meginorsök þess, að yfirstandandi samdráttur kemur svo illilega við kaunin á stálframleiðendum og að næsta kreppa verður jafnvel enn verri, er Japan. Hér er að vísu um nokkra einföldun málsins að ræða, en engu að síður er Japan veigamikil ástæða. Fyrir 20 árum voru japanir 69 stundir að framleiða tonn af stáli. Árið 1974 voru þeir tæplega 9 stundir að því. Á sama tímabili hafa evrópumenn aðeins aukið afköstin í stáliðnaðinum úr 35—37 stundum á tonn í 15—25 stundir á tonn, og bandaríkjamenn úr u. þ. b. 15 stundum í u. þ. b. 11 stundir á tonn. Árið 1955 framleiddu japanir aðeins 9.4 megatonn (mt) af 270 mt heimsframleiðslu, en árið 1974 framleiddu þeir 119 mt af 680 mt heimsframleiðslu. Markaðshlutdeild þeirra hefur því aukist úr 3.5% í 17.5% á tímabilinu. Japan er nú þriðja stærsta stálframleiðsluland heims og japanska fyrirtækið Nippon Steel er stærsti stálframleiðandi heims, auk þess sem 3 af næstu 6 stærstu fyrirtækjunum eru japönsk. Japan flytur nú inn sáralítið af stáli, en útflutningur þess eykst stöðugt (t. d. 23% árið 1976, sem var kreppuár í stáliðnaðinum). Aukningu á útflutningi Evrópulanda má hins vegar fyrst og fremst rekja til vaxandi viðskipta Efnahagsbandalagsríkja innbyrðis, en sameiginleg nettó-útflutningsaukning þeirra virðist hins vegar hafa minnkað hlutfallslega, ef tekið er mið af útflutningi Þýskalands, sem er stærsti og sterkasti stálframleiðandi Evrópu. Á línuriti á bls. 84 má sjá þessa þróun enn betur. Þar kemur fram að útflutningur umfram innflutning vex stöðugt í Japan, hins vegar minnkar hann verulega hjá Efnahagsbandalagslöndunum, en er nokkuð stöðugur í Bandaríkjunum. Hér er miðað við tímabilið 1966—1976.

En fleira kemur til. Evrópsk stálfyrirtæki, einkum þau sem eru í ríkiseign, hugsa sér áframhaldandi aukningu í framleiðslu, enda telja þau áhættuna litla vegna þess að viðkomandi ríkisstjórnir mundu aldrei láta þau fara á hausinn. Þetta á einkum við um breta og ítali, en einnig um belga, hollendinga og frakka. Þeir, sem svona tala, líta á mörg þróunarríki sem örugga markaði, þrátt fyrir það að þessi ríki hyggi á uppbyggingu eigin stáliðnaðar. Þau lönd, sem nú þegar hafa uppi áætlanir í þessa

átt, eru Brasilía, Mexikó, Venezúela, Íran, Egyptaland, Saudi-Arabía ásamt fleirum. Öll hugsa sér að flytja út hluta af framleiðslunni til annarra þróunarríkja, eins og Japan hefur gert að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir að þessi lönd muni ráða yfir 10% af framleiðslugetunni árið 1980, og þau gera sér vonir um 25% árið 2000. Þessi lönd framleiddu hins vegar innan við 1% af heimsframleiðslunni árið 1964. En það, sem athyglisverðast er í öllu þessu, er, að þessi lönd hafa nú þegar tryggt sér nauðsynlega tækniaðstoð frá iðnríkjunum svo og innflutningsleyfi til þeirra (. . .) Samtök járn- og stálframleiðenda í Japan segja að meðalverð á stáli hafi lækkað um 15.5% á s. l. ári, eða úr 348$/t í 294 $/t. En þrátt fyrir allt þetta starfar stáliðnaðurinn í Japan aðeins með 80% afköstum.

Ýmislegt bendir til þess að samdráttur hjá hinum hefðbundnu stálframleiðendum verði nokkru meiri en almennt hefur verið viðurkennt. Þó er bandarískí stáliðnaðurinn mun betur settur en sá evrópski. — Í Bandaríkjunum á stáliðnaðurinn sínar eigin hráefnalindir, auk þess sem hann hefur nú þegar orðið fyrir verulegum skakkaföllum. Þar var stáliðnaðurinn eitt sinn sá stærsti í heimi, en nú er hann minni en sá rússneski. Innflutningur til Bandaríkjanna er nú meiri en útflutningur. — Í Evrópu er ástandið miklu verra. Ef reiknað er með því, að markaðsjafnvægið breytist í Efnahagsbandalaginu á sama hátt og það hefur breyst í Bandaríkjunum s. l. 10 ár (þ. e. útflutningur minnkar á kostnað aukins innflutnings), sem ekki má teljast ólíklegt, þá má búast við því að samdráttur verði, sem nemi 100—150 þús. vinnuplássum næstu 10 árin.

Hvað er þá til bragðs að taka? Ef gripið verður til verndar á heildsölu stáls, þá má segja að evrópski og bandaríski stáliðnaðurinn mundu halda sínu. En slíkt mundi einungis leiða til mikillar samkeppni og viðskiptastríðs, sem yrði enn víðtækara en það sem nú geisar (u. þ. b. helmingur af allri framleiðslu inniheldur eitthvert stál). Stríð af þessu tagi mundi auk þess leiða til aukins svigrúms fyrir þróunarlöndin til þess að byggja upp eigin stáliðnað. — Ýmislegt fleira kemur fram í greininni, sem allt virðist benda til þess að erfitt muni reynast að sporna við vaxandi kreppu á stálmarkaðnum. Stálframleiðendur í Evrópu og Bandaríkjunum eru auk þess alls ekki sammála um hvernig eigi að bregðast við.

Innan Efnahagsbandalagsins hafa stálframleiðendur bundist samtökum, og hin svokallaða Simonet-áætlun, sem miðar að samræmingu á markaðsaðstöðu landanna, er til þess gerð að hjálpa aðildarríkjum bandalagsins í gegnum þessa kreppu. En ósamkomulag ríkir innan bandalagsins, og hefur t. d. British Steel Corporation, sem er í eigu ríkisins, tilkynnt verðlækkun á framleiðslu sinni til þess að endurheimta áður glataða markaði, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli bandalagsins um að forðast verðstríð. Og það, sem gerir ástandið enn verra, er það, að stáliðnaður Efnahagsbandalagsins starfar aðeins með 60% af heildarframleiðslugetu. Þýskaland, sem ávallt hefur flutt út meira af stáli en flutt hefur verið þar inn, reyndi það á fyrri helmingi ársins 1976 að innflutningur varð meiri en útflutningur. Belgísk og frönsk fyrirtæki ramba á barmi gjaldþrots, og við þeim blasir lítið annað en þjóðnýting.

En hvað um þróunarlöndin? Innflutningur til Brasilíu minnkaði um 30% árið 1975, og um 58% til viðbótar árið 1976. Í því landi er áætlað að stálinnflutningur muni heyra fortíðinni til þegar árið 1980 eða þar um bil. Nú er þar unnið að samræmdri áætlun um uppbyggingu stáliðnaðar, svokallaðri Silebras-áætlun. Gert er ráð fyrir að lagðir verði til þessarar áætlunar 4 milljarðar dollara árið 1978 og 4.5 milljarðar dollara árið 1979. Til samanburðar má geta þess, að japanir fjárfestu 5 milljarða dollara í sínum stáliðnaði árið 1975. — Samdráttur er á stálmörkuðum í Suður-Afríku og hafa framleiðendur þar leitað í sívaxandi mæli til Evrópu með afurðir sínar. — Í Svíþjóð nam samdráttur stáliðnaðarins 8.4% og hefur framleiðslan dregist saman úr 6.0 mt ársins 1974 í 5.1 mt árið 1976.

Að lokum er rétt að tíunda nokkuð það, sem fram kemur í töflu á bls. 82, en hún tekur yfir tímabilið 1966—1975: Þau lönd, sem dregið hafa úr framleiðslu á

stáli, eru Bandaríkin og Bretland. Þau lönd, sem hafa aukið framleiðslu sína um allt að 20%, eru Vestur-Þýskaland, Frakkland og Svíþjóð. Þau ríki, sem hafa aukið framleiðslu sína umfram 50%, eru Japan, Kína, Ítalía, Pólland, Tékkóslóvakía, Spánn, Rúmenía, Brasilía og Suður-Afríka. Og þau lönd, sem hafa aukið framleiðslu sína umfram 100%, eru Japan, Kína, Spánn, Rúmenía, Brasilía og Suður-Afríka.

LE MONDE: 22. 2. 1977.

Samband stálverkamanna í Bandaríkjunum (The United Steel Workers) krefst æviráðningar.

(...) Auk hinna hefðbundnu krafna varðandi kjör verkamanna, krefjast U. S. W. æviráðningar. Abel, fráfarandi formaður sambandsins (sem hefur látið eftirmanni sínum eftir ýmsar kröfur), tók fram að sambandið vildi tryggja meðlimum sínum ævistarf og árlegar tekjur, sem yrðu óháðar efnahagssveiflum eða sveiflum í stáliðnaðinum og í einstökum fyrirtækjum hans.

LE MONDE DIPLOMATIQUE: Mars 1977.

Stálfréttir frá Evrópu.

Í Frakklandi, hefur stjórnin kynnt stefnu sína til að bæta ástandið í stáliðnaðinum. Verða áætlanir þar að lútandi birtar í maí n. k.

Lán verða veitt úr Iðnþróunarsjóði til stálfyrirtækja til að hagræða framleiðslu þeirra. Um upphæðir lánanna hefur enn ekkert komið fram. Jafnframt krefst stjórnin vissra skilyrða af hálfu lántakenda: Viðkomandi fyrirtæki yrðu að leggja fram eigið fé á móti, þau yrðu að taka tillit til byggðastefnu landsins og staðsetja verksmiðjur á tilgreindum svæðum. Ríkið áskilur sér rétt til að eiga hlut í viðkomandi fyrirtækjum.

Atvinnuleysi í þessum iðnaði heldur áfram að aukast, talað er um 20 000 manna fækkun til 1980. Hins vegar hafa ráðstafanir til aðstoðar Lorraine- og Nord-héruðum verið tilkynntar, þar sem atvinnuleysið er hvað mest. Í Belgíu hafa komið fram nýjar og nýjar tillögur um endurskipulagningu stáliðnaðar. M. Bruck, forstjóri SIDMAR, áætlar að við endurskipulagningu stáliðnaðarins mundu um 25 000 manns missa vinnu sína. Markmið þessarar hagræðingar á að vera minnkun heildarafkastagetu verksmiðjanna frá 22 í 18 milljón tonn í Belgíu og Luxemborg. Verkalýðsfélögin í Charleroi — miðstöð stál- og járniðnaðar í Wallonie — hafa lagt til, að menn fari á eftirlaun fyrr, karlmenn 60 ára, en konur 55 ára. Auk þess leggja þau til að þeim, sem kjósa að hætta starfi fyrr, yrði greidd sérstök þóknun.

INTERNATIONAL HERALD TRIBUNE: 14. 3. 1977.

Vestur-Þjóðverjar flytja verksmiðjur til útlanda.

Líkt og bandarísku fjölþjóðahringarnir á 6. og 7. áratugnum eru vestur-þýsku stórfyrirtækin nú að flytja framleiðslustarfsemi sína úr landi í sparnaðarskyni.

Megintilgangurinn er að sleppa við dýrt vinnuafl. En vestur-þýsku framleiðendurnir, eins og hinir bandarísku, eiga líka í höggi við umhverfisverndarsjónarmið heima fyrir.

Þar sem fjöldi atvinnuleysingja í Þýskalandi er meiri en 1 milljón manna, þriðja veturinn í röð, eru vestur-þýsku verkalýðssamböndin nú neikvæðari í afstöðu sinni til þessa útflutnings á fyrirtækjum. Hins vegar benda þrír af áhrifamestu iðnjöfrum Þýskalands á, að verkalýðssamböndin hafi stuðlað að þessari þróun. Þótt þessir

menn séu þekktir fyrir varfærni í ályktunum gera þeir allir ráð fyrir grundvallarbreytingum í uppbyggingu vestur-þýskra atvinnuvega, sem hingað til hafa verið miðaðir við útflutning.

„Að undanförnu höfum við flutt út heil stáliðjuver (...) til annarra landa, s. s. Írans, Íraks og Sovétríkjanna," sagði Hans Birnbaum, forstjóri Salzgitter stálfyrirtækisins, sem er í eigu ríkisins. „Það er óumflýjanlegt að þessi lönd verði sjálfum sér nóg og því verðum við að finna upp fullkomnari tækni og nýjar vörur til að selja þeim."

„Nokkrir hefðbundnir atvinnuvegir okkar, eins og framleiðsla stórra véla og tækja til útflutnings, verða nú fyrir mikilli samkeppni frá löndum, þar sem vinnuafl er ódýrt," segir Hans-Martin Schleyer, formaður sambands vestur-þýskra atvinnurekenda. Hann bætir við: „Við þurfum að einbeita okkur meira að framleiðslu, sem byggist á þróaðri og flókinni tækni."

LE MONDE DIPLOMATIQE: Apríl 1977.

Harðari ráðstafanir boðaðar vegna stálkreppunnar.

The European Council of Rome hefur stigið eitt skref fram á við í baráttunni gegn stálkreppunnni. Með tilliti til þess, að lítill árangur hefur náðst af framkvæmd Simonet-áætlunarinnar síðan um áramótin, hefur ráðið gefið CECA — sem hefur aðsetur í Brussel — grænt ljós til að hefja nýja sókn gegn þessari uggvænlegu þróun, sem á að verða markvissari en þær aðgerðir sem hingað til hefur verið stuðst við.

Hér er þó ekki um að ræða óútfyllta ávísun, sem CECA fær í hendur, enda vissu æðstu stjórnendur Efnahagsbandalagsins fyrir, hvers eðlis tillögur CECA mundu verða. Þær voru kynntar á sínum tíma fyrir fulltrúum bandalagsins og fyrir fjölmiðlum.

Davignon, hinn nýi framkvæmdastjóri bandalagsins í iðnaðarmálum, reiknar með að stálkreppan versni enn: Framleiðslan minnkar, pöntunum fækkar hraðar en sem nemur framleiðsluminnkun, söluverð hrynur og uppsögnum starfsmanna í stálverum fjölgar. Davignon segir að sjálfsagi stálframleiðenda í ríkjum Efnahagsbandalagsins — sem átti að halda framleiðslunni í skefjum — hafi ekki nægt til að bæta markaðsástandið og koma stálverinu í betra horf. Um leið og framleiðslukostnaður hefur hækkað á s. l. sex mánuðum hafa raun-söluverðin — sem eru lægri en hið opinberlega skráða söluverð — lækkað frá því í nóv. s. l. um allt að 20—25%.

Davignon gerir því eftirfarandi tilögur:

1. Framlengja skal um 3 mánuði gildistíma þeirrar áætlunar, sem var hrundið af stað um áramótin og átti að ljúka í marslok.
2. Finna skal aðferðir sem gætu hindrað verðhrun. Hér er einkum átt við það, að fyrirskipað yrði lágmarksverð á stáli. Hins vegar eru ríkisstjórnir Efnahagsbandalagsins mjög tregar til að binda sig við slíka skipun (enda gagnstæð stefnu þeirra um frjáls markaðslögmál). CECA telur því heppilegra að byrja með því að lýsa yfir „viðmiðunarverði", sem lagt er til að stálframleiðendur virði í viðskiptum sínum. Davignon vonar að 90% af stálframleiðendum virði þessa viðleitni. Ef þessi aðferð skyldi mistakast, ætlar CECA að fyrirskipa lágmarksverð.
3. Hafa skal eftirlit með stálinnflutningi frá löndum utan bandalagsins. Davignon miðar að því að koma á innflutningsleyfum, sem yrðu veitt sjálfkrafa, en gerðu það jafnframt kleift að fylgjast betur með viðskiptum og ... hömluðu eilítið gegn innflutningnum.
4. Aðstoða skal við endurskipulagningu evrópska stáliðnaðarins. Hér er átt við lánastarfsemi, þjóðnýtingu, endurnýjun stálvera og endurþjálfun starfsmanna

o. fl. Nota má ýmsa fjármögnunarmöguleika, sem Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir, s. s. lán til byggðaþróunar, einkum til þeirra héraða, sem stálkreppan hefur hrjáð hvað mest. Fjárfestingarbanki Evrópu, Bandalagssjóðurinn (Fonds Communataire Régional), Félagsmálasjóðurinn o. fl., gætu aðstoðað hver fyrir sig eða sameiginlega við sköpun nýrra atvinnumöguleika í stað þeirra, sem tapast vegna samdráttar í stáliðnaðinum. Markmið CECA í þessu sambandi er að forðast, að við endurskipulagningu stáliðnaðar verði einblínt um of á framleiðsluþættina, þar sem búast má við talsverðum félagslegum vandamálum við slíka endurskipulagningu.

Þessi áætlun, sem hefur verið kynnt fyrir ráðgjafanefnd CECA, var samþykkt af miklum meiri hluta sérfræðinganna. Eftir er að sjá hvernig viðbrögð fulltrúa ríkja Efnahagsbandalagsins verða.

LE NOUVEL OBSERVATEUR: 11. 4. 1977.

Hrun stálfyrirtækisins USINOR.

Tilkynning stjórnar USINOR um, að á næstunni verði sagt upp þrjú þúsund starfsmönnum í verksmiðjunum í Thionville, hefur komið af stað skriðu mótmælaaðgerða af hálfu verkalýðsfélaganna: Verkamennirnir, sem eiga á hættu að missa vinnu sína, hafa hlotið stuðning vinstriflokkanna og jafnvel R.P.R. (flokks Chiracs).

Til réttlætingar ákvörðun sinni bendir USINOR á að útbúnaður í Thionville er orðinn gamall og ekki í því ástandi að hann geti keppt við stáliðnaðarvörur innfluttar frá Japan eða Spáni „fyrir slikk".

Þetta er staðreynd: Franski stáliðnaðurinn á við að etja meiri erfiðleika en nokkru sinni fyrr og það vegna þess, að við hörmulegar afleiðingar síðasta afturkipps hafa bæst uggvænleg áhrif hamslausrar samkeppni þeirra landa sem ástunda undirboð í þeim tilgangi að halda í gangi eigin tækjabúnaði og tryggja þar atvinnu.

Eftir mikinn rekstrarhalla síðastliðin þrjú ár er USINOR satt að segja á barmi gjaldþrots. Engu að síður bera forstöðumenn samsteypunnar og það ráðuneyti, sem fer með þessi mál, þunga ábyrgð. Með því að steypa sér út í verksmiðjuævintýrið í Fos við Miðjarðarhaf hafa frönsku stálsamsteypurnar tvær, USINOR og WENDEL, sóað þeim sjóðum sem þær hefðu getað notað til þess að endurnýja verksmiðjurnar í Lorraine og gera þær samkeppnishæfar. Fosverksmiðjan hefur reynst hin mesta peningahít og er langt frá því að skila fullum afköstum. Og í dag eru þrjú þúsund væntanlegir atvinnuleysingjar í Thionville fórnarlömb þessa óheillaráðs sem á sínum tíma hlaut frábærar undirtektir og ríflega lán frá ríkinu.

Jacques Mornand.

FRANKFURTER ALLGEMEINE ZEITUNG: 15. 4. 1977.

Sjúki stálmarkaðurinn (eftir Helmut Uebbing).

Fyrir stuttu þinguðu í Frankfurt fulltrúar stáliðnaðarmanna frá 60 löndum og ræddu um, hvernig unnt væri að vinna bug á almennum samdrætti á stálmörkuðum og hvernig tryggja mætti atvinnuöryggi verkamanna í þessum iðnaði. Skoði maður þýska stálmarkaðinn og í því samhengi Efnahagsbandalag Evrópu, verður ljóst, hve afspyrnu erfitt mun reynast að finna lausn á málinu.

Enginn þorir að segja til um, hvað áunnist hefur með hinni léttvægu lífgun í stálútflutningi, sem stálfyrirtæki Efnahagsbandalagsins hafa séð síðustu vikurnar. Skoðanirnar á horfunum sveiflast milli léttúðugrar bjartsýni, sem stundum minnir

á hið margumtalaða síðasta hálmstrá, og heldjúprar bölsýni, sem sennilega er ámóta lítið ígrunduð (...)

Inn í þessa stöðu grípur CECA (Kola- og Stálsamband Evrópu) með því að festa lágmarksverð á steypustáli. Verði stálframleiðendur reiðubúnir til að fylla aftur birgðir sínar, gæti það stutt viðleitnina til að ná aftur tökum á verðlaginu. Í millitíðinni mun sambandið, að því er heyra má frá þýskum stálframleiðendum, verða að reikna með ákörfum mótmælum þýska stáliðnaðarins á fundi ráðgjafanefndarinnar 19. apríl n. k.

Hvað hraða verðbindingarinnar áhrærir, eru þau markmið, sem nefndin hugsar sér, ekki raunhæf að mati þeirra, sem fylgjast með markaðsmálunum, en hafna ekki afdráttarlaust hugmyndum um lágmarksverð. Hingað til var unnt að fá steypustál á 450 til 470 DM tonnið, mest vegna þrýstings ítalskra framleiðenda — verð, sem stálframleiðendur tapa minnst 100 DM á tonninu á. CECA vill koma í gegn 560 DM/tonn þegar í apríl, í maí 600 DM/tonn og í júlí 640 DM/tonn, til að ná loks frá 1. júlí n. k. 670 DM/tonn. Ekki virðist gerlegt að framkvæma þessa verðþróunaráætlun, sem CECA leggur til. Sérhver laginn kaupmaður gæti sneitt hjá kerfinu. Lágmarksverðið væri jafnvel gjöf af himnum ofan fyrir þá, sem bjóða vöruna á lágu verði. Þeir þurfa aðeins að vera lítillega undir lágmarksverðinu og vinna þannig ítök í markaðnum með aukinni sölu.

Öðru fremur mundi þannig skapast svæði hás verðs innan Efnahagsbandalagsins, sem mundi leysa úr læðingi gífurlegt innflutningssog. Þegar þýskir stálframleiðendur reyndu árið 1976, þegar markaðurinn skánaði um tíma, að hækka hið óhagstæða verð á unnum stálvörum, sem sé ekki bara á steypstáli, sannreyndu þeir, að innflutningurinn snarhækkaði.

Eigi sem sé pólitík lágmarksverðsins að bera ávöxt, verður að gera ráðstafanir til verndar Efnahagsbandalaginu. Einmitt hér á ótti stálframleiðenda rætur sínar: Stáliðnaðurinn er, beinlínis, en einnig óbeint vegna stálútflutningsins, svo mjög háður viðskiptum við lönd utan bandalagsins, að verslunarstríð gæti orðið honum að bana. Þetta gildir ekki síður fyrir stáliðnað í Belgíu og Hollandi, sem og í Frakklandi. Þó verða það smám saman einungis þýskir stáliðjuhöldar, sem verjast munu hvað mest gegn hemlandi varnarráðstöfunum.

Hjá CECA og stáliðnaðinum er lítið eftir nema vonin um að iðnaður þeirra landa, sem einkum hefur selt stál til landa Efnahagsbandalagsins, haldi sig til baka til að varðveita stöðugleika markaðarins. Í þessu ljósi á að skoða „viðmiðunarverðið“ eða „indikativa lágmarksviðmiðunarverðið“, eins og það er kallað, sem verður innleitt fyrir aðra framleiðslu stálvera en steypustál eitt.

Tilraunirnar til að ná tökum á erfiðleikunum með frjálsri „kreppustjórnun“, með sjálfviljugri takmörkun framleiðslunnar án samkomulags um verð, hafa augljóslega farið út um þúfur. Til viðbótar þessum vandamálum, sem eru almenns eðlis (konjuktur), koma tæknileg atriði til með að breyta markaðshorfum (...)

Fylgi hinum „tæknilegu viðbrögðum“ (þ. e. fyllingu birgðageymslna hjá miðlurum og notendum) ekki stöðugur bati eftir sumarhléið, er viðbúið að haldið verði áfram viðstöðulaust leiðinni til miðstjórnunar. Notkun 61. greinar Montan-samningsins (þ. e. samnings milli Þýskalands og Frakklands frá sjötta áratugnum), sem tryggir núna lágmarksverð fyrir steypustál, felur hvort eð er í sér þá hættu, að önnur framleiðsla verði einnig tekin undir reglugerðina um lágmarksverð, enda stuðla tæknilegar ástæður einnig að útfærslu á notkun þessarar greinar. Ef „gúmmihamar“ 61. greinar verkar ekki, jafnvel þótt hún verði látin verka á aðrar ståltegundir, er hægt að sjá fyrir að yfir vofi notkun 58. greinar Montan-samningsins (framleiðslukvóta) sameinuð með 74. grein (innflutningshöft). Maður getur ekki ímyndað sér, að þýski stáliðnaðurinn eða stjórn landsins séu reiðubúin til að leika með þessa algeru stjórnun á framleiðslu, verðlagi, innflutningi og iðnaði. Hvaða afleiðingar slíkt hefði í för með sér fyrir Efnahagsbandalagið í heild er ekki unnt að segja fyrir um.

DIE WELT: 15. 4. 1977.

Samtök málmiðnaðarmanna krefjast alþjóðlegrar samræmingar í stálmálum.

Alþjóðasamband málmiðnaðarmanna, IMB, óttast víðtækt atvinnuleysi í stáliðnaðinum, ef örðugleikar á sölu stáls og hið djúptæka ójafnvægi á stálmörkuðum heimsins halda áfram. Á aukafundi alþjóðastálnefndar IMB, sem haldinn var í Frankfurt fyrir stuttu, kröfðust málmiðnaðarmenn frá yfir 60 löndum skjótra ráðstafana af hálfu ríkisstjórna og stálfyrirtækja til að tryggja til frambúðar atvinnuöryggi í þessari iðnaðargrein.

„Það er fásinna að undirbjóða hver annan með ódýrri framleiðslu og yfirbjóða með niðurgreiðslum." Þannig komst að orði Eugen Loderer, forseti IG-Metall (Sambands þýskra málmiðnaðarmanna) á kreppuráðstefnunni, sem kölluð var saman í tilefni þess, að staðan á heimsmarkaði fyrir stál hafði versnað ískyggilega síðan á s. l. hausti og nálgast „eyðileggjandi verðkapphlaup, sem jafnast á við útrýmingarkapphlaup".

Til þess að ná tökum á kreppunni stefnir stálnefnd IMB að alþjóðlegri samræmingu aðgerða af hálfu ríkisstjórna, verkalýðssamtaka og stálframleiðenda. Ekki er lengur unnt að fresta heimsráðstefnu um stál, sem er að vænta á vegum OECD, og skulu ríkisstjórnir kveðja til hennar hið fyrsta. (...) Aðgerðir til að tryggja atvinnuöryggi í stáliðnaðinum mega „ekki fara fram með þjóðlegum stuðningi og verðlagningaraðgerðum til aðstoðar útflutnings, sem raska mörkuðum og hafa gagnstæð félagsleg áhrif í öðrum löndum," segir í yfirlýsingu stálnefndarinnar.

Meðan opinberar yfirlýsingar ráðstefnunnar endurspegla að nokkru leyti ráðaleysi og úrræðisleysi, varð ljóst af því, sem ósagt var látið, að á ákærubekknum sitja einkum ríkisverslunar- og þróunarlöndin. „Við erum ekki mótfallnir því, að þróunarlöndin byggi stáliðjuver, en við erum á móti því, að þau skuli reist með útflutning fyrir augum," sagði bandaríkjamaðurinn Hermann Rebhan, aðalritari IMB. Hann gagnrýndi einnig ríkisverslunarlöndin, sem iðka „dumping" af gjaldeyrisástæðum og selja stál undir framleiðslukostnaði. „Þessi pólitíska hegðun ríkisverslunarlandanna einkennir þjóðfélagsafstöðu þeirra," sagði Rebhan.

Reyndar hefur IMB tekist — að því er blaðafulltrúar sambandsins segja — að koma í veg fyrir þjóðlega sérhyggju verkalýðssamtakanna frá ýmsum löndum og lokka fulltrúa þessara samtaka inn á sameiginlega braut. Hversu erfið og takmörkuð þessi viðleitni er, þó ekki sé nema í Vestur-Evrópu, sýnir Ítalía, sem sniðgengur í sífellu kvótatilhögun Efnahagsbandalagsins, að því er talsmenn verkalýðssamtakanna segja. Fulltrúar ítölsku stáliðnaðarmannanna mættu ekki á ráðstefnunni í Frankfurt.

Það eru einkum formælendur IG-Metall, sem beita sér sífellt fyrir því, að eðlilegri samkeppni verði haldið við, hindra skuli óheiðarlega samkeppni, sem felst í sölu undir kostnaðarverði, hvort sem það er á grundvelli niðurgreiðslna eða „með því, að skattgreiðendur taki á sig tap þjóðnýttra fyrirtækja". Þar sem er ekki lengur hagkvæmt að halda áfram framleiðslu á stáli, mun IG-Metall ekki beita sér gegn niðurrifi. Hins vegar vill IG-Metall koma í veg fyrir að sá, sem lengst hefur úthaldið, jafni síðar tap sitt, „þegar markaðurinn hefur verið rýmdur", með hærra verði, sem hann gæti þá krafist.

DIE WELT: 16. 4. 1977.

Verkamenn Thyssen-verksmiðjanna mótmæla.

U. þ. b. 3000 stálverkamenn af 9000, þ. e. nærri allir verkamenn á morgunvöktum í Thyssen Niederrhein AG í Oberhausen (Vestur-Þýskalandi), mótmæltu á föstudagsmorgun í eina og hálfa klukkustund væntanlegri lokun Siemens-Martin stál-

versins. Sérfræðingar lögðu fram tíu valkosti um hvernig hægt væri að bregðast við hinum réttarfarslegu fyrirmælum um að komið yrði fyrir rykhreinsitækjum. Einn af þeim valkostum væri að leggja niður framleiðslu, sem að sögn verkalýðssambandsins mundi þýða tap 2500 vinnuplássa, en stjórn fyrirtækisins talar um 1600 stöður í því sambandi. Á fundi með fulltrúaráði starfsmanna sagði dr. Karl-Heinz Kürten, stjórnarformaður Thyssen Niederrhein AG, að engum starfsmanni yrði sagt upp, jafnvel þótt viðkomandi stálver yrði lagt niður. Stjórn fyrirtækisins telur hyggilegt að fjárfesta 130 millj. DM í byggingu nýs stálvers (væntanlega á sama stað), sem gæti framleitt sama magn og Siemens-Martin stálverið (þ. e. 50.000 tonn á ári), en þyrfti 1000 færri starfsmenn.

Fylgiskjal II.

Áætlað rekstraryfirlit Kísiljárnversins fyrir eitt ár, miðað við full afköst og verðlag ársins 1976.

		Milljónir norskra króna
Sölutekjur		
50 000 tonn á 2 388 n. kr.[1])		119
Hráefni.		
Kvarz	12	
Koks	22	
Kol	7	
Járn	4	
Rafskaut	5	
Annað	1	
		51
Raforka		18
Hafnargjöld og annar breytilegur framleiðslukostnaður		4
Fastur framleiðslukostnaður		
Vinnulaun	10	
Stjórnun, skrifstofukostnaður og viðhald	8	
		18
Tækniþóknun o. fl. 3.9%		5
Verðjöfnunargjald		2
Vextir[2])		18
Afskriftir[2])		25
Gjöld alls		141
Hreinn hagnaður fyrir beina skatta		÷22

Skýringar:

1) Tekjuverð, 2 388 n.kr. pr. tonn, sem hér er tekið sem dæmi, er skilaverð til norskra kísiljárnframleiðenda á árinu 1976. Í áætlunum Járnblendifélagsins nú er tekið til viðmiðunar sem grunnverð á árinu 1976 2 800 n.kr. pr. tonn. Sé það gert hækka sölutekjur og hagnaður um 20 m. n.kr. frá því sem sýnt er hér að ofan. Hreint tap mundi þá lækka úr **22 m. n.kr.** í **2 m. n.kr.**
2) Hér eru teknir inn árlegir meðalvextir og afskriftir alls rekstrartímabilsins og er þá gert ráð fyrir 10% lækkun stofnkostnaðar, þar eð hér er ekki gert ráð fyrir verðhækkunum á byggingartímanum.

Fylgiskjal III.

29. apríl 1977.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

EFNI: Starfsleyfi Járnblendiverksmiðju.

Í framhaldi af umræðum í iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis vill Náttúruverndarráð ítreka það álit sitt um skilyrði í starfsleyfi til Íslenska járnblendisfélagsins, sem áður er tekið fram í bréfum, dags. 8. 7. 75, 22. 10. 76 og 26. 11. 76, til Heilbrigðiseftirlits ríkisins er hafa verið afhent Alþingi vegna þessa máls og fylgja hér með í ljósriti. Ráðið hefur kynnt sér þá kafla í starfsleyfi því sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út til Járnblendifélagsins er snerta svið ráðsins og borið þá saman við tilsvarandi kafla í tillögum HER til heilbrigðisráðherra vegna umsóknar félagsins. Ráðið telur að vikið hafi verið frá þeirri stefnu sem mótast hafði í samstarfi þess og HER í veigamiklum atriðum. Telur ráðið að breyta þurfi leyfinu sem hér segir:

1. Grein 2.5 um bilanir á hreinsibúnaði er að mati Náttúruverndarráðs óviðunandi og mun í reynd óframkvæmanlegt að koma við stöðvun rekstrar þótt verulega beri út af með hreinsun útblásturs. Virðist fyrirtækið geta haldið áfram starfsemi um langan tíma, þótt hreinsitækin séu óvirk, og borið fyrir sig þær takmarkanir sem settar eru um beitingu lokunar. Ráðið telur augljóst að hér séu fyrirtækinu sett mun rýmri starfsskilyrði en gilda í Noregi, þrátt fyrir eindregnar tillögur ráðsins og HER um að þau yrðu mun þrengri hérlendis. Náttúruverndarráð vísar til álitsgerða sinna í meðfylgjandi bréfum, en leggur til að tillögur HER um grein 2.5 verði teknar upp í starfsleyfið.

2. Náttúruverndarráð telur brýnt, að meðferð og ráðstöfun úrgangs verði háð samþykki ráðsins og HER, og leggur því til að grein 2.7 í heild verði breytt í það horf sem HER leggur til.

3. Náttúruverndarráð telur óviðunandi að felld séu niður ákvæði í grein 2.17 í tillögum HER um skyldur fyrirtækisins til að láta framkvæma rannsóknir ef líkur benda til skaðlegra umhverfisáhrifa af rekstrinum. Sama má segja um niðurfellingu ákvæða um efnagreiningar á hráefnum og úrgangi sem felldar eru úr grein 2.7, og leggur ráðið til að þau verði tekin upp í starfsleyfið.

4. Náttúruverndarráð leggur til að farið verði að tillögum HER um ákvörðun mengunarstaðla um brennisteinsinnihald koks og kola, sbr. grein 2.10.

5. Náttúruverndarráð telur nauðsynlegt, að áætlun um viðhald á hreinsibúnaði og aðgerðir í bilanatilfellum séu háðar samþykki HER, og leggur til að grein 2.3 í tillögum HER verði tekin upp í leyfið óbreytt.

6. Þá telur Náttúruverndarráð skaða að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögum HER um eftirtalin atriði og leggur til að þau verði endurskoðuð:

Grein 1.1 um starfsleyfi fyrir tvo ofna í stað eins.
Greinar 1.2 og 2.16 um mengunarrannsóknir.
Grein 2.2 um afkastagetu hreinsibúnaðar.
Grein 2.4 um aðild HER að mælingum á hæfni hreinsibúnaðar.
Grein 2.6 um hæð reykháfs.

7. Náttúruverndarráð álítur, að ákvæði starfsleyfisins um flutning, meðferð og geymslu hráefnis, sbr. lið 2.9, séu ófullnægjandi, og leggur til að tillögum HER um þetta atriði verði fylgt.

Náttúruverndarráð lýsir óánægju sinni yfir því að hafa ekki fengið tækifæri til að gefa umsögn um starfsleyfisdrög ráðuneytisins áður en frá því var gengið, sérstaklega með hliðsjón af þeim umfangsmiklu breytingum sem orðið hafa frá tillögum HER.

Að lokum leggur Náttúruverndarráð áherslu á að það telur áðurnefndar breytingar á starfsleyfinu til járnblendiverksmiðju nauðsynlegar til að viðunandi tökum verði náð á þeim þætti mengunarvarna og umhverfisverndar almennt, sem eru á starfssviði þess.

Með vinsemd og virðingu.

Eysteinn Jónsson, form. Árni Reynisson, framkvæmdastjóri.

Nd. 640. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör sjómanna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað málið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n., PS, JSk, TÁ og SvH, mælir með samþykkt frv. óbreytts. Guðlaugur Gíslason hefur óbundnar hendur um afstöðu til afgreiðslu málsins. Garðar Sigurðsson skilar séráliti og leggur til að frv. verði fellt. Sighvatur Björgvinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1977.

Pétur Sigurðsson, form. Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. Jón Skaftason.
Tómas Árnason.

Ed. 641. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. maí 1977.

Steingrímur Hermannsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr., frsm. Jón Árm. Héðinsson.
Stefán Jónsson. Oddur Ólafsson. Ingiberg J. Hannesson.

Ed. 642. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við C4 í 3. gr. bætist:
Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15°45′, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Ed. 643. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni, Stefáni Jónssyni, Oddi Ólafssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Aftan við frv. komi ný grein, sem orðist svo:
Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist:
Þrátt fyrir veiðiheimildir í lögum þessum eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 1. júlí 1977 til 1. júlí 1978.

Ed. 644. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Til fundar við hana komu fulltrúar frá Slysavarnafélagi Íslands og mæltu eindregið með samþykkt frv. með nokkrum breytingum.
Nefndin mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum sem hún flytur till. um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. maí 1977.

Steingrímur Hermannsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson, frsm.
Oddur Ólafsson.	Ingiberg J. Hannesson.	Jón G. Sólnes.
	Stefán Jónsson.	

Ed. 645. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins og Slysavarnafélag Íslands.

2. Við 9. gr. Orðin „og fara minnkandi eftir því sem skipin eru stærri“ falli brott.
3. Við 10. gr. Í stað orðsins „Tilkynningaskyldunnar“ komi: ríkissjóðs.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „síma- og húsnæðiskostnaður“ komi: fjarskiptakostnaður.
5. Við 12. gr. Í stað orðanna „Sjávarútvegsráðherra ákveður“ komi: Ákveða skal.

Sþ. 646. Nefndarálit [232. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með að tillagan verði samþykkt. Gils Guðmundsson var fjarstaddur.

Alþingi, 2. maí 1977.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Friðjón Þórðarson, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.	Benedikt Gröndal.

Ed. 647. Breytingartillaga [234. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Nd. 648. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Jón Skaftason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Karvel Pálmason.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.
	Sigurður Magnússon.	

Nd. 649. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til leiklistarlaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. ef fram koma.

Alþingi, 2. maí 1977.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Gunnlaugur Finnsson.
Svava Jakobsdóttir.	Ellert B. Schram.	Ey. Kon. Jónsson.
	Magnús T. Ólafsson.	

Nd. 650. Breytingartillaga [21. mál]

við frv. til leiklistarlaga.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Eyjólfi K. Jónssyni og Magnúsi T. Ólafssyni.

Við 4. gr. Liður I falli niður.

Nd. 651. Nefndarálit [201. mál]

um till. til þál. um tónmenntarfræðslu í grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 2. maí 1977.

Ingvar Gíslason, form.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., frsm.	Gunnlaugur Finnsson.
Ellert B. Schram, með fyrirvara.	Svava Jakobsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Magnús T. Ólafsson.	

Nd. 652. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um Skálholtsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá efri deild. Svava Jakobsdóttir hefur fyrirvara um tiltekin atriði frumvarpsins.

Alþingi, 2. maí 1977.

Ingvar Gíslason, form., frsm.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.
Gunnlaugur Finnsson.
Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara.
Ellert B. Schram.
Ey. Kon. Jónsson.
Magnús T. Ólafsson.

Nd. 653. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör sjómanna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með setningu bráðabirgðalaganna 6. sept. 1976 var að áliti minni hl. sjávarútvegsnefndar brotið gegn efni 28. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um hvenær heimilt er að setja bráðabirgðalög. Forsenda sú fyrir setningu bráðabirgðalaga, sem þar er mörkuð, er á þá lund að brýna nauðsyn þurfi að bera til, svo málum verði skipað með setningu bráðabirgðalaga. Sú forsenda var hins vegar ekki fyrir hendi í þessu tilviki. Verkfall stóð ekki yfir né hafði verið boðað og engar umræður um slíka aðgerð voru hafnar meðal sjómanna. Í öðru lagi var samkomulagstilraunum ekki lokið og því enn óreynt, hvort samkomulag gæti ekki tekist milli aðila án afskipta ríkisvalds og Alþingis. Í þriðja lagi var aðeins rúmur mánuður, þegar bráðabirgðalögin voru sett, til þess tíma að reglulegt Alþingi kæmi saman og því engin ástæða til þess að grípa til bráðabirgðalagasetningar.

Við útgáfu bráðabirgðalaganna var bundinn endi á framhaldandi samningaviðræður, sem miðuðu að samræmingu sjómannakjara um land allt, bæði varðandi aflahlut og tryggingar. Frá því bráðabirgðalögin voru gefin út hefur verið samið sérstaklega á Vestfjörðum um hærri aflahlut, og má því til sanns vegar færa að andi bráðabirgðalaganna hafi verið brotinn nær tafarlaust.

Gildistími þessara bráðabirgðalaga, sem sett voru á mjög svo hæpnum forsendum, og mótmælt hefur verið kröftuglega, rennur út 15. þessa mánaðar. Verði þau nú staðfest á Alþingi, mundi slíkt aðeins leiða til harðari deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Því leggur undirritaður minni hluti til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Garðar Sigurðsson, frsm.
Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 654. Lög [176. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 581.

Nd. 655. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands og Finni Guðmundssyni fuglafræðingi. Finnur Guðmundsson mætti auk þess á einn fund með nefndinni. Búnaðarfélag Íslands mælir með samþykkt frv., en Finnur Guðmundsson leggst gegn því og telur ekki æskilegt að breytingar verði gerðar á veiðitíma rjúpunnar að sinni. Álitsgerð hans er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Nýhafin er heildarendurskoðun á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Þá er í gildandi lögum ákvæði (13. gr.) sem heimilar menntamálaráðuneytinu að auka friðun einstakra fuglategunda, ef nauðsyn krefur. Með hliðsjón af framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. maí 1977.

Ingvar Gíslason, form.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, frsm.
Gunnlaugur Finnsson.	Magnús T. Ólafsson.	Ellert B. Schram.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Fylgiskjal.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS
(Náttúrugripasafnið)
REYKJAVÍK

25. nóvember 1976.

Hæstvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar minnar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, 43. mál.

Í frv. þessu er lagt til, að veiðitíma rjúpu verði breytt á þann veg, að hann verði framvegis frá 15. nóv. til 22. jan. í stað 15. okt. til 22. des. eins og kveðið er á í lögunum frá 1966. Í greinargerð með frv. færir flm., Jónas Árnason, þau rök fyrir nauðsyn þessarar breytingar á gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, að „rjúpnaungar hafi fæstir náð fullum vexti þegar á þá hefst skotþríð lögum samkvæmt hinn 15. október ár hvert". Enn fremur segir flm. að hann heyri líka á hverju hausti dæmi þess, að ungahópar séu ekki enn flognir til fjalla þegar veiðitíminn hefst.

Það skal þegar tekið fram, að þessi rök flm. fá ekki staðist. Rjúpuungar hafa náð fullum þroska fyrir 1. okt. og eru þá oft jafnvel þyngri en gamlir fuglar. Fjölskyldubönd taka að leysast upp í lok ágústmánaðar og taka þá gamlir fuglar að yfirgefa ungana og leita til fjalla. Jafnframt því taka ungahóparnir að riðlast og blandast saman og um miðjan september er meginhluti rjúpnastofnsins, bæði ungar og fullorðnir fuglar, kominn til fjalla. Og það sem eftir er af rjúpum í byggð hinn 1. okt. er svo hverfandi lítið, að það skiptir engu máli í þessu sambandi. Þegar mjög lítið eða jafnvel ekkert hefur snjóað í fjöll fyrir 1. okt., getur það þó hent sig, að svolítill slæðingur af rjúpu haldi sig enn á láglendi og þá einkum í úfnum hraunum, kjarrlendi eða í grennd við mannabústaði, þar sem hún er óhultari fyrir fálkanum. En þetta er, eins og áður sagði, aðeins hverfandi lítill hluti heildarstofnsins.

Hitt er svo annað mál, að breyting sú, sem flm. leggur til, að gerð verði á veiðitíma rjúpunnar, mundi sennilega rýra rjúpnaaflann að einhverju leyti. Eftir 15. nóv. er dagur orðinn mjög stuttur og auk þessa allra veðra von. Skilyrði til rjúpnaveiða hafa því versnað til muna, en það mundi sennilega draga nokkuð úr veiðifengnum. En þá vaknar sú spurning, hvort slíkt sé nauðsynlegt eða æskilegt. Þessu er ekki auðsvarað, en hitt tel ég mig geta fullyrt, að engin hætta sé á því, að rjúpunni verði útrýmt, þótt veiðitíminn verði óbreyttur enn um sinn. Mér virðist eðlilegast, að breytingar á veiðitíma rjúpu og raunar fleiri fuglategunda verði teknar til gaumgæfilegrar endurskoðunar þegar gildandi lög um fuglaveiðar og fuglafriðun verða tekin til endurskoðunar í heild, en þess verður væntanlega ekki mjög langt að bíða.

Kjarni málsins er sá, hvort og hve mikil áhrif rjúpnaveiðar hafa á stærð íslenska rjúpnastofnsins. Með hliðsjón af þeirri þekkingu, sem nú er fyrir hendi, er ekki unnt að slá neinu föstu um þetta, þótt enginn vafi geti leikið á því, að veiðar geti orðið svo miklar, að þær geti haft úrslitaáhrif á stærð stofnsins. Slíkt á við um alla dýrastofna, jafnvel þorskinn og síldina í sjónum. En til þess að slíkra áhrifa gæti þarf gífurlega mikla veiðisókn, sem kostar óhemjumikið fjármagn. En víkjum nú aftur að rjúpunni. Ég hef alltaf haldið því fram, bæði í ræðu og riti, að ef íslendingar veiddu nógu mikið af rjúpu, þá mundu hinar alkunnu stofnsveiflur hverfa, þ. e. a. s. hámörk og lágmörk, sem hingað til hafa skipst á, mundu hverfa, en í stað þess mundi koma jöfn og árviss veiði, sem mundi nægja eftirspurn innanlands

Með bréfi þessu læt ég fylgja 2 línurit, sem sýna stærð rjúpnastofnsins (fjölda varppara) á 2 athugunasvæðum (Birningsstöðum í Laxárdal, S.-Þing., og Kvískerjum í Öræfum) á árunum 1963—1974 (tölur fyrir 1975 og 1976 eru ekki enn fyrir hendi). Síðan 1920 hefur stofninn verið í hámarki um miðbik hvers áratugs og 3 síðustu hámörkin hafa verið á árinu þegar ártalið endar á 6 (1946, 1956, 1966). Síðasta hámarkið (1966) kemur greinilega fram á meðfylgjandi línuritum. Síðan fellur stofninn niður í lágmark á þessum umræddu svæðum, en línuritin sýna einnig, að vöxtur stofnsins eftir lágmörkin nú hefur verið miklu hægari og minni en verið hefur fyrir síðustu 6 hámörk. Orsakir þessa fráviks frá þeirri meginreglu um hámörk og lágmörk, sem staðist hefur óhögguð frá því 1920, brátt fyrir vaxandi veiðisókn á þessu 50 ára tímabili, geta verið margar og torskýrðar. En í því sambandi ber að hafa í huga, að náttúrufyrirbæri á borð við stofnsveiflur rjúpunnar eru sjaldan án undantekninga. Hins vegar er það ekki nema eðlilegt, að menn telji ofveiðar eðlilegustu skýringuna á þessu fyrirbæri. Ég vil heldur ekki fortaka með öllu, að svo geti verið, en tel það þó fremur ólíklegt. Fræðilega séð og með tilliti til þeirra rannsókna á lífsháttum rjúpunnar, sem hér hafa staðið óslitið síðan 1963, tel ég æskilegt, að ekki verði gerðar neinar breytingar á veiðitíma rjúpunnar að sinni. Það er líka nægur tími til stefnu, ef grípa þarf í taumana til þess að draga úr rjúpnaveiði. Til þess þarf ekki einu sinni lagabreytingu, því að í 13. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, er kveðið svo á, að hlutaðeigandi ráðuneyti (í þessu tilviki menntamálaráðuneytið) geti ákveðið að auka friðun einstakra fuglategunda. Þetta ákvæði var tekið upp í lögin svo að hægt væri fyrirvaralaust og án þess að

til kasta Alþingis þyrfti að koma að grípa í taumana, ef brýna nauðsyn bæri til. En slík nauðsyn er að mínu mati ekki fyrir hendi að því er rjúpuna varðar, að minnsta kosti ekki eins og sakir standa, hvað sem síðar kann að verða.

Til fróðleiks læt ég fylgja bréfi þessu yfirlit yfir fjölda útfluttra rjúpna 1864—1949.

Ég hafði satt að segja gert mér vonir um, að hæstvirt Alþingi þyrfti ekki framar að verja miklu af dýrmætum tíma sínum í deilur um rjúpuna, en svo er Jónasi heitnum Hallgrímssyni (og nafna hans Árnasyni) fyrir að þakka, að þær vonir virðast ekki ætla að rætast.

Virðingarfyllst,

Finnur Guðmundsson.

Menntamálanefnd
neðri deildar Alþingis,
Alþingi,
Reykjavík.

Nd. 656. Lög [151. mál]

um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 527.

Nd. 657. Lög [169. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 528.

Nd. 658. Lög [194. mál]

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 638.

Nd. 659. Lög [165. mál]

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 530 (sbr. 324)

Nd. 660. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Fyrsta málsgrein 6. gr. laga nr. 68/1967, orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

2. gr.

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968, orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

3. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

4. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.

Nd. 661. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. l. nr. 110/1976, um breyt. á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá Ed. Jóhann Hafstein var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1977.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Magnús T. Ólafsson.	Ólafur G. Einarsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 662. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Ingvar Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.
Pétur Sigurðsson.	Benedikt Gröndal.	Sigurður Magnússon.

Ed. 663. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [129. mál]

í málinu: Frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Ragnari Arnalds.

Þar sem **í fyrsta lagi** er sýnt, að raforkan til járnblendiverksmiðjunnar er seld undir kostnaðarverði og langt undir orkuverði frá næstu virkjun eftir Sigölduvirkjun;

í öðru lagi þar sem sýnt er, að íslenskir orkunotendur verða í framtíðinni að borga með raforkunni til járnblendiverksmiðjunnar, en nýting orkunnar til innlendra þarfa, t. d. til húsahitunar, áburðarvinnslu, fóðurframleiðslu, fiskimjölsþurrkunar eða annarra nauðsynlegra verkefna væri ólíkt hagkvæmari;

í þriðja lagi þar sem ljóst er, að fjármagnshlutdeild íslendinga í þessari 20 milljarða fjárfestingu er einnig betur varið til annarra framkvæmda í landinu;

í fjórða lagi þar sem ákvæði um sölu afgangsorku til verksmiðjunnar eru ströngum skilyrðum háð og geta leitt til þess í erfiðu árferði, að raunverulega verði um forgangsorku að ræða, og þar sem óvissa ríkir um, hvenær Kröfluvirkjun skilar fyllstu afköstum, og þess vegna er ljóst, að orkusala til járnblendiverksmiðjunnar getur valdið hættu á raforkuskorti í byrjun næsta áratugs;

í fimmta lagi þar sem flest bendir til þess, að rekstur járnblendiverksmiðjunnar verði mjög áhættusamur, og vitað er, að miðað við verðlag á kísiljárni á s. l. ári og áætlaðan rekstrarkostnað verksmiðjunnar hefði beint tap á rekstrinum orðið það ár um 800 millj. ísl. króna;

í sjötta lagi þar sem bersýnilegt er, að samningurinn við Elkem-Spigelværket er óeðlilega hallkvæmur fyrir hinn erlenda aðila, sem hefur allt sitt á þurru, selur dýrustu tækin til verksmiðjunnar með miklum hagnaði, selur tæknikunnáttu fyrir hátt verð og fær síðan drjúg sölulaun fyrir selda framleiðslu, meðan íslenska ríkið tekur á sig að kosta dýrar framkvæmdir í þágu verksmiðjunnar, hafnargerð fyrir 800 millj. kr., vegagerð, raflínulögn og byggingu spennistöðvar;

í sjöunda lagi þar sem vitað er, að væntanlegur hreinsiútbúnaður verksmiðjunnar hreinsar ekki nema 95% af eitruðum útblæstri hennar;

í áttunda lagi þar sem upplýst hefur verið, að ýmsar óskir Náttúruverndarráðs um fyrirkomulag rekstrarins hafa verið virtar að vettugi;

í níunda lagi þar sem upplýst hefur verið, að kröfur Heilbrigðiseftirlitsins um skilyrði fyrir starfsleyfi verksmiðjunnar hafa verið sniðgengnar í ýmsum mikilvægum atriðum;

í tíunda lagi þar sem ljóst er, að bygging verksmiðjunnar raskar eðlilegri byggðaþróun í nærliggjandi héruðum og hefur almennt óheppileg áhrif á þróun byggðar í landinu;

í ellefta lagi þar sem flest bendir til þess, að bygging þessarar verksmiðju í Hvalfirði sé í algerri óþökk yfirgnæfandi meiri hluta íbúa í nálægum sveitum;

í tólfta lagi þar sem ekki verður séð, að nokkur nauðsyn kalli á byggingu þessarar verksmiðju, en sýnt er, að hér er um glæfrafyrirtæki að ræða, sem eykur hlutdeild erlendra auðfélaga í íslensku atvinnulífi;

telur efri deild Alþingis engan grundvöll til byggingar þessarar verksmiðju og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 664. Lög [16. mál]

um kaup og kjör sjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 16.

Nd. 665. Lög [233. mál]

um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 539.

Ed. 666. Frumvarp til laga [102. mál]

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Öll íslensk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, skulu tilkynna:

a) **brottför skipsins úr höfn;**
b) **staðsetningu skipsins a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkvæmt ákvörðun eftirlitsmiðstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum;**
c) **komu skipsins í höfn.**

2. gr.

Texti tilkynningarinnar skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður og tími.

Á sjó: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími.

Við komu í höfn: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

3. gr.

Öllu hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í tilkynningarreiti. Við tilkynningum af reitum þessum taki síðan strandstöðvar, beint eða um aðrar stöðvar ef beint samband næst ekki. Tilkynningarnar skal senda strax til eftirlitsmiðstöðvar,

sem fylgist með að engar skyldutilkynningar vanti. Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

4. gr.

Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna með aðstoð eftirlitsskips, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

5. gr.

Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins og Slysavarnafélag Íslands.

6. gr.

Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsmiðstöð í Reykjavík og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

7. gr.

Landssími Íslands skal sjá um að strandstöðvar séu til staðar til móttöku þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar.

Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.

8. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

9. gr.

Fyrir þjónustu tilkynningarskyldunnar greiða eigendur skipanna til Landssíma Íslands ákveðið gjald. Skal það miðast við stærð skips.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum sem fari hækkandi við ítrekuð brot. Sektarfé skal renna til ríkissjóðs.

11. gr.

Allur kostnaður við tilkynningarskylduna, þar með talinn fjarskiptakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Ákveða skal með reglugerð greiðslu útgerðanna til Landssíma Íslands svo og um nánari framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 667. Breytingartillaga [21. mál]

við frv. til leiklistarlaga.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við 4. gr. Liður I orðist svo:
Að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál.

Ed. 668. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 506 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
C4 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00'0 V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15°45', innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Sþ. 669. Nefndarálit [220. mál]

um till. til þál. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Hér er um að ræða mál, sem er einn af mörgum þáttum í afgreiðslu og ráðstöfunum Alþingis vegna Þjóðhátíðar 1974. Öll forusta um það hátíðarhald til þess að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar var í höndum Alþingis og ávallt lögð á það rík áhersla um hvert og eitt ákvörðunaratriði, sem til kasta Alþingis kom í því sambandi, að tryggja um þá ráðstöfun einróma stuðning þingsins. Þetta var talið nauðsynlegt og raunar sjálfsagt í því skyni að sem ríkust samstaða tækist um öll einstök framkvæmdaatriði og stefnumótun í sambandi við þjóðhátíðarhaldið.

Það mál, sem hér er til afgreiðslu, er að líkindum síðasta mál í tengslum við Þjóðhátíð 1974, sem kemur til kasta Alþingis. En nú ber svo við að allt aðrir afgreiðsluhættir eru upp teknir við meðferð málsins en ríkt hafa um öll þau ákvörðunaratriði viðvíkjandi Þjóðhátíð 1974, sem komið hafa til ákvörðunar Alþingis. Í stað þess að haft væri samráð við þingflokkana um tillögugerð um ráðstöfun hagnaðar af sölu þjóðhátíðarmyntar í því skyni að tryggja samstöðu um slíka tillögugerð í þinginu, þannig að afgreiðsla þessa að líkindum síðasta máls í tengslum við Þjóðhátíð 1974 gæti orðið með sömu virðingu og reisn og verið hefur um önnur mál þjóðhátíðar, þá var á það ráð brugðið að fela aðila utan þingsins að vinna verkið og kynna það þingmönnum fyrir tilverknað fjölmiðla. Þannig fréttu þingmenn fyrst af efni þeirrar þáltill., sem hér er nú til afgreiðslu, og þrátt fyrir gagnrýni fjölmargra þingmanna þá þegar í þeim málatilbúnaði hefur óskum

þeirra um, að þingið fengi að fjalla um þetta mál með sama hætti og önnur málefni varðandi Þjóðhátíð 1974, ekki verið sinnt. Afleiðingarnar eru m. a. þær, að þingmönnum hefur ekki gefist tími né tækifæri til þess að kynna sér nógu rækilega efnisatriði sjálfrar þáltill., hvað þá heldur þá fjölmörgu aðra og síður en svo minna um verða valkosti um ráðstöfun hagnaðar af sölu þjóðhátíðarmyntar, sem eru fyrir hendi. M. a. af þessum sökum hefur nú þegar komið fram tillaga um aðra ráðstöfun fjárins en þessi þáltill. gerir ráð fyrir, og vitað er að ýmsar fleiri hugmyndir eru uppi meðal þingmanna, sem ekki hefur gefist kostur á að kanna. Ef knúið er á um afgreiðslu við slíkar aðstæður er ljóst, að skiptar skoðanir þingmanna koma fram við atkvæðagreiðslu og ekki tekst sú samstaða á Alþingi um afgreiðslu þessa síðasta máls í tengslum við Þjóðhátíð 1974, sem ríkt hefur í þingsölum um slík mál fram til þessa og minni hluti fjárveitinganefndar telur nauðsynlegt að sé um öll mál í tengslum við það hátíðarhald — frá hinu fyrsta til hins síðasta. Minni hluti fjárveitinganefndar telur, að gera eigi tilraun til þess að samræma sjónarmið þingmanna í máli þessu, og er þess fullviss að það er unnt ef haldið er á máli þessu með sama hætti og öðrum málum tengdum þjóðhátíðarhaldinu. Því gerir minni hluti fjárveitinganefndar þá **tillögu,** að þáltill. þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í því skyni, að hún sendi þingflokkunum málið til athugunar og umfjöllunar í þeim tilgangi að málið verði kannað betur af þingsins hálfu en gert hefur verið og reynt að samræma sjónarmið þingmanna innan ramma einnar og sömu tillögu um ráðstöfun hagnaðar af sölu þjóðhátíðarmyntar. Eflaust er hægt að ljúka því verki áður en þing kemur saman næsta haust, þannig að strax í upphafi næsta þings gæti niðurstaða legið fyrir Alþingi til ákvörðunar.

Fáist tillaga minni hluta fjárveitinganefndar um að þáltill. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** ekki samþykkt, áskilja flutningsmenn tillögunnar sér rétt til þess að greiða atkvæði um þær till., sem fram hafa komið eða kunna að koma, eða taka ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fram skal tekið, að Karvel Pálmason styður till. minni hlutans í fjárveitinganefnd.

Alþingi, 2. maí 1977.

Sighvatur Björgvinsson, frsm. Geir Gunnarsson.

Nd. 670. Lög [18. mál]

um skylduskil til safna.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 619.

Sþ. 671. Nefndarálit [220. mál]

um till. til þál. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna á nokkrum fundum og náðist ekki samkomulag í nefndinni. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. skipulagsskrár sjóðsins bætist: á grundvelli verðtryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Lárus Jónsson var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Helgi F. Seljan, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.	Pálmi Jónsson.
	Gunnlaugur Finnsson.	

Ed. 672. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Becker, Edward Philip, barn í Reykjavík. f. á Spáni 21. maí 1969.
2. Becker, Jacqueline Michelle, barn í Reykjavík, f. á Spáni 24. apríl 1973.
3. Kristján Jónas Kristjánsson, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. mars 1956.
4. Pétur Kristjánsson, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 31. júlí 1952.

Nd. 673. Lög [213. mál]

um Skálholtsskóla.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 592 (sbr. 433).

Nd. 674. Lög [229. mál]

um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 548.

Nd. 675. Lög [102. mál]

um tilkynningarskyldu íslenskra fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 666.

Ed. 676. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Ragnari Arnalds.

Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:
Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Skilmannahrepps og Leirár- og Melasveitar í Borgarfjarðarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni er bundin við þá, sem kosningarétt hafa til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hluti þeirra, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafnar byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.

Nd. 677. Lög [234. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 660.

Nd. 678. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Pétri Sigurðssyni.

C4 í 3. gr. síðari málsliður orðist svo:
Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að 15°45′ vesturlengdar, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Ed. 679. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.
Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Jón Árm. Héðinsson. Ragnar Arnalds skilar séráliti.

Alþingi, 3. maí 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Axel Jónsson.

Jón G. Sólnes.

Ed. 680. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1937, um samvinnufélög.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin tók frumvarpið til meðferðar á fundi sínum og leggur nefndin til að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1977.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. | Steinþór Gestsson, fundaskr. | Helgi F. Seljan, frsm.

Axel Jónsson. | Jón Helgason. | Steingr. Hermannsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 681. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það var eitt af fyrirheitum núverandi ríkisstjórnar, þegar hún hóf feril sinn, að tekjuskattslögum yrði breytt til batnaðar. Síðan hefur þetta fyrirheit verið endurtekið með jöfnu millibili. En nú er að ljúka þriðja þinginu, síðan núverandi ríkisstjórn kom til valda, án þess að nokkuð bóli á nýjum tekjuskattslögum.

Tekjuskattsfrumvarp fjármálaráðherra mun bersýnilega daga uppi í nefnd, og kemur það engum á óvart. Frumvarp ráðherrans var vanhugsað og illa undirbúið og naut ekki fylgis nema litils hluta stjórnarþingmanna, þegar það var lagt fram. Það var því ljóst frá öndverðu, að frumvarpið var fremur lagt fram til að láta skína í góðan vilja, en það átti aldrei að verða að veruleika.

Hinar fjölmörgu ívilnunarreglur, sem gert hafa fyrirtækjum fært að sleppa með að borga lítinn sem engan tekjuskatt, jafnvel þótt þau hafi mikil umsvif og góðar tekjur, munu því standa áfram í skattalögum óbreyttar, og héðan af þurfa forustumenn Sjálfstæðisflokksins ekki að hafa áhyggjur af því, að tekjuháir skattleysingjar fái skattseðla í hendur samkvæmt breyttum skattalögum, fyrr en í fyrsta lagi eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

Fjármálaráðherra hefur boðað, að beinir skattar verði hugsanlega eitthvað lækkaðir á næstunni í samræmi við væntanlegt samkomulag við aðila vinnumarkaðarins.

Er það að sjálfsögðu jákvætt, svo langt sem það nær. En ekki væri þó síður þörf á lækkun söluskatts, ef ráðherrann telur sig aflögufæran, enda hefur endurtekin hækkun söluskatts í tíð þessa ráðherra átt verulegan þátt í hinni miklu verðbólgu seinustu ára. Auk þess virðist ekki ætlunin, eins og áður er sagt, að lagfæra **misréttið** í skattalöggjöfinni samfara væntanlegri skattalækkun.

Frumvarp það, sem deildin hefur nú til afgreiðslu, er aðeins tæknileg breyting, sem nauðsyn ber til að gera á núgildandi lögum vegna nýs fasteignamats og miðar að óbreyttri álagningu skatta þrátt fyrir nýtt mat, en þessu var einmitt heitið, þegar lögin um fasteignamatið voru samþykkt.

Ég tel óviðunandi með öllu, að ekki sé reynt að koma í veg fyrir við álagningu skatta á þessu ári, að fjöldamörg fyrirtæki sleppi með að borga lítinn sem engan tekjuskatt, enda þótt þau hafi háar tekjur. Ég legg því til, að við afgreiðslu þessa frumvarps verði tækifærið notað til að fylla a. m. k. að einhverju leyti upp í þessa glufu tekjuskattslaga, en það verður helst gert með breytingum á fyrningaákvæðum laganna.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ný lög um tekjuskatt og eignarskatt, sem fella lög þessi úr gildi, hafa ekki verið samþykkt, ber að miða árlega fyrningu eigna í atvinnurekstri við eðlilegan fyrningatíma eigna, sbr. 1. mgr. C-liðar 15. gr., en ákvæði um verðhækkunarstuðul og flýtifyrningu, sbr. 6. mgr. C-liðar og 1. mgr. D-liðar sömu greinar, koma ekki til framkvæmda.

Alþingi, 3. maí 1977.

Ragnar Arnalds.

Nd. 682. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja o. fl.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Minni hl. nefndarinnar ætlar harðlega, að þetta mál skuli ekki koma til umræðu fyrr en raun ber vitni og ekki til meðferðar í nefnd fyrr en daginn fyrir þinglausnir. Minni hlutinn lítur svo á, að þessi málsmeðferð sé aðeins viðhöfð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að málið geti fengið eðlilega athugun, og í raun til þess eins að svæfa það.

Það er skoðun minni hl. n., að sími sé svo nauðsynlegt öryggistæki fyrir aldraða og öryrkja, að ekki verði undan því vikist að hið opinbera hlaupi undir bagga með þeim, sem minnst hafa efnin til að hafa slíkt tæki.

Minni hl. telur, að síðari hluti tillögunnar feli í sér skynsamlega stefnumótun í því skyni að létta ferðakostnað þeirra verst settu í þjóðfélaginu og síst of fast að orði kveðið, þar sem segir: „að fela ráðherra að beita sér fyrir“ úrlausn í því sanngirnismáli.

Minni hluti n. mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 3. maí 1977.

Garðar Sigurðsson, frsm. Karvel Pálmason.

Nd. 683. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar skamma stund. Málinu var vísað til nefndarinnar s. l. laugardag, 30. apríl. Efni tillögunnar er það að fela samgönguráðherra að gefa út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur. Einnig er ráðherra falið að beita sér fyrir því, að sömu aðilar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum.

Lög þau, sem vitnað er í skv. tillögugreininni, eru lög um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti. Voru þau samþykkt á Alþingi 16. maí 1975. Í þeim lögum segir svo: „Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.“ — Hér er m. ö. o. skorað á samgönguráðherra að beita heimild, sem fyrir hendi er í lögum. Í ræðu, sem hæstv. samgönguráðherra flutti í Ed. 25. f. m., kom fram, að hann teldi þessi mál á margan hátt erfið úrlausnar. Jafnframt lýsti hann því yfir, að orðið hefði að samkomulagi milli sín og þriggja annarra ráðherra, er þessi mál heyra undir, að láta fjalla um þau sameiginlega, m. ö. o. hafi fjögur ráðuneyti: fjármála-, menntamála-, samgöngu- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti bundist samtökum um að skipa nefnd hinna færustu manna til að fjalla um þessi mál, sameina alla þætti og finna leið til þess að greiða úr þeim á sanngjarnan og eðlilegan hátt.

Með hliðsjón af framanrituðu og í trausti þess, að fundin verði réttlát lausn á þessum málum hið allra fyrsta, leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Minni hluti nefndarinnar mun væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 3. maí 1977.

Friðjón Þórðarson, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Páll Pétursson.
	Stefán Valgeirsson.	

Ed. 684. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir eina umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 506 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

C4 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00′0 V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að 15°45′ vesturlengdar, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Sþ. **685. Þingsályktun** [174. mál]

um atvinnumál öryrkja.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta útbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um atvinnumál öryrkja. Skal frumvarpið miða að því að fólk með skerta starfsgetu fái tækifæri til vinnu við sitt hæfi, annaðhvort á sérstökum vinnustöðum á vegum ríkis og sveitarfélaga eða með því að opna þeim aðgang að hinum almenna vinnumarkaði með sérstökum ráðstöfunum.

Sþ. **686. Þingsályktun** [52. mál]

um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðaráætlun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, bæði stofn- og dreifilínur. Áætlunin verði miðuð við það, að á næstu 4—6 árum verði byggt upp fullnægjandi línukerfi, svo að hægt verði að anna eftirspurn eftir raforku til iðnaðar, húshitunar og annarra nota með nægjanlegu öryggi fyrir notendur um allt land.

Sþ. **687. Þingsályktun** [189. mál]

um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 380.

Nd. **688. Leiklistarlög.** [21. mál]

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 21.

Ed. **689. Lög** [15. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 684 (sbr. 506).

Ed. 690. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni.

Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:

Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Akraness, Borgarfjarðarsýslu og Kjósar- og Kjalarneshreppa í Kjósarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni er bundin við þá, sem hafa kosningarétt til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hluti þeirra, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafnar byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.

Ed. 691. Lög [129. mál]

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 187.

Nd. 692. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahsan, Ikram, verkamaður í Kópavogi, f. á Indlandi 29. október 1947.
2. Árskóg, Gestur Jóhannes, barn á Dalvík, f. í Englandi 2. júlí 1967.
3. Ballestad, Tore Lie, arkitekt í Reykjavík, f. í Noregi 16. júlí 1944. Fær réttinn 1. júní 1977.
4. Bartlett, Thomas Henry, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 2. ágúst 1940.
5. Becker, Edward Philip, barn í Reykjavík, f. á Spáni 21. maí 1969.
6. Becker, Jacqueline Michelle, barn í Reykjavík, f. á Spáni 24. apríl 1973.
7. Blöndal, Stefán Patrik, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 28. júní 1976.
8. Bocchino, Stefán Þór, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 22. febrúar 1961.
9. Brown, Elizabeth Anna, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
10. Brynjar Þór Þorsteinsson, barn í Hafnarfirði, f. í Noregi 20. maí 1970.
11. Chan, Sonja Arna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 30. júní 1976.
12. Dam, Edith, húsmóðir á Reynisbrekku í Mýrdal, f. í Færeyjum 14. mars 1938.
13. Damjanowitch, Martina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 29. apríl 1955.
14. Guðjónsson (f. Davidsen), Gynda Maria, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 26. ágúst 1923.
15. Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 30. september 1974.
16. Heide, Paul Reynir, úrsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1952.
17. Helgeland, Tordis Lillian, húsmóðir á Dalvík, f. í Noregi 18. ágúst 1937.

18. Jacobsen, Birgitta Þorkels, verkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 22. október 1952.
19. Jepson, Dóra Ingunn, f. á Íslandi 17. október 1962.
20. Johannesen, Jona Alvilda Gertrud, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 21. febrúar 1940.
21. Karl Jóhann Ingólfsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 12. febrúar 1964.
22. Kristján Jónas Kristjánsson, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. mars 1956.
23. Kulp, Georg, nemandi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 7. ágúst 1960.
24. Lilaa, Jonhild Franciska, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 23. júní 1919.
25. McDougall, William, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Skotlandi 12. nóvember 1932.
26. Magnús Þorgeirsson, barn á Ólafsfirði, f. í Vestur-Þýskalandi 17. febrúar 1972.
27. Meyer, Dieter, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 16. mars 1953.
28. Olesen, Kim Svanberg, sjómaður á Seyðisfirði, f. í Danmörku 28. júní 1961.
29. Pedersen, Dagny Ingeborg Graversen, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 8. október 1926.
30. Pétur Kristjánsson, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 31. júlí 1952.
31. Phillips, Margaret Ann, húsmóðir í Rangárvallasýslu, f. í Englandi 14. janúar 1937.
32. Poulsen, Joen Henrik, vélstjóri í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. janúar 1908.
33. Purkhús, Jógvan Martin, verslunarmaður á Akureyri, f. í Færeyjum 12. mars 1943.
34. Rossen, Eigil Martin Steen, verkstjóri í Stykkishólmi, f. í Danmörku 27. nóvember 1945.
35. Rusnak, Edward Felix, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1961.
36. Rusnak, Robert Michael, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 27. apríl 1960.
37. Ryan, Elín Mazelma, póstfreyja í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. ágúst 1954.
38. Samuelsen, Lily Guldborg Jellöj, húsmóðir á Suðureyri, f. í Færeyjum 29. júní 1937.
39. Sardar, Mohammad, iðnverkamaður í Garðabæ, f. í Sýrlandi 8. janúar 1943.
40. Sarinana, Thalia Garcia-Marin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Mexíkó 5. mars 1935.
41. Schuman, Lothar Günter Heinrich Franz, námsmaður í Reykjavík, f. í Þýskalandi 16. september 1956.
42. Shafiee, Mohammad, háskólanemi í Revkjavík, f. í Íran 26. júní 1926. Fær réttinn 6. júní 1977.
43. Sigríður Guðrún Sigurðardóttir, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 7. september 1975.
44. Ström, Jastrid Olina Susanna, húsmóðir á Akurevri, f. í Færeyjum 8. júlí 1928.
45. Touati, Mohand, landbúnaðartæknifræðingur í Reykjavík, f. í Frakklandi 26. ágúst 1952.
46. Winkler, Patrik Harvey, verkamaður í Keflavík, f. í Þýskalandi 7. janúar 1952.
47. Yoon, Eun Ah, barn í Bessastaðahreppi, f. í Suður-Kóreu 27. janúar 1975.
48. Zalewski, Kristofer Oliversson, námsmaður í Revkjavík, f. á Íslandi 1. júlí 1951.
49. Þorbjörg Jóhannsdóttir, barn í Revkjavík, f. í Vestur-Þýskalandi 13. febrúar 1973.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **693. Lög** [236. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 576.

Ed. **694. Lög** [168. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 331.

Sþ. **695. Þingsályktun** [205. mál]

um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að gera nú þegar framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja.

Sþ. **696. Þingsályktun** [220. mál]

um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að setja Þjóðhátíðarsjóði þá skipulagsskrá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Sjóðurinn heitir Þjóðhátíðarsjóður.

Stofnfé hans er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

Forsætisráðuneytið hefur í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dómsmálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands samið eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 300 000 000 — þrjú hundruð milljónir króna —, sem er ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu þjóðhátíðarmyntar í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárupphæðum, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæmustu kjörum á grundvelli verðtryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

a) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs.
b) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns.

Að öðru leyti úthlutar stjórn sjóðsins ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi við megintilgang hans, og komi þar einnig til álita viðbótarstyrkir til þarfa, sem getið er í liðum a) og b).

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum, er sjóðsstjórn ákveður. Úthlutun styrkja skal fara fram árlega og tilkynning um hana birt opinberlega.

6. gr.

49. Menntmrn. sendir erindi Hafrannsóknastofnunarinnar frá 19. okt. þar sem farið er fram á að veittar verði 1.2 millj. kr. í fjárl. 1977 vegna kostnaðar við námskeið fyrir starfandi náttúrufræðikennara um hafið, lífheim þess og nýtingu. – Bréf 6. des. (Db. 677).
50. Menntmrn. sendir skrá yfir styrki sem ráðuneytið hefur úthlutað árið 1976 skv. fjárlagalið 102–101–1010. – Bréflaust. (Db. 508).
51. Menntmrn. fer fram á að veittar verði 1 080 þús. kr. skv. fjárl. 1977 til að greiða kostnað við endurmenntunarnámskeið menntaskólakennara, sbr. kjarasamning frá 1. júní 1976. – Bréf 29. nóv. (Db. 506).
52. Menntmrn. fer fram á að veitt verði fé í fjárl. 1977 í samræmi við tillögur ráðuneytisins vegna greiðslu kostnaðar við endurskoðun námsefnis fyrir grunnskóla, framhaldsskóla o. fl. – Bréf 3. des. (Db. 610).
53. Menntmrn. fer fram á að veittar verði 64 654 þús. kr. skv. fjárl. 1977 til að greiða kostnað við fræðsluskrifstofur. – Bréf 7. des. (Db. 609).
54. Menntmrn. fer fram á að veitt verði fé í fjárl. 1977 til umferðarfræðslu í skólum. – Bréf 7. des. (Db. 604).
55. Menntmrn. sendir fjvn. yfirlit um framlög og styrki til ýmissa aðila frá árinu 1970 og skýrir frá ýmsum umsóknum sem borist hafa frá því að ráðuneytið sendi tillögur sínar. – Bréf 6. des. (Db. 596).

56. Menntmrn. skýrir frá að unnið sé að endurskoðun og endurskipulagningu framhaldsskólastigisins með sérstöku tilliti til verkmenntunar í ýmsum skólum. Sé kostnaður áætlaður 5 millj. kr. 1977. Fer ráðuneytið fram á fjárveitingu í fjárl. 1977 sem því nemur. – Bréf 15. nóv. (Db. 395).
57. Myndlistaskólinn í Reykjavík. Skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík fer fram á að skólanum verði veittar 2.5 millj. kr. í fjárl. 1977. – Bréf 27. okt. (Db. 277).
58. Náttúrufræðistofnun Íslands. Hagsýslustjóri sendir erindi menntmrn. vegna óska Náttúrufræðistofnunar um fjárveitingu skv. fjárl. 1977 að upphæð 432 928 kr. – til lúkningar skuld við Innkaupastofnun ríkisins. – Bréf 19. okt. (Db. 387).
59. Rannsóknaráð ríkisins. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins sendir fjvn. bréf varðandi fjárveitingar til ráðsins skv. fjárl. 1977. – Bréf 28. okt. (Db. 300).
60. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins ritar fjvn. bréf varðandi málefni Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. – Bréf 28. okt. (Db. 299).
61. Rannsóknastofnanir á Keldnaholti. Stjórn Samreksturs Keldnaholti, þ. e. forstöðumenn rannsóknastofnana og Orkustofnunar, fer fram á að tilteknar breytingar verði gerðar á fjárveitingum til stofnananna skv. fjárl. 1977. – Bréf 9. des. (Db. 642).
62. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum. Guðmundur Karlsson fer fram á að Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík verði veittar 2 millj. kr. í fjárl. 1977 til að greiða laun fiskifræðings sem starfi í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum sem fiskvinnslustöðvarnar þar reka. – Bréf 2. ágúst. (Db. 78).
63. Rannsóknastofnanir iðnaðarins og byggingariðnaðarins. Iðnrn. fer fram á að veittar verði tilteknar fjárhæðir skv. fjárl. 1977 vegna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins. – Bréf 3. des. (Db. 734).
64. Rannsóknastofnun iðnaðarins. Forstöðumaður Rannsóknastofnunar iðnaðarins sendir fjvn. starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir árið 1977. – Bréf 3. júní. (Db. 356).
65. Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Pálmi Pétursson fer fram á að veitt verði fé til að greiða laun aðstoðarstúlku í mötuneyti á Keldnaholti. – Bréf 4. nóv. (Db. 284).
66. Raunvísindastofnun Háskólans. Formaður stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans fer fram á að tilteknir liðir í frv. til fjárl. ársins 1977 hækki. – Bréf 8. nóv. (Db. 332).
67. Formaður stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans gerir tilteknar athugasemdir við fjárveitingu til stofnunarinnar skv. frv. til fjárl. 1977. – Bréf 8. nóv. (Db. 357).
68. Reykjavíkurflugvöllur. Samgrn. sendir erindi flugmálastjórnar sem fer fram á að tiltekin leiðrétting verði gerð á tillögum um fjárveitingar skv. fjárl. 1977 (rekstrargjöld Reykjavíkurflugvallar hækki um 2.6 millj. kr.). – Bréf 19. okt. (Db. 235).
69. Ríkisútgáfa námsbóka. Menntmrn. ritar fjvn. bréf varðandi málefni Ríkisútgáfu námsbóka og nauðsyn skipulagsbreytinga hjá stofnuninni og hækkun á fjárveitingum í fjárl. til hennar. – Bréf 9. des. (Db. 643).
70. Sauðfjárveikivarnir. Sigurður Sigurðsson f. h. Sauðfjárveikivarna sendir fjvn. ljósrit af erindi sínu til landbrn. þar sem tilteknar athugasemdir eru gerðar við frv. til fjárl. fyrir árið 1977 að því er varðar fyrirhugaða lækkun á fjárveitingu til varnanna frá áætlun þeirra. – Bréflaust. (Db. 415).
71. Sjómælingar Íslands. Dómsmrn. sendir erindi Sjómælinga Íslands frá 4. nóv. varðandi fjárveitingar til stofnunarinnar í fjárl. 1977. – Bréf 9. nóv. (Db. 348).
72. Sýslumannsembætti í Barðastrandarsýslu. Sýslumaður Barðastrandarsýslu sendir fjvn. afrit af erindi sínu til dómsmrn. varðandi heimild til að ráða löglærðan fulltrúa við embættið og tillögur um fjárveitingar til embættis síns í fjárl. 1977. – Bréflaust. (Db. 479).

73. Sýslumannsembætti í Húnavatnssýslu. Dómsmrn. sendir erindi sýslumanns Húnavatnssýslu sem fer fram á að heimilað verði að fjölga starfsmönnum við embætti hans. – Bréf 7. des. (Db. 738).
74. Sýslumannsembætti í Vík í Mýrdal. Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu fer fram á að fjárveiting skv. fjárl. 1977 vegna sýslumannsbústaðar í Vík í Mýrdal hækki í 2 millj. 960 þús. kr. – Bréf 8. des. (Db. 621).
75. Dómsmrn. sendir erindi sýslumannsins í Vík í Mýrdal varðandi fjárveitingu í fjárl. 1977 vegna viðhalds á sýslumannsbústaðnum í Vík í Mýrdal. – Bréf 9. des. (Db. 736).
76. Upptökuheimili ríkisins. Formaður stjórnarnefndar Upptökuheimilis ríkisins fer fram á að fjárveiting vegna heimilisins hækki um 7 millj. 556 þús. kr. frá því sem fyrirhugað er skv. fjárlagafrv. – Bréf 20. nóv. (Db. 432).
77. Viðhald sjómannaskólahúss. Skólastjórar Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík fara fram á að fjárveitingar skv. fjárl. 1977 vegna reksturs og viðhalds sjómannaskólahúss verði færðar til samræmis við tillögur þeirra, þ. e. að fyrri liðurinn verði 26 millj. 448 þús. kr. og sá síðari 38 millj. 300 þús. kr. – Bréf 23. nóv. (Db. 434).
78. Vitamálastjóraembættið. Samgrn. sendir erindi vitamálastjóra varðandi fjárlagafrv. 1977. – Bréf 10. nóv. (Db. 349).
79. Vísindasjóður. Stjórn Vísindasjóðs fer fram á að veittar verði 25 millj. kr. í fjárl. 1977 til viðbótar við aðra fjárveitingu til sjóðsins vegna kandidatastyrkja. – Bréf ódagsett. (Db. 342).
80. Guðmundur Pétursson, f. h. Vísindasjóðs, sendir leiðréttingu á villu sem slæddist inn í erindi sjóðsins til fjvn. 11. nóv. Í stað „34 kandidatastyrki“ komi: 114 kandidatastyrki. – Bréf 17. nóv. (Db. 408).
81. Þjóðleikhús. Menntmrn. sendir og mælir með erindi þjóðleikhússtjóra þar sem farið er fram á að veittar verði 10 millj. kr. í fjárl. 1977 til kaupa á nýju ljósakerfi fyrir Þjóðleikhúsið og að heimilað verði að fella niður aðflutningsgjöld af ljósakerfinu. – Bréf 27. okt. (Db. 251).
82. Hagsýslustjóri sendir erindi menntmrn. vegna beiðni ljósameistara Þjóðleikhússins um fjárveitingu í fjárl. 1977 til að endurnýja ljósakerfi leikhússins. – Bréf 19. okt. (Db. 400).
83. Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðminjavörður sendir fjvn. til athugunar ljósrit af grg. sem send var með beiðni Þjóðminjasafns um fjárveitingar skv. fjárl. 1977. – Bréf 3. nóv. (Db. 276).
84. Æskulýðsfulltrúi. Æskulýðsfulltrúi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna sumarbúða Þjóðkirkjunnar, til greiðslu launa æskulýðsfulltrúa Þjóðkirkjunnar og fjárveitinga vegna æskulýðsstarfs. – Bréf 1. des. (Db. 613).

Fjármálaráðuneyti. sjá: Bygging fyrir Gjaldheimtuna, Endurgreiðsla þinglýsingar- og stimpilgjalda af lánsskjölum vegna kaupa á ms. Herjólfi 1, Kjaradeilunefnd, Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, Tollskrá 1–4, Umferðarlög 3–4.

Fjárveiting til Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. Skólameistari og formaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja fara fram á að kostnaðarliðir, er skólann varða, í frv. til fjárl. 1977 verði endurskoðaðir í samráði við þá. – Bréf 26. okt. (Db. 228).
2. Skólameistari og formaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja fara fram á að fjárveiting til skólans skv. fjárl. 1977 verði 148 millj. 275 þús. kr. – þar af laun 55 millj. kr., rekstrarkostnaður 13 millj. 275 þús. kr. og stofnkostnaður 80 millj. kr. Jafnframt er vísað til fyrri bréfa og viðtala um málefni skólans. – Bréf 26. nóv. (Db. 488).

Fjárveiting til Lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga. Umsjónarnefnd eftirlauna fer fram á að veittar verði 77.5 millj. kr. í fjárl. 1977 til Lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga í stað 60 millj. kr. eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. – Bréf 26. nóv. (Db. 477).

Fjárveiting til líffræðirannsókna í Þingvallavatni. Forstöðumaður líffræðirannsókna í Þingvallavatni gerir tilteknar athugasemdir við fjárveitingu skv. fjárl. 1977 til líffræðirannsóknanna. – Bréf 11. nóv. (Db. 399).

Fjárveiting til Myndlistaskólans á Akureyri. Stjórn Myndlistaskólans á Akureyri sendir fjárhagsáætlun skólans fyrir árin 1976 og 1977 og vonar að fjvn. bæti úr brýnustu þörfum hans. – Bréf ódagsett. (Db. 585).

Fjárveiting til Sjúkrahúss Vestmannaeyja. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum fer fram á að hækkað verði framlag til Sjúkrahúss Vestmannaeyja skv. fjárl. 1977. – Símskeyti 20. des. (Db. 708).

Fjárveiting til strandstöðva Landssíma Íslands. Stjórn Slysavarnafélags Íslands sendir ályktun landsþings S.V.F.Í. 30. apríl. – 2. maí 1976 þar sem því er mótmælt að fjárveitingar til strandstöðva Landssíma Íslands séu skornar niður og skorað á fjvn. að bæta úr því með fjárveitingum í fjárl. 1977. – Bréf 5. nóv. (Db. 308).

Fjárveiting vegna frágangs lóðar læknisbústaðarins á Selfossi. Formaður stjórnar Selfosslæknishéraðs fer fram á að veittar verði 1.5 millj. kr. skv. fjárl. 1977 vegna frágangs á lóð og girðingu læknisbústaðarins á Selfossi. – Bréf 30. sept. (Db. 166).

Fjárveiting vegna Menntaskólans í Kópavogi. Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi fer fram á að veittar verði 6 millj. kr. í fjárl. 1977 vegna undirbúningsvinnu áður en hafist verður handa um byggingu fyrir starfsemi skólans. – Bréf 8. nóv. (Db. 298).

Fjárveiting vegna skólanna á Laugarvatni. Formaður skólastjóraráðs Laugarvatns fer fram á að fjárveiting í fjárl. 1977 til sameigna skólanna á Laugarvatni verði í samræmi við tillögur, þ. e. 24 millj. kr. – Bréf 20. nóv. (Db. 423).

Fjárveiting vegna tjóns sem varð við jarðskjálfta í Presthóla-, Öxarfjarðar- og Kelduneshreppum 1975 og 1976.

1. Hagsýslustjóri sendir erindi félmrn. um fjárveitingu í fjárl. 1977 að upphæð 70–80 millj. kr. til að bæta það tjón sem varð af völdum jarðskjálfta í Presthóla-, Öxarfjarðar- og Kelduneshreppum í des. 1975 og jan. 1976. – Bréf 19. okt. (Db. 403).
2. Þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra fara fram á að orðið verði við óskum félmrn. um að veittar verði 70–80 millj. kr. í fjárl. 1977 til að bæta tjón það sem varð í jarðskjálftum í Þingeyjarsýslum í janúar. – Bréf 22. nóv. (Db. 449).

Fjárveiting vegna Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans.

1. Ingólfur Stefánsson sendir ályktanir formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 4.–5. des. þar sem skorað er á Alþingi að koma til móts við óskir og þarfir Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans um fjárveitingar og jafnframt er skorað á Alþingi að samþykkja till. til þál. um nýtingu á lifur og hrognum (32. mál). – Bréf 8. des. (Db. 618).
2. Ingólfur Stefánsson sendir ályktun formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 4.–5. des. um málefni Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans svo og um till. til þál. um nýtingu á lifur og hrognum (32. mál). – Bréf 8. des. (Db. 620).

– Sjá einnig Nýting á lifur og hrognum.

Fjórðungssamband Norðlendinga, sjá: Grasköggla framleiðsla á Norðurlandi, Skipan opinberra framkvæmda 3, Varanleg gatnagerð í þéttbýli 2.

Fjölbrautaskólar. Fjmrn. sendir álitsgerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnað vegna frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla (19. mál). – Bréf ódagsett. (Db. 521).

Fjölbrautaskóli Suðurnesja, sjá: Bygging, Fjárveitingar til.
Fjölbýlishús.
1. Umsögn Húsnæðismálastofnunar ríkisins um frv. til l. um fjölbýlishús (222. mál 1973). – Bréf 24. apríl. (Db. 669).
2. Þrjátíu íbúar í fjölbýlishúsinu að Kríuhólum 4 mótmæla lögum um fjölbýlishús sem sett voru í maí 1976. – Bréf 11. febr. (Db. 1181).

Flatey á Breiðafirði, sjá Endurbætur og viðhald kirkjunnar í.
Flatey á Mýrum, sjá Sala heykögglaverksmiðju á.
Flateyri, sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 15–16, Kaup á læknisbústað fyrir.
Fljótsdalsáætlun, sjá Styrkur vegna skógræktar.
Flóabátaferðir.
1. Breiðafjarðarbátur. Guðmundur Lárusson fer fram á f. h. Flóabátsins Baldurs hf. að veittur verði 35 millj. kr. rekstrarstyrkur vegna Breiðafjarðarbáts og 5 millj. kr. til greiðslu skuldar við Byggðasjóð. – Bréf 26. nóv. (Db. 509).
2. Faxaflóabátur. Framkvæmdastjóri Skallagríms hf. fer fram á að veittur verði 30 millj. kr. styrkur skv. fjárl 1977 vegna reksturs ms. Akraborgar og jafnframt sendir hann reikninga hlutafélagsins o. fl. – Bréf 29. nóv. (Db. 481).
3. Hríseyjarbátur. Oddviti Hríseyjarhrepps fer fram á að veittur verði 1 600 þús. kr. styrkur vegna Hríseyjarbáts. – Bréf 27. okt. (Db. 250).
4. Oddviti Hríseyjarhrepps sendir samvn. samgm. fjárhagsáætlun Hríseyjarferjunnar fyrir árið 1977. – Bréflaust. (Db. 375).
5. Samgrn. leggur til að veittar verði 15 millj. kr. skv. fjárl. 1977 vegna smíði eða kaupa á nýjum Hríseyjarbát. – Bréf 29. nóv. (Db. 549).
6. Langeyjarnesbátur. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., og Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., fara fram á f. h. Eggerts Björnssonar að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1977 vegna reksturs Langeyjarnesbáts. – Bréf 10. des. (Db. 647).
7. Mjóafjarðarbátur. Oddviti Mjóafjarðarhrepps fer fram á að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1977 vegna Mjóafjarðarbáts. – Bréf 9. des. (Db. 611).
8. Mýrabátur. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., og Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., fara fram á að veittur verði 30 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1977 vegna Mýrabáts. – Bréf 10. des. (Db. 648).
9. Norðurlandsbátur. Framkvæmdastjóri Flóabátsins Drangs hf. sendir reikninga félagsins fyrir árið 1975 ásamt uppgjöri og áætluðum rekstri til ársloka 1976 og gerir grein fyrir fjárþörf vegna reksturs bátsins. – Bréf 19. nóv. (Db. 413).
10. Vestmannaeyjabátur. Friðrik Óskarsson fer fram á f. h. Herjólfs hf. að veittar verði 41 millj. 850 þús. kr. í fjárl. 1977 til greiðslu á rekstrarhalla ms. Herjólfs. – Bréf 16. okt. (Db. 253).

Flókalundur, sjá Styrkur vegna hótelanna Bjarkarlundar og.
Flugáhugamenn, sjá Styrkur vegna starfsemi.
Flugbjörgunarsveit Akureyrar, sjá Styrkur til.
Flugfélag Austurlands, sjá Styrkur til.
Flugfélagið Ernir hf., sjá Styrkur til.
Flugmálastjóraembætti, sjá: Fjárlög 1977 16, 68, Styrkur vegna starfsemi flugáhugamanna.
Flugstöðin hf., sjá Styrkur til.
Flugvallanefnd, sjá Álit.
Flutningastyrkur vegna mjólkurflutninga í Önundarfirði. Formaður Mjólkursamlags Ísfirðinga fer fram á að veittur verði sérstakur styrkur skv. fjárl. 1977 vegna mjólkurflutninga fyrir bændur í Önundarfirði. – Bréf 11. des. (Db. 630).

Flutningastyrkur vegna Vestur-Skaftafellssýslu. Sýslumaður Skaftafellssýslu fer fram á að styrkur vegna flutninga í sýslunni skv. fjárl. 1977 hækki verulega frá því sem nú er. – Bréf 9. des. (Db. 617).

Flúorblöndun vatns. Sigurður Herlufsen sendir ýmsar upplýsingar og bæklinga um skaðsemi flúorblöndunar vatns. – Bréf 18. febr. (Db. 934).

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, sjá Styrkur til.

Fornihvammur, sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 1.

Forsætisráðuneyti, sjá: Fjárlög 1977 18–19, Framhaldsfundir Alþingis, Meðferð geymdra fjárveitinga, Samkomudagur Alþingis, Starfsemi mötuneyta á vegum ríkisins, Umboðsmaður Alþingis.

Frakkland, sjá Þingmannaheimsókn frá.

Framhaldsfundir Alþingis. Ráðuneytisstjóri forsrn. tilkynnir að gefið hafi verið út forsetabréf er kveðji Alþingi saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. janúar 1977. – Bréf 10. jan. (Db. 775).

Framkvæmd dómsmála, sjá Skipun sérstakrar þingnefndar til að kanna.

Framkvæmd skattalaga. Fjmrn. sendir álitsgerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnað vegna till. til þál. um framkvæmd skattalaga (33. mál). – Bréf ódagsett. (Db. 531).

Framkvæmd vegáætlunar. Samgrn. sendir forseta Sþ. skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1976. – Bréf 21. mars. (Db. 1016).

Framkvæmdastofnun ríkisins.

1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins (190. mál). – Bréf 22. apríl. (Db. 1132).
2. Umsögn veiðimálastjóra um sama frv. – Bréf 3. maí. (Db. 1186).

– Sjá einnig: Brú yfir Ölfusá 1.

Framkvæmdir við Aðaldalsflugvöll. Oddviti Skútustaðahrepps sendir ályktun hreppsnefndarinnar þar frá 26. nóv. varðandi nauðsyn framkvæmda við Aðaldalsflugvöll. – Bréf 29. nóv. (Db. 560). – Sjá einnig Húsavíkurflugvöllur.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 8, Fjárlög 20, Tollskrá o. fl. 5.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, sjá Vinnsla verðmæta úr sláturúrgangi 1.

Friðjón Þórðarson, sjá: Flóabátaferðir 6, 8, Heilsugæslustöð í Stykkishólmi, Styrkur vegna snjóbíls- og vetrarferða 15.

Frjálsíþróttasamband Íslands, sjá Styrkur til.

Fræðsla og þáttur fjölmiðla í þágu áfengisvarna.

1. Umsögn Áfengisvarnaráðs um till. til þál. um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna (89. mál). – Bréf 28. febr. (Db. 927).
2. Umsögn Landssambandsins gegn áfengisbölinu um sömu till. til þál. – Bréf 4. mars. (Db. 948).

– Sjá einnig Varnir gegn óréttmætum verslunarháttum 2.

Fræðsluskrifstofa í Norðurlandsumdæmi eystra. Bæjarstjórinn á Akureyri sendir útskrift úr gerðabók skólanefndar Akureyrar um málefni fræðsluskrifstofu í Norðurlandsumdæmi eystra. – Bréf 15. des. (Db. 682).

Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis.

1. Bæjarritarinn í Kópavogi sendir ályktun bæjarstjórnar Kópavogs 12. nóv. vegna fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis. – Bréf ódagsett. (Db. 409).
2. Sveitarstjóri Mosfellshrepps lýsir ánægju hreppsnefndarinnar yfir því að fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis hafi tekið til starfa og skorar á Alþingi að tryggja fjárveitingu skv. fjárl. 1977 svo að skrifstofan geti starfað með eðlilegum hætti skv. lögum. – Bréf 18. nóv. (Db. 441).
3. Fræðslustjóri Reykjanesumdæmis sendir ályktun fundar fræðsluráðs Reykjanes-

umdæmis 16. nóv. þar sem m. a. er skorað á stjórnvöld að tryggja fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis nægilegt rekstrarfé. – Bréf 25. nóv. (Db. 483).

4. Formaður Samstarfsnefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum skýrir frá að nefndin fagni stofnun fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis en leggi ríka áherslu á að tryggt verði fé til reksturs hennar. – Bréf 30. nóv. (Db. 574).

Fræðsluskrifstofa Vesturlands.

1. Fræðsluráð Vesturlands sendir ályktun þings Kennarasambands Vesturlands, sem haldið var 24.–25. sept., varðandi rekstur fræðsluskrifstofu umdæmisins og harmar þann fjárskort sem hún býr við. – Bréf 25. nóv. (Db. 467).
2. Fræðslustjóri Vesturlands sendir dagskrá og skýrslu fundar fræðsluráðs Vesturlands með skólastjórum og yfirkennurum og formönnum skólanefnda á Vesturlandi sem haldinn var í Borgarnesi 19. nóv. – Bréf ódagsett. (Db. 478).

Fræðsluskrifstofur, sjá Fjárlög 1977 53.

Fuglaveiðar og fuglafriðun.

1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1960, um fuglaveiðar og fuglafriðun (43. mál). – Bréf 25. nóv. (Db. 468).
2. Umsögn Finns Guðmundssonar fuglafræðings um sama frv. – Bréf 25. nóv. (Db. 466).

Fullorðinsfræðsla. Fjmrn. sendir álitsgerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnað vegna frv. til l. um fullorðinsfræðslu (22. mál). – Bréf ódagsett. (Db. 516).

Fundur bókavarða þjóðþinga á Norðurlöndum.

1. Bókavörður bókasafns danska þingsins sendir dagskrá fundar bókavarða þjóðþinganna sem halda á í Kaupmannahöfn 25.–27. ágúst. – Bréf 19. maí. (Db. 71).
2. Lárus Blöndal bókavörður Alþingis sendir skýrslu um 24. fund þingbókavarða Norðurlanda ásamt fskj. – Bréf ódagsett. (Db. 505).

Fyrirhleðsla í Litlu-Laxá. Eiríkur Jónsson fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna fyrirhleðslu í Litlu-Laxá í landi jarðarinnar Berghyls. – Bréf 20. okt. (Db. 292).

Fyrirhleðslur í Fjarðará og Þverá í Borgarfirði eystra. Oddviti Borgarfjarðarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna fyrirhleðslna í Fjarðará og Þverá í Borgarfirði eystra. – Bréf 3. nóv. (Db. 291).

Fyrirhleðslur í Klifandi og Hafursá í Dyrhólahreppi. Formaður Vatnafélagsins Landvörn fer fram á að veittar verði 5 millj. kr. skv. fjárl. 1977 vegna fyrirhleðslna í árnar Klifandi og Hafursá í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. – Bréf 22. ágúst. (Db. 236).

Fyrirspurn Alberts Guðmundssonar um þingsköp. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv., gerir fyrirspurn um hvort fjvn. hafi farið að lögum um þingsköp þegar hún heimilaði fulltrúa Samtaka frjálslyndra og vinstri manna setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt. – Bréf 29. okt. (Db. 244).

Fæðingarorlof, sjá Atvinnuleysistryggingar.

Fæðingarorlof allra kvenna. Formaður Stéttarsambands bænda sendir ályktun aðalfundar sambandsins varðandi fæðingarorlof allra kvenna. – Bréf 6. okt. (Db. 150).

Fæðingarorlof sveitakvenna. Gunnar Guðbjartsson sendir ályktun stjórnar Stéttarsambands bænda frá 23. mars þar sem skorað er á Alþingi að lögfesta afdráttarlaust ákvæði um fæðingarorlof sveitakvenna. – Bréf 30. mars. (Db. 1074–1075).

Garður í Gerðahreppi, sjá Bygging heilsugæslustöðvar í.

Garðyrkjufélag Íslands, sjá Styrkur til.

Geðdeild Landsspítalans, sjá Bygging.

Geðsjúkir, sjá Málefni.

Geirþrúður H. Bernhöft, sjá Varaþingmenn 4–7.

Gerðahreppur, sjá Sjóvarnargarðar í.
Gestur hf., sjá Styrkur vegna hótelanna.
Gils Guðmundsson, sjá Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.
Gjaldheimtan í Reykjavík, sjá Bygging fyrir.
Gjöf Jóns Sigurðssonar, sjá Verðlaunanefnd.
Grasköglaframleiðsla á Norðurlandi. Framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga sendir ályktun þings sambandsins 30. ágúst um framleiðslu grasköggla. – Bréf 28. sept. (Db. 143).
Grasköglaverksmiðja á Flatey, sjá Sala.
Greiðslutilhögun ríkisframlags samkvæmt jarðræktarlögum. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun Búnaðarþings 1977 um erindi fulltrúafundar ræktunarsambanda og greiðslutilhögun ríkisframlags samkvæmt jarðræktarlögum. – Bréf 18. mars. (Db. 1013).
Grenivík, sjá: Bygging skóla á, Skólabygging á.
Grensásdeild Borgarspítalans, sjá Sundlaug við.
Grindavík, sjá Fiskimjölsverksmiðja í.
Grímseyjarflug, sjá Styrkur vegna.
Grundarfjörður, sjá: Bygging barnaheimilis í, Skólabygging í, Varanleg gatnagerð í þéttbýli 8.
Grunnskólakennarar, sjá: Íslensk stafsetning 1, Skýrsla um menntun kennara.
Grunnskóli.
1. Umsögn menntmrn. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1974, um grunnskóla (63. mál). – Bréf 6. des. (Db. 582).
2. Samband íslenskra barnakennara leggur áherslu á að lög um grunnskóla komi að fullu til framkvæmda á þeim 10 árum sem lögin gera ráð fyrir. – Bréf 26. nóv. (Db. 586).

– Sjá einnig: Fjárlög 1977 45–46, 52, Tónmenntafræðsla í.
Guðbjörg Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Guðlaugur Gíslason, sjá Endurgreiðsla þinglýsingar- og stimpilgjalda af lánsskjölum vegna kaupa á ms. Herjólfi 2.
Guðmundur Guðjónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.
Guðrún Benediktsdóttir, sjá Varaþingmenn 8–10.
Gunnar Sveinsson, sjá Varaþingmenn 25.
Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.
Gúmbjörgunarbátar, sjá Athugun á reki.
Gylfi Þ. Gíslason, sjá Varaþingmenn 2–3.

Hafdís Pétursdóttir biður um álit fossanefndar handa bókasafni Bændaskólans á Hvanneyri. – Bréf 6. okt. (Db. 147).
Hafnamálastofnun ríkisins, sjá Fjárlög 1977 21.
Hafnaraðstaða á Suðurlandi, sjá Rannsókn á.
Hafnarfjörður, sjá: Álbræðsla í Straumsvík, Hafnargerðir og lendingarbætur 17, Styrkur vegna byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna í, Málefni geðsjúkra, Styrkur til Jósefssystra, Styrkur til Sædýrasafnsins í, Þjóðvegur milli Reykjavíkur og.
Hafnargerðir, sjá Áætlanir um.
Hafnargerðir og lendingarbætur.
1. Samgrn. óskar heimildar fjvn. til að endurlána 38.5 millj. kr. til tiltekinna staða á landinu svo sem greinir í bréfi Framkvæmdasjóðs. – Bréf 8. nóv. (Db. 334).
2. Samgrn. óskar eftir samþykki fjvn. til að ráðstafa fé úr Hafnabótasjóði á tiltekinn hátt. – Bréf 11. nóv. (Db. 355).

3. Formaður Hafnasambands sveitarfélaga sendir ályktun sambandsins frá 15. nóv. vegna fjárveitinga til almennra hafna skv. frv. til fjárl. 1977. – Bréf 16. nóv. (Db. 363).
4. Formaður Hafnasambands sveitarfélaga sendir ályktun stjórnarfundar sambandsins um hafnaáætlun fyrir árin 1977–1980 og skorar á fjvn. að beita sér fyrir því að framlag til hafnargerða aukist stórlega frá því sem fyrirhugað er. – Bréf 22. mars. (Db. 1028).
5. Samgrn. fer fram á heimild fjvn. til tiltekinna ráðstafana á fé úr Hafnabótasjóði. – Bréf 23. apríl. (Db. 1155).
6. Akraneshöfn. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna ýmissa framkvæmda við Akraneshöfn. – Bréf 11. júní. (Db. 30).
7. Bæjarstjórinn á Akranesi sendir erindi Sementsverksmiðju ríkisins varðandi hafnarmannvirki Akraneshafnar. – Bréf 2. des. (Db. 559).
8. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á að kaupstaðnum verði veitt 15 millj. kr. lán úr Hafnabótasjóði vegna framkvæmda við Akraneshöfn. – Bréf 2. febr. (Db. 832).
9. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á að Hafnarsjóði Akraneskaupstaðar verði veitt 15 millj. kr. lán úr Hafnabótasjóði. – Bréf 30. mars. (Db. 1076).
10. Bolungarvík. Bæjarstjórinn í Bolungarvíkurkaupstað sendir bréf um fjögurra ára áætlun um hafnargerð 1977–1980 og vísar til bréfs frá 24. nóv. 1974 varðandi ósk um röðun framkvæmda. – Bréf 13. okt. (Db. 184).
11. Borgarfjörður eystri. Oddviti Borgarfjarðarhrepps sendir fjvn. samrit af erindi sínu til hafnamálastjóra varðandi hafnarframkvæmdir í Borgarfirði eystra á árunum 1977–1980. – Bréf 4. okt. (Db. 190).
12. Samgrn. sendir erindi oddvita Borgarfjarðarhrepps og fer fram á að fjvn. heimili að lánaðar verði 3 millj. kr. úr Hafnabótasjóði vegna hafnargerðar í Borgarfirði eystra. – Bréf 15. des. (Db. 687).
13. Djúpivogur. Sveitarstjórinn á Djúpavogi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna tiltekinna hafnarframkvæmda á Djúpavogi. – Bréf 17. sept. (Db. 128).
14. Dyrhólaey. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna hafnargerðar við Dyrhólaey. – Bréf 3. nóv. (Db. 354).
15. Flateyri. Sveitarstjóri Flateyrarhrepps vekur athygli fjvn. á því að fjárveiting skv. fjárl. 1976 vegna hafnargerðar á Flateyri hefur verið lánuð til að greiða kostnað við sjóvarnargarð á Flateyri. – Bréf 13. okt. (Db. 179).
16. Sveitarstjóri Flateyrarhrepps sendir fjvn. ályktun hreppsnefndar og hafnarnefndar hreppsins vegna tillögu Hafnamálastofnunar um hafnarframkvæmdir á Flateyri 1977–1980. – Símskeyti 9. nóv. (Db. 368).
17. Hafnarfjörður. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir fjvn. samrit af erindi sínu til hafnamálastjóra o. fl. varðandi framkvæmdir við Hafnarfjarðarhöfn á tímabilinu 1977–1980. – Bréf 8. okt. (Db. 173).
18. Hjalteyri. Samgrh. óskar samþykkis fjvn. fyrir því að unnið verði við hafnargerð á Hjalteyri fyrir lánsfé, að upphæð 10 millj. kr., sem síðan yrði endurgreitt af fjárveitingum næstu tveggja til þriggja ára. – Bréf 26. júlí. (Db. 280).
19. Húsavík. Bæjarstjórinn á Húsavík fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna framkvæmda við Húsavíkurhöfn og sendir lista yfir framkvæmdir þær sem sótt er um fé til. – Bréf 20. maí. (Db. 5.).
20. Ólafsvík. Samgrn. fer fram á heimild fjvn. til að veita 5 millj. kr. lán úr Hafnabótasjóði vegna Ólafsvíkurhafnar. – Bréf 1. des. (Db. 552).
21. Patreksfjörður. Sveitarstjóri Patrekshrepps sendir fjvn. samrit af erindi sínu til Hafnamálastofnunar ríkisins varðandi hafnarframkvæmdir á Patreksfirði á árunum 1977–1980. – Bréf 12. okt. (Db. 194).

22. Sveitarstjóri Patrekshrepps sendir fjvn. samrit af bréfi sínu til Hafnamálastofnunar ríkisins um framkvæmdir við Patreksfjarðarhöfn á árinu 1978. – Bréf 2. mars. (Db. 965).
23. Seyðisfjörður. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir afrit af erindi sínu til samgrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1977 vegna bryggjugerðar á Búðareyri og byggingar sjóvarnargarðs fyrir landi kaupstaðarins. – Bréflaust. (Db. 42).
24. Stykkishólmur. Sveitarstjórinn í Stykkishólmshreppi fer fram á að veittar verði 20 millj. 760 þús. kr. skv. fjárl. 1977 vegna hafnargerðar í Stykkishólmi. – Bréf 29. okt. (Db. 311).
25. Vatnsleysustrandarhreppur. Sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna hafnargerðar í Vogum. – Bréf 2. des. (Db. 575).
26. Vestmannaeyjar. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir fjvn. samrit af erindi varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1977 til Vestmannaeyjahafnar. – Bréf 13. okt. (Db. 168).
27. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir fjvn. útskrift úr fundargerð hafnarstjórnar Vestmannaeyja frá 22. febr. varðandi fjárveitingar í sambandi við fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir í Vestmannaeyjum. – Bréf 11. mars. (Db. 985).

Hafnasamband sveitarfélaga, sjá: Áætlanir um hafnargerðir, Hafnargerðir og lendingarbætur 3–4.
Hafrannsóknastofnunin, sjá: Fjárlög 1977 22–24, 49, 62, Rannsókn og hagnýting á sjávargróðri, Veiðar í fiskveiðilandhelgi 4.
Hafursá, sjá Fyrirhleðslur í Klifanda og.
Hagsmunafélag hrossabænda, sjá Styrkur til.
Halldór Ásgrímsson, sjá Verðjöfnun völuflutninga.
Halldór Blöndal, sjá Varaþingmenn 11–12.
Halldór Gunnlaugsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Hallgeirseyjarfljót, sjá Brú yfir.
Hallgrímur Helgason, sjá Styrkur til.
Hannes Pétursson, sjá Endurgreiðsla tekjuskatts.
Haukadalshreppur, sjá Styrkur vegna snjóbíls- og vetrarferða 9.
Hálshreppur, sjá: Brú yfir Bakkaá, Sala þriggja landareigna í.
Hámarkslaun.
1. Umsögn Bandalags háskólamanna um till. til þál. um hámarkslaun (80. mál). – Bréf 22. apríl. (Db. 1152).
2. Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um sömu till. til þál. – Bréf 13. apríl. (Db. 1095).

Háskóli Íslands, sjá: Aðflutningsgjöld og söluskattur af vísindatækjum, Eftirmenntun háskólamanna, Fjárlög 1977 15, 25–26, 66–67, Iðntæknistofnun Íslands 6, Iðnþróunarstofnun Austurlands 5, Sérfræðingur í sjúkdómum vatnafiska, Tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna.
Heide, Paul Reynir, sjá Ríkisborgararéttur.
Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sjá: Fjárlög 1977 27, Vinnuvernd og starfsumhverfi 2.
Heilbrigðisþjónusta. Heilbr.- og trmrh. sendir forseta Sþ. skýrslu um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu. – Bréf 16. mars. (Db. 1000).
Heilsugæslustöð á Fáskrúðsfirði, sjá Bygging.
Heilsugæslustöð á Hvammstanga, sjá Bygging.
Heilsugæslustöð á Seyðisfirði, sjá Bygging.
Heilsugæslustöð í Breiðholti. Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að veita nauðsynlegt fé skv. fjárl. 1977 vegna heilsugæslustöðvar í Breiðholti I. – Bréf 19. nóv. (Db. 424).

Heilsugæslustöð í Búðardal, sjá Bygging.
Heilsugæslustöð í Garði, sjá Bygging.
Heilsugæslustöð í Laugarási, sjá Bygging.
Heilsugæslustöð í Stykkishólmi. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson sveitarstjóri o. fl. fara fram á að veittar verði 15 millj. kr. skv. fjárl. 1977 vegna heilsugæslustöðvar í Stykkishólmi en St. Franciscussystur þar hafa tekið að sér að annast nauðsynlegar framkvæmdir vegna stöðvarinnar. – Bréf 3. des. (Db. 555).
Heilsugæslustöð Skagfirðinga. Jóhann S. Guðmundsson f. h. stjórnar Sjúkrahúss Skagfirðinga fer fram á að fjárveiting skv. fjárl. 1977 til heilsugæslustöðvar á Sauðárkróki verði 50 millj. kr., til starfsmannaíbúða við stöðina 7 millj. kr. og til breytinga á læknisbústað á Hofsósi 2 millj. kr. – Bréf 16. nóv. (Db. 386).
Heilsugæslustöð Suðurnesja, sjá Bygging.
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, sjá Styrkur til.
Heimilislækningar, sjá Styrkur vegna námskeiða.
Heimsókn fiskifræðistúdenta frá háskólanum í Tromsö. Dósentinn við fiskifræðideild háskólans í Tromsö skýrir frá að þeir stúdentar við deildina, sem lengst eru komnir, hyggist koma til Íslands í námsferð um mánaðamótin mars/apríl. Spyrst hann fyrir um hvort unnt verði að ná fundi sjútvn. við það tækifæri. – Bréf 11. mars. (Db. 997).
Heimsókn fjvn. til Bændaskólans á Hvanneyri. Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri býður fjvn. í kynnisferð til skólans. – Bréf 25. okt. (Db. 203–206).
Heimsþing esperantista, sjá Styrkur vegna.
Helgeland, Tordis Lillian, sjá Ríkisborgararéttur.
Hella á Rangárvöllum, sjá Varanleg gatnagerð í þéttbýli 9.
Henrik-Steffens-verðlaun, sjá Endurgreiðsla tekjuskatts Hannesar Péturssonar vegna.
Herdís Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Herjólfur, sjá: Endurgreiðsla þinglýsingar- og stimpilgjalda af lánsskjölum vegna kaupa á, Flóabátaferðir 10.
Heyrnardaufir, sjá Styrkur til Foreldra- og styrktarfélags.
Héraðsdómstólar, sjá Meðferð minni háttar mála fyrir.
Héraðssambandið Skarphéðinn, sjá: Áfengislög 21, Brú yfir Ölfusá 2.
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, sjá Styrkur til.
Hið íslenska bókmenntafélag, sjá Styrkur til.
Hið íslenska náttúrufræðifélag, sjá Styrkur til.
Hið íslenska þjóðvinafélag, sjá Styrkur til.
Hitakerfi íbúðarhúsa, sjá Öryggisbúnaður í.
Hitaveita fyrir Akranes.
1. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á að veittar verði 30 millj. kr. skv. fjárl. 1977 til jarðborana að Leirá í Leirársveit vegna hitaveitu fyrir Akranes. – Bréf 11. júní. (Db. 27).
2. Hagsýslustjóri sendir erindi iðnrn. vegna beiðni bæjarstjórans á Akranesi um fjárveitingu á fjárl. 1977 að upphæð 30 millj. kr. til jarðborana að Leirá í Leirársveit. – Bréf 19. okt. (Db. 406).

Hjaltastaðaþinghá, sjá Landþurrkun í.
Hjalteyri, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 18.
Hjartavernd, sjá: Málefni, Styrkur til.
Hjálparsjóður æskufólks, sjá Styrkur til.
Hjúkrunarfélag Íslands, sjá: Málefni aldraðra, Tekjuskattur og eignarskattur 7.
Hnífsdalskapella, sjá Aðflutningsgjöld og söluskattur af orgeli fyrir.
Hofsós, sjá Heilsugæslustöð Skagfirðinga.

Holtsós, sjá Styrkur vegna framkvæmda við að halda.
Hólastifti, sjá Aðstoðaræskulýðsfulltrúi í.
Hrafnagilshreppur, sjá Sjálfvirkt símakerfi fyrir.
Hrafnagilsskóli, sjá Bygging sundlaugar fyrir.
Hrafnista, sjá Styrkur vegna byggingar.
Hreindýrastofninn, sjá Rannsóknir á íslenska.
Hrísey, sjá Bygging íþróttahúss og félagsheimilis í.
Hríseyjarbátur, sjá Flóabátaferðir 3–5.
Hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu. Umsögn Seðlabanka Íslands um till. til þál. um könnun á hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu (158. mál). – Bréf 24. mars. (Db. 1046).
Húnavatnssýsla, sjá: Bygging heilsugæslustöðvar á Hvammstanga, Fjárlög 1977 73, Styrkur vegna snjóbíls- og vetrarferða 2, Vegagerð í, Vegagerð í Miðfirði.
Hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.
1. Utanrrn. sendir erindi sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn varðandi hugmynd Carls Sæmundsens stórkaupmanns um að gefa Alþingi húseignina Öster Voldgade 14, þ. e. fasteignina við hlið Húss Jóns Sigurðssonar. – Bréf 31. maí. (Db. 9).
2. Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn fer fram á að auglýsingar í dagblöðum vegna fræðimannsíbúðar í Húsi Jóns Sigurðssonar verði greiddar af skrifstofu Alþingis svo sem venja er. – Bréf 3. maí. (Db. 17).
3. Stjórn Námsmannafélags Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn sendir dagskrá lýðveldishátíðar sem halda á í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn 19. júní n. k. – Bréf ódagsett. (Db. 21).
4. Stjórn Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn (námsmannafélags) sendir dagskrá næsta starfsárs. – Bréf 20. okt. (Db. 207).
5. Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn fer fram á að forsetar Alþingis tilnefni menn í stjórn Húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. – Bréf 23. des. (Db. 739).
6. Jóhann S. Hlíðar svarar fyrirspurn um hvort nokkuð beri á að sukksamt sé á samkomum í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. – Bréf 24. febr. (Db. 944).
7. Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn sendir dreifibréf um fyrirhugaða starfsemi félagsins í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. – Bréflaust. (Db. 1052).
8. Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn skýrir frá að auglýst verði til umsóknar fræðimannsíbúð í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn fyrir næsta ár, frá 1. sept. 1977 til 1. sept. 1978, og fer fram á að auglýsingar þessar verði greiddar af skrifstofu Alþingis og að prentuð verði sérstök eyðublöð undir umsóknirnar sem afhent verði í skrifstofu Alþingis. – Bréf 22. apríl. (Db. 1148).
9. Lúðvík Kristjánsson sendir viðbótarskrá yfir bækur sem sendar hafa verið í fræðimannsíbúð í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. – Bréflaust. (Db. 1162).

Húsavík, sjá: Brú yfir Búðarárgil, Fjárlög 1977 23, Hafnargerðir og lendingarbætur 19, Húsavíkurflugvöllur, Varanleg gatnagerð í þéttbýli 10.
Húsavíkurflugvöllur.
1. Bæjarstjórinn á Húsavík fer fram á að veitt verði fé í fjárl. 1977 vegna framkvæmda við Húsavíkurflugvöll. – Bréf 20. maí. (Db. 2).
2. Bæjarstjórinn á Húsavík sendir fjvn. greinargerð og skýrslur varðandi Húsavíkurflugvöll. – Bréf 8. nóv. (Db. 344).

– Sjá einnig Framkvæmdir við Aðaldalsflugvöll.

Húseiningar hf., sjá Sala húsnæðis Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.
Húsnæðismálastofnun, sjá Fjölbýlishús 1.
Hvammstangi, sjá: Bygging heilsugæslustöðvar á, Sjúkrahús.

Hverageröi, sjá Varanleg gatnagerð í þéttbýli 11–13.
Hverfisfljót, sjá Virkjun Skaftár og.
Hvítá í Borgarfirði, sjá Virkjun.
Hvolsvöllur, sjá Raflína frá.
Hækkun á gjaldskrá Pósts og síma. Samgrh. skýrir frá að heimilað hafi verið að hækka gjaldskrá Pósts og síma og sendir því nýjar tillögur að fjárveitingum til Pósts og síma skv. fjárl. 1977. – Bréf 16. des. (Db. 680).
Hæstiréttur, sjá: Eiðstafur forseta Íslands, Fjárlög 1977 28, Kjaradeilunefnd.
Höfn í Hornafirði, sjá Útibú Skattstofu Austurlands á.
Hönnun bygginga á vegum ríkisins. Umsögn Arkitektafélags Íslands um till. til þál. um hönnun bygginga á vegum ríkisins (122. mál). – Bréf 14. maí. (Db. 11).

Iðja og iðnaður, sjá Fjárlög 1977 34.
Iðnaðarráðuneyti, sjá: Fjárlög 1977 29–34, 63, Hitaveita fyrir Akranes 2, Iðnrekstrarsjóður.
Iðnfræðsluráð, sjá Námsgagnagerð.
Iðnnemasamband Íslands, sjá Styrkur til.
Iðnrekstrarsjóður. Iðnrn. fer fram á að veittar verði 100 millj. kr. skv. fjárl. 1977 vegna Iðnrekstrarsjóðs í stað 50 millj. kr. í fjárlagafrv. – Bréf 3. des. (Db. 849).
Iðntæknistofnun Íslands.
1. Umsögn Iðnþróunarstofnunar Íslands um frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands (78. mál). – Bréf 2. febr. (Db. 833).
2. Umsögn Rannsóknaráðs ríkisins um sama frv. – Bréf 3. febr. (Db. 845).
3. Umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um sama frv. – Bréf 26. jan. (Db. 817).
4. Umsögn Tækniskóla Íslands um sama frv. – Bréf 31. jan. (Db. 835).
5. Umsögn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins um sama frv. og frv. til l. um Iðnþróunarstofnun Austurlands (93. mál). – Bréf 15. mars. (Db. 994).
6. Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands um frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands (78. mál). – Bréf 10. febr. (Db. 872).

Iðnþróunarstofnun Austurlands.
1. Umsögn Iðnþróunarstofnunar Íslands um frv. til l. um Iðnþróunarstofnun Austurlands (93. mál). – Bréf 2. febr. (Db. 834).
2. Umsögn Rannsóknaráðs ríkisins um sama frv. – Bréf 3. jan. (Db. 767).
3. Umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um sama frv. – Bréf 25. jan. (Db. 816).
4. Umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um sama frv. – Bréf 16. mars. (Db. 1012).
5. Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands um sama frv. – Bréf 10. febr. (Db. 871).

– Sjá einnig Iðntæknistofnun Íslands 5.
Iðnþróunarstofnun Íslands, sjá: Iðntæknistofnun Íslands 1, Iðnþróunarstofnun Austurlands 1, Rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu 3.
Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sjá Fjárlög 1977 29.
Ingiberg Hannesson, sjá Varaþingmenn 13.
Ingólfur Jónsson, sjá Virkjun Blöndu 11.
Ingvar Jóhannsson, sjá Varaþingmenn 14–15.
Innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu, sjá Rannsókn á notagildi.
Írland, sjá Þingmannaheimsókn frá.
Ísafjörður, sjá: Bygging Menntaskólans á, Flutningastyrkur vegna mjólkurflutninga, Skylduskil til safna, Styrkur til Flugfélagsins Ernir.

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn, sjá Hús Jóns Sigurðssonar 3–4, 7.
Íslensk-ensk orðabók, sjá Styrkur vegna útgáfu.
Íslensk iðnkynning, sjá Fjárlög 1977 35.
Íslensk réttarvernd, sjá Styrkur til félagsins.
Íslensk stafsetning.
1. Ásgeir Svanbergsson o. fl. senda lista með nöfnun 225 grunnskólakennara sem skrifa undir ályktun um íslenska stafsetningu. – Bréf 21. apríl. (Db. 1138).
2. Eysteinn Sigurðsson sendir ályktun Félags íslenskra fræða þar sem m. a. er átalinn dráttur sá sem orðinn er á því að setja ákveðnar reglur um íslenska stafsetningu. – Bréf 18. mars. (Db. 1022).
3. Stefán Karlsson o. fl. senda yfirlýsingu 55 félaga í Félagi íslenskra fræða, sem send var menntmrh., um ályktun aðalfundar félagsins 14. þ. m. um stafsetningarmál. – Bréf 29. mars. (Db. 1057).

Íslenska dýrasafnið, sjá Styrkur til.
Íslenska járnblendifélagið, sjá Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði 5.
Íslenska krónan, sjá Hundraðföldun verðgildis.
Íslenska matvælamiðstöðin, sjá Sala hlutabréfa í.
Íslenska stærðfræðafélagið, sjá Styrkur til.
Íslenskar kvikmyndir, sjá Styrkur til Sigurðar.
Íslenskir ungtemplarar, sjá Styrkur til.
Íþróttabandalag Ísfirðinga, sjá Aðflutningsgjöld af snjótroðara fyrir.
Íþróttafélag fatlaðra, sjá Styrkur til.
Íþróttahús fyrir Menntaskólann á Akureyri. Skólameistarinn á Akureyri sendir fjvn. erindi varðandi byggingu íþróttahúss fyrir Menntaskólann á Akureyri. – Bréf 1. nóv. (Db. 304).
Íþróttakennaraskóli Íslands, sjá: Byggingarmál, Fjárlög 1977 36.
Íþróttasamband Íslands, sjá: Áfengislög 22, Íþróttir fyrir fatlaða, Tekjustofn.
Íþróttaskólinn að Leirá, sjá Styrkur til.
Íþróttasvæði á Dalvík, sjá Styrkur vegna framkvæmda.
Íþróttavöllur á Akranesi. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna framkvæmda við íþróttavöllinn á Akranesi. – Bréf 11. júní. (Db. 23).
Íþróttir fyrir fatlaðra. Íþróttasamband Íslands fer fram á að fjvn. mæli með því að sambandið fái 500 þús. kr. af því fé sem menntmrn. hefur til ráðstöfunar til ótiltekinna verkefna og verði fénu varið til eflingar íþróttum fyrir fatlaða. – Bréf 14. mars. (Db. 992).

Jacobsen, Birgitta Þorkels, sjá Ríkisborgararéttur.
Jafnrétti kynjanna, sjá Ráðstefna um.
Jafnréttisráð, sjá: Barnalög, Styrkur til, Tekjuskattur og eignarskattur 9, Umsagnir, Ættleiðingarlög 3.
Jarðboranir ríkisins, sjá Fjárlög 30.
Jarðhitaleit á Austurlandi. Sýslumaður Suður-Múlasýslu sendir ályktun aðalfundar sýslunefndar Suður-Múlasýslu í júní 1976 þar sem skorað er á viðkomandi yfirvöld að láta hið bráðasta framkvæma jarðhitaleit á Austurlandi. – Bréf 5. júlí. (Db. 60).
Jarðræktarlög, sjá Greiðslutilhögun ríkisframlags skv.
Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði.
1. Bæjarritarinn á Akranesi sendir ályktun bæjarstjórnar Akraness um járnblendiverksmiðju að Grundartanga. – Bréf 2. maí. (Db. 1175).
2. Bæjarritarinn á Akranesi sendir ályktun bæjarstjórnar Akraness um járnblendiverksmiðju að Grundartanga. – Bréf 2. maí. (Db. 1173).

3. Bæjarritarinn á Akranesi sendir ályktun bæjarstjórnar Akraness um járnblendiverksmiðju að Grundartanga. – Bréf 2. maí. (Db. 1174).
4. Guðrún Erla Gunnarsdóttir sendir f. h. Kvenfélags Kjósarhrepps undirskriftalista með nöfnum 77 íbúa Kjósarhrepps sem mótmæla áframhaldandi framkvæmdum við byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. – Bréf 30. apríl. (Db. 1164).
5. Íslenska járnblendifélagið sendir tæknisamning við Elkem-Spigerverket A/s. – Bréf 27. jan. (Db. 812).
6. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl., sendir undirskriftalista með nöfnum 179 manna í sveitum sunnan Skarðsheiðar sem fara fram á að haldinn verði almennur fundur um Grundartangaverksmiðjuna, sbr. frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. (129. mál). – Bréf ódagsett. (Db. 1135).
7. Náttúruverndarráð ritar iðnn. Ed. bréf um starfsleyfi járnblendiverksmiðju í Hvalfirði (129. mál). – Bréf 29. apríl. (Db. 1166).
8. Orkumálastjóri sendir iðnn. Nd. bréf varðandi orkusölu til járnblendiverksmiðju á Grundartanga. – Bréf 2. febr. (Db. 823).
9. Ólafur Sverrisson sendir ályktun Kaupfélags Borgfirðinga þar sem skorað er á þingmenn héraðsins og iðnrn. að verða við kröfu heimamanna um fund heima í héraði um fyrirhugaða stóriðju á Grundartanga (sbr. 129. mál). – Bréf 2. maí. (Db. 1182).
10. Valgarður L. Jónsson og Guðný J. Þorvaldsdóttir rita bréf varðandi járnblendiverksmiðju í Hvalfirði (129. mál). – Bréf ódagsett. (Db. 1134).
11. Vita- og hafnamálastjóri sendir iðnn. Nd. uppdrætti o. fl. af væntanlegum hafnarmannvirkjum við járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði (129. mál). – Bréf 23. febr. (Db. 899).
12. Þjóðhagsstofnun sendir frekari gögn varðandi frv. til l. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði (129. mál). – Bréf 22. febr. (Db. 900).
13. Jón Sigurðsson sendir f. h. Þjóðhagsstofnunar nokkur minnisatriði um áætlanir Íslenska járnblendifélagsins, sbr. frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði (129. mál). – Bréf 19. febr. (Db. 1111).

Jepson, Dóra Ingunn, sjá Ríkisborgararéttur.
Johannesen, Jona Alvilda Gertrud, sjá Ríkisborgararéttur.
Jóhann Hafstein, sjá Varaþingmenn 5, 7.
Jóhannes Árnason, sjá Varaþingmenn 16–17.
Jón Árnason, sjá: Fjárlög 1977 19, Krabbameinsfélag Íslands, Varaþingmenn 13.
Jón Gíslason, sjá Styrkur til.
Jón Helgason, sjá: Styrkur til björgunarsveitarinnar Víkverja, Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 2.
Jón Sigtryggsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.
Jón Skaftason, sjá Varaþingmenn 23–24.
Jón G. Sólnes, sjá: Áfengislög, Varaþingmenn 11.
Jónas Árnason, sjá: Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði 6, Varaþingmenn 30.
Jósefssystur í Hafnarfirði, sjá Styrkur til.
June Evelyn Clark, sjá Ríkisborgararéttarumsókn.
Jöfnun á námskostnaði, sjá Fjárlög 1977 37.
Jökuldalur, sjá Styrkur vegna snjóbíls- og vetrarferða 10.

Kanada, sjá Þingmannaheimsókn til.
Kandidatastyrkir, sjá Fjárlög 1977 79–80.
Karl Jóhann Ingólfsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Karvel Pálmason, sjá: Endurbætur á Tálknafjarðarkirkju, Styrkur vegna snjóbíls- og vetrarferða 17.

Kaup á húseigninni nr. 7 við Bókhlöðustíg. Menntmrn. sendir ljósrit af bréfi Helga Sæmundssonar frá 16. júlí varðandi eignarnámsheimild á húseigninni nr. 7 við Bókhlöðustíg og fer fram á að heimilað verði skv. fjárl. 1977 að kaupa umrædda fasteign. – Bréflaust. (Db. 118).

Kaup á húsi fyrir hjúkrunarkonu eða lækni í Þorlákshöfn. Sveitarstjóri Ölfushrepps sendir fjvn. samrit af bréfi til heilbrmrh. og fjvn. varðandi kaup á húsi fyrir hjúkrunarkonu eða lækni í Þorlákshöfn. – Bréf 22. sept. (Db. 132).

Kaup á læknisbústað fyrir Flateyrarhrepp. Sveitarstjóri Flateyrarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna kaupa á húsi á Flateyri sem læknisbústað. – Bréf 27. okt. (Db. 275).

Kaup á Nesstofu. Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi bendir á nauðsyn þess að ríkið eignist alla Nesstofu á Seltjarnarnesi svo að framkvæmdir og viðhald hússins geti hafist sem fyrst. – Bréf 26. apríl. (Db. 1158).

Kaup á skólastjóraíbúð fyrir barnaskólann í Skógum. Hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps í Rangárvallasýslu fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1977 vegna kaupa á íbúðarhúsi í Skógum sem bústað fyrir skólastjóra barnaskóla hreppsins. – Bréf 4. júlí. (Db. 51).

Kaup á uppskipunarbáti fyrir Kaupfélag Strandamanna. Gunnsteinn Gíslason fer fram á að veitt verði fé vegna kaupa á uppskipunarbáti fyrir Kaupfélag Strandamanna. – Bréf 25. apríl. (Db. 1159).

Kaupfélag Borgfirðinga, sjá Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði 9.

Kaupfélag Strandamanna, sjá: Kaup á uppskipunarbáti, Styrkur vegna viðgerðar á uppskipunarbáti fyrir.

Kaupmáttur launa, sjá Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og.

Keflavík, sjá: Aðflutningsgjöld og söluskattur af bifreið fyrir Rauða kross 3, Fiskimjölsverksmiðja í Grindavík 1.

Kelduneshreppur, sjá Fjárveiting vegna tjóns.

KFUM og KFUK, sjá Styrkur vegna sumarstarfs.

Kielarvikan. Forseti ríkisþingsins í Slésvík og Holtsetalandi býður forseta Alþingis og fjórum öðrum alþingismönnum til Kielarvikunnar sem halda á í júní. – Bréf 6. apríl. (Db. 1105).

Kirkjubæjarklaustur, sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 2.

Kirkjuhúsanefnd. Dómsmrn. sendir erindi kirkjuhúsanefndar ásamt fskj. – Bréf 26. nóv. (Db. 550).

Kirkjukórasamband Íslands, sjá Styrkur til.

Kirkjumálaráðuneyti, sjá Fjárlög 1977 7, 9.

Kirkjuþing, sjá Biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju.

Kjaradeilunefnd. Fjmrn. sendir samrit af bréfi til Hæstaréttar þar sem skýrt er frá tilnefningu rn. í kjaradeilunefnd – Bréf 3. mars. (Db. 943).

Kleppsspítalinn, sjá Bygging geðdeildar Landsspítalans.

Klifandi, sjá Fyrirhleðslur í.

Kosningaaldur, sjá Átján ára.

Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga. Guðjón Ingvi Stefánsson sendir ályktanir aðalfundar Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi í nóv. um mál er varða kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. – Bréf 9. des. (Db. 659).

Kópavogshæli, sjá Málefni.

Kópavogur, sjá: Bygging og rekstur dagvistarheimila 4, Bygging Snælandsskóla í, Fjárveiting vegna Menntaskólans í, Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis 1, Málefni,

Styrkur vegna náttúrugripasafns í, Styrkur vegna norrænnar menningarviku, Tekjuskattur og eignarskattur 8, Umferðarlög 12.
Krabbameinsfélag Íslands. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., sendir kostnaðaráætlun Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 1977. – Bréflaust. (Db. 666).
Krabbameinsfélag Reykjavíkur, sjá Ráðstafanir til að draga úr.
Kristín Magnús Guðbjartsdóttir, sjá Styrkur til Ferðaleikhússins.
Kristján Jónas Kristjánsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Kulp, Georg, sjá Ríkisborgararéttur.
Kumbaravogur, sjá Barnaheimili í.
Kútter Sigurfari, sjá Styrkur vegna endurbóta.
Kvenfélagasamband Íslands, sjá: Áfengislög 27, Saga, Styrkur til.
Kvenréttindafélag Íslands, sjá Tekjuskattur og eignarskattur 10.
Kvenstúdentafélag Íslands, sjá Tekjuskattur og eignarskattur 11.
Kvikmyndanefnd Suðurlands, sjá Styrkur til.
Kýpur, sjá: Ástand mála á, Skipan tyrkneska þingsins.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi. Fjmrn. sendir álitsgerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnað við framkvæmd till. til þál. um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi (40. mál). — Bréf ódagsett. (Db. 510).
Landbúnaðarráðuneyti, sjá Fjárlög 1977 38—39, 70.
Landgræðslusjóður, sjá Tekjustofn fyrir.
Landhelgisgæslan, sjá Tilkynningarskylda íslenskra skipa 2.
Landhelgismál, sjá: Fiskveiðiheimildir Efnahagsbandalagsríkja í fiskveiðilandhelgi Íslands, Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
Landlæknir, sjá Fávitastofnanir.
Landnám ríkisins, sjá Sala grasköglaverksmiðju 3.
